2. Vörur, sem sjómenn eða flugmenn flytja sjálfir með sér í fari sínu til persónulegra nota hlutaðeiganda eða skyldmenna hans og keyptar eru fyrir hinn svonefnda áhafnagjaldeyri, þó ekki yfir 5000 kr. verðmæti í hverri ferð, enda hafi þeir verið lengur í ferð en 20 daga. Tilsvarandi udanþága fyrir þá, sem skemur hafa verið í ferð, er kr. 1500 við hverja komu.
3. Vörur, sem endursendar eru hingað frá útlöndum, vegna þess að þær seldust ekki, eða eru endursendar hingað af öðrum orsökum, enda séu færðar þær sannanir eða líkur, sem tollyfirvöld taka gildar, fyrir því, að um sé að ræða vörur útfluttar héðan.
4. Vörur, sem ætlaðar eru til afnota fyrir sendiherra erlendra ríkja og aðra, sem samkvæmt lögum og venju njóta hér tollfrelsis eftir nánari reglum, sem fjármálaráðherra setur.
5. Gjafir og aðrar sendingar, sem sönnur eru færðar á, að sendar séu hingað án þess að greiðsla komi fyrir.

6. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 30 25. maí 1960, um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi numin reglugerð nr. 35 19. febrúar 1970, um innflutnings- og gjaldeyrisleyfi.

Viðskiptaráðuneytið, 5. janúar 1973.

Lúðvík Jósepsson.

Þórhallur Ásgeirsson.

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá fyrir Reykjavíkurflugvöll, nr. 105 16. júní 1971.

1. gr.

B-liður 1. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Lendingargjöld.

B. Millilandaflug:

Í millilandaflugi skal fyrir hverja lendingu greiða lendingargjald, sem hér segir:

Kr. 341.60 á hvert tonn flugvélarinnar, fyrir flugvélar, sem vega allt að 14 tonnum.

Kr. 283.00 á hvert tonn flugvélarinnar, fyrir flugvélar, sem vega 15 til 29 tonn.

Kr. 248.90 á hvert tonn flugvélarinnar, fyrir flugvélar, sem vega 30 til 49 tonn.

Kr. 234.30 á hvert tonn flugvélarinnar, fyrir flugvélar, sem vega 50 tonn og þar yfir.

2. gr.

B-liður 2. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Flugskýlisleigur.

B. Millilandaflug:

Vænghaf flugvélar:	
undir 12 m	kr. 134.00
12—15 m	— 333.00
15—18 m	— 532.00
18—21 m	— 733.00
21—24 m	— 934.00
24—27 m	— 1 067.00
27—30 m	— 1 200.00
yfir 30 m	— 1 334.00

3. gr.

B-liður 3. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Stæðis- og festargjöld.

B. Millilandaflug:

Vænghaf flugvélar:	
undir 12 m	kr. 107.40
12—18 m	— 214.70
18—24 m	— 312.30
24—30 m	— 419.70
yfir 30 m	— 468.50

4. gr.

6. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Greiða skal þjónustu- og aðstoðargjald af erlendum flugvélum, er um flugvöllinn fara, öðrum en þeim, sem afgreiddar eru af Flugfélagi Íslands h.f. Miðast gjaldið við mestan leyfðan flugtaksþunga flugvélanna og er kr. 393.00 fyrir hvert tonn.

Minnsta gjald er kr. 393.00.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 78. gr. laga nr. 34 21. maí 1964, um loftferðir, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 5. janúar 1973.

Hannibal Valdimarsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

Nr. 8. 9. janúar 1973.

REGLUGERÐ

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Eskifjarðarhöfn nr. 303 21. nóvember 1969.

1. gr.

22. gr. orðist þannig:

Um hafnargjöld.

Öll skip skulu greiða hafnargjöld til hafnarsjóðs er þau koma á Eskifjarðarhöfn og hafa eitthvert samband við land.

Öll gjöld til hafnarinnar greiðast af brúttóstærð skipanna eins og hún er mest, meðan skipið hefur viðdvöl í höfninni. Undanþegin lestagjaldi og bryggjugjaldi eru herskip, skemmtiferðaskip, björgunarskip, rannsóknaskip, íslenzk varðskip og vitaskip, svo og skip er leita hafnar vegna sjóskemmda.

2. gr.

23. gr. orðist þannig:

Lestagjald.

a. Öll farmskip, önnur en strandferðaskip og öll fiskiskip, stærri en eða jafnt og 400 brúttórúmlestir skulu greiða lestagjald kr. 3.00 á brúttórúmlest.
b. Strandferðaskip greiða kr. 1.50 á brúttórúmlest.
c. Fiskiskip undir 400 brúttórúmlestum greiða kr. 3.00 á brúttórúmlest, þó ekki oftar en tvisvar í mánuði.
d. Heimabátar, minni en 10 brúttórúmlestir, greiða lesta- og bryggjugjald einu sinni á ári kr. 200.00 af hverri brúttórúmlest. Lágmarksgjald skal vera kr. 1000.00. Gjalddagi er 1. júlí ár hvert.

3. gr.

25. gr. orðist þannig:

Bryggjugjöld.

Öll skip, sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skulu greiða kr. 1.50 á brúttórúmlest fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem skipið liggur bundið.

Fiskiskip, 10—399 brúttórúmlestir, greiði gjald þetta eigi oftar en 10 sinnum á mánuði, en bátar minni en 10 brúttórúmlestir, greiði ekkert bryggjugjald.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum, minni en 400 brúttórúmlestir, sem ársgjald í heimahöfn, kr. 160.00 af hverri brúttórúmlest.

4. gr.

30. gr. orðist þannig:

Vörugjöld.

1. fl.: Gjald kr. 70.00/tonn:

a. Vara flutt í lausu máli í miklu magni, meira en 100 tonn í farmi, t. d. benzín, brennsluolíur, kol, korn, salt, vikur.

b. Þungavarningur, sekkjavörur, óunnið járn og stál til iðnaðar eða mannvirkjagerðar, hráefni til iðnaðar, útgerðarvörur, smurningsolíur, sjávarafurðir, landbúnaðarafurðir og iðnaðarvörur til útflutnings.

2. fl.: Gjald kr. 150.00/tonn:

Iðnaðar- og byggingavörur, unnar og hálfunnar, pökkuð og niðursoðin matvæli, ávextir, vefnaðarvörur, fatnaður.

3. fl.: Gjald kr. 400.00/tonn:

a. Vélar og tæki hvers konar og varahlutir til þeirra, heimilisvélar og skrifstofuvélar, bifreiðar, bifhjól, reiðhjól, hjólbarðar, bátar, flugvélar, hreyflar, mælitæki, húsgögn. Útvarps- og sjónvarpstæki, hljóðfæri, úr, klukkur, myndavélar, sjónaukar, glysvarningur alls konar, vín, tóbak, ilmvötn, snyrtivörur.

Af flutningi vinnutækja innanlands skal veita allt að 50% afslátt.

b. Vörur, sem ekki verða flokkaðar annars staðar eftir þyngd.

4. fl.: Gjald kr. 40.00/rúmmeter:

Timbur og annað eftir rúmmáli.

5. fl.: Gjald 1%:

Sjávarafli, lagður á land á hafnarsvæðinu, til vinnslu eða brottflutnings. Gjaldið reiknast af heildarverðmæti aflans. Kaupanda aflans ber að afhenda hafnarstjóra skýrslu um keyptan afla mánaðarlega, t. d. afrit af aflaskýrslu til Fiskifélags Íslands. Aflagjald fellur í gjalddaga, um leið og afla er landað. Kaupandi aflans innheimtir gjaldið hjá seljanda og er ábyrgur fyrir því til hafnarsjóðs, þótt hann vanræki innheimtu þess. Standa ber skil á greiðslu aflagjalds eigi sjaldnar en mánaðarlega.

Lágmarksgjald í öllum flokkum er kr. 20.00.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 48 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 9. janúar 1973.

Hannibal Valdimarsson.

Kristinn Gunnarsson.

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Hrísey.

I. KAFLI
TAKMÖRK HAFNARINNAR

1. gr.

Hríseyjarhöfn takmarkast að vestan af línu, er hugsast dregin frá Saltnesi í Hálshorn, eða vestur fram í mitt sund milli eyjar og lands. Að austan af línu, er hugsast dregin frá svo nefndu Eyjarhorni. Í réttvísandi suður, einnig fram í mitt eyjarsund. Að sunnan takmarkast höfnin af beinni línu, er hugsast dregin milli suðurendapunkta, austur- og vestur-takmarkalínu hafnarinnar.

II. KAFLI
STJÓRN HAFNARINNAR OG REKSTUR

2. gr.

Hreppsnefnd Hríseyjarhrepps hefur í hendi stjórn og rekstur hafnarinnar undir yfirstjórn þess ráðuneytis, sem fer með hafnamál.

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni skal fela hafnarnefnd.

Hafnarnefnd skal skipuð 2 fulltrúum og 2 varafulltrúum, sem kosnir eru af hreppsnefnd, ásamt sveitarstjóra.

Hafnarnefnd kýs sér sjálf formann og skiptir með sér verkum.

Kjörtímabil hafnarnefndar er 4 ár.

Hafnarvörður, eða sá, sem sér um daglegan rekstur og eftirlit hafnarinnar, á sæti á fundum hafnarnefndar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt.

Skirfstofa hreppsins sér um skrifstofuhald, fjármál og reikningsskil hafnarinnar.

3. gr.

Hreppsnefnd skipar hafnarvörð eða umsjónarmann, og aðra fasta starfsmenn eftir tillögum hafnarnefndar og setur þeim erindisbréf, þar sem m. a. verksvið þeirra er ákveðið.

Daglegan rekstur, framkvæmdir, eftirlit og umsjón annast hafnarvörður í samráði við hafnarnefnd og sveitarstjóra.

III. KAFLI
UM ALMENNA REGLU Á HÖFNINNI OG HAFNARSVÆÐINU

4. gr.

Skip telst í reglugerð þessari hvert fljótandi far.

5. gr.

Sérhver skipstjóri, sem á skipi sínu kemur á höfnina, að bryggju eða að hafnarbakka, skal gæta fyllsta öryggis í allri umferð á höfninni. Hann skal vera kunnugur ákvæðum reglugerðar hafnarinnar, svo og skipshöfn hans öll. Eintak af hafnarreglugerðum fæst afhent í skrifstofu bæjarins (hafnarinnar) án endurgjalds, og skal það vera í sérhverju skipi, er liggur á höfninni eða við bryggju eða hafnargarð.

6. gr.

Hafnarvörður sér um að gætt sé reglu á höfninni og á landi hennar. Er öllum skylt að hlýða boði hans og banni svo og þeirra manna, er settir eru til að gæta reglu. Þyki einhverjum sér óréttur ger af starfsmönnum hafnarinnar getur hann kært fyrir hafnarstjórn, en skipun starfsmannsins ber að hlýða þegar í stað.

Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisi í starfi sínu.

7. gr.

Þeim, sem ekkert lögmætt erindi eiga, er óheimilt að dvelja á landi hafnarinnar, tálmi þeir með því fermingu eða affermingu eða önnur störf, sem þar eru unnin. Banna má ónauðsynlegan akstur hvers kyns ökutækja um bryggjur og hafnarbakka.

8. gr.

Skylt er að gæta ýtrustu varúðar í meðferð opins elds og óbyrgðra ljósa í skipum á höfninni, sem flytja eldfim efni og efni, sem sprengihætta stafar af. Hið sama gildir um tóbaksreykingar og ber, ef þurfa þykir, að banna þær á þeim stöðum, þar sem um eldhættu eða sprengihættu gæti verið að ræða (sjá 22. gr.).

9. gr.

Ekki má kasta í höfnina, hvorki frá skipum né frá hafnarbakka eða bryggjum, kjölfestu, ösku, dauðum fiski, fiskúrgangi, veiðarfærum, trossum, vírum, matarleifum, umbúðum eða neins konar rusli. Allt þess háttar skal flutt á þann stað, sem hafnarvörður vísar til.

Ekki má láta olíur eða vatn mengað olíu renna í höfnina. Þegar olía er látin í skip eða losuð úr því, skal þess gætt, að ekkert af henni renni í höfnina, á hafnarmannvirki eða á þilfar skipsins.

IV. KAFLI
UM LEGU SKIPA Í HÖFNINNI OG AFGREIÐSLU ÞEIRRA

10. gr.

Þegar skip leitar hafnar, skal skipstjóri eða umboðsmaður skipsins tafarlaust snúa sér til hafnarvarðar, er vísar honum á legustað fyrir skipið.

Leggist skipið við hafnarmannvirki, skulu landfestar bundnar, þar sem starfsmenn hafnarinnar segja til um.

11. gr.

Ef sjúkdómur er á skipinu eða ástæða þykir til að ætla að sótthætta geti stafað af því, ber hafnarverði að sjá um að fylgt sé þeim reglum, sem settar eru í lögum um varnir gegn því að næmir sjúkdómar berist til Íslands.

12. gr.

Skip, sem ekki er verið að ferma eða afferma, eða ekki er unnið við, mega aldrei liggja þannig á höfninni að þau tálmi vinnu við önnur skip og skal skylt að hlýða boðum starfsmanna hafnarinnar um það hvert þau skuli flutt. Ef ekki er orðið við boðum starfsmanna hafnarinnar í þessum efnum er heimilt að færa skipið á kostnað eiganda.

Brottfarartíma skips skal skipstjóri tilkynna hafnaryfirvöldum með minnst tveggja tíma fyrirvara.

13. gr.

Sé nauðsynlegt talið að skipum, sem fermd eru eða affermd, sé lagt hverju við hliðina á öðru, er heimilt að flytja farm þeirra skipa, er utar liggja yfir þilfar

hinna. Skipshöfn og farþegum þeirra skipa, sem utar liggja, er einnig heimil nauðsynleg umferð um þilför þeirra skipa, er nær liggja.

14. gr.

Í sérhverju skipi, sem ekki hefur leyfi hafnarvarðar til að liggja mannlaust á höfninni, skal jafnan vera a. m. k. einn maður, er getur tekið við fyrirskipunum frá starfsmönnum hafnarinnar og framkvæmt þær í samræmi við það, sem reglugerð þessi býður.

15. gr.

Eigi má festa skipum við hafnarbakka eða bryggjur nema við festarhringa eða festarstólpa, að tilvísun hafnarvarðar. Séu landfestar úr járni, skulu þær vera klæddar, þar sem þær hvíla á hafnarbakkanum eða bryggjunni. Festum skal þannig komið fyrir, að þær hindri sem minnst umferð á bryggju eða hafnarbakka, og skulu festar auðkenndar með veifum eða öðrum varúðarmerkjum. Þyki hafnarverði þess ekki nægilega gætt, getur hann krafizt þess að bætt sé úr því tafarlaust.

Skylt er að hafa hlífar milli skips og hafnarbakka eða bryggju óski hafnarvörður þess.

16. gr.

Skip mega ekki láta vélarnar ganga af svo miklu afli, að öðrum skipum eða hafnarmannvirkjum stafi af því hætta.

17. gr.

Ekki má krækja hökum í bryggjur eða hafnarbakka. Ekki mega skip hleypa vatni á bryggju eða hafnarbakka, hvorki við bvott á þilfari né heldur, er þau hleypa burt vatni á annan hátt. Búa skal svo um með hlífum, að vatnið fari beint í höfnina.

18. gr.

Ef skip lendir á grynningum og sekkur, þar sem það að áliti hafnarnefndar tálmar greiðri notkun hafnarinnar eða umferð um hafnarsvæðið, skal fjarlægja það svo fljótt, sem við verður komið. Verði dráttur á því má hafnarvörður láta færa skipið burt á kostnað eiganda og er honum, ef nauðsyn krefur, heimilt að láta selja skipið til lúkningar kostnaðinum.

19. gr.

Áður en kjölfesta er flutt á skip eða úr skipi, skal hafnarverði gert viðvart og ákveður hann þá hvar losun eða lestun kjölfestunnar fer fram.

Við losun eða lestun á kjölfestu, sandi, kolum eða öðru þess háttar, er skylt að hafa nægilega tryggar hlífar á milli skipsins og hafnarbakka, bryggjunnar eða bátanna, að ekkert falli fyrir borð. Sé þess eigi gætt, getur hafnarvörður stöðvað verkið, unz umbætur hafa farið fram.

Skipstjóri skal sjá um, að kjölfesta sú, sem flutt hefur verið á land úr skipi hans, sé þegar í stað flutt burt af löndunarstaðnum þangað, sem hafnarvörður vísar til.

20. gr.

Þegar lokið er fermingu eða affermingu skal eigandi skips láta hreinsa bryggju þá eða hafnarbakka, sem notuð hafa verið, sé þess talin þörf. Farist það fyrir, skal hafnarvörður sjá um að það sé gert, en eigandi skips greiði þann kostnað, er af því leiðir.

V. KAFLI
UM SKIP, SEM LAGT ER Í LÆGI

21. gr.

Skipum má leggja í lægi á höfninni með sérstöku leyfi hafnarnefndar, sé það gert undir umsjón hafnarvarðar, sem ákveður legustaðinn, legufærin og fyrirkomulag allt, er varðar lagningu skipsins.

22. gr.

Meðan skip liggur mannlaust í lægi á höfninni, skal ekki sjaldnar en á eins mánaðar fresti fara út í það til að líta eftir hvort legufæri eða annað hefur farið úr lagi eða bilað. Ef svo reynist, skal lagfæra það svo fljótt, sem auðið er.

Leyfi hafnarnefndar til að leggja skipi í lægi, er bundið því skilyrði, að ef skipið sekkur láti eigandi þess taka það upp eða sprengja það sundur, svo það skemmi ekki höfnina. Sé því ekki fullnægt innan tiltekins frests, getur hafnarnefnd látið framkvæma verkið á kostnað eiganda.

23. gr.

Heimilt er að leggja skipi í lægi á höfninni, þó það sé mannlaust, sé það svo þétt, að áliti hafnarnefndar, sem getur framkvæmt eða látið framkvæma á því rannsókn á kostnað eiganda, að ekki stafi af því nein hætta.

Á skipum þessum skal tendrað ljós samkvæmt reglum þeim, sem settar eru í alþjóðasjóferðareglum um skip, er liggja fyrir akkeri.

Áður en skipstjóri fer af skipinu skal hann skriflega tilkynna hafnarverði um umsjónarmann, búsettan í því lögsagnarumdæmi, sem höfnin er í, sem skal hafa umsjón skipsins á hendi og skal skipstjóri ganga úr skugga um, að hafnarvörður sé samþykkur útnefningu umsjónarmannsins. Hafnarnefnd getur krafizt, ef henni finnst ástæða til, að umsjónarmaður hafi skipstjórnarréttindi, og hafi búsetu það nálægt hafnarsvæðinu, að auðvelt sé að ná til hans í tæka tíð er færa þarf skipið, eða til annarra þeirra aðgerða, er skipið snertir.

Hafnarvörður beinir til umsjónarmanns öllum þeim fyrirskipunum er skipið varða, en umsjónarmaður annað hvort framkvæmir fyrirskipanir hafnarvarðar, eða sér um að þær séu framkvæmdar. Verði dráttur á því, skal hafnarvörður láta framkvæma verkið á kostnað skipseiganda.

VI. KAFLI
UM FERMINGU OG AFFERMINGU ELDFIMRA VÖKVA OG SPRENGIEFNA

24. gr.

Skip, sem flytja eldfim efni svo sem steinolíu, benzín, aceton, terpentínu eða aðra álíka eldfima vökva, sprengiefni, svo sem púður, dynamit, geomit eða þess konar efni, mega ekki fara inn á höfnina fyrr en tilkynnt hefur verið um farm til hafnarvarðar, og afferming leyfð undir eftirliti brunavarða, ef til þess þykir ástæða. Um útskipun á sams konar farmi gilda sömu varúðarreglur.

25. gr.

Skip, sem hafa meðferðis þau efni, sem nefnd eru í næstu grein hér á undan, skulu, er þau koma inn á höfnina með þess konar farm, hafa á framsiglutoppi alþjóðlegt merkjaflagg með bókstafnum „B“, að degi til, en að næturlagi rautt ljós í stað þess.

Merki skal hafa uppi svo lengi sem skipið er í höfn og um hættu getur verið að ræða. Skip, sem ekki hafa framsiglu, skulu þess í stað reisa a. m. k. þriggja metra háa stöng, sem flagginu eða ljósinu skal komið fyrir á.

VII. KAFLI
UM GJÖLD TIL HAFNARINNAR

26. gr.

Öll skip skulu greiða hafnargjöld til hafnarsjóðs, er þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar.

Öll gjöld til hafnarinnar greiðast af brúttóstærð skipanna eins og hún er mest, meðan skipið hefur viðdvöl í höfninni. Undanþegin lestagjaldi og bryggjugjaldi eru herskip, skemmtiferðaskip, íslenzk vitaskip og varðskip.

27. gr.

a. Öll farmskip, önnur en strandferðaskip, og öll fiskiskip, stærri en eða jafnt og 400 brúttórúmlestir skulu greiða lestagjald kr. 3.00 á brúttórúmlest.
b. Strandferðaskip greiða kr. 1.50 á brúttórúmlest.
c. Fiskiskip undir 400 brúttórúmlestum greiða kr. 3.00 á brúttórúmlest, þó ekki oftar en tvisvar í mánuði.
d. Heimabátar, minni en 10 brúttórúmlestir, greiða lesta- og bryggjugjald einu sinni á ári kr. 200.00 af hverri brúttórúmlest. Lágmarksgjald skal vera kr. 500.00.

Gjalddagi er 1. apríl, eftir að skipið hefur verið gert út frá höfninni í 3 mánuði.

28. gr.

Öll skip, sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skulu greiða kr. 1.50 á brúttórúmlest fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem skipið liggur bundið.

Fiskiskip, 10—399 brúttórúmlestir, greiða gjald þetta eigi oftar en 10 sinnum á mánuði en bátar minni en 10 brúttórúmlestir greiða ekkert bryggjugjald.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum, minni en 400 brúttórúmlestir, sem ársgjald í heimahöfn, kr. 162.00 af hverri brúttórúmlest.

29. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum svo og skepnum, lifandi eða dauðum, sem skipað er út og upp á hafnarsvæðinu, með þeim undantekningum, er síðar getur.

30. gr.

Fyrir vörur, sem samkvæmt farmskrá skips eru ákveðnar til umhleðslu og eiga því ekki að leggjast á land nema um stundarsakir.

31. gr.

Þessar vörur eru algjörlega undanþegnar vörugjaldi:

a. Af vörum, sem lagðar eru á land um stundarsakir vegna skemmda á skipi og vörum, sem settar eru á land og eiga að fara með sama skipi, greiðist ekkert gjald.
b. Olía, kol, vistir og aðrar nauðsynjar skipa til eigin notkunar, sem fluttar eru úr landi. Enn fremur salt og ís, sem flutt er úr landi í íslenzk skip til eigin notkunar.
c. Umbúðir, sem endursendar eru, enda sé þess getið á farmskrá.
d. Bréfapóstur og farangur ferðamanna.

32. gr.

Hafnsögugjöld.

Öll erlend og innlend skip skulu skyld að greiða hafnsögugjald í hvert sinn, sem þau koma á innri höfnina, hvort sem þau nota hafnsögumann eða ekki. Þó skulu innlend fiskiskip, sem ekki eru skrásett í Hrísey og eru minni en 500 brúttórúmlestir að stærð, því aðeins greiða hafnsögugjald, að þau njóti leiðsagnar hafnsögumanns. Sömu undanþágu njóta fiskiskip skráð í Hrísey.

33. gr.

Hafnsögugjald skal greiðast, sem hér segir:

a. Fyrir leiðsögn til hafnarinnar kr. 450.00 fyrir hvert skip, auk kr. 1.25 fyrir hverja brúttórúmlest.
b. Fyrir leiðsögn frá höfninni kr. 400.00 fyrir hvert skip, auk kr. 0.80 fyrir hverja brúttórúmlest.
c. Fyrir leiðsögn um innri höfnina, skal hvert skip greiða kr. 300.00 auk kr. 0.40 fyrir hverja brúttórúmlest.

34. gr.

Vörugjöld.

Vörugjald skal reikna eftir máli eða þyngd með umbúðum. Brot úr gjaldeiningu, sem nemur helmingi eða meira, telst heil gjaldeining. Fara skal eftir farmskrá skipa við ákvörðun og útreikning vörugjalds. Skipstjóri er skyldur til að láta hafnarverði í té eftirrit af farmskrá skips síns. Sé engin farmskrá fyrir hendi, skal skipstjóri gefa drengskaparvottorð um vörumagn, sem skip hans hefur fermt eða affermt. Þyki hafnarnefnd ástæða til, getur hún, hvenær sem er, látið ákveða vörumagnið á þann hátt, sem hún telur hentugast, svo sem vega afla á vog hafnarinnar gegn vigtargjaldi, sem hafnarnefnd ákveður. Reynist vörumagnið meira en upp var gefið, greiðir skipið kostnaðinn. Ef ýmsar vörutegundir eru í sömu sendingu og beri farmskrá ekki með sér greinilega sundurliðun í tegundir, skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund, sem hæst vörugjald ber.

35. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því sem vörugjaldskrá segir til um og greiða gjald, sem þar segir. Minnsta vörugjald skal vera kr. 10.00. Leiki vafi á í hvaða flokki skuli telja vöru, skal hafnarvörður skera úr um það, en úrskurði hans má áfrýja til hafnarnefndar.

36. gr.

Vörugjaldskrá.

1. fl.: Gjald kr. 70.00/tonn:

a. Vara flutt í lausu máli í miklu magni, meira en 100 tonn í farmi, t. d. benzín, brennsluolíur, kol, korn, salt, vikur.
b. Þungavarningur, sekkjavörur, óunnið járn og stál til iðnaðar eða mannvirkjagerðar, hráefni til iðnaðar, útgerðarvörur, smurningsolíur, sjávarafurðir, landbúnaðarafurðir og iðnaðarvörur til útflutnings.

2. fl.: Gjald kr. 150.00/tonn:

Iðnaðar- og byggingavörur, unnar og hálfunnar, pökkuð og niðursoðin matvæli, ávextir, vefnaðarvörur, fatnaður.

3. fl.: Gjald kr. 400.00/tonn:

a. Vélar og tæki hvers konar og varahlutir til þeirra, heimilisvélar og skrifstofuvélar, bifreiðar, bifhjól, reiðhjól, hjólbarðar, bátar, flugvélar, hreyflar, mælitæki, húsgögn. Útvarps- og sjónvarpstæki, hljóðfæri, úr, klukkur, myndavélar, sjónaukar, glysvarningur alls konar, vín, tóbak, ilmvötn, snyrtivörur.
Af flutningi vinnutækja innanlands, skal veita allt að 50% afslátt.

b. Vörur, sem ekki verða flokkaðar annars staðar, eftir þyngd.

4. fl.: Gjald kr. 40.00/rúmmeter:

Timbur og annað eftir rúmmáli.

5. fl.: Gjald 1%:

Sjávarafli, lagður á land á hafnarsvæðinu, til vinnslu eða brottflutnings. Gjaldið reiknast af heildarverðmæti aflans. Kaupanda aflans ber að afhenda hafnarstjóra skýrslu um keyptan afla mánaðarlega, t. d. afrit af aflaskýrslu til Fiskifélags Íslands. Aflagjald fellur í gjalddaga, um leið og afla er landað. Kaupandi aflans innheimtir gjaldið hjá seljanda og er ábyrgur fyrir því til hafnarsjóðs, þótt hann vanræki innheimtu þess. Standa ber skil á greiðslu aflagjalds eigi sjaldnar en mánaðarlega.
Lágmarksgjald í öllum flokkum er kr. 20.00.

37. gr.

Ýmis gjöld til hafnarinnar.

Fyrir að leggja skip eða bát í fjöru hafnarinnar til hreinsunar eða aðgerðar skal greiða kr. 0.50 af hverri brúttólest skipsins eða bátsins fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, þó aldrei minna en kr. 50.00.

38. gr.

Fyrir að leggja vörur, sem affermdar eru, á land hafnarinnar, skal greiða kr. 1.00 fyrir hvern fermetra af landi því, sem varan liggur á, fyrir hvern sólarhring talið frá öðrum degi eftir að affermingu er lokið. Sama gjald skal greiða fyrir vörur, sem fluttar eru á land hafnarinnar og fara eiga í skip.

39. gr.

Fyrir lóðir hafnarinnar, geymsluhús og önnur mannvirki, sem eru leigð einstökum mönnum eða félögum um lengri tíma, skal greiða gjald, sem ákveðið verður með samningi.
Ársleiga fyrir benzíntanka, olíutanka og dælur á hafnarsvæðinu, skal vera kr. 2 500.00 fyrir hvern.
Gjalddagi er 1. apríl ár hvert.

40. gr.

Fyrir vatn til skipa greiðist kr. 50.00 fyrir hverja smálest en minnsta gjald skal þó vera kr. 150.00 fyrir fiskiskip og kr. 300.00 fyrir önnur skip.
Skip, sem skrásett eru í Hrísey, eru undanþegin vatnsskatti.

41. gr.

Önnur þjónusta, sem höfnin kann að láta skipum eða öðrum aðilum í té og ekki er talin falla undir þau gjöld, sem hér eru að framan talin, skal greiða samkvæmt reikningi frá hafnarnefnd.

42. gr.

Um innheimtu og greiðslu gjalda.

Skrifstofa bæjarins sér um innheimtu hafnargjalda og skal greiða gjöldin þar.

43. gr.

Skipstjóri, formaður eða eigandi ber ábyrgð á greiðslu hafnargjalda. Hafnarsjóður hefur haldsrétt í skipum, unz hafnargjöld eru greidd. Þegar gjalddagar eru ekki ákveðnir í reglugerð þessari, skal greiða gjöldin áður en skipið fer burt úr höfninni.

44. gr.

Leigugjald fyrir lóðir og geymsluhús hafnarinnar greiði móttakandi af vörum, sem fluttar eru úr húsum eða af lóð hafnarinnar.

Ef margir eiga vörur með sama skipi, skal afgreiðslumaður skipsins standa hafnarskrifstofu skil á greiðslunni.

Ef skip eða bátur hefur ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri, formaður eða eigandi ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað, greiðir sá vörugjaldið, sem affermir.

Vörugjald af vörum, sem koma til hafnarinnar, fellur í gjalddaga þegar gengið hefur verið frá farmskrá.

Vörugjald af vörum, sem fluttar eru frá bryggju að bólvirki, fellur í gjalddaga, þegar vörurnar eru komnar á skip.

Hafnarsjóður hefur haldsrétt í vörunum eða andvirði þeirra, unz gjaldið er greitt.

45. gr.

Leigu af lóðum hafnarinnar greiðir samningsaðili.

46. gr.

Gjald fyrir að nota krana, sporbrautir eða önnur tæki og áhöld greiðir sá, sem semur við hafnarnefnd um afnotin.

47. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari má taka lögtaki og hafa þau forgangsrétt sem önnur opinber gjöld, sbr. 83. gr. b, tölulið 3, skiptalaganna. Auk þess eru skipsgjöldin tryggð með lögveði í skipinu og gengur það veð í tvö ár fyrir samningsveðskuldum.

Skipagjöld teljast í reglugerð þessari öll þau gjöld, sem skipi ber að greiða til hafnarinnar, svo sem lestagjald, bryggjugjald og hafnsögugjald, svo og hvers konar aðstoð, sem skipinu er látin í té af hafnarinnar hálfu.

48. gr.

Um skaðabótaskyldu vegna skemmda á höfninni, mannvirkjum hennar, tækjum og útbúnaði, fer eftir almennum reglum.

Ef samningum verður ekki við komið um skaðabætur, skulu þær ákveðnar af tveimur óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það áður en einn mánuður er liðinn frá því er matsgerð er lokið. Yfirmat skal framkvæmt af þremur óvilhöllum dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmat greiðir sá, sem krafðist yfirmats, ef það gengur honum ekki í vil. Að öðrum kosti greiðir hinn aðilinn kostnaðinn.

49. gr.

Engum, sem bakað hefur sér refsingu eða skaðabótaskyldu fyrir brot á reglugerð þessari, heimilast að fara burt úr höfninni meðan mál hans er óútkljáð, nema hann setji tryggingu, sem hafnarnefnd tekur gilda.

50. gr.

Hverja þá skipun, sem samkvæmt þessari reglugerð heimilast að gefa forráðamönnum skips, skal gefa stýrimanni ef skipstjóri er ekki á skipi, og eigi heldur umboðsmaður hans samkvæmt 10. gr. Ef stýrimaður er fjarverandi, má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipunina og er það jafngilt því, sem skipstjóri hefði fengið skipunina sjálfur.

51. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 100 000.00, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt almennum lögum. Sektirnar renna í hafnarsjóð.

52. gr.

Með mál út af reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 48 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 9. janúar 1973.

Hannibal Valdimarsson.

Kristinn Gunnarsson.

Nr. 10. 9. janúar 1973.

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Patrekshöfn.

I. KAFLI
TAKMÖRK HAFNARINNAR OG STJÓRN

1. gr.

Patrekshöfn takmarkast annars vegar af strandlengjunni á milli Yxnahamars og Þúfneyrarodda og hins vegar af miðjum Patreksfirði, undan sömu stöðum.

2. gr.

Hreppsnefnd Patrekshrepps hefur á hendi stjórn hafnarmálanna, undir yfirstjórn þess ráðuneytis, sem fer með hafnamál hverju sinni.

Hver nýkjörin hreppsnefnd kýs á fyrsta fundi sínum, til fjögurra ára í senn, fimm menn í hafnarnefnd og jafnmarga til vara og ákveður jafnframt formann hennar og varaformann.

Hafnarnefnd hefur á hendi framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni, sér um viðhald og endurbætur á höfninni, stýrir öllum framkvæmdum, er þar að lúta, annast bókhald og fjárhald hafnarinnar og öll reikningsskil, svo framarlega, sem hreppsnefnd ákveður ekki aðra skipan. Reikningar hafnarsjóðs skulu fylgja hreppsreikningum og endurskoðast ásamt þeim.

Fyrir 1. nóvember ár hvert ber hafnarnefnd að hafa samið og lagt fyrir hreppsnefnd frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarsjóðs á komandi ári.

Til aðstoðar hafnarnefnd skulu vera svo margir starfsmenn, sem þurfa þykir. Hreppsnefnd skipar fasta starfsmenn hafnarinnar eftir tillögum hafnarnefndar og setur þeim erindisbréf. En hafnarnefnd getur sagt þeim upp, eða vikið þeim frá, án þess að til þurfi að koma samþykki hreppsnefndar.

3. gr.

Hreppsnefnd skipar hafnarvörð eftir tillögum eða í samráði við hafnarnefnd. Daglegar framkvæmdir og eftirlit annast hafnarvörður í samráði við hafnarnefnd.

Hafnarvörður, eða sá sem sér um daglegan rekstur hafnarinnar á sæti á fundum hafnarstjórnar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt.

II. KAFLI
UM ALMENNA REGLU

4. gr.

Hafnarvörður sér um, að gætt sé reglu í höfninni og á landi hennar. Er öllum skylt að hlýða boði hans og banni og enn fremur þeim starfsmönnum öðrum, er hann setur til þess að gæta reglu. Þyki einhverjum sér óréttur gerður af hafnarverði eða mönnum hans, getur sá hinn sami kært það til hafnarnefndar, en skipun hafnarvarðar og manna hans ber að hlýða þegar í stað.

5. gr.

Þeim, sem ekkert erindi eiga, er bannað að dvelja á landi hafnarinnar, ef þeir með því tálma fermingu eða affermingu skipa, eða önnur störf, sem þar eru unnin.

6. gr.

Skylt er að gæta varúðar í meðferð elds og ljósa á höfninni. Í skipum, sem flytja eldfim efni, má ekki kveikja eld eða ljós, nema í eldavélum skipsins og á lögboðnum ljóskerum. Tóbaksreykingar eru bannaðar í þeim skipum og því svæði, sem unnið er á að fermingu og affermingu eldfimra efna.

Álíti hafnarvörður, að hætta geti stafað af fermingu eldfimrar vöru, er honum heimilt að stöðva verkið unz gerðar hafa verið nauðsynlegar varúðarráðstafanir.

Bannað er að sjóða tjöru, bik, fernisolíu og annað slíkt, sem eldhætta getur stafað af, í skipum á höfninni, svo og á landi hafnarinnar, nema með leyfi hafnarvarðar.

7. gr.

Ekki má kasta útbyrðis seglfestu, ösku, kolum, olíu, eða neinu öðru, er valdið getur skemmdum á höfninni, frá skipum, er liggja þar, né flytja það úr landi út í höfnina.

Á hafnarsvæðinu má ekki heldur gera nein hafnarmannvirki né hreyfa þau hafnarmannvirki, sem nú eru, og ekki heldur fylla upp né dýpka út frá landi, nema leyfi hafnarnefndar komi til.

Nú hefur bryggja brotnað, og er þá bryggjueiganda skylt, ef hann ætlar að byggja upp bryggjuna, að byggja hana svo trausta, að hafnarnefnd telji hana hæfa. Að öðrum kosti ber bryggjueiganda að taka burt allar eftirstöðvar bryggjunnar, draga upp alla staura og hreinsa til, svo að engin hætta geti stafað af brotum á bryggjusvæðinu. Sé þetta ekki gert innan hæfilegs frests, er hafnarnefnd ákveður, er henni heimilt að láta gera það á kostnað eiganda, og má taka þann kostnað lögtaki.

III. KAFLI
UM LEGU SKIPA OG UMFERÐ ÞEIRRA Á HÖFNINNI

8. gr.

Þegar skip leitar hafnar, skal skipstjóri eða umboðsmaður skipsins tafarlaust snúa sér til hafnarvarðar er vísar honum á legustað.

Fiskiskip og önnur skip, sem ferma ekki né afferma, mega aldrei leggjast svo á höfninni, að þau tálmi fermingu eða affermingu annarra skipa. Skulu þau í hvert

skipti skyld að hlýða boðum hafnarvarðar um það, hvar þau megi liggja eða leggjast.

Skipum og bátum má ekki leggja svo að þau hindri eða tefji umferð um höfnina. Nú tregðast skipstjóri, eða eigandi skips, við að hlýða fyrirmælum hafnarvarðar um að flytja skip sitt, bát eða strengi, til á höfninni getur þá hafnarvörður látið gera það á kostnað og ábyrgð eiganda. Kostnaðinn má taka lögtaki.

9. gr.

Í sérhverju skipi, að undanteknum skipum, sem hafa leyfi hafnarnefndar til þess að liggja mannlaus á höfninni, skal jafnan vera að minnsta kosti einn maður, er tekið getur á móti skipunum starfsmanna hafnarinnar og framkvæmt þær, hvort heldur á að færa skip, eða gera eitthvað annað samkvæmt reglugerð þessari.

10. gr.

Eigi má festa skipum við bólvirki eða bryggjur, nema við festarhringi eða festarstólpa. Festum skal einnig þannig fyrir komið, að þær hindri sem minnst umferð á bryggjum eða bólvirkjum. Þyki þess ekki nægilega gætt, má krefjast að bætt sé úr því tafarlaust.

Skylt er að hafa tryggar hlífar milli skips og virkis eða bryggju, ef krafizt er.

11. gr.

Vélskip mega ekki láta vélar sínar ganga af svo miklu afli, að öðrum skipum eða hafnarmannvirkjum stafi hætta af því.

Ekki má hleypa vatni á bryggjur eða bólvirki að óþörfu.

12. gr.

Ef skip lendir á grynningum eða sekkur, þar sem það, að áliti hafnarvarðar, tálmar greiðri notkun hafnarinnar, skal eigandi þess láta færa það burtu svo fljótt sem auðið er. Verði dráttur á því, má hafnarvörður láta færa skipið burtu á kostnað eiganda. Kostnaðinn má taka lögtaki.

IV. KAFLI
UM NOTKUN HAFNARINNAR

13. gr.

Venjulega skal heimila skipum að leggjast að bryggjum eða bólvirkjum í þeirri röð, er þau koma til hafnarinnar. Þó skal farþegaskipum, sem sigla eftir fyrir fram auglýstum áætlunum, leyft að leggjast að bryggjum, þótt önnur skip liggi þar fyrir. Skulu þau þá víkja, sé það nauðsynlegt að dómi hafnarvarðar.

Sé fermingu eða affermingu skips eigi haldið áfram með hæfilegum hraða að dómi hafnarvarðar, ber því að víkja fyrir öðru skipi, ef hann krefst þess. Enn fremur getur hafnarvörður vísað skipi frá bryggju, álíti hann það nauðsynlegt vegna veðurs.

Verði ágreiningur, ræður hafnarvörður hvar og í hvaða röð skip koma að bryggjum.

14. gr.

Ef nauðsyn ber til að skipum, sem ferma eða afferma við bryggjur eða bólvirki, sé lagt hverju við hliðina á öðru, er heimilt að flytja farm þeirra, sem utar liggja, yfir þilför hinna á bjálkabrúm. Svo er og skipshöfn og farþegum þeirra skipa, er utar liggja, heimil nauðsynleg umferð um þilfar þeirra skipa, er nær liggja.

15. gr.

Við uppskipun og útskipun á kjölfestu, sandi eða öðru slíku, er skylt að hafa nægilega sterka hlífðardúka milli skips og bólvirkis, bryggju eða bátanna, svo að ekkert falli fyrir borð. Sé þessa ekki nægilega gætt, getur hafnarvörður stöðvað verkið, unz bætt hefur verið úr því, sem áfátt er. Kjölfestu má ekki láta annars staðar á lóðir eða mannvirki hafnarinnar en þar, sem hafnarvörður vísar til.

16. gr.

Þegar lokið er við fermingu eða affermingu, skal afgreiðslumaður skips eða skipstjóri, láta ræsta bryggjur eða bólvirki, sem notuð hafa verið, ef þörf gerist. Farist það fyrir, skal hafnarvörður sjá um að það sé gert. Afgreiðslumaður eða skipstjóri greiði allan kostnað, sem af því leiðir. Kostnaðinn má taka lögtaki hjá afgreiðslumanni eða eiganda skipsins.

17. gr.

Þær vörur, sem ferma skal eða afferma, svo og tæki þau, sem notuð eru við fermingu eða affermingu, mega ekki liggja á bryggjum eða bólvirkjum og eigi annars staðar á landi hafnarinnar en á þeim stöðum, sem ætlaðir eru til geymslu, nema með sérstöku leyfi hafnarvarðar. Skal flytja burtu muni þessa og vörur jafnskjótt og hann krefst þess.

V. KAFLI
UM GEYMSLUSKIP OG SKIP, SEM LAGT ER Í LÆGI

18. gr.

Sérstakt leyfi hafnarnefndar þarf í hvert sinn til þess að leggja megi á höfninni skipum, sem ætluð eru til geymslu, eða lagt í lægi. Skal eigandi láta taka skipið, ef það sekkur, eða láta sprengja það sundur eða taka af grunni, svo það skemmi ekki höfnina. Sé því eigi fullnægt innan hæfilegs frests, getur hafnarnefndin látið gera það á kostnað eiganda. Slíkan kostnað má taka lögtaki. Vanræksla á að hlýða skipun hafnarnefndar í þessum efnum, er enn fremur brot á hafnarreglugerðinni.

Hafnarvörður ákveður hvert sinn, hvar slíkum skipum skuli lagt, hve traust legufæri skuli vera og hvernig þeim skuli fyrir komið. Nú sannar eigandi geymsluskips, með vottorði tveggja óvilhallra manna, er útnefndir séu af hafnarnefnd, að skip hans sé svo þétt, að ekki stafi nein hætta af leka, þótt það sé mannlaust, þá er honum heimilt að leggja skipinu og láta það liggja án þess að menn séu í því á þeim tíma árs, sem ekki verður heimtað ljós á skipum. Skylt er eiganda að flytja skipið úr stað, ef hafnarnefnd eða hafnarvörður krefst þess. Ljós skulu tendruð á skipum þessum, þegar hafnarvörður krefst þess.

19. gr.

Meðan skip liggur mannlaust á höfninni, skal eigi sjaldnar en einu sinni í viku fara út í það, til þess að líta eftir hvort legufæri eða annað hafi haggazt eða bilað. Ef svo reynist, skal lagfæra það svo fljótt, sem auðið er. Eigi ber hafnarsjóður ábyrgð á skipum þeim, sem lagt er í lægi á höfninni.

VI. KAFLI
UM HAFNSÖGU

20. gr.

Hafnarnefnd skipar hafnsögumenn, svo marga, sem þurfa þykir, og ákveður laun þeirra. Laun hafnsögumanna greiðast úr hafnarsjóði.

21. gr.

Hafnsögumönnum ber í starfi sínu að haga sér eftir því, sem sagt er í reglugerð þessari og eftir skipun hafnarnefndar. Þeim skal skylt að bera einkennisbúning þann, er hafnarnefnd ákveður.

22. gr.

Hafnarnefnd getur með þriggja mánaða fyrirvara sagt hafnsögumanni upp starfi sínu. Með sama fyrirvara getur hafnsögumaður sagt starfa sínum lausum. Hafnarnefnd getur fyrirvaralaust vikið hafnsögumanni frá starfanum, ef hann verður vís að vanrækslu í starfi sínu.

23. gr.

Hvert skip, sem ætlar til Patreksfjarðar og nota vill hafnsögumann, skal þegar það er komið hálfa mílu undan Vatneyrarodda, gefa merki um, að það óski hafnsögumanns eða tilkynna það með símskeyti, og er hafnsögumanni skylt að vitja skipanna þangað.

24. gr.

Hafnsögumaður, er vísar skipi til hafnar, má eigi yfirgefa skipið án samþykkis skipstjóra, fyrr en skipið er lagzt við festar í höfninni. Meðan hafnsögumaður dvelur í skipi, ber því að sjá honum fyrir fæði.

25. gr.

Hvert skip, sem úr höfninni fer, á rétt á að fá hafnsögumann, og skal hafnsögumanni skylt að fylgja því þangað, sem honum, skv. 4. gr., er skylt að vitja þess.

26. gr.

Hafnsögumanni er skylt að banna allar ónauðsynlegar samgöngur við skipið, áður en hann hefur lokið starfi sínu á skipsfjöl.

27. gr.

Ef sjúkdómur er á skipi eða ástæða til að halda að sótthætta geti stafað frá því, ber hafnsögumanni að sjá um að fylgt sé reglum þeim, sem settar eru í lögum um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til landsins.

28. gr.

Hafnarsjóður leggur til báta og önnur tæki, er hafnsögumenn þurfa að nota við starfa sinn, svo og mannahjálp.

VII. KAFLI
UM GJÖLD TIL HAFNARINNAR

29. gr.

Öll skip eða fleytur, hvort sem þau eru tóm eða hlaðin vörum eða seglfestu, skulu greiða hafnargjöld til hafnarsjóðs, er þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar, þó með þeim undantekningum er síðar greinir.

Öll gjöld til hafnarinnar greiðast af brúttó-stærð skipanna eins og hún er mest. Hálf rúmlest telst sem heil en minni hluta er sleppt. Undanþegin hafnargjöldum eru herskip, skemmtiferðaskip, íslenzk vitaskip og varðskip.

Lestagjöld.

30. gr.

a. Öll farmskip, önnur en strandferðaskip, og öll fiskiskip, stærri en eða jafnt og 400 brúttórúmlestir skulu greiða lestagjald, kr. 3.00 á brúttórúmlest.

b. Strandferðaskip greiði kr. 1.50 á brúttórúmlest.
c. Fiskiskip undir 400 brúttórúmlestum greiði kr. 3.00 á brúttórúmlest, þó ekki oftar en tvisvar í mánuði.
d. Bátar minni en 10 tonn greiði lestagjald einu sinni á ári, kr. 200.00 á brúttórúmlest. Lágmarksgjald kr. 1 000.00.

Gjalddagi er 1. apríl eftir að skipið hefur gert út frá höfninni í 3 mánuði.

Bryggjugjöld.

31. gr.

Öll skip, sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skulu greiða kr. 1.50 á brúttórúmlest fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem skipið liggur bundið.

Fiskiskip 10—399 brúttórúmlestir greiða gjald þetta mest 10 sinnum á mánuði, en bátar minni en 10 brúttórúmlestir greiða ekki bryggjugjald. Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum, minni en 400 brúttórúmlestir, sem árgjald í heimahöfn, kr. 162.00 af hverri brúttólest.

Gjalddagi árgjalda er 1. apríl ár hvert.

Vatnsgjöld.

32. gr.

Fyrir vatn afhent við bryggju skal greiða:

a. Heimabátar og skip undir 12 lestir brúttó ..... kr. 500.00 á ári
Heimabátar og skip 10—15 lestir brúttó ..... — 1 500.00 á ári
Heimabátar og skip yfir 50 lestir brúttó ..... — 3 000.00 á ári
Gjalddagi er 1. apríl ár hvert.
b. Öll önnur skip og bátar skulu greiða fyrir vatn kr. 20.00 pr. tonn.

Hafnsögugjöld.

33. gr.

Öll skip, sem þurfa að nota hafnsögumenn, skulu greiða hafnsögugjald, auk þess skal greiða gjald fyrir leiðstjórn skipa um höfnina sjálfa, þar á meðal inn og út úr höfninni.

34. gr.

Hafnsögugjald skal greiða sem hér segir:

a. Fyrir leiðsögn til og frá höfninni kr. 1 000.00 fyrir hvert skip, auk kr. 2.00 fyrir hverja brúttórúmlest.
b. Fyrir færslu skipa um höfnina kr. 1 000.00.

Vörugjöld.

35. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum og skepnum, sem fluttar eru af skipsfjöl á land eða úr landi á skipsfjöl, eða úr einu skipi í annað, innan takmarka hafnarinnar, þó með þeim undantekningum, sem um getur í næstu greinum.

36. gr.

Fyrir vörur, sem samkvæmt farmskrá skipsins eru ákveðnar til annarrar hafnar og eiga því ekki að leggjast á land nema um stundarsakir, greiðist aðeins hálft vörugjald.

Af vörum, sem settar eru á land og eiga að fara áfram með sama skipi, enda sé það ákveðið í farmskrá, greiðist ekkert vörugjald.

37. gr.

Þessar vörur eru algjörlega undanþegnar vörugjaldi:

a. Umbúðir, sem endursendar eru, enda sé þess getið í farmskrá.
b. Vistir og aðrar nauðsynjar til skipa og báta til eigin notkunar, sem fluttar eru úr landi.
c. Innlend mjólk og rjómi, sem flutt er til hafnarinnar.
d. Póstur og venjulegur farþegaflutningur.

38. gr.

Vörugjald skal reikna eftir máli eða þyngd, með umbúðum, og af hverri sendingu sérstaklega. Brot úr gjaldeiningu telst sem heil gjaldeining.

Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds. Skipstjóra eða afgreiðslumanni skips er skylt að láta gjaldkera hafnarinnar í té eftirrit af farmskrá.

Sé engin farmskrá, skal skipstjóri eða formaður báts gefa drengskaparvottorð um vörumagn, sem fleyta hans hefur fermt eða affermt. Þyki hafnarstjóra ástæða til, getur hann, hvenær sem er, látið ákveða vörumagnið á þann hátt, sem hann telur hentugast. Reynist vörumagnið meira en upp er gefið, greiðir skipið kostnaðinn.

Séu fleiri en ein vörutegund í sendingu, skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund, sem hæst gjald skal greiða af.

39. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því, sem vörugjaldskrá tiltekur og gjaldið greiðast eins og þar segir.

Vörugjaldskrá.

1. fl.: Gjald kr. 70.00/tonn:

a. Vara flutt í lausu máli í miklu magni, meira en 100 tonn í farmi t. d. benzín, brennsluolíur, kol, korn, salt, vikur.
b. Þungavarningur, sekkjavörur, óunnið járn og stál til iðnaðar eða mannvirkjagerðar, hráefni til iðnaðar, útgerðarvörur, smurningsolíur, sjávarafurðir, landbúnaðarafurðir og iðnaðarvörur til útflutnings.

2. fl.: Gjald kr. 150.00/tonn:

Iðnaðar- og byggingavörur, unnar og hálfunnar, pökkuð og niðursoðin matvæli, ávextir, vefnaðarvörur, fatnaður.

3. fl.: Gjald kr. 400.00/tonn:

a. Vélar og tæki hvers konar og varahlutir til þeirra, heimilisvélar og skrifstofuvélar, bifreiðar, bifhjól, reiðhjól, hjólbarðar, bátar, flugvélar, hreyflar, mælitæki, húsgögn.

Af flutningi vinnutækja innanlands má veita allt að 50% afslátt.

b. Útvarps- og sjónvarpstæki, hljóðfæri, úr, klukkur, myndavélar, sjónaukar, glysvarningur alls konar, vín, tóbak, ilmvötn, snyrtivörur.
c. Vörur, sem ekki verða flokkaðar annars staðar, eftir þyngd.

4. fl.: Gjald kr. 40.00/rúmmeter:

Timbur og annað eftir rúmmáli.

5. fl.: Gjald 1%:

Sjávarafli lagður á land á hafnarsvæðinu til vinnslu eða brottflutnings. Gjaldið reiknast af heildarverðmæti aflans. Kaupanda aflans ber að afhenda hafnarstjóra

skýrslu um keyptan afla mánaðarlega, t. d. afrit af aflaskýrslu til Fiskifélags Íslands. Aflagjald fellur í gjalddaga, um leið og afla er landað. Kaupandi aflans innheimtir gjaldið hjá seljanda og er ábyrgur fyrir því til hafnarsjóðs, þótt hann vanræki innheimtu þess. Standa ber skil á greiðslu aflagjalds eigi sjaldnar en mánaðarlega.

Lágmarksgjald í öllum flokkum er kr. 20.00.

Um ýmis gjöld til hafnarinnar.

40. gr.

Fyrir að leggja vöru á land hafnarinnar, skal greiða kr. 1.00 fyrir hvern fermetra, sem varan þekur, sé hún ekki flutt burtu innan tveggja sólarhringa. Gjald þetta reiknast fyrir hvern sólarhring. Sama gjald skal greiða fyrir tæki og áhöld hvers konar, sem einstaklingar eiga og láta eða vilja láta standa á landi hafnarinnar. Gjald fyrir slík tæki, sem og mikið vörumagn, má ákveða með samningi við hafnarnefnd.

41. gr.

Gjald fyrir lóðir, geymsluhús eða tæki, sem leigð eru einstaklingum eða félögum, um lengri eða skemmri tíma, skal greiða samkvæmt samningi.

Önnur þjónusta, sem höfnin kann að láta skipum eða öðrum aðilum í té og ekki eru talin falla undir gjöld þau, sem hér eru fram talin, skal greiða samkvæmt reikningi hafnarnefndar.

Um innheimtu og greiðslu hafnargjalda.

42. gr.

Innheimtu allra hafnargjalda skal greiða á skrifstofu hafnarinnar.

43. gr.

Skipstjóri eða formaður báts ber ábyrgð á greiðslu hafnargjalda.

Ef enginn skipstjóri eða formaður er á skipinu, ber eigandi þess ábyrgð á greiðslu gjaldanna, svo og annarra gjalda, er skipinu ber að greiða. Hafnarsjóður hefur haldsrétt í skipi, unz gjöldin eru að fullu greidd.

Þar sem ekki eru í gjaldskrá þessari ákveðnir fastir gjalddagar, skal greiða gjöldin áður en skip fer burt úr höfninni.

44. gr.

Gjöld fyrir vörur, sem um getur í 38. gr. greiðir eigandi eða umboðsmaður hans á Patreksfirði. Hafnarsjóður hefur haldsrétt í vörunum, unz gjöldin eru greidd.

Eigi margir aðilar vörur í sama skipi, skal afgreiðslumaður skipsins standa skil á greiðslu vörugjaldsins til hafnargjaldkera.

Ef skip eða bátur hefur ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri eða formaður ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari skulu renna í hafnarsjóð. Má taka þau lögtaki og hafa þau forgangsrétt sem opinber gjöld.

Enn fremur skulu öll skipsgjöld tryggð með lögveði í skipi og gangi það veð í tvö ár fyrir samningsveðskuldum. Dráttarvextir 1% fyrir hvern byrjaðan mánuð, reiknast 2 mánuðum eftir gjalddaga.

VIII. KAFLI
ÝMIS ÁKVÆÐI

45. gr.

Um skaðabótaskyldu fyrir skemmdir á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum fer eftir almennum reglum. Ef samningar takast ekki um skaðabætur, má ákveða þær af þremur óvilhöllum mönnum. Hvorum aðila sem er, er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það áður en mánuður er liðinn frá því að matsgerð er lokið.

Yfirmat skal framkvæmt af fimm óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Kostnað við yfirmat greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en sem nemur 10% af hinni upprunalegu matsupphæð, að öðrum kosti greiðir hinn aðilinn kostnaðinn.

46. gr.

Enginn, sem bakað hefur sér refsingu eða skaðabótaskyldu fyrir brot á reglugerð þessari, má fara burtu úr höfninni á meðan mál hans er enn óútkljáð, nema hann setji tryggingu, sem hafnarnefnd metur gilda.

47. gr.

Enginn skipstjóri getur vænzt þess að fá afgreiðslu fyrir skip sitt hjá lögreglustjóra, nema hann sanni með vottorði hafnargjaldkera, að hann hafi greitt gjöld þau, er honum ber að greiða, samkvæmt reglugerð þessari. Sama gildir um sektir og skaðabætur, ef um þær er að ræða.

48. gr.

Hverja þá skipun, sem gefa má skipi samkvæmt reglugerð þessari, skal gefa stýrimanni, ef skipstjóri er ekki á skipi og eigi heldur umboðsmaður hans skv. 9. gr. Ef stýrimaður er fjarverandi, má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipunina, og er það jafngilt sem skipstjóri hefði sjálfur fengið skipunina.

49. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 100 000.00, nema þyngri refsing liggi við skv. lögum. Sektirnar rennar í hafnarsjóð Patrekshafnar.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum nr. 48 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi hafnarreglugerð um Patrekshöfn, nr. 191 8. júlí 1968, með síðari breytingum.

Samgönguráðuneytið, 9. janúar 1973.

Hannibal Valdimarsson.

Kristinn Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Stöðvarfjarðarkauptún nr. 171 16. ágúst 1966.

1. gr.

Á undan 8. grein komi ný grein, sem verður 8. grein, og breytist röð eftirfarandi greina í samræmi við það, svo hljóðandi:

Um gjöld til hafnarinnar.

Öll skip skulu greiða hafnargjöld til hafnarsjóðs, er þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar.

Öll gjöld til hafnarinnar greiðast af brúttóstærð skipanna eins og hún er mest, meðan skipið hefur viðdvöl í höfninni. Undanþegin lestagjaldi og bryggjugjaldi eru herskip, skemmtiferðaskip, íslenzk vitaskip og varðskip.

2. gr.

8. grein, sem verður 9. grein, orðist þannig:

Lestagjöld.

a. Öll farmskip, önnur en strandferðaskip, og öll fiskiskip, stærri en eða jafnt og 400 brúttórúmlestir skulu greiða lestagjald, kr. 3.00 á brúttórúmlest.
b. Strandferðaskip greiði kr. 1.50 á brúttórúmlest.
c. Fiskiskip undir 400 brúttórúmlestum greiði kr. 3.00 á brúttórúmlest, þó ekki oftar en tvisvar í mánuði.
d. Heimabátar, minni en 10 brúttórúmlestir, greiða lesta- og bryggjugjald einu sinni á ári, kr. 200.00 af hverri brúttórúmlest. Lágmarksgjald skal vera kr. 1000.00. Gjalddagi er 1. apríl, eftir að skipið hefur verið gert út frá höfninni í 3 mánuði.

3. gr.

9. grein, sem verður 10. grein, orðist þannig:

Bryggjugjöld.

Öll skip, sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skulu greiða kr. 1.50 á brúttórúmlest fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem skipið liggur bundið.

Fiskiskip, 10-399 brúttórúmlestir, greiði gjald þetta eigi oftar en 10 sinnum á mánuði, en bátar minni en 10 brúttórúmlestir, greiði ekkert bryggjugjald.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum, minni en 400 brúttórúmlestir, sem ársgjald í heimahöfn, kr. 162.00 af hverri brúttórúmlest.

4. gr.

16. grein, sem verður 17. grein, orðist þannig:

Vörugjöld.

1. fl.: Gjald kr. 70.00/tonn:

a. Vara flutt í lausu máli í miklu magni, meira en 100 tonn í farmi t. d. benzín, brennsluolíur, kol, korn, salt, vikur.

b. Þungavarningur, sekkjavörur, óunnið járn og stál til iðnaðar eða mannvirkjagerðar, hráefni til iðnaðar, útgerðarvörur, smurningsolíur, sjávarafurðir, landbúnaðarafurðir og iðnaðarvörur til útflutnings.

2. fl.: Gjald kr. 150.00/tonn:

Iðnaðar- og byggingavörur, unnar og hálfunnar, pökkuð og niðursoðin matvæli, ávextir, vefnaðarvörur, fatnaður.

Skip, sem ekki er verið að ferma eða afferma, eða ekki er unnið við, mega aldrei liggja þannig á höfninni að þau tálmi vinnu við önnur skip, og skal skylt að hlýða boðum starfsmanna hafnarinnar um það, hvert þau skuli flutt. Ef ekki er orðið við boðum starfsmanna hafnarinnar í þessum efnum, er heimilt að færa skipið á kostnað eiganda.

Brottfarartíma skips skal skipstjóri tilkynna hafnaryfirvöldum með minnst tveggja tíma fyrirvara.

13. gr.

Sé nauðsynlegt talið að skipum, sem fermd eru eða affermd, sé lagt hverju við hliðina á öðru, er heimilt að flytja farm þeirra skipa, er utar liggja yfir þilfar hinna. Skipshöfn og farþegum þeirra skipa, sem utar liggja, er einnig heimil nauðsynleg umferð um þilför þeirra skipa, er nær liggja.

14. gr.

Í sérhverju skipi, sem ekki hefur leyfi hafnarvarðar til að liggja mannlaust á höfninni, skal jafnan vera a. m. k. einn maður, er getur tekið við fyrirskipunum frá starfsmönnum hafnarinnar og framkvæmt þær í samræmi við það, sem reglugerð þessi býður.

15. gr.

Eigi má festa skipum við hafnarbakka eða bryggjur nema við festarhringa eða festarstólpa, að tilvísun hafnarvarðar. Séu landfestar úr járni, skulu þær vera klæddar þar sem þær hvíla á hafnarbakkanum eða bryggjunni. Festum skal þannig komið fyrir, að þær hindri sem minnst umferð á bryggju eða hafnarbakka, og skulu festar auðkenndar með veifum eða öðrum varúðarmerkjum. Þyki hafnarverði þess ekki nægilega gætt, getur hann krafizt þess að bætt sé úr því tafarlaust.

Skylt er að hafa hlífar milli skips og hafnarbakka eða bryggju óski hafnarvörður þess.

16. gr.

Skip mega ekki láta vélarnar ganga af svo miklu afli, að öðrum skipum eða hafnarmannvirkjum stafi af því hætta.

Ef skip veldur skemmdum á bryggjum, tækjum eða öðrum mannvirkjum, skal það að fullu bætt af viðkomandi skipi.

17. gr.

Ekki má kræka hökum í bryggjur eða hafnarbakka. Ekki mega skip hleypa vatni á bryggju eða hafnarbakka, hvorki við þvott á þilfari né heldur, er þau hleypa burt vatni á annan hátt. Búa skal svo um með hlífum að vatnið fari beint í höfnina.

18. gr.

Ef skip lendir á grynningum og sekkur, þar sem það að áliti hafnarstjórnar tálmar greiðri notkun hafnarinnar eða umferð um hafnarsvæðið, skal fjarlægja það svo fljótt, sem við verður komið. Verði dráttur á því, má hafnarvörður láta færa skipið burt á kostnað eiganda, og er honum, ef nauðsyn krefur, heimilt að láta selja skipið til lúkningar kostnaðinum.

19. gr.

Áður en kjölfesta er flutt á skip eða úr skipi, skal hafnarverði gert viðvart og ákveður hann þá hvar losun eða lestun kjölfestunnar fer fram.

Við losun eða lestun á kjölfestu, sandi, kolum og öðru þess háttar, er skylt að hafa nægilega tryggar hlífar á milli skipsins og hafnarbakka, bryggjunnar eða bátanna, að ekkert falli fyrir borð. Sé þessa eigi gætt, getur hafnarvörður stöðvað verkið, unz umbætur hafa farið fram.

Skipstjóri skal sjá um, að kjölfesta sú, sem flutt hefur verið á land úr skipi hans, sé þegar í stað flutt burt af löndunarstaðnum þangað, sem hafnarvörður vísar til.

20. gr.

Þegar lokið er fermingu eða affermingu skal eigandi skips láta hreinsa bryggju þá eða hafnarbakka, sem notuð hafa verið, sé þess talin þörf. Farist það fyrir, skal hafnarstjóri sjá um að það sé gert, en eigandi farms eða skips greiði þann kostnað er af því leiðir.

V. KAFLI
UM SKIP, SEM LAGT ER Í LÆGI

21. gr.

Skipum má leggja í lægi á höfninni með sérstöku leyfi hafnarnefndar, sé það gert undir umsjón hafnarvarðar, sem ákveður legustaðinn, legufærin og fyrirkomulag allt, er varðar lagningu skipsins.

22. gr.

Meðan skip liggur mannlaust í lægi á höfninni, skal ekki sjaldnar en á eins mánaðar fresti fara út í það til að líta eftir hvort legufæri eða annað hefur farið úr lagi eða bilað. Ef svo reynist, skal lagfæra það svo fljótt, sem auðið er.

Leyfi hafnarstjórnar til að leggja skipi í lægi, er bundið því skilyrði, að ef skipið sekkur láti eigandi þess taka það upp eða sprengja það sundur, svo það skemmi ekki höfnina. Sé því ekki fullnægt innan tiltekins frests, getur hafnarstjórnin látið framkvæma verkið á kostnað eiganda.

23. gr.

Heimilt er að leggja skipi í lægi á höfninni, þó það sé mannlaust, sé það svo þétt, að áliti hafnarstjórnar, sem getur framkvæmt eða látið framkvæma á því rannsókn á kostnað eiganda, að ekki stafi af því nein hætta.

Á skipum þessum skal tendrað ljós samkvæmt reglum þeim, sem settar eru í alþjóðasjóferðareglum um skip, er liggja fyrir akkeri.

Áður en skipstjóri fer af skipinu, skal hann skriflega tilkynna hafnarstjórn um umsjónarmann, búsettan í því lögsagnarumdæmi, sem höfnin er í, sem skal hafa umsjón skipsins á hendi og skal skipstjóri ganga úr skugga um, að hafnarnefnd sé samþykk útnefningu umsjónarmannsins. Hafnarnefnd getur krafizt, ef henni finnst ástæða til, að umsjónarmaður hafi skipstjórnarréttindi og hafi búsetu það nálægt hafnarsvæðinu að auðvelt sé að ná til hans í tæka tíð, er færa þarf skipið eða til annarra þeirra aðgerða, er skipið snertir.

Hafnarvörður beinir til umsjónarmanns öllum þeim fyrirskipunum er skipið varða, en umsjónarmaður annað hvort framkvæmir fyrirskipanir hafnarvarðar, eða sér um að þær séu framkvæmdar. Verði dráttur á því, skal hafnarvörður láta framkvæma verkið á kostnað skipseiganda.

VI. KAFLI
UM FERMINGU OG AFFERMINGU ELDFIMRA VÖKVA OG SPRENGIEFNA

24. gr.

Skip, sem flytja eldfim efni svo sem steinolíu, benzín, aceton, terpentínu eða aðra álíka eldfima vökva, sprengiefni, svo sem púður, dýnamit, geomit eða þess konar efni, mega ekki fara inn á höfnina fyrr en tilkynnt hefur verið um farm til hafnarstjóra, og afferming leyfð undir eftirliti brunavarðar, ef til þess þykir ástæða. Um útskipun á sams konar farmi gilda sömu varúðarreglur.

25. gr.

Skip, sem hafa meðferðis þau efni, sem nefnd eru í næstu grein hér á undan, skulu, er þau koma inn á höfnina með þess konar farm, hafa á framsiglutoppi alþjóðlegt merkjaflagg með bókstafnum „B", að degi til en að næturlagi rautt ljós í þess stað. Merki skal hafa uppi svo lengi sem skipið er í höfn, og um hættu getur verið að ræða. Álíti hafnarstjóri, að hætta geti stafað af fermingu eða affermingu eldfimrar vöru, er honum heimilt að stöðva verkið, unz gerðar hafa verið nauðsynlegar varúðarráðstafanir.

VII. KAFLI
UM GJÖLD TIL HAFNARINNAR

26. gr.

Öll skip skulu greiða hafnargjöld til hafnarsjóðs, er þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar.

Öll gjöld til hafnarinnar greiðast af brúttóstærð skipanna eins og hún er mest, meðan skipið hefur viðdvöl í höfninni. Undanþegin lestagjaldi og bryggjugjaldi eru herskip, skemmtiferðaskip, íslenzk vitaskip og varðskip.

27. gr.

Lestagjöld:

a. Öll farmskip, önnur en strandferðaskip, og öll fiskiskip, stærri en eða jafnt og 400 brúttórúmlestir skulu greiða lestagjald, kr. 3.00 á brúttórúmlest.
b. Strandferðaskip greiði kr. 1.50 á brúttórúmlest.
c. Fiskiskip undir 400 brúttórúmlestum greiði kr. 3.00 á brúttórúmlest, þó ekki oftar en tvisvar í mánuði.
d. Heimabátar, minni en 10 brúttórúmlestir, greiði lesta- og bryggjugjald einu sinni á ári, kr. 200.00 af hverri brúttórúmlest. Lágmarksgjald skal vera kr. 1000.00. Gjalddagi er 1. apríl, eftir að skipið hefur verið gert út frá höfninni í 3 mánuði.

28. gr.

Bryggjugjöld.

Öll skip, sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skulu greiða kr. 1.50 á brúttórúmlest fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem skipið liggur bundið.

Fiskiskip, 10-399 brúttórúmlestir, greiði gjald þetta eigi oftar en 10 sinnum á mánuði, en bátar minni en 10 brúttórúmlestir, greiði ekkert bryggjugjald.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum, minni en 400 brúttórúmlestir, sem ársgjald í heimahöfn, kr. 162.00 af hverri brúttórúmlest.

29. gr.

Hafi skip mælingarbréf með tilgreindum tveim stærðum, skal miða hafnargjald við stærri stærð skipsins meðan það var á höfninni, með hliðsjón af hleðslu (mælingarmerki).

VIII. KAFLI
UM VÖRUGJÖLD

30. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum svo og skepnum, lifandi eða dauðum, sem skipað er út eða upp á hafnarsvæðinu, með þeim undantekningum, er síðar getur.

31. gr.

Fyrir vörur, sem samkvæmt farmskrá skips eru ákveðnar til umhleðslu og eiga því ekki að leggjast á land nema um stundarsakir, greiðist aðeins hálft gjald. Af vörum, sem settar eru á land og eiga að fara aftur með sama skipi, greiðist ekkert gjald.

32. gr.

Þessar vörur eru algjörlega undanþegnar vörugjaldi:

a. Vörur, sem lagðar eru á land um stundarsakir, vegna skemmda á skipi.
b. Kol, olía, vistir og aðrar nauðsynjar skipa til eigin notkunar, sem fluttar eru úr landi. Enn fremur salt og ís, sem flutt er úr landi í íslenzk skip til eigin notkunar.
c. Umbúðir, sem endursendar eru, enda sé þess getið í farmskrá.
d. Bréfapóstur og farangur ferðamanna.

33. gr.

Vörugjald skal reikna eftir máli eða þyngd með umbúðum. Brot úr gjaldeiningu, sem nemur helmingi eða meira, telst heil gjaldeining. Fara skal eftir farmskrá skipa við ákvörðun og útreikning vörugjalds. Skipstjóri er skyldur til að láta hafnarstjóra í té eftirrit af farmskrá skips síns. Sé engin farmskrá fyrir hendi, skal skipstjóri gefa drengskaparvottorð um vörumagn, sem skip hans hefur fermt eða affermt. Þyki hafnarstjórn ástæða til, getur hún, hvenær sem er, látið ákveða vörumagnið á þann hátt, sem hún telur hentugast. Reynist vörumagnið meira en upp var gefið greiðir skipið kostnaðinn. Ef ýmsar vörutegundir eru í sömu sendingu og beri farmskrá ekki með sér greinilega sundurliðun í tegundir, skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund, sem hæst vörugjald ber.

34. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því sem vörugjaldskrá segir til um, og greiða gjald, sem þar segir. Leiki vafi á í hvaða flokki skuli telja vörur, skal hafnarstjóri skera úr um það, en úrskurði hans má áfrýja til hafnarstjórnar.

35. gr.

Vörugjaldskrá.

Brottfluttar og aðfluttar vörur.

1. fl.: Gjald kr. 70.00/tonn:

a. Vara flutt í lausu máli í miklu magni, meira en 100 tonn í farmi t. d. benzín, brennsluolíur, kol, korn, salt, vikur.
b. Þungavarningur, sekkjavörur, óunnið járn og stál til iðnaðar eða mannvirkjagerðar, hráefni til iðnaðar, útgerðarvörur, smurningsolíur, sjávarafurðir, landbúnaðarafurðir og iðnaðarvörur til útflutnings.

2. fl.: Gjald kr. 150.00/tonn:

Iðnaðar- og byggingavörur, unnar og hálfunnar, pökkuð og niðursoðin matvæli, ávextir, vefnaðarvörur, fatnaður.

3. fl.: Gjald kr. 400.00/tonn:

a. Vélar og tæki hvers konar og varahlutir til þeirra, heimilisvélar og skrifstofuvélar, bifreiðar, bifhjól, reiðhjól, hjólbarðar, bátar, flugvélar, hreyflar, mælitæki, húsgögn.

Af flutningi vinnutækja innanlands má veita allt að 50% afslátt.

b. Útvarps- og sjónvarpstæki, hljóðfæri, úr, klukkur, myndavélar, sjónaukar, glysvarningur alls konar, vín, tóbak, ilmvötn, snyrtivörur.
c. Vörur, sem ekki verða flokkaðar annars staðar, eftir þyngd.

4. fl.: Gjald kr. 40.00/rúmmeter:

Timbur og annað eftir rúmmáli.

5. fl.: Gjald 1%:

Sjávarafli lagður á land á hafnarsvæðinu til vinnslu eða brottflutnings. Gjaldið reiknast af heildarverðmæti aflans. Kaupanda aflans ber að afhenda hafnarstjóra skýrslu um keyptan afla mánaðarlega, t. d. afrit af aflaskýrslu til Fiskifélags Íslands. Aflagjald fellur í gjalddaga, um leið og afla er landað. Kaupandi aflans innheimtir gjaldið hjá seljanda og er ábyrgur fyrir því til hafnarsjóðs, þótt hann vanræki innheimtu þess. Standa ber skil á greiðslu aflagjalds eigi sjaldnar en mánaðarlega.

Lágmarksgjald í öllum flokkum er kr. 20.00.

IX. KAFLI
ÝMIS GJÖLD TIL HAFNARINNAR

36. gr.

Fyrir lóðir hafnarinnar, geymsluhús og önnur mannvirki, sem leigð eru einstökum mönnum eða félögum um lengri tíma, skal greiða gjald, sem ákveðið verður með samningi. Ársleiga fyrir benzíntanka, olíutanka, dælur og leiðslur á hafnarsvæðinu, skal vera kr. 2 500.00 fyrir hvern.

Gjalddagi er 1. apríl.

37. gr.

Fyrir að leggja vörur, sem affermdar eru, á land hafnarinnar, skal greiða kr. 1.00 fyrir hvern fermetra af landi því, sem varan liggur á, fyrir hvern sólarhring, talið frá öðrum degi eftir að affermingu er lokið. Sama gjald skal greiða fyrir vörur, sem fluttar eru á land hafnarinnar og fara eiga í skip.

Fyrir uppsátur á landi hafnarinnar greiðast kr. 500.00 á ári.

38. gr.

Fyrir vatn til skipa skal greiða:

a. Heimabátar og skip undir 12 lestum brúttó ..... kr. 500.00
Heimabátar 12—50 lestir brúttó ..... — 1 500.00
Heimabátar 50 lestir og yfir, brúttó ..... — 3 000.00

b. Öll önnur skip skulu greiða kr. 20.00 fyrir hvert tonn af vatni.
Gjalddagi er 1. apríl ár hvert.

39. gr.

Önnur þjónusta, sem höfnin kann að láta skipum eða öðrum aðilum í té og ekki er talin falla undir þau gjöld, sem hér eru að framan talin, skal greiða samkvæmt reikningi frá hafnarstjórn.

X. KAFLI
UM INNHEIMTU OG GREIÐSLU GJALDA

40. gr.

Hafnarstjórn sér um innheimtu allra hafnargjalda og skal greiða gjöldin til skrifstofu hafnarinnar, hafnarvarðar eða umsjónarmanns hafnarinnar.

41. gr.

Skipstjóri eða eigandi skips eru ábyrgir fyrir skilvísri greiðslu þeirra gjalda, sem greiða ber vegna skipsins. Skipstjóra er skylt að afhenda hafnarstjórn þjóðernis- og

skrásetningarskírteini skips, sé þess krafizt, og hefur hafnarsjóður haldsrétt yfir skipinu, unz gjöldin eru greidd. Þegar gjalddagar eru ekki ákveðnir í reglugerð þessari, skal greiða gjöldin áður en skipið fer burt úr höfninni.

42. gr.

Leigugjald fyrir lóðir og geymsluhús hafnarinnar, samkvæmt 36. og 37. gr. greiði móttakandi af vörunum, sem fluttar eru úr húsum eða af landi hafnarinnar. Ef margir eiga vörur með sama skipi skal afgreiðslumaður skipsins standa hafnarsjóði skil á greiðslunni. Ef skip hefur ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri, eigandi eða afgreiðslumaður, ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins. Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað, greiðir sá vörugjaldið, sem affermir. Vörugjald af aðfluttum vörum fellur í gjalddaga þegar vörurnar eru komnar á skip. Hafnarsjóður hefur haldsrétt í vörunum eða andvirði þeirra, unz vörugjaldið er greitt.

43. gr.

Leigu af lóðum og húsum hafnarinnar, svo og gjald fyrir að nota krana, eða önnur tæki og áhöld, greiðir sá, er samninginn gerir við hafnarstjórnina.

44. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari má taka lögtaki og hafa þau forgangsrétt sem önnur opinber gjöld, sbr. 83. gr. skiptalaganna. Auk þess eru skipagjöldin tryggð með lögveði í skipinu og gengur það veð í tvö ár fyrir samningsveðskuldum.

Skipsgjöld teljast í reglugerð þessari öll þau gjöld, sem skipi ber að greiða til hafnarinnar, svo sem lestagjald, bryggjugjald og hafnsögugjald, svo og hvers konar aðstoð, sem skipinu er látin í té af hafnarinnar hálfu.

XI. KAFLI
ÝMIS ÁKVÆÐI

45. gr.

Um skaðabótaskyldu vegna skemmda á höfninni, mannvirkjum hennar, tækjum og útbúnaði, fer eftir almennum reglum.

Hafnarsjóður ber ekki ábyrgð á tjóni, sem verða kann á eignum (skipum, munum eða öðrum verðmætum), manna eða félaga, ef þeir hafa vanrækt að fara eftir fyrirmælum hafnarstjóra eða starfsmanna hafnarinnar.

46. gr.

Engum, sem bakað hefur sér refsingu eða skaðabótaskyldu fyrir brot á reglugerð þessari heimilast að fara burtu úr höfninni meðan mál hans er óútkljáð, nema hann setji tryggingu, sem hafnarnefnd tekur gilda.

47. gr.

Hverja þá skipun, sem samkvæmt þessari reglugerð heimilast að gefa forráðamönnum skips, má gefa stýrimanni, ef skipstjóri er ekki á skipi, né heldur umboðsmaður hans. Ef stýrimaður er fjarverandi, má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipunina og er það jafngilt því, sem skipstjóri hefði fengið skipunina sjálfur.

48. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 100 000.00, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt almennum lögum. Sektirnar renna í hafnarsjóð.

49. gr.

Með mál út af reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 48 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi hafnarreglugerð fyrir Súðavík nr. 212 19. desember 1960, með síðari breytingum.

Samgönguráðuneytið, 9. janúar 1973.

Hannibal Valdimarsson.

Kristinn Gunnarsson.

8. janúar 1973. Nr. 16.

AUGLÝSING

um umferð í Kópavogskaupstað.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40. 23. apríl 1968, og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Kópavogskaupstaðar, eru hér með settar eftirgreindar reglur um umferð í Kópavogi:

1. Á Sunnubraut verði einstefnuakstur frá Suðurvör til austurs.
2. Umferð um Nýbýlaveg, Álfhólsveg og Digranesveg skal njóta aðalbrautarréttar fyrir umferð frá hliðargötum, þannig að umferð frá hliðargötum hafi biðskyldu sbr. 2. mgr. og 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga. Áfram gildir þó stöðvunarskylda samkvæmt 4. mgr. 48. gr. umferðarlaga um umferð úr Vogatungu, inn á Digranesveg. Við mót Álfhólsvegar og Skeljabrekku skal umferð um Álfhólsveg hafa biðskyldu samkv. 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga gagnvart umferð um Skeljabrekku.

Þar sem Álfhólsvegur og Digranesvegur enda að austanverðu með tengingu við aðrar götur skulu gilda reglur 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968, og koma til framkvæmda þegar í stað.

Bæjarfógetinn í Kópavogi, 8. janúar 1973.

Sigurgeir Jónsson.

AUGLÝSING

um breytingar nr. 4 við Sérlyfjaskrá, Lyfjaverðskrá II, Lyfjagreiðsluskrá Tryggingastofnunar ríkisins frá 1. júlí 1972.

Frá og með 15. febrúar 1973 tekur gildi breyting nr. 4 við Sérlyfjaskrá, Lyfjaverðskrá II, Lyfjagreiðsluskrá Tryggingastofnunar ríkisins frá 1. júlí 1972. Samkvæmt því hækkar útsöluverð lyfja eins og það er greint í skránum um 7.3%. Jafnframt verður heildsöluálagning 16.8% í stað 18% áður og smásöluálagning 56.3% í stað 60% áður.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 8. febrúar 1973.

Magnús Kjartansson.

Páll Sigurðsson.

Nr. 18. 12. janúar 1973.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. laga nr. 40 frá 23. apríl 1968 hefur eftirfarandi verið ákveðið:

1. Einstefnuakstur sá, sem nú er í Pósthússtræti frá Kirkjustræti að Hafnarstræti, verður framlengdur til norðurs að Tryggvagötu.
2. Umferðarreglur á gatnamótum Miklubrautar, Elliðavogs og Suðurlandsbrautar verði sem hér segir:
   a) Umferð um Suðurlandsbraut víki fyrir umferð um tengigötu milli Elliðavogs og Miklubrautar.
   b) Umferð um tengigötu milli Elliðavogs og Miklubrautar víki fyrir umferð um Elliðavog.
   c) Umferð um tengigötu milli Vesturlandsvegar og Elliðavogs víki fyrir umferð um Elliðavog.
   d) Á tengigötu milli Elliðavogs og Miklubrautar verði biðskylda við Miklubraut í stað stöðvunarskyldu, sem nú er þar.

Framangreindar reglur taka gildi 20. janúar 1973.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 12. janúar 1973.

Sigurjón Sigurðsson.

AUGLÝSING

um sérstök veiðisvæði fyrir línu fyrir Suðvesturlandi, í Faxaflóa og Breiðafirði.

1. gr.

Skipum, sem veiðar stunda með öðrum veiðarfærum en línu og handfærum, eru bannaðar veiðar fyrir Suðvesturlandi og í Faxaflóa á eftirgreindum svæðum og tíma:

1. Á tímabilinu til 20. marz 1973 á svæði, sem afmarkað er þannig: Frá Geirfugladrang er dregin lína í réttvísandi austur í punkt 63°40′6N og 22°55′2V og þaðan réttvísandi 213°. Þá er dregin lína frá Geirfugladrang í norðurátt í punkt 63°58′2N og 23°29′1V og þaðan í réttvísandi vestur. Að utan takmarkast svæði þetta af línu, sem dregin er 12 sml. utan grunnlínu samkvæmt reglugerð nr. 189/1972.

2. Á tímabilinu til 1. apríl 1973 í Faxaflóa á svæði, er takmarkast af línum, sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1.	64°28′N	23°57′V
2.	64°27′N	24°43′V
3.	64°18′N	24°43′V
4.	64°18′N	24°23′V

Enn fremur er netaveiði bönnuð allt árið 1973 í Breiðafirði innan línu, sem dregin er úr Skor í Eyrarfjall við Grundarfjörð.

2. gr.

Með mál þau, sem rísa út af brotum gegn auglýsingu þessari, skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu með síðari breytingum eða samkvæmt lögum nr. 44 5. apríl 1948 um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt lögum nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins og lögum nr. 62 18. maí 1967 um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu sbr. lög nr. 21 10. maí 1969 um breyting á þeim lögum, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að **máli.**

Sjávarútvegsráðuneytið, 12. febrúar 1973.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Þórður Ásgeirsson.

AUGLÝSING

um breytingu nr. 4 við Lyfjaverðskrá I frá 20. janúar 1969.

Frá og með 26. janúar 1973 skal útsöluverð lyfja eins og það er greint í Lyfjaverðskrá I frá 20. janúar 1969 hækka um 52.5%. Jafnframt fellur niður 17% hækkun samkvæmt breytingu nr. 3 1. nóvember 1970.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 22. janúar 1973.

Magnús Kjartansson.

Páll Sigurðsson.

Nr. 21. 10. janúar 1973.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á greiðsluframlagi fyrir óverkaðan saltfisk (þorsk) og söltuð ufsaflök framleidd á tímabilinu frá 1. október til 31. desember 1972.

Með skírskotun til laga nr. 98 21. desember 1972, um breyting á lögum nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi greiðsluframlag úr sjóðnum til framleiðenda fyrir óverkaðan saltfisk (þorsk) og söltuð ufsaflök framleidd á tímabilinu frá 1. október til 31. desember 1972.

Óverkaður saltfiskur (þorskur)	12% af fob-verði
Söltuð ufsaflök	6% af fob-verði

Sjávarútvegsráðuneytið, 10. janúar 1973.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Gylfi Þórðarson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 3 — 1973

20. febrúar 1973. 61 Nr. 22.

REGLUR

um ferðir til Vestmannaeyja og dvöl þar.

1. gr.

Hver sá, sem kemur til Heimaeyjar í Vestmannaeyjum, skal láta skrá sig hjá lögreglunni við komu.

Á sama hátt skal tilkynna lögreglunni brottför frá Heimaey.

2. gr.

Heimild til dvalar á Heimaey hafa:

a) Þeir, sem lögheimili eiga í Vestmannaeyjum.
b) Þeir, sem starfa á vegum almannavarna.
c) Þeir aðrir, sem þangað eiga lögmætt erindi.

3. gr.

Hver sá, sem kemur til Heimaeyjar, skal sýna lögreglunni í Vestmannaeyjum skilríki, er veitir heimild til dvalar þar, og gera grein fyrir áætluðum dvalarstað og tíma.

4. gr.

Bæjarstjórn Vestmannaeyja gefur út skilríki þeim, sem lögheimili eiga í Vestmannaeyjum, sbr. a-lið 2. gr.

Almannavarnir ríkisins og bæjarfógetinn í Vestmannaeyjum gefa út skilríki þeim, sem um ræðir í b) og c) lið 2. gr., á eyðublöðum, sem Almannavarnir ríkisins láta í té.

5. gr.

Ef ástæða þykir til má, auk skilríkja samkv. 4. gr., krefjast þess, að hlutaðeigandi sýni opinbert persónuskilríki með mynd.

6. gr.

Heimilt er bæjarfógetanum í Vestmannaeyjum að takmarka ferðir manna um einstök svæði, þar sem sérstök hætta er.

7. gr.

Bæjarfógetanum í Vestmannaeyjum er heimilt, að höfðu samráði við almannavarnanefnd Vestmannaeyja og Almannavarnaráð, að ákveða hámarkstölu þeirra, sem dvelja á Heimaey.

Bæjarfógeta er og heimilt að takmarka ferðir manna til Heimaeyjar, enda hafi þeir, sem um ræðir í b-lið 2. gr., þá forgangsrétt. Honum er einnig heimilt að stytta dvalartíma þeirra, sem dvelja á Heimaey, ef sérstök ástæða þykir.

B 9

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

8. gr.

Skylt er þeim, sem annast fólksflutninga til Heimaeyjar, að kanna, hvort sá, sem fars beiðist, hafi heimild til dvalar þar.

9. gr.

Brot á reglum þessum varða sektum eða varðhaldi, nema þyngri refsing varði samkvæmt lögum.

10. gr.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt 3. gr. laga um almannavarnir, nr. 94 29. desember 1962, öðlast þegar gildi, og gilda fyrst um sinn þar til annað verður ákveðið.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 20. febrúar 1973.

Einar Ágústsson.

Ólafur W. Stefánsson.

Stjórnartíðindi B 3, nr. 22. Útgáfudagur 20. febrúar 1973.

25. janúar 1973. 63 Nr. 23.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um bann við veiði smásíldar nr. 7 22. febrúar 1966, og bann við loðnuveiðum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Á tímabilinu 1. marz til 15. maí 1973, eru loðnuveiðar bannaðar fyrir Norður- og Austurlandi frá línu réttvísandi norður frá Horni að línu réttvísandi suðaustur frá Eystra-Horni utan línu, sem dregin er 12 sjómílur utan við grunnlínu, samkvæmt reglugerð nr. 189/1972.

Á tímabilinu 15. maí til 15. ágúst 1973 eru allar loðnuveiðar bannaðar.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 1. gr. laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 25. janúar 1973.

Lúðvík Jósepsson.

Jón L. Arnalds.

7. febrúar 1973. Nr. 24.

REGLUGERÐ

um bann við þorsk-, ýsu- og ufsaveiðum með nót.

1. gr.

Þorsk-, ýsu- og ufsaveiðar með hringnót eru bannaðar.

2. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. getur sjávarútvegsráðuneytið veitt sérstök leyfi til þorskveiða með hringnót bátum undir 50 smálestum, sem stundað hafa þessar veiðar að marki á árunum 1971 og 1972. Gildir þetta til ársloka 1973 og getur ráðuneytið bundið leyfin þeim skilyrðum, sem þurfa þykir.

3. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varðar sektum.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 1. gr. laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 191 10. júní 1969 um þorsk-, ýsu- og ufsaveiðar með nót o. fl.

Sjávarútvegsráðuneytið, 7. febrúar 1973.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Þórður Ásgeirsson.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

REGLUGERÐ

um sérstök veiðisvæði fyrir línu og net fyrir Suðvesturlandi.

1. gr.

Skipum, sem stunda veiðar með botnvörpu, eru bannaðar veiðar frá 1. marz til 1. maí 1973 á svæðum, sem takmarkast af línum, sem dregnar eru þannig:

1. Að austan er dregin lína í r/v suður frá Knarrarósvita í punkt 63°34′N og 20°58.8′V og þaðan í punkt 63°34′N og 21°26′V, síðan í vesturátt gegnum eftirgreinda punkta:
   1. 63°41′2N 21°45′5V
   2. 63°41′2N 22°21′0V
   3. 63°34′5N 23°03′5V

   og þaðan í r/v 033° í Reykjanesvita.

   Þó skal skipum innan lögmætra stærðartakmarka heimilt að veiða innan þessara marka á svæði, er takmarkast af lengdarbaugunum 21°57′V og 22°32′V, innan línu, sem dregin er á milli beirra þrjár sjómílur út frá ströndinni.
2. Að norðan er dregin lína í r/v vestur frá Garðskaga og að sunnan í r/v vestur frá Stafnesi. Að utan takmarkast svæði þetta af 12 sjómílna fjarlægð frá grunnlínu, samkvæmt reglugerð nr. 189 14. júlí 1972.

2. gr.

Frá 1. apríl til 1. maí skal skipum, sem stunda veiðar með botnvörpu, einnig bannaðar veiðar á svæði því, er takmarkast af línu, er dregin er r/v suður frá Þjórsárósi í punkt 63°34′N og 20°48′V, þaðan í punkt 63°34′N og 20°58′8V og þaðan r/v norður í Knarrarósvita.

3. gr.

Á tímabilinu frá 20. marz til 20. apríl 1973 eru allar veiðar bannaðar í botnvörpu, samanber 2. tölulið 3. greinar reglugerðar nr. 189/1972, svo og með línu og netum á svæði, er afmarkast af línum, sem dregnar eru milli eftirgreindra staða:

a) 63°32′0 n.br., 21°25′0 v.lgd.
b) 63°00′0 n.br., 21°25′0 v.lgd.
c) 63°00′0 n.br., 22°00′0 v.lgd.
d) 63°32′0 n.br., 22°00′0 v.lgd.

4. gr.

Með mál þau, sem rísa út af brotum gegn reglugerð þessari, skal farið að hætti opinberra mála, og varða brot viðurlögum, samkvæmt ákvæðum laga nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu með síðari breytingum, eða samkvæmt lögum nr. 44 5. apríl 1948 um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu með síðari breytingum, og samkvæmt lögum nr. 44 5. apríl 1948 um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 27. febrúar 1973.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Þórður Ásgeirsson.

Stjórnartíðindi B 4, nr. 23—25. Útgáfudagur 28. febrúar 1973.

STJÓRNARTÍÐINDI B 5 — 1973

13. marz 1973. 65 Nr. 26.

REGLUGERÐ

um happdrættislán ríkissjóðs 1973, Skuldabréf B, vegna vega- og brúagerða á Skeiðarársandi, er opni hringveg um landið.

1. gr.

Fjármálaráðherra, f. h. ríkissjóðs, gefur út til sölu innanlands happdrættisskuldabréf, samtals að fjárhæð 130 milljónir króna, skv. heimild í lögum nr. 99 frá 28. desember 1971.

2. gr.

Happdrættisskuldabréf, skv. reglugerð þessari, skulu nefnd Skuldabréf B.

Þau skulu gefin út til handhafa. Verðgildi hvers skuldabréfs er 1000 krónur og eru þau í töluröð. Skuldabréfin skulu seld á nafnverði. Sala bréfanna hefst í byrjun aprílmánaðar 1973 og henni lýkur fyrir fyrsta útdráttardag, sem er 30. júní 1973.

Happdrættisskuldabréfin falla í gjalddaga að 10 árum liðnum frá útgáfudegi þeirra.

3. gr.

Við innlausn happdrættisskuldabréfs greiðir ríkissjóður verðbætur á höfuðstól bréfsins í hlutfalli við þá hækkun, er kann að verða á lánstímanum á þeirri vísitölu framfærslukostnaðar, er reiknuð er 1. apríl 1973, til gjalddaga 1. apríl 1983. Miðað er við skráningu Hagstofu Íslands á vísitölu framfærslukostnaðar. Kauplagsnefnd reiknar vísitölu framfærslukostnaðar, og eru núgildandi lög um hana nr. 70 frá 29. nóvember 1967, sbr. lög nr. 1 frá 30. janúar 1959. Happdrættisskuldabréfin skulu innleyst á nafnverði, þótt vísitala framfærslukostnaðar hafi á tímabilinu til 1. apríl 1983 verið lægri en hún var 1. apríl 1973 og sé lægri hinn 1. apríl 1983. Happdrættisskuldabréfin verða ekki innleyst að hluta.

4. gr.

Rísi ágreiningur um framkvæmd ákvæða 3. gr. um greiðslu verðbóta á höfuðstól happdrættisskuldabréfanna, skal þá vísa málinu til nefndar þriggja manna, er skal þannig skipuð: Seðlabanki Íslands tilnefnir einn nefndarmanna, Hæstiréttur annan, en hagstofustjóri skal vera formaður nefndarinnar. Nefndin fellir fullnaðarúrskurð í ágreiningsmálum, sem hún fær til meðferðar. Ef breyting verður gerð á grundvelli vísitölu framfærslukostnaðar, skal nefnd þessi koma saman og ákveða, hvernig vísitölur samkvæmt nýjum og breyttum grundvelli skulu tengdar eldri vísitölum. Skulu slíkar ákvarðanir verða fullnaðarúrskurðir.

5. gr.

Af happdrættisskuldabréfunum eru ekki greiddir vextir en vinningum úthlutað í samræmi við útdrátt númera sbr. 6. gr.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

6. gr.

Árleg fjárhæð vinninga í þessum flokki happdrættisláns ríkissjóðs skal nema 7% — sjö af hundraði — af heildarfjárhæð skuldabréfa flokksins og skal dregið um þá einu sinni á ári, í fyrsta sinn 30. júní 1973, og í síðasta sinn hinn 30. júní 1982.

Vinningum skal úthlutað samkvæmt skrá þeirri, sem hér fer á eftir:

2 vinningar	á kr.	1 000 000.00	= kr. 2 000 000.00
2 vinningar	á kr.	500 000.00	= kr. 1 000 000.00
30 vinningar	á kr.	100 000.00	= kr. 3 000 000.00
310 vinningar	á kr.	10 000.00	= kr. 3 100 000.00
344 vinningar		samtals	kr. 9 100 000.00

Á happdrættisskuldabréfunum skal tilgreindur útdráttardagur, tala vinninga og fjárhæð þeirra hvers um sig.

Vinningaskrár skulu birtar í Lögbirtingablaðinu, sem fyrst eftir dráttardag, auk þess sem vinningaskrár skulu liggja frammi á sölustöðum.

Notarius publicus í Reykjavík annast útdrátt vinninga að viðstöddum fulltrúa fjármálaráðuneytisins og fulltrúa Seðlabanka Íslands.

Heimilt er að nota tölvu Reiknistofu Raunvísindastofnunar Háskóla Íslands við útdrátt vinninga. Verði að því ráði horfið, skal fjármálaráðherra setja starfsreglur um þann útdrátt að höfðu samráði við notarius publicus í Reykjavík og forstöðumann Reiknistofu Raunvísindastofnunar Háskólans. Reglur þessar skal birta í Lögbirtingablaðinu.

7. gr.

Happdrættisskuldabréfin eru undanþegin framtalsskyldu og eignarsköttum, en vinningar svo og verðbætur undanþegnar tekjuskatti og tekjuútsvari.

8. gr.

Innlausn happdrættisskuldabréfa og greiðsla vinninga fer fram í Seðlabanka Íslands, Reykjavík.

Handhafar skuldabréfa, sem hlotið hafa vinning eða við innlausn eftir 10 ár, geta snúið sér til allra banka, bankaútibúa eða sparisjóða og afhent þeim skuldabréf gegn sérstakri kvittun. Viðkomandi banki, bankaútibú eða sparisjóður sér síðan um að fá greiðslu úr hendi útgefanda með því að senda Seðlabankanum skuldabréfið til fyrirgreiðslu.

Eftir gjalddaga greiðast engar verðbætur vegna hækkunar vísitölu framfærslukostnaðar.

Skuldabréf þessi fyrnast á 10 árum frá gjalddaga og verða ekki innleyst að þeim tíma liðnum.

Falli happdrættisvinningur á skuldabréf, skal hans vitjað innan fjögurra ára frá útdrætti ella verður hann eign ríkissjóðs.

Sé gölluðum eða rifnum skuldabréfum framvísað til greiðslu vinnings eða innlausnar með þeim hætti, að bæði númer sjáist og meira en helmingur bréfsins fylgi, fer innlausn fram að fullu, en sjáist aðeins annað númerið, verður innlausn eða greiðsla vinnings innt af hendi að hálfu, enda sé meira en fjórðungi bréfsins framvísað.

9. gr.

Reglur XIX. kafla laga nr. 85 frá 23. júní 1936 um mál til ógildingar skjala o. fl. gilda ekki um skuldabréf samkvæmt reglugerð þessari.

10. gr.

Fjármunir þeir, sem inn koma fyrir sölu happdrættisskuldabréfanna, skulu renna til greiðslu kostnaðar af vega- og brúagerð á Skeiðarársandi, er opni hringveg um landið.

Kostnaður við framkvæmd þessarar fjáröflunar greiðist af söluandvirði skuldabréfanna.

11. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 9. gr. laga nr. 99 frá 28. desember 1971, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 13. marz 1973.

Halldór E. Sigurðsson.

Höskuldur Jónsson.

27. febrúar 1973. Nr. 27.

AUGLÝSING

um verðhækkunarstuðul fyrir fyrningu eigna í atvinnurekstri.

Skv. ákvæðum 4. tl. 7. gr. laga nr. 7/1972 um breyting á lögum nr. 68 15. júní 1971 um tekju- og eignarskatt, hefur fjármálaráðuneytið, í samráði við Hagstofu Íslands ákveðið, að verðhækkunarstuðlar vegna verðbreytinga árið 1972, skuli verða sem hér segir:

1. Verðhækkunarstuðull eigna — annarra en bifreiða —, sem tilgreindar eru í 1. tl. A-liðs 15. gr. laga nr. 68/1971, verði 15%.
2. Verðhækkunarstuðull bifreiða, sbr. 1. tl. A-liðs 15. gr. laga nr. 68/1971, verði 25%.
3. Verðhækkunarstuðull eigna, sem tilgreindar eru í 2. tl. A-liðs 15. gr. laga nr. 68/1971, verði 26%.

Fjármálaráðuneytið, 27. febrúar 1973.

F. h. r.
Jón Sigurðsson.

Höskuldur Jónsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 6 — 1973

Nr. 28. 68 10. janúar 1973.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á freðfiski fyrir framleiðslutímabilið frá 1. janúar til 31. maí 1973.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest verðgrundvöll á freðfiski fyrir framleiðslutímabilið frá 1. janúar til 31. maí 1973:

	U.S. cent á lb. Cif.
Þorskur:	
4 × 14 m.r. interl.	40.90
4 × 14 r.l.	49.10
10 × 5 og 3 × 18	64.50
5 × 10	67.20
4 × 15	69.00
12 × 1	69.00
Blokk	48.00
Blokk 24½	49.00
Ýsa:	
10 × 5 og 3 × 18	71.70
12 × 1	75.30
Blokk	60.00
Blokk 24½	61.00
Steinbítur:	
10 × 5	67.00
12 × 1	69.70
Blokk	51.00
Karfi:	
8 × 7 m.r.	31.75
10 × 5 m.r.	41.10
10 × 5 r.l.	45.60
12 × 1	50.10
Lausfrystur m.r. og b.	47.00
Blokk	50.00
Ufsi:	
8 × 7 r.l.	26.47
4 × 6 kg	26 76
10 × 5	37.00
Blokk	29.00

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

	U.S. cent á lb. Cif.
Langa:	
8 × 7 r.l.	28.92
10 × 5	62.50
Blokk	44.00
Grálúða:	
Heilfryst	30.55
Blokk	36.30
Heilfrystur fiskur	13.72

Verðbil verði 2.5%, en 5% fyrir framleiðslu, sem seld er til Sovétríkjanna aðra en karfaframleiðslu, fyrir hana verður það 10%. Miðast þessi verðbil við verðhækkun eingöngu. Greiðslur í sjóðinn miðast við 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum miðast við 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

Sjávarútvegsráðuneytið, 10. janúar 1973,

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Gylfi Þórðarson.

12. janúar 1973. Nr. 29.

REGLUGERÐ

fyrir veðdeild Landsbanka Íslands um útgáfu á 25. flokki bankavaxtabréfa, samkvæmt lögum nr. 73 22. maí 1965 og breytingu á þeim lögum, sbr. lög nr. 32 7. apríl 1971, um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa.

1. gr.

Samkvæmt 1. gr. laganna er veðdeild Landsbankans heimilt að gefa út bankavaxtabréf, allt að 200 milljónum króna. Vaxtabréfin skiptast í flokka og er 19. flokkur þeirra sá, sem fyrst kemur til framkvæmda. Flokkur þessi nefnist 25. flokkur. Samanlögð fjárhæð bankavaxtabréfa í þessum flokki má ekki fara fram úr 40 milljónum króna. Áður hafa verið staðfestar reglugerðir um útgáfu bankavaxtabréfa, samkvæmt lögum nr. 73 22. maí 1965 og lögum nr. 32 7. apríl 1971 fyrir 19., 20., 21., 22., 23. og 24. flokk að fjárhæð samtals 160 milljónir króna.

Heimilt er með samþykki ráðherra, að hafa fleiri en einn flokk með mismunandi vöxtum starfandi í senn. Ráðherra ákveður, að höfðu samráði við Seðlabanka Íslands, hvenær flokknum skuli lokið.

2. gr.

Veðdeildin gefur út skuldabréf til handhafa, (bankavaxtabréf), en nafnskrá má þau í bókum bankans. Fjármálaráðherra og bankastjórn Landsbankans undirskrifa bankavaxtabréfin. Ráðherra og bankastjórar Landsbankans geta með umboði falið öðrum undirritun bankavaxtabréfanna. Í bankavaxtabréfunum skal vera útdráttur úr reglugerð þessari. Fjárhæð þeirra skal vera 10 000.00 kr. og skal hvert vaxtabréf vera tölusett og skulu bréfin samin eftir fyrirmynd, sem stjórn Landsbankans

ákveður. Ásamt bankavaxtabréfunum skal afhenda vaxtamiða til 25 ára minnst. Aldrei má gefa meira út af bankavaxtabréfum en nemur fjárhæð þeirri, er veðdeildin á í veðskuldabréfum.

3. gr.

Auk veðskuldabréfa þeirra, sem veðdeildin fær frá lántakendum, skal trygging fyrir vaxtabréfum flokksins vera:

1. Varasjóður hvers flokks.
2. Sameiginleg (solidarisk) ábyrgð lántakenda, er nemi allt að 10% (sbr. 8. gr. laganna.)
3. Einföld ábyrgð ríkissjóðs.

Ef taka þarf til tryggginganna 1—3, skal gera það í þeirri röð, sem að ofan er greint.

4. gr.

Vextir af bankavaxtabréfum greiðast einu sinni á ári, 2. janúar, gegn afhendingu vaxtamiðans. Vaxtamiðar, sem fallnir eru í gjalddaga skulu innleystir í veðdeild Landsbankans. Stjórn veðdeildarinnar ákveður vextina og mega vextir af bankavaxtabréfum þessum aldrei vera hærri en Seðlabankinn ákveður vexti hæsta af sambærilegum skuldum.

5. gr.

Veðdeildin er undanþegin öllum tekjuskatti, útsvari, stimpilgjaldi og öðrum sköttum.

6. gr.

Fé veðdeildarflokksins má lána gegn veði í jarðeignum, erfðafestulöndum, húseignum eða einstökum íbúðum með lóðarréttindum. Getur veðdeildin krafizt frumrita eða staðfestra afrita af þeim samningum, sem liggja til grundvallar viðkomandi lóðarréttindum. Veðið skal vátryggt í vátryggingastofnun, er bankastjórnin tekur góða og gilda. Lánsupphæðin má ekki fara fram úr ¾ af virðingarverði fasteignarinnar. Þegar veðdeildin tekur jarðir að veði skal virða hús sér og jörðina sér í lagi, svo og skal virða allar húseignir sérstaklega, ef taka á veð í fasteigninni.

7. gr.

Eignir þær, er veðdeildarflokkurinn tekur að veði, skulu tveir óvilhallir menn virða á kostnað lántaka. Skulu þeir vera dómkvaddir eða tilnefndir af hlutaðeigandi lögreglustjóra og hafa nauðsynlega þekkingu til að bera. Þó getur veðdeildin, þegar henni eftir atvikum finnst ástæða til þess, sjálf nefnt til menn þá, er virða skulu. Enn fremur getur hún krafizt, að hreppsnefnd eða bæjarstjórn, er í hlut á, samþykki virðinguna. Eignir skal meta til þess verðs, sem þær eftir beztu vitund virðingarmanna hafa í kaupum og sölu, þó aldrei hærra en áætla má, að raunverulegur byggingarkostnaður þeirra hafi verið, og skal virða þær með kvöðum þeim, er á þeim hvíla, hvort heldur eru skattar eða afgjöld. Í virðingargerðunum skal eignum ítarlega og greinilega lýst. Sé það jarðeign, skal tilgreina dýrleika hennar, hve mörg kúgildi henni fylgi, upphæð afgjaldsins, hlunnindi hennar og kvaðir þær, er á henni kunna að hvíla. Enn fremur skal taka fram allt það, er lýtur að ásigkomulagi jarðarinnar í heild sinni og ræktunarástandi hennar, hvernig viðhaldi bygginga á jörðinni sé varið, og önnur sérstök atvik, er hljóta að hafa áhrif á verðmæti jarðarinnar, svo sem, hvort hún liggur undir skemmdum af vatnagangi, sjávargangi, skriðum, sandfoki o. fl. Þegar virtar eru húseignir, skal nákvæmlega lýsa hverri einstakri byggingu, tilgreina stærð hennar, hve mörg herbergi í henni eru, telja til allt múr- og naglfast, er henni fylgir, svo sem: ofna, járneldstór o. fl., efni það, er byggingarnar eru byggðar úr og að svo miklu leyti, sem unnt er, gæði þess og enn fremur aldur

bygginganna og viðhald. Að lokum skal í virðingargerðinni tekið fram, hve stór sú lóð sé, er húseigninni fylgir og hvernig ásigkomulag hennar sé. Hafi eignin gengið kaupum og sölum, skal kaupverðs hennar getið. Lántakandi skal að minnsta kosti á 5 ára fresti, meðan lánið stendur, sýna skírteini, sem bankastjórnin tekur gilt, fyrir því, að veðið hafi ekki rýrnað í verði, svo að veðdeildarflokkunum geti verið nein hætta búin. Láti lántakandi farast fyrir að senda veðdeildinni þetta skírteini, má hún láta skoðunargerð af innanhéraðsmönnum fara fram á kostnað lántakanda.

8. gr.

Lántakendur skulu, auk þess að bera ábyrgð á sínum eigin skuldum, ábyrgjast sameiginlega (in solidum) skuldbindingar veðdeildarflokksins, þó eigi meira en 10% af því, sem lán þeirra voru á síðasta gjalddaga, áður en taka þurfti til ábyrgðarinnar, en til hennar má taka, hvenær sem varasjóður flokksins nægir ekki til að standast áfallið tap. Áður en gripið er til ríkissjóðsábyrgðarinnar, skal jafna niður á alla lántakendur veðdeildarflokksins aukagjaldi til varasjóðs, svo sem þörf er á, allt að 10% til að bæta skaðann. Niðurjöfnun á aukagjaldi þessu skal vera í hlutfalli við upphæð lánanna. Eftir ákvörðun stjórnar Landsbankans má skipta greiðslu þessari niður á fleiri en eitt ár. — Verði þörf á að grípa til ábyrgðarinnar til að fullnægja skuldbindingum veðdeildarflokksins, skal endurborga það án vaxta, þegar hagur flokksins leyfir það.

9. gr.

Eigi má lána nema gegn 1. veðrétti. Minnsta lán, sem veðdeildarflokkurinn veitir, skal vera tíu þús. krónur og skulu lánin jafnan standa á hálfum og heilum tug þúsunda. Lánstíminn má vera allt að 40 árum, sé veðið jarðeign, vandað steinsteypuhús, og allt að 30 árum, sé veðið vandað timburhús.

10. gr.

Lán þau sem veðdeildarflokkurinn veitir, má hann greiða í bankavaxtabréfum sínum eftir nafnverði þeirra, enda sanni lántaki að fyrir liggi loforð banka eða sparisjóðs um kaup á bréfunum. Semja má um sölu bankavaxtabréfa flokksins fyrirfram í einu eða fleiru lagi, enda samþykki fjármálaráðherra söluverðið.

11. gr.

Til þess að menn geti fengið lán úr veðdeildarflokknum verða þeir að fullnægja þeim skilmálum, er nú skal greina:

a. Útvega virðingargerð samkvæmt því, sem segir í 7. gr.
b. Útvega vottorð hlutaðeigandi embættismanns samkvæmt afsals- og veðmálabókum um, hvort nokkur veðskuld eða önnur eignabönd hvíla á eigninni og hver þau séu, svo það sjáist, að þau séu eigi því til fyrirstöðu, að eignin geti orðið veðsett veðdeildinni með 1. veðrétti.
c. Útvega vottorð hlutaðeigandi embættismanns samkvæmt embættisbókum hans um, að hlutaðeigandi hafi þinglesna eignarheimild fyrir eigninni, eða sé það eigi unnt, þá vottorð hans um, að eignin sé vitanleg eign hans.

12. gr.

Hver lántakandi skal greiða 1% af lánsfjárhæðinni í varasjóð flokksins, um leið og hann tekur lánið. — Verði eigendaskipti að fasteign, sem veðsett er veðdeildinni skal kaupandi, þegar um leið og kaupin gerast, tilkynna veðdeildinni eigendaskiptin og skal hann sanna eignarrétt sinn með veðbókarvottorði eða þinglýstu afsali. Slík lánsyfirtaka er ekki stimpilskyld.

13. gr.

Lánum þeim, sem veðdeildin veitir, má hún ekki segja upp meðan lánþegi gegnir að öllu leyti skyldum þeim, sem hann hefur undirgengizt. — Bankastjórninni er heimilt að telja eftirstöðvar láns komnar í gjalddaga undir eins, án uppsagnar, ef eigi er fullnægt einhverju atriði lánsskilmálanna, svo sem:

a. Ef ákvæðisgjöld verða eigi greidd á réttum gjalddaga.
b. Ef veðið gengur svo úr sér, að það er eigi lengur svo tryggjandi sem vera skal.
c. Ef skuldunautur heldur ekki við vátryggðum húseignum, sem að veði eru og talin eru með í matinu.
d. Ef á veðið falla eftirstöðvar af sköttum eða afgjöldum, er ganga fyrir kröfum veðdeildarinnar.
e. Ef nýr kaupandi vanrækir að taka að sér lán veðdeildarinnar.

14. gr.

Skuldunautar veðdeildarinnar skulu 1. til 14. okt. ár hvert greiða vexti, afborganir og tillög til rekstrarkostnaðar við flokkinn og til varasjóðs í einu lagi með föstu árgjaldi. Árlegt tillag til að greiða rekstrarkostnað flokksins og til varasjóðs er ½% á ári af eftirstöðvum lánsins, eins og þær voru fyrir hvern gjalddaga. — Lántakendur mega á gjalddaga lánanna, án undangenginnar uppsagnar, greiða aukaafborganir af lánum sínum, þó svo, að ávallt standi á 100 krónum, eða endurgreiða lánin að fullu. Endurgreiðslur þessar mega þeir greiða með bankavaxtabréfum hlutaðeigandi flokka með nafnverði þeirra. Á öðrum tíma árs má greiða lán að fullu, ef bankastjórnin samþykkir, þó því aðeins, að það sé veðdeildarflokknum að skaðlausu.

15. gr.

Sérhver skuldunautur, sem eigi hefur greitt árleg gjöld sín á réttum gjalddaga, skal greiða dráttarvexti af afborgunum og vöxtum, sem reiknast 1% á mánuði eða brot úr mánuði af gjaldfallinni greiðslu, hafi greiðsla dregizt lengur en 15 daga frá gjalddaga. Þó skulu dráttarvextirnir aldrei vera hærri en Seðlabankinn ákveður þá hæsta fyrir sambærilegar skuldir.

16. gr.

Afborgunum þeim og endurborgunum, er greiddar eru í peningum á hverjum gjalddaga, skal varið til að innleysa bankavaxtabréf þau, er veðdeildarflokkurinn hefur gefið út, eftir hlutkesti, sem notarius publicus hefur umsjón með og fram fer í viðurvist tveggja manna; annan kveður ráðherra til þess, hinn bankastjórnin. Þá er hlutkesti hefur farið fram, skal auglýsa með 9 mánaða fyrirvara tölurnar á bankavaxtabréfum þeim, er upp hafa komið til innlausnar, og á hverjum gjalddaga þau verði útborguð. Sérhverja auglýsingu skal birta þrisvar í Lögbirtingablaðinu. Bankinn má og á þann hátt og með þeim fyrirvara, er áður segir, innleysa bankavaxtabréf í stærri stíl.

17. gr.

Eigendur bankavaxtabréfa þeirra, er innleysa skal, geta gegn því að afhenda þau með vaxtamiðum, er þeim fylgja, fengið greiddan höfuðstól þeirra á ákveðnum gjalddaga, og er eigi skylt að greiða vexti af höfuðstólnum upp frá því. Sama rétt hafa handhafar bréfanna, þótt eigi séu eigendur.

18. gr.

Höfuðstóll og vaxtafé, sem komið er í gjalddaga til útborgunar, rennur í varasjóð hlutaðeigandi veðdeildarflokks, sé þess eigi vitjað innan 20 ára frá gjalddaga. Leggja skal í varasjóð tekjuafgang þann, sem kann að verða samkvæmt árlegum reikningsskilum veðdeildarflokksins.

19. gr.

Nú glatast bankavaxtabréf, sem nafnskráð er í bókum veðdeildarinnar, og getur þá bankastjórnin innkallað handhafa bréfsins með 12 mánaða fyrirvara, með auglýsingu, er birt sé þrisvar sinnum samfleytt í blaði því á Íslandi, er flytur opinberar auglýsingar. Ef enginn gefur sig fram með bréfið í tæka tíð, getur bankastjórnin útgefið handa hinum skráða eiganda þess nýtt bankavaxtabréf með sömu fjárhæð og það, sem glataðist, án þess að nokkur annar, er bankavaxtabréfið kann að hafa verið afsalað, geti þar fyrir búið kröfu á hendur veðdeildinni. Um ógildingu annarra bankavaxtabréfa fer eftir almennum lögum.

20. gr.

Bankavaxtabréf þau, er innleyst hafa verið samkvæmt útdrætti eða sem aukaafborganir af lánum, skal jafnóðum ógilda ásamt vaxtamiðum þeirra og stofnum og leggja þau til geymslu í fjárhirzlu veðdeildarinnar og skal síðan við lok næsta reikningsárs eyðileggja þau í viðurvist endurskoðenda bankans, ásamt vaxtamiðum þeim, er innleystir hafa verið á árinu.

21. gr.

Vaxtamiðar og bankavaxtabréf, sem gjaldfallin eru, greiðast í skrifstofu veðdeildarinnar í Reykjavík.

22. gr.

Þegar lán er komið í gjalddaga (sbr. 13. gr.), hefur veðdeildin heimild til að láta selja veðið við opinbert uppboð, án undanfarandi dóms, sáttar eða fjárnáms, samkvæmt ákvæðum 39. gr. laga nr. 95 frá 1947, um lögræði og lögum um nauðungaruppboð, nr. 57 frá 1949, eða láta leggja það veðdeildinni út til eignar, ef þörf er á. Veðdeildin hefur ábyrgð á því, að skuldin sé rétt og komin í gjalddaga, og skuldunaut er frjálst að höfða mál til endurgjalds á öllu því, er hann hefur skaðazt á uppboðinu og öllum málskostnaði að skaðlausu. Veðdeildin getur löglega samið svo um við skuldunauta sína, að uppboð á veðsettum fasteignum megi fara fram í skrifstofu uppboðshaldara.

23. gr.

Fé ómyndugra manna og opinberra stofnana og sjóða má verja til kaupa á bankavaxtabréfum veðdeildarflokksins, en þó eigi á hærra verði en skráðu gangverði þeirra hjá Landsbanka Íslands.

24. gr.

Þá er lokið er skuldbindingum veðdeildarflokksins, rennur varasjóður hans til næsta flokks og svo áfram. Þegar lokið er skuldbindingum síðasta flokksins samkvæmt lögum nr. 73/1965 rennur varasjóðurinn til þess eða þeirra veðdeildarflokka eða veðlánastofnana, sem stofnsettar verða til að halda áfram veðlánastarfseminni. Verði slíkum nýjum flokkum eða veðlánastofnunum fengin aðgreind starfssvið, skiptist varasjóðurinn milli þeirra, svo að hvert starfssvið njóti réttrar ítölu þeirrar, er varasjóðnum hefur þaðan aflazt.

25. gr.

Veðdeildinni skal stjórnað af stjórn Landsbankans og reikningar hennar endurskoðaðir af endurskoðendum bankans.

26. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 73/1965 og lögum nr. 32 7. apríl 1971 um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa, tekur þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytið, 12. janúar 1973.

Lúðvík Jósepsson.

Gylfi Knudsen.

AUGLÝSING

um afgreiðslutíma Stykkishólms Apóteks.

Samkvæmt heimildum í reglugerð um afgreiðslutíma lyfjabúða utan Reykjavíkur nr. 305/1972 skal afgreiðslutími Stykkishólms Apóteks vera sem hér segir:

Mánudaga	kl. 10—12 og 13—18
Þriðjudaga—fimmtudaga	kl. 9—12 og 13—18
Föstudaga	kl. 9—12 og 13—19

Að öðru leyti skal gætt ákvæðis 6. gr. fyrrnefndrar reglugerðar.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 19. janúar 1973.

F. h. r.
Páll Sigurðsson.

Almar Grímsson.

Nr. 31. 19. janúar 1973.

AUGLÝSING

um afgreiðslutíma Nes Apóteks, Neskaupstað.

Samkvæmt heimildum í reglugerð um afgreiðslutíma lyfjabúða utan Reykjavíkur nr. 305/1972 skal afgreiðslutími Nes Apóteks vera sem hér segir:

Mánudaga—fimmtudaga	kl. 9—12 og 13—18
Föstudaga	kl. 9—12 og 13—18.45

Að öðru leyti skal gætt ákvæðis 6. gr. fyrrnefndrar reglugerðar.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 19. janúar 1973.

F. h. r.
Páll Sigurðsson.

Almar Grímsson.

Nr. 32. 22. janúar 1973.

AUGLÝSING

um friðland í Hvannalindum.

Samkvæmt heimild í 24. grein laga nr. 47/1971, um náttúruvernd, hefur Náttúruverndarráð hinn 30. október 1972 ákveðið fyrir sitt leyti að friðlýsa Hvannalindir á Brúaröræfum í Norður-Múlasýslu, ásamt næsta umhverfi og er svæðið friðland. Má þar hvorki skerða gróður, skaða dýralíf, né gera þar jarðrask.

Mörk hins friðlýsta svæðis eru þessi:

Að austan Kreppa. Að vestan lína frá Lindaárósi í kamb, sem ber hæst í hraunjarðinum vestan Lindaár, þaðan lína suðvestur í Kverkhnjúk, sem er 893 m. á hæð yfir sjó (samkvæmt korti Herforingjaráðs frá árinu 1954), þaðan lína austur um hnjúk, 776 m. á hæð yfir sjó, rétt sunnan tjarnanna í Lindahrauni vestur í Kreppu.


Rifnihnjúkur
780
Lindaárós
Lindá
Kreppa
Kreppulón
HVANNALINDIR
Lindakeilir
Rústir
Kreppuhryggur
820
Grágæsa-
hnjúkur
Kverk-
hnjúkaskarð
Kverká
893
Z76
Kreppa
Brúar-
jökull

Um umferð á svæðinu gilda eftirfarandi takmarkanir:

1. Allur akstur utan merktra slóða er bannaður.
2. Fólk er hvatt til að ganga ekki á grónu landi utan merktra göngustíga.
3. Ekki má fara með hesta utan merktra akveka á svæðinu og stranglega er bannað að beita þeim innan þess.
4. Aðeins má tjalda á merktum tjaldstæðum.
5. Við friðlýstum rústum má enginn hrófla og ekki ganga innan þeirra.
6. Notkun skotvopna á svæðinu er bönnuð.
7. Vegna friðunar gróðurs í Hvannalindum er skylt að loka hliði við Kreppubrú.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer að Náttúruverndarlögum.

Uppdráttur af mörkum friðlandsins fylgir.

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni og birtist hún hér með skírskotun til 26., 32. og 33. gr. laga nr. 47/1971, um náttúruvernd, og tekur friðlýsingin gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

Í menntamálaráðuneytinu, 22. janúar 1973.

Magnús T. Ólafsson.

Birgir Thorlacius.

Nr. 33. 23. janúar 1973.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Ottós B. Arnar, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 23. janúar 1973.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

Minningarsjóðs Ottó B. Arnar.

1. gr.

Sjóðurinn nefnist „Minningarsjóður Ottós B. Arnar" og er stofnaður með gjöfum frá nemendum hans, loftskeytamönnum, samstarfsmönnum og vinum.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að verðlauna þá nemendur í Loftskeytaskóla Íslands, sem skara fram úr í stundvísi, ástundun og þekkingu í fræðigreininni.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 100 000.00 — eitt hundrað þúsund. —. Sjóðurinn tekur áfram við gjöfum, sem honum kunna að berast.

Eignir sjóðsins skal ávaxta á eins tryggan hátt og unnt er, í vísitölutryggðum skuldabréfum ríkissjóðs meðan hægt er, en síðar í sparisjóðsdeildum ríkisbankanna eða fasteignatryggðum skuldabréfum. Höfuðstól sjóðsins, eins og hann nú er eða síðar kann að verða vegna gjafa eða vaxtaviðbóta, má ekki skerða.

Til verðlaunaveitinga skv. 2. gr. má árlega nota 7/8 af vaxtatekjum sjóðsins, en 1/8 hluta þeirra skal leggja fram til aukningar höfuðstóls hans.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrír menn:
1. Skólastjóri Loftskeytaskólans, og er hann formaður sjóðstjórnarinnar.
2. Einn niðji Ottós B. Arnar, tilnefndur af þeim.
3. Maður kosinn af Félagi íslenzkra loftskeytamanna.

Ef ágreiningur verður um úthlutun verðlauna, ræður meirihlutinn.

5. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og jafnframt fara fram á það við skattayfirvöld, að gjafir til sjóðsins verði frádráttarbærar frá skatti.

25. janúar 1973. Nr. 34.

SAMÞYKKT

fyrir Veiðifélagið Hæng.

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélagið Hængur. Heimili þess og varnarþing er Hörgslandshreppur í Skaftafellssýslu.

2. gr.

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að vatnasvæði Hvalsíkis og Nýjaóss, en þær eru Núpsstaður, Rauðaberg, Kálfafell I og II, Blómsturvellir, Maríubakkar, Hvoll, Núpar, Seljaland, Dalshöfði, Teygingalækur, Slétta, Hrani og Orrustustaðir.

3. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu, og að ráðstafa veiði eftir því, sem aðalfundur ákveður. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.

4. gr.

Stjórn félagsins skipa þrír menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig, að formaður gengur úr stjórninni eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár, og hinn eftir þrjú ár, og helzt svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorazt undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið, og hinir hitt árið.

5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

6. gr.

Aðalfund skal halda í febrúarmánuði ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.

7. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.

8. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiða gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

9. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970 um lax og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 25. janúar 1973.

Halldór E. Sigurðsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

Nr. 35. 29. janúar 1973.

SAMÞYKKT

um sorphreinsun í Patrekshreppi.

1. gr.

Patrekshreppur sér um sorphreinsun frá öllum fasteignum á skipulögðu svæði kauptúnsins. Fer hún fram undir yfirstjórn sveitarstjóra og með umsjón heilbrigðisnefndar kauptúnsins.

2. gr.

Daglegt sorp frá íbúðarhúsum, veitingastöðum, verzlunum o. s. frv. innan kauptúnsins skal sett í sérstaka poka, sem sveitarfélagið afhendir.

Pokunum skal komið fyrir í sérstakri grind, sem smíðuð er fyrir pokana. Skal grindin vera fristandandi, hún fest á húsvegg eða henni komið fyrir í sorptunnu. Grindinni skal komið svo fyrir að sorppokinn hangi 2—5 cm. yfir jörð, gólfi eða tunnubotni. Lok skal vera yfir grindinni.

Húseigendur skulu bera allan kostnað af pokagrindum og sjá um að auðvelt sé að komast að þeim. Fyllsta hreinlætis skal gætt í umhverfi sorppoka.

Sorphreinsun skal framkvæmd minnst 40 sinnum á ári eftir aðstæðum og skal fjöldi sorpgrinda miðaður við að pokarnir yfirfyllist ekki milli tveggja tæminga.

Við hvert hús skal vera a. m. k. ein grind fyrir hvert heimili ásamt aukagrindum eftir því sem nauðsyn er. Hugsanleg vafatriði varðandi fjölda grinda (sorppoka) úrskurðar heilbrigðisfulltrúi.

Við stórhátíðar eða ef útlit er fyrir stöðvun á sorphreinsun af einhverjum ástæðum geta húseigendur fengið aukapoka í sorpgrindur eftir þörfum í áhaldahúsi hreppsins, en heimilt er sveitarstjórn að ákvarða sérstaka greiðslu fyrir slíkt.

3. gr.

Sorphreinsun fer fram á virkum dögum. Í sorppoka má setja venjulegt sorp frá heimilum, þó ekki meira en 25 kg í hvern poka. Ekki má setja glóð eða heita ösku í sorppoka. Blautt sorp, glerbrot, oddhvassa eða beitta hluti má aðeins setja innan í plast eða pappír í pokana.

Pokana má ekki offylla, svo að ekki sé hægt að loka þeim eða hafa lok yfir sorpgrindinni. Sorpið má ekki heldur hanga yfir pokaröndina eða vera dreift umhverfis sorppokana.

Mold, möl, grjót og svipað efni má ekki láta í pokana, en skal flutt á afmarkað skvæði skv. nánari fyrirmælum sveitarstjórnar.

Þangað er bannað að flytja pappír, plast eða eyðanlegt sorp. Bannað er að aðgreina og flytja burt úrgang frá slíku svæði.

Bílhræ og brotajárn skal flutt á afmarkað svæði skv. nánari fyrirmælum sveitarstjórnar.

Bannað er að urða olíuleifar eða önnur efni, sem mengað geta jarðveg í bæjarlandinu og einnig er bannað að kasta slíkum efnum í sjóinn.

Skal þeim brennt eða eytt á annan hátt eftir því sem kostur er á og skal slík eyðing fara fram undir eftirliti heilbrigðisnefndar og starfsmanna hreppsins.

4. gr.

Fyrirferðarmiklum en brennanlegum úrgangi, svo sem umbúðum og því um líku, skulu forsvarsmenn heimila og atvinnurekstra koma á sorphreinsunarbíl þegar hreinsun fer fram eða í sorphaugastað skv. nánari fyrirmælum sveitarstjórnar.

5. gr.

Kostnaður við almenna sorphreinsun og sorpeyðingu greiðist úr sveitarsjóði. Sveitarstjórn er þó heimilt að innheimta með fasteignagjöldum hvers árs, áætlað kostnaðarverð þeirra sorppoka, sem viðkomandi fasteign eyðir á árinu.

6. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum allt að kr. 100 000.00 nema þyngri refsing liggi við að lögum. Um brot á reglugerðinni skal farið með sem opinbert mál.

7. gr.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Patrekshrepps, staðfestist hér sem samkvæmt lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 29. janúar 1973.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Sveinn Jónsson.

7. marz 1973. Nr. 36.

AUGLÝSING

um breyting á tollskrárnúmeri 21.05.

Samkvæmt ákvæðum bókunar nr. 2 við samning Íslands og Efnahagsbandalags Evrópu og ákvæði Viðauka D við EFTA-samninginn, falla jafnblönduð, samsett matvæli, sem innihalda kjöt eða kjötúrgang, eigi undir ákvæði þessara samninga um tollfríðindi. Þar eð jafnblönduð, samsett matvæli falla nú undir tnr. 21.05 samkvæmt breyting á lögum nr. 1/1970 um tollskrá o. fl., sem gekk í gildi 31. des.

1972, hefur með hliðsjón af ofangreindu og samkvæmt heimild (6. tl. 3. gr. sömu laga reynzt nauðsynlegt að breyta tnr. 21.05 á svofelldan hátt:

	Tollskrár-tollur	EFTA-tollur
Tnr. 21.05.02 verði svohljóðandi:		
21.05.02 Jafnblönduð, samsett matvæli, sem innihalda kjöt eða kjötúrgang	100%	—
Inn komi nýtt tnr. 21.05.03, er verði svohljóðandi:		
21.05.03 Önnur jafnblönduð, samsett matvæli	100%	70%*)
Inn kom nýtt tnr. 21.05.09, er verði svohljóðandi:		
21.05.09 Annað	100%	70%

Breyting þessi tekur gildi frá og með 1. apríl 1973 og birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*) EFTA-tollur gildir þó ekki fyrir vörur í þessu tollskrárnúmeri, sem fluttar eru inn frá Efnahagsbandalagi Evrópu í upphaflegri mynd þess og frá Írlandi.

Fjármálaráðuneytið, 7. marz 1973.

F. h. r.

Jón Sigurðsson.

Þorsteinn Ólafsson.

Nr. 37. 2. febrúar 1973.

REGLUGERÐ

um innköllun 25 krónu peningaseðla.

1. gr.

Að tillögu Seðlabanka Íslands hefur ráðuneytið ákveðið að innkalla skuli eftirgreinda peningaseðla:

a. 25 krónu seðil Landsbanka Íslands, seðlabankans, sem gefinn var út samkvæmt heimild í lögum nr. 63 frá 21. júní 1957, og settur í umferð hinn 7. maí 1960.
b. 25 krónu seðil Seðlabanka Íslands, sem gefinn var út samkvæmt heimild í lögum nr. 10 frá 29. marz 1961, og settur í umferð á árinu 1965.

2. gr.

Frestur til að afhenda seðlana skal vera 12 mánuðir frá birtingu auglýsingar um innköllunina. Á innköllunarfrestinum skulu allir bankar og sparisjóðir skyldugir að taka við þeim peningaseðlum, sem greindir eru í 1. gr., og láta í staðinn peninga, sem ekki á að innkalla. Á innköllunarfrestinum eru peningaseðlar þeir, sem greindir eru í 1. gr., lögmætur gjaldmiðill í lögskiptum manna, en hætta að vera lögmætur gjaldmiðill að frestinum liðnum. Seðlabanka Íslands er þó skylt að innleysa peningaseðlana, sem greindir eru í 1. gr., í ekki skemmri tíma en 12 mánuði eftir lok 12 mánaða frestsins, sem greindur er í 1. málslið þessarar greinar.

3. gr.

Seðlabanki Íslands skal annast framkvæmd innköllunar þessarar m. a. með því að gefa út auglýsingu um hana.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 22 frá 23. apríl 1968 og öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytið, 2. febrúar 1973.

Lúðvík Jósepsson.

Gylfi Knudsen.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á loðnuafurðum fyrir framleiðslutímabilið 1. janúar til 15. maí 1973.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirgreindan verðgrundvöll á loðnuafurðum fyrir framleiðslutímabilið 1. janúar til 15. maí 1973:

Loðnumjöl £ 1.68 á próteineiningu í lest.
Loðnulýsi £ 85.00 fyrir hverja lest.

Verðið miðast við Cif.

Verðbil verði ekkert fyrir loðnumjöl, en 5% fyrir loðnulýsi.

Greiðslur í eða úr sjóðnum miðist við 38% af verðbreytingu frá grundvallarverði á loðnumjöli en 40% á loðnulýsi að viðbættu eða frádregnu verðbili fyrir loðnulýsi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 6. febrúar 1973.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Gylfi Þórðarson.

9. febrúar 1973. Nr. 39.

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Ísafjarðarkaupstað.

I KAFLI
TAKMÖRK HAFNARINNAR

1. gr.

Ísafjarðarhöfn takmarkast af línu er hugsast dregin frá Arnarnestá í Skarfasker. Innan nefndrar línu takmarkast hún af landinu á alla vegu.

II KAFLI
STJÓRN HAFNARINNAR

2. gr.

Bæjarstjórn Ísafjarðar hefur á hendi stjórn hafnarmálefna, undir yfirumsjón Hafnarmálastofnunar ríkisins og ráðuneytis þess sem fer með stjórn hafnamála. Bæjarstjórn kýs fimm manna hafnarstjórn og jafn marga til vara samkvæmt ákvæðum samþykktar um stjórn bæjarmálefna Ísafjarðarkaupstaðar. Auk hinna kjörnu fulltrúa skal hafnarvörður sitja fundi hafnarstjórnar með málfrelsi og tillögurétti.

Hafnarstjórn hefur á hendi framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni, sér um viðhald og umbætur á höfninni, stýrir öllum framkvæmdum, sem þar að lúta, og annast fjárhald hafnarinnar og reikningsskil fyrir hönd bæjarstjórnar.

3. gr.

Bæjarstjóri er hafnarstjóri, nema öðruvísi sé ákveðið af bæjarstjórn.

Bæjarstjórn getur ráðið hafnarstjóra, samanber hafnalög nr. 48/67 IV. kafla 11. gr., ef hún telur þess þörf.

4. gr.

Hafnarstjóri hefur fyrir hönd stjórnar yfirumsjón með viðhaldi og umbótum á höfninni, og stýrir öllum framkvæmdum er þar að lúta, og stjórnar fjárhaldi og daglegum rekstri hafnarinnar. Í hans umboði annast hafnarvörður daglegar framkvæmdir og eftirlit.

5. gr.

Bæjarstjórnin skipar fasta starfsmenn eftir tillögu hafnarstjórnar og setur þeim erindisbréf, en hafnarstjórn getur sagt þeim upp eða vikið þeim frá, án þess að til þurfi að koma samþykki bæjarstjórnar.

III KAFLI
UM ALMENNAR REGLUR

6. gr.

Hafnarvörður sér um að gætt sé reglu á höfninni og landi hennar. Er öllum skylt að hlýða fyrirmælum hans enn fremur þeirra starfsmanna annarra, er hafnarstjórn setur til þess að gæta reglu. Þykir einhverjum sér óréttur gerður af starfsmönnum hafnarinnar, getur hann kært það fyrir hafnarstjóra, en skipun starfsmannsins ber að hlýða þegar í stað.

Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar lipurðar og kurteisi í starfi sínu.

7. gr.

Þeim, sem ekkert lögmætt erindi eiga, er bannað að dvelja á landi hafnarinnar, ef þeir með því tálma fermingu eða affermingu skipa eða hindra önnur störf sem þar eru unnin.

Einnig má banna ónauðsynlegan akstur hvers konar ökutækja um bryggjur, hafnarbakka og hafnarsvæði.

8. gr.

Skylt er að gæta allrar varúðar í meðferð elds og ljósa í skipum í höfninni, svo og á hafnarsvæðinu, og fara eftir þeim reglugerðum um brunavarnir og brunamál, er í gildi eru í kaupstaðnum hverju sinni.

Í skipum sem flytja eldfim efni, má ekki kveikja eld eða ljós nema fyllstu varúðar sé gætt. Tóbaksreykingar eru bannaðar á því svæði sem unnið er að affermingu eða fermingu eldfimra efna.

Bannað er að sjóða tjöru, bik, fernisolíu eða annað slíkt, sem eldhætta getur stafað af, í skipum á höfninni, svo og á landi hafnarinnar, nema með leyfi hafnarvarðar.

9. gr.

Notkun skotvopna er bönnuð án leyfis innan takmarka hafnarinnar. Þá er skipum bannað að blása í flautur eða lúðra á innri höfninni frá kl. 24.00 að kveldi til kl. 07.00 að morgni, nema umferð gefi tilefni til.

10. gr.

Öllum skipum, farartækjum, svo og verksmiðjum, er stranglega bannað að dæla eða láta renna í höfnina olíu, lýsi eða annað slíkt og ber að hlíta í öllu reglugerð um varnir gegn óhreinkun sjávar af völdum olíu, reglugerð sem sett er samkvæmt 3. gr. laga nr. 77/1966.

Í höfnina má ekki kasta kjölfestu, ösku, kolum, matarleifum, fiskúrgangi, vírum, tógum, vöruleifum, vöruumbúðum eða öðru þess háttar. Skal það flutt þangað sem hafnarvörður vísar til.

11. gr.

Geymsla á tómum benzíntunnum eða ílátum undan eldfimum efnum, svo og öðru sem sprengi- eða eldhætta stafar af, er bönnuð á bryggjum, hafnarbökkum eða á hafnarsvæðinu.

12. gr.

Bannaður er hvers konar hvalskurður í og við höfnina. Eigi má draga, reka eða flytja á annan hátt inn í höfnina hvaltegundir, eða neitt það sem getur valdið óþrifnaði, umferðartruflun eða óþægindum í höfninni, nema leyfi hafnarstjórnar komi til þess hverju sinni.

IV KAFLI
UM HAFNSÖGU, LEGU SKIPA Á HÖFNINNI OG AFGREIÐSLU ÞEIRRA

13. gr.

Skip telst í reglugerð þessari hvert fljótandi far.

Ef skip, sem ekki hefur hafnsögumann um borð, kemur í höfnina, skal skipstjóri eða umboðsmaður skipsins tafarlaust snúa sér til hafnarvarðar sem segir til um hvar skipið megi liggja. Ekkert íslenzkt skip, sem er stærra en 400 brúttórúmlestir og ekkert erlent skip má fara inn í höfnina eða út úr henni án hafnsögumanns.

Hafnarstjórn getur veitt undanþágu frá ákvæðum þessum.

Undanþegin eru öll fiskiskip er heima eiga á Ísafirði eða stunda þaðan veiðar, svo og bátur sá sem heldur uppi ferðum um Ísafjarðardjúp með styrk úr ríkissjóði.

14. gr.

Hafnsögumanni er heimilt að banna allar samgöngur við skip, áður en hann hefur lokið starfi sínu um borð. Ef sjúkdómur er í skipi, eða ef ástæða þykir til að ætla að sótthætta geti stafað af því ber hafnsögumanni að sjá um, að fylgt sé reglum þeim, sem settar eru í lögum um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands.

15. gr.

Hvert skip, sem ætlar til Ísafjarðar og ber að nota hafnsögumann, skal gera boð um það til hafnsögumanns, með hæfilegum fyrirvara, og skal hafnsögumanni skylt að fara til móts við skipið allt að yztu mörkum hafnarinnar, á þeim tíma sem óskað hefði verið. Hafnsögumaður vísar skipinu til hafnar og má eigi yfirgefa það án samþykkis skipstjóra, fyrr en skipið er lagzt við hafnarbakka.

Einnig er hafnsögumanni skylt að leiðbeina skipum á legu á hafnarlegu, ef skipstjóri óskar eftir því. En hafa verður hafnsögumaður samráð við hafnarvörð um hvar skipinu skal leggja.

Meðan hafnsögumaður dvelur um borð ber skipinu að sjá honum fyrir fæði.

16. gr.

Skip skulu að öðru jöfnu, nema hafnarverði þyki ástæða til vegna þrengsla í höfninni, fá afnot af hafnar og bryggjurými í þeirri röð, sem þau koma til hafnar.

Þó skulu póst- og farþegaskip og skip, sem taka neyðarhöfn, undanþegin þessu ákvæði.

Verði ágreiningur um rétt á hafnar- eða bryggjurými sker hafnarvörður úr.

17. gr.

Eigi mega skip liggja á öðrum stöðum við hafnarbakka eða bryggju en þeim, sem hafnarvörður eða starfsmenn hafnarinnar hafa ákveðið. Heimilt er hafnarverði að flokka skip í legurúm við hafnarbakka, bryggjur eða bátakvíum, og er öllum viðkomandi skylt að hlýða fyrirmælum hans.

Skylt skal hverju skipi, að nota traustar og öruggar festartaugar, liggi skip í hliðarröðum út frá hafnarbökkum eða bryggjum, skal það setja traustar festar upp í hafnarbakka eða bryggju. Þyki hafnarverði ekki nægjanleg vel fest, eða festartaugar ótryggar, getur hann krafizt úrbóta hlutaðeigandi tafarlaust.

18. gr.

Þegar búið er að leggja skipi við festar, má ekki flytja það þaðan aftur án leyfis hafnarvarðar, en skyldur er skipstjóri að flytja skipið, ef hafnarvörður skipar svo fyrir. Færist hlutaðeigandi undan að færa skipið, eða dragist flutningur þess fram yfir þann tíma, er hafnarvörður hefur tiltekið og fyrirskipað, er hafnarverði heimilt að láta flytja skipið á kostnað og ábyrgð hlutaðeiganda.

19. gr.

Ef nauðsyn ber til að skipum, sem fermd eru eða affermd við bryggju eða hafnarbakka, sé lagt hverju sinni við hliðina á öðru, er heimilt að flytja farm þeirra skipa, er utar liggja, yfir þilför hinna á bjálkabrú, eða á annan hátt.

Svo er og skipshöfn og farþegum skipa, er utar liggja, heimil nauðsynleg umferð um þilför skipa, er nær liggja.

20. gr.

Skip, sem ekki ferma eða afferma eða ekkert er verið að vinna við, mega aldrei liggja svo á höfninni, að tálmi affermingu eða fermingu annarra skipa og þau skulu jafnan skyld að hlýða boðum hafnsögumanns, hafnarvarðar og annarra starfsmanna hafnarinnar, hvar þau megi liggja eða leggjast.

Skipum, sem ekki er verið að ferma eða afferma og liggja að nauðsynjalausu í innri höfn, getur hafnarvörður skipað að fara út, sé þess þörf, til þess að önnur skip geti komizt að til afgreiðslu.

Skipum má ekki leggja svo, að þau hindri eða tefji umferð um höfnina. Ef skipstjóri eða eigandi tregðast við að hlýða boðum hafnsögumanns eða hafnarvarðar um að flytja skipið, festa taugar eða strengi, er heimilt að gera það á kostnað og ábyrgð skipseiganda.

Hafnarvörður getur fyrirskipað, að vörður sé um borð í skipum, ef honum finnst ástæða til.

21. gr.

Ekkert skip má liggja við dufl eða akkeri á innri höfninni, nema með sérstöku leyfi hafnarvarðar. Eigi má heldur teppa umferð með taugum, strengjum eða köðlum, nema hafnarvörður telji nauðsynlegt. Sérhvert skip, sem ekki er bundið við bryggju eða hafnarbakka, skal hafa uppi fyrirskipuð ljós eða dagmerki.

22. gr.

Skip, sem koma inn í innri höfnina, skulu hafa að minnsta kosti eitt akkeri tilbúið í festarauga, og eigi skipið að leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skal hliðarbátum, botnvörpuhlerum og þess háttar tækjum sveiflað inn fyrir borðstokkinn, brandar dregnir inn og rám snúið.

23. gr.

Eigi má festa skipum við hafnarbakka eða bryggjur, nema við festarstöpla eða festarhringi, að tilvísun hafnarvarðar. Festum skal þannig komið fyrir, að þær hindri

sem minnst umferð á bryggjum og hafnarbökkum, og varúðarmerkjum komið fyrir á festaraugum, sem á landi liggja. Skylt er að hafa hlífar milli skips og bryggju eða hafnarbakka, ef hafnarvörður krefst þess.

24. gr.

Skipum, sem liggja bundin við bryggju eða hafnarbakka, er bannað, nema með leyfi hafnarvarðar, að láta aflvélar með viðtengdum gangskrúfum ganga með svo miklu afli, að hafnarmannvirkjum stafi hætta af, eða valdi öðrum skipum óþægindum eða hættu.

25. gr.

Ef skip lendir á grynningum eða sekkur, þar sem það að áliti hafnarvarðar tálmar greiðari notkun hafnarinnar, skal færa það burt svo fljótt sem auðið er.

Verði dráttur á því, má hafnarvörður láta færa skipið burt á kostnað eiganda og er hafnarnefnd heimilt að láta selja skipið til lúkningar kostnaðinum, ef nauðsyn krefur.

26. gr.

Áður en kjölfesta er flutt í skip eða úr, skal hafnarverði gert viðvart. Ákveður hann hvar það skuli fram fara. Skal skipstjóri sjá um að kjölfesta sú, sem flutt hefur verið í land úr skipi hans, sé þegar í stað flutt burt af löndunarstaðnum, þangað sem hafnarvörður vísar til.

27. gr.

Þegar lokið er fermingu eða affermingu, skal farmeigandi eða skipseigandi ef þörf gerist, þrífa bryggju þá eða hafnarbakka, sem notað hefur verið. Farist það fyrir, skal hafnarvörður sjá um, að það sé gert, en farmeigandi eða skipseigandi greiði allan kostnað, sem af því leiðir.

28. gr.

Bannað er að leggja skipum í hafnarfjörur þannig, að það bagi vinnu við höfnina.

Enginn má, nema með sérstöku leyfi hafnarvarðar, láta skip standa yfir fjöru við hafnarbryggjur.

29. gr.

Bátahafnirnar á Ísafirði eru fyrst og fremst ætlaðar til afnota fyrir innanbæjarskip og báta, sem fiskveiðar stunda á Ísafirði og leggja þar upp afla sinn, eða eru í stöðugum flutningum milli Ísafjarðar og annarra hafna.

Þar næst fyrir innanbæjar skip og báta, sem fiskveiðar stunda og leita þar hafnar eða hafa þar viðdvöl, þótt þau leggi upp afla sinn annars staðar, um stundarsakir eða að staðaldri. Þar næst fyrir utanbæjarskip og báta, sem gerðir eru út frá Ísafirði og leggja þar upp afla sinn. Þar næst fyrir önnur skip eftir því sem rúm leyfir.

Verði meiri aðsókn fiskiskipa að notkun bátahafnanna en rúm leyfir að verði komið, fer um rétt skipa og báta til afnota af henni í þeirri röð, sem að framan greinir. Þó er öllum skipum og bátum heimilt að leita skjóls á bátahöfninni í óveðrum, eftir því sem rúm frekast leyfir.

30. gr.

Önnur afnot af bátahöfnunum en þau er fiskveiðar varða, svo sem ferming og afferming vara, viðlega vegna viðgerðar, geymsla skipa, sem eru í notkun um stundarsakir eða til langframa o. s. frv. eru því aðeins heimil að til komi leyfi hafnarvarðar hverju sinni. Öll slík leyfi gilda aðeins til bráðabirgða, eða þar til hafnarvörður ákveður annað.

31. gr.

Sérstakt leyfi hafnarnefndar þarf í hvert sinn til þess að leggja megi á höfninni skipum sem ætluð eru til geymslu eða lagt er í lægi til langframa.

V KAFLI
UM FERMINGU OG AFFERMINGU ELDFIMRA EFNA

32. gr.

Skip, sem flytja eldfim efna, svo sem steinolíu, benzín, terpentínu, aceton eða önnur slík efni, sprengiefni, svo sem púður, dynamit, geomit eða þess konar efni, mega ekki fara inn í innri höfn, nema þau hafi fengið til þess leyfi hafnarvarðar og slökkviliðsstjóra hafi verið tilkynnt um farminn. Um útskipun í skip á farmi, sem um getur í grein þessari, gilda sömu reglur og um affermingu.

33. gr.

Skylt er að hafa öryggisvörzlu við skip, sem ferma eða afferma vörur, sem um getur í 32. gr. Áliti hafnarvörður, að hætta geti stafað af fermingu eða affermingu eldfimrar vöru, er honum heimilt að stöðva verkið, unz gerðar hafa verið nauðsynlegar varúðarráðstafanir. Kostnað við öryggisvörzlu greiðir farmflytjandi eða farmeigandi.

Skip, sem flytja eða hafa meðferðis þau eldfimu efni, sem um getur í 32. gr., skulu að degi til hafa rautt flagg í framsiglu, en að nóttu rautt ljós.

VI KAFLI
UM GJÖLD TIL HAFNARINNAR

34. gr.

Öll skip skulu greiða hafnargjöld til hafnarsjóðs, er þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar.

Öll gjöld til hafnarinnar greiðast af brúttóstærð skipanna eins og hún er mest.

Undanþegin lestagjaldi og bryggjugjaldi eru herskip, skemmtiferðaskip, íslenzk vitaskip og varðskip.

35. gr.

Lestagjald.

a. Öll farmskip, önnur en strandferðaskip, og öll fiskiskip, stærri en eða jafnt og 400 brúttórúmlestir skulu greiða lestagjald, kr. 3.00 á brúttórúmlest.
b. Strandferðaskip greiða kr. 1.50 á brúttórúmlest.
c. Fiskiskip undir 400 brúttórúmlestum greiða kr. 3.00 á brúttórúmlest, þó ekki oftar en tvisvar í mánuði.
d. Heimabátar, minni en 10 brúttórúmlestir, greiða lesta- og bryggjugjald einu sinni á ári, kr. 200.00 af hverri brúttórúmlest. Lágmarksgjald skal vera kr. 1 000.00.

Gjalddagi er 1. apríl, eftir að skipið hefur verið gert út frá höfninni í 3 mánuði.

36. gr.

Bryggjugjöld.

Öll skip, sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skulu greiða kr. 1.50 á brúttórúmlest fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem skipið liggur bundið.

Fiskiskip, 10—399 brúttórúmlestir, greiði gjald þetta eigi oftar en 10 sinnum á mánuði, en bátar minni en 10 brúttórúmlestir, greiði ekkert bryggjugjald.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum, minni en 400 brúttórúmlestir, sem ársgjald í heimahöfn, kr. 162.00 af hverri brúttórúmlest.

37. gr.

Hafnsögugjald.

Öll erlend og innlend skip skulu skyld að greiða hafnsögugjald í hvert sinn, sem þau koma á innri höfnina, hvort sem þau nota hafnsögumann eða ekki. Innri höfnin er Pollurinn og Sundin að línu, er hugsast dregin þvert yfir Sundin úr Norðurtangarifi. Auk þess telst til innri hafnar Hnífdsdalsbryggja ásamt 150 m radíus um hana.

Fiskiskip, skrásett á Ísifirði, skulu greiða hafnsögugjald einu sinni á ári, er þau koma í fyrsta sinn til hafnar á árinu, nema því aðeins að þau njóti leiðsagnar hafnsögumanns. Hið sama skal gilda um öll önnur innlend fiskiskip undir 400 brúttórúmlestum.

38. gr.

Hafnsögugjald skal greiða sem hér segir:

a. Fyrir leiðsögn til og frá höfninni, kr. 1 000.00 fyrir hvert skip. Auk kr. 2.00 fyrir hverja brúttórúmlest nema strandferðaskip sem sigla eftir fastri áætlun. Þau greiði kr. 1.00 á brúttórúmlest.
b. Fyrir færslu skipa um höfnina kr. 1 000.00.

39. gr.

Vörugjöld.

1. fl.: Gjald kr. 70.00/tonn:

a. Vara flutt í lausu máli í miklu magni, meira en 100 tonn í farmi„ t. d. benzín, brennsluolíur, kol, korn, salt, vikur.
b. Þungavarningur, sekkjavörur, óönnið járn og stál til iðnaðar eða mannvirkjagerðar, hráefni til iðnaðar, útgerðarvörur, smurningsolíur, sjávarafurðir, landbúnaðarafurðir og iðnaðarvörur til útflutnings.

2. fl.: Gjald kr. 150.00/tonn:

Iðnaðar og byggingavörur, unnar og hálfunnar, pökkuð og niðursoðin matvæli, ávextir, vefnaðarvörur, fatnaður.

3. fl.: Gjald kr. 400.00/tonn:

a. Vélar og tæki hvers konar og varahlutir til þeirra, heimilisvélar og skrifstofuvélar, bifreiðar, bifhjól, reiðhjól, hjólbarðar, bátar, flugvélar, hreyflar, mælitæki, húsgögn. Útvarps- og sjónvarpstæki, hljóðfæri, úr, klukkur, myndavélar, sjónaukar, glysvarningur alls konar, vín, tóbak, ilmvötn, snyrtivörur.
   Af flutningi vinnutækja innanlands, skal veita allt að 50% afslátt.
b. Vörur, sem ekki verða flokkaðar annars staðar, eftir þyngd.

4. fl.: Gjald kr. 40.00/rúmmeter:

Timbur og annað eftir rúmmáli.

5. fl.: Gjald 1%.

Sjávarafli, lagður á land á hafnarsvæðinu, til vinnslu eða brottflutnings. Gjaldið reiknast af heildarverðmæti aflans. Kaupanda aflans ber að afhenda hafnarstjóra skýrslu um keyptan afla mánaðarlega, t. d. afrit af aflaskýrslu til Fiskifélags Íslands. Aflagjald fellur í gjalddaga um leið og afla er landað. Kaupandi aflans innheimtir gjaldið hjá seljanda og er ábyrgur fyrir því til hafnarsjóðs, þótt hann vanræki innheimtu þess. Standa ber skil á greiðslu aflagjalds eigi sjaldnar en mánaðarlega.

Lágmarksgjald í öllum flokkum er kr. 20.00.

40. gr.

Ef vörur samkvæmt farmskrá skips eiga að fara til annarra hafna en Ísafjarðar, og eru látnar á land um stundarsakir, skal aðeins greitt vörugjald, þegar vörurnar eru fluttar á land.

Af vörum, sem fluttar eru úr landi á skip, og fara eiga til annarra hafna innanlands greiðist hálft vörugjald. Sama gegnir um afla skipa, sem fluttur er milli skipa.

41. gr.

Undanþegnar vörugjaldi eru þessar vörur:

a. Vörur samkvæmt farmskrá skips, sem eiga að fara til annarra hafna á landinu, ef þær eru ekki settar í land.
b. Allar vistir og nauðsynjar til skipa til eigin notkunar.
c. Bréfapóstur, farþegaflutningur, vörur til hafnarinnar og fyrirtækja bæjarsjóðs, innlend nýmjólk og rjómi, sem flyzt til hafnarinnar.
d. Umbúðir, sem endursendar eru, enda sé þess getið á farmskránni.
e. Vörur, sem látnar eru í land um stundarsakir, vegna skemmda á skipi.

42. gr.

Vörugjald skal reikna eftir máli eða þyngd með umbúðum. Brot úr gjaldeiningu, sem nemur helmingi eða meira, telst heil eining, en minni brotum en hálfri einingu skal sleppt. Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikninga vörugjalds, og er skipstjóra skylt að láta hafnarskrifstofunni í té afrit af farmskrá skips síns. Sé engin farmskrá, skal skipstjóri gefa drengskaparvottorð um vörumagn, sem skip hans hefur fermt eða affermt. Þyki bæjarskrifstofunni ástæða til, getur hún hvenær sem er látið ákveða vörumagnið á þann hátt, sem hún telur hentugastan. Reynist vörumagnið meira en upp var gefið, greiðir skipið kostnaðinn.

Ef ýmsar vörutegundir eru í vörusendingunni og beri farmskrá ekki með sér greinilega sundurliðun í tegundir, skal reikna vörugjald eftir þeirri tegund, sem hæst gjald ber að greiða af.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því, sem vörugjaldskráin til tekur og greiða gjald eins og þar segir. Ef vafi leikur á í hvaða flokki skal telja vöru, skal hafnarstjóri úrskurða, en úrskurði hans má áfrýja til hafnarnefndar.

43. gr.

Ýmis gjöld til hafnarinnar.

Fyrir lóðir og lendur hafnarinnar, geymsluhús sem leigt er einstökum mönnum eða félögum, um lengri eða skemmri tíma, skal greiða leigugjald, sem ákveðið verður með samningum við hafnarnefnd.

Leiga eftir báta, áhöld og tæki hafnarinnar, svo og lán á landfestum og aðstoð veitt af starfsmönnum hafnarinnar greiðist eftir gjaldskrá sem hafnarnefnd setur. Fyrir vatn og rafmagn handa skipum skal greiða gjald, sem hafnarnefnd ákveður.

VII KAFLI

INNHEIMTA OG GREIÐSLA HAFNARGJALDA

44. gr.

Bæjargjaldkeri sér um og annast innheimtu allra hafnargjalda, og skal greiða gjöldin á skrifstofu hans.

Gjalddagar árgjalda eru 2. janúar og 2. júlí.

45. gr.

Skipstjóri og eigandi skips ber ábyrgð á greiðslu gjalda þeirra, sem greiða ber til hafnarinnar vegna skipsins.

Er skipstjóra skylt að afhenda hafnarverði eða hafnarstjóra þjóðernis- og skrásetningarskírteini skipsins, ef hafnarvörður krefst þess, og hefur hafnarsjóður haldsrétt á skipinu, unz gjöld eru greidd. Að svo miklu leyti, sem í reglugerð þessari eru ekki ákveðnir fastir gjalddagar á gjöldum, skal greiða þau áður en skip fer burt úr höfninni, og enginn skipstjóri getur fengið afgreiðslu fyrir skip sitt hjá bæjarfógeta, nema hann sanni með vottorði frá bæjarskrifstofunni, að hann hafi greitt öll gjöld sín til hafnarinnar.

46. gr.

Vörugjöld samkvæmt 39. gr. greiðir móttakandi af vörum, sem koma til hafnarinnar, en sendandi af vörum, sem fluttar eru úr höfninni. Ef margir eiga vörur með sama skipi, skal afgreiðslumaður skipsins standa hafnarsjóði skil á greiðslunni. Ef skip hefur ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins. Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað, greiðir sá vörugjaldið er affermir. Vörugjöld af vörum, sem koma til hafnarinnar, falla í gjalddaga þegar skipið, sem vörurnar flytur, er komið í höfnina og vörugjald af vörum, sem fluttar eru úr höfninni, fellur í gjalddaga, þegar vörurnar eru komnar á skip.

Skipstjóra og afgreiðslumanni skips er óheimilt að afhenda vörurnar, unz gjaldið er greitt. Hafnarsjóður hefur haldsrétt í vörum til tryggingar gjaldinu. Leiga á lóðum og húsum hafnarinnar, svo og leigur eftir báta, áhöld og tæki hafnarinnar samkv. 43. gr. greiðir leigutaki.

47. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari má taka lögtaki og hafa þau sama forgangsrétt og önnur opinber gjöld, samkvæmt VI. kafla hafnalaga, 12. gr., auk þess eru skipagjöld tryggð með lögveði í skipinu og gengur það veð í tvö ár fyrir öllum samningsveðskuldum. Skipagjöld teljast í reglugerð þessari öll gjöld, sem skipi ber að greiða til hafnarinnar, svo sem lestagjöld, bryggjugjald, hafnsögugjald og vatns- og rafmagnsgjald, gjöld fyrir báta og tæki og aðra aðstoð sem höfnin lætur í té fyrir skipið.

VIII. KAFLI
ÝMIS ÁKVÆÐI

48. gr.

Þeir munir eða vörur, sem skipað er upp eða láta á í skip, mega ekki liggja á bryggju eða hafnarbakka og eigi annars staðar á landi hafnarinnar, en þeim stöðum, sem ætlaðir eru til geymslu, nema með sérstöku leyfi hafnarvarðar.

Skal flytja í burt muni og vörur jafnskjótt og hafnarvörður krefst þess. Sé það eigi gert lætur hafnarvörður gera það á kostnað og ábyrgð eiganda, eða umboðsmanns hans.

49. gr.

Um skaðabótaskyldu fyrir skemmdir á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, fer eftir almennum reglum. Ef samningi verður ekki við komið um skaðabætur, skulu þær ákveðnar af tveim óvilhöllum mönnum. Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það áður en einn mánuður er liðinn frá því er matsgerð lauk. Yfirmat skal framkvæmt af þremur óvilhöllum dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmat greiðir sá, sem krafðist yfirmats, ef það gengur honum ekki í vil. Að öðrum kosti greiði hinn aðilinn kostnaðinn.

50. gr.

Nú veldur skip skemmdum á höfninni eða skipstjóri verður brotlegur við ákvæði reglugerðar þessarar og er þá óheimilt að flytja skipið úr höfninni, áður en málið er útkljáð, nema fullnægjandi trygging sé sett fyrir greiðslu að dómi hafnarstjóra og/eða hafnarnefndar.

51. gr.

Hafnarverði skal tilkynnt um allt það, sem bjargað er í höfninni, en hann gefur aftur lögreglunni skýrslu um það.

52. gr.

Hverja þá skipun, sem samkvæmt reglugerð þessari má gefa skipi, skal gefa stýrimanni, ef skipstjóri er ekki á skipi og eigi heldur umboðsmaður hans. Ef stýrimaður er fjarverandi, má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipunina, og er það jafngilt sem skipstjóri hafi fengið skipunina sjálfur.

53. gr.

Allir, sem æskja afgreiðslu fyrir skip, láns á tækjum eða aðstoðar á einn eða annan hátt hjá höfninni, skulu snúa sér til hafnarstjóra eða hafnarvarðar með beiðni þar að lútandi. Heimilt er hafnarstjóra að neita þeim aðilum um aðstoð eða afgreiðslu, sem eru í vanskilum með gjöld til hafnarinnar.

54. gr.

Innan innri hafnar má ekki sigla skipum hraðar en sem svarar 4 mílum á klst. nema sérstaklega standi á.

55. gr.

Meðfram strandlengju hafnarsvæðisins má ekki gera nein mannvirki, nema til komi leyfi hafnarnefndar og samþykki ráðuneytisins samkvæmt IV. kafla hafnalaga, 17. gr.

56. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 100 000.00 nema þyngri refsing liggi við samkvæmt almennum lögum. Sektirnar renna í hafnarsjóð Ísafjarðar.

57. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari, skal fara að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 48 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur niður hafnarreglugerð fyrir Ísafjarðarkaupstað, nr. 96 29. maí 1964 með síðari breytingum.

Samgönguráðuneytið, 9. febrúar 1973.

Hannibal Valdimarsson.

Kristinn Gunnarsson.

REGLUR

um þóknun prófnefndarmanna í löggiltum iðngreinum.

1. gr.

Lögreglustjórar (bæjarfógetar og sýslumenn) greiða prófnefndarmönnum í löggiltum iðngreinum í umdæmi sínu þóknun fyrir störf þeirra. Skal formaður viðkomandi prófnefndar framvísa reikningi árituðum af öllum prófnefndarmönnum, ásamt frumriti prófbókar. Á reikningi skal koma greinilega fram: Fjöldi próftaka, stundafjöldi, sem reiknaður er, og þóknun sú, sem prófnefndarmenn reikna sér í prófinu, sbr. 4. gr. Reikningarnir skulu skrifaðir á eyðublöð, sem menntamálaráðuneytið lætur gera og sýslumenn og bæjarfógetar munu afhenda formönnum prófnefnda.

2. gr.

Þóknun prófnefnda skal fara eftir fjölda próftaka hverju sinni og reiknast stundafjöldi eftir töflu þeirri, sem hér fer á eftir, miðað við fjölda próftaka í hverju prófi um sig. Sveinspróf skulu aðeins fara fram tvisvar á ári, vor og haust, og skal telja saman alla próftaka í hvoru prófi um sig, enda telst hvort þeirra eitt próf, þó próftakar séu margir og prófið fari fram á fleiri en einum stað.

Fjöldi próftaka	Reiknaðar stundir
1	20
2	30
3	45
4	60
5	75
6	80
7	85
8	90
9	95
10	100
11	110
12	120
13	130
14	140
15	150
16	160
17	170
18	180
19	190
20	200
21	205
22	210
23	215
24	220
25	225
26	230
27	235
28	240
29	245
30	250

Fyrir hvern próftaka umfram 30 skal reikna 5 stundir.

3. gr.

Menntamálaráðuneytið ákveður tímakaup prófnefndarmanna, að fengnum tillögum Iðnfræðsluráðs.

Þóknun prófnefnda miðast við, að prófnefndarmenn undirbúi og dæmi sveinspróf en hafi eftirlitsmann til yfirsetu á prófstað, ef þörf gerist.

Í þeim tilvikum, að ekki sé um sérstakan eftirlitsmann að ræða til yfirsetu á prófstað, skulu prófnefndarmenn skiptast á um að fylgjast með framkvæmd prófsins.

Kostnaður við yfirsetu á prófstað, svo og annar prófkostnaður greiðist af meistara próftaka, sbr. reglugerð um iðnfræðslu.

4. gr.

Við skiptingu þóknunar milli prófnefndarmanna skal fylgja eftirfarandi reglu:

Formaður fær	40%
Hvor hinna prófnefndarmanna	30%

Þegar aðilar víkja úr prófnefnd, skal þóknun skipt í hlutfalli við þann nemafjölda, sem hvor aðili prófar.

5. gr.

Ríkissjóður endurgreiðir lögreglustjórum (bæjarfógetum og sýslumönnum) útlagðan kostnað vegna prófnefnda, og skal Iðnfræðsluráð í umboði ráðuneytisins úrskurða réttmæti reikninga, áður en endurgreiðsla fer fram.

6. gr.

Reglur þessar eru settar skv. 3. gr. 38. gr. reglugerðar nr. 143/1967, um iðnfræðslu, og öðlast þegar gildi. Frá sama tíma falla úr gildi reglur nr. 36/1971, um þóknun prófnefndarmanna í löggiltum iðngreinum.

Í menntamálaráðuneytinu, 9. febrúar 1973.

Magnús T. Ólafsson.

Birgir Thorlacius.

Nr. 41. 9. febrúar 1973.

REGLUGERÐ

um leyfi í skólum.

1. gr.

Í skólum, sem heyra undir menntamálaráðuneytið, skulu leyfi nemenda vera sem hér segir:

I. 1. desember.

II. Jólaleyfi:
   1. Í **barnaskólum** frá og með 19. desember til og með 6. janúar.
   2. Í **framhalds-** og **sérskólum** frá og með 21. desember til og með 3. janúar.

III. Öskudagur.

IV. Páskaleyfi:
   1. Í **barnaskólum** frá og með mánudegi eftir pálmasunnudag til og með þriðja í páskum.
   2. Í **framhalds-** og **sérskólum** frá og með miðvikudegi fyrir skírdag til og með þriðja í páskum.

V. Sumardagurinn fyrsti.
VI. 1. maí.
VII. Uppstigningardagur.
VIII. Hvítasunnuleyfi frá og með laugardegi fyrir hvítasunnu til og með þriðjudegi eftir hvítasunnu. Þó er heimilt að halda próf laugardag eða þriðjudag.
IX. 17. júní (í skólum, sem þá kunna að vera starfandi).
X. Heimilt er að veita eins dags leyfi í mánuði í skólum, ef eigi eru önnur sérstök leyfi í þeim mánuði.
XI. Helgidagar þjóðkirkjunnar, sem eigi hafa þegar verið taldir.

2. gr.

Reglugerð þessi tekur ekki til Háskóla Íslands.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi, og falla samtímis úr gildi ákvæði, er kunna að brjóta í bága við hana.

Í menntamálaráðuneytinu, 9. febrúar 1973.

Magnús T. Ólafsson.

Birgir Thorlacius.

12. febrúar 1973. Nr. 42.

SAMÞYKKT

fyrir Veiðifélag Grímsár og Tunguár.

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Grímsár og Tunguár. Heimili þess og varnarþing er í Lundarreykjadalshreppi, Borgarfjarðarsýslu.

2. gr.

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að laxgengum hluta Grímsár og Tunguár.

3. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda og efla góða fiskgengd á félagssvæðinu og ráðstafa veiði eftir því, sem aðalfundur ákveður hverju sinni. Til þess að slík framkvæmd nái fram að ganga, þarf atkvæði ⅔ félagsmanna, enda sé þess getið í fundarboði, að slík ákvörðun liggi fyrir fundinum. Félagið nær til allrar veiði á félagssvæðinu.

4. gr.

Stjórn félagsins skal skipuð fimm mönnum, kosnum á aðalfundi, til tveggja ára í senn. Skulu tveir þeirra kosnir úr hópi veiðiréttareigenda neðan Mávahlíðar og Múlakots, að báðum jörðum meðtöldum. Einn úr hópi veiðiréttareigenda Tunguár og tveir úr hópi veiðiréttareigenda í Grímsá ofan Mávahlíðar og Múlakots. Stjórnin skiptir með sér verkum. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorazt undan kosningu, nema forföll hamli. Kjósa skal fimm varamenn og tvo endurskoðendur til sama tíma, svo og varaendurskoðanda.

5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún getur fengið menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur á hendi yfirumsjón með öllum störfum félagsins. Öllum er óheimilt að veiða á félagssvæðinu, nema með skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki.

6. gr.

Aðalfund skal halda eigi síðar en fyrir apríllok ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.

7. gr.

Reikningsár félagsins er almanksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.

8. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

9. gr.

Brot á samþykktum þessum varða sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 12. febrúar 1973.

Halldór E. Sigurðsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

Nr. 43. 5. marz 1973.

REGLUGERÐ

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Reykjavíkurhöfn, nr. 21. 1. febrúar 1971.

1. gr.

33. grein orðist þannig:

a) Öll skip, sem ekki eru sérstaklega talin annars staðar, eða undanþegin greiðslu, skulu greiða lestagjald kr. 2.50 á brúttórúmlest.
b) Strandferðaskip greiði kr. 1.25 á brúttórúmlest.
c) Innlend fiskiskip greiði kr. 2.50 á brúttórúmlest þó ekki oftar en tvisvar í mánuði.
d) Bátar minni en 10 brúttórúmlestir greiði lestagjald einu sinni á ári kr. 200.00 á brúttórúmlest þó aldrei minna en kr. 1 000.00.

Gjalddagi er 1. apríl eða eftir að báturinn hefur verið gerður út frá höfninni í þrjá mánuði.

Undanþegin greiðslu lestagjalds eru herskip, varðskip, skemmtiferðaskip og skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, svo og skip, sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.

2. gr.

34. grein orðist þannig:

Bryggjugjöld.

a) Öll skip, sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skulu greiða bryggjugjald kr. 1.50 af hverri brúttórúmlest fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem skipið liggur bundið.
b) Fiskiskip greiða gjald þetta eigi oftar en 10 sinnum á mánuði. Fiskiskip skráð í Reykjavík greiða hálft bryggjugjald.
c) Lágmarksgjald er kr. 50.00 á sólarhring.

Bátar minni en 10 brúttórúmlestir greiða ekkert bryggjugjald. Herskip og varðskip eru undanþegin bryggjugjaldi.

3. gr.

Stafliður d) í 39. gr. orðist þannig:

Innlend skip greiða aðeins fullt gjald samkvæmt a-lið í fyrsta skipti er þau koma til hafnar á ári hverju, en ½ gjald úr því.

4. gr.

Stafliður a) í 43. grein falli niður og breytist röð eftirfarandi stafliða í samræmi við það.

5. gr.

46. grein orðist þannig:

Vörugjaldskrá.

1. flokkur.

Gjald kr. 40 fyrir hver 1000 kg:

Vara flutt í heilum skipsförmum eða lausu máli í miklu magni (meira en 100 t.) svo sem benzín, brennsluolíur, kol, laust korn, salt, sement, vikur.

2. flokkur.

Gjald kr. 70 fyrir hver 1000 kg:

Þungavarningur svo sem sekkjavörur, lítt unnar byggingavörur, óunnið járn og stál til iðnaðar eða mannvirkjagerðar, óunnið hráefni til iðnaðar, útgerðarvörur, smurningsolíur, sjávarafurðir, landbúnaðarafurðir og iðnaðarvörur til útflutnings.

3. flokkur.

Gjald kr. 150 fyrir hver 1000 kg:

Iðnaðar- og byggingavörur, unnar og hálfunnar, pökkuð og niðursoðin matvæli, ávextir, vefnaðarvara, fatnaður.

4. **flokkur.**

Gjald kr. 400 fyrir hver 1000 kg:

a) Vélar og tæki hvers konar og varahlutir til þeirra, svo sem heimilis- og skrifstofuvélar, bifreiðar, bifhjól, reiðhjól, hjólbarðar, bátar, flugvélar, hreyflar, mælitæki, húsgögn.

b) Útvarps- og sjónvarpstæki, hljóðfæri, úr, klukkur, myndavélar, sjónaukar, glysvarningur alls konar, vín, tóbak, sælgæti, snyrtivörur.
c) Vörur, sem ekki verða flokkaðar annars staðar, eftir þyngd.

Af flutningi vinnutækja innanlands skal veita allt að 50% afslátt. Vörugjald greiðist ekki af ferðamannabifreiðum, enda ferðist eigendur með sama skipi.

5. flokkur.
Gjald kr. 35 fyrir hvern rúmmetra:
Timbur og annað eftir rúmmáli.

6. flokkur.
Gjald 1% af aflaverðmæti.
Sjávarafli lagður á land til vinnslu eða brottflutnings. Kaupanda aflans ber að afhenda hafnarstjóra skýrslu um keyptan afla mánaðarlega, t. d. afrit af aflaskýrslu til Fiskifélags Íslands. Aflagjald fellur í gjalddaga um leið og afla er landað. Kaupandi aflans innheimtir gjaldið hjá seljanda og ber ábyrgð á greiðslu þess til hafnarsjóðs, þótt hann vanræki innheimtu þess.
Aflagjald skal koma til framkvæmda í tveim áföngum þannig, að á árinu 1973 verði það 0.5% en frá 1.1. 1974 1%.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 48 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 5. marz 1973.

Hannibal Valdimarsson.

Kristinn Gunnarsson.

Nr. 44. **5. marz 1973.**

REGLUGERÐ

um breytingu á hafnarreglugerð, nr. 24 4. febrúar 1973, fyrir Akraneshöfn.

1. gr.

39. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Um gjöld til hafnarinnar.

Öll skip skulu greiða hafnargjöld til hafnarsjóðs, er þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar.
Öll gjöld til hafnarinnar greiðast af brúttóstærð skipanna, eins og hún er mest, meðan skipið hefur viðdvöl í höfninni. Undanþegin lesta- og bryggjugjaldi eru herskip, skemmtiferðaskip, íslenzk vitaskip og varðskip.

2. gr.

40. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Lestagjöld.

a. Öll farmskip, önnur en strandferðaskip, og öll fiskiskip, stærri en eða jafnt og 400 brúttórúmlestir skulu greiða lestagjald, kr. 3.00 á hverja brúttórúmlest.
b. Strandferðaskip greiði kr. 1.50 á hverja brúttórúmlest.
c. Fiskiskip undir 400 brúttórúmlestum greiði kr. 3.00 á brúttórúmlest, þó ekki oftar en tvisvar í mánuði.

d. Heimabátar, minni en 10 brúttórúmlestir, greiði lesta- og bryggjugjald einu sinni á ári, kr. 200.00 af hverri brúttórúmlest. Lágmarksgjald skal vera kr. 1 000.00.
Gjalddagi er 1. apríl, eftir að skipið hefur verið gert út frá höfninni í 3 mánuði.

3. gr.

41. gr. reglugerðarinnar fellur niður og breytist röð eftirfarandi greina í samræmi við það.

4. gr.

42. gr. reglugerðarinnar, sem verður 41. gr., orðist þannig:

Bryggjugjöld.

Öll skip, sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skulu greiða kr. 1.50 á brúttórúmlest fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem skipið liggur bundið.

Fiskiskip, 10—399 brúttórúmlestir, greiði gjald þetta eigi oftar en 10 sinnum á mánuði, en bátar minni en 10 brúttórúmlestir, greiði ekkert bryggjugjald.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum, minni en 400 brúttórúmlestir, sem ársgjald í heimahöfn, kr. 162.00 af hverri brúttórúmlest.

5. gr.

43. og 44. gr. reglugerðarinnar falla niður og breytist röð eftirfarandi greina í samræmi við það.

6. gr.

54. gr. reglugerðarinnar, sem verður 51. gr., orðist þannig:

Vörugjöld.

1. fl.: Gjald kr. 70.00/tonn:

a. Vara flutt í lausu máli í miklu magni, meira en 100 tonn í farmi,, t. d. benzín, brennsluolíur, kol, korn, salt, vikur.
b. Þungavarningur, sekkjavörur, óunnið járn og stál til iðnaðar eða mannvirkjagerðar, hráefni til iðnaðar, útgerðarvörur, smurningsolíur, sjávarafurðir, landbúnaðarafurðir og iðnaðarvörur til útflutnings.

2. fl.: Gjald kr. 150.00/tonn:

Iðnaðar- og byggingavörur, unnar og hálfunnar, pökkuð og niðursoðin matvæli, ávextir, vefnaðarvörur, fatnaður.

3. fl.: Gjald kr. 400.00/tonn:

a. Vélar og tæki hvers konar og varahlutir til þeirra, heimilisvélar og skrifstofuvélar, bifreiðar, bifhjól, reiðhjól, hjólbarðar, bátar, flugvélar, hreyflar, mælitæki, húsgögn. Útvarps- og sjónvarpstæki, hljóðfæri, úr, klukkur, myndavélar, sjónaukar, glysvarningur alls konar, vín, tóbak, ilmvötn, snyrtivörur.
Af flutningi vinnutækja innanlands, skal veittur allt að 50% afsláttur.
b. Vörur, sem ekki verða flokkaðar annars staðar, eftir þyngd.

4. fl.: Gjald kr. 40.00/rúmmeter:

Timbur og annað eftir rúmmáli.

5. fl.: Gjald 1%:

Sjávarafli, lagður á land á hafnarsvæðinu, til vinnslu eða brottflutnings. Gjaldið reiknast af heildarverðmæti aflans. Kaupanda aflans ber að afhenda hafnarstjóra skýrslu um keyptan afla mánaðarlega, t. d. afrit af aflaskýrslu til Fiskifélags Íslands. Aflagjaldið fellur í gjalddaga um leið og afla er landað. Kaupandi aflans innheimtir gjaldið hjá seljanda og er ábyrgur fyrir því til hafnarsjóðs, þótt hann vanræki innheimtu þess. Standa ber skil á greiðslu aflagjalds eigi sjaldnar en mánaðarlega.

Aflagjald skal koma til framkvæmda í tveim áföngum þannig, að á árinu 1973 verði það 0.5% en frá 1/1 1974 1%.

Lágmarksgjald af öllum flokkum er kr. 20.00.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 48 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 5. marz 1973.

Hannibal Valdimarsson.

Kristinn Gunnarsson.

Nr. 45. 5. marz 1973.

REGLUGERÐ

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Hafnarfjarðarkaupstað, nr. 51 26. marz 1971.

1. gr.

33. grein orðist þannig:

a. Öll skip, sem ekki eru sérstaklega talin annars staðar, eða undanþegin greiðslu, skulu greiða lestagjald kr. 3.00 á brúttórúmlest.
b. Strandferðaskip greiði kr. 1.50 á brúttórúmlest.
c. Innlend fiskiskip greiði kr. 2.50 á brúttórúmlest, þó ekki oftar en tvisvar í mánuði.
d. Bátar, minni en 10 brúttórúmlestir, greiði lestagjald einu sinni á ári, kr. 200.00 á brúttórúmlest, þó aldrei minna en kr. 1 000.00. Gjalddagi er 1. apríl eða eftir að báturinn hefur verið gerður út frá höfninni í þrjá mánuði.

Undanþegin greiðslu lestagjalds eru herskip, varðskip, skemmtiferðaskip og skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, svo og skip, sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.

2. gr.

34. grein orðist þannig:

Bryggjugjald.

a. Öll skip, sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skulu greiða bryggjugjald kr. 1.50 af hverri brúttórúmlest, fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem skipið liggur bundið, þó aldrei minna en kr. 50.00 um sólarhringinn.

b. Fiskiskip greiða gjald þetta eigi oftar en 10 sinnum á mánuði. Fiskiskip skráð í Hafnarfirði greiða hálft bryggjugjald.
c. Bátar minni en 10 brúttórúmlestir greiða ekkert bryggjugjald.
d. Herskip og varðskip eru undanþegin bryggjugjaldi.

3. gr.

39. grein orðist þannig:

Hafnsögugjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá:

a. Fyrir leiðsögn til hafnarinnar að bólvirki eða lægi, kr. 800.00 fyrir hvert skip, auk kr. 2.00 fyrir hverja brúttórúmlest.

Fyrir leiðsögn frá bólvirki eða lægi og úr höfninni greiðist sama gjald og enn fremur fyrir leiðsögn milli innri hafna í Hafnarfirði og Straumsvík.

b. Fyrir leiðsögn um innri höfn skal greiða hálft gjald samkvæmt lið a).
c. Auk þess skal hvert skip, sem notar hafnsögumann eða skylt er að greiða hafnsögugjald samkvæmt 37. gr., greiða kr. 150.00 í hafnsögusjóð.

4. gr.

43. grein orðist þannig:

Þessar vörur eru algerlega undanþegnar vörugjaldi:

a. Kol, olía, vistir og aðrar nauðsynjar skipa til eigin notkunar, sem flutt er úr landi í íslenzk fiskiskip til eigin afnota.
b. Bréfapóstur og farangur ferðamanna.
c. Umbúðir, sem endursendar eru.
d. Innlend nýmjólk, sem flyzt til hafnarinnar.

5. gr.

46. grein orðist þannig:

Vörugjaldskrá.

1. **flokkur:**

a. **Gjald kr. 40.00 fyrir hver 1 000 kg:**

Vara flutt í heilum skipsförmum eða lausu máli í miklu magni, meira en 100 tonn, svo sem kol, laust korn, salt, sement, vikur.

b. **Gjald kr. 52.00 fyrir hver 1 000 kg:**

Olíur til eldsneytis og hreyfla, benzín.

c. **Gjald kr. 70.00 fyrir hver 1 000 kg:**

Þungavarningur, svo sem sekkjavörur, lítt unnar byggingavörur, óunnið járn og stál til iðnaðar eða mannvirkjagerðar, óunnið hráefni til iðnaðar, útgerðarvörur, smurningsolíur, sjávarafurðir, landbúnaðarafurðir, og iðnaðarvörur til útflutnings.

2. **flokkur:**

Gjald kr. 150.00 fyrir hver 1 000 kg:

Iðnaðar- og byggingavörur, unnar og hálfunnar, pökkuð og niðursoðin matvæli, ávextir, vefnaðarvörur, fatnaður.

3. flokkur:

Gjald kr. 400.00 fyrir hver 1 000 kg:

a. Vélar og tæki hvers konar og varahlutir til þeirra, svo sem heimilis- og skrifstofuvélar, bifreiðar, bifhjól, reiðhjól, hjólbarðar, bátar, flugvélar, hreyflar, mælitæki, húsgögn.
b. Útvarps- og sjónvarpstæki, hljóðfæri, úr, klukkur, myndavélar, sjónaukar, glysvarningur alls konar, vín, tóbak, snyrtivörur.
c. Vörur, sem ekki verða flokkaðar annars staðar, eftir þyngd.

Af flutningi vinnutækja innanlands skal veita allt að 50% afslátt. Vörugjald greiðist ekki af ferðamannabifreiðum, enda ferðist eigendur með sama skipi.

4. flokkur:

Gjald kr. 40.00 fyrir hvern rúmmetra:

Timbur og annað eftir rúmmáli.

5. flokkur:

Gjald 1% af aflaverðmæti:

Sjávarafli lagður á land til vinnslu eða brottflutnings. Gjaldið reiknast af heildarverðmæti aflans. Kaupanda aflans ber að afhenda hafnarstjóra skýrslu um keyptan afla mánaðarlega, t. d. afrit af aflaskýrslu til Fiskifélags Íslands. Aflagjald fellur í gjalddaga um leið og afla er landað. Kaupandi aflans innheimtir gjaldið hjá seljanda og ber ábyrgð á greiðslu þess til hafnarsjóðs þótt hann vanræki innheimtu þess. Standa ber skil á greiðslu aflagjalds eigi sjaldnar en mánaðarlega.

Aflagjald skal koma til framkvæma í tveim áföngum, þannig að á árinu 1973 verði það 0.5%, en frá 1.1. 1974 1%.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 48 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 5. marz 1973.

Hannibal Valdimarsson.

Kristinn Gunnarsson.

Nr. 46. 5. marz 1973.

REGLUGERÐ

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Landshöfn í Keflavík og Njarðvík, nr. 52 26. marz 1971.

1. gr.

30. grein orðist þannig:

a. Öll skip, sem ekki eru sérstaklega talin annars staðar, eða undanþegin greiðslu, skulu greiða lestagjald kr. 3.00 á brúttórúmlest.
b. Strandferðaskip greiði kr. 1.50 á brúttórúmlest.
c. Innlend fiskiskip greiði kr. 2.50 á brúttórúmlest, þó ekki oftar en tvisvar í mánuði.
d. Bátar, minni en 10 brúttórúmlestir, greiði lestagjald einu sinni á ári, kr. 200.00 á brúttórúmlest, þó aldrei minna en kr. 1 000.00. Gjalddagi er 1. apríl eða eftir að báturinn hefur verið gerður út frá höfninni í þrjá mánuði.

Undanþegin greiðslu lestagjalds eru herskip, varðskip, skemmtiferðaskip og skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, svo og skip, sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.

2. gr.

31. grein orðist þannig:

Bryggjugjald.

a. Öll skip, sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skulu greiða bryggjugjald kr. 1.50 af hverri brúttórúmlest, fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem skipið liggur bundið, þó aldrei minna en kr. 50.00 um sólarhringinn.
b. Fiskiskip greiða gjald þetta eigi oftar en 10 sinnum á mánuði.
c. Bátar minni en 10 brúttórúmlestir greiða ekkert bryggjugjald.
d. Herskip og varðskip eru undanþegin bryggjugjaldi.

3. gr.

36. grein orðist þannig:

Hafnsögugjald.

Hafnsögugjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá:

a. Fyrir leiðsögn til hafnarinnar að bólvirki eða lægi, kr. 800.00 fyrir hvert skip, auk kr. 2.00 fyrir hverja brúttórúmlest.
   Fyrir leiðsögn frá bólvirki eða lægi úr höfninni greiðist sama gjald og enn fremur fyrir leiðsögn milli hafna í Keflavík og Njarðvík.
b. Fyrir leiðsögn um innri höfn skal greiða hálft gjald samkvæmt lið a).
c. Auk þess skal hvert skip, sem notar hafnsögumann eða skylt er að greiða hafnsögugjald samkvæmt 34. gr., greiða kr. 150.00 í hafnsögusjóð.

4. gr.

40. grein orðist þannig:

Þessar vörur eru algerlega undanþegnar vörugjaldi:

a. Kol, olía, vistir og aðrar nauðsynjar skipa til eigin notkunar, sem fluttar eru úr landi í íslenzk fiskiskip til eigin afnota.
b. Bréfapóstur og farangur ferðamanna.
c. Umbúðir, sem endursendar eru.
d. Innlend nýmjólk, sem flyzt til hafnarinnar.

5. gr.

43. grein orðist þannig:

Vörugjaldskrá.

1. flokkur:

a. **Gjald kr. 40.00 fyrir hver 1 000 kg:**
   Vara flutt í heilum skipsförmum eða lausu máli í miklu magni, meira en 100 tonn, svo sem kol, laust korn, salt, sement, vikur.

b. **Gjald kr. 39.00 fyrir hver 1 000 kg:**
   Olíur til eldsneytis og hreyfla, benzín.

c. **Gjald kr. 70.00 fyrir hver 1 000 kg:**

Þungavarningur, svo sem sekkjavörur, lítt unnar byggingavörur, óunnið járn og stál til iðnaðar eða mannvirkjagerðar, óunnið hráefni til iðnaðar, útgerðarvörur, smurningsolíur, sjávarafurðir, landbúnaðarafurðir, og iðnaðarvörur til útflutnings.

2. **flokkur:**

Gjald kr. 150.00 fyrir hver 1 000 kg:

Iðnaðar- og byggingavörur, unnar og hálfunnar, pökkuð og niðursoðin matvæli, ávextir, vefnaðarvörur, fatnaður.

3. **flokkur:**

Gjald kr. 400.00 fyrir hver 1 000 kg:

a. Vélar og tæki hvers konar og varahlutir til þeirra, svo sem heimilis- og skrifstofuvélar, bifreiðar, bifhjól, reiðhjól, hjólbarðar, bátar, flugvélar, hreyflar, mælitæki, húsgögn.
b. Útvarps- og sjónvarpstæki, hljóðfæri, úr, klukkur, myndavélar, sjónaukar, glysvarningur alls konar, vín, tóbak, snyrtivörur.
c. Vörur, sem ekki verða flokkaðar annars staðar, eftir þyngd.

Af flutningi vinnutækja innanlands skal veita allt að 50% afslátt. Vörugjald greiðist ekki af ferðamannabifreiðum, enda ferðist eigendur með sama skipi.

4. **flokkur:**

Gjald kr. 40.00 fyrir hvern rúmmetra:

Timbur og annað eftir rúmmáli.

5. **flokkur:**

Gjald 1% af aflaverðmæti:

Sjávarafli lagður á land til vinnslu eða brottflutnings. Gjaldið reiknast af heildarverðmæti aflans. Kaupanda aflans ber að afhenda hafnarstjóra skýrslu um keyptan afla mánaðarlega, t. d. afrit af aflaskýrslu til Fiskifélags Íslands. Aflagjald fellur í gjalddaga um leið og afla er landað. Kaupandi aflans innheimtir gjaldið hjá seljanda og ber ábyrgð á greiðslu þess til hafnarsjóðs þótt hann vanræki innheimtu þess. Standa ber skil á greiðslu aflagjalds eigi sjaldnar en mánaðarlega.

Aflagjald skal koma til framkvæma í tveim áföngum, þannig að á árinu 1973 verði það 0.5%, en frá 1.1. 1974 1%.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 48 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 5. marz 1973.

Hannibal Valdimarsson.

Kristinn Gunnarsson.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir Hitaveitu Húsavíkur nr. 285 18. desember 1970 með síðari breytingum.

B-liður 4. gr. orðist þannig:

Vatnsgjald, kr. 440.00 á mánuði fyrir hvern mínútulítra í hámarksstillingu heimilis.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkv. orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að taka gildi hinn 1. marz 1973 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 27. febrúar 1973.

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.

5. marz 1973. Nr. 48.

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Akureyrarkaupstað.

I. KAFLI

TAKMÖRK HAFNARINNAR.

1. gr.

Akureyrarhöfn takmarkast að norðan af línu beint í austur frá þeim stað, þar sem mörk lögsagnarumdæmis Akureyrar og Glæsibæjarhrepps koma til sjávar fram í miðjan Eyjafjörð, þaðan inn eftir miðjum firði að línu úr Glerárós í Geldingsá og liggja mörkin þaðan til lands austan fjarðarins um þá línu. Innan þessara marka afmarkast höfnin af landinu.

II. KAFLI

STJÓRN HAFNARINNAR OG REKSTUR

2. gr.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur á hendi stjórn hafnarinnar undir yfirumsjón samgönguráðuneytisins.

3. gr.

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni skal fela hafnarstjórn.

Hafnarstjórn skal skipuð fimm fulltrúum og fimm varafulltrúum, er bæjarstjórn kýs.

Þrír aðalmanna í hafnarstjórn mega vera utan bæjarstjórnar.

Kjörtímabil hafnarstjórnar er hið sama og bæjarráðs.

Auk hinna kjörnu fulltrúa eiga bæjarstjóri og hafnarstjóri sæti í hafnarstjórn með málfrelsi og tillögurétti.

Hafnarstjórn kýs sér formann, og stýrir hann fundum hennar og boðar til þeirra. Kjósa má bæjarstjóra eða hafnarstjóra formann hafnarstjórnar, þótt eigi hafi þeir atkvæðisrétt.

Hafnarstjórn hefur á hendi framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni,

sér um viðhald og umbætur á henni, stýrir öllum framkvæmdum, er þar að lúta og annast fjárhald hafnarinnar og reikningsskil, fyrir hönd bæjarstjórnar.

4. gr.

Bæjarstjórn skipar hafnarstjóra eftir tillögum hafnarstjórnar og setur honum erindisbréf.

Daglegar framkvæmdir og eftirlit annast hafnarstjóri undir umsjón hafnarstjórnar. Til aðstoðar hafnarstjóra skulu vera svo margir starfsmenn, sem þurfa þykir. Bæjarstjórn skipar fasta starfsmenn eftir tillögu hafnarstjórnar, en hafnarstjórn getur sagt þeim upp eða vikið frá, án þess að til þurfi að koma samþykki bæjarstjórnar.

III. KAFLI

UM ALMENNA REGLU

5. gr.

Hafnarstjóri sér um, að gætt sé reglu á höfninni og á landsvæði hennar. Er öllum skylt að hlýða fyrirmælum hans eða þess eða þeirra, sem hann setur til að gæta reglu. Þyki einhverjum sér óréttur ger af starfsmönnum hafnarinnar, getur hann kært það fyrir hafnarstjórn, en skipun starfsmannsins ber að hlýða þegar í stað.

Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisi í starfi sínu.

6. gr.

Þeim, sem ekkert lögmætt erindi eiga, er bannað að dvelja á hafnarsvæðinu, ef þeir með því tálma fermingu eða affermingu eða önnur störf, sem þar eru unnin. Banna má ónauðsynlegan akstur hvers konar ökutækja um bryggjur og hafnarbakka.

Fólk, sem fer um hafnarsvæðið án þess að eiga þangað erindi sjálft eða vegna vinnuveitanda síns, er þar á eigin áhættu og ábyrgð.

7. gr.

Skylt er að gæta allrar varúðar í meðferð elds í skipum á höfninni. Í skipum, sem flytja eldfim efni, má eigi kveikja eld nema undir kötlum skipsins og í eldavél skipsins. Tóbaksreykingar eru bannaðar á því svæði, þar sem unnið er að fermingu eða affermingu eldfims varnings.

Bannað er að sjóða tjöru, bik, fernisolíu og annað, sem eldhætta getur stafað af, í skipum á höfninni, svo og á landsvæði hafnarinnar, nema með leyfi hafnarstjóra.

Bannað er að skjóta af byssum eða öðrum skotvopnum á höfninni eða á landsvæði hafnarinnar.

8. gr.

Bannað er að kasta í höfnina hvers konar úrgangi, föstum eða fljótandi.

Ber að hlíta í öllu reglugerð um varnir gegn óhreinkun sjávar af völdum olíu, sem sett er samkv. 3. gr. laga nr. 77 frá 10. maí 1966.

9. gr.

Bannað er að leggja skipum upp í hafnarfjöruna, nema með leyfi hafnarstjóra.

Einnig er hvers konar hvalskurður bannaður í og við höfnina. Eigi má draga, reka eða flytja á annan hátt inn í höfnina hvali, skipflök eða neitt það, sem valdið getur óþrifnaði, umferðartruflun eða óþægindum í höfninni nema með leyfi hafnarstjóra.

Ekki má leggja akkerum eða festa legufæri í höfninni nema með leyfi hafnarstjóra.

IV. KAFLI
UM HAFNSÖGU, LEGU SKIPA Á HÖFNINNI OG AFGREIÐSLU ÞEIRRA

10. gr.

Skip telst í reglugerð þessari sérhvert fljótandi far.

11. gr.

Sérhvert skip, sem ætlar til Akureyrar og óskar hafnsögu, skal gera boð um það til skrifstofu hafnarinnar með minnst tveggja klst. fyrirvara. Er hafnsögumanni skylt að fara til móts við skipið allt að ½ sjómílu út fyrir yztu mörk hafnarinnar, ef skipstjóri æskir þess. Vísar þá hafnsögumaður skipinu leið til hafnar og má eigi yfirgefa það án samþykkis skipstjóra, fyrr en skipið er lagzt við landfestar eða við festar á höfninni. Heimilt er hafnsögumanni, meðan hann hefur ekki lokið starfi sínu, að banna hverjum þeim, sem ekki á lögmætt erindi, að koma á skipsfjöl. Meðan hafnsögumaður dvelur um borð, ber skipinu að sjá honum fyrir mat og drykk.

12. gr.

Ef sjúkdómur er á skipinu eða ástæða þykir að ætla, að sótthætta geti stafað af því, ber hafnsögumanni að sjá um, að fylgt sé reglum þeim, sem settar eru í lögum um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands.

13. gr.

Þegar skip, sem ekki hefur hafnsögumann um borð, kemur í höfnina, skal skipstjóri eða umboðsmaður skipsins tafarlaust snúa sér til hafnarskrifstofunnar, sem segir honum, hvar skip hans megi liggja.

Skip, sem ekki er verið að ferma eða afferma, eða ekkert er unnið við, mega aldrei liggja svo í höfninni, að þau tálmi vinnu við önnur skip, og skal skylt að hlýða boðum starfsmanna hafnarinnar um það, hvert þau skuli flutt. Liggi skip í höfninni án þess nokkuð sé unnið við það, getur hafnarstjóri krafizt þess, að það sé tekið burtu. Ef ekki er orðið við þessu, hefur hafnarstjóri heimild til að láta flytja skipið, leggja því við legufæri, eða taka það á land, og ber skipseiganda að greiða allan kostnað þar að lútandi.

14. gr.

Þegar búið er að leggja skipi við festar, má ekki flytja það þaðan án leyfis hafnarstjóra, en skyldur er skipstjóri að flytja skipið, ef hafnarstjóri skipar svo fyrir.

Færist hlutaðeigandi undan að færa skipið, eða dragist flutningur þess yfir þann tíma, er hafnarstjóri hefur til tekið og fyrirskipað, er hafnarstjóra heimilt að láta flytja skipið á kostnað og ábyrgð hlutaðeiganda.

Brottfarartíma skips skal skipstjóri tilkynna skrifstofu hafnarinnar með að minnsta kosti þriggja klukkustunda fyrirvara.

15. gr.

Þegar hafnarstjóri hefur ákveðið, hvar skip skuli fermt eða affermt, skal verkið hafið í síðasta lagi innan sólarhrings. Verkinu skal haldið áfram alla virka daga, ef veður leyfir, unz því er lokið innan hæfilegs tíma. Ef ástæða þykir til, ber skipinu að víkja fyrir öðrum skipum, ef hafnarstjóri krefst þess.

Ef nauðsyn ber til, að skipum, sem fermd eru eða affermd við bryggju eða hafnarbakka, sé lagt hverju við hliðina á öðru, er heimilt að flytja farm þeirra skipa, er utar liggja, yfir þilfar hinna á bjálkabrúm. Svo er og skiphöfn og farþegum þeirra skipa, sem utar liggja, heimil nauðsynleg umferð um þilför skipa, er nær liggja.

16. gr.

Í hverju skipi eða fari, að undanskildum skipum eða förum, sem hafa leyfi hafnarstjóra til að liggja mannlaus í lægi á höfninni, skal jafnan vera einn maður að minnsta kosti, er tekið gæti á móti skipunum starfsmanna hafnarinnar og framkvæmt þær, hvort heldur á að færa skipið eða gera eitthvað annað samkvæmt reglugerð þessari.

Skal hann sjá um, að óviðkomandi aðilar hafi ekki aðgang að skipinu, og ber eigandi fulla ábyrgð á öllu því tjóni, er verða kann af vanrækslu í þessu efni.

17. gr.

Ekkert skip má liggja við dufl eða akkeri í höfninni, nema með sérstöku leyfi hafnarstjóra. Eigi má heldur teppa umferð með taugum, strengjum eða köðlum, nema hafnarstjóri telji nauðsynlegt. Sérhvert skip, sem ekki er bundið við bryggju eða hafnarbakka, skal hafa uppi fyrirskipuð ljós og dagmerki.

18. gr.

Skip, sem koma inn í höfnina, skulu hafa að minnsta kosti eitt akkeri tilbúið í festarauga, og eigi að leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skal hliðarbátum, botnvörpuhlerum og þess háttar tækjum sveiflað inn fyrir borðstokkinn, brandar drengir inn og rám snúið.

19. gr.

Eigi má festa skipum við hafnarbakka eða bryggjur nema við festarhringana eða við festarstólpa, að tilvísun hafnarstjóra. Séu landfestar úr járni, skulu þær vera klæddar, þar sem þær hvíla á hafnarbakkanum eða bryggjunni.

Festum skal þannig komið fyrir, að þær hindri sem minnst umferð á bryggju eða hafnarbakka, og skulu festar auðkenndar með veifum eða öðrum varúðarmerkjum. Þyki hafnarstjóra þessa ekki nægilega gætt, getur hann krafizt, að bætt sé úr því tafarlaust.

20. gr.

Ekki má kræka hökum í bryggjur eða hafnarbakka. Ekki mega skip hleypa vatni á bryggju eða hafnarbakka, hvorki við þvott á þilfari né heldur, er þau hleypa burt vatni, eða á annan hátt, heldur skulu þau girða svo fyrir með hlífum, að vatn fari beint í höfnina, en komist eigi á bryggjuna eða hafnarbakkann.

21. gr.

Skip mega ekki láta vélar ganga af svo miklu afli, að öðrum skipum eða hafnarmannvirkjum stafi hætta af því.

22. gr.

Ef skip lendir á grynningum eða sekkur, þar sem það, að áliti hafnarstjóra, tálmar greiðri notkun hafnarinnar, skal færa það burt svo fljótt sem auðið er. Verði dráttur á því, má hafnarstjóri láta færa skipið burt á kostnað eigandans, og er honum heimilt að láta selja skipið til lúkningar kostnaðinum, ef nauðsyn krefur.

23. gr.

Áður en kjölfesta er flutt í skip eða úr skipi, skal hafnarstjóra gert viðvart. Ákveður hann, hvar það skuli fara fram.

Við uppskipun og útskipun á kjölfestu sandi, kolum og öðru þess háttar, er skylt að hafa nægilega sterkar hlífar milli skipsins og hafnarbakkans, bryggjunnar eða bátanna, svo að ekkert falli fyrir borð. Sé þessa ekki gætt, getur hafnarstjóri stöðvað verkið, unz bætt hefur verið úr því, sem áfátt er.

Skipstjóri skal sjá um, að kjölfesta sú, sem flutt hefur verið á land úr skipi hans, sé þegar í stað flutt burt af löndunarstaðnum þangað, sem hafnarstjóri vísar til.

24. gr.

Þegar lokið er fermingu eða affermingu, skal sá, er séð hefur um lestun eða losun, láta strax ræsta bryggju þá eða hafnarbakka, sem notuð hafa verið. Farist það fyrir, skal hafnarstjóri sjá um, að það sé gert, en afgreiðslumaður skipsins greiði allan kostnað, sem af því leiðir.

V. KAFLI

UM SKIP, SEM LAGT ER Í LÆGI

25. gr.

Skipum, sem leggja skal í lægi, má aðeins leggja á þeim stöðum, er hafnarstjóri leyfir. Leyfið skal bundið því skilyrði, að eigandi skipsins láti taka það upp, ef það sekkur, eða sprengja það sundur, svo að það skemmi ekki höfnina, enda sé hafnarstjórn heimilt að láta framkvæma þetta á kostnað eigandans, ef dráttur verður á því af hans hálfu. Skipunum skal lagt undir umsjá hafnarstjóra og legufæri ákveðin í samráði við hann.

Skal tendra ljós á skipunum, sýna dagmerki og gera hljóðbendingar eftir reglum þeim, er settar eru í alþjóðasjóferðareglum um skip, sem liggja fyrir akkerum.

Eftirlit og viðhald legufæra er á ábyrgð skipseigenda.

Ákvæði þessi ná einnig til smærri báta og flutningapramma.

26. gr.

Meðan skip liggur mannlaust í lægi, skal ekki sjaldnar en á fjórtán daga fresti farið út í það til þess að líta eftir, hvort legufæri eða annað hafi haggazt eða bilað, og ef svo reynist, skal lagfæra það svo fljótt, sem auðið er.

Áður en skipstjóri fer af skipinu, skal hann skriflega tilnefna hafnarstjóra sigli ngafróðan mann, búsettan á Akureyri, sem skal hafa umsjón skipsins á hendi. Beinir hafnarstjóri til hans öllum fyrirskipunum, sem skipið varða. Sér hann um, að þeim sé fullnægt. Verði dráttur á því, skal hafnarstjóri láta fullnægja þeim, en skipseigandi greiði allan kostnað, sem af því leiðir. Eigi ber hafnarsjóður neina ábyrgð á skipum þeim, sem lagt er í lægi.

VI. KAFLI

UM FERMINGU OG AFFERMINGU ELDFIMS OG HÆTTULEGS VARNINGS

27. gr.

Skip, sem flytja sprengiefni, eldfima vökva, lofttegundir undir þrýstingi (flöskugas) eða efni, sem við vissar aðstæður valda eld- eða sprengihættu, mega ekki koma inn á höfn, fyrr en hafnarstjóri hefur veitt leyfi til þess.

Skipstjóra eða umboðsmanni ber að tilkynna hafnarstjóra og slökkviliðsstjóra um farminn 24 klst. fyrir áætlaðan komutíma.

Tilkynningaskylda nær til efna, sem samkvæmt International Maritime Dangerous Goods Code, flokkast í flokka 1, 2, 3 og 5. Í tilkynningu skal greina nafn á varningi, magni, pökkun og lestun.

Sem dæmi um hættulegan varning má nefna: púður, dýnamit, geómit, hlaðnar patrónur, benzín, steinolíu, aceton, terpentínu, toulol, propangas, kalcíumkarbit, ammoniumnítrat, natríumklórat.

28. gr.

Losun á vörum, sem um ræðir í 27. gr., skal að jafnaði framkvæmd strax og skip hefur lagzt að bryggju og á undan losun á öðrum varningi. Við lestun skal slíkur farmur lestaður síðast, og skal skip láta úr höfn strax að lestun lokinni.

Álíti hafnarstjóri, að hætta geti stafað af fermingu eða affermingu eldfimrar vöru, getur hann stöðvað verkið, unz nauðsynlegar varúðarráðstafanir hafa verið gerðar.

Hlíta skal í einu og öllu ákvæðum laga og reglugerðar um brunavarnir og brunamál.

29. gr.

Skylt er að hafa öryggisvörzlu við skip, sem ferma eða afferma eldfiman flutning.

Hafnarstjóri getur ákveðið að lestun og losun slíkrar vöru fari fram við sérstaka hafnarbakka, þar sem tryggast er talið.

30. gr.

Skip, sem flytja eldfim efni, sem um ræðir í 27. gr., skulu á daginn hafa rautt flagg (merkjatákn B) á framsiglu, en á nóttunni rautt ljósker.

VII. KAFLI
UM HAFNARGJÖLD Á AKUREYRI

31. gr.

Gjöld til hafnarsjóðs skulu innheimt samkvæmt gjaldskrá, sem bæjarstjórn samþykkir, en samgönguráðuneytið staðfestir.

VIII. KAFLI
ÝMIS ÁKVÆÐI

32. gr.

Þeir munir eða vörur, sem skipað er upp eða láta á í skip, mega ekki liggja á bryggju eða hafnarbakka og eigi annars staðar á landi hafnarinnar en á þeim stöðum, sem ætlaðir eru til geymslu, nema með sérstöku leyfi hafnarstjóra. Skal flytja burt muni og vörur, jafnskjótt sem hafnarstjóri krefst þess. Sé það eigi gert, lætur hafnarstjóri gera það á kostnað og ábyrgð eiganda eða umboðsmanns hans.

33. gr.

Um skaðabótaskyldu vegna skemmda á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, fer eftir almennum reglum.

Ef samningum verður ekki við komið um skaðabætur, skulu þær ákveðnar af tveimur óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það áður en einn mánuður er liðinn, frá því er matsgerð er lokið. Yfirmat skal framkvæmt af þremur óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmat greiðir sá, sem krafðist yfirmats, ef það gengur honum ekki í vil. Að öðrum kosti greiðir hinn aðilinn kostnaðinn.

34. gr.

Nú veldur skip skemmdum eða mengun í höfninni eða skipstjóri verður brotlegur við ákvæði reglugerðar þessarar, og er þá óheimilt að flytja skipið úr höfninni, áður en málið er útkljáð, nema fullnægjandi trygging sé sett fyrir greiðslu, að dómi hafnarstjóra.

35. gr.

Hafnarstjóra skal þegar tilkynnt um allt það, sem bjargað er í höfninni, en hann gefur aftur lögreglunni skýrslu um það.

36. gr.

Hverja þá skipun, sem samkvæmt reglugerð þessari má gefa skipi, skal gefa stýrimanni, ef skipstjóri er ekki á skipi og eigi heldur umboðsmaður hans, samkvæmt 16. gr. Ef stýrimaður er fjarverandi, má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipunina, og er það jafngilt, sem skipstjóri hefði fengið skipunina sjálfur.

37. gr.

Allir þeir, sem æskja afgreiðslu fyrir skip, láns á tækjum eða aðstoðar á einn eða annan hátt hjá höfninni, skulu snúa sér beint til skrifstofu hafnarinnar með beiðni þar að lútandi.

Heimilt er hafnarstjóra að neita þeim aðilum um aðstoð eða afgreiðslu, sem eru í vanskilum með gjöld til hafnarinnar eða eru brotlegir við reglugerð þessa.

38. gr.

Sérhver skipstjóri, sem kemur við á höfninni á skipi sínu, á sjálfur, og svo skipshöfnin, að kynna sér ákvæði reglugerðar þessarar, sem liggur til sýnis á hafnarskrifstofunni. Þar geta skipstjórar á skipum þeim, er til hafnar koma, fengið hæfilega mörg eintök af reglugerðinni. Eintak af reglugerðinni á að vera í hverju skipi, meðan það liggur í höfninni.

39. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 100 000.00, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt almennum lögum.

Sektirnar renna í hafnarsjóð Akureyrar.

40. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 48 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi hafnarreglugerð fyrir Akureyrarkaupstað, nr. 42/1964, með síðari breytingum.

Samgönguráðuneytið, 5. marz 1973.

Hannibal Valdimarsson.

Kristinn Gunnarsson.

5. marz 1973. Nr. 49.

GJALDSKRÁ

fyrir Hafnarsjóð Akureyrar.

I. KAFLI

UM HAFNARGJÖLD Á AKUREYRI

1. gr.

Við útreikning hafnargjalda af skipum skal alltaf talið í heilum rúmlestum, en sleppa brotum. Rúmlestatala skips reiknast eins og hún (samkv. mælibréfi) mest verður, meðan skipið er í höfn. Um erlend skip fer samkv. „International Gross Tonnage" mælingu.

2. gr.

Öll skip skulu greiða hafnargjöld til hafnarsjóðs, er þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar.

Öll gjöld til hafnarinnar greiðast af brúttóstærð skipanna eins og hún er mest, meðan skipið hefur viðdvöl í höfninni. Undanþegin lesta- og bryggjugjaldi eru herskip, íslenzk vitaskip og varðskip, en skemmtiferðaskip greiði aðeins bryggjugjald, ef þau leggjast að bryggju.

3. gr.

Lestagjald.

a. Öll farmskip, önnur en strandferðaskip, og öll fiskiskip, stærri en eða jafnt og 400 brúttórúmlestir skulu greiða lestagjald, kr. 3.00 á brúttórúmlest.
b. Strandferðaskip greiði kr. 1.50 á brúttórúmlest.
c. Fiskiskip undir 400 brúttórúmlestum greiði kr. 3.00 á brúttórúmlest, þó ekki oftar en tvisvar í mánuði.
d. Heimabátar, minni en 10 brúttórúmlestir, greiði lesta- og bryggjugjald einu sinni á ári, kr. 200.00 af hverri brúttórúmlest. Lágmarksgjald skal vera kr. 1 000.00.

4. gr.

Bryggjugjöld.

Öll skip, sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skulu greiða kr. 1.50 á brúttórúmlest fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem skipið liggur bundið.

Fiskiskip og flóabátar skráðir á Akureyri, greiði gjald þetta eigi fyrir meir en 10 sólarhringa á mánuði, en bátar minni en 10 brúttórúmlestir greiði ekkert bryggjugjald. Lágmarksbryggjugjald sé kr. 100.00.

Hafnsögugjald.

5. gr.

Hvert það skip, sem fær hafnsögumann til leiðsögu inn á höfnina eða frá henni, um höfnina eða milli hafnarmannvirkja, skal greiða hafnsögugjald.

6. gr.

Hafnsögugjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarndi gjaldskrá:

a. Fyrir leiðsögn til hafnarinnar, að bólvirki eða lægi, kr. 600.00 fyrir hvert skip, auk kr. 1.50 fyrir hverja brúttórúmlest. Fyrir leiðsögn frá bólvirki eða lægi og úr höfninni greiðist sama gjald.
b. Fyrir leiðsögn um höfnina skal greiða hálft gjald samkvæmt lið a.
c. Auk þess skal hvert skip, sem fær hafnsögumann, greiða kr. 100.00 í hafnsögusjóð.

Vörugjald.

7. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum, svo og skepnum lifandi eða dauðum, sem fluttar eru af skipsfjöl á land eða úr landi á skipsfjöl, eða úr einu skipi í annað á höfninni, með undantekningum þeim, er síðar getur.

8. gr.

Ef vörur, sem samkvæmt farmskrá skips eiga að fara til annarra hafna en Akureyrar, eru látnar á land um stundarsakir, skal aðeins greitt vörugjald, þegar vörurnar eru fluttar í land.

Undanþegnar þessu gjaldi eru vörur, sem látnar eru á land um stundarsakir vegna skemmda á skipi.

Ekkert vörugjald greiðist af vörum fluttum að og frá Akureyri með póstbátnum Drang, frá og að höfnum á Norðurlandi.

9. gr.

Af vörum, sem fluttar eru á skip og fara eiga til annarra hafna innanlands, greiðist hálft vörugjald.

Heimilt er hafnarstjórn að veita magnafslátt allt að 40%. Semja skal um slíkan afslátt hverju sinni.

10. gr.

Þessar vörur eru algerlega undanþegnar vörugjaldi:

a. Innlend nýmjólk, sem flyzt til hafnarinnar.
b. Umbúðir, sem endursendar eru.
c. Kol, olía, vistir og aðrar nauðsynjar skipa til eigin notkunar.
d. Bréfapóstur og farangur ferðamanna.

VÖRUGJALDSKRÁ

11. gr.

Brottfluttar og aðfluttar vörur.

1. fl.: Gjald kr. 70.00/tonn:

a. Vara flutt í lausu máli, t. d. benzín, brennsluolíur, kol, salt, steinefni.
b. Þungavarningur, sekkjavörur, óunnið járn og stál til iðnaðar eða mannvirkjagerðar, hráefni til iðnaðar, útgerðarvörur, smurningsolíur, sjávarafurðir, landbúnaðarafurðir og iðnaðarvörur til útflutnings.

2. fl.: Gjald kr. 150.00/tonn:

Iðnaðar- og byggingavörur, unnar og hálfunnar, pökkuð og niðursoðin matvæli, ávextir, vefnaðarvörur, fatnaður.

3. fl.: Gjald kr. 400.00/tonn:

a. Vélar og tæki hvers konar og varahlutir til þeirra, heimilisvélar og skrifstofuvélar, bifreiðar, bifhjól, reiðhjól, hjólbarðar, bátar, flugvélar, hreyflar, mælitæki, húsgögn. Útvarps- og sjónvarpstæki, hljóðfæri, úr, klukkur, myndavélar, sjónaukar, glysvarningur alls konar, vín, tóbak, ilmvötn, snyrtivörur.
Af flutningi vinnutækja innanlands, skal veita allt að 50% afslátt.
b. Vörur, sem ekki verða flokkaðar annars staðar, eftir þyngd.

4. fl.: Gjald kr. 40.00/rúmmeter:

Timbur og annað eftir rúmmáli.
Lágmarksgjald í öllum flokkum er kr. 20.00.

5. fl.: Gjald 1%.

Sjávarafli, lagður á land á hafnarsvæðinu, til vinnslu eða brottflutnings. Gjaldið reiknast af heildarverðmæti aflans. Kaupanda aflans ber að afhenda hafnarstjóra skýrslu um keyptan afla mánaðarlega, t. d. afrit af aflaskýrslu til Fiskifélags Íslands. Aflagjald fellur í gjalddaga um leið og afla er landað. Kaupandi aflans innheimtir gjaldið hjá seljanda og er ábyrgur fyrir því til hafnarsjóðs, þótt hann vanræki innheimtu þess.

Standa ber skil á greiðslu aflagjalds eigi sjaldnar en mánaðarlega. Á tímabilinu frá og með 1. janúar 1973 til og með 31. desember 1973 innheimtist þó aðeins hálft aflagjald.

ÝMIS GJÖLD TIL HAFNARINNAR

12. gr.

Fyrir geymslu á vörum í húsum og á lóðum hafnarinnar um stundarsakir skal greiða gjald, sem hafnarstjóri ákveður.

13. gr.

Fyrir lóðir og land hafnarinnar, geymsluhús og verbúðir, sem leigt er einstökum mönnum eða félögum um lengri tíma, skal greiða leigugjald, sem ákveðið verður með samningi.

14. gr.

Fyrir notkun á hafnsögubát hafnarinnar, krönum og öðrum tækjum hennar, svo og fyrir móttöku skipa, bindingu og losun og aðra útselda vinnu, símaafnot og rafmagn skal greiða gjald, er hafnarstjóri ákveður.

II. KAFLI

UM INNHEIMTU OG GREIÐSLU HAFNARGJALDA

15. gr.

Hafnarstjóri sér um innheimtu allra hafnargjalda, og skal greiða gjöldin í skrifstofu hafnarinnar.

16. gr.

Skipstjóri og eigandi skips bera ábyrgð á greiðslu gjalda þeirra, sem greiða ber til hafnarinnar vegna skipsins. Er skipstjóra skylt að afhenda hafnarstjóra þjóðernis- og skrásetningarskírteini skipsins, ef hafnarstjóri krefst þess, og hefur hafnarsjóður haldsrétt yfir skipinu, unz gjöldin eru greidd. Töf og tjón, sem af þessu hlýzt, er einvörðungu á ábyrgð og kostnað greiðanda skipagjaldsins.

Að svo miklu leyti, sem í reglugerð þessari eru ekki ákveðnir fastir gjalddagar á gjöldum, skal greiða þau, áður en skip fer burt úr höfninni, og enginn skipstjóri getur vænzt þess að fá afgreiðslu fyrir skip sitt hjá bæjarfógeta, nema hann sanni með vottorði frá hafnarstjóra, að hann hafi greitt öll gjöld sín til hafnarinnar.

17. gr.

Vörugjald og leigu fyrir lóðir og geymsluhús hafnarinnar, samkvæmt 12. gr., greiðir móttakandi af vörum, sem koma til hafnarinnar, og sendandi af vörum, sem fluttar eru úr höfninni. Ef margir eiga vörur með sama skipi, skal afgreiðslumaður skipsins standa hafnarsjóði skil á greiðslunni. Ef skip hefur ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað greiðir sá vörugjald, sem affermir.

Vörugjald af vörum, sem koma til hafnarinnar, ber að greiða þegar skipið, sem vörurnar flytur, er komið í höfnina, og vörugjald af vörum, sem fluttar eru úr höfninni, skal greiða, þegar vörurnar eru komnar á skip. Skipstjóra og afgreiðslumanni skips er óheimilt að afhenda vörurnar, unz gjaldið er greitt.

Hafnarsjóður hefur og haldsrétt á vörum, til tryggingar gjaldinu, unz gjaldið er greitt. Skemmdir á varningi eða annað tjón, sem af því hlýzt, að haldsréttarákvæði þessu sé beitt, er einvörðungu á ábyrgð og kostnað greiðanda vörugjaldsins.

18. gr.

Leigu af lóðum og húsum hafnarinnar, samkv. 13. gr., greiðir leigutaki, og gjald fyrir að nota áhöld og tæki hafnarinnar og aðra veitta þjónustu, samkv. 14. gr., greiðir aðnjótandi.

19. gr.

Leyfisgjöld fyrir bryggjur og önnur mannvirki, sem gerð eru á hafnarsvæðinu, skulu renna í hafnarsjóð.

20. gr.

Öll gjöld samkvæmt þessari reglugerð má taka lögtaki, og hafa þau forgangsrétt, sem önnur opinber gjöld, sbr. 83. gr. b., tölulið 3, skiptalaganna. Auk þess eru skipagjöldin tryggð með lögveði í skipinu, og gengur það veð í tvö ár fyrir samningsveðskuldum.

Skipagjöld teljast í reglugerð þessari öll þau gjöld, sem skipi ber að greiða til hafnarinnar, svo sem lestagjald, bryggjugjald, vatnsgjald, hafnsögugjald, fjörugjald, gjald fyrir hafnsögubáta og önnur tæki og aðra aðstoð, sem framkvæmt er af hafnarinnar hálfu fyrir skipið.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 48 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 5. marz 1973.

Hannibal Valdimarsson.

Kristinn Gunnarsson.

12. febrúar 1973. Nr. 50.

SAMÞYKKT

fyrir Veiðifélag Laxdæla.

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Laxdæla. Heimili þess er að Þrándargili, Laxárdalshreppi, Dal., varnarþing á þingstað hreppsins.

2. gr.

Markmið félagsins er: Ræktun Laxár með laxaklaki og fiskeldi og öðrum þeim umbótum, sem henta á hverjum tíma, t. d. gerð fiskvega, fjölgun veiðifljóta, vatnsmiðlun, vegalagningu að veiðistöðum o. fl. Að gera leigusamning fyrir Laxá eða annast rekstur hennar.

3. gr.

Félagið hefur umráð yfir rétti til lax- og silungsveiði á göngufiski á vatnasvæði Laxár. Félagssvæðið eru eftirtaldar jarðir: Fjósar, Hrappsstaðir, Hjarðarholt, Spágilsstaðir, Goddastaðir, Lambastaðir, Gillastaðir I—II, Sámsstaðir I, II, III, Hamrar, Svalhöfði, Sólheimar I—II, Pálssel, Dönustaðir og Lambeyrar, Gröf, Svarfhóll og Engihlíð, Þrándargil, Leiðólfsstaðir, Hornsstaðir, Höskuldsstaðir, Sauðhús, Saurar, Ás. Alls 28 jarðir.

4. gr.

Stjórn félagsins skipa fimm menn, formaður, varaformaður og þrír meðstjórnendur, skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn, fyrst gengur einn úr, eftir hlutkesti, síðan tveir og tveir, síðan helzt sama röð.

Stjórnin kýs formann og varaformann árlega að loknum aðalfundi.

Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorazt undan kosningu nema lögmæt forföll hamli eða hann hafi verið í stjórn félagsins í þrjú ár samfleytt. Að jafn löngum tíma liðnum er hann skyldur að taka við kosningu. Einn varamaður skal kosinn árlega.

5. gr.

Stjórnin hefur á hendi umsjón með öllum framkvæmdum félagsins milli aðalfunda, hún ræður það starfsfólk, sem reksturinn þarfnast og gerir við það samninga, hún hefur eftirlit með því að samþykktum félagsins sé hlítt. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með störfum þess og fjárreiðum öllum, hann boðar til funda og stjórnar þeim. Afl atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum.

6. gr.

Aðalfundur skal haldinn ekki síðar en 15. júní ár hvert. Aðalfundur er lögmætur, ef hann er boðaður skriflega með dagskrá og viku fyrirvara, og þegar ⅓ hluti félagsmanna og meirihluti stjórnar er mættur. Nú er aðalfundur ekki lögmætur og skal þá boða til hans á ný með minnst þriggja daga fyrirvara og er þá fundurinn ávallt lögmætur. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári, leggur hún og fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá. Aðalfundur kýs stjórn og tvo endurskoðendur félagsreikninga. Hann kveður á um laun stjórnar. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á fundum, nema um breytingar á félagslögum og arðskrá sé að ræða, eða félagsslit.

7. gr.

Aukafund heldur stjórnin þegar henni þykir ástæða til, eða ef ¼ hluti félagsmanna æskir þess og tilgreinir fundarefni. Alla aukafundi skal boða símleiðis með dagskrá og þriggja daga fyrirvara.

8. gr.

Arði af sameiginlegri veiði og öðrum tekjum, svo og öllum gjöldum er af starfsemi félagsins leiðir skal skipt niður á félagsmenn samkv. arð- og gjaldskrá, sem lögmætur fundur samþykkir og undirrituð er samkvæmt lögum um lax- og silungsveiði á hverjum tíma.

9. gr.

Samþykkt þessari verður ekki breytt nema ⅔ hlutar félagsmanna samþykki.

10. gr.

Brot á samþykkt þessari varða sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 12. febrúar 1973.

Halldór E. Sigurðsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

ARÐSKRÁ

fyrir Veiðifélag Laxdæla.

Býli	Arðeiningar %
Saurar	5.37
Fjós	8.67
Sauðhús	8.85
Hrappsstaðir	7.47
Höskuldsstaðir	4.39
Hjarðarholt	2.93
Hornsstaðir	1.58
Spágilsstaðir	2.04
Leiðólfsstaðir	3.20
Goddastaðir	4.43
Þrándargil	3.32
Lambastaðir	6.48
Svarfhóll	6.21
Gillastaðir	4.51
Gröf	2.60
Sámsstaðir	7.62
Dönustaðir	10.44
Hamrar	3.01
Pálssel	3.38
Svalhöfði	2.23
Sólheimar	1.27
Samtals	100.0

Arðskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði.

Landbúnaðarráðuneytið, 12. febrúar 1973.

Halldór E. Sigurðsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

15. febrúar 1973. Nr. 52.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð fyrir Vatnsveitu Hveragerðishrepps nr. 158/1948.

1. gr.

12. gr. orðist svo:

Af öllum fasteignum í Hveragerðishreppi, sem liggja við vegi eða opin svæði, þar sem vatnsæðar liggja skal greiða vatnsskatt.

Skatturinn skal lagður á eftir heildarfasteignamati hverrar fasteignar, þ. e. húsa og lóða, eins og það er á hverjum tíma.

2. gr.

13. gr. orðist svo:

Vatnsskattur skal vera 0.2% (0.2 af hundraði) af fasteignamati.

Lágmarksvatnsskattur skal vera kr. 1 200.00.

Ef fasteign, sem greiða ber af vatnsskatt og tengd er við vatnsveituna, er ekki virt til fasteignamats, ákveður vatnsveitan skattinn.

3. gr.

14. gr. orðist svo:

Auk vatnsskatts samkv. 13. gr. skal greiða aukavatnsskatt af þeim húsum, er nota vatn til annars en venjulegra heimilisnota, vegna atvinnu, sem í þeim er rekin, eða af öðrum ástæðum.

Af gróðurhúsum skal greiða kr. 6.00 fyrir hvern fermetra.

Fyrir aðra notkun skal greiða gjald, sem vatnsveitan ákveður.

Vatnsveitunni er heimilt að setja upp vatnsmæla, þar sem því verður við komið og henta þykir og skal þá greiða aukavatnsskattinn samkvæmt mældri notkun, eftir sérstakri gjaldskrá.

4. gr.

15. gr. orðist svo:

Reikningsár vatnsveitunnar er almanaksárið.

Gjalddagi vatnsskatts er 15. janúar ár hvert.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu vatnsskatts af húseign sinni.

Vatnsskatt má taka lögtaki og er hann tryggður með lögveðrétti í eigninni næstu 3 ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

5. gr.

16. gr. orðist svo:

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka vatnsskatt samkv. þessari reglugerð um allt að 50% án þess að leita þurfi staðfestingar ráðuneytisins.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi numin auglýsing um breyting á reglugerð fyrir vatnsveitu í Hveragerðishreppi nr. 143 24. júlí 1963.

Félagsmálaráðuneytið, 15. febrúar 1973.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.

Nr. 53. 19. febrúar 1973.

REGLUGERÐ

um niðurjöfnun og innheimtu vatnsskatts í Mosfellshreppi.

1. gr.

Almennur vatnsskattur.

Af öllum fasteignum í lögsagnarumdæmi Mosfellshrepps, sem liggja við vegi eða opin svæði, þar sem dreifiæðar vatnsveitunnar liggja, skal greiða árlegan vatnsskatt og skal honum varið til þess að standa straum af kostnaði við vatnsveituna.

Sama er og um aðrar fasteignir, sem fá vatn úr veitukerfi Vatnsveitu Mosfellshrepps.

Álagningarstofn almenns vatnsskatts skal vera heildarmat hverrar fasteignar, þ. e. a. s. mat mannvirkja að viðbættu mati lóðar skv. lögum um fasteignamat og fasteignaskráningu nr. 28 29. apríl 1963.

Nú er fasteign, sem greiða ber af vatnsskatt, eigi virt fasteignamatsvirðingu, og ákveður þá vatnsveitan skattinn. Við ákvörðun vatnsskatts samkvæmt þessari málsgrein skal höfð hliðsjón af því, hvert líklegt fasteignamat myndi verða á eigninni fullfrágenginni.

Um hús, sem eru í byggingu og því eigi virt fasteignamatsvirðingu, skulu eftirfarandi ákvæði gilda:

1. Vatnsskattur skal lagður á öll hús í byggingu samkvæmt ákvæðum 1. og 4. mgr. hér á undan, ef lokið er við steypu á efstu plötu, ellegar ef þakúttekt hefur farið fram.
2. Miða skal upphaf vatnsskattsálagningar við úttektardagsetningu byggingarfulltrúans í Mosfellshreppi, ef hún er fyrir hendi, annars áætlar vatnsveitan viðkomandi dagsetningu.
3. Vatnsskatturinn skal reiknast á 1. ári hlutfallslega frá þeim mánuði, sem úttektin átti sér stað.
4. Hafi bygging verið lengur en þrjú ár í smíðum, án þess að vera vatnsskattshæf samkv. framangreindum reglum, skal reikna vatnsskatt af mannvirkjum eins og þau væru fullfrágengin.

Þriggja ára tímabilið skal reiknast frá þeim tíma, er úttekt á grunni byggingarinnar fór fram samkvæmt bókum byggingarfulltrúans í Mosfellshreppi.

2. gr.

Húseigandi, sem beiðist tengingar við vatnsæðar vatnsveitunnar, skal leggja fram teikningu af vatnskerfi sínu.

Húseigandi skal einnig greiða tengigjald til vatnsveitunnar áður en tenging fer fram og skal það miðast við rúmmál húss hans að utanmáli. Er gjaldið kr. 12.00 á hvern rúmmetra húss og er það miðað við byggingarvísitölu 543 stig, en heimilt er hreppsnefnd að hækka það eða lækka í samræmi við breytingar á byggingarvísitölunni. Tengigjald skv. þessari grein skal þó aldrei vera lægra en kr. 5 000.00.

3. gr.

Vatnsskatt skal greiða af öllum húseignum á vatnsveitusvæðinu, sem virtar eru til fasteignamats og vatni er veitt í eða næst til vatnsæða frá og nemur hann árlega 0.20% fasteignamats, þ. e. a. s. af mati mannvirkja ásamt mati lóðar.

Auk þess skal greiða fastagjald kr. 1 000.00 af hverri húseign árlega. Séu fleiri en ein íbúð í sama húsi, greiðist árlega kr. 1 000.00 af hverri íbúð.

4. gr.

Auk almenns vatnsskatts skv. 3. gr. skal heimilt að innheimta álag á vatnsskattinn, svokallaðan aukavatnsskatt, sem hér segir:

Á fasteignir, sem notaðar eru til annars en venjulegra heimilisnota t. d. vegna atvinnurekstrar og annarrar starfrækslu, sem þarf vatnsnot vegna framleiðslunnar skal aukavatnsskatt að jafnaði greiða skv. mældri notkun, en verði því eigi við komið, skal hinn árlegi vatnsskattur greiðast með allt að 100% álagi eða skv. nánari ákvörðun sveitarstjórnar. Skylt er að greiða vatnsskatt af húseignum og mannvirkjum, sem eru í byggingu, þótt ekki liggi fyrir fasteignamat, eftir nánari ákvörðun sveitarstjórnar. Aukavatnsskattur skv. mæli skal vera kr. 3.70 á hvern rúmmetra vatns.

Framantalin gjöld miðast við byggingarvísitölu 543 stig, en heimilt er sveitarstjórninni að hækka þau eða lækka í samræmi við breytingar á byggingarvísitölunni.

Jafnframt getur sveitarstjórn hækkað eða lækkað um allt að 50% framantalin gjöld, öll þeirra eða hvert um sig, án þess að leita þurfi staðfestingar ráðuneytisins.

5. gr.

Gjalddagi vatnsskatts.

Vatnsskattur hvers árs fellur í gjalddaga 15. janúar og ber að greiða hann til sveitarstjóra.

Þar sem aukavatnsskattur er ákveðinn, sbr. 4. gr. er heimilt að innheimta skattinn á 4 gjalddögum, í lok hvers ársfjórðungs.

Vatnsskatt má taka lögtaki, og er hann tryggður með lögtaksrétti í eigninni næsu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Mosfellshrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 95 5. júní 1947 um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 19. febrúar 1973.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.

Nr. 54. 19. febrúar 1973.

REGLUGERÐ

fyrir vatnsveitu í Mosfellshreppi.

1. gr.

Hreppsnefnd Mosfellshrepps hefur einkaleyfi til reksturs vatnsveitu og sölu vatns á svæði því, er vatnsveita hreppsins nær yfir og hún getur fullnægt.

2. gr.

Vatnsveitunefnd skipa 3 aðalmenn og 3 varamenn, tveir aðalmenn kosnir af sveitarstjórn til fjögurra ára auk sveitarstjóra. Annast hún öll framkvæmdastörf, viðhald og endurbætur vatnsveitunnar og umsjón eigna í samráði við sveitarstjórnina.

3. gr.

Hver sá, er vill komast í samband við vatnsveitu Mosfellshrepps, skal senda vatnsveitunni skriflega umsókn þar um. Umsókninni skulu fylgja upplýsingar um, hve mikið vatn hlutaðeigandi telur sig þurfa að nota, sé um að ræða annað en venjulega heimilisnotkun.

4. gr.

Eftirlitsmanni vatnsveitunnar er heimilt að fara um hús manna, þar sem vatnsæðar liggja, til þess að athuga þær og tæki þau, sem eru sett í samband við þær. Ef honum þykir útbúnaði í einhverju ábótavant, skal húseigandi tafarlaust bæta úr því, ella geri umsjónarmaður það á hans kostnað.

Heimilt er vatnsveitunefnd að loka vatnsæðum fyrir þeim, sem vanrækja að gera við bilanir á pípum eða tækjum, eyða vatni að óþörfu eða greiða ekki tengigjald eða vatnsskatt á réttum gjalddaga.

Fullan vatnsskatt ber einnig að greiða fyrir þann tíma, sem vatnsæðum er lokað af þessum sökum.

5. gr.

Hver sá, er veldur skemmdum á eignum vatnsveitunnar, eða á annan hátt bakar henni skaða, skal bæta það að fullu og sæta sektum, nema þyngri refsing liggi við að lögum.

Engum er heimilt án leyfis vatnsveitunefndar og slökkviliðsstjóra að taka vatn úr brunahönum vatnsveitunnar.

6. gr.

Skylt er manni að láta af hendi land sitt og landsafnot í þarfir vatnsveitunnar, svo og mannvirki, og þola þær eignakvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti, sem vatnsveitan kann að hafa í för með sér, enda komi fullar bætur fyrir samkvæmt mati, ef ekki næst samkomulag.

7. gr.

Hver sá, er húseign á við götu eða veg, sem vatnsæð liggur í, á rétt á að fá tengda vatnsæð frá henni á eigin kostnað við húsið, enda sé það reist með samþykki byggingarnefndar og vatnið ætlað til heimilisþarfa.

Vatnsnot til annarra þarfa skulu að jafnaði leyfð með nánari fyrirmælum og skilyrðum, er vatnsveitan setur hverju sinni.

Vélar og önnur tæki, þau er nota vatn, önnur en venjuleg heimilistæki, má ekki tengja við hús- eða heimæðar nema að fengnu leyfi vatnsveitunnar. Einnig getur vatnsveitan fyrirskipað breytingar á eldri tækjum og vélum, ef nauðsyn krefur.

Réttur húseiganda til vatnsnota skuldbindur ekki vatnsveituna til þess að tryggja, að þrýstingur í götuæðum sé ávallt nægjanlegur.

Ef sýnt þykir, að götuæðar þær, sem fyrir eru, geti eigi séð atvinnufyrirtæki eða öðrum, sem óskar eftir vatni til annarra þarfa en heimilis, fyrir nægilegu vatni, er notanda skylt að greiða kostnað við nauðsynlegar úrbætur eftir úrskurði vatnsveitunnar.

Ef vatnsæðar hafa ekki verið lagðar í götu eða veg, þar sem óskað er eftir vatnsnotkun, getur vatnsveitan sett það skilyrði fyrir lögn vatnsæðar, að tryggt sé, að kostnaður við lögnina fáist endurgreiddur, annað hvort með beinni þátttöku notanda eða með því, að gjöld fyrir vatnsnotkun verði ákveðin með hliðsjón af kostnaðinum.

Vatnsveitan getur einnig ákveðið, að notendur, er síðar bætast við, beri hluta stofnkostnaðar við lögnina.

Vatnsveitan hefur eignarrétt og viðhaldsskyldur á dreifiæðum, enda þótt húseigendur hafi í upphafi borið að einhverju eða öllu leyti þann kostnað, er af lögninni leiddi, nema öðruvísi hafi verið um samið.

Vatnsveitan skal á eigin kostnað koma fyrir brunahönum eftir fyrirsögn slökkviliðsstjóra.

8. gr.

Sá, er óskar eftir að leggja vatnsveituæð að húsi sínu, leggja nýlagnir, gera breytingar á eða viðbætur við eldri vatnslagnir, skal með nægum fyrirvara fá til þess leyfi hjá vatnsveitunni.

Umsóknir skulu skrifaðar á eyðublöð, sem fást í skrifstofu vatnsveitunnar, og skulu þær undirritaðar af eiganda hússins eða fullgildum umboðsmanni hans, ásamt pípulagningameistara þeim, sem verkið á að annast.

Með umsókninni fylgi uppdráttur af vatnslögninni í tvíriti og eigi í minni mælikvarða en 1:100.

Uppdrátturinn skal gerður af þar til hæfum manni, er hlotið hefur til þess löggildingu sveitarstjórnar.

Uppdrátturinn skal sýna gerð og stærð allra vatnsæða, loka og krana, bæði utanhúss og innan. Á afstöðunni skal sýnd og málsett lega heimæðar frá húsvegg að tengistað við vatnsveituæð. Gert skal ráð fyrir vatnsmæli á óskiptri húsæð, og skal honum afmarkaður staður á uppdrætti. Álíti vatnsveitan nauðsyn á, að gerðir séu nánari uppdrættir eða séruppdrættir, skulu þeir látnir í té.

Ef uppdrættir eru ekki til af gömlum vatnslögnum, sem breyta á, getur vatnsveitan krafizt þess, að þeir séu gerðir, og ber húseigandi allan kostnað af því.

Ef vatnsveitan samþykkir uppdrátt, skal á hann færð áritun um það.

Pípulagningameistari sá, er verkið á að vinna, ritar nafn sitt á eintak vatnsveitunnar, áður en verkið hefst. Sé skipt um pípulagningameistara, meðan á verki stendur, skal það tilkynnt vatnsveitunni.

Uppdráttur, áritaður af vatnsveitunni og viðkomandi pípulagningameistara, skal ávallt vera á vinnustað. Með áritun tekur vatnsveitan enga ábyrgð á því, að hægt sé að framkvæma verkið vegna leiðslna eða annars, sem kann að vera því til fyrirstöðu.

9. gr.

Pípulagningameistarar, löggiltir af sveitarstjórn, hafa einir rétt til þess að annast vatnslagnir, og gildir það um nýlagnir jafnt sem viðbætur við eða breytingar á eldri vatnslögnum. Þeir bera og ábyrgð á, að allar lagnir séu í samræmi við samþykkt þessa, nánari fyrirmæli, er kunna að verða sett, og samþykktan uppdrátt.

Ef pípulagningameistari brýtur í bág við fyrirmæli samþykktar þessarar eða reglna, settra samkvæmt þeim, eða brot er framið af starfsmönnum, sem hann ber ábyrgð á, getur vatnsveitan veitt honum áminningu. Enn fremur má svipta hann löggildingu, ef um miklar sakir er að ræða eða ítrekað brot.

10. gr.

Vatnsveitan skal hafa eftirlit með því, að nýlagnir séu í samræmi við samþykktan uppdrátt og samþykkt þessa.

Engar vatnsæðar má hylja, fyrr en þær hafa verið viðurkenndar af vatnsveitunni.

Vatnsveitan hefur rétt til þess að láta þrýstiprófa vatnslagnir á kostnað húseigenda, og sé það gert, skal pípulagningarmeistari sá, er ábyrgð ber á verkinu, vera viðstaddur og aðstoða starfsmenn vatnsveitunnar við prófunina.

Álíti eftirlitsmaður vatnsveitunnar, að verk sé eigi framkvæmt samkvæmt ákvæðum samþykktar þessarar eða öðrum reglum, er settar kunna að verða, getur hann stöðvað verkið, þar til bætt hefur verið úr því, sem áfátt kann að vera.

11. gr.

Vatnsveitan lætur leggja vatnsleiðslur, aðalæðar og götuæðar.

Frá vatnsæðum veitunnar má enginn leggja vatnsæðar nema með leyfi vatnsveitunnar og eftir að hafa greitt tengigjald.

Allar vatnsæðar frá vatnsveituæðum að húsi og í því eru eign húseiganda og ber hann kostnað af lögn þeirra og viðhaldi.

Vatnsveitan getur ákveðið, að heimæðar eða hluti þeirra skuli lagður af starfsmönnum hennar, en á kostnað húseiganda.

Að jafnaði fær hvert hús leyfi fyrir einni heimæð. Óski húseigandi eftir fleiri heimæðum, ber honum að sækja sérstaklega um það til vatnsveitunnar. Óheimilt er að tengja saman húsæðakerfi við tvær eða fleiri heimæðar.

Vatnsveitan getur ákveðið, að fleiri en eitt hús séu tengd sömu heimæð, og gefur þá fyrirmæli um vídd og legu æðarinnar. Hún getur ákveðið, hvernig skipt skuli kostnaði við slíkar framkvæmdir, ef aðilar verða ekki ásáttir um slíkt.

Óski húseigandi að tengja við gamla heimæð, skal fá leyfi til þess bæði hjá eiganda heimæðarinnar og vatnsveitunni.

Því aðeins er heimilt að tengja heimæðar við hús, að þau séu fokheld og upphituð.

Húseiganda ber skylda til að halda við vatnslögnum sínum á eigin kostnað og láta gera við leka, þegar er hans verður vart. Þótt leka hafi ekki orðið vart, getur vatnsveitan, ef hún telur brýna þörf á, lagt fyrir húseiganda að endurnýja vatnslagnir sínar að nokkru eða öllu leyti.

Vanræki húseigandi viðhald á vatnslögnum sínum, er vatnsveitunni heimilt að annast viðgerð á kostnað hans.

12. gr.

Vatnsveitan ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, er leiða kann af rekstrartruflunum, er verða vegna vinnu við æðar vatnsveitunnar eða af öðrum ástæðum.

Ef eldsvoða ber að höndum, hafa slökkvilið, lögregla og starfsmenn vatnsveitunnar heimild til þess að gera hverjar þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar mega teljast, hvort heldur á vatnsæðum í einkaeign eða eign vatnsveitunnar.

13. gr.

Til að standa straum af kostnaði við vatnsveituna, skal innheimta vatnsskatt af fasteignum, og skal skatturinn miðaður við gjaldskrá vatnsveitunnar.

Vatnsskatt skal innheimta af öllum húsum í lögsagnarumdæmi hreppsins, sem standa við götu eða opin svæði, þar sem vatnsæðar liggja. Nú er hús, sem greiða ber af vatnsskatt, ekki virt fasteignamatsvirðingu, og ákveður þá vatnsveitan skattinn.

Aukavatnsskatt má leggja á verksmiðjur, baðhús, iðnaðarfyrirtæki og önnur atvinnufyrirtæki og aðra, er nota vatn til annars en heimilisþarfa.

Aukavatnsskatt skal að jafnaði greiða samkvæmt mældri notkun, og ákveður sveitarstjórn gjald fyrir hvern m^3.

Nú er vatn notað án mælis, þar sem svo hagar til, sem í 3. mgr. segir, og skal þá vatnsveitan ákveða aukaskatt samkvæmt áætlaðri notkun.

Nú sættir húseigandi og/eða vatnsnotandi sig eigi við ákvörðun vatnsveitunnar á aukavatnsskatti, og getur hann þá krafizt þess, að vatnsnotkun hans verði mæld um eins mánaðar skeið eftir vali vatnsveitunnar, og verður aukavatnsskattur þess árs þá ákveðinn hlutfallslega við útkomu þeirrar mælingar.

Sveitarstjórn getur ákveðið, að vatn til heimilisþarfa verði selt eftir mæli, og sett um það sérákvæði.

14. gr.

Reikningsár vatnsveitunnar er almanksárið og annast sveitarstjóri reikningshald, innheimtu og greiðslur vatnsveitunnar.

Vatnsskattur fellur í gjalddaga 15. janúar ár hvert. Þar sem aukavatnsskattur er ákveðinn, er heimilt að greiða skattinn á 4 gjalddögum í lok hvers ársfjórðungs, eftir nánari ákvörðun vatnsveitunnar.

Vatnsskatt má taka lögtaki, og er hann tryggður með lögveðrétti í eigninni næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

15. gr.

Verði vatnsnotandi uppvís að óhóflegri notkun vatns eða hliti ekki fyrirmælum vatnsveitunnar um viðhald eða breytingu vatnsæða, hefur vatnsveitan rétt til þess að loka heimæð hans að undangenginni aðvörun.

Vatnsveitunni er heimilt að skammta vatn til annars en heimilisnotkunar. Enn fremur getur hún krafizt þess, að fyrirtæki, er mikið vatn nota, afli sér sparneytnari véla eða setji upp geyma til söfnunar vatns að næturlagi. Ef fyrirmælum vatnsveitunnar er eigi sinnt innan hæfilegs frests, er heimilt að loka fyrir heimæð fyrirtækisins.

Vatnsveitunni er heimilt að taka gjald fyrir opnun heimæðar, sem lokað hefur verið af ofangreindum ástæðum.

16. gr.

Óheimilt er að tengja vatnsdælur við heimæðar án leyfis vatnsveitunnar. Sé leyfi veitt til slíkrar tengingar, er það háð því skilyrði, að þannig sé frá dælu gengið, að hávaði frá henni valdi eigi óþægindum.

Vatnsveitan getur krafizt þess, að húseigandi geri sérstakar ráðstafanir til deyfingar á hávaða frá dælu.

17. gr.

Vatnsæðar og tæki skulu þannig tengd, að eigi sé hætta á, að vatnið í æðunum óhreinkist.

Óheimilt er að tengja saman æðar vatnsveitunnar og einkavatnsæðar frá öðrum vatnsbólum.

Óheimilt er að tengja saman vatnsveitu og hitaveitu, og skulu blöndunartæki hafa óhrindrað rennsli í frárennslisstút.

Óheimil er öll meðferð vatnstækja, sem valdið getur óhreinkun á vatni í vatnsveituæð eða heimæð.

18. gr.

Sveitarstjórn getur sett nánari reglur um framkvæmd þeirra mála, er reglugerð þessi fjallar um.

Jafnframt getur hún veitt undanþágur frá reglugerðinni, ef hún telur gildar ástæður til slíks.

19. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 5 000.00 nema þyngri refsing liggi við að lögum. Með mál út af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af sveitarstjórn Mosfellshrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 19. febrúar 1973.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð fyrir Vatnsveitu Hríseyjar, nr. 250 31. desember 1965.

1. gr.

8. grein orðist þannig:

Húseigandi, sem beiðist tengingar við vatnsæðar vatnsveitunnar, skal leggja fram teikningar af vatnskerfi sínu, ef óskað er. Húseigandi skal greiða tengigjald til vatnsveitunnar, áður en tenging fer fram og skal það miðað við rúmmál húss hans að utanmáli. Er gjaldið kr. 6.00 á hvern rúmmetra húss allt að 2000 rúmmetra stærð, en kr. 4.00 á hvern rúmmetra, sem þar er umfram.

2. gr.

9. grein orðist þannig:

Árlegur vatnsskattur skal miðast við rúmmál húss að utanmáli. Gjaldið skal vera kr. 4.00 á hvern rúmmetra húss allt að 350 rúmmetra stærð, en kr. 3.00 á hvern rúmmetra, sem þar er umfram. Upphæð vatnsskatts skal þó aldrei vera lægri en kr. 1 000.00 fyrir hverja skattskylda fasteign. Þó skal aldrei reikna vatnsskatt af húsi það ár, sem bygging fer fram. Vatnsskatt skal greiða af öllum húseignum á vatnsveitusvæðinu, sem vatni er veitt í eða næst til vatnsæðar frá. Fyrir tímabundin eða sérstök vatnsnot skal greiða sem hér segir, auk vatnsskatts:

a. Vatnsnotkun í steypu til iðnaðar kr. 10.00 fyrir hver 100 kg af sementsnotkun.
b. Fyrir vatnsnotkun í sláturhúsum skal greiða aukagjald kr. 10.00 á hverja slátraða skepnu.
c. Fyrir vatnsnotkun við síldarsöltun skal greiða kr. 10.00 á hverja uppsaltaða tunnu síldar. Sama gjald fyrir hverja tunnu af söltuðum hrognum. Fyrir sjósaltaða síld, sem lögð er á land til pökkunar eða pæklunar, skal greiða kr. 5.00 fyrir hverja útskipaða tunnu.
d. Fyrir vatnsnotkun til síldarbræðslu skal greiða kr. 35.00 fyrir hvert landað síldartonn og kr. 20.00 fyrir hvert landað tonn af öðrum afla.
e. Vatnsnotkun við fiskverkun og fiskvinnslu skal greidd með kr. 15.00 á hverja smálest af innvegnum fiski, þar sem ekki er vatnsmælir.
f. Hríseyjarhöfn greiðir vatnsskatt eftir mati vatnsveitunnar.
g. Gjöld fyrir ótalin vatnsnot skulu fara eftir ákvörðun vatnsveitunnar.

3. gr.

10. grein orðist þannig:

Þar sem vatnsnot eru mikil eða komi í ljós, að þau séu óeðlileg, er sveitarstjórn heimilt að krefjast aukavatnsskatts samkvæmt mælingu eða eftir ákvörðun sveitarstjórnar. Aukavatnsskattur skal miðast við kr. 2.50 á hvern rúmmetra vatns. Nú sættir húseigandi og/eða vatnsnotandi sig eigi við ákvörðun vatnsveitunnar á aukavatnsskatti og getur hann þá krafizt þess, að vatnsnotkun hans verði mæld um eins mánaðar skeið, eftir vali vatnsveitunnar. Verður aukavatnsskattur þess árs þá ákvarðaður hlutfallslega við útkomu þeirrar mælingar.

4. gr.

11. grein orðist þannig:

Þar sem vatn er selt samkvæmt mæli, greiðir húseigandi kostnað við uppsetningu mælisins. Vatnsveitan sér um eðlilegt viðhald mælisins, en allar skemmdir

af mannavöldum og frostum ber húseiganda að bæta. Ef maður rýfur innsigli vatnsmælis, varðar það refsingu samkvæmt almennum hegningarlögum. Verði vatnsmæli ekki komið fyrir án breytinga á vatnslögn hússins, er húseiganda skylt að láta breyta lögninni á sinn kostnað. Vatnsveitan sjálf ákveður stærð og gerð mælis í samræmi við vatnsnotkun á hverjum stað. Ber húseiganda að tilkynna vatnsveitunni tafarlaust um bilanir á vatnsmæli, er hann kann að verða þeirra var.

5. gr.

12. grein orðist þannig:

Vatnsskattur fellur í gjalddaga 2. janúar ár hvert og ber að greiða skattinn á skrifstofu hreppsins. Aukavatnsskattur samkvæmt mæli greiðist í lok hvers ársfjórðungs.

6. gr.

13. grein orðist þannig:

Gjöld samkvæmt reglugerð þessari eru miðuð við fasteignamat 1972, og skulu þau breytast síðar, í samræmi við gildandi meðal-fasteignamat hvers rúmmetra húss, á hverjum tíma. Sveitarstjórnin getur hækkað og lækkað um allt að 50% framantalin gjöld, öll þeirra eða hvert um sig, án þess að leita þurfi staðfestingar ráðuneytisins.

7. gr.

14. grein orðist þannig:

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 100 000.00 nema þyngri refsing liggi fyrir að lögum. Mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið með sem opinber mál.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 20. febrúar 1973.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.

Nr. 56. 20. febrúar 1973.

REGLUGERÐ

um holræsi í Hríseyjarhreppi.

1. gr.

Þegar Hríseyjarhreppur hefur látið leggja holræsi í veg, götu eða annað opið svæði eða þar sem hreppurinn hefur tekið að sér viðhald og endurnýjun holræsa, er þeim húseigendum, er þar eiga húseign að eða í námunda við og til holræsa geta náð, skylt að leggja á sinn kostnað holræsi frá húsinu, er flytji allt skólp frá því út í aðalræsið. Regnvatn af húsum og lóðum skal einnig, ef unnt er, leiða í ræsið eða sérstakt holræsi fyrir ofanjarðarvatn, ef gert er, samkvæmt fyrirmælum verkstjóra. Vanræki einhver að láta gera nýtt holræsi eða endurnýja eldra, innan hæfilegs frests, sem sveitarstjórn ákveður, getur hreppurinn látið vinna verkið á kostnað húseiganda.

2. gr.

Hríseyjarhreppur lætur leggja holræsastúta út frá aðalræsi í nýjum götum, sem hann lætur gera eftir 1. janúar 1973. Skulu stútar þessir ná út fyrir götu

að lóðarmörkum húsa. Heimlagnir eru á kostnað húseiganda. Við raðhús eða fjölbýlishús skal um holræsastúta fara eftir nánari skilmálum um lóðaúthlutun.

3. gr.

Sveitarstjóri, verkstjóri og byggingarfulltrúi, undir yfirstjórn sveitarstjóra, fara með stjórn framkvæmda, er holræsakerfi kauptúnsins varðar. Heimilt er sveitarstjóra að fela sérstökum umsjónarmanni yfirstjórn holræsakerfisins. Áður en húseigandi byrjar að leggja holræsi sitt, skal fá samþykki umsjónarmanns þar til. Skal húseigandi leggja fram teikningar af frárennsliskerfi sínu, ef krafizt verður. Skylt er húseiganda að hlýða fyrirmælum umsjónarmanns á öllu því, er að tilhögun og lagningu ræsanna lýtur, enda hafi starfsmenn hreppsins ávallt eftirlit með því, að vel og örugglega sé frá öllu gengið.

4. gr.

Allt efni, sem notað er til holræsagerðar, skal standast kröfur byggingarsamþykktar, en auk þess getur byggingarnefnd sett reglur um sérstaka hreinsibrunna á holræsakerfi húseiganda, þar sem ástæða þykir til.

5. gr.

Bannað er að láta renna í holræsakerfið sýrur, olíur eða önnur efni, sem valdið geta skemmdum á holræsakerfinu eða varanlegri mengun.

6. gr.

Kostnaður við aðalholræsakerfið greiðist úr sveitarsjóði, en til að standast þann kostnað, er húseigendum, sem hús eiga við veg, götu eða opið svæði, þar sem holræsi er lagt í, skylt að greiða árlega holræsagjald, sem nemur 0.10% af hinu opinbera fasteignamati húss eins og það er reiknað á hverjum tíma. Undanþága frá greiðslu hins almenna fasteignaskatts skapar ekki undanþágu frá greiðslu holræsagjalds. Gjald þetta getur sveitarstjórnin hækkað um allt að 50%, án þess að leita þurfi staðfestingar ráðuneytisins.

7. gr.

Holræsagjaldið greiðist af húseiganda og er hann einn ábyrgur fyrir greiðslu þess gagnvart sveitarsjóði. Kröfur, sem sveitarsjóður kann að öðlast samkvæmt reglugerð þessari, má taka lögtaki á kostnað gjaldanda og eru gjöld þessi tryggð með lögveði í húseigninni í næstu 2 ár eftir gjalddaga, með fasteignamatsveði fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði. Gjalddagi holræsagjalds er 2. janúar ár hvert.

8. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 100 000.00, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 20. febrúar 1973.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð fyrir Vatnsveitu Hafnarhrepps, Höfn, Hornafirði, nr. 120 6. maí 1969.

1. gr.

10. grein orðist svo:

Af öllum íbúðarhúsum í Hafnarhreppi, sem tengd eru vatnsveitu hreppsins, skal greiða árlega vatnsskatt, er nemi 0.10% af fasteignamatsverði húsa og lóða þeirra. Vatnsskattur skal þó aldrei lægri vera en kr. 1 500.00 á hverri húseign eða sjálfstæðri íbúðarhæð. Séu fleiri en ein íbúð í sama húsi skal greiða ½ lágmarksgjald af hverri íbúð, sem búið er í umfram eina í hverju húsi. Sé íbúð eigi virt fasteignamatsvirðingu skal greiða vatnsskatt samkvæmt lágmarksákvæðum þessarar greinar.

2. gr.

11. grein orðist svo:

Af öðrum húsum, sem nota vatn til annarra þarfa en heimilisnotkunar, vegna atvinnu, sem í þeim er rekin, svo sem verksmiðjur, þvottahús, iðnaðarfyrirtæki, gistihús, frystihús, verbúðir, benzínafgreiðslur, þvottaplön o. fl. skulu greiða vatnsskatt, er nemi 0.30% af fasteignamati húsa og lóða. Þó aldrei minna en 1 500.00 af hverri húseign. Auk þess er hreppsnefnd heimilt að láta þvottaplön, sem rekin eru til þvotta á bifreiðum t. d. í sambandi við eldsneytissölur, greiða kr. 5 000.00 á ári fyrir vatnsnotin.

3. gr.

12. grein orðist svo:

Hreppsnefnd er heimilt að setja upp vatnsmæla hjá þeim fyrirtækjum og einstaklingum, sem nota mikið vatn, skal þá greiða krónur 3.00 — þrjár krónur — af smálest, auk þess vatnsskatts, sem um getur í 11. gr. Hreppsnefnd sér um útvegun og uppsetningu mælanna en vatnsnotandi skal greiða árlega mælaleigu kr. 400.00 — fjögur hundruð krónur — fyrir hvern mæli. Þó eru þvottaplön fyrir bifreiðar undanskilin, ef þau greiða vatnsskatt samkvæmt síðustu málsgrein 2. greinar.

4. gr.

13. grein fyrri hluti orðist svo:

Fyrir vatn til skipa og báta greiðist kr. 30.00 fyrir smálest. Minnsta gjald skal þó vera kr. 60.00 fyrir fiskiskip og kr. 80.00 fyrir önnur skip. Þó skal hreppsnefnd heimilt að setja fast árgjald fyrir neyzluvatn til skipa og báta, sem gerðir eru út frá Höfn í Hornafirði.

Síðari kafli 13. greinar helzt óbreyttur.

5. gr.

16. grein orðist svo:

Í stað orðanna „Gjalddagi vatnsskatts er 1. apríl“ komi „gjalddagi vatnsskatts er sá sami og gjalddagi fasteignaskatts“.

6. gr.

18. grein orðist svo:
Í stað 2 000.00 krónur“ komi „10 000.00 krónur.“

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 21. febrúar 1973.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.

21. febrúar 1973. Nr. 58.

REGLUGERÐ

um holræsi í Hafnarhreppi, Höfn, Hornafirði.

1. gr.

Þegar Hafnarhreppur hefur látið leggja holræsi í veg, götu eða annað opið svæði, eða þar sem hreppurinn hefur tekið að sér viðhald og endurnýjun eldri holræsa, er þeim húseigendum, er þar eiga hús að eða í námunda við, skylt að leggja á sinn kostnað holræsi frá húsinu, er flytji allt skólp frá því út í aðalræsið. Regnvatn af húsum og lóðum skal einnig, svo sem unnt er, leiða í ræsið. Vanræki einhver að gera holræsi eða endurnýja eldra, innan hæfilegs tíma, sem sveitarstjóri ákveður, getur hreppurinn látið vinna verkið á kostnað húseigenda.

2. gr.

Hafnarhreppur lætur leggja holræsastúta út frá aðalræsi í nýjum götum, sem hann lætur gera eftir 1. janúar 1973. Skulu stútar þessir ná út fyrir götu að lóðamörkum húsa. Heimlagnir eru á kostnað húseigenda. Við raðhús eða fjölbýlishús skal um holræsastúta fara eftir nánari skilmáum um lóðaúthlutun.

3. gr.

Sveitarstjóri, verkstjóri og byggingarfulltrúi undir yfirstjórn sveitarstjórnar, fara með stjórn framkvæmda, er holræsakerfi kauptúnsins varðar. Heimilt er sveitarstjórn að fela sérstökum umsjónarmanni yfirstjórn holræsakerfisins. Áður en húseigandi byrjar að leggja holræsi sitt skal fá samþykki umsjónarmanns þar til. Skal húseigandi leggja fram teikningar af frárennsliskerfi sínu, ef krafizt verður. Skylt er húseiganda að hlýða fyrirmælum umsjónarmanns í öllu því, er að tilhögun og lagningu ræsanna lýtur, enda hafi starfsmenn hreppsins ávallt eftirlit með því, að vel og örugglega sé frá öllu gengið.

4. gr.

Allt efni, sem notað er til holræsagerðar, skal standast kröfur byggingarsamþykktar, en auk þess getur byggingarnefnd sett reglur um sérstaka hreinsibrunna á holræsakerfi húseigenda, þar sem ástæða þykir til.

5. gr.

Bannað er að láta renna í holræsakerfið sýrur, olíur eða önnur efni, sem valdið geta skemmdum á holræsakerfinu eða varanlegri mengun.

6. gr.

Kostnaður við aðalholræsakerfið greiðist úr sveitarsjóði. Til að standast þann kostnað, er húseigendum, sem hús eiga við veg, götu eða opið svæði, þar sem holræsi er lagt í, skylt að greiða árlega holræsagjald til sveitarsjóðs, sem nemur 0.10% af fasteignamati húsa eins og það er reiknað á hverjum tíma. Lágmarksgjald skal þó vera kr. 500.00. Holræsagjaldið getur sveitarstjórn hækkað um allt að 50% án þess að leita þurfi staðfestingar ráðuneytisins.

7. gr.

Holræsagjaldið greiðist af húseiganda og er hann einn ábyrgur fyrir greiðslu þess gagnvart sveitarsjóði. Kröfur, sem sveitarsjóður kann að öðlast samkvæmt reglugerð þessari, má taka lögtaki á kostnað gjaldenda og eru gjöld þessi tryggð með lögveði í húseigninni í næstu 2 ár eftir gjalddaga, með fasteignamatsveði fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði. Gjalddagi holræsagjalda er hinn sami og fasteignaskatts.

8. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 100 000.00, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 21. febrúar 1973.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.

Nr. 59. 21. febrúar 1973.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 209/1958, um holræsi á Seyðisfirði.

1. gr.

4. grein orðist svo:

Kostnaður við holræsagerð bæjarins greiðist úr bæjarsjóði. Til þess að standast útgjöld þau, sem stafa af lagningu holræsa ber hverjum þeim, sem hús á, lóð eða lóðarréttindi við götu, veg eða opið svæði, sem bærinn hefur lagt holræsi í, að greiða árlega til bæjarins 0.15% af fasteignamati húss og lóðar, þó aldrei minna en kr. 1 000.00 af húsi eða hluta af húsi, sem talið er sér í fasteignamati, enda sé skólplögn að viðkomandi húseign eða húshluta. Undanþágu eða ívilnun má þá veita, ef lóð er svo háttað, að auðveldara er að koma skólpi eða afrennsli frá henni á annan hátt en í aðalræsið eða erfiðara er að koma því á aðalræsið, en frá öðrum lóðum yfirleitt. Aukagjald má leggja á, ef skólp frá einhverri lóð er þannig að telja má meiri útgjöld stafa af að koma því burt en öðru skólpi. Gjöld samkvæmt grein þessari er bæjarstjórn heimilt að hækka eða lækka um 50 af hundraði án þess, að samþykki ráðuneytisins komi til.

2. gr.

6. gr. i.f. orðist svo:
Árlegur gjalddagi holræsagjalds er 15. janúar ár hvert.

Reglugerðarbreyting þessi, sem bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 21. febrúar 1973.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.

21. febrúar 1973. Nr. 60.

GJALDSKRÁ

fyrir Vatnsveitu Seyðisfjarðarkaupstaðar.

Vatnsskattur.

1. gr.

Fyrir hvert hús, sem fær vatn frá Vatnsveitu Seyðisfjarðarkaupstaðar, skal greiða tengigjald kr. 6.00 á hvern rúmmetra húss allt að 2 000 rúmmetra stærð, en kr. 4.00 á hvern rúmmetra, sem þar er umfram.
Tengigjald skal greiðast að fullu áður en tenging fer fram.

2. gr.

Árlegur vatnsskattur skal reiknast af heildarmati hverrar fasteignar þ. e. mat mannvirkja og lóða samkvæmt lögum um fasteignamat og fasteignaskráningu nr. 28 29. apríl 1963.
Upphæð vatnsskattsins skal vera 0.15% af framangreindu mati.
Lágmarksupphæð vatnsskatts fyrir hverja skattskylda fasteign skal aldrei vera lægri en kr. 1 000.00.
Ekki skal reikna vatnsskatt af húsi það ár, sem bygging þess hefst.

Aukavatnsskattur.

3. gr.

Auk vatnsskatts samkvæmt 2. gr. skal greiða aukavatnsskatt fyrir verksmiðjur, iðnfyrirtæki (vinnslustöðvar), útgerðarstöðvar, sláturhús, frystihús, efnalaugar, þvottahús, bifreiðaþvottastöðvar, svo og aðrir, sem nota vatn til annars en heimilisþarfa.

4. gr.

Aukavatnsskatt skal innheimta samkvæmt mæli eða áætlun vatnsveitunnar með kr. 2.50 fyrir hvern teningsmetra vatns.

5. gr.

Vatnsveitan lætur notendur í té löggilta vatnsmæla og er ársleiga fyrir hvern mæli kr. 500.00.

6. gr.

Vatnsveitan ákveður verðskilmála og tilhögun á vatnssölu til skipa í samráði við hafnarnefnd.

7. gr.

Fyrir önnur vatnsafnot en þau, sem að framan eru talin, skal hverju sinni greiddur aukavatnsskattur eftir ákvörðun vatnsveitunnar.

8. gr.

Bæjarstjórn getur ákveðið að hækka eða lækka gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari um allt að 50%, án samþykkis ráðuneytis.

9. gr.

Gjaldár vatnsveitunnar er almanaksárið. Gjalddagi vatnsskatts húsa er 15. janúar ár hvert og greiðist vatnsskatturinn í einu lagi fyrir líðandi ár.

Vatnsskattur samkvæmt 3. gr. fellur í gjalddaga mánaðarlega við aflestur mælis.

Vatnsskattinn má taka lögtaki og er hann tryggður með lögveði í eignum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsveði fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu vatnsskatts vegna húss síns. Eigandi fyrirtækis ber ábyrgð á greiðslu vatnsskatts vegna atvinnureksturs síns. Útgerðarmaður skips eða skipstjóri ber ábyrgð á greiðslu vatns til skipa.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt eru úr gildi felldar 9.—13. gr. reglugerðar nr. 169/1965 með breytingum nr. 281/1966.

Félagsmálaráðuneytið, 21. febrúar 1973.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.

Nr. 61. 21. febrúar 1973.

VIÐAUKI

við byggingarsamþykkt Biskupstungnahrepps í Árnessýslu nr. 23/1968.

1. gr.

Sumarbústaður samkv. samþykkt þessari er hús, sem aðeins er ætlað til samfelldrar dvalar að sumri til, en á öðrum tíma árs aðeins endrum og eins, einkum um helgar.

2. gr.

Reisa má sumarbústaði á þeim svæðum í hreppnum, þar sem slíkt er ákveðið í aðalskipulagi, svo og á þeim svæðum öðrum, þar sem hreppsnefnd og skipulagsstjórn ríkisins samþykkja.

3. gr.

Nú óskar eigandi (eigendur) lands, þar sem reisa má sumarbústaði, heimildar til að skipta því í sumarbústaðalönd, og skal hann þá senda hreppsnefnd uppdrátt af landinu ásamt tillögum sínum um skipulag landsins í stórum dráttum, sbr. reglugerð nr. 217/1966 25. gr. Ef hreppsnefnd eða skipulagsstjórn geta ekki fallizt á tillögur, skv. 1. mgr., skal hún svo fljótt sem verða má, tilkynna landeiganda hverju hún telur áfátt.

4. gr.

Hreppsnefnd getur ákveðið, að landeigandi leggi fram land undir vegi og sameiginleg útivistarsvæði allt að ⅓ af heildarflatarmáli þeirra sumarbústaðalanda, er samþykki hennar nær til, sbr. 30. gr. í lögum nr. 19/1964.

5. gr.

Þegar hreppsnefnd og skipulagsstjórn hafa samþykkt tillögu að skipulagi landsins og heimilað skiptingu, samkv. 3. gr., skal eigandi láta gera uppdrátt að hverju landi fyrir sig, sem hann selur eða leigir, í mælikvarða ekki minni en 1:1000, og skal sá uppdráttur fylgja afsali.

Á uppdrætti skal sýna:

1. Hugsanlega staðsetningu húss, bílastæða og bílskýlis, ef um slíkt verður að ræða.
2. Vatnsból (þar með taldar horholur eftir vatni), sem kunna að vera á landinu eða í næsta nágrenni þess, ef hætta er talin á mengun þess.
3. Fyrirhugaða rotþró, nema sýnt sé fram á að veita megi skólpi brott á annan hátt, en ekki má setja rotþró nær mörkum en 10 metra.
4. Raflínur og aðrar lagnir, sem taka þarf tillit til í sambandi við notkun landsins.
5. Hvar aðkoma að landinu sé fyrirhuguð frá opinberum vegi og hver sé stærð landsins, en að jafnaði skulu sumarbústaðalönd ekki vera minni en 0.5 hektarar, nema í sumarbústaðahverfum, þar skal lágmarksstærð lóðar vera 2000 fermetrar.

6. gr.

Þegar eigandi sumarbústaðalands ráðstafar slíku landi með afsali eða leigusamningi, skal hann kynna kaupanda (leigutaka) hverjum skilyrðum byggingarleyfi og notkun lands er háð.

Ekki má þinglýsa afsali eða leigusamningi, nema hreppsnefnd hafi hafnað forkaupsrétti (forleigurétti) og staðfest þá ákvörðun með áritun á afsal eða leigusamning. Við áritun á afsal eða leigusamning skal þess gætt, að skilyrða, samkv. 1. mgr., sé getið í texta eða á viðfestu blaði, þannig að ekki verði um villzt. Í afsali (leigusamningi) eða á viðfestu blaði skal taka fram eftirfarandi atriði eftir því, sem þau geta átt við:

1. Til hve langs tíma byggingarleyfið gildir, en hreppsnefnd ákveður þann tíma fyrir hvert einstakt svæði, þar sem heimilt er að reisa sumarbústaði. Leyfistími skal þó aldrei vera lengri en 25 ár í senn.
2. Hámarksstærð sumarbústaðar er 55 ferm. Að jafnaði má hann ekki vera hærri en ein hæð og skulu teikningar af bústaðnum lagðar fram í þríriti ásamt afstöðumynd.
3. Sumarbústaður má ekki standa nær mörkum en 10 metra og ekki nær vegi en 15 metra. Girðingar á mörkum skulu vera limgerði eða lágar einfaldar girðingar, nema hreppsnefnd heimili annað.
4. Sumarbústaðir skulu gerðir úr timbri eða öðru léttu efni.
5. Eiganda sumarbústaðar er skylt að ganga frá rotþró eða skólpveitu, olíugeymi vegna upphitunar, þar sem slíkt er leyft og geymslu sorps og eyðingu þess (brottflutningi) þannig að fullnægjandi sé að dómi hreppsnefndar (heilbrigðisnefndar).
6. Eiganda er skylt að hlíta reglum, er hreppsnefnd kann að setja um lagnir vatns og frárennslis, rafmagns og síma og annan tæknilegan útbúnað.
7. Eftir að byggingarleyfi er fallið úr gildi, getur hreppsnefnd krafizt þess, að sumarbústaður og önnur mannvirki verði fjarlægð henni að kostnaðarlausu. Tilkynna skal slíka ákvörðun með að minnsta kosti 1 árs fyrirvara.

Ef sumarbústað er svo illa við haldið eða ásigkomulag að öðru leyti þannig, að til verulegrar óprýði er, og eigandi sinnir ekki áminningu um að bæta úr innan hæfilegs tíma, er hreppsnefnd heimilt að láta fjarlægja hann á kostnað eiganda. Heimild er þó háð því, að tveir dómkvaddir menn votti, að ástand bústaðarins sé slíkt, sem að framan greinir.

8. Um þrifnað á sumarbústaðalöndum og aðkeyrslu, skulu gilda ákvæði hreppsnefndar (heilbrigðisnefndar) eftir því sem þau geta átt við hverju sinni.
9. Í leigusamningi eða afsali skal auðkenna land með nafni og/eða númeri, þannig að ekki verði um villzt.
10. Jafnframt því, að hreppsnefnd veitir leyfi til skiptingar lands í sumarbústaðalönd greiðir landkaupandi eða leigjandi: Við afhendingu byggingarleyfis í hreppssjóð sérstakt gjald eftir reglum, er hreppsnefnd setur. Gjald þetta skal vera fyrir 25 fermetra hús kr. 15 000.00, síðan kr. 1 000.00 til viðbótar á hvern fermeter umfram 25 fermetra. Hámarksgjald skal þó vera kr. 35 000.00 og er þá miðað við hámarksstærð, samkv. 2. tl. 6. gr.

Auk þessa er hreppsnefnd heimilt að innheimta eftirlitsgjald að fjárhæð kr. 1 000.00 árlega af hverju sumarbústaðalandi vegna nauðsynlegrar gæzlu og eftirlits.

Á gjöld samkvæmt grein þessari má koma álag, sem nemur hækkun vísitölu byggingarkostnaðar, eftir að reglugerð þessi öðlast gildi.

7. gr.

Byggingarnefnd veitir byggingarleyfi fyrir sumarbústöðum og skulu uppdrættir gerðir eftir þeim reglum, sem settar eru í byggingarsamþykkt, eftir því sem þær geta átt við.

8. gr.

Nú óskar eigandi lands, þar sem reisa má sumarbústaði, að skipuleggja þar sumarbústaðasvæði, er sé undir stjórn félagssamtaka, og skulu þá gilda reglur 2.—6. gr., eftir því sem þær geta átt við. Heimila má, að land slíks sumarbústaðasvæðis sé óskipt, og er þá leyfilegt að reisa stærri sumarbústaði, en segir í 6. gr. og þó eigi stærri en 65 fermetra.

Ef um er að ræða sumarbústaðasvæði eins og að ofan greinir, getur hreppsnefnd áskilið tiltekna samræmda gerð húsa, að því er varðar þök og útlit. Hún getur og áskilið, að á skipulagi séu sameiginleg leiksvæði, gróðurbelti, gangstígar, bílastæði og annað slíkt. Um gerð og viðhald sameiginlegra mannvirkja skal höfð hliðsjón af 3. kafla laga nr. 19/1959 um réttindi og skyldur sameigenda.

9. gr.

Nú vill eigandi sumarbústaðalands selja það, með eða án mannvirkja og hefur þá hreppssjóður forkaupsrétt.

10. gr.

Nú rís ágreiningur milli landeiganda og hreppsnefndar um skilning á samþykkt þessari eða framkvæmd hennar og sker þá ráðherra úr.

Viðauki þessi, sem saminn er og samþykktur af hreppsnefnd Biskupstungnahrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 19/1905, sbr. lög nr. 84/1943, til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 21. febrúar 1973.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.

Stjórnartíðindi B 6, nr. 28—61. Útgáfudagur 28. marz 1973.

STJÓRNARTÍÐINDI B 7 — 1973

27. marz 1973. 133 Nr. 62.

REGLUGERÐ
um Viðlagasjóð.

I. KAFLI

1. gr.

Sjóðurinn heitir Viðlagasjóður.
Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Stjórn sjóðsins skipa sjö menn, kosnir hlutfallskosningu af sameinuðu Alþingi, og jafnmargir varamenn, kosnir á sama hátt.
Forsætisráðherra skipar formann og varaformann sjóðsstjórnar.

3. gr.

Stjórn sjóðsins skal halda fundi svo oft, sem þörf krefur, þó eigi sjaldnar en vikulega.
Formaður boðar til funda. Hafi einhver aðalmaður í stjórninni tilkynnt um lögmæt forföll sín skal boða varamann hans.
Á stjórnarfundum ræður afl atkvæða.
Stjórnarfundur er ályktunarfær ef fimm stjórnarmenn sækja fund.
Ályktanir stjórnar og annað, er á fundum gerist, skal fært til bókar.

4. gr.

Stjórn sjóðsins ræður honum starfsfólk og ákveður laun þess. Forsætisráðherra ákveður laun stjórnarinnar.
Stjórninni er heimilt að ráða sjóðnum framkvæmdastjóra, einn eða fleiri. Setja skal þeim erindisbréf, þar sem starfsheimildir eru rækilega skilgreindar. Framkvæmdastjórum er heimilt að sitja stjórnarfundi. Hafa þeir þar málfrelsi og tillögurétt, en ekki atkvæðisrétt.

5. gr.

Fé Viðlagasjóðs, skal geymt á sérstökum reikningi hjá Seðlabanka Íslands. Seðlabankinn skal annast allt bókhald sjóðsins og daglega endurskoðun.
Þóknun til Seðlabankans skal ákveðin með samningi milli stjórnar sjóðsins og Seðlabankans. Náist ekki samkomulag um þessa þóknun, skal forsætisráðherra skera úr.
Ríkisendurskoðunin skal annast endurskoðun sjóðsins eftir sömu reglum og annarra ríkisstofnana.

6. gr.

Ársreikningar sjóðsins skulu úrskurðaðir af forsætisráðherra. Þeir skulu birtir í B-deild Stjórnartíðinda ásamt áritun ríkisendurskoðunarinnar.

B 18

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

7. gr.

Í störfum sínum skal stjórn sjóðsins hafa samráð við bæjarstjórn Vestmannaeyjakaupstaðar og aðra opinbera aðila, sem um málefni Vestmannaeyja fjalla.

8. gr.

Öllum opinberum stofnunum er skylt að láta sjóðnum í té öll þau gögn og upplýsingar, sem hann óskar og nauðsynlegar mega teljast vegna starfsemi hans.

II. KAFLI

9. gr.

Tekjur Viðlagasjóðs eru þessar:

1. Framlag ríkissjóðs 160 milljónir króna.
2. Framlag Atvinnuleysistryggingasjóðs.
3. Viðlagagjald samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 4/1973.
4. Framlög og önnur aðstoð, sem berast kann frá innlendum og erlendum aðiljum vegna náttúruhamfaranna í Vestmannaeyjum, og ekki beint til annarra nafngreindra aðilja.

Stjórn Viðlagasjóðs er heimilt að taka bráðabirgðalán til að standa straum af nauðsynlegum greiðslum þar til tekjur berast sjóðnum.

III. KAFLI

10. gr.

Sjóðurinn skal greiða allan kostnað Almannavarna ríkisins vegna náttúruhamfaranna í Vestmannaeyjum til 1. marz 1973, samkvæmt reikningum ráðsins.

Eftir 1. marz 1973 greiðir sjóðurinn aðeins þann kostnað Almannavarna ríkisins, sem leiðir af starfsemi, sem framkvæmd er að beiðni eða með samþykki sjóðsstjórnar.

11. gr.

Sjóðurinn greiðir kostnað af flutningi þeirra manna til lands, sem búsettir voru í Vestmannaeyjum 22. janúar 1973, og greitt hafa fyrir slíkan flutning, samkvæmt reikningum þessara aðilja, enda hafi flutningur farið fram fyrir 1. marz 1973.

12. gr.

Sjóðurinn greiðir sannanlegan kostnað af flutningi manna og búslóðar, þar með talinn einkabifreiða frá Vestmannaeyjum til lands á tímabilinu 23. janúar 1973 til 1. marz 1973 samkvæmt reikningum þeirra, er slíkan flutning hafa annazt eða greitt fyrir hann, enda hafi þeir ekki verið greiddir af öðrum aðiljum.

Eftir 1. marz 1973 greiðir sjóðurinn aðeins fyrir þann flutning, sem framkvæmdur er að beiðni sjóðsstjórnar eða með hennar samþykki.

13. gr.

Sjóðurinn greiðir fyrir flutning þeirra fiskiskipa, er eigi gátu gengið fyrir eigin vélarafli og flutt voru til lands á tímabilinu 23. janúar til 1. marz 1973. Sama gildir um allan búnað skipa, sem eigi var um borð í þeim hinn 23. janúar 1973 svo og veiðarfæri. Flutningskostnaður samkvæmt þessari grein greiðist til þeirrar hafnar, er fyrst var komið í frá Vestmannaeyjum, eða í geymsluhús. Kostnaður samkvæmt þessari grein greiðist þeim, er greitt hefur slíkan kostnað eða þeim, er flutning hefur annazt, enda hafi hann ekki fengið greiðslu á annan hátt.

14. gr.

Sjóðurinn greiðir kostnað af geymslu búslóða manna, sem yfirgefa urðu Vestmannaeyjar vegna náttúruhamfaranna til 31. desember 1973, enda sé geymt í geymslurými, er stjórn sjóðsins aflar eða samþykkir.

15. gr.

Sjóðurinn greiðir kostnað af flutningi véla og annars lausafjár úr verksmiðjum, fiskiðjuverum, vélsmiðjum og öðrum atvinnufyrirtækjum frá Vestmannaeyjum til lands. Þá greiðir sjóðurinn kostnað af geymslu þessara tækja til 31. desember 1973, enda sé geymt í geymslurými, er stjórn sjóðsins aflar eða samþykkir. Sjóðurinn afhendir því aðeins þessi verðmæti til eigenda, að fyrir liggi skriflegt samþykki veðhafa, er veð eiga í þessum eignum. Sjóðurinn er þó ekki skaðabótaskyldur vegna afhendingar þessara verðmæta þótt slíka yfirlýsingu skorti, ef veðhafi hefur ekki tilkynnt sjóðnum um veðið.

Nú býður sjóðurinn aðilja að flytja eða sjá um flutning á verðmætum þeim, sem um er rætt í þessari grein, en eigandi eða umráðamaður vill eigi láta flytja verðmætin og greiðir sjóðurinn þá ekki síðar fyrir flutning og greiðir engar bætur vegna þessara verðmæta þótt farast kunni, nema öðruvísi verði ákveðið af stjórn sjóðsins, hverju sinni.

16. gr.

Verði við flutning eða geymslu í umsjá sjóðsins, skemmdir á verðmætum þeim, er um ræðir í 12., 13., 14. og 15. gr., sem tjónþoli fær eigi bættar frá öðrum aðiljum, skal sjóðurinn greiða bætur vegna þessa.

Sjóðurinn getur gert það að skilyrði fyrir greiðslu bóta, að trúnaðarmenn hans skoði skemmdir og meti tjón.

17. gr.

Stjórn sjóðsins úrskurðar kröfur um greiðslu kostnaðar og bóta samkvæmt 10.—11. gr. og er úrskurður sjóðsstjórnar endanlegur um það hvað sjóðnum beri að greiða.

IV. KAFLI

18. gr.

Stjórn sjóðsins skal vinna að því að leysa húsnæðisþörf Vestmannaeyinga, sem orðið hafa að yfirgefa heimabyggð sína vegna náttúruhamfaranna, og er heimilt að verja fé úr sjóðnum í þessu skyni.

19. gr.

Sjóðnum er heimilt að taka á leigu íbúðarhúsnæði með rétti til framleigu og framleigja Vestmannaeyingum, sem hafa orðið að yfirgefa heimabyggð sína vegna náttúruhamfaranna.

20. gr.

Sjóðnum er heimilt að veita eigendum ófullgerðs íbúðarhúsnæðis lán til að fullgera það, enda sé húsnæðið um leið leigt sjóðnum til a. m. k. eins árs með heimild til framleigu. Lán þessi skulu vera með venjulegum fasteignalánavöxtum, tryggð með veði í húsnæðinu, og eigi til lengri tíma en fimm ára.

21. gr.

Sjóðnum er heimilt að kaupa íbúðarhúsnæði í landi og leigja það Vestmannaeyingum, sem orðið hafa að yfirgefa heimabyggð sína vegna náttúruhamfaranna.

22. gr.

Sjóðnum er heimilt að byggja eða láta byggja íbúðarhús. Þá er sjóðnum heimilt að kaupa innanlands eða erlendis tilbúin hús, þar með talin færanleg hús, og láta reisa þau á hagkvæmum stöðum.

23. gr.

Stjórn sjóðsins ákveður hvar hús þau, er um ræðir í 22. gr. verða reist. Skal við ákvörðun byggingarstaðar haft samráð við bæjarstjórn Vestmannaeyja og sveitarstjórnir, þar sem húsin á að reisa.

Þurfi sveitarstjórn að leggja í verulegan kostnað vegna byggingar húsa þessara, er sjóðnum heimilt að veita sveitarsjóði, er í hlut á, bráðabirgðalán til að standa straum af þeim kostnaði. Um lánskjör öll í því sambandi skal samið sérstaklega hverju sinni.

24. gr.

Húsnæði það, sem sjóðurinn fær til ráðstöfunar samkvæmt 19.—23. gr. skal hann leigja Vestmannaeyingum, sem hafa orðið að yfirgefa heimabyggð sína vegna náttúruhamfaranna. Sjóðsstjórn ákveður leigufjárhæð, er skal vera sanngjörn og eðlileg. Leigutími skal eigi vera lengri en þrjú ár. Um leiguna að öðru leyti skulu gilda venjulegar reglur um leigu íbúðarhúsnæðis.

25. gr.

Nú er eigi lengur þörf fyrir húsnæði í eigu sjóðsins til nota fyrir Vestmannaeyinga, sem um ræðir í 24. gr., og skal sjóðurinn þá selja húsnæðið.

26. gr.

Nú verða tekjur manns, sem búsettur var í Vestmannaeyjum 22. janúar 1973, lægri á árinu 1973 en þær voru á árinu 1972 af ástæðum, sem ekki verða raktar til annars en náttúruhamfaranna. Skal sjóðnum þá heimilt að greiða honum bætur allt að því, sem þessum mun nemur. Með tekjum er hér átt við launatekjur, hreinar tekjur af eigin atvinnustarfsemi eða eignum og allar tekjuskattskyldar bætur almannatrygginga, svo og greiðslu frá lífeyrissjóðum og atvinnuleysistryggingum. Sjóðnum er heimilt að greiða bætur þessar með þeim hætti, að veita bótaþega leiguívilnun búi hann í húsnæði á vegum sjóðsins. Þegar bótaþörf manns er metin, skal við það miðað, að hann hafi neytt þeirra atvinnutækifæra, sem sanngjarnt getur talizt að ætlast til af honum við þessar aðstæður.

27. gr.

Sá, sem vill fá bætur samkvæmt 26. gr. skal senda til sjóðsins umsókn í því formi, er sjóðsstjórn ákveður og með þeim gögnum, sem hún krefst.

Sjóðsstjórn gerir síðan áætlun um bótaþörf hvers umsækjanda og má greiða honum bætur samkvæmt því mánaðarlega á árinu 1973. Endurskoða skal þá áætlun ef breyting verður á högum umsækjanda.

Nú reynist maður hafa fengið ofgreiddar bætur og skal hann þá endurgreiða hið ofgreidda ásamt vöxtum samkvæmt reglum, er sjóðsstjórn setur.

28. gr.

Sjóðsstjórn skal setja nánari reglur um framkvæmd ákvæða 26. og 27. gr. og skulu reglur þessar birtar í Lögbirtingablaði.

29. gr.

Nú skortir atvinnufyrirtæki, sem starfrækt var í Vestmannaeyjum 22. janúar 1973, en hefur orðið að hætta starfsemi sinni þar, fé til að standa við greiðsluskuldbindingar sínar eða skortir fé til að hefja starfsemi sína aftur í landi, og er sjóðn-

um þá heimilt að veita því bráðabirgðalán vegna þessa, enda séu rök að því leidd, sem stjórn sjóðsins metur gild, að fjárskorturinn sé afleiðing náttúruhamfaranna í Vestmannaeyjum.

Umsóknir um lán þessi skulu vera í því formi og studd þeim gögnum, sem stjórn sjóðsins ákveður. Auglýst skal í blöðum um lán þessi.

V. KAFLI

30. gr.

Sjóðnum er heimilt að veita sveitarsjóðum eða hafnarsjóðum í kaupstöðum og kauptúnum lán til að bæta hafnaraðstöðu og aðstöðu til móttöku afla og afgreiðslu fiskiskipa, enda skuldbindi lántakar sig til að veita bátum, sem skráðir voru í Vestmannaeyjum 22. janúar 1973 aðstöðu til afgreiðslu. Lán þessi skulu vera veitt til 5 ára hið mesta og bera sömu vexti og lán Hafnarbótasjóðs. Stjórn sjóðsins skal setja nánari reglur um veitingu lána þessara.

31. gr.

Heimilt er sjóðnum að veita eigendum fiskverkunarstöðva og verksmiðja er vinna úr sjávarafla, lán til endurbóta eða stækkunar á iðjuverum sínum eða hagræðingar þar, enda skuldbindi lántakar sig til að nota hina auknu afkastagetu til að vinna úr afla báta, sem skráðir voru í Vestmannaeyjum 22. janúar 1973. Lán þessi skulu vera til fimm ára lengst og með þeim kjörum, sem tíðkast um lán í sama skyni hjá Fiskveiðasjóði.

VI. KAFLI

32. gr.

Viðlagasjóður skal í hvívetna stuðla að menningarlegri, félagslegri og heilbrigðislegri velferð Vestmannaeyinga þeirra, er hafa orðið að yfirgefa heimabyggð sína vegna náttúruhamfaranna og þeirra, sem í Vestmannaeyjum eru. Allar ráðstafanir skulu við það miðaðar, að menn þessir snúi aftur til Vestmannaeyja.

33. gr.

Sjóðnum er heimilt á árinu 1973 að styrkja bæjarsjóð Vestmannaeyja til að starfrækja áfram alla þá starfsemi á sviði menningar-, félags- og heilbrigðismála, sem starfrækt var í Vestmannaeyjum 22. janúar 1973 og við verður komið að starfrækja utan Vestmannaeyja. Styrkur sjóðsins skal fólginn í því að greiða þann umframkostnað, sem leiðir af starfrækslu á þessum sviðum utan Vestmannaeyja. Stjórn sjóðsins skal gera sérstakan samning við bæjarstjórn Vestmannaeyja um þetta efni.

34. gr.

Nú telja bæjarstjórn Vestmannaeyja og fyrirsvarsmenn ríkissjóðs nauðsyn bera til að auka starfsemi þá, sem um ræðir í 33. gr. eða taka upp nýja þætti á þeim sviðum, og er sjóðnum þá heimilt að greiða kostnað, sem af þessu leiðir, enda hafi samþykkis sjóðsstjórnar verið aflað til hinnar nýju starfsemi.

VII. KAFLI

35. gr.

Viðlagasjóði er heimilt að veita bæjarsjóði Vestmannaeyja bráðabirgðalán til að standa undir kostnaði af starfsemi sveitarfélagsins á árinu 1973.

Sjóðnum er heimilt að veita bæjarsjóði Vestmannaeyja styrk á árinu 1973. Styrkurinn skal miðast við þann kostnaðarauka, sem leitt hefur af því, að flytja

varð starfsemi bæjarstjórnar til lands og ekki hefur fengizt fé til skv. 33. og 34. gr. eða frá öðrum aðiljum. Auk þess má veita bæjarsjóði Vestmannaeyja styrk vegna þeirrar tekjurýrnunar bæjarsjóðs á árinu 1973, sem rekja má til náttúruhamfaranna, enda hafi hann ekki fengið bætur fyrir þann tekjumissi á annan hátt.

VIII. KAFLI

36. gr.

Sjóðurinn greiðir allan kostnað af vernd verðmæta, slökkviliðsstarfsemi, tilraunum til að draga úr náttúruhamförunum á tímabilinu 23. janúar 1973 til 1. marz 1973. Kostnað þennan skal greiða samkvæmt reikningum þeirra, er störf þessi hafa innt af hendi eða látið inna af hendi. Aldrei skal þó endurgreiða kostnað, sem orðið hefði þótt ekki hefði til náttúruhamfaranna komið.

Eftir 1. marz 1973 skal sjóðurinn einungis greiða kostnað vegna starfa, sem unnin eru að ósk eða með samþykki sjóðsstjórnar.

Sjóðsstjórn úrskurðar reikninga og er úrskurður hennar endanlegur um hvað sjóðnum beri að greiða.

37. gr.

Nú hafa opinberir aðilar, sem höfðu björgunarstörf með höndum, notað lausafé og tæki manna við starfsemi sína og skal bæta allt tjón, sem verður á slíkum eignum og hæfilegt gjald fyrir notin sjálf. Skal eignum þessum skilað ásamt hæfilegum bótum samkvæmt mati dómkvaddra manna. Í stað þess að bæta slíkt tjón er sjóðnum heimilt að kaupa slíkt lausafé á verði, er dómkvaddir menn meta.

38. gr.

Sjóðnum er heimilt, að veita atvinnufyrirtækjum, sem halda áfram starfsemi sinni í Vestmannaeyjum, ábyrgðir, styrk og lán til að halda uppi þessari starfsemi. Sjóðsstjórn skal setja reglur um styrki þessa, ábyrgðir og lán.

39. gr.

Nú hefur lausafé manna sannanlega glatazt eða skemmzt af völdum náttúruhamfaranna í Vestmannaeyjum og skal sjóðurinn bæta tjón manna, annað hvort eftir mati trúnaðarmanna sinna eða mati dómkvaddra manna.

Sjóðsstjórn skal úrskurða um bætur þessar og er úrskurður hennar endanlegur um hvað bæta skuli og bótafjárhæð.

40. gr.

Strax og Almannavarnir ríkisins telja, að hættuástandi í Vestmannaeyjum sé lokið, en þó eigi síðar en 1. september 1973, skal sjóðsstjórnin, að fengnu samþykki ríkisstjórnar, auglýsa reglur um hvernig haga skuli bótum úr sjóðnum fyrir það tjón, sem orðið hefur á fasteignum manna í Vestmannaeyjum af völdum eldgossins á Heimaey eða björgunaraðgerðum þar, og ekki hefur fengizt bætt frá öðrum aðilum.

Mannvirki, sem eyðilagzt hafa með öllu, skal bæta með brunabótamatsverði þeirra eins og það verður samkvæmt reglum Brunabótafélags Íslands þegar greiðsla bóta hefst. Hafi mannvirki eigi verið brunatryggð skulu bætur ákveðnar samkvæmt fasteignamatsverði eða mati dómkvaddra manna.

Eign í leigulóð eða leigulandi skal metin eftir sömu reglum og við ákvörðun eignarskatts og bætt samkvæmt því.

Þegar sjóðurinn hefur greitt bætur fyrir fasteign samkv. 2. og 3. mgr. eða samið um þær skulu eigendur afsala sjóðnum öllum rétti sínum til fasteignarinnar.

Sjóðurinn skal, ef samkomulag næst ekki við eiganda fasteigna um bætur fyrir skemmdir á fasteign, sem orðið hafa af völdum eldgossins eða björgunaraðgerða,

láta dómkvadda menn meta hæfilegan viðgerðarkostnað á skemmdum og bæta eiganda með þeirri fjárhæð.

Nú nemur mat á viðgerðarkostnaði mannvirkja helming brunabótamatsverðs sbr. 2. mgr. eða meiru, og er sjóðsstjórn þá heimilt að bæta eignina sem ónýt væri, enda afsali eigandi henni til sjóðsins.

Í auglýsingu sjóðsstjórnar skv. 1. mgr. þessarar greinar skal kveðið á um hvenær og með hvaða hætti bótafé kemur til útborgunar.

41. gr.

Viðlagasjóður á forkaupsrétt að öllum fasteignum í Vestmannaeyjum fyrir sama verð og með sömu kjörum og aðrir bjóða. Sá, er vill selja þar fasteign, skal bjóða sjóðnum forkaupsrétt skriflega, og láta fylgja afrit af kaupsamningi við þann, er kaupa vill, ásamt nauðsynlegum gögnum.

Vilji sjóðurinn neyta forkaupsréttar síns skal hann tilkynna það þeim, er selja vill, innan 14 daga frá því honum barst forkaupsréttarboðið. Berist ekki svar frá sjóðnum innan greinds tímatakmarks skal svo litið á, að sjóðurinn hafi hafnað forkaupsrétti sínum.

42. gr.

Nú hvíla gjaldfallnar veðskuldir á fasteignum í Vestmannaeyjum og er sjóðnum heimilt að greiða þær eða gjaldfallnar afborganir og vexti að ósk skuldara. Geta veðhafar þá krafið sjóðinn beint um greiðslu, enda eindagi þeir ekki skuldina þótt veðið hafi eyðilagzt.

IX. KAFLI

43. gr.

Viðlagasjóður skal stuðla að því að byggð og atvinnurekstur rísi aftur í Vestmannaeyjum svo fljótt, sem unnt er.

44. gr.

Stjórn Viðlagasjóðs skal láta gera verkfræðilega og hagfræðilega áætlun um hreinsun og endurreisn skipulagðra svæða á Heimaey.

Strax og ætla má að eldsumbrotum í Vestmannaeyjum sé lokið skal áætlun þessi lögð fyrir ríkisstjórnina, og að fengnu áliti hennar og í samræmi við það, hafizt handa um framkvæmdir.

Skal Viðlagasjóður bera allan kostnað af þeim framkvæmdum.

XI. KAFLI

45. gr.

Óheimilt er að framselja eða veðsetja bótakröfur samkvæmt reglugerð þessari og ekki má leggja á þær löghald eða gera á þeim fjárnám.

46. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 9. gr. laga nr. 4 7. febrúar 1973 og öðlast þegar gildi.

Forsætisráðuneytið, 27. marz 1973.

Ólafur Jóhannesson.

Guðmundur Benediktsson.

REGLUGERÐ

um viðlagagjald.

1. gr.

Á tímabilinu 1. marz 1973 til 28. febrúar 1974 skal leggja 2% viðlagagjald á söluskattsstofn allra sömu aðila og lög nr. 10/1960, um söluskatt, taka til, og gilda ákvæði þeirra og reglugerða settra samkvæmt þeim að fullu um álagningu og innheimtu þessa gjalds, svo og um aðra framkvæmd.

Söluskatt og viðlagagjald skal reikna af söluskattsstofni í einu lagi á söluskattskýrslu.

2. gr.

Á gjaldárinu 1973 skal leggja 30% viðlagagjald á álagðan eignarskatt skv. 26. gr. laga nr. 68/1971, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. 12. gr. laga nr. 7/1972, um breyting á þeim lögum, og skulu sömu reglur gilda um álagningu og innheimtu þessa gjalds og eignarskatts. Viðlagagjald, sem ekki nær 100 kr., skal fella niður við álagningu. Ríkisskattstjóri ákveður hvernig háttað skuli birtingu þessa gjalds í skattskrá.

3. gr.

Á gjaldárinu 1973 skal leggja viðlagagjald í hverju sveitarfélagi á gjaldstofn aðstöðugjalds, sbr. V. kafla laga nr. 8/1972, sem nemur 35% þess hundraðshluta, sem þar var á lagður sem aðstöðugjald á árinu 1971. Um álagningu og innheimtu þessa gjalds skulu gilda sömu reglur og gilda um aðstöðugjöld.

Viðlagagjald samkvæmt þessari grein skal ákveðið í heilum hundruðum króna, þannig, að 50 kr. eða lægri fjárhæð skal sleppt, en hærri fjárhæð hækkuð. Nái viðlagagjald samkvæmt þessari grein eigi 300 kr., skal það fellt niður við álagningu.

Ríkisskattstjóri ákveður hvernig háttað skuli birtingu þessa gjalds.

4. gr.

Á gjaldárinu 1973 skal leggja 1% viðlagagjald á útsvarsskyldar tekjur, sbr. 23. gr. laga nr. 8/1972. Um álagningu og innheimtu þessa gjalds skulu gilda sömu reglur og gilda um útsvör. Viðlagagjald þetta skal lagt á í heilum hundruðum króna, þannig að lægri fjárhæð en 100 kr. skal sleppa. Fella skal niður viðlagagjald samkvæmt þessari grein, sem er 1 000 kr. og lægra.

Viðlagagjald á útsvarsskyldar tekjur skal birta sérstaklega í útsvarsskrá. Ríkisskattstjóra er þó heimilt að ákveða annan birtingarhátt, þar sem heimilt er samkvæmt 2. mgr. 22. gr. reglugerðar nr. 118/1972, um útsvör, að leggja fram útsvarsskrá sameiginlega með skattskrá.

5. gr.

Á gjaldárinu 1973 skal leggja 10% viðlagagjald á álagt landsútsvar, sbr. III. kafla laga nr. 8/1972, þeirra landsútsvarsskyldra aðilja, sem ekki bera aðstöðugjald, sbr. 2. mgr. 36. gr. laga nr. 8/1972. Um álagningu og innheimtu þessa gjalds skulu gilda sömu reglur og um landsútsvör.

6. gr.

Sveitarstjórnir skulu skila viðlagagjaldi því, er þær innheimta samkvæmt 4. og 5. gr., til Viðlagasjóðs samkvæmt ákvörðun félagsmálaráðuneytisins ársfjórðungslega eftir á. Skulu gjalddagar vera 30. júní, 30. september, 31. desember 1973 og 31. marz 1974 og skal á þeim gjalddögum skila því viðlagagjaldi, er innheimzt hefur til þess dags.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 9. gr. laga nr. 4 7. febrúar 1973, um neyðarráðstafanir vegna jarðelda í Heimaey, og öðlast þegar gildi.

Forsætisráðuneytið, 27. marz 1973.

Ólafur Jóhannesson.

Guðmundur Benediktsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 8 — 1973

29. marz 1973. 141 Nr. 64.

AUGLÝSING

um sérstaka tollmeðferð vegna aðildar Íslands að Fríverzlunarsamtökum Evrópu (EFTA) og samnings Íslands við Efnahagsbandalag Evrópu (EBE).

Samkvæmt heimild í 1. gr. laga nr. 7/1973 um breyting á lögum um tollskrá o. fl. eru hér með settar reglur um sérstaka tollmeðferð frá og með 1. apríl 1973 vegna aðildar Íslands að Fríverzlunarsamtökum Evrópu (EFTA) og vegna samnings Íslands og Efnahagsbandalags Evrópu (EBE).

A. Skilyrði sérstakrar tollmeðferðar.

1. gr.

Vörur, sem geta notið sérstakrar tollmeðferðar skv. 2. gr. auglýsingar þessarar og falla undir tollskrárnúmer í dálk með yfirskriftinni EFTA-tollur, skulu frá og með 1. apríl 1973 því aðeins njóta hennar, að eftirtöldum skilyrðum sé fullnægt:

1) að vörurnar séu frá aðildarríkjum EFTA eða EBE og fullnægi, eftir því sem við á, skilyrðum um uppruna skv. bókun nr. 3 við samning milli Íslands og EBE (hér eftir nefnd bókun nr. 3) eða skilyrðum um uppruna skv. Hluta I í Viðauka B við EFTA-samninginn (hér eftir nefndur Viðauki B), svo sem nánar er að vikið í B-kafla auglýsingar þessarar,
2) að gætt sé, eftir því sem við á, ákvæða um tollendurgreiðslur í 23. gr. bókunar nr. 3 eða í 23. gr. Viðauka B.
3) að gætt sé, eftir því sem við á, ákvæða um flutning vara í 7. gr. bókunar nr. 3 og í 7. gr. Viðauka B,
4) að innflytjandi fylgi reglum um framlagningu skjala, vegna vara, sem óskað er sérstakrar tollmeðferðar fyrir, sbr. C-kafla auglýsingar þessarar.

2. gr.

Í samræmi við ákvæði 1. gr. geta allar vörur, sem fullnægja skilyrðum um uppruna skv. bókun nr. 3 eða Viðauka B og falla undir tollskrárnúmer í dálk með yfirskriftinni EFTA-tollur, notið þeirrar tollmeðferðar, sem sá dálkur kveður á um, nema annað sé tekið fram í 1. gr. laga nr. 7/1973 um breyting á lögum um tollskrá o. fl.

3. gr.

Ákvæði EFTA-samningsins og samnings Íslands og EBE ná, eftir því sem við á, til eftirtalinna ríkja í Evrópu, svo og til þeirra landssvæða annarra, sem tengd eru hlutaðeigandi ríkjum:

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

EFTA-lönd:
Austurríki,
Finnland,
Ísland,
Liechtenstein,
Noregur (ásamt Svalbarða),
Portúgal (ásamt Azoreyjum og Madeira),
Sviss,
Svíþjóð.

EBE-lönd:
Belgía,
Bretland og Norður-Írland (ásamt Ermarsundseyjunum og eynni Mön),
Danmörk (ásamt Grænlandi),
Frakkland,
Holland,
Írland,
Ítalía,
Luxembourg,
Sambandslýðveldið Þýzkaland.

B. Upprunareglur.

4. gr.

Skilyrðum þeim, sem um getur í 1. tl. 1. gr., um uppruna vara, skal talið fullnægt að því tilskildu, að uppruni varanna sé í samræmi við eftirfarandi:

I

Að því er varðar vörur, sem falla bæði undir vörusvið EFTA-samningsins og almennt undir vörusvið fríverzlunarsamninga EFTA-ríkjanna við EBE, svo og sjávarafurðir í bókun nr. 6 í samningi Íslands við EBE, þá skulu þær uppfylla einhverja eftirtalda upprunareglu:

1) Að varan „sé að öllu leyti fengin", sbr. 1. gr. bókunar nr. 3 og Viðauka B.
Vara telst „að öllu leyti fengin" á Íslandi, í EBE, í Svíþjóð, Sviss o. s. frv., ef um er að ræða eftirfarandi:
a) Jarðefni, sem unnin eru úr jörðu í landi þeirra eða úr hafsbotni þeirra;
b) vörur úr gróðurríkinu, sem þar eru ræktaðar;
c) lifandi dýr, sem þar eru borin og alin;
d) afurðir lifandi dýra, sem þar eru alin;
e) veiðibráð og fiskafurðir, sem þar er aflað með veiðum;
f) sjávarafurðir, sem aflað er frá skipum þeirra;
g) vörur, framleiddar um borð í verksmiðjuskipum þeirra, algerlega úr vöru, sem við er átt í f-lið;
h) notaðar vörur, sem þar er safnað og ekki er hægt að nota aftur sem hráefni;
i) úrgangsefni iðnaðar, sem þar er stundaður;
j) vörur, sem þar eru algerlega framleiddar úr efnivörum, sem taldar eru í liðum a—i.

2) Að varan hafi hlotið „nægilega aðvinnslu" skv. ákvæðum 1. og 5. gr. bókunar nr. 3 og Viðauka B. Þá gildir sú meginregla, að krafizt er tollskrárnúmeraskipta, þ. e. a. s. að allar innfluttar efnivörur, sem notaðar eru í framleiðslu fullunnu vörunnar, verða að falla undir annað tollskrárnúmer en fullunna varan. Í því sambandi teljast „innfluttar" allar efnivörur, sem ekki hafa öðlazt upprunarétt-

indi, annað hvort í útflutningslandinu eða í því landi, sem varan er seld til. Land í þessum skilningi, telst vera landssvæði hvers aðildarríkis EFTA um sig, svo og landssvæði aðildarríkja EBE í heild.

Ef fyrrgreindri meginreglu er fullnægt, ber enn fremur að athuga, hvort í lista A við bókun nr. 3 eða Viðauka B séu sett frekari skilyrði um framleiðslu vörunnar, til þess að upprunaréttindum verði náð. Ef svo er, verður að uppfylla ákvæði þess lista. Ef svo er ekki, er meginreglan um tollskrárnúmeraskipti ákvarðandi um, hvort varan öðlast upprunaréttindi. Sé hins vegar meginreglunni um tollskrárnúmeraskipti ekki fullnægt, ber að athuga, hvort í lista B séu ákvæði, sem þrátt fyrir það veiti framleiddri vöru upprunaréttindi.

Eftirfarandi aðvinnsla ein sér telst aldrei nægileg til þess að varan teljist upprunavara, hvort sem hún skiptir um tollskrárnúmer við aðvinnsluna eða ekki:

a) Þegar meðferðin miðar að því að tryggja, að varan haldist óskemmd, meðan á flutningi og geymslu stendur (viðrun, breiðsla, þurrkun, kæling, pækilsöltun, niðurlagning í brennisteinsvatn eða vatn, sem bætt er í öðrum efnum, hreinsun með því að fjarlægja skemmda hluta og lík meðferð);
b) þegar um einfalda meðferð er að ræða til að rykhreinsa, sálda, sundurgreina, flokka, velja saman (þar á meðal söfnun í sett), þvo, mála eða hluta í sundur;
c) þegar skipt er um umbúðir, eða vörum skipað í minni eða stærri sendingar; þegar varan er aðeins sett á flöskur eða glös, í poka, hylki eða öskjur, á bakka o. s. frv. eða sett á annan einfaldan hátt í umbúðir;
d) þegar sett eru merki, miðar eða önnur slík auðkenni á vörurnar sjálfar eða umbúðir þeirra;
e) þegar um einfalda blöndun vara er að ræða, hvort sem um ólíkar vörur er að ræða eða ekki, ef einn eða fleiri hlutar blöndunnar fullnægja ekki skilyrðum um uppruna, sem sett eru í bókun nr. 3 eða Viðauka B;
f) þegar hlutar eru settir saman á einfaldan hátt í því skyni að gera heilan hlut;
g) þegar beitt er saman tveimur eða fleiri aðferðum, sem lýst er í a—f liðum hér að framan;
h) þegar dýrum er slátrað.

3) Þegar vörur í lista A eða B geta því aðeins fengið upprunaréttindi, að verðmæti efnivara, sem ekki fullnægja upprunaskilyrðum, fari ekki fram úr ákveðnum hundraðshluta af verðmæti fullunnu vörunnar, þá gilda eftirfarandi reglur um ákvörðun verðmætisins:
   a) Verðmæti efnivara, sem hægt er að sannreyna, að fluttar hafi verið inn, er tollverð þeirra við innflutning. Þegar um er að ræða efnivörur af óvissum uppruna, er verðmætið fyrsta verð, sem hægt er að sannreyna, að hafi verið greitt fyrir þær í því landi, sem framleiðslan á sér stað.
   b) Verðmæti framleiddu varanna er verð þeirra frá verksmiðju að frádregnum innlendum álögum, sem hafa verið endurgreiddar eða endurgreiða má við útflutning varanna. Með verði vörunnar frá verksmiðju er átt við það verð, sem greitt er framleiðandanum í fyrirtækinu, þar sem hin nægilega aðvinnsla fer fram. Hafi verið unnið að framleiðslunni í tveimur eða fleiri fyrirtækjum, er verðið, sem miða skal við, það verð, sem greitt er þeim framleiðanda, er síðast hafði vöruna til vinnslu.
4) Vörur geta, eftir því sem við á, varðveitt áunnin upprunaréttindi sín í EFTA-landi eða EBE, hafi þær ekki eftir útflutning frá viðkomandi EFTA-landi eða EBE hlotið neina þá aðvinnslu í því landi, sem þær eru fluttar til, sem veitir þeim upprunaréttindi þar, enda hafi við aðvinnsluna verið notaðar upprunavörur frá EBE eða EFTA-löndum og gætt sé ákvæða b-liðar, stafliðar A, 1. tl.

2. gr. bókunar nr. 3; b-liðar, stafliðar B, 1. tl. 2. gr. sömu bókunar; ákvæða 2. tl. og 3. tl. 2. gr. bókunar nr. 3, svo og 3. gr. bókunar nr. 3; og, eftir því sem við á, hliðstæðra ákvæða í Viðauka B.

II

Að því er varðar vörur, sem koma undir EFTA-samninginn, en ekki undir fríverzlunarsamninga milli EFTA-landanna og EBE, gilda almennar reglur Viðauka B um uppruna, en auk þess, eftir því sem við á, ákvæði kafla II í listum A og B við Viðauka B.

5. gr.

Samkvæmt samningi Íslands við EBE haldast tollfríðindi þau, sem íslenzkar útflutningsvörur nutu í Danmörku og Bretlandi á grundvelli EFTA-samningsins, að mestu óbreytt, þrátt fyrir úrsögn þessara landa úr EFTA, enda sé fullnægt almennum skilyrðum um uppruna í bókun nr. 3 og Viðauka B og sérstökum skilyrðum í 25. gr. bókunar nr. 3 og Viðauka B, sem gilda á því tímabili tollalækkana, er kveðið er á um í samningum milli EFTA-landanna og EBE og ákveðið hefur verið fyrir hverja vöru.

6. gr.

Bókun nr. 3 og Viðauka B fylgja sérstakar skýringar við einstakar greinar, og eru þær óaðskiljanlegur hluti upprunareglnanna.

C. Flutningsskírteini og eyðublað EUR. 2.

7. gr.

1) Gegn framvísun flutningsskírteinis A. IS. 1 verður notið fríðinda samnings Íslands og EBE og EFTA-samningsins, ef um er að ræða upprunavörur í skilningi 1. gr. bókunar nr. 3 og Viðauka B. Skírteinið er gefið út af tollyfirvöldum í útflutningslandinu.
2) Ef beita þarf ákvæðum 2. eða 3. gr. bókunar nr. 3 eða Viðauka B, til þess að fríðinda fyrrgreindra samninga verði notið, er notað flutningsskírteini A. W. 1. Það er gefið út af tollyfirvöldum í hverju landi um sig, þar sem vörurnar hafa annað hvort verið um kyrrt, áður en þær voru endurútfluttar óbreyttar, eða hlotið aðvinnslu, eins og gert er ráð fyrir í 2. gr. bókunar nr. 3 og Viðauka B. Flutningsskírteini A. W. 1 er aðeins gefið út gegn framvísun áður útgefins flutningsskírteinis.
3) Flutningsskírteini A. IS. 1 og A. W. 1 verða ekki gefin út nema eftir skriflegri umsókn útflytjanda á þar til gerðu eyðublaði.
4) Útflytjandi getur fengið flutningsskírteini til ráðstöfunar, eftir að varan hefur raunverulega verið flutt út eða útflutningur hennar verið tryggður.
5) Í undantekningartilvikum er heimilt að gefa út flutningsskírteini, eftir að vörurnar, sem það á við, hafa verið fluttar út, enda hefur ekki getað orðið af útgáfu skírteinisins fyrr, vegna mistaka, óviljandi vanrækslu eða óvenjulegra aðstæðna.
6) Flutningsskírteini verður því aðeins gefið út, að hægt sé að nota það sem skriflegt sönnunargagn um, að beita beri fríðindareglum EFTA-samningsins og samnings Íslands og EBE.
7) Frestur til afhendingar flutningsskírteinis er 4 mánuðir frá útgáfudegi.
8) Tollyfirvöldum er heimilt að krefjast þýðingar á flutningsskírteini.

8. gr.

Vörur, sem eru hinn 1. apríl 1973 á leið milli Efnahagsbandalagsins og EFTA-landa annars vegar og Íslands hins vegar eða í bráðabirgðageymslu þar, í tollvörugeymslu eða á tollfrjálsum svæðum, geta notið ákvæða samnings Íslands og EBE eða EFTA-samningsins, enda verði tollyfirvöldum í innflutningslandinu — innan 4 mánaða frá þessum degi — afhent flutningsskírteini, útgefið eftir á af réttum yfirvöldum í útflutningslandinu, auk skjala, sem staðfesta með hvaða hætti vörurnar hafa verið sendar.

9. gr.

Upprunavörur skv. ákvæðum 1., 2. og 3. gr. bókunar nr. 3 og Viðauka B, sem eru í póstsendingu (þ. m. t. bögglar), skulu, svo framarlega sem sendingin inniheldur eingöngu upprunavörur og verðmæti sendingarinnar fer ekki fram úr 1000 reikningseiningum, njóta ákvæða samnings Íslands og EBE eða EFTA-samningsins, þegar framvísað er eyðublaði EUR. 2.

Eyðublað EUR. 2 skal útfyllt af útflytjanda, og skal það fyllt út fyrir hverja póstsendingu. Eftir útfyllingu og undirritun beggja hluta eyðublaðsins skal útflytjandi, sé um bögglapóst að ræða, festa báða hluta eyðublaðsins við fylgibréfið. Sé um bréfapóst að ræða, skal útflytjandi festa hluta 1 tryggilega við sendinguna, en leggja hluta 2 inn í hana.

10. gr.

1) Án þess að krefjast útfyllingar á eyðublaði EUR. 2 eða, eftir því sem við á, án framvísunar flutningsskírteina, skulu Efnahagsbandalagið og aðildarríki EFTA veita viðtöku og viðurkenna sem upprunavörur, vörur, sem sendar eru í smásendingum til einkaaðila, svo og vörur, sem eru í einkafarangri ferðamanna, enda sé ekki um innflutning í viðskiptaskyni að ræða og lýst hafi verið yfir, að vörurnar uppfylli þau skilyrði, sem þessi ákvæði mæla fyrir um, og ekki leikur neinn vafi á um sannleiksgildi slíkra yfirlýsinga.
2) Svo er litið á, að innflutningur sé á engan hátt viðskiptalegs eðlis, þegar hann er bundinn við einstakt tilvik og aðeins er um að ræða hluti til persónulegra nota viðtakandans eða ferðamannsins eða fjölskyldu hans, enda veki eðli varanna og magn ekki þá hugmynd, að innflutningur þeirra eigi sér stað með verzlunarviðskipti fyrir augum. Enn fremur má heildarverðmæti varanna ekki fara fram úr 60 reikningseiningum að því er varðar smásendingar, en 200 reikningseiningum að því er varðar einkafarangur ferðamanna.
3) Reikningseining jafngildir 0.88867088 g af hreinu gulli eða 119.00 ísl. kr., að breyttu breytanda.

D. Aðstoð við útflytjendur.

11. gr.

Tollyfirvöld munu veita útflytjendum upplýsingar og leiðbeiningar varðandi umsóknir um útgáfu flutningsskírteina. Upplýsingar, sem tollyfirvöld veita, eru því aðeins bindandi, að þeirra sé óskað skriflega og þeim svarað á sama hátt.

Jafnframt veita Útflutningsmiðstöð iðnaðarins og Verzlunarráð Íslands fyrirtækjum upplýsingar og leiðbeiningar varðandi umsóknir til tollyfirvalda um útgáfu flutningsskírteina.

E. Ýmis ákvæði.

12. gr.

1) Vörur, sem sendar hafa verið til Íslands frá aðildarríki EFTA eða frá Bretlandi og Danmörku og eru hinn 1. apríl 1973 á leið til landsins, skulu fram til 15. maí 1973 njóta EFTA-tollmeðferðar á Íslandi, enda uppfylli þær skilyrði Hluta II í Viðauka B við EFTA-samninginn um svæðisuppruna.

2) Frá og með 1. apríl 1973 er óheimilt að gefa út EFTA-skírteini eða EFTA-yfirlýsingar á vörureikningum, til þess að notið verði fríðinda EFTA-samningsins eða samnings Íslands og EBE í aðildarríkjum EFTA eða í Bretlandi og Danmörku.

F. Viðurlög.

13. gr.

Samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 3. gr. laga nr. 2/1970 um breyting á lögum um tollheimtu og tolleftirlit varðar það sektum, svo og varðhaldi eða fangelsi, ef miklar sakir eru, að láta í té eða valda því, að látin séu í té skjöl eða vottorð, sem eru röng í mikilvægum atriðum, um uppruna íslenzkrar útflutningsvöru eða önnur atriði um hana, sem eiga að tryggja, að varan njóti fríðinda við innflutning í annað ríki eða skoðist hæf til svæðistollmeðferðar þar vegna milliríkjasamninga. Þó má falla frá málsókn, ef sá, sem misgert er við, hefur ekki krafizt hennar eða málsókn reynist ekki réttmæt á grundvelli þeirra sönnunargagna, sem fyrir liggja.

G. Gildistaka.

14. gr.

Auglýsing þessi tekur gildi 1. apríl 1973, og er þá jafnframt úr gildi fallin, frá sama tíma, auglýsing ráðuneytisins um EFTA-tollmeðferð, frá 12. febrúar 1970.

Fjármálaráðuneytið, 29. marz 1973.

F. h. r.

Jón Sigurðsson.

Þorsteinn Ólafsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 9 — 1973

SAMÞYKKT

fyrir Veiðifélag Þingvallavatns.

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Þingvallavatns. Heimili þess og varnarþing er Þingvellir við Öxará.

2. gr.

Félagið nær til allra jarðeigna, sem veiði eiga í Þingvallavatni, en þær eru:

1. Þingvellir
2. Arnarfell
3. Mjóanes
4. Miðfell
5. Kaldárhöfði
6. Steingrímsstöð
7. Villingavatn
8. Ölfusvatn
9. Krókur
10. Hagavík
11. Nesjavellir
12. Nesjar
13. Heiðarbær I
14. Heiðarbær II
15. Skálabrekka
16. Brúsastaðir
17. Kárastaðir
18. Sandey

3. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu, og nýta veiðina á skynsamlegan hátt, eftir því sem aðalfundur ákveður. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu, þó má félagið ekki taka ráðstöfun veiði í eigin hendur nema samþykkt sé með ⅔ atkvæða í félaginu.

4. gr.

Stjórn félagsins skipa þrír menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig, að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandi eftir tvö ár og hinn eftir þrjú ár, og helzt svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorazt undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli eða hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið og og hinir hitt árið.

5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins á milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum. Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

6. gr.

Aðalfund skal halda í aprílmánuði ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á yfirstandandi ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.

7. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.

8. gr.

Til bráðabirgða gildir það ákvæði, að hver félagsmaður skuli greiða krónur 1 500.00 — fimmtán hundruð krónur — til félagsins á yfirstandandi ári af hverri veiðieiningu, sem honum hefur verið úthlutað, til bráðabirgða á þessu ári.

9. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkv. XVI kafla laga nr. 76/1970, um lax og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 76, 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 23. febrúar 1973.

Halldór E. Sigurðsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

Nr. 66. 23. febrúar 1973.

SAMÞYKKT

fyrir Veiðifélag Víkurár.

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Víkurár. Heimili þess og varnarþing er heimili formanna, Bæjarþinghá, Strandasýslu.

2. gr.

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að Víkurá, en þær eru Skálholtsvík 1, Skálholtsvík 2, Skálholtsvík 3, Skálholtsvík 4, Guðlaugsvík 1, Guðlaugsvík 2, Miðhús og Heydalssel.

3. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu, og að leigja það til stangarveiði. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.

4. gr.

Stjórn félagsins skipa þrír menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig, að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár, og hinn eftir þrjú ár, og helzt svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skor-

azt undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig, að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið, og hinir hitt árið.

5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

6. gr.

Aðalfund skal halda í febrúarmánuði ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.

7. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.

8. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá, Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

9. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVI kafla laga nr 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970 um lax- og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 23. febrúar 1973.

Halldór E. Sigurðsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

23. febrúar 1973. Nr. 67.

AUGLÝSING

um laun stundakennara o. fl.

1. gr.

Með hliðsjón af kjarasamningi milli fjármálaráðherra og kjararáðs B.S.R.B. frá 19. desember 1970 skulu laun fyrir stundakennslu vera sem hér segir í eftirtöldum launaflokkum stundakennara frá 1. jan. 1973 að telja:

Launafl.	Til 28. 2. 1973 Lengd kennslust. 45 mín.	40 mín.	Frá 1. 3. 1973 Lengd kennslust. 45. mín	40 mín.
S. 1.	378	336	404	359
S. 2.	349	310	374	332
S. 3.	321	285	343	305
S. 4.	292	260	312	278
S. 5.	314	279	336	299
S. 6.	288	256	309	274
S. 7.	263	234	281	250
S. 8.	246	219	263	234
S. 9.	222	197	238	211

Ofangreind laun eru miðuð við kaupgreiðsluvísitölu 100, sbr. 3. gr. áðurgreinds kjarasamnings, og skulu breytast í samræmi við hana á sama hátt og föst laun.

Laun fyrir kennslustund skal reikna í heilum krónum.

2. gr.

Stundakennarar taka laun samkvæmt ofangreindum launaflokkum svo sem hér segir:

S. 1. Stundakennarar við menntaskóla, Kennaraskóla Íslands og Tækniskóla Íslands með cand. mag. próf.

S. 2. Stundakennarar við menntaskóla, Kennaraskóla Íslands og Tækniskóla Íslands með a. m. k. B.A. próf. Stundakennarar með tilskilinni menntun við Myndlista- og handíðaskóla Íslands og sérgreinaskóla fyrir kennaraefni, sbr. skilgreiningu hér að neðan.

S. 3. Stundakennarar við menntaskóla, Kennaraskóla Íslands og Tækniskóla Íslands, aðrir en þeir, sem taldir eru í S. 1 og S. 2. Stundakennarar án tilskilinnar menntunar við sérgreinaskóla fyrir kennaraefni og Myndlista- og handíðaskóla Íslands. Stundakennarar með tilskilinni menntun við Hjúkrunarskóla, Hótel- og veitingaskóla, Vélskóla, Stýrimannaskóla, búnaðarskóla og garðyrkjuskóla, sbr. skilgreiningu hér að neðan.

S. 4. Stundakennarar við Hjúkrunarskóla, Hótel- og veitingaskóla, Vélskóla, Stýrimannaskóla, búnaðarskóla og garðyrkjuskóla án tilskilinnar menntunar.

S. 5. Stundakennarar við gagnfræðastigsskóla með cand. mag. próf og stundakennarar við framhaldsdeildir þeirra, með cand. mag. próf eða B.A. próf.

S. 6. Stundakennarar við gagnfræðastigsskóla með B.A. próf og stundakennarar við framhaldsdeildir þeirra, aðrir en þeir, sem taldir eru í S. 5. Stundakennarar við iðnskóla og húsmæðraskóla með tilskilinni menntun, sbr. skilgreiningu hér að neðan.

S. 7. Stundakennarar við gagnfræðastigsskóla án B.A. prófs. Stundakennarar við iðnskóla og húsmæðraskóla án tilskilinnar menntunar.

S. 8. Stundakennarar við barnaskóla með kennarapróf frá Kennaraskóla Íslands eða öðrum kennaramenntunarstofnunum.

S. 9. Stundakennarar við barnaskóla án kennaraprófs.

Með tilskilinni menntun hér að framan er átt við þau próf, sem nægja myndu til þess að kennari yrði skipaður við skólann og tæki að lokinni fullri starfsþjálfun (mest 3 ár) laun skv. þeim launaflokki, sem tilgreindur er fyrir viðkomandi skóla í

fylgiskjali 11 með kjarasamningi fjármálaráðherra og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja.

Í stað þeirra prófa, sem tilgreind eru hér að framan, komi einnig önnur próf, sem jafngild teljast við ákvörðun launaflokka fastra kennara.

Ekki skulu tekin til greina önnur próf en kennarapróf og próf í viðkomandi kennslugrein, eða annað það próf, sem kemur að fullum notum við kennslu í henni.

3. gr.

Fyrir stundakennslu við heyrnleysingjaskóla, vanvitaskóla og aðra hliðstæða sérskóla, svo og í bekkjum afbrigðilegra eða vangefinna barna, skal koma 25% álag á greiðslur samkvæmt 1. og 2. grein. Sama álag skal greiða fyrir söng- og tónlistarkennslu.

4. gr.

Eigi skal greiða fyrir eyður, sem verða kunna í starfstíma stundakennara.

5. gr.

Orlofsfé er innifalið í greiðslum samkvæmt 1. gr.

6. gr.

Öll kennsla, sem ekki er innt af hendi af föstum kennurum viðkomandi skóla, greiðist með stundakennarakaupi sbr. 1. gr.

7. gr.

Kennari, settur eða skipaður í hluta af stöðu, sem kennir samkvæmt stundaskrá fleiri stundir en nemur kennsluskyldu sinni, þó ekki umfram kennsluskyldu fullrar stöðu á viðkomandi skólastigi, fær viðbótargreiðslur beint úr ríkissjóði. Viðbót þessi greiðist, eftir því sem við á, allt árið með föstum launum kennarans og reiknast mánaðarlega á eftirfarandi hátt:

$$\frac{a \times b}{c \times d}$$

þar sem:

a. Fjöldi kennslustunda á mánuði umfram kennsluskyldu samkvæmt ráðningu og reglum um afslátt af kennsluskyldu.
b. Föst mánaðarlaun skv. ráðningu.
c. Fjöldi skyldukennslustunda á mánuði miðað við ráðningu í fulla stöðu án afsláttar.
d. Ráðningarhlutfall kennara.

Um greiðslur fyrir áðurgreinda aukakennslu og aðra aukakennslu þessara kennara, þar með greiðslur í veikindaforföllum, fer að öðru leyti eftir reglum um greiðslur fyrir aukakennslu kennara í fullri stöðu.

8. gr.

Auglýsing þessi er gefin út í samráði við fjármálaráðuneytið og gilda ákvæði hennar frá 1. janúar 1973 og þar til öðruvísi kann að verða ákveðið.

Í menntamálaráðuneytinu, 23. febrúar 1973.

Magnús T. Ólafsson.

Birgir Thorlacius.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Selfoss.

I. Heitt vatn.

Hitaveita Selfoss selur afnot af heitu vatni úr veitukerfi sínu á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

1. Til almennrar notkunar um vatnsmæli:
   a. Vatnsgjald ..... 10.00 kr/m³
   b. Fastagjald af rúmmáli í rúmi því er hita skal, er þá miðað við utanmál húsnæðis ..... 1.30 kr/m³ á mán.
2. Til notkunar í húsnæði, sem hefur litla upphitunarþörf miðað við rúmmál, enn fremur kranavatn til notkunar í húsnæði, sem hefur aðra hitun, um vatnsmæli:
   a. Vatnsgjald ..... 15.70 kr/m³
3. Vatnsgjald, kr. 4 700.00 á ári fyrir hvern mínútulítra í hámarksstillingu hemils. Minnsta magn vatns sé 1 mínútulítri á hverja 100 m³ húsnæðis.
   Ef vatnsmælir bilar er hitaveitunni heimilt að áætla vatnsnotkun með hliðsjón af fyrri notkun og/eða hitaþörf húsnæðisins.

II. Mælaleiga.

Hitaveitan leigir vatnsmæla og skal leiga fyrir þá innheimt jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun. Hitaveitan ákveður stærð mæla, sem nota skal fyrir hverri veitu og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælum, sem hér segir:

1. Fyrir mæla allt að ¾″ ..... 160.00 kr/mán.
2. Fyrir mæla frá 1″-2″ ..... 270.00 kr/mán.
3. Fyrir hemla ..... 220.00 kr/mán.

III. Heimæðagjald.

Heimæðagjald fyrir eina heimæð er, miðað við heildarúmmál húsa, sem hita skal:

Allt að 400 m³ 24 320.00 kr.
400 til 2000 — 24 320.00 — af 400 m³ + 19.20 á m³ þar yfir.
2000 — 6000 — 55 040.00 kr. af 2000 m³ + 16.70 á m³ þar yfir.

Séu fleiri en eitt hitunarkerfi tengd við heimæðina með mælum frá hitaveitunni, skal greiða kr. 4 050.00 aukagjald fyrir hvern mæli umfram hinn fyrsta.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt svæði að ræða, skal greiða heimæðagjald samkvæmt kostnaðarreikningi.

Heimæðagjald skal að fullu greitt þegar tengingu heimæðar er lokið.

IV. Opnunargjald.

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 300.00.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að taka gildi 1. marz 1973 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 6 14. janúar 1971 með síðari breytingum.

Iðnaðarráðuneytið, 26. febrúar 1973.

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Seltjarnarneshrepps.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið í dag staðfest uppdrátt af aðalskipulagi Seltjarnarneshrepps, með eftirfarandi fyrirvörum hreppsnefndar Seltjarnarneshrepps, sbr. 29. gr. reglugerðar um gerð skipulagsáætlana:

1) Breidd gatna og tilhögun gatnamóta eru ekki sýnd í deiliatriðum og þar af leiðandi ekki í réttum mælikvarða.
2) Fyrirvari er gerður um legu Suðurbrautar á móts við Bakkatjörn.
3) Hreppsnefnd áskilur sér fyrirvara að því er tekur til einfaldrar húsaraðar ofan Skólabrautar.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð, sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af hreppsnefnd Seltjarnarneshrepps með fyrrgreindum fyrirvörum 24. janúar 1973 og af skipulagsstjórn ríkisins 19. febrúar 1973.

Jafnframt er úr gildi felldur aðalskipulagsuppdráttur sá af Seltjarnarneshreppi, sem staðfestur var af félagsmálaráðuneytinu 17. september 1969, sbr. auglýsingu nr. 233/1969, sem birt var í B-deild Stjórnartíðinda 1969.

Félagsmálaráðuneytið, 26. febrúar 1973.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.

23. febrúar 1973. Nr. 70.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Sjúkra- og styrktarsjóð vitavarða Íslands, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 27. febrúar 1973.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Sjúkra- og styrktarsjóð vitavarða Íslands.

Þessi skipulagsskrá kemur í stað skipulagsskrár fyrir Sjúkra- og styrktarsjóð vitavarða Íslands, nr. 135, 6. júní 1919.

1. gr.

Sjóðurinn myndast af fé því, sem greiðist af gestum fyrir að skoða vita landsins, að viðbættum gjöfum og öðru því fé, sem á annan hátt kann að áskotnast sjóðnum. Þá greiðir hver vitavörður, sem ekki er meðlimur í Lífeyrissjóði opinberra starfsmanna, árlega í sjóðinn að minnsta kosti 2% af launum sínum. Vitaverðir, sem félagar eru í Lífeyrissjóði opinberra starfsmanna greiði 1% af fyrstu 100 þús. kr. launa sinna en síðan ½% af afgangi. Til launa teljast einnig greiðslur vegna aðstoðarmanna vitavarða, enda njóti aðstoðarmaður sömu réttinda og vitavörður við styrkveitingar úr sjóðnum.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja vitaverði, ekkjur þeirra eða ómyndug börn, er bágstödd hafa orðið vegna sjúkdóms eða annarra óviðráðanlegra orsaka. Við styrkveitingar ber aðallega að taka tillit til þarfa hlutaðeigandi, en þó einnig þess, hve lengi vitavörðurinn hefur þjónað, og hve mikið hann hefur lagt til sjóðsins. Fé sjóðsins skal ávaxta á sem hentugastan hátt að mati stjórnarinnar.

3. gr.

Úr sjóðnum má veita á ári hverju öllum vaxtatekjum undangengis árs ásamt 80% af iðgjöldum sama árs. Fé, sem ekki hefur verið úthlutað á reikningsári, skal lagt til höfuðstólsins, sem ekki má skerða.

4. gr.

Sjóðurinn er eign allra vitavarða, og er hann undir stjórn þriggja manna, sem séu: Vitamálastjóri, og tveir vitaverðir, er allir vitaverðir kjósi til fjögurra ára í senn, á sama hátt eru kosnir tveir varamenn, er taka til starfa í forföllum hinna og ef aðalmaður er við fyrirliggjandi mál riðinn. Sjóðurinn er undir umsjá Ríkisendurskoðunar og birtast ársreikningar í B-deild Stjórnartíðinda.

Samgönguráðuneytið, 23. febrúar 1973.

Hannibal Valdimarsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

Nr. 71. 26. febrúar 1973.

REGLUGERÐ

um mat á saltfiski til útflutnings.

1. gr.

Allur saltfiskur, sem fluttur er út frá Íslandi, skal metinn og gæðaflokkaður af Fiskmati ríkisins áður en gengið er frá honum í umbúðir til útflutnings. Gildir þetta um allar tegundir saltfisks, hvort sem hann er blautsaltaður eða þurrkaður, flattur, flakaður með mismunandi flökunaraðferðum eða sérverkaður á einhvern hátt.

2. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. greinar er ekki skylt að láta meta eða gæðaflokka saltfisk, sem saltaður er um borð í veiðiskipum, er sigla sjálf með hann á erlendan markað, enda hafi fiskurinn þá ekki verið lagður á land á Íslandi.

3. gr.

Fiskmatsmenn, er starfa á vegum Fiskmats ríkisins, skulu framkvæma, undir leiðsögn yfirfiskmatsmanna, eftirlit það og mat, sem reglugerð þessi gerir ráð fyrir.

Lögreglustjóri löggildir fiskmatsmenn, samkvæmt tilnefningu fiskmatsstjóra, og sér um að þeir riti undir eiðstaf um að þeir vilji rækja með alúð og kostgæfni skyldur þær, sem á þeim hvíla í starfi þeirra. Saltfiskframleiðendur, er þurfa á slíkum matsmönnum að halda, vegna verkunar og pökkunar til útflutnings, skulu í samráði við Fiskmat ríkisins tryggja sér þjónustu ofangreindra matsmanna og greiða þeim laun fyrir. Fiskmatsmenn geta verið fastir starfsmenn framleiðenda og/eða annast fyrir þá önnur störf, sem ekki brjóta í bága við skyldur þeirra sem matsmanna. Framleiðanda er einnig heimilt eftir atvikum að ráða til sín matsmann, sem er fastur matsmaður annarra framleiðenda, eða sérhvern þann matsmann, sem fengið hefur löggildingu til saltfiskmats.

Þegar sérstaklega stendur á og framleiðanda eða Fiskmati ríkisins tekst ekki, vegna skorts á löggiltum fiskmatsmönnum, að tryggja framleiðanda hæfan mann til saltfiskmats, er heimilt að veita framleiðanda sjálfum leyfi til mats á eigin framleiðslu undir leiðsögn yfirfiskmatsmanns.

Þeir fiskmatsmenn skulu hafa forgang til löggildingar, sem áður hafa aflað sér nægilegrar þekkingar og þjálfunar, svo sem með því að sækja sérstök námskeið þar að lútandi.

4. gr.

Fiskmat ríkisins hefur yfirumsjón og eftirlit með mati á saltfiski og er sú skylda einkum fólgin í eftirfarandi atriðum:

1. Að fylgjast með því hvort að saltfiskur sé framleiddur og geymdur við hæfilegar aðstæður samkvæmt reglum, er fyrir hendi eru, og settar kunna að verða varðandi hreinlæti, húsnæði, búnað o. s. frv.
2. Að hafa með höndum leiðsögn og eftirlit með því að mat og gæðaflokkun á saltfiski til útflutnings sé réttilega framkvæmd.
3. Að samræming gæðaflokkunar milli hinna ýmsu framleiðslustöðva og landsvæða sé eins góð og frekast er unnt.
4. Að halda námskeið fyrir fiskmatsmenn og að öðru leyti sjá um að framleiðendur geti fengið þjónustu hæfra manna í sambandi við saltfiskmat. Námskeið þessi skulu jafnan auglýst opinberlega og skulu þau haldin eigi sjaldnar en einu sinni á ári. Enn fremur skulu haldin stutt endurhæfingarnámskeið fyrir starfandi fiskmatsmenn þegar þess er þörf.

Til þess að Fiskmat ríkisins geti fullnægt ofangreindum skyldum skulu yfirfiskmatsmenn eða fastráðnir trúnaðarmenn þeirra vera svo margir, sem þörf krefur.

5. gr.

Áður en fiskeigendur hefja gæðaflokkun og pökkun á saltfiski skulu þeir ætíð tilkynna það Fiskmati ríkisins.

6. gr.

Fiskur, sem er ekki fullstaðinn, er ekki matshæfur. Forstöðumenn fiskmatsins geta og neitað að meta þurrkaðan fisk, sem ekki hefur staðið nægilega lengi eftir verkun. Saltfiskur skal ætíð metinn og veginn í geymsluhúsum, sem eru nægilega björt.

7. gr.

Allar tegundir saltfisks, sem fluttar eru út frá Íslandi, skulu háðar a. m. k. merkingu um eftirtalin atriði:

1. Að varan sé framleidd á Íslandi.
2. Fisktegund.
3. Mats- og pökkunartímabil.
4. Merki er tákna gæðaflokka.
5. Merki útflytjanda.
6. Merki framleiðanda.

Framangreind merki má tákna með þeim hætti, sem fiskmatsstjóri og söluaðilar koma sér saman um.

8. gr.

Allan saltfisk ber að tímamerkja um leið og hann er gæðaflokkaður og pakkaður. Skal tákna tímamerkin með bókstöfum eins og hér greinir:

Janúar	1.—15.	bókst. A
—	16.—31.	— B
Febr.	1.—15.	— C
—	16.—28.	— D
Marz	1.—15.	— E
—	16.—31.	— F
Apríl	1.—15.	— G
—	16.—30.	— H

Maí	1.—15.	—	I
—	16.—31.	—	J
Júní	1.—15.	—	K
—	16.—30.	—	L
Júlí	1.—15.	—	M
—	16.—31.	—	N
Ágúst	1.—15.	—	O
—	16.—31.	—	P
Sept.	1.—15.	—	R
—	16.—30.	—	S
Okt.	1.—15.	—	T
—	16.—31.	—	U
Nóv.	1.—15.	—	V
—	16.—30.	—	W
Des.	1.—15.	—	X
—	16.—31.	—	Y

9. gr.

Stærðarmerking fer eftir máli eða tölu fiska í pakka og skal Fiskmat ríkisins hafa eftirlit með því að stærðarmerking sé í samræmi við innihald pakka.

Leitast skal við að hafa sem jafnasta fiskstærð í hverjum pakka, en mál á saltfiski er talið frá föstum hnakka að aftasta lið á sporði.

10. gr.

Gæðamat á blautsöltuðum þorski skiptist í fjögur stig, og er þorskmatið grundvöllur undir öllu gæðamati á saltfiski.

1. Fyrsta flokks fiskur á að vera gallalaus og óaðfinnanleg vara, hvítur og blæfallegur. Í þennan flokk má því ekki láta fisk, sem er sprunginn eða rifinn, illa flattur eða illa saltaður eða með áberandi goggstungum.
2. Annars flokks fiskur á að vera jafngóð neyzluvara og fyrsta flokks fiskur. Hann má hafa ýmsa smærri galla, sem ekki hafa áhrif á neyzlugildi hans. Í annan flokk má því ekki láta mjög þunnan fisk (skinnfisk), ekki ormafisk, nema ormarnir hafi verið alveg hreinsaðir úr honum, ekki fisk, sem er mjög sprunginn eða rifinn, ekki fisk með blóðflekkjum eða illa saltaðan; yfirleitt engan fisk, sem er svo gallaður, að ekki megi teljast góð neyzluvara.
3. Þriðja flokks fiskur er sá fiskur, sem er rýrari og gallameiri en hæft þykir að hafa annan flokk, en þó ekki miklu rýrari að neyzlugildi.
4. Í fjórða flokk fer sá fiskur, sem er stórgallaður með áberandi ormum, stórum blóðflekkjum, rýr að neyzlugildi, en þó hæfur til manneldis.

Gæðamat fisks nr. 1, 2 o. s. frv. er grundvallaratriði fiskmats, sem ekki má víkja frá. Sampökkun gæðaflokka til einstakra markaða má aðeins framkvæma samkvæmt óskum sölusamtakanna og að fengnu leyfi fiskmatsstjóra.

Sé um slík afbrigði að ræða, verður að flytja fiskinn út undir sérstökum heitum, sem fiskmatsstjóri og sölusamtökin koma sér saman um.

11. gr.

Ýsa skal í aðalatriðum aðgreind eftir gæðum á sama hátt og þorskur. Þó skal taka nokkurt tillit til þess, að þunnildi ýsunnar eru að jafnaði dekkri og los á þunnildum frá hnakka tíðari en á þorski.

Ufsa skal einnig meta eins og þorsk í aðalatriðum. Þar má þó taka tillit til dekkri þunnilda á sama hátt og við ýsumat og einnig til dekkra yfirbragðs ufsa yfirleitt.

Þegar fiturákir eru í ufsa ber að flokka hann með sérstöku tilliti til þess, þannig að í annan flokk fari ufsi með fínum fiturákum, í þriðja flokk ufsi með stærri fiturákum og blettum, en ef mikil brögð eru að fitunni alls staðar á yfirborðinu, skal ufsinn fara í fjórða flokk.

Löngu og keilu skal einnig flokka eftir sömu reglum og þorsk.

12. gr.

Ákvæði 10. og 11. gr eiga við um mat á blautsöltuðum fiski. Um mat á þvegnum og þurrkuðum saltfiski gilda sömu ákvæði og hugtök að öðru leyti en því, að þurrkstig (vatnsinnihald) hans er samningsatriði milli kaupenda og seljenda. Fiskmatsstjóri gefur út nánari fyrirmæli og leiðbeiningar um mat á saltfiski eftir því sem þurfa þykir á hverjum tíma.

13. gr.

Söltuð þunnildi til útflutnings skal meta eftir sömu grundvallarreglum og venjulegan saltfisk. Þau skulu vera heil, ekki með blóðblettum, blóðstungum eða áberandi blóðæðum. Þau skulu vera laus við gallbletti, lifrarbletti eða hliðstæðar skemmdir. Mat á söltuðum þunnildum er því hliðstætt mati á fyrsta flokks saltfiski að því er varðar þunnildi hans. Þunnildin skulu vera fullsöltuð, slétt og í alla staði vel verkuð.

14. gr.

Mat og útflutningur á söltuðum flökum, tunnufiski og þunnildum er í aðalatriðum háð sömu skilyrðum og segir um venjulegan saltfisk.

Hvers konar merking þessara afurða er háð samþykki fiskmatsstjóra.

15. gr.

Allur saltfiskur, sem fluttur er á útlendan markað, skal vera í umbúðum, sem séu þannig úr garði gerðar, að ekki sé hætta á, að mati Fiskmats ríkisins, að fiskurinn spillist að gæðum eða útliti við flutninginn. Að öðru leyti er gerð umbúða og stærð pakka samningsatriði milli kaupenda og seljenda.

16. gr.

Umbúðir um fisk skulu jafnan merktar með stöfum, er tákna vörutegundina, sem er í umbúðunum, stærð fisksins, gæði og verkunarstig. Er þetta táknað með merkjum, sem útflytjandi og fiskmatsstjóri koma sér saman um. Enn fremur skal sett á umbúðirnar merki, sem er þannig gert, að hver verkunarstöð eða framleiðandi hafi eitt eða fleiri merki, sem eru samsett af þremur bókstöfum. Skal þetta merki sett á framhlið umbúðanna í línu yfir tegundarmerkinu. Fyrsti stafur merkisins táknar matsumdæmi, annar veiðistöð, en þriðji verkunarstöð eða framleiðanda.

Matsumdæmi.	Suðvesturland	hefur	bókstafinn	F.
—	Vestfirðir	hafa	—	O.
—	Norðurland	hefur	—	N.
—	Austfirðir	hafa	—	E.
—	Vestm.eyjar	hafa	—	V.

Fiskmat ríkisins ákveður bókstaf fyrir hverja veiðistöð eða kaupstað í umdæminu, og er sá bókstafur settur í merkið næst á eftir umdæmisbókstafnum. Þriðji stafurinn er merki verkunarstöðvar eða framleiðanda og er einnig ákveðinn af Fiskmati ríkisins.

Nú eru framleiðendur svo margir í einni veiðistöð, að nothæfir bókstafir stafrófsins eru allir komnir í notkun. Skal þá upp tekinn annar bókstafur til viðbótar fyrir veiðistöðina og stafrófið notað aftur fyrir framleiðendamerki með síðara merkistaf veiðistöðvarinnar.

Ekki má nota stafina: Á, Í, Ó, Æ, Þ eða W og X nema til að tákna afbrigði. Skal afbrigðisins getið á vottorði um matið.

Framleiðslufyrirtækjum er heimilt að nota eigið vörumerki í stað venjulegs merkis framleiðanda, þó að því tilskildu, að það trufli ekki aðrar nauðsynlegar merkingar vörunnar eða gefi villandi upplýsingar um hana, og að fengnu leyfi sölusamtakanna.

17. gr.

Hverjum fiskmatsmanni er úthlutað sérstöku númeri, táknað með tölustöfum, sem ber að leggja í hvern fiskpakka. Fiskmat ríkisins sér um prentun þessara númera, úthlutar fiskmatsmönnum þeim og heldur sérstaka skrá um númer fiskmatsmanna. Utflytjandi greiðir umrædda númeramiða á kostnaðarverði samkvæmt tölu fiskpakka eftir að útflutningur fisksins hefur átt sér stað.

Fiskmat ríkisins sér um dreifingu umræddra númera til fiskmatsmanna og ber fiskmatsmönnum að óska eftir númeramiðum ætíð í tæka tíð svo að þeir þrjóti ekki. Algjörlega er bannað að fiskmatsmaður noti aðra miða en þá, sem Fiskmat ríkisins hefur úthlutað honum. Við pökkun á fiskinum ber að leggja miðann sem næst miðju innihalds pakkans.

18. gr.

Allur saltfiskur, á hvaða verkunarstigi sem er, verður að standast tilskilda nettóvigt, þegar honum er afskipað.

Þegar fiskurinn er veginn í pakka, verður því með tilliti til ásigkomulags og verkunar fisksins að taka þá yfirvigt, sem telja má að þyngd fisksins rýrni um, þar til honum er afskipað.

Yfirfiskmatsmenn, eða fiskmatsmenn í umboði þeirra, ákveða á hverjum tíma hvaða yfirvigt skuli taka samkvæmt framansögðu. Á óverkaðan saltfisk skal þó ætíð taka 2% yfirvigt vegna salts þess, er loðir við fiskinn, þegar hann er metinn og veginn, enda þótt saltið sé slegið af honum eins og vera ber.

19. gr.

Þegar saltfiskur hefur verið metinn, veginn og pakkaður má ekki flytja hann úr geymslustað, nema til útflutnings, án vitundar fiskmatsmanns.

Sé metinn, veginn og pakkaður fiskur fluttur milli hafna og lagður þar á land, skal athuga hann og endurmeta, ef þurfa þykir, áður en hann er fluttur um borð í útflutningsskip. Sé fiskurinn fluttur á þennan hátt milli matsumdæma, er hann þá kominn í umsjá yfirfiskmatsmanns þess umdæmis, sem hann er fluttur til, enda sé honum tilkynnt um flutninginn.

Yfirmatsmönnum er heimilt að fyrirskipa skoðun, og ef tilefni gefst til, endurmat og vigtun á saltfiski, ef að þeirra dómi líður of langur tími frá pökkun.

Þegar tekin eru sýni af metnum og pökkuðum saltfiski skal lágmark sýna tekið með hliðsjón af fiskmagni, sem hér segir:

Af	100		pk.	og	minna	skulu	metnir	3 pk.
—	100	— 500	—	—	—	—	—	5 —
—	500	— 1000	—	—	—	—	—	7 —
—	1000	— 2000	—	—	—	—	—	10 —
—	2000	pk. og þar yfir				—	—	15 —.

20. gr.

Í hverju skipi, sem lestar saltfisk til útflutnings, skal vera hleðslustjóri, ráðinn af sölusamtökum en samþykktur af fiskmatsstjóra.

Hleðslustjóri skal sjá um að útbúnaður allur í farmrúmi skipsins sé í það góðu

lagi, að ekki sé hætta á að fiskurinn eða umbúðir hans spillist að gæðum eða útliti, svo og að eins vel sé farið með fiskinn og frekast er unnt.

Jafnan skal þess gætt, að ekki sé hætta á að gæði, útlit eða umbúðir fisksins spillist á leið frá geymslustað til skips og skulu yfirbreiðslur notaðar í þessu skyni þegar þess er þörf.

Hleðslustjóri lætur hlaða fiskinum í skipið samkvæmt fyrirmælum útflytjanda. Hann skal skila sundurliðaðri skýrslu um tegundir og flokka farmsins að lestun lokinni.

21. gr.

Til þess að tryggja það, að með fiskmatinu náist sem beztur árangur í því að auka álit og eftirspurn eftir fiskinum í markaðslöndunum, skal fiskmatsstjóri fylgjast nákvæmlega með þeim kröfum, sem hinir ýmsu markaðsstaðir gera til fisksins. Enn fremur skulu forráðamenn sölusamtakanna og fiskmatsstjóri ásamt deildarstjóra saltfisksdeildar hafa nána samvinnu. Ber þessum aðilum að gefa hver öðrum allar upplýsingar, sem að gagni mega koma í þessu sambandi.

Skulu fiskmatsstjóri og deildarstjóri saltfiskdeildar taka tillit til óska og ábendinga sölusamtakanna, enda fari þær ábendingar ekki í bága við reglugerð þessa.

22. gr.

Um mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála og varða brot sektum, sem renna skulu í ríkissjóð.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 55 2. maí 1968 um eftirlit og mat á fiski og fiskafurðum til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 127/1953 um verkun og mat á saltfiski til útflutnings.

Sjávarútvegsráðuneytið, 26. febrúar 1973.

Lúðvík Jósepsson.

Jón L. Arnalds.

27. febrúar 1973. Nr. 72.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á grundvallarverði á óverkuðum saltfiski fyrir framleiðslutímabilið 1. október til 31. desember 1972 og á söltuðum ufsaflökum fyrir sama tímabil.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðar- og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi grundvallarverð á óverkuðum saltfiski fyrir framleiðslutímabilið 1. október til 31. desember 1972 og á söltuðum ufsaflökum fyrir sama tímabil:

Óverkaður saltfiskur:

Stórfiskur nr. I	kr. 77.00
Millifiskur nr. I	— 73.00
Smáfiskur 40/60 nr. I	— 66.50
Smáfiskur 60/100 nr. I	— 64.00

Verð á öðrum gæðaflokkum verði ákveðið í hlutföllum söluverða.

Verð þessi eru c.i.f. Verðbil verði 2.5% miðað við verðhækkun eingöngu. Greiðslur í sjóðinn miðast við 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili en greiðslur úr sjóðnum miðast við 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

Söltuð ufsaflök:

15/20	kr. 74.00
21/25	— 71.00
26/30	— 67.90
31/35	— 64.90
36/40	— 61.80

Verð þessi eru f.o.b. Verðbil verði 2.5% miðað við verðhækkun eingöngu. Greiðslur í sjóðinn miðast við 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, verðbili, en greiðslur úr sjóðnum miðast við 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

Sjávarútvegsráðuneytið, 27. febrúar 1973.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Gylfi Þórðarson.

Nr. 73. 27. febrúar 1973.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á grundvallarverði á óverkuðum saltfiski fyrir framleiðslutímabilið 1. janúar til 31. maí 1973 og á söltuðum ufsaflökum fyrir sama tímabil.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðar- og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi grundvallarverð á óverkuðum saltfiski fyrir framleiðslutímabilið 1. janúar til 31. maí 1973 og á söltuðum usfaflökum fyrir sama tímabil:

Óverkaður saltfiskur:

Stórfiskur nr. I	kr. 87.00
Millifiskur nr. I	— 80.00
Smáfiskur 40/60 nr. I	— 74.00
Smáfiskur 60/100 nr. I	— 70.00

Verð á öðrum gæðaflokkum skal ákveðið í hlutföllum söluverða.

Verð þessi eru f.o.b. Verðbil verði 2.5% er miðist bæði við verðhækkun og verðlækkun. Greiðslur í sjóðinn eða úr honum miðast við 50% verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádregnu verðbili.

Söltuð ufsaflök.

15/20	kr. 84.40
21/25	— 81.00
26/30	— 77.60
31/35	— 74.70
36/40	— 70.90

Verð þessi eru c.i.f. Verðbil verði 2.5% er miðist bæði við verðhækkun og verðlækkun. Greiðslur í sjóðinn eða úr honum miðast við 50% verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádregnu verðbili.

Sjávarútvegsráðuneytið, 27. febrúar 1973.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Gylfi Þórðarson.

5. marz 1973. Nr. 74.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á frystri rækju fyrir framleiðslutímabilið 1. janúar til 31. maí 1973.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest grundvallarverð á frystri rækju fyrir framleiðslutímabilið 1. janúar til 31. maí 1973:

		Cif.
Vélskelflett rækja:		
1.	10×4×1 lb. blokkfryst	£ 0.63 pr. lb.
2.	24×1 lb. blokkfryst	£ 0.64 — —
3.	2×5 kg sérfryst	£ 0.64 — —
4.	4×2 kg og 5×2 kg sérfryst	£ 0.64 — —
5.	24×450 gr sérfryst	£ 0.64 — —
6.	1×25 lbs. sérfryst	£ 0.64 — —
Handskelflett rækja:		
	Í saltlegi	£ 0.67 pr. lb.

Verðbil verði 3½%.

Greiðslur í sjóðinn eða úr honum miðast við 50% verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádregnu verðbili.

Sjávarútvegsráðuneytið, 5. marz 1973.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Gylfi Þórðarson.

GJALDSKRÁ

Rafmagnsveitna ríkisins um raforkusölu í heildsölu.

Gjaldskrá þessi er miðuð við afhendingu orkunnar með 6—11 kV spennu og mælingu hennar á þeirri spennuhlið.

Gjaldskráin gildir um sölu til héraðsrafmagnsveitna og er almennt miðuð við afhendingu orkunnar á einum stað við mörk orkuveitusvæðis þeirra.

Einnig er heimilt að selja öðrum raforkukaupendum samkvæmt þessari gjaldskrá, enda sé þá greitt fyrir minnst 800 kw. afl og fyrir 6—11 kV aðfærsluveitu frá aðalkerfi Rafmagnsveitna ríkisins, miðað við fjarlægð, aflnotkun og samningsbundna tímalengd notkunar.

Rafmagnsgjald.

Aflgjald	2 880 krónur á árskW
+ Orkugjald:	
Fyrir fyrstu notkun allt að 2500 klst. nýtingartíma á árskW	91.2 aurar á kWst.
Fyrir notkun milli 2500 og 4000 klst. nýtingartíma á árskW	52.8 aurar á kWst.
Fyrir notkun umfram 4000 klst. á nýtingartíma á árskW .	26.4 aurar á kWst.

Aflmæling.

Með árskW í gjaldskrá þessari er átt við meðaltal fjögurra hæstu mánaðarálagstoppa ársins, mældra sem 30 mínútna meðalálag á afhendingarstað.

Ársnýting.

Ársnýtingartími á klst. er raforkunotkun eins almanaksárs í kwst. deild með þeim álagstoppi á kw., sem greiða skal fyrir.

Ákvörðun aflgjalds.

Rafmagnsveiturnar áætla í samráði við kaupanda aflnotkun komandi árs, og er það umsamið afl sama tímabils. Reynist mesta aflnotkun verða minni, skal þó kaupandi greiða fyrir minnst 80% af umsömdu afli.

Greiðsluskilmálar.

Rafmagnsveiturnar áætla í samráði við kaupanda ársgreiðslu hans, miðað við umsamið afl, og skal þeirri upphæð skipt í mánaðarlegar greiðslur, sem falla í gjalddaga fyrsta hvers mánaðar eftir á. Hafi full greiðsla ekki borizt Rafmagnsveitunum 10 dögum eftir gjalddaga, reiknast 10% ársvextir á hana frá gjalddaga til greiðsludags.

Rafmagnsveiturnar hafa heimild til að stöðva afhendingu orkunnar, ef greiðsla hefur ekki verið innt af hendi einum mánuði eftir gjalddaga, en tilkynna skal kaupanda um það með minnst 3ja daga fyrirvara.

Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað kaupanda, sbr. 76. gr. Orkulaga nr. 58/1967.

Önnur ákvæði.

Um önnur ákvæði gildir reglugerð Rafmagnsveitna ríkisins.

Verðjöfnunargjald er innifalið í verðinu, en ekki söluskattur.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt Orkulögum nr. 58/1967 og staðfestri reglugerð Rafmagnsveitna ríkisins frá 1968 til að taka nú þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 37 17. febrúar 1972.

Iðnaðarráðuneytið, 6. marz 1973.

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.

GJALDSKRÁ

Rafmagnsveitna ríkisins um raforkusölu í smásölu.

I. GJALDSKRÁLIÐIR

Rafmagnsveitur ríkisins selja raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

1. Lýsing.

11.	Fast gjald	kr.	F 1.
	Orkugjald	—	14.40 á kWst.
12.	Fast gjald	—	F 1 + F 2.
	Orkugjald	—	7.60 á kWst.

2. Notkun til heimilisþarfa, búrekstrar o. fl.

21.	Fast gjald	kr.	F 1 + F 3.
	Orkugjald	—	3.60 á kWst.
	Markmæling:		
23.	Aflgjald, lágmarksstilling 3 kW	—	14 000.00 á ári.
	Aflgjald, frá 3 til 6 kW	—	3 300.00 á kW á ári.
	Aflgjald, umfram 6 kW að hámarksaflstillingu 20 kW	—	2 460.00 á kW á ári.
	Orkugjald af allri notkun	—	0.60 á kWst.
	Orkugjald af notkun umfram aflstillingu	—	7.40 á kWst.

3. Vélanotkun o. fl.

31.	Fast gjald	—	F 1 + F 2.
	Lágmarksgjald	—	48 × F 1 á ári.
	Orkugjald	—	7.60 á kWst.
32.	Aflgjald, lágmark 2 kW	—	8 400.00 á ári.
	Aflgjald, frá 2 til 5 kW	—	4 200.00 á kW á ári
	Aflgjald, umfram 5 kW	—	3 700.00 á kW á ári.
	Fast gjald	—	F 1 + F 3.
	Orkugjald	—	1.40 á kWst.
34.	Til súgburrkunar á tímabilinu 1. júní til 31. október:		
	Aflgjald	—	1 330.00 á kW á ári.
	Fast gjald	—	F 1.
	Orkugjald	—	0.60 á kWst.

4. Húshitun.

41.	Fast gjald	kr.	F 1 + F 4.
	Orkugjald	—	1.94 á kWst.
	Roftími allt að 1 klst. á dag.		
42.	Fast gjald, lágmark 2 kW	—	F 1 + F 4.
	Orkugjald	—	0.82 á kWst.
	Roftími allt að 2 × 1.5 klst. á dag.		
	Markmæling:		
43.	Fast gjald	—	F 1.
	Aflgjald, lágmarksstilling 5 kW	—	10 650.00 á ári.
	Aflgjald, umfram 5 kW að hámarksaflstillingu 20 kW	—	2 130.00 á kW á ári.
	Orkugjald af allri notkun	—	0.30 á kWst.
	Orkugjald af notkun umfram aflstillingu	—	3.60 á kWst.
	Roftími allt að 2 × 1.5 klst. á dag.		
44.	Fast gjald, lágmark 2 kW	—	F 1 + F 4.
	Orkugjald	—	0.40 á kWst.
	Roftími allt að 15 klst. að degi til.		

5. Utanhússlýsing.

51.	Fast gjald	—	F 1.
	Fyrir hvert götuljósker	—	5 × F 1 á ári.
	Orkugjald	—	1.70 á kWst.
52.	Fast gjald	—	F 1.
	Orkugjald	—	4.10 á kWst.

6. Lokun fyrir veitu.

Gjöld fyrir lokun og enduropnun á veitu vegna vanskila eru samtals	—	650.00.
fyrir hvert skipti.		

II. SKILGREININGAR OG ÝMIS ÁKVÆÐI

1. Föst gjöld.

F 1		kr.	100.00 á mánuði.
F 2	a) Verzlanir, skrifstofur, vinnustofur o. þ. h.	—	3.90 á m² á mánuði.
	b) Gangar, geymslur o. þ. h.	—	2.00 á m² á mánuði.
F 3		—	40.00 á gjaldeiningu á mánuði.

Gjaldeiningar eru:

a) Fyrir fjölskylduheimili.
Hvert herbergi notað eða ætlað til íbúðar, en ekki gangar, baðherbergi né geymslur. Herbergi 5 m² eða minna reiknast hálft, en 25 m² eða stærri tvö.

b) Fyrir félagsheimili, skóla, gistihús, sjúkrahús o. þ. h. 20 m², mælt innan útveggja.

c) Fyrir útihús vegna búrekstrar.
Fyrstu 50 m² eða minna, ein gjaldeining.
Hverja næstu 100 m², ein gjaldeining.

d) Fyrir fiskvinnslustöðvar, iðnaðar- og iðjuhús o. þ. h.
30 m² fyrir vinnslurúm,
40 m² fyrir geymslurúm.

F 4 Hvert uppsett kW ..... — 460.00 á ári.

2. Mestaaflsmæling.

1. Aflmæling miðast við 15 mín. meðalálag.
2. Gjaldskrárliður 32.
Gjaldskylt afl hvers almanaksárs er meðaltal fjögurra hæstu álestra, en álestrar fari að jafnaði fram í byrjun hvers mánaðar.

3. Véla- og tækjaálag.

1. Ef fasviksstuðull hjá notanda er lægri en 0.8, skal hann gera ráðstafanir á sinn kostnað til þess að hækka fasviksstuðulinn upp í það gildi.

Notandi greiðir hærra verð fyrir raforkuna meðan fasviksstuðullinn er undir 0.8.

2. Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, sem valda tilfinnanlegum truflunum, um skemmri eða lengri tíma eftir aðstæðum hverju sinni.
Heimilt er að taka fastagjöld af rafsuðuspennum samkvæmt F 4.

4. Götulýsing.

Rafmagnsveitur sjá um uppsetningu götulýsingarkerfis samkvæmt ósk notanda, sem greiði stofnkostnað. Viðhald götulýsingar annast Rafmagnsveiturnar á sinn kostnað.

5. Takmörkun á vali gjaldskrárliða o. fl.

Þegar um sérstakar aðstæður er að ræða, svo sem tímabundna notkun mikils afls, geta Rafmagnsveitur ríkisins takmarkað val notenda við ákveðna gjaldskrárliði eða gert sérstaka samninga um skilyrði fyrir tengingu.

Þar sem framleiðslukostnaður orku er sérstaklega hár, svo sem á dísilstöðvasvæðum, eða flutningsgeta og/eða spennaafl er takmarkað, áskilja Rafmagnsveiturnar sér rétt til þess að gefa ekki kost á gjaldskrárliðum, þar sem orkugjald er lágt og/eða orkunotkun mikil.

III. HEIMTAUGARGJALD

Heimtaugargjald skal greitt samkvæmt sérstökum reglugerðum og gjaldskrám um heimtaugargjöld til Rafmagnsveitna ríkisins.

Söluskattur er innifalinn í öllum gjaldskrárliðum nema á hitatöxtum og kwh. gjaldi á gjaldskrárlið 23. Enn fremur viðlagagjald skv. 8. gr. laga nr. 4 7. febrúar 1973, nema á hitatöxtum.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að taka gildi 1. apríl 1973. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 38 17. febrúar 1972.

Iðnaðarráðuneytið, 6. marz 1973.

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.

REGLUGERÐ

um notkun dýra í vísindalegum tilgangi.

1. gr.

Aðgerðir á dýrum í vísindalegum tilgangi eru bannaðar nema til komi sérstakt leyfi yfirdýralæknis.

Ef nauðsynlegt er talið að framkvæma aðgerðir á dýrum í vísinda- eða tilraunaskyni eða í sambandi við kennslu og lyfjaframleiðslu, sem sennilegt er að valdi dýrunum þrautum, skulu aðgerðir framkvæmdar í svæfingu eða deyfingu, svo að öruggt sé, að dýrið finni ekkert til, meðan á aðgerð stendur.

Strax að aðgerð lokinni skal dýrið deytt, ef það samrýmist tilgangi tilraunarinnar, ella skal þess gætt að aðbúð, aðhlynning og hjúkrun sé þannig, að dregið sé úr þrautum dýrsins eins og föng eru á og það deytt að tilraun lokinni.

2. gr.

Leyfi til þess að framkvæma aðgerðir á dýrum, sem um getur í fyrstu grein, skal aðeins veita yfirlæknum sjúkrahúsa og forstöðumönnum við vísindastofnanir ríkisins, sem læknislærðir eru (læknar, dýralæknar). Forstöðumenn, sem eigi eru sjálfir læknislærðir, skulu ráða læknislærða menn til að starfa að dýratilraunum, vilji þeir afla stofnunum sínum leyfis til þess að gera tilraunir með dýr.

Ef leyfishafar dýratilrauna framkvæma eigi sjálfir aðgerðina, mega þeir eingöngu fela það þeim föstum starfsmönnum stofnunarinnar, sem til þess hafa hlotið menntun og þjálfun og hafa í höndum skilríki um það. Aðgerð skal þá hverju sinni framkvæmd samkvæmt sérstakri fyrirsögn og á ábyrgð leyfishafa.

3. gr.

Nú óskar dýralæknir eða læknir, sem ekki er fastráðinn við vísindastofnun eða sjúkrahús, að gera dýratilraunir í vísindalegum tilgangi, skal hann þá fá til þess sérstakt leyfi yfirdýralæknis, enda séu tilraunir gerðar á vísindastofnun undir umsjá viðkomandi forstöðumanns, sem leyfi hefur til slíkra aðgerða, og ber forstöðumaður ábyrgð á framkvæmd tilraunarinnar.

4. gr.

Blóðtökur, inndælingar á lyfjum, bólusetningar og aðrar svipaðar aðgerðir, sem framkvæmdar eru til þess að prófa eða framleiða lyf, skulu háðar leyfi yfirdýralæknis, ef aðgerðin vekur dýrinu sérstakan ótta eða þjáningu.

5. gr.

Tímabundin leyfi til aðgerða á dýrum samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar lætur yfirdýralæknir af hendi.

Hver sá, sem leyfi hefur til að framkvæma aðgerðir á dýrum, skal halda skýrslu um dýratilraunir sínar. Það skal tekið fram, hvaða dýrategundir hafa verið notaðar og hvernig, fjöldi dýra og hver hafi verið tilgangurinn með dýratilrauninni. Skulu skrár þessar tiltækar yfirdýralækni, verði þess krafizt.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 21 13. apríl 1957 og öðlast þegar gildi. Um mál, sem varða brot á reglugerð þessari og refsingar fyrir þau, fer samkvæmt 21. gr. laga um dýravernd nr. 21 13. apríl 1957.

Í menntamálaráðuneytinu, 7. marz 1973.

Magnús T. Ólafsson.

Birgir Thorlacius.

7. marz 1973. Nr. 78.

AUGLÝSING

um forkaupsrétt Ísafjarðarkaupstaðar að lóðum og öðrum fasteignum innan kaupstaðarins.

Samkvæmt heimild í 26. gr. skipulagslaga nr. 19 21. maí 1964, sbr. lög nr. 22/1932, hefur bæjarstjórn Ísafjarðar samþykkt að áskilja Ísafjarðarkaupstað forkaupsrétt að öllum lóðum, jörðum og fasteignum innan marka kaupstaðarins vegna gerðar aðalskipulags og deiliskipulags einstakra hverfa.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi og gildir í 5 ár frá dagsetningu hennar að telja. Birtist hún hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 7. marz 1973.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.

7. marz 1973. Nr. 79.

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá fyrir Vatnsveitu Akureyrar nr. 62 9. marz 1972.

1. gr.

Í upphafi 2. gr. komi ný málsgrein svo hljóðandi:

Álagningarstofn (almenns) vatnsskatts skal vera fasteignamat eins og það er á hverjum tíma notað sem álagningarstofn fasteignaskatts og er hann í gjaldskrá þessari nefndur fasteignamat.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 7. marz 1973.

F. h. r.
Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

REGLUGERÐ

um holræsi í Raufarhafnarhreppi.

1. gr.

Þegar Raufarhafnarhreppur hefur látið leggja holræsi í veg, götu eða annað opið svæði eða þar sem hreppurinn hefur tekið að sér viðhald og endurnýjun holræsa, er þeim húseigendum, er þar eiga húseignir að eða í námunda við og til holræsa geta náð, skylt að leggja á sinn kostnað holræsi frá húsinu, er flytji allt skólp frá því út í aðalræsið. Regnvatn af húsum og lóðum skal einnig, ef unnt er, leiða í ræsið eða í sérstakt holræsi fyrir ofanjarðarvatn, ef gert er, samkvæmt fyrirmælum verkstjóra. Vanræki einhver að láta gera nýtt holræsi eða endurnýja eldra, innan hæfilegs frests, sem sveitarstjóri ákveður, getur hreppurinn látið vinna verkið á kostnað húseiganda.

2. gr.

Raufarhafnarhreppur lætur leggja holræsastúta út frá aðalræsi í nýjum götum, sem hann lætur gera eftir 1. janúar 1973. Skulu stútar þessir ná út fyrir götu að lóðarmörkum húsa. Heimlagnir eru á kostnað húseiganda. Við raðhús eða fjölbýlishús skal um holræsastúta fara eftir nánari skilmálum um lóðaráthlutun.

Gjald fyrir að tengjast holræsakerfinu skal vera kr. 1000.00 á hús, auk þess skal greiða kr. 500.00 á íbúð umfram eina.

3. gr.

Sveitarstjóri, verkstjóri og byggingarfulltrúi, undir yfirstjórn sveitarstjórnar, fara með stjórn framkvæmda, er holræsakerfi kauptúnsins varða. Heimilt er sveitarstjórn að fela sérstökum umsjónarmanni yfirstjórn holræsakerfisins. Áður en húseigandi byrjar að leggja holræsi sitt skal fá samþykki umsjónarmanns þar til. Skal húseigandi leggja fram teikningar af frárennsliskerfi sínu, ef krafizt verður. Skylt er húseiganda að hlýða fyrirmælum umsjónarmanns á öllu því, er að tilhögun og lagningu ræsanna lýtur, enda hafi starfsmenn hreppsins ávallt eftirlit með því, að vel og örugglega sé frá öllu gengið. Engar lagnir má hylja fyrr en fulltrúi sveitarstjórnar hefur samþykkt þær.

4. gr.

Allt efni, sem notað er til holræsagerðar, skal standast kröfur byggingarsamþykktar, en auk þess getur byggingarnefnd sett reglur um sérstaka hreinsibrunna á holræsakerfi húseiganda, þar sem ástæða þykir til.

5. gr.

Bannað er að láta renna í holræsakerfið sýrur, olíur eða önnur efni, sem valdið geta skemmdum á holræsakerfinu eða varanlegri mengun.

6. gr.

Kostnaður við aðalholræsakerfið greiðist úr sveitarsjóði, en til að standast þann kostnað er húseigendum, sem hús eiga við veg, götu eða opið svæði, þar sem holræsi er lagt í, skylt að greiða holræsagjald, sem nemur 0.10% af hinu opinbera fasteignamati húss, eins og það reiknast á hverjum tíma. Undanþága frá greiðslu hins almenna fasteignaskatts skapar ekki undanþágu frá greiðslu holræsagjalds. Gjald þetta getur sveitarstjórnin hækkað um allt að 50% án þess að leita þurfi staðfestingar ráðuneytis.

7. gr.

Holræsagjald skal greiða eigi síðar en 15. apríl ár hvert og greiðist af húseiganda og er hann einn ábyrgur fyrir greiðslu þess gagnvart sveitarsjóði. Holræsagjald má

taka lögtaki og má gera lögtak í hinu skattskylda húsi án tillits til eigendaskipta. Skattur nýtur lögveðsréttar í húseignum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

8. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum, allt að kr. 100 000.00, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem hreppsnefnd Raufarhafnarhrepps hefur samið og samþykkt og gerð er samkvæmt lögum nr. 15 20. júní 1923, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 157 11. nóvember 1958 um holræsi í Raufarhafnarhreppi.

Félagsmálaráðuneytið, 8. marz 1973.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.

8. marz 1973. Nr. 81.

REGLUGERÐ

fyrir Vatnsveitu Raufarhafnar.

1. gr.

Vatnsveita Raufarhafnar er fyrirtæki, sem Raufarhafnarhreppur er eigandi að og rekur í þeim tilgangi að fullnægja vatnsþörf heimila, þjónustu iðnfyrirtækja og allri annarri starfsemi, sem vatn þarf að nota í Raufarhafnarhreppi, eftir því, sem við verður komið og nánar fram tekið í reglugerð þessari.

2. gr.

Vatnsveita Raufarhafnar er sjálfstætt fyrirtæki í rekstri Raufarhafnarhrepps, með sérstöku reikningshaldi. Reikningar Vatnsveitu Raufarhafnar skulu jafnan fylgja reikningum Raufarhafnarhrepps til endurskoðunar og samþykktar.

3. gr.

Hreppsnefnd Raufarhafnarhrepps hefur æðsta vald í málefnum vatnsveitunnar, en í umboði hennar hefur sveitarstjóri, oddviti, eða hver sá, sem hreppsnefnd ræður til þess að fara með daglega umsjón, rekstur og framkvæmd starfa, er vatnsveituna varða.

4. gr.

Vatnsveita Raufarhafnar hefur einkarétt til reksturs vatnsveitu og sölu vatns í Raufarhafnarhreppi, er vatnsveitan nær yfir, og getur fullnægt, einnig til hafnar og sölu vatns til skipa, einnig til nýtingar vatnslinda í landi Raufarhafnarhrepps, til vatnsnota.

5. gr.

Vatnsveita Raufarhafnar lætur leggja vatnsæðar svo víða um kauptúnið, sem henta þykir, svo að húseigendur eigi greiðan aðgang að þeim í fyrirhuguðu vegar-

stæði eða götu, er lóðir þeirra liggja að, enda sé húsið reist með samþykki byggingarnefndar.

Frá aðalæðum skulu húseigendur leggja vatnsæðar á sinn kostnað.

6. gr.

Hver sá, er komast vill í samband við vatnsveituna, skal senda beiðni til umsjónarmanns, enda sé vatnið ætlað til heimilisþarfa. Vatnsnot til annarra þarfa skulu að jafnaði leyfð með nánari fyrirmælum og skilyrðum, er vatnsveitan setur hverju sinni. Vélar og önnur tæki, þau er nota vatn, önnur en venjuleg heimilistæki, má ekki tengja við hús eða heimæðar nema að fengnu leyfi vatnsveitunnar. Einnig getur vatnsveitan fyrirskipað breytingar á eldri tækjum og vélum, ef nauðsyn krefur. Réttur húseiganda til vatnsnota skuldbindur ekki vatnsveituna til þess að tryggja, að þrýstingur á götuæðum sé ávallt nægjanlegur. Ef sýnt þykir, að götuæðar þær, sem fyrir eru, geta ekki séð atvinnutækjum eða öðrum, sem óska eftir vatni til annarra þarfa en heimilis, fyrir nægjanlegu vatni, er neytanda skylt að greiða kostnað við nauðsynlegar úrbætur, eftir úrskurði vatnsveitunnar. Vatnsveitan hefur eignarrétt og viðhaldsskyldu á götuæðum, enda þótt húseigendur hafi í upphafi að einhverju eða öllu leyti, borið þann kostnað, er af lögninni leiddi, nema öðruvísi verði um samið. Vatnsveitan annast kaup og viðhald brunahana.

7. gr.

Vatnsveitan skal hafa eftirlit með því, að nýlagnir séu hóflega víðar, nægilega djúpt í jörð og að öðru leyti í samræmi við samþykkt þessa. Engar vatnsæðar má hylja fyrr en þær hafa verið viðurkenndar af vatnsveitunni. Vatnsveitan hefur rétt til að láta prýstiprófa vatnslagnir á kostnað húseiganda. Áliti eftirlitsmaður vatnsveitunnar, að verk sé eigi framkvæmt samkvæmt ákvæðum samþykktar þessarar eða öðrum reglum, er settar kunna að verða, getur hann stöðvað verkið þar til bætt hefur verið úr því, sem áfátt kann að vera.

8. gr.

Vatnsveitan getur ákveðið, að heimæðar, eða hluti þeirra, skuli lagðar af starfsmönnum hennar á kostnað húseiganda. Að jafnaði fær hvert hús leyfi fyrir einni heimæð. Óski húseigandi eftir fleiri heimæðum ber honum að sækja sérstaklega um það til vatnsveitunnar. Óheimilt er að tengja saman húsæðakerfi við tvær eða fleiri heimæðar. Vatnsveitan getur ákveðið að fleiri en eitt hús séu tengd sömu heimæð og gefur þá fyrirmæli um vídd og legu æðarinnar. Hún getur ákveðið hvernig skipt skuli kostnaði við slíkar framkvæmdir, ef aðilar verða ekki ásáttir um slíkt. Því aðeins er heimilt að tengja heimæðar við hús, að þau séu fokheld og upphituð. Húseigendum ber skylda til að halda við vatnslögnum sínum, frá aðalæð, á eigin kostnað og láta gera við leka, þegar hans verður vart. Þótt leka hafi orðið vart, getur vatnsveitan, ef hún telur brýna þörf á, lagt fyrir húseiganda að endurnýja vatnslagnir sínar að nokkru eða öllu leyti. Vanræki húseigandi viðhald á vatnslögnum sínum, er vatnsveitunni heimilt að annast viðgerð á kostnað hans.

Eftirlitsmenn skulu hafa frjálsan aðgang að öllum vatnslögnum innanhúss og skulu húseigendur gefa upplýsingar um vatnsnotkun, sem óskað er eftir. Þeim er heimilt að fara um lóðir vatnsnotenda til að athuga um vatnslagnir og gera þær ráðstafanir í þágu vatnsveitunnar, sem nauðsynlegar kunna að teljast.

9. gr.

Heimilt er að loka vatnsæðum þeirra, sem eftir ítrekaðar áminningar eyða vatni að óþörfu t. d. sírennsli vegna frosthættu, nota það þannig, að óþrifum eða óþægindum valdi, eða vanræki viðhald á pípum og tækjum tengdum vatnsveitunni.

Jafnframt er heimilt að taka úr sambandi ónotaðar vatnsæðar, sem fyrirsjáanlega verða ekki teknar í notkun innan árs.

10. gr.

Heimilt er að fyrirskipa takmörkun á vatnsnotkun, ef skortur er á vatni. Einnig að loka fyrir vatnið vegna viðgerða og hreinsunar, og takmarka það á vissum tíma í senn eftir atvikum. Jafnan skal auglýsa slíkar aðgerðir með svo rúmum fyrirvara, sem kostur er.

11. gr.

Ef eldsvoða ber að höndum hafa slökkviliðsmenn, lögregla og starfsmenn vatnsveitunnar heimild til þess að gera hverjar þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar mega teljast, hvort heldur á vatnsæðum í einkaeign eða eigu vatnsveitunnar. Óheimilt er öðrum en slökkviliði, lögreglu og starfsmönnum vatnsveitunnar að taka vatn úr brunahönum vatnsveitunnar, nema með sérstöku leyfi. Vatnsveitan ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, sem leiða kann af rekstrartruflunum vegna hugsanlegra aðgerða, sem nefndar eru í 10. og 11. grein.

12. gr.

Húseigandi, sem beiðist tengingar við vatnsæðar vatnsveitunnar, skal leggja fram teikningar af vatnskerfi sínu ef óskað er.

Húseigandi skal greiða stofngjald til vatnsveitunnar, áður en tenging fer fram og skal það miðast við rúmmál húss hans að utanmáli. Er gjaldið kr. 6.00 á hvern rúmmetra húss allt að 2000 rúmmetra stærð, en kr. 4.00 á hvern rúmmetra, sem þar er umfram.

13. gr.

Árlegur vatnsskattur skal reiknast af heildarmati hverrar fasteignar þ. e. mat mannvirkja og lóðar, samkvæmt lögum um fasteignamat og fasteignaskráningu nr. 28 29. apríl 1973. Upphæð vatnsskatts skal vera 0.15% af framangreindu mati. Upphæð vatnsskattsins skal þó aldrei vera lægri en kr. 1500.00 fyrir hverja skattskylda fasteign. Þó skal aldrei reikna vatnsskatt af húsi það ár, sem bygging fer fram. Sé bygging eigi virt fasteignamatsvirðingu skal greiða vatnsskatt samkvæmt lágmarksákvæðum þessarar greinar.

Vatnsskatt skal greiða af öllum húseignum á vatnsveitusvæðinu og vatni er veitt í eða vatnsæð er frá. Fyrir tímabundin eða sérstök vatnsnot skal greiða sem hér segir, auk vatnsskatts.

a. Vatnsnot í steypu til iðnaðar kr. 10.00 fyrir hver 100 kg af sementsnotkun.
b. Fyrir þvottaplön, sem rekin eru til þvotta á bifreiðum t. d. í sambandi við eldneytissölu, skal greiða kr. 5000.00 á ári fyrir vatnsnotin.
c. Fyrir vatnsnotkun í sláturhúsum skal greiða aukagjald kr. 2.00 á hverja slátraða sauðkind.
d. Fyrir vatnsnotkun við síldarsöltun skal greiða kr. 10.00 á hverja uppsaltaða tunnu síldar. Sama gjald er fyrir hverja tunnu af söltuðum hrognum. Fyrir sjósaltaða síld, sem lögð er á land til pökkunar og pæklunar, skal greiða kr. 5.00 fyrir hverja útskipaða tunnu.
e. Fyrir vatnsnotkun til síldarbræðslu skal greiða kr. 35.00 fyrir hvert landað síldartonn og kr. 20.00 fyrir hvert landað tonn af öðrum afla.
f. Vatnsnot við fiskverkun skal greiða með kr. 25.00 á hverja smálest af innvegnum fiski, þar sem ekki er vatnsmælir.
g. Greiðsla fyrir vatn, sem er til skipa og báta í Raufarhafnarhöfn, skal vera kr. 40.00 fyrir hvern rúmmetra, lágmarksgjald til fiskiskipa kr. 200.00 og annarra kr. 500.00, þó skulu fiskiskip, gerð út frá Raufarhöfn, ekki greiða fyrir vatn.
h. Gjöld fyrir ótalin vatnsnot skulu fara eftir ákvörðun vatnsveitunnar.

14. gr.

Þar sem vatnsnot eru mikil eða komi í ljós, að þau sé óeðlileg, er sveitarstjórn heimilt að krefjast aukavatnsskatts samkvæmt mælingum eða eftir ákvörðun sveitarstjórnar. Aukavatnsskattur skal miðaður við kr. 2.50 á hvern rúmmetra vatns. Nú sættir húseigandi og/eða vatnsnotandi sig eigi við ákvörðun vatnsveitunnar á aukavatnsskatti og getur hann þá krafizt þess, að vatnsnotkun hans verði mæld um eins mánaðar skeið, eftir vali vatnsveitunnar og verður aukavatnsskattur þess árs þá ákveðinn hlutfallslega við útkomu þeirrar mælingar.

15. gr.

Þar sem vatn er selt samkvæmt mæli, greiðir húseigandi kostnað við uppsetningu mælisins. Vatnsveitan sér um eðlilegt viðhald mælisins, en allar skemmdir af mannavöldum og frostum ber húseiganda að bæta. Ef maður rýfur innsigli vatnsmælis varðar það refsingu samkvæmt almennum hegningarlögum. Verði vatnsmæli ekki komið fyrir án breytinga á vatnslögn er húseiganda skylt að láta breyta lögninni á sinn kostnað. Vatnsveitan sjálf ákveður stærð og gerð mælis í samræmi við vatnsnotkun á hverjum stað. Ber húseiganda að tilkynna vatnsveitunni tafarlaust um bilanir á vatnsmæli, er hann kann að verða þeirra var.

16. gr.

Vatnsskatt skal greiða eigi síðar en 15. júlí ár hvert og ber að greiða skattinn á skrifstofu hreppsins. Aukavatnsskatt skv. mæli skal greiða í lok hvers ársfjórungs.

17. gr.

Gjöld samkvæmt reglugerð þessari miðast við fasteignamatið 1972 og breytast síðar í samræmi við gildandi fasteignamat á hverjum tíma. Sveitarstjórnin getur hækkað eða lækkað um allt að 50%, framantalin gjöld, öll þeirra eða hvert um sig, án þess að leita þurfi staðfestingar ráðuneytis.

18. gr.

Vatnsskatt af fasteignum má taka lögtaki og má gera lögtak í hinu skattskylda húsi án tillits til eigendaskipta.

Skattur nýtur lögveðsréttar í húseignum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði. Sé vatnsskattur eða vatnslögn í vanskilum, er sveitarstjórn heimilt að láta loka vatnsrennsli til gjaldanda og heimilt að krefjast allt að kr. 500.00 opnunargjalds, þegar skil hafa verið gerð á vatnsskattinum eða vatnsgjöldunum.

19. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 100 000.00, nema þyngri refsing liggi fyrir að lögum. Mál út af broti á reglugerð þessari skal farið með sem opinber mál.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Raufarhafnarhrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð fyrir Vatnsveitu Raufarhafnar nr. 156 10. nóvember 1958.

Félagsmálaráðuneytið, 8. marz 1973.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.

REGLUGERÐ

fyrir Vatnsveitu Neshrepps utan Ennis.

1. gr.

Hreppsnefnd hefur einkaleyfi til reksturs vatnsveitu og sölu vatns á því svæði, er vatnsveitan nær yfir og hún getur fullnægt.

2. gr.

Hreppsnefnd hefur þegar lagt stofnæðar um Hellissand og Rif, samkvæmt staðfestum skipulagsuppdrætti, en notendur annast lagningu æða þaðan að húsum á eigin kostnað.

3. gr.

Hreppsnefnd hefur yfirumsjón með vatnsveitukerfi hreppsins, en heimilt er henni að ráða umsjónarmann og innheimtumann, er hafi á hendi eftirlit með vatnsveitukerfinu og innheimtu á gjöldum, samkvæmt erindisbréfi, er hreppsnefndin setur honum. Hreppsnefnd og umsjónarmanni vatnsveitunnar er heimilt að fara í hús manna, þar sem vatnsæðar liggja, til athugunar á vatnslögninni og eftirlits með vatnsnotkun.

4. gr.

Hver sá, sem vill komast í samband við Vatnsveitu Neshrepps utan Ennis, skal senda skriflega umsókn þar um.

5. gr.

Skylt er húseigendum að halda vatnsæðum sínum vel við. Skal sérstaklegta gæta þess, að ekki frjósi í þeim. Ef hreppsnefnd eða umsjónarmanni vatnsveitunnar þykir í einhverju ábótavant, skal húseigandi tafarlaust bæta úr því, ella geri hreppsnefnd það á hans kostnað.

6. gr.

Hreppsnefnd getur fyrirskipað takmörkun á vatnsnotkun, ef skortur er á vatni. Þá getur hún lokað fyrir vatnið, þegar þarf vegna hreinsunar á vatnsgeymum eða viðgerðar á vatnsæðum og tenginga á heimæðum. Slík lokun skal tilkynnt fyrirfram, ef tök eru á. Fullan vatnsskatt ber að greiða, þó slík lokun fari fram.

7. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að loka fyrir vatnið hjá þeim, sem eftir ítrekaða áminningu eyða vatni að óþörfu, eða vanrækja að gera við bilanir á leiðslum sínum, svo og ef þeir hafa vatnsæðum sínum þannig fyrir komið, að óþrif hljótist af, eða fyrir samkvæmt mati, ef ekki næst samkomulag.

8. gr.

Skylt er hverjum manni að láta af hendi land og landsafnot í þarfir vatnsveitunnar, svo og mannvirki, og þola þær eignakvaðir, óhagræði og takmarkanir á afnotarétti, sem vatnsveitan kann að hafa í för með sér, enda komi fullar bætur samkvæmt mati, ef ekki næst samkomulag.

9. gr.

Hver sá, sem skemmir eða saurgar vatnsæðar vatnsveitunnar, geymana eða önnur mannvirki, skal greiða fullar bætur fyrir samkvæmt mati tveggja dómkvaddra manna, og sæta sektum, nema þyngri refsing liggi við að lögum.

10. gr.

Hver sá, sem fær tengt við Vatnsveitu Neshrepps utan Ennis, skal greiða tengigjald kr. 2 500.00 af hverju húsi.

Af öllum íbúðarhúsum á Hellissandi og Rifi, sem vatn nota, skal greiða vatnsskatt á ári hverju 0.25% af fasteignamati húsa og tilheyrandi lóða. Þó skal lágmarksgjald af íbúð vera kr. 1 200.00.

Fyrir önnur vatnsafnot skal greiða sem hér segir:

a. Af hverju tonni mjöls í verksmiðju kr. 20.00.
b. Af hverri smálest af innvegnum fiski í fiskiðjuver kr. 20.00.
c. Fyrir saltfiskþvott kr. 5.00 á hverja smálest af fiski.
b. Þegar um fyrirtæki er að ræða, sem nota mikið vatn, s. s. fiskvinnslustöðvar o. fl., getur hreppsnefnd ákveðið að selja vatn um mæli og skal greiða þá kr. 2.00 fyrir smálest. Þegar ákveðið hefur verið að selja vatn um mæli, skal hreppsnefnd útvega mæli og koma honum fyrir, en hlutaðeigandi notandi annast sjálfur viðhald hans. Vanræki vatnsnotandi viðhald mælisins, skal vatnsgjald reiknað, þann tíma sem mælirinn er í ófullkomnu lagi eftir þeirri vatnseyðslu, sem mest hefur orðið hjá hlutaðeigandi notanda næsta ár á undan, miðað við einn ársfjórðung.
e. Fyrir önnur vatnsafnot, svo sem í sláturhús, beitingahús o. fl., skal greiða gjald eftir samkomulagi við hreppsnefnd.

11. gr.

Reikningsár vatnsveitunnar er almanksárið. Gjalddagi vatnsskatts er 1. apríl ár hvert, þó skal greiða vatn, ef það er selt um mæli samkvæmt e-lið 10. gr. ársfjórðungslega og er þá fyrsti gjalddagi 1. apríl, annar gjalddagi 1. júlí o. s. frv. Húseigandi ber ábyrgð á vatnsskatti húsa. Eigandi framleiðslustöðvar ber ábyrgð á því, að vatnsskattur af stöð hans sé greiddur. Vatnsskatt má taka lögtaki í hinu skattskylda húsi eða atvinnufyrirtæki og er hann tryggður með lögveði í eigninni í næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsveði fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði, án tillits til eigendaskipta.

12. gr.

Heimilt er hreppsnefnd fyrir eitt ár í senn, að hækka eða lækka vatnsskatt um allt að 50% án staðfestingar ráðuneytis.

13. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar allt að kr. 3 000.00 sekt, nema þyngri refsing liggi við að lögum. Mál út af brotum á reglugerðinni skal fara að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð fyrir Vatnsveitu Hellissands nr. 2 2. janúar 1952 með síðari breytingum.

Félagsmálaráðuneytið, 8. marz 1973.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Hafnarfjarðar.

I. RAFORKA

Rafveita Hafnarfjarðar selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

01 1. Um kWst.-mæli á kr. 13.74 hverja kWst.

02 2. Um kWst.-mæli á kr. 6.57 hverja kWst. auk fastagjalds er nemi kr. 1 776.00 á ári fyrir allt að 25 m^2 gólfflatarmáls í rúmi því, er lýsa skal, og kr. 34.00 fyrir hvern m^2 umfram 25 m^2. Fullt fermetragjald skal greiða af gólffleti í íbúðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 16.00 á m^2 á ári.

Séu notaðir flúrskinslampar, natríumlampar eða kvikasilfurslampar með ófasviksjöfnuðum straumrásum, er heimilt að miða orkugjald skv. 1. og 2. tölulið við kílóvoltamperstundir í stað kílówattstunda.

B. Almenn heimilisnotkun.

12 Um kWst.-mæli á kr. 3.03 hverja kWst. og auk þess fastagjald kr. 312.00 á ári fyrir hvert herbergi, sem ætlað er til íbúðar og eldhús, en ekki ganga, baðherbergi eða geymslur.

C. Vélanotkun.

20 1. Um kWst.-mæli á kr. 6.57 hverja kWst.

23 2. Um mæla þannig reiknað, enda sé aflnotkun minnst 5 kW. Aflgjald skv. kW-mæli á kr. 3 259.00 hvert árs-kW. Auk þess skal greitt orkugjald skv. kWst.-mæli á kr. 1.16 hverja kWst. Minnsta aflgjald er kr. 16 295.00 á ári. Verði raunstuðullinn lægri en 0.8 er heimilt að miða aflgjaldið við 90% af mestu kVA-notkun í stað mestu kW-notkunar.

D. Hitun.

03 1.1 Um kWst.-mæli á kr. 2.68 hverja kWst. (án söluskatts).

04 1.2 Um kWst.-mæli á kr. 3.03 hverja kWst. (með söluskatti).

16 2.1 Um kWst.-mæli á kr. 0.95 hverja kWst. (án söluskatts), enda megi rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag, á tímum mesta álags rafveitunnar.

17 2.2 Um kWst.-mæli á kr. 1.07 hverja kWst. (með söluskatti), enda megi rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag, á tímum mesta álags rafveitunnar.

32 3.1 Um kWst.-mæli á kr. 0.49 hverja kWst. (án söluskatts), enda megi rjúfa strauminn í allt að 12 klst. á sólarhring.

33 3.2 Um kWst.-mæli á kr. 0.55 hverja kWst. (með söluskatti), enda megi rjúfa strauminn í allt að 12 klst. á sólarhring.

Skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar.

a) Að vélaafl, götulínur og spennar þoli álagið, að dómi rafveitustjóra.

b) Að notandi kosti segulrofa fyrir hitalögnina.

c) Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð skv. fyrirmælum rafveitunnar og Rafmagnseftirlits ríkisins, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir, þegar þess er krafizt.

d) Að húsnæðið fullnægi þeim lágmarkskröfum um einangrun, sem rafveitan kann að setja.
e) Að lagðar séu fram niðurstöður útreikninga á hitaþörf þess húsrýmis, er hita skal, þegar þess er krafizt og skal þá tekið fram, við hvaða minnsta úthita hitaþörfin er miðuð.

E. Stórnotkun.

50 Um mæla þannig reiknað, enda sé aflnotkun minnst 200 kW.
Aflgjald: kr. 5 473.00 hvert árs-kW.
Orkugjald: kr. 0.61 hverja kWst.
Sala skv. þessum lið er háð ákvörðun rafveitunefndar.

F. Önnur notkun.

1. Rafveitustjóra er heimilt að veita afslátt frá framangreindum verðlagsákvæðum á liðunum A til D á orku, sem notuð er á sumrin, ef um töluverða aukningu frá vetrarnotkun er að ræða, eða ef orkan er eingöngu notuð á sumrin.
40 2. Til nota við vinnulagnir við byggingar, meðan á byggingu stendur, þannig:
a) Um kWst.-mæli á kr. 7.21 hverja kWst.
b) Um mestastraumsrofa á kr. 66.00 hvert amper á mánuði.
Rafveitustjóri ákveður hvort settur skuli upp kWst.-mælir eða mestastraumsrofi.
41 3. Gjöld fyrir götu- og hafnarlýsingu: Kr. 18 853.00 hvert árskílówatt, þótt mælitækjum verði ekki við komið, enda greiði þá notandi að auki stofnkostnað eða viðhaldskostnað að fullu eftir ákvörðun rafveitunnar. Þó ákveður bæjarstjórn gjald fyrir götulýsingu í Hafnarfirði samkv. tillögu rafveitunefndar, sem gerð skal árlega við afgreiðslu fjárhagsáætlunar bæjarins.
4. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri selja raforku eftir sérstökum samningi, þó eigi lengur en til eins árs í senn, nema samþykki rafveitunefndar komi til.

G. Mælaleiga.

1. Af einfasa mælum kr. 15.50 á mánuði.
2. Af þrífasa mælum til og með 100 A, kr. 38.50 á mánuði.
3. Af þrífasa mælum yfir 100 A, kr. 64.50 á mánuði.
4. Af mestaaflsmælum kr. 98.50 á mánuði.
5. Ársleiga eftir önnur rof og mælitæki skal vera sem næst 15% af verði viðkomandi tækja, eftir nánari ákvörðun rafveitunnar.

II. HEIMTAUGARGJÖLD

Heimtaugargjald skal greitt samkvæmt eftirfarandi töflu: Fari lengd jarðlínuheimtaugar fram úr 15 m eða loftlínuheimtaugar fram úr 40 m skal greitt yfirlengdargjald eins og taflan sýnir:

Málstraumur stofnvara	Jarðlína Lágmark kr.	Jarðlína Yfirlengd kr./m	Loftlína Lágmark kr.	Loftlína Yfirlengd kr./stólpa
	220 V kerfi			
63 A 1-fasa	12 524	696	9 488	9 222
100 A 1-fasa	15 180	835	12 018	11 524
63 A 3-fasa	15 686	835	12 018	11 524
100 A 3-fasa	19 481	949	13 662	14 408
125 A 3-fasa	24 288	1 063	17 078	15 117
200 A 3-fasa	37 950	1 442	27 071	17 280
300 A 3-fasa	54 775	1 758		

Málstraumur stofnvara	Jarðlína Lágmark kr.	Yfirlengd kr./m	Loftlína Lágmark kr.	Yfirlengd kr./stólpa
	380 V kerfi			
63 A 1-fasa	12 524	696	10 752	9 222
63 A 2-fasa	15 180	696	12 018	10 753
63 A 3-fasa	21 252	835	16 318	11 524
100 A 3-fasa	33 649	949	24 288	14 408
125 A 3-fasa	41 998	1 063	29 475	15 117
200 A 3-fasa	65 780	1 442	46 552	17 280
300 A 3-fasa	94 575	1 758		

Fyrir heimtaugar með meiri flutningsgetu en taflan segir til um (hér kann að þurfa dreifistöð), skal greitt heimtaugargjald er nemi kr. 506.00 á hvert kVA. Skal þá miða aflið við varastærðirnar 425, 500 og 630 A. Yfirlengdargjald reiknast þá í hlutfalli við aukna flutningsgetu eftir 300 A skv. töflunni.

Lengd jarðlínuheimtaugar, 63—200 A í 220 V kerfi og 63—125 A í 380 V kerfi reiknast frá varkassa stytztu greiðfæru leið að lóðarmörkum. Þurfi að leggja jarðlínuheimtaug af ofangreindum stærðum út frá loftlínu, skal lengd heimtaugar reiknuð jöfn lengd jarðstrengs frá varkassa að loftlínustólpa. Þveri jarðlínuheimtaugin akbraut, skal breidd akbrautar ekki reiknuð með.

Lengd stærri jarðlínuheimtaugar, en að ofan greinir, reiknast frá varkassa að rofa í dreifistöð. Yfirlengd reiknast ekki af vegalend, sem er umfram 100 m frá varkassa. Yfirlengdin reiknast sem yfirlengd jarðlínu skv. töflu þótt heimtaugin sé tekin frá loftlínu.

Lengd loftlínuheimtaugar, 63—100 A í 220 og 380 V kerfi, reiknast frá næsta stólpa í notendalínu við götu, stytztu greiðfæru leið að varkassa. Þurfi að setja stólpa fyrir heimtaug nær húsi en 40 m svo að hún nái löglegri hæð, skal greitt umframgjald kr. 5 060.00 fyrir stólpann.

Séu tvær eða fleiri heimtaugar sameiginlegar að hluta er rafveitunni heimilt að jafna lengdargjöldum niður á umsækjendur heimtauga.

Sé nauðsynlegt að setja upp dreifistöð vegna ákveðins notanda og hún að mestu leyti notuð í hans þágu, skal notandanum skylt að leggja til lóð undir stöðina, rafveitunni að kostnaðarlausu og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð lóðarinnar og staðsetningu stöðvarinnar.

Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óvenjulegar, er heimilt að krefjast sérstaks aukagjalds af húseiganda eða gera honum að greiða heimtaugina skv. kostnaði en gera honum viðvart um það fyrirfram.

Óski húseigandi eftir að flutningsgeta heimtaugar verði aukin, eða ef breyta þarf loftlínuheimtaug í jarðlínuheimtaug, vegna breytinga á stofnlínu í götu, skal húseigandi greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá, þegar breytingin fer fram. Húseigandi skal kosta breytingar á stofntaug innanhúss, sem þessu kann að vera samfara og taka á sig annan kostnað er af þessu kann að stafa.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum innan lögsagnarumdæmis Hafnarfjarðar, Garðahrepps og Bessastaðahrepps.

III. OPNUNARGJÖLD

1. Hafi gjald skv. gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veituna, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 260.00.
2. Ef fundin eru við skoðun óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún eigi opnuð aftur, fyrr en notandi hefur greitt kr. 320.00 gjald á skrifstofu rafveitunnar.

Sé opnað utan venjulegs vinnutíma, er þó heimilt að krefjast opnunargjalds samkv. kostnaði.

IV. ÝMIS ÁKVÆÐI

1. Hækki innkaupsverð á raforku, er rafveitunefnd heimilt að hækka gjaldskrá þessa um allt að 40% af þeirri hækkun.
2. Fyrir hver full 5% sem kaupgjald hækkar eða lækkar, hvort heldur sökum breytingar á grunnkaupi eða kaupgjaldsvísitölu eftir 1. febrúar 1973, er rafveitunefnd heimilt að hækka eða lækka gjaldskrá þessa um 4%.

Söluskattur samkvæmt lögum nr. 10/1960 um söluskatt með síðari breytingum og viðaukum, er talinn með í upphæð gjalda þeirra, sem um ræðir í I. kafla gjaldskrár þessarar, nema annars sé sérstaklega getið, enn fremur viðlagagjald skv. 8. gr. l. nr. 4/1973, nema á hitatöxtum.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis, nr. 139 7. júní 1972.

Iðnaðarráðuneytið, 9. marz 1973

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.

Nr. 84. 12. marz 1973.

GJALDSKRÁ

fyrir Hitaveitu Reykjavíkur.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveitan selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar á húsinu, enda séu ofnar hússins nægilega stórir, að dómi Hitaveitunnar.

Verður vatnsrennsli að húsinu takmarkað um hemil, eftir því sem þörf krefur.

II. KAFLI

3. gr.

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða samkvæmt vatnsmæli kr. 18.26 fyrir hvern rúmmetra vatns. Þar til vatnsmælir hefur verið settur upp, og ef vatnsmælir bilar, áætlar Hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins.

4. gr.

Hitaveitan leigir vatnsmæla og annast viðhald þeirra. Leigan fyrir mæli skal greidd jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun og skal vera fyrir hvern mæli á mánuði:

a. Fyrir mæla allt að ¾" ..... kr. 158.30
b. Fyrir mæla allt að 1—2" ..... — 355.20
c. Fyrir mæla allt að 3" ..... — 710.40

5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 3. og 4. gr. verða krafin mánaðarlega, þegar eftir mælisálestur.

Þó er heimilt að láta líða lengri tíma en einn mánuð á milli álestra og fækka gjalddögum.

6. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Sé reikningur ekki greiddur við fyrstu sýningu, ber gjaldanda að greiða hann, þar sem Hitaveitan ákveður. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 14 daga frá gjalddaga.

7. gr.

Heimæðagjald Hitaveitunnar skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Rúmmál húss (utanmál) m³	Heimæðagjald								
Allt að 400	50 738.00 kr.								
400— 2000	50 738.00 —	fyrir	400	m³	+	40.60	kr./m³	þar	yfir
2000— 6000	115 684.00 —	—	2000	—	+	34.60	—	—	—
2000—10000	253 691.00 —	—	6000	—	+	30.50	—	—	—
Meira en 10000	375 463.00 —	—	10000	—	+	26.40	—	—	—

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsinu með sérstökum mælum frá Hitaveitunni og skal þá greiða kr. 6 089.00 í aukagjald fyrir hvern mæli umfram hinn fyrsta.

8. gr.

Hitaveitu Reykjavíkur er heimilt að hækka eða lækka hitaveitugjöld í sama hlutfalli og vísitala byggingarkostnaðar breytist. Þó skal meðalheildarkostnaður við hitun húsa með hitaveitu ekki fara fram úr 80% af meðalheildarkostnaði hitunar með olíukyndingu.

9. gr.

Nú er tengingu heimæðar lokið og er þá heimæðargjaldið gjaldkræft. Þó er heimilt að veita gjaldfrest allt að 5 árum, ef samið er um það á gjalddaga. Í slíkum samningi skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

III. KAFLI

10. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

11. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskipamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Heimilt er að loka vatnsrennsli að húsi, sem vangreidd eru af hitaveitugjöld.

Fyrirrætlun um að loka ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, er vanskilum veldur, kr. 25.00 hverju sinni.

12. gr.

Eftirlitsmanni Hitaveitunnar skal, hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum hemlum, mælum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

IV. KAFLI

13. gr.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Hitaveitu Reykjavíkur nr. 76 4. apríl 1972.

Iðnaðarráðuneytið, 12. marz 1973.

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.

Nr. 85. 13. marz 1973.

REGLUGERÐ

um innheimtu gjalds vegna kostnaðar við framkvæmd laga nr. 102 31. desember 1972 um skipulag á löndun á loðnu til bræðslu.

1. gr.

Kostnaður við framkvæmd laga nr. 102/1972 um skipulag á löndun á loðnu til bræðslu, þ. á m. þóknun og kostnaður vegna nefndar samkvæmt 2. gr. laganna, skal greiðast af fiskkaupendum og fiskseljendum að jöfnu. Skal greiða 1 eyri af hverju kg hráefnis, sem sem landað er til bræðslu á loðnuvertíð 1973, til að standa undir kostnaði við framkvæmd laganna og skulu seljendur annars vegar og kaupendur hins vegar greiða þessa fjárhæð að hálfu hvor.

2. gr.

Kaupendur loðnu til bræðslu skulu standa skil á greiðslum samkvæmt 1. gr. Hefur nefnd samkvæmt 2. gr. laga nr. 102/1972 á hendi innheimtu gjalds þessa og reikningshald. Verði í árslok afgangur af gjaldi þessu, er ráðuneytinu heimilt að ákveða, að hann renni til Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, deildar fyrir loðnuafurðir.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 102 31. desember 1972 um skipulag á löndun á loðnu til bræðslu, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 13. marz 1973.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Gylfi Þórðarson.

Nr. 86. 14. marz 1973.

SAMÞYKKT

fyrir Vatnafélag Hlíðarhrepps og Tunguhrepps í Norður-Múlasýslu.

1. gr.

Félagið heitir Vatnafélag Hlíðarhrepps og Tunguhrepps. Heimili þess og varnarþing er Hlíðarhreppur og Tunguhreppur í Norður-Múlasýslu.

2. gr.

Verkefni félagsins er að vinna að því með fyrirhleðslum og öðrum mannvirkjum, að varna Jökulsá á Dal að ganga á aðliggjandi jarðir báðum megin árinnar. Félagið getur aukið starfssvið sitt, ef meirihluti félagsmanna er því samþykkur.

3. gr.

Hönnun meiri háttar mannvirkja, sem félagið hyggst ráðast í hverju sinni, skal félagsstjórn bera undir ráðunaut ríkisstjórnarinnar í vatnamálum (vegamálastjóra).

Að loknum framkvæmdum við mannvirkjagerð, skulu þær teknar út af ráðunaut ríkisstjórnarinnar í vatnamálum.

4. gr.

Samþykkt þessi nær til jarðanna: Árbakka, Litla-Bakka, Galtastaða ytri, Hnitbjarga, Hlíðargarðs, Hólmatungu, Eyjasels, Bakkagerðis, Ketilsstaða, Skriðufells, Torfastaða og Hlíðarhúsa.

Nú þykir nauðsynlegt eða réttmætt að bæta við félagsskapinn nýrri jörð eða fella jörð úr félagsskapnum, en næst ekki samþykki aðalfundar, og er þá heimilt að skjóta því atriði til úrskurðar landbúnaðarráðherra, sbr. 76. gr. vatnalaga.

5. gr.

Stjórn félagsins skipa þrír menn og aðrir þrír til vara.

Þeir skulu kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn, og gengur einn úr stjórn á ári hverju, eftir hlutkesti fyrstu tvö árin. Stjórnin velur sér formann og skiptir með sér verkum.

Á aðalfundi skal kjósa tvo menn til að endurskoða reikninga félagsins.

6. gr.

Aðalfund félagsins skal halda fyrir lok nóvembermánaðar ár hvert. Skal þar lagður fram endurskoðaður reikningur félagsins fyrir umliðið ár. Fundur er lögmætur, ef helmingur félagsmanna sækir hann. Til samþykktar á félagsmálum þarf einfaldan meirihluta atkvæða þeirra manna, sem á fundi eru og atkvæðisrétt eiga, en til breytinga á samþykkt þessari þarf ⅔ hluta atkvæða. Heimilt er stjórninni að kveðja til aukafundar, ef þörf krefur, en skylt, ef ¼ hluti félagsmanna óskar þess.

Atkvæðisrétt um félagsmál hafa eigendur og ábúendur framangreindra jarða, og gildir eitt atkvæði fyrir hverja landareign.

Til aðalfundar skal boða með viku fyrirvara á þann hátt, sem venja er að boða til sveitarfunda. Í fundarboði skal getið dagskrár fundarins. Formaður kveður til stjórnarfunda, svo oft sem honum þykir þurfa, svo og ef einhver meðstjórnandi óskar þess. Skylt er stjórninni að halda gerðabók. Þar skal rita fundargerðir félagsfunda.

7. gr.

Kostnaði við viðhald og umbætur varnargarða þeirra og annarra mannvirkja, sem gerð verða, skal félagsstjórnin jafna á hlutaðeigandi jarðeignir í réttu hlutfalli við fasteignamat á landi jarðanna og einnig eftir hagsbótum þeim, er hver jörð hefur af fyrirhleðslunum eða öðrum mannvirkjum eftir mati þriggja manna, er félagið kýs til þess. Eftir sama hlutfalli skal skipta öðrum árlegum kostnaði. Verði ágreiningur um skiptingu kostnaðar, ber að leggja hann undir úrskurð þar til dómkvaddra manna, og að öðru leyti fer um hann eftir gildandi lögum.

Nú þykir nauðsynlegt að gera ný mannvirki til varnar vatnaágangi, og skal þá jafna kostnaði á félagsmenn á sama hátt, að frádregnum þeim hluta hans, sem kann að fást greiddur annars staðar að.

8. gr.

Formaður félagsstjórnar hefur á hendi umsjón með mannvirkjum þeim, sem gerð verða. Hann skal og halda alla reikninga félagsins og annast greiðslur nema stjórnin hafi skipt með sér verkum á annan hátt, sbr. 5. gr.

Formaður skal í samráði við meðstjórnendur annast um, að gert verði við bilanir svo fljótt, sem auðið er, svo að fyrirhleðslur og önnur mannvirki séu jafnan sem tryggust. Skoðun á mannvirkjum þeim, sem gerð hafa verið, skal jafnan fara fram árlega af þar til hæfum manni, að tilhlutan formanns, og skal hann senda afrit af skoðunargerðinni til ráðunautar ríkisstjórnarinnar í vatnamálum (vegamálastjóra).

Félagsmenn skulu ávallt að öðru jöfnu sitja fyrir öðrum um vinnu á vegum félagsins fyrir verkamenn, bifreiðar og önnur vinnutæki.

9. gr.

Allan sameiginlegan kostnað skal félagsstjórnin innheimta með nægjanlegum fyrirvara. Ef tregða verður á með greiðslur, er heimilt að taka gjöldin lögtaki.

Til þess að standa í skilum með árlegar greiðslur kostnaðar, er stjórninni heimilt að taka bráðabirgðalán, sem jafnan greiðist að fullu á sama reikningsári með niðurjöfnuðum gjöldum félagsmanna.

Vexti af slíku láni má telja með öðrum kostnaði.

Reikningsár félagsins er almanaksárið.

10. gr.

Nú telur landbúnaðarráðherra eftir tillögum ráðunautar ríkisstjórnarinnar í vatnamálum, að nauðsyn sé til umbóta á varnargörðunum eða nýrra mannvirkja umfram það, sem félagsstjórn hefur ráðgert, og skal þá félagsstjórn skylt, er hún hefur fengið tilkynningu þar um, að láta framkvæma þau verk, svo fljótt sem nauðsyn krefur, ef ástæður leyfa og fé er fyrir hendi.

11. gr.

Nú þykir ráðlegt eða nauðsynlegt að slíta félagsskapnum, og fer þá um tillögur þar að lútandi sem um tillögur til breytinga á samþykkt þessari, sbr. 5. gr., enda staðfesti landbúnaðarráðherra samþykkt um félagsslitin.

12. gr.

Brot gegn samþykkt þessari skal varða allt að kr. 10 000.00 sektum, er renna í félagssjóð.

13. gr.

Með mál út af brotum á samþykkt þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 14. marz 1973.

Halldór E. Sigurðsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Reyðarfjarðar.

I. RAFORKA

Rafveita Reyðarfjarðar selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

1. Um kWst.-mæli á kr. 10.00 hverja kWst.
2. Um kWst.-mæli á kr. 3.50 hverja kWst. auk fastagjalds af gólffleti í rúmi því, er lýsa skal.
   Fastagjald reiknast þannig:
   Fyrir búðir, vinnustofur og skrifstofur ..... kr. 2.30 á m² á mán.
   Fyrir ganga, geymslur o. þ. h. ..... — 1.00 á m² á mán.

B. Almenn heimilisnotkun.

Um kWst.-mæli fyrir alla notkun á heimilinu á kr. 2.85 hverja kWst. og auk þess fastagjald kr. 16.90 á mán. fyrir hvert herbergi, sem ætlað er til íbúðar og eldhús, en ekki ganga, baðherbergi eða geymslur. Herbergi sem er minna en 5 m² sem hálft, en stærra en 25 m² sem tvö. Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er undir 10 m² má miða við samanlangt flatarmál þeirra þannig, að hverjir 10 m² jafngilda einu herbergi og hverjir 5 m² hálfu herbergi. Einnig má selja til vinnuljósa og bygginga í smíðum samkvæmt texta þessum.

C. Vélanotkun.

1. Um kWst.-mæli á kr. 5.10 hverja kWst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma má krefjast minnsta árgjalds kr. 747.00 fyrir kW í málraun véla.
2. Um afl- og orkumæla til véla í frystihúsum, fiskverkunarstöðvum og iðnaðarfyrirtækjum, ef uppsett vélaafl fastra véla er yfir 20 kW þannig reiknað:
   a. Aflgjald af notuðu afli ..... kr. 3 610.00 á kW á ári
   b. Orkugjald af allri notkun ..... — 1.05 á kWst.
   Heimilt er að rjúfa strauminn í allt að 3 stundir á dag á tímum mesta álags.
3. Ef ekki eru tök á að mæla notað afl, má selja þannig: Um kWst.-mæli á kr. 1.20 hverja kWst. auk fastagjalds er nemi kr. 3 280.00 á ári fyrir hvert kW í málraun véla.
4. Til súgþurrkunar um kWst.-mæli á kr. 1.40 hverja kWst., enda skuldbindi notandi sig til að nota ekki vélarnar á mesta álagstíma dagsins, skv. fyrirmælum rafveitustjóra.

D. Hitun.

1. a. Um kWst.-mæli á kr. 0.70 hverja kWst., enda sé þá minnsta notkun 6000 kWst. á ári. Heimilt er að rjúfa strauminn allt að 3 stundum á dag á tímum mesta álags rafveitunnar.
   b. Án straumrofa á kr. 1.06 hverja kWst.
2. Um kWst.-mæli á kr. 0.47 hverja kWst., enda megi þá rjúfa strauminn á tímanum frá kl. 8—23.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar.

a. Að notandi setji á sinn kostnað klukkurofa fyrir hitalögnina og kosti viðhald þeirra. Þá getur rafveitustjóri ákveðið að rafveitan leggi til rofa og annist viðhald þeirra, og kostar þá notandinn tengingu þeirra og greiðir leigu af þeim samkvæmt reglum, er gilda um leigu mælitækja.

b. Að vélaafl, götulínur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
c. Að hitalagnir, þar með talin tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir.

E. Önnur raforkunotkun.

1. Til götu- og hafnarlýsingar um kWst.-mæli á kr. 3.50 hverja kWst.
2. Hvers konar raforkunotkun, sem ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja samkv. lið A—I.

II. MÆLALEIGA

Notandi greiði leigu af mælitækjum sem hér segir:

1.	Af einfasa kWst.-mælum allt að 50 amp.	kr. 12.00
2.	Af þrífasa kWst.-mælum allt að 50 amp.	— 29.50
3.	Af þrífasa kWst.-mælum 50—200 amp.	— 42.00
4.	Af þrífasa kWst.-mælum yfir 200 amp.	— 74.00

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækjanna. Skal leigan af mælitækjunum innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann.

III. HEIMTAUGARGJÖLD

Af hverri húsveitu sem tengd er við rafveituna skal greiða heimtaugargjald, sem hér segir:

1.	Grunngjald af hverri loftlínuheimtaug	kr. 1 084.00
2.	Grunngjald af hverri jarðlínuheimtaug	— 1 467.00

Auk þessa grunngjalds skal greiða kr. 10.00 af hverju þúsundi króna af brunabótamati húsa og mannvirkja. Í útreikningi á heimtaugargjaldi skal sleppa hálfu þúsundi eða minna af brunabótamati en ella hækka upp í heilt þúsund.

Ef brunabótamat á húsi er gamalt, getur rafveitustjóri eða hreppsnefnd samræmt það nýju mati og miðað heimtaugargjaldið við það. Láti húseigandi meta húsið á ný, skal þó heimtaugargjaldið miðast við það mat.

Heimtaugargjald fellur í gjalddaga þegar heimtaugaruppsetningu er lokið eða þegar brunabótamat hefur verið framkvæmt.

Sé lengd jarðlínuheimtaugar meiri en 20 metrar og loftlínuheimtaugar meiri en 60 metrar og gildleiki víra meiri en 3 × 70 mm² skal húseigandi greiða kostnað af því, sem umfram er. Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að sama húsi, skal greiða allan kostnað af síðari heimtaug eftir reikningi.

IV. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 130.00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún ekki enduropnuð fyrir en notandinn hefur greitt kr. 130.00 á skrifstofu rafveitunnar.

V. HEIMILD TIL HÆKKUNAR O. FL.

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í I. kafla þessarar gjaldskrár um allt að 10%, enda auglýsi hreppsnefndin breytinguna í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.

Söluskattur, 11%, er innifalinn í öllum gjaldskrárliðum, nema húshitun. Viðlagagjald, 2%, er ekki innifalið, en reiknist á sama hátt.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 75 4. apríl 1972.

Iðnaðarráðuneytið, 14. marz 1973

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.

14. marz 1973. Nr. 88.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Miðneshrepps og Rafveitu Grindavíkur.

I. RAFORKA

Rafveitur Miðneshrepps og Grindavíkur selja raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

A—1. Um kWst.-mæli á kr. 13.30 hverja kWst. Við þessu verði skal selja hvers konar notkun raforku, sem ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár.

A—2. Um kWst.-mæli á kr. 6.70 hverja kWst. auk fastagjalds, er nemi kr. 39.00 á hvern fermeter gólffletar í rúmi því, er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólffleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 19.00 á ári af hverjum fermeter.

B. Almenn heimilisnotkun.

Um kWst.-mæli á kr. 3.00 hverja kWst. auk fastagjalds kr. 30.00 á mánuði af hverju herbergi íbúðar. Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll íbúðarherbergi og eldhús, en ekki ganga, baðherbergi og geymslur. Herbergi, sem minna er en 5 ferm., skal telja sem hálft, en stærra en 25 ferm. sem tvö.

C. Vélanotkun o. fl.

C—1. Um kWst.-mæli á kr. 6.70 hverja kWst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma má krefjast minnsta árgjalds kr. 3 767.00.

C—2. Vélanotkun til bráðabirgða um kWst.-mæli kr. 6.70 hverja kWst.

C—3. Ef uppsett rafvélaafl fasttengdra véla er yfir 20 kW:

a) Um kWst.-mæli á kr. 1.11 hverja kWst. auk fastagjalds kr. 3 767.00. Notað afl telst vera mesta meðalálag á árinu mælt yfir stundarfjórðung á kW.

b) Ef ekki eru tök á að mæla notað afl, má selja þannig: Um kWst.-mæli á kr. 1.11 hverja kWst. auk fastagjalds kr. 3 570.00 á hvert kW í málraun uppsettra véla á árinu.

Heimilt er að rjúfa straum í allt að þrem stundum á dag samkv. þessum gjaldskrárlið (C—3) kl. 10.30—12.00 og kl. 17.30—19.00.

C—4. Um afl- og orkumæli:

a) Af notuðu afli mælt í stundarfjórðung kr. 3 767.00 á kW á ári.

b) Af allri notkun kr. 1.11 hverja kWst.

Samkv. þessum gjaldskrárlið heimilast að selja raforku til vélareksturs, hitunar og ljósa, en reikna skal gólfflatargjald vegna ljósanotkunar kr. 39.00 á hvern ferm. í vinnusölum, kaffistofum og öðrum slíkum, en kr. 17.00 á hvern ferm. í vörugeymslum, efnisgeymslum, frystiklefum og þess háttar. Þar sem erfitt er að greina milli hverjum þessara flokka gólfflatargjald skal reikna eftir, skal greiða kr. 29.00 á hvern ferm. á ári.

D. Hitun.

D—1. Um kWst.-mæli án rofs kr. 2.20 hverja kWst.

D—2. Um kWst.-mæli með rofi í eina til þrjár klst. á dag kr. 1.00 hverja kWst.

D—3. Um afl- og orkumæli:

a) Á kr. 1.00 hverja kWst. auk fastagjalds af mestu aflnotkun á árinu kr. 777.00 hvert kW.

b) Ef ekki eru tök á að mæla aflnotkun, skal greiða samkv. ástimplun hitatækja og fullt álag.

D—4. Um kWst.-mæli á kr. 0.50 hverja kWst. með rofi frá kl. 8—23.

E. Önnur raforkusala.

Raforku til suðu má selja til gistihúsa, veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða á kr. 3.90 hverja kWst., enda sé notkunin mæld um sérmæli og suðutæki fasttengd.

Til nota um vinnulagnir við byggingar, meðan á byggingu stendur, um kWst.-mæli á kr. 6.70 hverja kWst.

Til bökunarofna í braugerðarhúsum um kWst.-mæli á kr. 1.20 hverja kWst. ef straumur er rofinn frá kl. 8.30 til 22.00 eða um tvígjaldsmæli á kr. 1.20 kverja kWst. á tímanum frá kl. 22.00 til 8.30 og kr. 3.00 hverja kWst. frá kl. 8.30 til 22.00.

Til gatna og hafnarlýsingar í Miðnes- og Grindavíkurhreppi svo og vinnulýsingar við nýbyggingar og aðra mannvirkjagerð á kr. 6.70 hverja kWst.

Alla rafmagnsnotkun, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A-1. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri þó að tilskildu samþykki rafveitustjórnar, veita afslátt frá gjaldskrárlið C—E (báðir meðtaldir) á orku, sem notuð er á sumrin sé um aukningu frá vetrarnotkun að ræða. Enn fremur að selja orku eftir sérstökum samningi, sé það hagstætt vegna orkunýtingar rafveitunnar.

F. Gatna- og hafnarlýsing í Grindavík.

1. Til gatna- og hafnarlýsingar svo og vinnulýsingar við nýbyggingar og aðra mannvirkjagerð á kr. 6.00 hverja kWst.
2. Til dælingar á neyzluvatni Grindavíkur kr. 1.56 hverja kWst.

II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum sem hér segir:

1.	Af einfasa mælum 60 amp. og minni	kr. 20.00	á mán.
2.	Af þrífasa mælum 50 amp. og minni	— 25.00	— —
3.	Af þrífasa mælum 50—100 amp.	— 40.00	— —
4.	Af þrífasa mælum yfir 100 amp.	— 70.00	— —
5.	Af mestaaflsmælum 100 amp. og minni	— 65.00	— —
6.	Af mestaaflsmælum yfir 100 amp.	— 120.00	— —
7.	Af álagsstýriliðum, minni gerð	— 70.00	— —
8.	Af álagsstýriliðum, stærri gerð	— 105.00	— —

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í gjaldskránni, skal árgleigan vera sem næst 20% af verði mælitækis.

III. HEIMTAUGARGJÖLD

Heimtaugargjöld miðast við aflþörf notanda, sem gerir grein fyrir væntanlegri notkun sinni í umsókn um heimtaug og ákveður rafveitustjóri stærð og gerð heimtaugar í samræmi við það. Heimtaugargjald ákveðst þannig:

Málstraumur stofnvara amp.	Hámarksafl kVa.	Heimtaugargjald kr.
3 × 60	22	15 450.00
3 × 100	38	22 100.00
3 × 200	75 sp.	44 200.00
3 × 350	132	72 500.00

Ofangreint gjald miðast við 15 metra langan jarðstreng eða 30 metra loftlínuheimtaug. Þar sem heimtaug þarf að vera lengri en að framan greinir, skal það, sem fram yfir er, greiðast samkv. kostnaðarreikningi. Lengd heimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu, stytztu greiðfæra leið að varkassa á útvegg. Teljist hagkvæmara að hafa varkassann á innvegg, skal leita samþykkis rafveitustjóra um gerð og frágang pípu, sem strengurinn er dreginn í, svo og staðsetningu varkassa svo aðgengilegt sé að komast að honum, enda greiði húseigandi kostnað af því.

Sé lögð bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr eða hús í byggingu, skal greiða fyrir hana sem hér segir:

Fyrir 60 amp. einfasa ..... kr. 2 900.00
Fyrir 60 amp. þrífasa ..... — 3 800.00

Verði þörf á að skipta um heimtaug vegna aukinnar raforkuþarfar, skal notandinn greiða mismun samkvæmt gjaldskrá.

Heimtaug verður ekki lögð meðan frost er í jörð, eða óveður há útivinnu. Sé um óskipulögð svæði að ræða, eða óeðlilegar eða erfiðar aðstæður, skal greiða heimtaugargjald samkv. reikningi.

Ef fleiri en ein heimtaug er lögð að húsi skal húseigandinn greiða allan kostnað við síðari heimtaugar eftir kostnaðarreikningi.

Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja upp spennistöð að mestu eða öllu leyti vegna eins notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra, vegna staðsetningar spennistöðvarinnar.

Þegar lóð er lögð til, er það rafveitunni gert að kostnaðarlausu og skal í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð og staðsetningu stöðvarinnar.

Þegar húsnæði er lagt til skal það fullnægja skilyrðum um gerð spennistöðvarhúsa, að dómi rafveitustjóra.

IV. OPNUNARGJÖLD

1. Hafi gjald samkv. gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið, skal greiða gjald fyrir enduropnun kr. 400.00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni tafarlaust lokað, og ekki opnuð aftur fyrr en notandinn hefur bætt úr því, og greitt kr. 400.00 fyrir enduropnun til innheimtu rafveitunnar.

V. HEIMILD TIL GJALDSKRÁRBREYTINGA

Hreppsnefndum Miðneshrepps og Grindavíkur er heimilt að hækka eða lækka gjöld skv. gjaldskrá þessari um allt að 20%, enda verði breytingin auglýst í Lögbirt-

ingablaðinu áður en til hennar kemur. Hækki innkaupsverð á raforku, kaupgjald eða verðlag er hreppsnefnd heimilt að fengnum tillögum rafveitunnar, að hækka rafmagnsreikninga um allt að 40% af hækkuninni.

Söluskattur er innifalinn í gjaldskránni, svo og viðlagagjald, skv. lögum nr. 4/1973. Söluskattur og viðlagagjald reiknast ekki af húshitun.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Miðneshrepps nr. 78 5. apríl 1972, og gjaldskrá fyrir Rafveitu Grindavíkur nr. 103 2. maí 1972.

Iðnaðarráðuneytið, 14. marz 1973

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.

Nr. 89. 15. marz 1973.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Keflavíkur og Rafveitu Gerðahrepps.

I. RAFORKA

Rafveitur Keflavíkur og Gerðahrepps selja raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

11. Um kWst.-mæli á kr. 13.40 hver kWst.
12. Um kWst.-mæli á kr. 5.15 hver kWst., auk fastagjalds, er nemi kr. 58.30 á ári af hverjum fermetra gólfflatar í rúmi því er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólffleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 20.00 af fermetra á ári.

B. Almenn heimilisnotkun.

21. Um kWst.-mæli á kr. 3.00 hver kWst. Auk þess skal greiða fastagjald kr. 23.00 á mánuði af hverju herbergi íbúðar. Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll herbergi, sem ætluð eru til íbúðar og eldhús. Herbergi, sem er minna en 5 m^2 skal teljast hálft og stærra en 25 m^2, sem tvö. Leiga af einum mæli er innifalin í fastagjaldinu.

Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er undir 10 m^2, má miða við sameiginlegt flatarmál þeirra, þannig að hverjir 10 m^2 jafngilda einu herbergi og 6 m^2 hálfu herbergi.

C. Vélanotkun.

31. Um kWst.-mæli á kr. 7.30 hver kWst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta árgjalds kr. 1 454.50 á hvert uppsett kW vélanna.
32. Til fiskiðnaðar, með fasttengdum vélum, kr. 3.00 hver kWst.
33. Ef uppsett rafvélaafl fasttengdra véla við fisk-, kjöt- eða mjólkuriðnað er yfir 20 kW.
    a. Um kWst.-mæli á kr. 2.10 hver kWst., enda megi rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag, á tímum mesta álags rafveitunnar um hádegið og síðdegis, en

þó eigi lengur en 1½ klst. í senn. Notandi kosti klukkurofa fyrir vélalagnir eða tvígjaldsmæli, sem settur er til eftirlits með að rofið sé á tilskildum tíma.

b. Um tvígjaldsmæli á kr. 12.60 hver kWst. í 1½ klst. tvisvar sinnum á dag á tímum mesta álags rafveitunnar, en þó ekki lengur en 1 klst. í senn, en á kr. 2.35 hver kWst. utan þess tíma.

c. Um tvígjaldsmæli á kr. 12.60 hver kWst. í 1½ klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar, en þó eigi lengur en 1 klst. í senn, en á kr. 2.35 hver kWst. utan þess tíma.

34. Um mæli á kr. 2 709.60 fyrir hvert kW mesta notaðs afls á árinu mælt sem 15 mínútna meðalálag og auk þess kr. 1.45 á notaða kWst.

35. Ef ekki eru tök á að mæla mesta notað afl má selja þannig: Um mæli á kr. 1 782.90 fyrir hvert uppsett kW vélanna og auk þess kr. 1.45 á notaða kWst.

D. Hitun.

41. Um kWst.-mæli á kr. 0.92 hver kWst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar um hádegið og síðdegis, en þó eigi lengur en 1½ klst. í senn.

42. Um kWst.-mæli á kr. 0.46 hver kWst., í 9 klst. á tímanum frá kl. 22 til 7.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar.

a. Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.

b. Rafveitan leggur til álagsstýringarrofa og annast viðhald þeirra. Kostar notandinn tengingu þeirra og greiðir leigu af þeim, samkvæmt reglum, sem gilda um leigu mæla.

c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillir notaður.

E. Önnur raforkusala.

51. Raforku til suðu má selja til gistihúsa, veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða á kr. 3.90 hverja kWst., enda sé notkunin mæld um sérmæli og suðutæki fasttengd.

52. Til nota um vinnulagnir við byggingar meðan á byggingu stendur, um kWst.-mæli á kr. 7.40 hverja kWst.

53. Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum um kWst.-mæli á kr. 1.20 hverja kWst. ef straumur er rofinn frá kl. 8.30 til kl. 22, eða um tvígjaldsmæli á kr. 1.20 hverja kWst. á tímanum frá kl. 22 til 8.30 og kr. 3.00 hverja kWst. frá kl. 8.30 til 22.

54. Til gatnalýsingar á kr. 3.00 hverja kWst.

Alla rafmagnsnotkun, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A-1. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri þó, að tilskildu samþykki rafveitustjórnar, veita afslátt frá gjaldskrárlið C—E (báðir meðtaldir) á orku, sem notuð er á sumrin, sé um aukningu frá vetrarnotkun að ræða. Enn fremur að selja orku eftir sérstökum samningi, sé það hagstætt vegna orkunýtingar rafveitunnar.

II. MÆLALEIGUR

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjunum, sem hér segir:

1.	Af einfasa mælum upp að 30 amp.	kr. 20.00
2.	Af þrífasa mælum upp að 50 amp.	— 24.00
3.	Af þrífasa mælum 50 til 200 amp.	— 60.00
4.	Af þrífasa mælum yfir 200 amp.	— 90.00
5.	Af álagsstýringarliðum	— 90.00

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í gjaldskránni skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækisins. Leigan er innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari ekki verið greitt, svo til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 450.00.

Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún eigi enduropnuð fyrr en notandinn hefur greitt kr. 450.00 gjald á skrifstofu rafveitunnar.

III. HEIMTAUGARGJÖLD

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtaugar eða spennistöðvar fyrir hverja húsveitu. Umsækjandi heimtaugar skal gera grein fyrir væntanlegri notkun húsnæðis og helztu raforkunotkun.

Ein heimtaug er lögð að hverri eign (á sömu lóð) og skal greitt heimtaugargjald af hverri heimtaug (spennist.) fyrir allt að 15 m jarðstrengsheimtaug frá jarðstrengskerfi og allt að 30 m loftlínuheimtaug frá loftlínukerfi, samkvæmt eftirfarandi töflu:

Gjaldskrá-liður	Málstraumur í 3 × 220 V kerfi Amp.	Stofnvara í 3 × 380 V kerfi Amp.	Hámarks-afl kVa.	Heimtaugar-gjald kr.
1.	2 × 60	1 × 60	13	11 730.00
2.	3 × 60	2 × 60	22	15 484.00
3.	3 × 100	3 × 60	38	22 129.00
4.			50 sp.	26 205.00
5.		3 × 100	66	36 398.00
6.	3 × 200		75	44 257.00
7.			100 sp.	52 410.00
8.	3 × 350	3 × 300	132	72 609.00
9.			150 sp.	83 318.00
10.			200 sp.	104 825.00
11.		3 × 350	231	120 819.00
12.			300 sp.	167 739.00
13.			500 sp.	278 705.00

sp. = spennir.

Lengd heimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu, stytztu greiðfæru leið að varkassa á útvegg. Teljist hagkvæmara að hafa kassa á innvegg skal leita samþykkis rafveitustjóra um gerð og frágang pípu, sem strengurinn verður dreginn í.

Sé jarðlínuheimtaug lögð frá loftínu (samkv. ósk heimtaugarbeiðanda) skal lengd heimtaugar reiknuð frá loftlínustólpa að inntakskassa, en þveri heimtaugin akbraut, skal breidd akbrautar dregin frá.

Yfirlengdargjald jarðstrengs reiknast á hvern metra, umfram fyrstu 15 m þannig: Yj = (300 + 4 × kVA) kr./ m.

Yfirlengdargjald loftlínu reiknast á hvern metra umfram fyrstu 30 m þannig: YL = (200 + 3 × kVA) kr./m að viðbættum kr. 5 865.00 á hvern staur í umframlengd.

Sé lögð bráðabirgðaheimtaug í vinnskúr eða hús í byggingu, skal greitt fyrir hana, sem hér segir:

60 amp. einfasa	kr. 2 874.00
60 amp. þrífasa	— 3 777.00

Séu aðstæður þannig, að kostnaður við lagningu bráðabirgðaheimtaugar verði óeðlilega hár, má taka gjald fyrir hana samkvæmt kostnaði.

Telji rafveitustjóri að auka þurfi flutningsgetu heimtaugar eða spennis, skal notandi greiða mismun samkvæmt gjaldskrá.

Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja upp spennistöð að mestu eða öllu leyti vegna eins notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra, vegna staðsetningar stöðvarinnar.

Þegar lóð er lögð til, er það rafveitunni gert að kostnaðarlausu og skal í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð og staðsetningu stöðvarinnar.

Þegar húsnæði er lagt til skal það fullnægja skilyrðum um gerð spennistöðvarhúsa, að dómi rafveitustjóra. Eðlilegur kostnaður notanda við gerð húsnæðis fyrir spennistöðina greiðist af rafveitunni, í leiguformi t. d. fyrir lengri tíma, og kemur til frádráttar heimtaugargjaldi.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt hverfi að ræða eða aðstæður óeðlilegar skal greiða heimtaugargjald samkvæmt kostnaðarreikningi. Helmingur heimtaugargjalds skal greiddur við umsókn, en síðari hlutinn áður en noktun hefst.

Söluskattur skv. lögum og viðlagagjald skv. lögum nr. 4/1973 er innifalinn í gjaldinu, nema af raforku til húshitunar.

Gjaldskrá þessi, sem rafveitunefndir Keflavíkur og Gerðahrepps hafa samið og bæjarstjórnir samþykkt, staðfestist hér með samkv. vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt eru úr gildi numdar gjaldskrár Rafveitu Keflavíkur, nr. 124 15. maí 1972 og gjaldskrá Rafveitu Gerðahrepps, nr. 125 15. maí 1972.

Iðnaðarráðuneytið, 15. marz 1973

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.

15. marz 1973. Nr. 90.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Njarðvíkur og Rafveitu Voga- og Vatnsleysustrandarhrepps.

RAFORKA

Rafveitur Njarðvíkur og Voga- og Vatnsleysustrandarhrepps selja raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

1. Lýsing.

1. Um kWst.-mæli á kr. 13.47 hver kWst.
2. Um kWst.-mæli á kr. 4.80 hver kWst. auk fastagjalds er nemi kr. 66.00 á ári af hverjum fermetra gólfflatar í rúmi því er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal

greiða af gólffleti í verzlunum, vinnustofum og á skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 20.25 af fermetra á ári.

2. Almenn heimilisnotkun.

1. Um kWst.-mæli á kr. 3.03 hver kWst. Auk þess skal greiða fastagjald kr. 1.32 á mánuði af gólfflatarferm. íbúðar. Leiga af einum mæli er innifalin í fastagjaldinu.

3. Vélanotkun.

1. Um kWst.-mæli á kr. 7.11 hver kWst., hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta árgjalds kr. 1 592.75 á hvert uppsett kW vélanna.
2. Til fiskiðnaðar með fasttengdum vélum, kr. 6.70 hver kWst.
3. Ef uppsett rafvélaafl fasttengdra véla við fisk-, kjöt- og mjólkuriðnað er yfir 20 kW.
   a) Um kWst.-mæli á kr. 2.32 hver kWst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag, í mesta álagstíma rafveitunnar um hádegið og síðdegis, en þó eigi lengur en 1½ klst. í senn. Notandi kostar klukkurofa fyrir vélalagnir eða tvígjaldsmæli, sem settur er til eftirlits með, að rofið sé á tilskildum tímum.
   b) Um tvígjaldsmæli á kr. 14.37 hver kWst. í 1½ klst. á dag í tímum mesta álags rafveitunnar, en þó eigi lengur en í klst. í senn, en kr. 2.32 hver kWst. utan þess tíma.
4. Um mæli á kr. 3 593.86 fyrir hvert kW mesta notaðs afls á árinu mælt með 15 mín. meðalálag auk þess kr. 1.32 á notaða kWst. Gjald vegna ljósanotkunar kr. 37.95 á hvern fermetra í vinnustofum, kaffistofum o. þ. h., en kr. 16.67 á hvern fermetra í vörugeymslum, annars staðar kr. 28.75.

4. Hitun.

1. Um kWst.-mæli á kr. 0.92 hver kWst., enda megi þá rjúfa strauminn allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar um hádegið og síðdegis, en þó eigi lengur en 1½ klst. í senn.
2. Um kWst.-mæli á kr. 0.46 hver kWst. í 9 klst. á tímanum frá klukkan 22 til 7.

5. Önnur skilyrði fyrir sölu raforku til hitunar.

a) Að línur og spennar þoli álagið, að dómi rafveitustjóra.
b) Að notandi kosti segulrofa fyrir hitalögnina.
c) Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, sem gerð eru samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar og Rafmagnseftirlits ríkisins.
d) Að lagðar séu fram niðurstöður útreikninga á hitaþörf þess húsrýmis, er hita skal, þegar þess er krafizt.

6. Önnur raforka.

1. Raforku til suðu má selja til gistihúsa, veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða á kr. 4.17 hverja kWst., enda sé notkun mæld með sérmæli og suðutæki fasttengd.
2. Til nota um vinnulagnir við byggingu meðan á byggingu stendur um kWst.-mæli á kr. 8.09 hverja kWst.
3. Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum um kWst.-mæli á kr. 1.32 hverja kWst. á tímanum frá klukkan 22 til 8.30 og kr. 3.10 hverja kWst. á tímanum frá klukkan 8.30 til 22.
4. Til gatnalýsingar á kr. 4.35 hverja kWst.

Alla rafmagnsnotkun, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra gjaldskrárliði, skal selja eftir gjaldskrárlið 1—1.

7. Mælaleigur.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða af mælitækjum, sem hér segir:

Af einfasa mælum upp að 30 amper	kr. 22.26 á mán.
Af þrífasa mælum 50—220 amper	— 69.19 - —
Af þrífasa mælum upp að 50 amper	— 25 57 - —
Af þrífasa mælum yfir 220 amper	— 95.84 - —
Af liða fyrir álagsstýringu	— 75.90 - —

Að öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í gjaldskránni, skal árleigan vera sem næst 20% af verði mælitækisins. Leigan er innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

8. Opnunargjöld.

1. Hafi gjald samkv. gjaldskrá þessari eigi verið greitt svo að til lokunar hafi komið fyrir veituna, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 490.00.
2. Ef fundin eru við skoðun óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi opnuð aftur fyrr en notandi hefur greitt kr. 490.00 á skrifstofu rafveitunnar.
3. Verði raforkunotandi uppvís að notkun raforku án mælingar, skal hann sæta ábyrgð skv. lið 2, nema þyngri refsing liggi við.

9. Heimtaugargjöld.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtaugar og/eða spennistöðvar fyrir hverja húsveitu. Umsækjandi heimtaugar skal gera grein fyrir væntanlegri notkun húsnæðis og helztu raforkunotkun, jafnframt leggja fram raflagnateikningar. Ein heimtaug er lögð að hverri eign (hverri lóð) og skal greitt heimtaugargjald af hverri heimtaug (spennistöð) yfir allt að 15 metra. Jarðstrengsheimtaug frá jarðlínukerfi og allt að 30 metra. Loftlínuheimtaug frá loftlínukerfi samkvæmt eftirfarandi töflu:

Gjaldskrárliður	Málstraumur í 3 × 220 V kerfi Amp.	Stofnvara í 3 × 380 V kerfi Amp.	Hámarksafl kVa.	Heimtaugargjald kr.
1.	2 × 60	1 × 60	13	11 589.00
2.	3 × 60	2 × 60	22	15 092.00
3.	3 × 100	3 × 60	38	21 636.00
4.			50 sp.	25 635.00
5.		3 × 100	66	35 696.00
6.	3 × 200		75	43 275.00
7.			100 sp.	51 248.00
8.	3 × 350	3 × 300	132	71 037.00
9.			150 sp.	81 478.00
10.			200 sp.	102 500.00
11.		3 × 350	231	115 967.00
12.			300	164 007.00
13.			500	272 340.00

sp. = spennir.

Rafveitan leggur ekki jarðlínuheimtaugar að húsum á þeim tíma árs, sem frost er í jörðu. Lengd heimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu, stytztu leið að varkassa í útvegg. Teljist hagkvæmara að hafa kassa á innvegg, skal leita sam-

þykkis rafveitustjóra um gerð og frágang pípu sem strengurinn verður dreginn í.

Sé jarðlínuheimtaug lögð frá loftlínu (samkv. ósk heimtaugarbeiðanda) skal lengd heimtaugar reiknuð frá loftlínustólpa að inntakskassa, en skeri heimtaugin akbraut, skal breidd akbrautar dregin frá, yfirlengdargjald jarðstrengs reiknast á hvern metra umfram fyrstu 15 metra þannig:

Yj = (250 + 4 KVA) kr./m. Yfirlengdargjald loftlínu reiknast á hvern metra umfram fyrstu 30 m. Þannig: Yl = (50 + 3 KVA) kr./m að viðbættum kr. 5 375.00 á hvern staur í umframlengd.

Sé lögð bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr eða hús í byggingu er greitt fyrir hana eins og hér segir:

60 amper einfasa	kr. 2 846.00
60 amper þrífasa	— 3 418.00

Séu aðstæður þannig að kostnaður við lagningu bráðabirgðaheimtaugar verði óeðlilega hár, má taka gjald fyrir hana samkv. kostnaði.

Telji rafveitustjóri að auka þurfi flutningsgetu heimtaugar eða spennis, skal notandi greiða mismun samkvæmt gjaldskrá.

Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja upp spennistöð að mestu eða öllu leyti vegna eins notanda, skal hann leggja lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra vegna staðsetningar stöðvarinnar.

Þegar húsnæði er lagt til, skal það fullnægja settum skilyrðum um gerð húsa spennistöðva, að dómi rafveitustjóra.

Eðlilegur kostnaður notenda við gerð húsnæðis fyrir spennistöðina greiðist af rafveitunni (í leiguformi t. d. fyrir lengri tíma) og kemur þannig til frádráttar heimtaugargjaldi.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum.

Sé um óskipulagt hverfi að ræða eða aðstæður óeðlilegar, skal greiða heimtaugargjald samkv. kostnaðarreikningi. Heimtaugargjald skal greitt við umsókn.

10. Ýmis ákvæði

Söluskattur samkv. lögum nr. 10/1960 um söluskatt með viðauka 1. marz 1970 um núgildandi 11% söluskatt, er talinn með í upphæð gjaldanna, sem um ræðir í gjaldskrá þessari, að undanskildri notkun til rafhitunar. Viðlagagjald 2%, skv. lögum nr. 4/1973 er ekki innifalið og reiknist af öðru en húshitun.

Hreppsnefnd er heimilt að hækka og lækka gjöld, sem ákveðin eru í 1. og 2. lið gjaldskrár um allt að 20% án sérstakrar staðfestingar ráðuneytis, enda sé breytingin auglýst í Lögbirtingablaðinu, áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Raveitu Voga- og Vatnsleysustrandarhrepps, nr. 113 9. maí 1972 og Rafveitu Njarðvíkur, nr. 114 9. maí 1972.

Iðnaðarráðuneytið, 15. marz 1973

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.

REGLUGERÐ

um fyrirtæki, er starfa að loftflutningum.

1. gr.

Leyfi samgönguráðherra þarf til reksturs reglubundinna loftferða í fjáraflaskyni yfir íslenzku yfirráðasvæði. Leyfi hans þarf einnig til rekstrar annarra loftferða til fjáröflunar yfir nefndu yfirráðasvæði. Til kennsluflugs, sýningarflugs og annarrar loftferðastarfsemi sérstakrar tegundar þarf leyfi flugmálastjóra, enda þótt starfsemin sé eigi rekin til fjáröflunar, sjá 2. gr. Leyfi þarf ekki til annars einkaflugs.

2. gr.

Almenn flugstarfsemi skiptist í atvinnuflug og einkaflug. Atvinnuflug greinist eftir eðli starfseminnar í reglubundið áætlunarflug, óreglubundið flug, þjónustuflug og kennsluflug í atvinnuskyni. Með óreglubundnu flugi er átt við flutning á farþegum eða vörum, sem ekki er áætlunarflug, og sem framkvæmt er með flugvélum yfir 5700 kg að hámarksþyngd. Með þjónustuflugi er meðal annars átt við: 1) Tækifærisferðir, vöruflug og hringflug, sem framkvæmt er með flugvél 5700 kg að hámarksþyngd eða minna. 2) Fræsáningarflug, áburðarflug eða annað slíkt dreififlug. 3) Flugferðir til landfræðiathugana, könnunar á raflínum, fjárleit o. fl. 4) Dráttarflug. 5) Sjúkra- og björgunarflug. 6) Ljósmyndaflug. 7) Auglýsingaflug.

3. gr.

Þeir aðilar, sem hyggjast sækja um leyfi til flugreksturs, skulu senda samgönguráðuneytinu umsóknir á þar til gerðu umsóknareyðublaði.

4. gr.

Leyfi til loftferða verður ekki veitt nema umsækjandi sanni, að hann fullnægi þeim skilyrðum, sem sett hafa verið um þá loftferðastarfsemi, sem hann hyggst reka. Auk þess skal umsækjandi vera skráður eigandi að minnsta kosti eins loftfars, sem loftferðastarfsemin á aðallega að byggjast á.

5. gr.

Leyfi til loftferðastarfsemi er veitt til ákveðins tíma og veitir leyfishafa heimild til að stunda þá loftferðastarfsemi, sem nánar er tiltekin í leyfisbréfinu. Loftferðafyrirtæki skal hafa flugrekstursstjóra, sem viðurkenndur er af flugmálastjóra.

6. gr.

Séu lendingargjöld eða skoðunargjöld, sem leyfishafa ber að greiða fyrir starfsemi sína, ekki greidd á réttum tíma, má afturkalla leyfi um stundarsakir eða fyrir fullt og allt, séu vanskil veruleg og endurtekin. Leyfishafi skal tafarlaust skýra flugmálastjóra frá því, ef þær breytingar verða á starfsemi hans, sem valda því, að þær forsendur, sem leyfisveitingin byggðist á, eru brostnar, t. d. að því er lýtur að starfskröftum, loftfarkosti, vátryggingum eða stjórnendum.

7. gr.

Leyfishafa er skylt að senda flugmálastjóra árlega skýrslu um flugstarfsemina, tölu farþega, fjölda ferða og aðrar upplýsingar, sem máli skipta að dómi flugmálastjóra. Heimilt er flugmálastjóra að krefjast mánaðarlegra skýrslna, telji hann þess þörf.

Leyfishafi skal fyrir 1. apríl ár hvert senda flugmálastjóra reikninga félagsins fyrir liðið ár, í því formi er hann mælir fyrir um.

Nú dregur leyfishafi að senda slíkar skýrslur eða reikninga og er þá flugmálastjóra heimilt, eftir að hafa sent leyfishafa skriflega aðvörun, að svipta hann flugleyfi þar til úr er bætt. Slíkri ákvörðun flugmálastjóra má skjóta undir úrskurð ráðherra.

8. gr.

Beiðni um framlenginu á leyfi til loftferða skal senda samgönguráðuneytinu a. m. k. einum mánuði áður en leyfið rennur út. Með endurnýjunarumsókn skal senda upplýsingar um allar þær breytingar, sem orðið hafa á starfseminni, frá því að leyfið var gefið út eða síðast endurnýjað.

9. gr.

Leyfishafa er skylt að slysatryggja farþega í innanlandsflugi. Skulu slysabætur vera hinar sömu og ákveðnar eru í lögum um almannatryggingar á hverjum tíma. Skal þess getið í farseðlum, að farþegar séu þannig tryggðir.

Í millilandaflugi er leyfishafa skylt að kaupa og viðhalda tryggingum í samræmi við ábyrgð þá, er hann ber samkvæmt Varsjársamningnum, sbr. lög nr. 41 25. maí 1949, með síðari breytingum.

Um ábyrgðarskyldu gagnvart þriðja manni fer eftir ákvæðum X. kafla laga um loftferðir, nr. 34 21. maí 1964.

Tryggingar þær, sem að framan getur, skal kaupa hjá vátryggjanda, sem hefur varnarþing hér á landi í þeim málum, sem rísa kunna út af tryggingum þessum.

10. gr.

Leyfishafi skal hlíta þeim ákvæðum um far- og farmgjöld, sem samgönguráðuneytið setur á hverjum tíma.

Nú telur ráðuneytið ástæðu til þess að breyta far- eða farmgjöldum á öllum eða einstökum flugleiðum og skal þá, áður en breytingin er ákveðin, gefa leyfishafa kost á að láta í té umsögn sína um hina fyrirhuguðu breytingu.

11. gr.

Ráðherra getur veitt sérleyfi til ákveðins tíma til reglubundinna áætlunarflugferða á sérstökum flugleiðum eða frá og til ákveðins lendingarstaðar eða byggðarlags. Sérleyfi fyrir ákveðna flugleið skal bundið því skilyrði, að leyfishafi fullnægi flutningaþörfinni að mati samgönguráðuneytis.

12. gr.

Ráðherra getur skyldað leyfishafa til að halda uppi ákveðinni tölu flugferða á einstökum flugleiðum, er leyfishafi hefur óskað að starfrækja, þótt ekki sé um sérleyfi að ræða.

13. gr.

Leyfishafa er skylt að hlíta fyrirmælum flugmálastjóra um áhafnir á hinum ýmsu gerðum loftfara.

14. gr.

Leyfishafi skal fullvissa sig um það, að aðalflugmenn þeir, sem hann ræður til starfa við farþegaflug í þjónustuflugi í flugvélum undir 5700 kg hámarks þyngd, hafi 500 flugstundir eða meira og þar í séu ekki færri en 100 stundir í yfirlandsflugi. Sé flogið í reglubundnu áætlunarflugi skal viðkomandi aðalflugmaður hafa a. m. k. 1200 klst. flugstundir.

15. gr.

Sé flugvélavirki ekki að staðaldri á þeim stað, sem loftfar er gert út frá, skal flugmaður þess sanna, að hann hafi hlotið fullnægjandi þekkingu á daglegri skoðun þess.

16. gr.

Loftferðafyrirtæki ber að haga flugrekstri sínum í samræmi við skilyrði, sem sett eru í leyfisbréfinu.

17. gr.

Viðurlög við brotum á reglugerð þessari eru hin sömu og greinir í XIII. kafla laga um loftferðir, nr. 34 21. maí 1964.

18. gr.

Eigi síðar en tveimur mánuðum eftir gildistöku reglugerðar þessarar skulu allir þeir, sem öðlast hafa leyfi til flugrekstrar samkvæmt eldri ákvæðum, sækja um endurnýjun leyfisins samkvæmt reglugerð þessari, ella fellur leyfið niður.

Þetta nær þó ekki til þeirra flugfélaga, sem halda uppi reglubundnu áætlunarflugi á erlendum flugleiðum til og frá Íslandi, samkvæmt tvíhliða loftferðasamningum, né heldur til þeirra félaga, sem starfrækja reglubundið áætlunarflug innanlands og hafa til þess sérleyfi.

19. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 34 21. maí 1964 og öðlast hún gildi 1. maí 1973, og falla þá úr gildi reglur um fyrirtæki, er starfa að loftflutningum nr. 13 22. janúar 1947.

Samgönguráðuneytið, 20. marz 1973.

Hannibal Valdimarsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

6. apríl 1973. Nr. 92.

AUGLÝSING

um skiptingu kennslustunda milli námsgreina á skyldunámsstigi skólaárið 1973—1974.

1. Auglýsing þessi tilgreinir þann ramma, sem miða skal við, þegar stundaskrá nemenda í skyldunámi skólaárið 1973—1974 er ákveðin. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 90 frá 5. apríl 1972.
2. Neðangreindur stundaskrárrammi tiltekur það **meðaltal** kennslustunda, sem hver **nemandi** skal fá á viku hverri. Undantekning frá þessu er þó neðsta lína töflunnar, „Kennarastundir til ráðstöfunar", sbr. 3. lið.
3. Auk þeirra nemendastunda, sem stundaskrárramminn tilgreinir, fær skóli **kennarstundir til ráðstöfunar** sem hér greinir miðað við hverja „hliðstæðu" **fullskipaðra bekkjardeilda** (a. m. k. 25 nemendur að meðaltali í deild):

   a) í 1.—3. bekk, samtals 1 stund á viku,
   b) í 4.—6. bekk, samtals 1 stund á viku,
   c) í 7.—8. bekk, samtals 1 stund á viku.

   Þessar stundir má skóli nota m. a. til þess að skipta bekkjardeild í kennslu eða til frjáls viðbótarnáms, án þess að föst stundaskrá nemenda lengist fyrir vikið.

4. Um frávik frá því, sem tilgreint er í stundaskrárrammanum, gilda ákvæði Námsskrár fyrir nemendur á fræðsluskyldualdri, útg. af menntamálaráðuneytinu 1960. Auk þess getur menntamálaráðuneytið veitt sérstakar undanþágur eða fráviksheimildir, ef rökstuddar óskir berast um slíkt.

Skipting stundaskrár.

	Bekkur							
	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.
Móðurmál (þ. á. m. lestur og skrift)	10	10	10	10	9	8	6	5
Reikningur/stærðfræði	4	4	4	4	5	5	5	5
Átthagafræði	3	4	4					
Kristin fræði				2	2		2	
Saga og félagsfræði				2	$1^1/_2$		2	2
Landafræði				2	$1^1/_2$	7	2	2
Líffræði/náttúrufræði				2	$1^1/_2$		2	2
Eðlis- og efnafræði					$1^1/_2$		2	2
Danska					2	3	3	4
Enska[1])						3	4	5
Tónmennt	1	1	1	1	1	1	1	1
Handavinna			2	2	2	3	2—4	2—4
Teiknun				2	2	2	2	2
Heimilisfræði							0—4	0—4
Íþróttir[2])	2	2	2	3	3	3	3	3
Til ráðstöfunar	1	1	1	1	1		2	3
Vikulegar kennslust./nem alls[3])	21	22	24	31	33	35	38	38
Vikulegar kennslust. í mínútum[3])	840	880	960	1 240	1 320	1 400	1 520	1 520
Kennarastundir til ráðstöfunar	1			1			1	

Skýringar: 1) Skólum er ekki skylt að kenna ensku í 6. bekk, enda þótt slík kennsla sé talin æskileg, m. a. vegna framhaldsnáms í greininni í 7.—9. bekk. Kenni skóli ekki ensku í 6. bekk, skulu þær kennslustundir, sem um ræðir, 3 stundir á viku, lagðar til annarra námsgreina.
2) Við tilgreinda íþróttatíma bætist sund.
3) Heimilisfræði og sund eru ekki meðtalin í summunni.

Menntamálaráðuneytið, 6. apríl 1973.

Magnús T. Ólafsson.

Birgir Thorlacius.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Eyrarbakka, Stokkseyrar, Hveragerðis og Selfoss.

I. RAFORKA

Rafveitur Eyrarbakka, Stokkseyrar, Hveragerðis og Selfoss selja raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

1. Lýsing.

11.	Til almennrar lýsingar um kWst.-mæli:		
	Mælisleiga samkvæmt kafla II.		
	Orkugjald	kr.	13.60 á kWst.
12.	Til almennrar notkunar um kWst.-mæli:		
	Mælisleiga samkvæmt kafla II.		
	Orkugjald	—	4.00 á kWst.
	Fastagjald af gólffleti í rúmi því, er lýsa skal, mælt innan útveggja:		
	Verzlanir, skrifstofur, vinnustofur o. þ. h.	—	66.00 á m^2 á ári.
	Geymslur og gangar þeim tilheyrandi	—	26.00 á m^2 á ári.
13.	Til götulýsingar um kWst.-mæli:		
	Mælisleiga samkvæmt kafla II.		
	Orkugjald	—	6.80 á kWst.
14.	Til nota um vinnulagnir, meðan á byggingu stendur, um kWst.-mæli:		
	Mælisleiga samkvæmt kafla II.		
	Orkugjald	—	6.80 á kWst.

2. Almenn heimilisnotkun o. fl.

21.	Til heimilisnotkunar um kWst.-mæli:		
	Mælisleiga samkvæmt kafla II.		
	Orkugjald	—	3.00 á kWst.
	Fastagjald af hverju herbergi	—	276.00 á ári.
	Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll herbergi, sem ætluð eru til íbúðar, og eldhús. Herbergi 5 m^2 eða minna reiknast hálft, en 25 m^2 eða stærra tvö.		
22.	Til matargerðar í gisti- og veitingahúsum og öðrum slíkum stöðum, enn fremur súgþurrkunar, enda séu öll tæki fasttengd, um kWst.-mæli:		
	Mælisleiga samkvæmt kafla II.		
	Orkugjald	—	3.00 á kWst.

3. Vélanotkun o. fl.

31.	Um kWst.-mæli:		
	Mælisleiga samkvæmt kafla II.		
	Orkugjald	—	6.80 á kWst.
	Heimilt er að selja raforku til lýsingar eftir þessum gjaldskrárlið. Fastagjald vegna lýsingar skal þá reiknað samkvæmt gjaldskrárlið 12, en þriðjungi lægri.		
32.	Um afl- og orkumæla:		
	Mælisleiga samkvæmt kafla II.		
	Orkugjald	—	1.00 á kWst.
	Aflgjald, lágmark 2 kW	—	10 500.00 á ári.
	Aflgjald, umfram 2 kW	—	3 500.00 á kW á ári.

Gjaldskylt afl hvers almanaksárs er meðaltal fjögurra hæstu álestra, en álestrar fari fram mánaðarlega og með sem jöfnustu millibili. Aflnotkunin mælist sem meðalálag yfir 15 mín.
Heimilt er að selja alla raforkunotkun fyrirtækja eftir þessum gjaldskrárlið. Fastagjald vegna lýsingar skal þá reiknað samkvæmt gjaldskrárlið 12 og lágmarksaflgjald af 20 kW.

33. Ef ekki eru tök á að mæla notað afl, má selja þannig um kWst.-mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.

Orkugjald	kr.	1.00 á kWst.
Aflgjald, lágmark 2 kW	—	9 070.00 á ári.
Aflgjald af uppsettum kW í málraun véla, umfram 2 kW	—	2 785.00 á kW á ári.

Ef fasviksstuðull hjá notanda er lægri en 0.8 getur rafveitan krafizt að hann sé hækkaður upp í það gildi. Heimilt er að banna notkun rafsuðutækja og annarra tækja, sem valda tilfinnanlegum truflunum, eða takmarka notkun þeirra við tiltekna tíma sólarhrings.

4. Hitun.

41. Til húshitunar, hitunar í vatnsgeymum, gufukötlum o. þ. h., roftími 1 klst. á dag, um kWst.-mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.
Orkugjald ..... kr. 1.80 á kWst.

42. Til húshitunar, roftími 2 × 1.5 klst. á dag, um kWst.-mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.
Orkugjald ..... — 0.80 á kWst.

43. Til húshitunar, roftími allt að 15 klst. að degi til, um kWst.-mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.
Orkugjald ..... — 0.50 á kWst.

44. Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum og til annarra hliðstæðra nota, roftími allt að 11 klst. að degi til, um kWst.-mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.
Orkugjald ..... — 0.90 á kWst.

Um framangreinda hitagjaldskrárliði gildir eftirfarandi ákvæði. Minnsta árgjald skal vera, sem svarar 1500 klst. notkun á hvert kW uppsetts afls hitunartækja.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar.

a. Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið.
b. Að notandi kosti tengingu klukkurofa, sem rafveitan leggur til, og greiði leigu af þeim, samkvæmt reglum, er gilda um leigu mæla.
c. Að hitatæki, lagnir og búnaður sé samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar og önnur hitatæki fasttengd.

Lægsta gjald fyrir raforkunotkun um heimtaug skal vera kr. 2 000.00 á ári. Mismun á ársnotkun og lægsta gjaldi, ef einhver er, skal innheimta á fyrra helmingi næsta árs.

II. MÆLALEIGA

Rafveitan ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum sem hér segir:

1. Af einfasa kWst.-mælum 40 A og minni ..... kr. 228.00 á ári.
2. Af þrífasa kWst.-mælum 50 A og minni ..... — 420.00 - —
3. Af þrífasa kWst.-mælum yfir 50 A og til 100 A ..... — 564.00 - —

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru, enn fremur klukkurofum, skal árleiga vera sem næst 15% af verði tækjanna.

III. HEIMTAUGARGJÖLD

Heimtaugargjald skal greitt samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málmstraumur stofnvara		Hámarks-	Heimtaugar-	Yfirlengdargjald	
220 V kerfi	380 V kerfi	afl	gjald	Jarðstrengur	Loftlína
Amp.	Amp.	KVA	kr.	kr./m	kr./stólpa
2 × 60	1 × 60	13	10 620	522	8 470
3 × 60	2 × 60	22	14 770	619	10 110
3 × 100	3 × 60	38	22 160	720	11 550
	3 × 100	66	36 400	908	13 390
3 × 200		75	39 250	968	
3 × 350	3 × 200	132	65 560	1 354	
		150 sp.	73 880	x	
		300 sp.	143 140	x	
		500 sp.	235 490	x	

x) Greiðist samkvæmt kostnaði.

Umframgjald vegna stærðar lóðar reiknast fyrir bæði jarðstrengs- og loftlínuheimtaug kr. 3.70 á hvern m^2 umfram 800 m^2.

Yfirlengdargjald miðast við jarðstrengsheimtaug lengri en 15 m og loftlínuheimtaug lengri en 30 m.

Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu, stytztu greiðfæra leið að varkassa á útvegg, teljist hagkvæmara að hafa varkassa á innvegg, skal leita samþykkis rafveitunnar um gerð og frágang pípu, sem strengurinn verður dreginn í.

Lengd loftlínuheimtaugar reiknast frá næsta stólpa í götulínu stytztu greiðfæra leið að varkassa.

Sé lögð bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr eða hús í byggingu, skal greitt fyrir hana, sem hér segir:

60 amp. einfasa ..... kr. 2 800.00
60 amp. þrífasa ..... — 3 800.00

Séu aðstæður þannig að kostnaður við lagningu bráðabirgðaheimtaugar verði óeðlilega hár, má taka gjald fyrir hana samkvæmt kostnaði.

Þegar stækka þarf heimtaug eða spenni vegna ákveðins notanda, skal hann greiða mismun á heimtaugargjaldi samkvæmt gjaldskrá.

Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð að mestu eða öllu leyti í þágu eins notanda, er honum skylt að leggja til lóð undir stöðina, rafveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð lóðarinnar og staðsetningu stöðvarinnar.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óeðlilegar, skal greiða heimtaugargjald samkvæmt kostnaðarreikningi.

Heimtaugargjald skal greitt við umsókn.

IV. ÝMIS ÁKVÆÐI

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun, kr. 300.00.

Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki enduropnuð, fyrr en notandi hefur greitt gjald, kr. 300.00 til rafveitunnar.

Söluskattur er innifalinn í gjaldskránni svo og viðlagagjald skv. lögum nr. 4/1973. Söluskattur og viðlagagjald reiknast ekki af seldri raforku til húshitunar.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Eyrarbakka nr. 81 7. apríl 1972, Rafveitu Stokkseyrar, nr. 82 7. apríl 1972, Rafveitu Hveragerðis nr. 84 7. apríl 1972 og Rafveitu Selfoss nr 83 7. apríl 1972.

Iðnaðarráðuneytið, 15. marz 1973

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.

Nr. 94. 18. marz 1973.

REGLUR

um sumardvalarheimili barna og sumarbúðir.

1. gr.

Sumardvalarheimili telst hvert það heimili, sem tekur 5 börn eða fleiri til sumardvalar. Börn starfsfólks við sumardvalarheimili teljast með sumardvalarbörnum, enda búi þau ekki í séríbúð.

Menntamálaráðuneytið veitir heimild til stofnunar og rekstrar sumardvalarheimilis að fengnum meðmælum hlutaðeigandi barnaverndarnefndar og (héraðs)læknis og með samþykki Barnaverndarráðs Íslands.

Sama gildir um stofnun og rekstur svonefndra sumarbúða, að því leyti sem við á, en aðalmunur á þeim og sumardvalarheimilum er sá, að þær eru venjulega reknar fyrir fleiri börn, sem skipt er í flokka og um skemmri tíma, t. d. 2—3 vikur fyrir hvern flokk.

2. gr.

Eigi er heimilt að taka börn yngri en 6 ára til dvalar á sumardvalarheimili eða í sumarbúðum. Þó skal heimilt að taka yngri börn að fengnu sérstöku leyfi menntamálaráðuneytisins, enda séu þá gerðar auknar kröfur með tilliti til fjölda starfsfólks og sérþekkingar þess í meðferð ungra barna.

Séu mörg börn á sumardvalarheimili eða í sumarbúðum, 25 eða fleiri, skal lærð fóstra eða fóstrur, eftir ákvörðun ráðuneytisins hverju sinni, starfa á heimilinu, eða annað starfsfólk með hliðstæða menntun og/eða reynslu.

3. gr.

Umsóknum á þar til gerðu eyðublaði um heimild til þess að reka sumardvalarheimili eða sumarbúðir skulu fylgja:

1. Greinargóð umsögn barnaverndarnefndar um heimilið, þar sem komi skýrt fram álit hennar á hæfni og aðstæðum heimilisins til þess að taka börn til sumardvalar.
2. Heilbrigðisvottorð heimilisfólks.
3. Umsögn (héraðs)læknis um:
   a) húsakynni, upphitun, hreinlætistæki, húsrými, m. a. til innileikja, þegar veður hamlar útivist, og annað í því sambandi, sem að dómi læknis skiptir máli,
   b) brunahættu og aðra slysahættu,
   c) hæfilegan fjölda barna miðað við gildandi reglur. Sakavottorð umsækjanda (í fyrsta sinni).

Leyfi til rekstrar heimila gilda til eins árs í senn.

4. gr.

Húsakynni skulu fullnægja eftirfarandi lágmarksskilyrðum:

a) drengir og stúlkur skulu vera sér um svefnherbergi,
b) hvert barn skal sofa sér í rúmi, börn mega ekki sofa í svefnpokum, ef dvalartími er lengri en hálfur mánuður. Ávallt séu þá í þeim hrein ver,
c) börn mega ekki sofa í svefnherbergjum heimilisfólks, nema börn starfsfólks hjá foreldrum sínum,
d) í svefnherbergjum mega ekki vera háarúm nema hæð herbergisins sé 2.50 m eða meira, og þá því aðeins, að minnst 1.80 m fjarlægð (gólfflötur) sé á milli rúmstokka. Aldrei má vera nema eitt háarúm yfir hverju rúmi. Þar sem ekki eru háarúm, skulu vera minnst 0.90 m á milli rúmstokka,
e) ekki má sofa í borðstofu eða öðrum herbergjum, sem börn eða starfsfólk (heimilisfólk) notar sameiginlega,
f) börn skulu hafa aðgang að baði og vatnssalerni,
g) skylt er að hafa einangrunarherbergi.

5. gr.

Ekki má hefja starfrækslu sumardvalarheimilis og sumarbúða, nema leyfisbréf fyrir starfrækslunni og heilbrigðisvottorð heimilis- og starfsfólks séu fyrir hendi.

Forstöðumaður eða kona skal og krefjast heilbrigðisvottorðs með hverju barni, sem tekið er til sumardvalar.

Ef heilbrigðisvottorð fylgir ekki barni, skal umsvifalaust fá (héraðs)lækni til að athuga heilbrigði þess.

Ávallt skal leyfisbréf og læknisvottorð vera til staðar, svo að eftirlitsmenn geti séð þau án tafar.

6. gr.

Barnaverndarnefndum ber að veita forstöðufólki sumardvalarheimila og sumarbúða upplýsingar og leiðbeiningar eins og við verður komið. Þær skulu fylgjast rækilega með rekstri slíkra heimila í umdæmi þeirra og koma á þau minnst tvisvar á sumri og oftar, ef þörf gerist, til þess að kynna sér sem bezt aðbúð og líðan barnanna og beita sér fyrir því, að bætt sé þegar í stað úr ágöllum, ef í ljós kunna að koma. Ef svo alvarlegar misfellur koma fram í rekstri barnaheimilis, að nefndinni þyki orka tvímælis, hvort rétt sé, að það starfi áfram, skal hún tafarlaust gera Barnaverndarráði Íslands viðvart.

Kostnaður vegna eftirlits barnaverndarnefnda greiðist af hlutaðeigandi dvalarheimili, nema eftirlitið sé falið öðrum.

7. gr.

Í lok hvers rekstrartímabils slíkra heimila, skal forstöðumaður senda hlutaðeigandi barnaverndarnefnd og Barnaverndarráði Íslands skýrslu um reksturinn. Skulu þar m. a. tekin fram nöfn, aldur og heimili forstöðufólks, starfsfólks og barna, svo og dvalartími þeirra. Þá skulu tilgreind dvalargjöld.

8. gr.

Ekki má hafa fleiri en 6 börn til jafnaðar á starfsmann. 15 ára gæzlumanni má ekki ætla fleiri en 5 börn til jafnaðar og 14 ára ekki fleiri en 4 börn. Ef þvottur á fötum barna er utan heimilis má vera einu barni fleira á mann.

9. gr.

Sumardvalarbörn skulu vera undir eftirliti úti og inni. Forstöðufólk ber ábyrgð á börnunum frá því heimilið tekur við þeim af foreldrum og þar til þau eru komin í umsjá foreldra sinna að nýju.

Annist forstöðumaður slíkra heimila flutning barna að heimilinu eða frá, skal hann sjá um að gætt sé fyllsta öryggis við flutninginn og aðbúð barnanna við flutninginn sé sem bezt.

10. gr.

Fulltrúi frá Barnaverndarráði Íslands skal a. m. k. einu sinni á sumri koma á sumardvalarheimili, sem fengið hafa starfsleyfi til leiðbeiningar og eftirlits.

Skal hann kynna sér allan aðbúnað barna á heimilunum og að fylgt sé í öllu ákvæðum laga og reglna um barnaheimili. Forstöðufólki er skylt að afhenda eftirlitsmanni barnaverndarráðs skrá yfir fjölda þáverandi starfsfólks, aldur þess og heimili. Eftirlitsmönnum er skylt að skila skriflegri umsögn um athugunir sínar á heimilum til barnaverndarráðs.

11. gr.

Brot á framanskráðum reglum geta valdið leyfissviptingu.

12. gr.

Reglur þessar eru settar með skírskotun til laga nr. 53/1966 og reglugerðar nr. 105/1970, um vernd barna og ungmenna, og öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi reglugerðarákvæði, er kunna að brjóta í bága við reglur þessar.

Menntamálaráðuneytið, 18. marz 1973.

Magnús T. Ólafsson.

Birgir Thorlacius.

AUGLÝSING

um afgreiðslutíma Siglufjarðar Apóteks.

Samkvæmt heimildum í Reglugerð um afgreiðslutíma lyfjabúða utan Reykjavíkur nr. 305/1972 skal afgreiðslutími Siglufjarðar Apóteks vera sem hér segir:

Mánudaga—föstudaga kl. 9—12 og 13.30—18.

Að öðru leyti skal gætt ákvæðis 6. greinar fyrrnefndrar reglugerðar.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 19. marz 1973.

F. h. r.
Páll Sigurðsson.

Ragnhildur E. Þórðardóttir.

19. marz 1973. Nr. 96.

AUGLÝSING

um takmörkun veiða á norska vorgotssíldarstofninum.

1. gr.

Með hliðsjón af 7. gr. alþjóðasamnings um fiskveiðar í norðausturhluta Atlantshafs, er gerður var í London 24. janúar 1959, hafa ríkisstjórnir Íslands, Noregs og Sovétríkjanna gert með sér samkomulag um takmörkun veiða á norska vorgotsstofninum á árinu 1973. Efni samkomulags þessa er birt í 2.—5. gr. auglýsingar þessarar.

2. gr.

Veiðar á hinum kynþroska hluta norskrar vorgotssíldar skulu vera bannaðar á aflaskýrslusvæðum Alþjóðahafrannsóknaráðsins nr. I, II og V b frá þeim degi, sem samningur þessi tekur gildi til 31. desember 1973. Svæði þessi eru sérstaklega afmörkuð á uppdrætti, er prentaður er með auglýsingu þessari.

Bann þetta gildir ekki um veiðar í rannsóknaskyni, sem gerðar eru á vegum fiskveiðiyfirvalda til að fá vitneskju um stofninn og göngur hans.

3. gr.

Hlutaðeigandi ríki skuldbinda sig til að takmarka veiðar á smásíld og millisíld á aflaskýrslusvæði Alþjóðahafrannsóknaráðsins nr. I og II, þannig að þær verði ekki meiri en 26% af því magni, er viðkomandi lönd veiddu 1969 skv. þeim aflaskýrslum, sem fyrir liggja.

4. gr.

Hlutaðeigandi ríki gera ráðstafanir til að ákvæðum 2. og 3. greinar verði framfylgt og skulu tilkynna hvort öðru í hverju slíkar ráðstafanir séu fólgnar.

5. gr.

Ábyrgar stofnanir hlutaðeigandi ríkja skulu senda hver annarri aflaskýrslur mánaðarlega, ef samanlagður afli fer yfir 100 smálestir.

6. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum á auglýsingu þessari, skal farið að hætti opinberra mála, og varða brot refsingum samkvæmt 2. gr. laga nr. 14 30. marz 1960 og 3. gr. laga nr. 44 5. apríl 1948 um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins.

7. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt lögum nr. 14 30. marz 1960 um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi ákvæði alþjóðasamnings, er gerður var 24. janúar 1959, um fiskveiðar í norðausturhluta Atlantshafs, ásamt viðbæti, og samkvæmt lögum nr. 44 5. apríl 1948 um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi auglýsing nr. 40 25. febrúar 1972 um takmörkun veiða á norska vorgotssíldarstofninum.

Sjávarútvegsráðuneytið, 19. marz 1973.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Þórður Ásgeirsson.



AUGLÝSING

um fólkvang í Bláfjöllum.

Náttúruverndarráð hefur tjáð ráðuneytinu að engar athugasemdir hafi borizt vegna fyrirhugaðrar friðlýsingar fólkvangs í Bláfjöllum, sbr. auglýsingu í 72. tbl. Lögbirtingablaðs 24. nóvember 1972, en þar eru tilgreind mörk fólkvangsins og reglur um hann.

Náttúruverndarráð hefur hinn 31. janúar 1973 samþykkt friðlýsingu fólkvangsins fyrir sitt leyti. Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni og birtist hún hér með með skírskotun til 26., 32. og 33. gr. laga nr. 47/1971, um náttúruvernd, og tekur friðlýsingin gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum. Að því er varðar reglur um mörk fólkvangsins o. fl., vísast til fylgiskjalsins.

Í menntamálaráðuneytinu, 21. marz 1973.

Magnús T. Ólafsson.

Birgir Thorlacius.

Fylgiskjal.

Auglýsing frá Náttúruverndarráði.

Að tillögu Náttúruverndarnefndar Reykjavíkur og að fengnu samþykki þessara sveitarfélaga: Grindavíkur, Kópavogs, Reykjavíkur, Seltjarnarness og Selvogs, hefur Náttúruverndarráð ákveðið að lýsa Bláfjallasvæðið fólkvang samkvæmt 26. grein laga nr. 47/1971.

Takmörk svæðisins eru línur, sem dregnar eru (1) úr kolli Vífilsfells (2) í Hákoll (3) í Kerlingahnjúk (4) í (Litla) Kóngsfell (5) í Bollann við Grindavíkurskörð (6) í horn Heiðmerkurgirðingar við Kolhól (7) með Heiðmerkurgirðingu í punkt, þar sem hún sker línu milli Stríps og Stóra Kóngsfells (8) í Sandfell, norðvestur af Rjúpnadölum, í koll Vífilsfells.

Um hið friðlýsta svæði gilda eftirfarandi reglur:

1. Fótgangandi fólki er heimil för um allt svæðið, og óheimilt er að reisa þar girðingar eða annars konar tálmanir, á þann veg, að umferð fólks torveldist.
2. Óheimilt er að gera á svæðinu jarðrask nema leyfi Náttúruverndarráðs komi til.
3. Stefnt skal að því, að svæðið skuli skipulagt til skíðaiðkana eftir því, sem efni þykja til, en hvers konar mannvirkjagerð er háð samþykki Náttúruverndarráðs.

Tekið er fram af hálfu sveitarfélaganna allra, að með stofnun fólkvangs telja þau ekki á neinn hátt raskað eignarrétti að landi því, sem fólkvangurinn tekur til.

Samvinnunefnd sveitarfélaganna allra fer með stjórn fólkvangsins, og er hún skipuð einum fulltrúa frá hverjum aðila.

Athugasemdum við friðlýsingu þessa skal komið á framfæri við Náttúruverndarráð eigi síðar en 8 vikum frá birtingu þessarar auglýsingar.



Fyrir hönd Náttúruverndarráðs,

Eysteinn Jónsson.

Árni Reynisson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 202 11. september 1970, um lánveitingar húsnæðismálastjórnar úr Byggingarsjóði ríkisins.

1. gr.

Á eftir orðunum í b-lið 2. gr.: „— seldar verða —“ komi: „— eða afhentar —“.
Á eftir staflið e komi nýr stafliður svohljóðandi:
f) Endurbóta á eigin húsnæði öryrkja.

2. gr.

3. gr. orðist svo:

Lán skv. a-lið 2. gr. þessarar reglugerðar skulu greidd lántakanda í peningum og koma til útborgunar í tvennu lagi í hlutfalli við byggingarstig húsnæðisins.

Veiting fyrri hluta lána fer fram 4 sinnum á ári og miðast hverju sinni við lánshæfar umsóknir um lán út á hús, sem tilkynnt hafa verið fokheld fyrir eftirtalda eindaga: 15. febrúar, 15. maí, 15. ágúst og 15. nóvember. — Húsnæðismálastofnun ríkisins skal stefna að því að tilkynna innan mánaðar frá þessum eindögum, greiðsludag lána.

Síðari hluti lána skal að jafnaði koma til greiðslu innan 6 mánaða frá greiðsludegi fyrri hluta láns, enda hafi íbúðin náð tilskildu mati skv. virðingargerð matsmanna, veðdeildar Landsbanka Íslands eða dómkvaddra matsmanna.

Þegar virðing fer fram, skal lántakandi leggja fram það eintak teikninga af íbúðinni, sem hann hefur fengið sent frá Húsnæðismálastofnuninni og skulu virðingarmenn gæta þess, að húsið sé byggt skv. þeirri teikningu.

3. gr.

4. gr. orðist svo:

Lánsfjárhæðin má nema allt að kr. 800 000.00 á hverja íbúð, sem hafin er smíði á eftir 31. desember 1972, þó ekki hærri fjárhæð en nemur ¾ hlutum verðmætis íbúðar skv. mati matsmanna veðdeildar Landsbanka Íslands eða dómkvaddra matsmanna. Húsnæðismálastjórn getur, að fengnu samþykki ráðherra, breytt lánsfjárhæð þessari á tveggja ára fresti til samræmis við breytingar á vísitölu byggingarkostnaðar og skal miða við vísitölu eins og hún er 1. nóvember bæði viðmiðunarárin.

Húsnæðismálastjórn lætur í nóvember ár hvert gera ítarlega áætlun um tekjur Byggingarsjóðs ríkisins á næsta ári, og gera í samræmi við hana greiðslu- og lánveitingaáætlun fyrir komandi ár.

Heimilt er að veita allt að 25% hærra lán en framangreint hámark segir til um, þó ekki yfir ¾ af matsverði hlutaðeigandi íbúðar, ef um er að ræða umsækjanda, sem fullnægir skilyrðum 10. og 11. gr. laga nr. 30 12. maí 1970, enda nemi hin sparaða upphæð a. m. k. 150 000.00 krónum, þegar lánsumsókn barst, bygging hefst eða kaup eru gerð. Nú sækir sparandi ekki um íbúðarlán innan 5 ára, frá því sparnaði lauk og fellur þá réttur hans til hærra láns niður nema hin sparaða upphæð standi óhreyfð, þegar umsókn um lán berst, þótt síðar verði. Þegar um er að ræða sameign tveggja eða fleiri sparifjáreigenda, samkv. fyrrgreindum ákvæðum laganna, skal leggja upphæð þeirra saman og njóta þeir þá sama réttar og um einstakling væri að ræða.

4. gr.

5. gr. hljóði svo:

Ársvextir af lánum þessum skulu vera 4%. Þau skulu vera afborgunarlaus fyrsta árið, en endurgreiðast síðan að fullu á 25 árum með jöfnum ársgreiðslum vaxta og

afborgana (annuitet). Á fyrsta gjalddaga greiðast aðeins vextir. Gjalddaga ársgreiðslna ákveður húsnæðismálastjórn í samráði við veðdeild Landsbanka Íslands. Hvert lán skal vera tryggt með 1. veðrétti í viðkomandi íbúð. Á vexti af lánum þessum fyrsta árið og af ársgreiðslum af þeim síðar, skal skuldari greiða hlutfallslega viðbót, sem svarar helmingi þeirrar hækkunar, er hverju sinni hefur orðið á kaupvísitölu frá lántökutíma og til 1. febrúar næst fyrir hverja ársgreiðslu. Vegna kostnaðar við umsýslu lána þessara í þágu Byggingarsjóðsins skulu skuldarar greiða til veðdeildarinnar árlega ¼% af lánsfjárhæðinni eins og hún er hverju sinni fyrir gjalddaga. Gjald þetta skal reiknað á sama hátt og árlegir vextir og við það skal lögð hlutfallslega sama vísitöluviðbót og greidd er á ársgreiðslu af láninu hverju sinni. Vextir og vísitala að viðbættu ¼% tillagi til veðdeildarinnar skulu þó aldrei vera hærri samanlagt en sem nemur því að meðaltalsvextir allt lánstímabilið verði samtals 7¾%.

Viðbót sú, sem fellur til á afborganir samkvæmt þessu telst vextir.

Heimilt er húsnæðismálastjórn að stytta lánstímann vegna sérstakra byggingahátta eða takmarkaðs leigutíma lóðarréttinda.

5. gr.

Við g-lið 7. gr. bætist: Lánsréttur vegna húsa, sem bygging verður hafin á eftir 1. janúar 1974 skal miðast við það, hvenær þau urðu fokheld.

6. gr.

9. gr. orðist svo: Við úrskurð um lánshæfni umsókna skal húsnæðismálastjórn fylgja eftirfarandi reglum varðandi stærð nýbygginga, miðað við innanmál útveggja:

a) Fyrir einstaklinga hámarksstærð allt að 60 m² í fjölbýlishúsum og 100 m² í einbýlishúsum.
b) Fyrir 2—5 manna fjölskyldu, hámarksstærð 110 m² í fjölbýlishúsum og 125 m² í einbýlishúsum.
c) Fyrir 6—8 manna fjölskyldu hámarksstærð 135 m².
d) Ef 9 manns eða fleiri eru í heimili má bæta við hæfilegum fermetrafjölda fyrir fjölskyldumann með þeirri takmörkun hámarksstærðar, að ekki verði lánað út á stærri íbúðir en 150 m².

Þess skal sérstaklega gætt, að herbergjafjöldi sé í sem mestu samræmi við fjölskyldustærð. Varðandi lán út á íbúðir einstaklinga sé lögð á það áherzla, að hver íbúð sé þannig hönnuð, að hún sé hæf til íbúðar fyrir litla fjölskyldu.

Þegar atvinnuhúsnæði er leyft í íbúðarhúsi, sem íbúðarlán er veitt til, skal húsið þannað þannig, að steyptur veggur sé á milli íbúðar og atvinnuhúsnæðis, sé það á sömu hæð. Skal vera sér inngangur inn í atvinnuhúsnæðið svo og sér hreinlætisaðstaða og annað það, sem atvinnuhúsnæði ber að fylgja. Jafnframt skal umsækjandi leggja fram skriflega yfirlýsingu sveitarstjórnar um að hún leyfi umræddan atvinnurekstur á viðkomandi stað.

7. gr.

10. gr. orðist svo:

Þeir umsækjendur, sem svo stendur á um, sem lýst er í stafliðum a-d hér á eftir, skulu eigi taldir lánshæfir.

a) Byggja stærri íbúðir en ákveðið er í 9. gr.
b) Byggja fleiri en eina íbúð.
c) Hafa góða möguleika til lána annars staðar, t.d. sambærilegra eða betri lána en skv. reglugerð þessari eða næg fjárráð að dómi húsnæðismálastjórnar, svo að þeir geti betur komið íbúð sinni í nothæft ástand án frekari lána en aðrir umsækjendur, sem afgreiðslu bíða.

Við mat á lánsmöguleikum umsækjenda skal þó ekki í þessu sambandi taka tillit til lána úr þeim lífeyrissjóðum eða eftirlaunasjóðum, sem árlega verja ákveðnum hluta ráðstöfunarfjár síns til kaupa á skuldabréfum Byggingarsjóðs ríkisins eftir nánari samkomulagi við húsnæðismálastjórn.

d) Hafa fengið hámarkslán á s.l. 5 árum, nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi að dómi húsnæðismálastjórnar.

Eigi umsækjandi íbúð, þegar hann leggur inn umsókn um lán, skal hann leggja inn þinglýst afsal um sölu hennar, áður en síðari hluti lánsins er greiddur.

8. gr.

11. gr. orðist svo:

Meiri háttar viðbygging, sbr. a-liður 2. gr. telst 20 m² aukning á íbúðarrými eða meira, enda hafi íbúðin að dómi húsnæðismálastjórnar verið ófullnægjandi. Samanlagður gólffletur hins eldra húss og fyrirhugaðrar viðbyggingar fari þó ekki yfir þau stærðarmörk, sem hlutaðeigandi fjölskyldu eru ætluð, sbr. 9. gr. Þegar tvær eða fleiri íbúðir eru á sömu hæð í húsi, skulu þær aðskildar að fullu og öllu með steyptum vegg. Skal vera sér inngangur í hvora um sig og eigi gengt á milli.

9. gr.

1. ml. 12. gr. orðist svo:

Húsnæðismálastjórn er heimilt að veita framkvæmdalán, meðan á byggingartíma stendur til þeirra aðila, sem um getur í b-lið 2. gr. reglugerðar þessarar allt að 90% af hámarksláni eins og það er á hverjum tíma.

10. gr.

1. ml. 14. gr. orðist svo:

Framkvæmdalán endurgreiðast með E-lánum, sem veitt verða kaupendum hlutaðeigandi íbúða, sem fullnægja skilyrðum skv. reglugerð þessari og getur húsnæðismálastjórn áskilið, að greitt sé inn á framkvæmdalánin fjárhæð, sem nemur hlutdeild hverrar íbúðar jafnóðum og sala eða afhending fer fram.

11. gr.

1. ml. 16. gr. orðist svo:

Umsækjandi um framkvæmdalán skal í umsókn skuldbinda sig til að selja eða afhenda íbúðirnar á verði sem húsnæðismálastjórn samþykkir.

Reglugerð þessi staðfestist hér með, skv. lögum nr. 30 12. maí 1970 sbr. lög nr. 72/1972 um Húsnæðismálastofnun ríkisins, til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 26. marz 1973.

Hannibal Valdimarsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

AUGLÝSING

um gjald fyrir tilkynningar o. fl., sem birtist í Lögbirtingablaðinu.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 64 16. desember 1943, um birtingu laga og stjórnvaldaerinda, er gjald fyrir tilkynningar o. fl., sem birtist í Lögbirtingablaðinu, hér með ákveðið þannig:

1.	Fyrir tilkynningu um skrásetningu hlutafélaga og samvinnufélaga	kr. 2 000.00
2.	Fyrir tilkynningu um skrásetningu firma	— 600.00
3.	Fyrir tilkynningu um veitingu prókúruumboðs, breytingu eða afturköllun á prókúruumboði	— 600.00
4.	Fyrir tilkynningu um breytingu á hlutafélögum, samvinnufélögum og firmum (breytingu á stjórn, samþykktum, eigendaskipti o. fl.)	— 600.00
5.	Fyrir tilkynningu um, að hlutafélag eða firma sé hætt störfum	— 100.00
6.	Fyrir uppboðsauglýsingu, þrjár birtingar	— 900.00
7.	Fyrir fjármark	— 200.00
8.	Fyrir auglýsingu um óskilafénað, fyrir hverja kind eða hross	— 100.00
9.	Fyrir innköllun, þrjár birtingar	— 1 000.00
10.	Fyrir auglýsingu um skiptafund	— 400.00
11.	Fyrir einkaleyfisumsókn	— 400.00
12.	Fyrir ógildingarstefnu	— 1 000.00
13.	Fyrir dómsbirtingu	— 1 000.00
14.	Fyrir tilkynningu um iðjuleyfi	— 300.00

Annað efni, sem birt er í blaðinu, en eigi fellur undir neinn framangreindra liða, greiðist með 85.00 krónum fyrir hvern dálkssentimetra.

Gjaldskrá þessi öðlast gildi 1. maí 1973. Fellur þá jafnframt úr gildi auglýsing frá 10. febrúar 1969, um gjald fyrir tilkynningar o. fl., sem birtist í Lögbirtingablaðinu, og auglýsing frá 29. desember 1970 um sama efni.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 8. marz 1973.

Ólafur Jóhannesson.

Jón Thors.

Stjórnartíðindi B 9, nr. 65—99. Útgáfudagur 30. apríl 1973.

STJÓRNARTÍÐINDI B 10 — 1973

11. apríl 1973. 213 Nr. 100.

REGLUGERÐ

um eyðingu svartbaks og hrafns með tríbrómetanóli.

1. gr.

Umráðendum friðlýsts æðarvarps skal heimilt að nota tríbrómetanól til eyðingar svartbaki og hrafni í varplöndum æðarfugls á tímabilinu frá 15. apríl til 1. ágúst ár hvert, sbr. 5. grein.

Óheimilt skal að nota önnur efni til eyðingar þessum fuglum, sbr. þó bráðabirgðaákvæði 8. gr.

2. gr.

Tríbrómetanól skal látið í egg um gat, sem gera skal á hlið þess. Í hvert egg skal láta einn skammt (1,5 g) af efninu og skal því hrært saman við innihald eggsins.

Gæta ber ýtrustu varúðar í meðferð tríbrómetanóls, því að það er hættulegt bæði mönnum og dýrum og ber að fylgja í einu og öllu þeim leiðbeiningum, sem fylgja skömmtunum, sbr. viðauka 1.

Stranglega er bannað að setja tríbrómetanól í annað en egg.

3. gr.

Eggjum, sem tríbrómetanól hefur verið sett í, skal komið fyrir í varplöndum æðarfugls eða í grennd við þau, þar sem svartbaks og hrafns er helzt von, og snúi rofna hliðin upp. Fugla, sem kunna að drepast af áti slíkra eggja, skal grafa eða urða tafarlaust þar sem þeir finnast.

Stranglega er bannað að koma fyrir eggjum, sem tríbrómetanól hefur verið sett í við fiskvinnslustöðvar, sorphauga og sláturhús og aðra slíka staði utan varplanda æðarfugls.

4. gr.

Staðir þeir, þar sem eggjum með tríbrómetanóli hefur verið komið fyrir, skulu auðkenndir (sbr. viðauka 1), svo að þeim, er um þá kunna að eiga leið, sé ljóst, að þar sé von slíkra eggja og fugla, er drepizt hafa af áti þeirra. Sérstaklega skal þess gætt, að börnum og fólki, sem hirðir æðarvarp, sé kunnugt um, hvar slíkum eggjum hefur verið komið fyrir.

5. gr.

Umráðendum æðarvarps (sbr. 1. gr.) er heimilt að afla tríbrómetanóls hjá Lyfjaverzlun ríkisins, ef þeir hafa til þess leyfi, sbr. 3. málsgr. Skal Lyfjaverzlunin láta efnið úti í skömmtum, er innihalda 1,5 g og merktir eru á eftirfarandi hátt:

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

Tríbrómetanól
1,5 g
til eyðingar á
svartbaki og hrafni

Lyfjaverzlun ríkisins skal afhenda skammta þessa í 50 stykkja pakkningum, sem eru tryggilega úr garði gerðar og vel luktar og merktar varnaðarmerki A-flokks og merkimiða A-flokks, sbr. reglugerð nr. 132/1971, að því undanskildu, að sleppt er úr merkimiðanum „Hættuflokkur A". Er Lyfjaverzluninni heimilt að afhenda eða senda í pósti fyrrgreindar pakkningar til hlutaðeigenda, sbr. næstu málsgr.

Ef umráðamenn æðarvarps æskja að kaupa eða nota tríbrómetanól, sbr. 1. málsgr., skulu þeir hafa til þess leyfisskírteini (sbr. viðauka 2 við reglugerð nr. 131/1971) og skal um veitingu þessara leyfa fara samkvæmt ákvæðum 1.—4. málsgr. 8. gr. fyrrnefndrar reglugerðar (sbr. viðauka 2 við þessa reglugerð).

Eiturefnanefnd ber skylda til þess að tilkynna Lyfjaverzlun ríkisins um heiti þeirra manna og heimili, er hún veitir meðmæli fyrir veitingu leyfisskírteina og skal þess jafnframt getið, hve langan tíma leyfisskírteini eigi að gilda.

6. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum frá 5 þúsund til 50 þúsund krónum.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 33/1966, um fuglaveiðar og fuglafriðun, og að höfðu samráði við heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, að því er varðar þá þætti, sem Lyfjaverzlun ríkisins og eiturefnanefnd eiga að annast.

Öðlast reglugerðin þegar gildi og birtist hér með til leiðbeiningar öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

8. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. skal heimilt að nota fenemal til eyðingar svartbaki og hrafni árið 1973, enda fari útlát þess og notkun í einu og öllu eftir ákvæðum þessarar reglugerðar. Skulu í hverjum skammti vera 2,0 g.

Í menntamálaráðuneytinu, 11. apríl 1973.

Magnús T. Ólafsson.

Birgir Thorlacius.

Fylgiskjöl.

Viðauki nr. 1.

Tríbrómetanól er hættulegt efni, sem getur verið banvænt bæði mönnum og búfé. Verður því að gæta ýtrustu varúðar um meðferð þess. Forðast ber að snerta tríbrómetanól með berum höndum og ávallt skulu menn þvo sér vel um hendur, ef hjá handfjötlun þess verður ekki komizt. Óvarlegt er að geyma tríbrómetanól í heimahúsum lengur en nauðsyn krefur. Kaupið því ekki meira af efninu en notað er hverju sinni. Verði ekki komizt hjá því að geyma tríbrómetanól um sinn á heimilum, skal það ávallt varðveitt í læstri hirzlu.

Tríbrómetanól er notað með þeim hætti, að gat, um 2 cm að þvermáli eða svo, er brotið á hlið óungaðs eggs og egghimnan (skjallið) rofin. Lítið eitt af innihaldi eggsins er látið renna út um gatið og einum skammti (1,5 g) af tríbrómetanóli bætt í eggið í þess stað. Síðan er hrært í egginu með fjöðurstaf eða spýtu svo að efnið blandist sem bezt innihaldi þess. Umbúðum utan af efninu, svo og fjöðurstaf eða spýtu, skal brenna. Til þess að lyfið fjúki ekki þegar verið er að setja það í eggið, er bezt að krjúpa og snúa baki í vind.

Egg með tríbrómetanóli skulu lögð á þá staði í varplöndum æðarfugls eða í grennd við þau, þar sem búast má við að svartbakar og hrafnar verði þeirra helzt varir, og snúi rofna hliðin upp. Óvarlegt er að koma slíkum eggjum fyrir, þar sem skepnur geta átt leið um. Sérstaklega er hundum hætta búin. Tríbrómetanóli skal ekki komið fyrir í eggi fyrr en komið er á þann stað, þar sem eggið á að vera.

Það hefur sýnt sig, að svartbakar og hrafnar ráðast engu síður á eggin, þótt götin á þeim séu opin og snúi upp. Heppilegast mun vera að hafa aðeins eitt egg á hverjum stað, því að svartbakar og hrafnar fælast þá staði, þar sem dauðir fuglar eru fyrir. Fugla, sem drepast af efninu, má hvorki hirða né nýta á nokkurn hátt. Skulu þeir grafnir eða dysjaðir jafnóðum og þeir finnast. Staðir þeir, þar sem eggjunum er komið fyrir, skulu auðkenndir með krossi úr steinvölum eða stungnum í grasrót. Sérstaklega skal þess gætt, að börnum og fólki, sem hirðir varplönd, sé kunnugt um, hvar slíkra eggja er von.

Svartbakar og hrafnar, sem étið hafa egg með tríbrómetanóli, sofna yfirleitt 10—15 mínútum síðar. Því má oft búast við, að fuglar þessir finnist ekki dauðir við eggin, þar eð þeim getur gefizt tími til að fljúga á brott, áður en áhrifa efnisins tekur að gæta. Einnig er af þeim sökum hyggilegt að hafa hæfilegt bil milli eggja, svo að sami fugl éti ekki úr fleiri en einu.

Viðauki nr. 2.

1.—4. málsgr. 8. gr. reglugerðar nr. 131/1971, um útgáfu og afgreiðslu eiturbeiðna og annarra tilsvarandi leyfa, hljóða svo:

„Nú nota iðnaðarmenn eða aðrir einstaklingar tiltekin eiturefni að staðaldri við störf sín, og má þá veita leyfi til kaupa á umræddum efnum, er gilda til 1—3 ára í senn.

Lögreglustjóri gefur út, að fengnu samþykki eiturefnanefndar, númerað skírteini (sjá viðauka 2), er veitir leyfi til slíkra kaupa. Skal hlutaðeigandi ávallt bera skírteinið á sér við störf sín. Leyfi eru bundin við notendur efnanna persónulega, og eru þeir ábyrgir, ef tjón hlýzt af notkun þeirra. Greina skal á leyfisskírteinum þau eiturefni (sbr. 1. málsgr. 3. gr.), sem leyfð eru kaup á.

Umsóknir um leyfi þessi skal senda hlutaðeigandi yfirvaldi (lögreglustjóra), er sendir þær eiturefnanefnd til umsagnar. Eiturefnanefnd leitar álits um umsækjendur hjá formanni hlutaðeigandi iðnaðarmannafélags á hverjum stað eða hjá öðrum dómbærum mönnum eftir því, sem við á hverju sinni. Eiturefnanefnd skal senda hlutaðeigandi yfirvaldi umsögn sína innan 2 mánaða.

Eiturefnanefnd getur farið þess á leit við hlutaðeigandi yfirvald, að leyfi þessi verði numin úr gildi, ef gildar ástæður eru til þess að ætla, að leyfishafar brjóti svo af sér við störf sín, að hætta geti stafað af. Hlutaðeigandi yfirvald getur, hvenær sem er, numið slík leyfi úr gildi, ef fyrrgreindar ástæður mæla með því. Heimilt er í slíkum tilvikum að áfrýja úrskurði yfirvalds til ráðherra."

Stjórnartíðindi B 10, nr. 100. Útgáfudagur 3. maí 1973.

STJÓRNARTÍÐINDI B 11 — 1973

Nr. 101. 216 2. maí 1973.

REGLUR

um greiðslu kostnaðar vegna ferðalaga á vegum ríkisins.

1. gr.

Reglur þessar gilda um greiðslu ferðakostnaðar ríkisstarfsmanna og annarra, sem ferðast innanlands eða utan á vegum ríkisstofnana og ríkisfyrirtækja.

Ferðalög innanlands.

2. gr.

Fargjöld á ferðalögum innanlands skulu greiðast eftir reikningi, enda fylgi fullnægjandi frumgögn, svo sem farseðlar eða fargjaldakvittanir.

3. gr.

Ríkisstarfsmenn skulu fá endurgreiddan fæðis- og gistikostnað á ferðalögum innanlands með dagpeningum, eins og segir í 10. gr. I.

Þegar sérstaklega stendur á má endurgreiða fæðis- og gistikostnað á ferðalögum eftir reikningi, sem úrskurðast af forstöðumanni viðkomandi stofnunar, enda fylgi fullnægjandi frumgögn fyrir útlögðum kostnaði.

Sé verið heima um nætur, en hálfur vinnudagur eða meira unninn svo langt frá heimili eða frá föstum vinnustað, að starfsmaður þurfi að kaupa sér fæði utan heimilis eða fasts vinnustaðar, skal endurgreiða fæðiskostnað með dagpeningum, eins og segir í 10. gr. I.

Ferðalög erlendis.

4. gr.

Fargjöld á ferðalögum erlendis skulu greiðast eftir reikningi, enda fylgi ávallt farseðlar. Far með flugvélum skal miðast við venjulegt farrými flugvélar, þ. e. ferðamannafarrými. Heimilt er þó að greiða far á I. farrými flugvélar, þegar sérstaklega stendur á, skv. ákvörðun hlutaðeigandi ráðuneytis. Far með skipum, lestum eða langferðabifreiðum miðast við far á I. farrými, ef við á.

Beri nauðsyn til að ferðast með öðrum og kostnaðarsamari hætti en áður er greint, greiðist slíkur kostnaður eftir reikningum, sem hlutaðeigandi ráðuneyti úrskurðar, enda fylgi reikningi greinargerð um nauðsyn þessa aukakostnaðar.

Áður en ferð til útlanda hefst, ber að afla skriflegrar heimildar viðkomandi ráðuneytis. Í heimildinni sé tilgreindur fjöldi ferðadaga.

Að lokinni ferð skal viðkomandi starfsmaður fylla út ferðakostnaðarreikning ásamt tilskildum fylgiskjölum.

5. gr.

Annar ferðakostnaður en fargjöld greiðist með dagpeningum, og er um þrjá flokka að ræða, sbr. 10. gr. II. Dagpeninga I skal greiða ríkisstarfsmönnum, sem taka laun skv. launaflokki B-1 eða hærri. Dagpeninga II skal greiða ríkisstarfsmönn-

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

um, sem taka laun skv. 24.—28. launaflokki. Dagpeninga III skal greiða öðrum ríkisstarfsmönnum.

Ferðist starfsmenn ríkisins á I.T. fargjöldum, skulu dagpeningar vegna ferðalaga erlendis vera ⅔ af því, sem annars gildir.

Mönnum, sem ferðast til útlanda á vegum ríkisins, en ekki taka laun skv. launaflokkum, ber hlutaðeigandi ráðuneyti að ákveða dagpeninga hverju sinni skv. stöðu þeirra og í samræmi við fyrrgreindar meginreglur.

Sé ferðast utan Evrópu eða Ameríku, ber að greiða sömu dagpeninga og í Evrópuferðum.

Ferðakostnaður skv. framansögðu greiðist eingöngu fyrir þann, sem ferðast til útlanda á vegum ríkisins, en ekki fyrir maka hans eða skyldulið. Sé um að ræða opinbera heimsókn, alþjóðlega venju eða algerlega sérstakar aðstæður, skal þó greiða fargjald maka og að auki helming dagpeninga vegna hans.

6. gr.

Af dagpeningum ber að greiða allan venjulegan ferðakostnað, annan en fargjöld, svo sem kostnað vegna leigubifreiða að og frá flugvöllum, fæði, húsnæði, minni háttar risnu, hvers konar persónuleg útgjöld, flugvallaskatta, yfirvigt aukafarangurs o. s. frv.

Beri nauðsyn til að hafa meiri háttar risnu í ferðalögum erlendis, greiðist slík risna eftir reikningi, sem hlutaðeigandi ráðuneyti úrskurðar. Teljist slík greiðsla óþörf, skal sá, sem risnuna veitti, bera þann kostnað sjálfur.

7. gr.

Ef dvalið er langdvölum erlendis vegna þjálfunar- og eftirlitsstarfa á vegum ríkisins, skal greiða dagpeninga skv. 10. gr. III. Ef sami maður fer oftar en einu sinni á ári (360 dögum) til dvalar á sama stað, greiðast ofangreindir dagpeningar sem um samfellda dvöl væri að ræða. Er miðað við, að starfsmenn séu í þjálfun vegna síns eiginlega starfs eftir ákvörðun forstöðumanns, en eiga ekki við almenn þjálfunarnámskeið, sem ekki eru takmörkuð við þröngt afmarkað starfssvið stofnunar.

8. gr.

Greiði aðrir aðilar en íslenzka ríkið hluta kostnaðar við ferðalög, sem farin eru til útlanda í erindum ríkisins, getur hlutaðeigandi ráðherra ákveðið greiðslu allt að mismun þess, sem greitt er af öðrum, og greiðslu skv. þessum reglum.

9. gr.

Ef ferðakostnaður er að einhverju leyti óeðlilegur eða óþarflega hár að dómi ríkisendurskoðunarinnar, er starfsmaður skyldur að endurgreiða það, sem um of er eytt.

10. gr.

Dagpeningar skv. þessum reglum eru sem hér segir:

I. Dagpeningar á ferðalögum innanlands skv. 3. gr.:

a) Til kaupa á gistingu og fæði í sólarhring	kr. 1 400.00
b) Fæði í heilan dag án gistingar, minnst 10 tíma ferðalag	— 700.00
c) Fæði í hálfan dag án gistingar, minnst 6 tíma ferðalag	— 350.00

II. Dagpeningar á ferðalögum erlendis, sbr. 6. gr.:

	Evrópa	Ameríka
Dagpeningar I	£ 17.00	$ 50.00
Dagpeningar II	£ 15.00	$ 45.00
Dagpeningar III	£ 13.00	$ 40.00

III. Dagpeningar vegna þjálfunar- og eftirlitsstarfa skv. 8. gr.:

	Evrópa	Ameríka
Á fyrstu 30 dögum dvalar	£ 8.50	$ 27.00
Á næstu 60 dögum dvalar	£ 7.50	$ 24.00
Á þar næstu 60 dögum dvalar	£ 6.00	$ 19.00
Fyrir hvern dag fram yfir 150 daga	£ 4.50	$ 14.00

11. gr.

Um dagpeninga fyrir starfsfólk, sem eru meðlimir í aðildarfélagi Alþýðusambands Íslands, gildir samningur sá, sem á hverjum tíma er í gildi milli Alþýðusambands Íslands annars vegar og Vegagerðar ríkisins hins vegar.

12. gr.

Um dagpeninga mælingamanna og annarra, sem vinna við sérstök skilyrði, gilda reglur, sem fjármálaráðuneytið, fjárlaga- og hagsýslustofnun, setur.

13. gr.

Reglur utanríkisráðuneytisins um greiðslu ferðakostnaðar starfsfólks, sem flyzt búferlum milli landa á þess vegum, skulu gilda óbreyttar.

14. gr.

Þegar ríkisstofnun ferðatryggir starfsmann, skal það gert fyrir milligöngu Innkaupastofnunar ríkisins, eftir sérstökum reglum, sem þar um gilda.

15. gr.

Komi upp ágreiningur um gildissvið eða efni þessara reglna, skal fjármálaráðherra úrskurða þar um.

16. gr.

Reglur þessar eru settar í samræmi við ákvæði 25. gr. l. nr. 92/1955 og gilda frá 1. maí 1973. Jafnframt falla úr gildi reglur nr. 199 1. september 1970.

Í fjármálaráðuneytinu, 2. maí 1973.

Halldór E. Sigurðsson.

Gísli Blöndal.

Nr. 102. 4. maí 1973.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 51 15. maí 1964 um gerð og búnað ökutækja o. fl.

1. gr.

17. gr. orðist svo:

Á hjólum bifreiðar skulu vera hjólbarðar úr gúmí, hæfilega loftfylltir. Slitflötur hjólbarða skal vera mynztraður og skulu raufar í mynztrinu vera a. m. k. 1 mm á dýpt.

Hjólbarðar skulu vera gallalausir, og þeim skal vera réttilega fyrir komið. Hjólbarðar á sama öxli skulu vera af sömu stærð og gerð. Nú er bifreið, sem er innan við 3500 kg að leyfðri heildarþyngd, ekki búin sömu gerð hjólbarða á framöxli og afturöxli, og skal þeim þá komið fyrir sem hér segir:

a. Hjólbarðar með skáböndum (diagonal) að framan, en hjólbarðar með þverböndum (radial) að aftan.

b. Hjólbarðar með skáböndum og beltum að framan, en hjólbarðar með þverböndum að aftan.

c. Hjólbarðar með skáböndum að framan, en hjólbarðar með skáböndum og beltum að aftan.

Þegar snjór eða ísing er á vegi, skal hafa snjókeðjur á hjólum eða annan búnað, t. d. hjólbarða með grófum mynztrum eða með nöglum, sem veitt getur viðnám. Eigi leysir notkun þessa búnaðar ökumann undan því að sýna ýtrustu varúð í akstri.

Keðjur skulu þannig búnar, að fjarlægð milli þverbanda sé ekki meiri en svo, að eitt faststrengt band snerti akbrautina. Á vegi með föstu slitlagi er óheimilt að nota keðjur, sem valdið geta óeðlilegu sliti á yfirborði vegarins.

Þegar bifreið, sem er innan við 3500 kg að leyfðri heildarþyngd, er búin negldum hjólbörðum, skulu öll hjól vera með negldum börðum. Heimilt er þó að nota keðjur á hjólum eins öxuls og negld hjólbarða á öðrum. Á bifreið, sem er 3500 kg að leyfðri heildarþyngd eða meir og búin er negldum hjólbörðum, skulu hjól á sama öxli vera með negldum börðum. Naglar skulu vera sem næst jafnmargir á hverjum hjólbarða. Þegar tvöföld hjól eru á öxli nægir, að annar hjólbarðinn sé negldur, enda séu negldir hjólbarðar þá samhverfir um lengdarás bifreiðar.

Hámarksfjöldi nagla á hverjum hjólbarða bifreiðar, sem er innan við 3500 kg að leyfðri heildarþyngd, er 110, ef hjólbarði er 15" eða minni, ella 150. Hver nagli má eigi vera þyngri en 4 g, og má hann eigi standa lengra út úr hjólbarða en 1.2 mm, miðað við nýnegldan barða, áður en hann er tekinn í notkun.

Naglar í hverjum hjólbarða bifreiðar, sem er 3500 kg að leyfðri heildarþyngd eða meir, mega vera allt að 150, enda séu þeir eigi þyngri en 8 g hver og standi eigi meir en 2 mm út úr hjólbarða, miðað við nýnegldan barða, áður en hann er tekinn í notkun. Þó mega naglar vera allt að 250, enda sé þá farið eftir ákvæðum um bifreiðir, sem eru innan við 3500 kg að leyfðri heildarþyngd.

Óheimilt er að nota rörnagla, oddhvassa nagla eða aðrar áþekkar gerðir nagla.

Notkun keðja og negldra hjólbarða er óheimil á tímabilinu frá 1. maí til 15. október, nema þess sé þörf vegna sérstakra aksturskilyrða.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í umferðarlögum nr. 40 23. apríl 1968, öðlast gildi 20. maí 1973.

Ákvæði 5., 6. og 7. efnismálsgr. 1. gr. gilda um negld hjólbarða, sem teknir verða í notkun frá 15. október 1973, nema negling hafi átt sér stað fyrir 1. júní 1973.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 4. maí 1973.

Ólafur Jóhannesson.

Ólafur W. Stefánsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 12 — 1973

Nr. 103. 220 4. maí 1973.

REGLUGERÐ

um hús reist á vegum Viðlagasjóðs eða Vestmannaeyjakaupstaðar.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til verksmiðjuframleiddra timburhúsa, sem reist verða á vegum Viðlagasjóðs eða Vestmannaeyjakaupstaðar sbr. lög nr. 4/1973 og reglugerðar nr. 62/1973.

2. gr.

Þegar um er að ræða hús, sem 1. gr. tekur til, má víkja frá ákvæðum 19. gr. reglugerðar um skipulagsáætlanir nr. 217/1966 um lóðarstærðir, þannig að nemi allt að 20%, enda komi til samþykki Skipulagsstjórnar ríkisins.

3. gr.

Íbúðarhús, sem reist verða samkvæmt reglugerð þessari mega vera allt að 300 m² að flatarmáli, ef um einnar hæðar hús er að ræða, en 150 m² ef um er að ræða tveggja hæða hús, enda sé aðeins um eina íbúð að ræða. Ekki má nota rými á skammbitalofti til íbúðar.

Timburhús til annarra nota en íbúðar mega ekki vera meira en ein hæð.

4. gr.

Hús eða húshluti má ekki vera hærri en 0.4 × fjarlægð að gagnstæðri ytri brún götu né heldur 1.4 × fjarlægð að lóðamörkum. Ekki skal miðað við breiðari götu en 20 m.

5. gr.

Nú er hús reist nær lóðamörkum en 5 m, og er þá skylt að hafa eldvarnavegg að lóðamörkum. Þakskegg, skyggni og slíkir hlutar húss mega þó vera allt að 4.6 m frá lóðamörkum.

Fjarlægð milli húsa á sömu lóð má ekki vera minni en 5 m. Ef flatarmál húsa á sömu lóð er innan við 50 m², má fjarlægðin þó vera 3 m.

Í skipulagi má ákveða að hús séu nær lóðamörkum en 5 metrar, enda sé fjarlægð að næsta húsi á nágrannalóð eigi minni en 10 metrar.

6. gr.

Svo skal ganga frá burðarhlutum húss, útveggjum, skilrúmsveggjum, súlum, bitum, lofti, og gólfi o. s. frv., að um 30 mínútna eldþol sé að ræða hið skemmsta.

Ef um er að ræða tveggja hæða hús eða innréttað ris, skal klæðning efri hæðar gerð úr óeldnæmu efni.

7. gr.

Ef um er að ræða sambyggð íbúðarhús, skal þannig frá gengið, að hverjir 460 m² verði aðgreindir með eldvarnarveggjum, ef um er að ræða tveggja hæða hús skulu hverjir 340 m² aðgreindir á sama hátt.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

8. gr.

Einungis er heimilt að nota óeldnæm efni til hitaeinangrunar húsa þeirra, sem lög þessi taka til.

9. gr.

Heildarstærð glugga, sem snúa að nágrannalóð má mest vera sem hér segir:

$X \leqq 30\ (a \div 2.5)\%$, ef um einnar hæðar hús er að ræða.

$X \leqq 15\ (a \div 2.5)\%$, ef um tveggja hæða hús er að ræða.

Hér merkir X heildarflatarmál glugga í hlutfalli við vegginn, sem gluggar eru á, en a merkir fjarlægð að lóðamörkum, tilgreinda í metrum.

10. gr.

Lágmarkslofthæð íbúðarherbergja skal vera 2.30 m.

11. gr.

Stjórn Viðlagasjóðs eða bæjarstjórn Vestmannaeyja sjá um útvegun nauðsynlegra byggingarleyfa þ. m. t. áritun samþykktra uppdrátta, hvort sem um er að ræða heildaruppdrátt eða séruppdrætti, hvar sem er á landinu, þannig að Viðlagasjóður eða bæjarstjórn Vestmannaeyja takist á hendur ábyrgð á framkvæmdum.

12. gr.

Stjórn Viðlagasjóðs eða bæjarstjórn Vestmannaeyja halda skrá um öll hús, sem reist verða samkv. reglugerð þessari, og sjá um, að þinglýst verði á hverja húseign, sem í hlut á, yfirlýsing um, að hlutaðeigandi hús sé reist samkvæmt lögum nr. 70/1973. Stjórn Viðlagasjóðs og bæjarstjórn Vestmannaeyja skulu láta félagsmálaráðuneytinu í té ársfjórðungslega afrit af skrá þessari.

13. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

14. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 70/1973, öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 4. maí 1973.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.

Stjórnartíðindi B 12, nr. 103. Útgáfudagur 8. maí 1973.

B 29

STJÓRNARTÍÐINDI B 13 — 1973

Nr. 104. 222 9. maí 1973.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 67 29. júní 1932 um breytingu á reglugerð nr. 88 25. október 1929, um bifreiðatryggingar.

1. gr.

2. gr. orðist svo:
Við 1. mgr. 3. gr. bætist: Uppsögn skal ætíð miða við 1. júní.

2. gr.

Upphaf 4. gr. orðist svo:
Á eftir 14. gr., sem verður 13. gr., kemur ný grein, sem verður 14. gr., svo hljóðandi:
Eigendur skráningarskyldra vélknúinna ökutækja eru skyldir til þess að tryggja ökutæki sín fyrir eitt ár í senn frá 1. júní til 31. maí næsta ár, og greiðist iðgjaldið fyrir fram fyrir allt tryggingartímabilið. Ef nýtt ökutæki er tryggt á árinu, skal það tryggt til 31. maí næstan á eftir, þannig að tryggingartími allra ökutækja miðist við tímabilið 1. júní til 31. maí næsta ár. Ráðherra getur þó heimilað, að ökutæki séu tryggð í skemmri tíma en eitt ár.

3. gr.

Tryggingartímabil það, sem ljúka skyldi 30. apríl 1973, framlengist til 31. maí 1973. Gjalddagi viðbótariðgjalds fyrir maí mánuð 1973 skal vera 9. maí 1973.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 79. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968, öðlast þegar gildi.
Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 227 30. desember 1971.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 9. maí 1973.

Ólafur Jóhannesson.

Ólafur W. Stefánsson.

Stjórnartíðindi B 13, nr. 104. Útgáfudagur 10. maí 1973.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

1. marz 1973. 223 Nr. 105.

REGLUGERÐ

um hækkun bóta samkvæmt lögum um almannatryggingar.

1. gr.

Upphæðir bóta samkvæmt lögum um almannatryggingar annarra en fjölskyldubóta og fæðingarstyrks skulu hækka um 12% frá 1. apríl 1973 að telja.

Hækkunin tekur einnig til lágmarksbóta og heimildarbóta samkvæmt 19. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 69/1971, svo og greiðslna samkvæmt 73. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 78. grein laga nr. 67/1971.

Í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 1. marz 1973.

Magnús Kjartansson.

Páll Sigurðsson.

26. marz 1973. Nr. 106.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 2 12. janúar 1971 um skyldusparnað.

1. gr.

Við 21. gr. bætist ný málsgrein svo hljóðandi:

Kostnaður við rekstur innlánsdeildar Byggingarsjóðs ríkisins greiðist úr Byggingarsjóðnum, eftir nánara samkomulagi við veðdeildina.

Reglugerð þessi staðfestist hér með, skv. lögum nr. 30 12. maí 1970 um Húsnæðismálastofnun ríkisins, til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 26. marz 1973.

Hannibal Valdimarsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

26. marz 1973. Nr. 107.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Akureyrar.

I. RAFORKA

Rafveita Akureyrar selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

A—1 Kr. 13.80 hver kWst., sem seld er um kWst.-mæli.

A—2 Kr. 4.05 hver kWst., sem seld er um kWst.-mæli auk fastagjalds, er nemi kr.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

2 050.00 á ári fyrir 25 m² gólfflöt, eða minna af gólffleti af rúmi því, er lýsa skal, og kr. 60.00 fyrir hvern ferm. umfram 25 m².

Þennan gjaldskrárlið má nota í verzlunum fyrir kæliskápa og 1-fasa mótora upp að 3 kW og greiði notandi aukagjald fyrir hvert kW, sem svarar til gjalds fyrir 38 fermetra gólfflatar.

B. Almenn heimilisnotkun.

B—1 Um tvo kWst.-mæla, annan til ljósa, hinn til suðu og hitunar. Kr. 13.80 hver kWst. til ljósa og kr. 3.16 hver kWst. til suðu og hitunar.

B—2 Kr. 2.63 hver kWst., sem seld er um einn kWst.-mæli fyrir alla notkun á heimilinu. Auk þess greiðist fastagjald kr. 1.70 á mánuði af hverjum fermetra gólfflatar íbúðar. Við útreikning á gólffleti skal telja öll herbergi og eldhús, enn fremur ganga, baðherbergi, geymslur og bílskúra.

B—3 Sértaxti Sundlaugar Akureyrar. Kr. 2.61 á kWst. og fastagjald ákveðið af stjórn rafveitunnar.

C. Vélanotkun.

C—1 Kr. 6.70 hver kWst., sem seld er um kWst.-mæli.

C—2 Um mestastraumsmæli, ef um meira en 50 kW er að ræða og notkunartími er meiri en 1000 klst. á ári, kr. 2 200.00 hvert kW upp að 50 kW og kr. 1.13 hver kWst. fyrir fyrstu 200 000 kWst. ársnotkun.

C—3 Um mestastraumsmæli, ef um meira en 50 kW er að ræða og notkunartími er meiri en 1000 klst. á ári, kr. 1 955.00 hvert kW, sem er fram yfir 50 kW og kr. 1.06 hver kWst. sem er umfram 200 000 kWst.

C—4 Kr. 3.95 hver kWst., ef um meira en 30 kW er að ræða og notkunartími er meiri en 1000 klst. á ári.

C—5 Kr. 4.10 hver kWst., sem seld er um kWst.-mæli, fyrir búrekstur.

C—6 Sértaxti Gefjunar, kr. 0.51/0.45 hver kWst. og kr. 4 165.00 hvert kW.

C—7 Sértaxti Iðunnar, gufuketill, kr. 0.47 hver kWst.

D. Hitun.

D—1 Kr. 0.87 hver kWst., sem seld er um kWst.-mæli, ef straumur er rofinn í allt að þrjár klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar, en þó ekki lengur en 1½ klst. í senn.

D—2 Kr. 1.17 hver kWst., sem seld er um tvígjaldsmæli, á tímabilinu kl. 8 til kl. 23.

D—3 Kr. 0.67 hver kWst., sem seld er um tvígjaldsmæli, á tímabilinu kl. 23 til kl. 8.

D—4 Kr. 0.50 hver kWst., sem seld er um kWst.-mæli, ef straumurinn er rofinn á tímabilinu kl. 8 til 23.

D—5 Sértaxti Sundlaugar Akureyrar, kr. 0.57 hver kWst. á tímabilinu 1. okt. til 30. apríl.

D—6 Sértaxti Sundlaugar Akureyrar, kr. 0.45 hver kWst. á tímabilinu 1. maí til 30. sept.

E. Hitun í iðnaði.

E—1 Kr. 1.80 hver kWst., sem seld er um kWst.-mæli, enda sé lágmarksnotkun 10 000 kWst. á ári.

E—2 Kr. 2.30 hver kWst., sem seld er um tvígjaldsmæli, á tímabilinu kl. 8 til kl. 23.

E—3 Kr. 1.12 hver kWst., sem seld er um tvígjaldsmæli, á tímabilinu kl. 23 til kl. 8.

E—4 Kr. 1.35 hver kWst., sem seld er um kWst.-mæli, til súgþurrkunar.

E—5 Sértaxti Málmhúðunarinnar, kr. 1.20 hver kWst., sem seld er um kWst.-mæli.

Skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar.

a. Að vélaafl, götulínur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
b. Að notandi kosti tengingu stjórntækis fyrir hitalögnina og greiði leigu fyrir það samkvæmt reglum, er gilda um leigu mæla.
c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerðar samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir og hitastillar notaðir.

Önnur notkun.

1. Rafveitustjórn getur, með sérstökum samningi, selt raforku þeim notendum, sem hafa eigin vélar til orkuvinnslu, með því skilyrði, að stöðva megi raforkusölu til þeirra hvenær sem þarf, að dómi rafveitustjóra.
2. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri, í samráði við rafveitustjórn, selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert sinn.
3. Gjald fyrir götu- og hafnarlýsingu ákveður bæjarstjórn.

II. MÆLALEIGUR

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir veitu hverri, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða ársleigu af mælitækinu samkvæmt eftirfarandi skrá:

	Upp að 30 Amp. kr.	35—50 Amp. kr.	50—100 Amp. kr.	100—500 Amp. kr.	Yfir 500 Amp. kr.
1-fasa kWst.-mælar	199.00	245.00	267.00		
3-fasa kWst.-mælar	337.00	515.00	665.00	1 107.00	2 435.00
Tvígjalds- og mestastraumsmælar .		665.00	1 107.00	1 782.00	3 570.00
Klukkurofar og skiptiklukkur	850.00				

Af öðrum tækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal leigan vera sem næst 15% af mælitækisverðinu, og semur rafveitustjóri nánari skrá um leiguna. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

III. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald fyrir raforku eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið, skal taka gjald fyrir enduropnun veitunnar, kr. 100.00. Enn fremur skal sama gjald tekið ef farið er á staðinn til lokunar, jafnvel þótt lokun sé ekki framkvæmd.
2. Ef fundin eru óleyfileg vör við skoðun, eða of stór, skal loka veitunni tafarlaust, og verður hún ekki enduropnuð fyrr en notandinn hefur greitt kr. 100.00 á skrifstofu rafveitunnar.

IV. ÝMIS ÁKVÆÐI

a. Sértaxtar hækka hlutfallslega eins og þeir taxtar, sem þeir byggjast á.
b. Söluskattur er innifalinn í verðinu, svo og 2% viðlagagjald.

Gjaldskrá þessi er samþykkt í bæjarstjórn Akureyrar þann 6. febrúar 1973.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Akureyrar nr. 152 15. júní 1972.

Iðnaðarráðuneytið, 26. marz 1973.

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Sauðárkróks.

I. RAFORKA

Rafveita Sauðárkróks selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

1. Lýsing.

11.	Til almennrar lýsingar um kWst.-mæli: Mælisleiga samkvæmt kafla II. Orkugjald	kr.	13.50 á kWst.
12.	Til almennrar lýsingar um kWst.-mæli: Mælisleiga samkvæmt kafla II. Orkugjald	—	4.70 á kWst.
	Fastagjald af gólffleti í rúmi því, er lýsa skal:		
	Verzlanir, skrifstofur, vinnustofur o. þ. h.	—	70.00 á m^2 á ári.
	Geymslur og gangar þeim tilheyrandi	—	23.00 á m^2 á ári.
13.	Til götu og hafnarlýsingar um kWst.-mæli: Mælisleiga samkvæmt kafla II. Orkugjald	—	3.80 á kWst.
14.	Raforku til ljósa í beituskúrum má selja án mælis á enda sé spennan 32 volt og skriflegur samningur gerður um notkunina.	—	9 828.00 árskW.

2. Almenn heimilisnotkun.

21.	Um kWst.-mæli þannig reiknað:		
	a. Grunngjald	—	23.00 á mán.
	b. Orkugjald af allri notkun	—	3.00 á kWst.
	c. Fastagjald af hverju herbergi	—	23.00 á mán.

Við útreikning á herbergjagjöldum, skal telja öll herbergi, sem ætluð eru til íbúðar, og eldhús. Herbergi 5 m^2 eða minna reiknast hálft en 25 m^2 eða stærra tvö.

3. Vélanotkun.

31.	Um kWst.-mæli: Mælisleiga samkvæmt kafla II. Orkugjald	kr.	7.60 á kWst.
	Eftir þessum gjaldskrárlið má einnig selja raforku til lýsingar, og reiknast þá að auki fermetragjald af gólffleti eftir sömu reglum og gilda um lið 12, en er þriðjungi lægri.		
	Raforku til nota um vinnulagnir, meðan á byggingu stendur, má selja um kWst.-mæli, eftir þessum gjaldskrárlið. Þá eru engin fastagjöld reiknuð, önnur en mælaleiga, samkvæmt kafla II.		
32.	Um afl- og orkumæla:		
	Fast gjald	—	3 500.00 á ári.
	Orkugjald	—	1.20 á kWst.
	Aflgj. af notuðu afli, lágm. 2 kW	—	3 500.00 á kW á ári.
	Heimilt er að selja alla raforkunotkun fyrirtækja eftir		

þessum gjaldskrárlið. Fastagjald vegna lýsingar skal þá reiknað samkvæmt gjaldskrárlið 12 og lágmarksaflgjald sem svarar 20 kW.

33. Ef ekki eru tök á að mæla notað afl, má selja þannig um kWst.-mæli:

Fast gjald	kr.	3 500.00 á ári.
Orkugjald	—	1.20 á kWst.
Fastagj. miðað við málraun véla, lágmark 2 kW	—	2 900.00 á ári á kW.

Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, sem valda tilfinnanlegum truflunum, eða takmarka notkun þeirra við tiltekna tíma sólarhrings.

4. Hitun.

41. Til húshitunar, roftími 2 × 1.5 klst. á dag, um kwst.-mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.
Orkugjald ..... kr. 0.98 á kWst.

42. Önnur hitanotkun, roftími 2 × 1.5 klst. á dag, um kWst.-mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.
Orkugjald ..... — 1.08 á kWst.

43. Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum og til annarra hliðstæðra nota, roftími allt að 11 klst. á dag, um kWst.-mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.
Orkugjald ..... — 0.87 á kWst.

Um framangreinda hitagjaldskrárliði gilda eftirfarandi ákvæði. Minnsta ársnotkun sé 6000 kWst.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar.

a. Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið.
b. Að notandi kosti tengingu klukkurofa, sem rafveitan leggur til, og greiði leigu af þeim, samkvæmt reglum er gilda um mæla.
c. Að hitatæki, lagnir og búnaður sé samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar og önnur hitatæki fasttengd.

II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu, og er ákvörðun sú skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu, sem hér segir:

1. Af einfasa mælum 30 amp. og minni	kr.	20.00 á mán.
2. Af þrífasa mælum 50 amp. og minni	—	32.00 - —
3. Af þrífasa mælum 50—100 amp.	—	45.00 - —

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækjanna. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

III. HEIMTAUGARGJÖLD

Heimtaugargjald skal greitt samkvæmt eftirfarandi töflu:
Fari lengd jarðstrengs heimtaugar fram úr 15 m skal greitt yfirlengdargjald eins og taflan sýnir.

Málstraumur stofnvara	Jarðstrengur Lágmark kr.	Yfirlengd kr./m
60 A 1-fasa	7 720.00	612.00
60 A 3-fasa	11 712.00	643.00
100 A 3-fasa	18 000.00	746.00
125 A 3-fasa	22 136.00	862.00
200 A 3-fasa	35 000.00	1 120.00
350 A 3-fasa	69 580.00	1 480.00

Af loftlínuheimtaug reiknast gjald, sem er 20% lægra en að framan greinir, fyrir heimtaug allt að 40 m. Það, sem þar fer fram yfir, greiðist samkvæmt kostnaði.

Lengd jarðlínuheimtaugar 60—200 A reiknast frá stytztu greiðfærri leið að lóðarmörkum. Lengd stærri jarðlínuheimtauga reiknast frá varkassa að rofalínudreifistöð.

Yfirlengd reiknast ekki af vegalengd, sem er umfram 100 m frá varkassa.

Óski húseigandi eftir, að heimtaug verði breytt úr 1-fasa heimtaug, eða flutningsgeta jarðstrengsheimtaugar verði aukin, skal hann greiða fyrir breytinguna samkvæmt kostnaði, þó aldrei minna en mismun á heimtaugargjaldi samkvæmt gjaldskrá.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum innan lögsagnarumdæmis Sauðárkróksbæjar. Sé um óskipulagt svæði að ræða, eða aðstæður óvenjulegar, er heimilt að krefjast sérstaks aukagjalds af húseiganda, eða gera honum að greiða fyrir heimtaugina samkvæmt kostnaði, en gera skal honum aðvart um það fyrir fram.

IV. OPNUNARGJÖLD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veituna, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 250.00.
2. Ef fundin eru við skoðun óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi opnuð aftur, fyrr en notandi hefur greitt kr. 250.00 gjald á skrifstofu rafveitunnar.

Söluskattur er innifalinn í gjaldskránni, svo og viðlagagjald, skv. lögum nr. 4/1973. Söluskattur og viðlagagjald reiknast ekki af húshitun.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Sauðárkróks nr. 85 10. apríl 1972.

Iðnaðarráðuneytið, 29. marz 1973.

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.

Nr. 109. 29. marz 1973.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Húsavíkur.

I. RAFORKA

Rafveita Húsavíkur selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

11. Um kWst.-mæli á kr. 12.20 á hverja kWst.

12. Um kWst.-mæli á kr. 5.15 á hverja kWst. auk fastagjalds af gólffleti í rúmi því, er lýsa skal.
Fastagjald reiknast þannig:
a) Fyrir verzlanir, vinnustofur og skrifstofur kr. 4.10 á ferm. á mánuði.
b) Fyrir geymslur, verbúðir o. þ. h. kr. 2.10 á ferm. á mánuði.

B. Almenn heimilisnotkun.

21. Um kWst.-mæli kr. 3.00 á hverja kWst. auk fastagjalds er nemi kr. 23.00 á mánuði af hverju herbergi.
Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll herbergi, sem ætluð eru sem íveruherbergi, hol og eldhús, en ekki baðherbergi ganga eða geymslur. Herbergi, sem er minna en 5 ferm. telst sem hálft, en stærra en 25 ferm. sem tvö.

C. Vélanotkun.

31. Um einn kWst.-mæli þannig: Á kr. 8.40 hverja kWst. ársnotkun.
32. Til matvælaiðnaðar, ef uppsett vélaafl fasttengdra véla er yfir 10 kW:
a) Kr. 2.45 hver kWst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 1½ klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar.
b) Kr. 3.47 hver kWst., án skilyrðis um lokun fyrir straum.
c) Um afl- og orkumæla (mestaaflsmæla) þannig reiknað:
Aflgjald af notuðu afli kr. 3 368.00 á kW á ári.
Orkugjald af allri orkunotkun kr. 1.17 á kWst.
d) Ef ekki eru tök á að mæla notað afl, má selja þannig:
Um kWst.-mæli á kr. 1.00 hverja kWst., auk fastagjalds, kr. 2 660.00 á ári fyrir hvert kW í málraun véla.

D. Hitun.

41. Til húshitunar um kWst.-mæli kr. 1.66 hver kWst.
42. Til húshitunar um kWst.-mæli kr. 0.80 hver kWst., enda megi rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar um hádegi og síðdegis.
43. Til húshitunar um kWst.-mæli kr. 0.74 hver kWst., enda megi rjúfa strauminn í allt að 4½ klst. á tíma mesta álags rafveitunnar um hádegi og síðdegis.
44. Til húshitunar um kWst.-mæli kr. 0.54 hver kWst. í 10 klst. á tímanum frá kl. 22 til kl. 09.
45. Til fasttengdra bökunarofna og gufukatla í brauðgerðarhúsum, um tvígjaldsmæli kr. 1.02 hver kWst. á tímanum frá kl. 22 til 08, og kr. 2.86 hver kWst. á tímanum frá kl. 08 til kl. 22.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar.

A. Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
B. Að notendur setji sjálfvirka rofa fyrir hitalagnir og kosti viðhald þeirra.
C. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð eftir fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofa og hitastillar notaðir.

E. Önnur raforkunotkun.

1. Til vinnulagna við byggingar á meðan á byggingu stendur, um kWst.-mæli kr. 5.15 hver kWst.

2. Til götu- og hafnarlýsingar kr. 1 390.00 á ári hvert ljósker, enda kosti rafveitan nýbyggingar, rekstur og viðhald ljósakerfisins.

Alla raforkunotkun, sem ótalin er og ekki kemur undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A—1.

Þegar sérstaklega stendur á, er rafveitustjóra þó heimilt að selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert skipti, þó eigi lengur en til eins árs í senn.

II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notanda.

Greiða skal leigu af mælitækjum, sem hér segir:

1.	Af einfasa mælum 50 amp. og minni	kr.	22.00 á mán.
2.	Af þrífasa mælum 50 amp. og minni	—	29.00 - —
3.	Af þrífasa mælum 50—100 amp.	—	42.00 - —
4.	Af mestaaflsmælum 100 amp. og minni	—	85 00 - —
5.	Af mestaaflsmælum stærri en 100 amp.	—	170.00 - —

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru, skal ársleiga vera sem næst 15% af verði mælitækja.

Leigan innheimtist um leið og gjald fyrir raforku.

III. HEIMTAUGARGJÖLD

Heimtaugargjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

		Stofngjald kr.	Lengdargjald kr./m
1.	60 A 1 fasa	1 638.00	700.00
2.	60 A 3 fasa	1 638.00	848.00
3.	100 A 3 fasa	4 900.00	965.00
4.	200 A 3 fasa	16 730.00	1 462.00

Lengd heimtaugar reiknast í heilum metrum frá lóðarmörkum eða næsta útitengikassa að stofntengikassa hússins. Rafveitan ákveður legu heimtaugar.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum svæðum í Húsavík. Sé um óskipulögð svæði að ræða eða aðstæður óvenjulegar er heimilt að krefjast aukagjalds af húseiganda.

Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna ákveðins notanda og hún að mestu leyti í hans þágu, skal notandanum skylt að leggja til húsnæði undir stöðina rafveitunni að kostnaðarlausu.

Heimtaugar í peningshús, beitinga- og bílskúra greiðist eftir reikningi.

Heimtaugargjald greiðist við umsókn.

IV. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald skv. gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 200.00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað og verður hún ekki opnuð fyrr en notandinn hefur greitt kr. 200.00 gjald á skrifstofu rafveitunnar.

Söluskattur er innifalinn í gjaldskránni, svo og viðlagagjald, skv. lögum nr. 4/1973. Söluskattur og viðlagagjald reiknist ekki af húshitun.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til

eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Húsavíkur nr. 58 7. marz 1972.

Iðnaðarráðuneytið, 29. marz 1973.

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.

29. marz 1973. Nr. 110.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Ísafjarðar.

I. RAFORKA

1. Ljós.

1.1. Um kWst.-mæli kr. 12.90 kWst.

1.2. Um kWst.-mæli kr. 6.50 kWst. auk fastagjalds, er nemi kr. 38.00 m^2 á ári í rúmi því, sem lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólffleti í verzlunum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir ganga og geymslur kr. 19.00 m^2.

2. Almenn heimilisnotkun.

2.1. Um kWst.-mæli kr. 3.20 kWst. auk fastagjalds er nemi kr. 24.00 á mánuði af hverju íbúðarherbergi. Mælaleiga af einum mæli falli niður. Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll íbúðarherbergi og eldhús, ekki ganga, baðherbergi, þvottahús og geymslur. Herbergi, sem er minna en 7 ferm. skal telja sem hálft, þó þannig, að ekki skal greiða fastagjald af herbergjum, sem eru minni en 5 ferm. Herbergi, sem eru stærri en 25 ferm., skal telja sem tvö.

3. Vélanotkun.

3.1. Um kWst.-mæli kr. 6.50 kWst.

3.2. Um afl- og orkumæla þannig reiknað:

Aflgjald af notuðu afli kr. 3 300.00 kW/ári. Orkugjald af allri notkun kr. 1.05 kWst. Notað afl hvers almanaksárs telst vera meðaltal fjögurra hæstu álestra, en álestrar fari fram með jöfnu millibili, en þó eigi skemur en eins mánaðar. Aflnotkun mælist sem meðalálag yfir stundarfjórðung. Minnsta aflgjald skal vera kr. 11 000.00 á ári. Eftir þessum gjaldskrárlið má selja raforkunotkun atvinnufyrirtækja, sjúkrahúsa, heimavistarskóla og annarra slíkra staða, gegn greiðslu fastagjalds af ljósnotkun.

4. Hitun.

4.1. Til gisti- og veitingahúsa, sjúkrahúsa, heimavistarskóla og annarra slíkra staða má selja raforku til suðu og hitunar um sérmæli á kr. 3.20 kWst., enda séu suðu- og hitatæki fasttengd.

4.2. Til bakaraofna í brauðgerðarhúsum kr. 1.05 kWst. á tímanum frá kl. 22—10, kr. 3.20 kWst. á tímanum frá kl. 10—22, enda sé straumurinn rofinn í fjórar stundir á mesta álagstíma rafveitunnar, þó eigi lengur en tvær stundir í senn, og notendur kosti uppsetningu tvígjaldsmæla.

4.3. Hitun í kirkju um kWst.-mæli kr. 1.90 kWst., enda sé straumur rofinn í fjórar stundir á mesta álagstíma rafveitunnar, þó eigi lengur en tvær stundir í senn.

5. Önnur notkun.

5.1. Til götu- og hafnarljósa um kWst.-mæli kr. 2.70 kWst.
5.2. Til nota við vinnulagnir við byggingu, meðan á byggingu stendur, um kWst.-mæli kr. 6.50 kWst.
5.3. Til súgþurrkunar um kWst.-mæli kr. 1.80 kWst.
5.4. Alla raforkunotkun sem ótalin er, og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið 1.1.
5.5. Ofangreint raforkuverð er miðað við að raunstuðullinn sé ekki lægri en 8.8. Verði raunstuðull lægri er heimilt að miða raforkuverðið við kVA og kVAst. í stað KW og kWst.
Lágmarkskostnaður um hverja heimtaug skal vera kr. 1 200.00 á ári.

II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu og sú ákvörðun er skuldbindandi fyrir notanda, sem skal greiða leigu af mælitækjum, sem hér segir:

1.	Af einfasa kWst.-mælum	kr. 25.00	á mán.
2.	Af þrífasa kWst.-mælum 100 A og minni	— 58.00	— —
3.	Af mestaaflsmælum 100 A og minni	— 147.00	— —
4.	Af mestaaflsmælum stærri en 100 A	— 180.00	— —
5.	Af skiptiklukkum	— 25.00	— —
6.	Af ljósnæmisrofum	— 110.00	— —

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem hér eru nefnd, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækjanna. Leigan skal innheimt um leið og gjöld fyrir raforku.

III. HEIMTAUGARGJÖLD

Heimtaugargjald skal greitt samkvæmt eftirfarandi töflu:
Fari lengd jarðstrengsheimtaugar fram úr 15 metrum eða loftlínuheimtaugar fram úr 40 metrum skal greitt yfirlengdargjald eins og taflan sýnir:

60 A 3 fasa	kr. 11.000.00	kr. 580.00
100 A 3. fasa	— 16 000.00	— 675.00
125 A 3 fasa	— 20 000.00	— 780.00
200 A 3 fasa	— 32 000.00	— 970.00
350 A 3 fasa	— 56 000.00	— 1 350.00

Fyrir heimtaug með flutningsgetu 150 kVA, (hér kann að þurfa spennistöð) skal greitt heimtaugargjald er nemi kr. 290.00 á hvert kVA. Skal þá aflið miðað við varstærðina 350, 400 eða 630 Amp. Yfirlengdargjald miðast við 350 amp. samkvæmt töflu. Lengd jarðlínuheimtaugar 60—200 Amp. reiknast frá varkassa, stytztu greiðfæra leið að lóðarmörkum. Yfirlengd reiknast ekki af vegalengd sem er umfram 100 m frá varkassa. Þurfi að leggja jarðlínuheimtaug út frá loftlínu, skal lengd heimtaugar reiknuð jöfn lengd jarðstrengs frá varkassa að loftlínustólpa. Þveri jarðlínuheimtaug akbraut skal breidd akbrautar ekki reiknuð með.

Lengd loftlínuheimtaugar 60—100 Amp. reiknast frá næsta stólpa í notendalínu við götu, stytztu greiðfæra leið að varkassa. Þurfi að setja stólpa fyrir heimtaug nær húsi en 40 m svo hún nái löglegri hæð, skal greitt umframgjald kr. 3 500.00 fyrir stólpann.

Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna ákveðins notanda, og hún að mestu leyti notuð í hans þágu skal notandanum skylt að leggja til lóð undir stöðina, rafveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um

stærð lóðarinnar og staðsetningu stöðvarinnar. Sé lögð bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr eða hús í byggingu, skal greitt fyrir hana sem hér segir:

60 Amper 3 fasa ..... kr. 2 900.00

Óski húseigandi eftir að heimtaug verði breytt úr 1 fasa heimtaug, eða flutningsgeta jarðstrengsheimtaugar verði aukin, skal hann greiða fyrir breytingu skv. kostnaði, þó aldrei minna en mismun á heimtaugargjaldi samkvæmt gjaldskrá.

Þurfi að breyta loftlínuheimtaug í jarðheimtaug vegna breytinga á stofnlínu í götu, skal húseigandi greiða ⅙ hluta heimtaugargjalds samkvæmt gjaldskrá.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum innan lögsagnarumdæmis Ísafjarðarkaupstaðar. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óvenjulegar, er heimilt að krefjast sérstaks aukagjalds húseiganda, eða gera honum að greiða heimtaugina skv. kostnaði, en gera skal honum aðvart um það fyrir fram.

IV. OPNUNARGJÖLD

1. Hafi verið lokað fyrir veitu vegna vanskila á gjöldum til rafveitunnar er óheimilt að opna fyrir aftur, fyrr en notandi hefur greitt áfallin gjöld og kr. 300.00 í opnunargjald í skrifstofu rafveitunnar.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust. Er óheimilt að opna aftur fyrr en notandi hefur greitt kr. 150.00 í skrifstofu rafveitunnar.

V. ÝMIS ÁKVÆÐI

Hækki innkaupsverð á raforku er rafveitustjórn heimilt að hækka raforkureikninga um 30% af þeirri hækkun. Fyrir hver 5% sem kaupgjald hjá Rafveitu Ísafjarðar hækkar eða lækkar, hvort heldur er sökum breytinga grunnkaups eða kaupgjaldsvísitölu frá og með 1. marz 1973 er rafveitustjórn heimilt að hækka eða lækka gjaldskrá um 2%. Ef fyrirsjáanlegt er, að dómi rafveitustjóra, að örðugleikar verði á rekstri Rafveitunnar sakir vatnsskorts, getur rafveitustjórn með samþykki ráðuneytis gert bráðabirgðaráðstafanir er hún telur heppilegar til að draga úr orkunotkun á veitusvæðinu meðan á vatnsskorti stendur.

Söluskattur er innifalinn í gjaldskránni, svo og viðlagagjald, skv. lögum nr. 4/1973. Söluskattur og viðlagagjald reiknast ekki af húshitun.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1957, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Ísafjarðar nr. 78 6. febrúar 1970, ásamt síðari breytingum.

Iðnaðarráðuneytið, 29. marz 1973.

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.

29. marz 1973. Nr. 111.

GJALDSKRÁ

Rafmagnsveitna ríkisins um heimtaugargjöld í sveit.

1. gr.

Hver sá, er óskar að fá rafmagn úr fyrirhugaðri héraðsrafmagnsveitu Rafmagnsveitna ríkisins eða fá heimtaug úr héraðsrafmagnsveitu þeirri, sem fyrir er eða fá

lengt hús eða viðbyggingu við hús, sem er grunngjaldsskylt (sbr. 2. gr.), skal hafa greitt heimtaugargjald til Rafmagnsveitna ríkisins, áður en lagning veitunnar er hafin, áður en heimtaug er lögð, áður en hús er tengt eða gert skriflegan samning um greiðslu þess, og má krefjast þess, að trygging verði sett fyrir greiðslunni. Óheimil er rafmagnsnotkun um heimtaug nema framangreindum skilyrðum um greiðslu heimtaugargjalds hafi verið fullnægt.

Upphæð heimtaugargjaldsins ákveðst skv. 2. gr. nema heimtaugargjalda í kaupstöðum, kauptúnum og þorpum, sem ákveðin eru í sérstakri gjaldskrá, sem ráðherra staðfestir.

2. gr.

Heimtaugargjald skal vera grunngjald af fasteign að viðbættum hundraðshluta af fasteignarmatsverði. Grunngjald skal vera 20 000 krónur á hvern notanda og til viðbótar við grunngjald skal greiða 1.2 af hundraði af fasteignarmatsverði húsa, mannvirkja, lands og lóða allt að 2 000 000 kr. matsverði, og 0.6 af hundraði af þeim hluta fasteignarmatsverðs, sem er fram yfir 2 000 000 króna, enda sé samanlögð lengd háspennu- og lágspennulínu veitunnar ekki yfir 1.5 km á hverjar 20 000 krónur, sem áætlað er að greiðist í grunngjöldum.

Framangreint grunngjald kr. 20 000 miðast við vísitölu byggingarkostnaðar, 740 stig. Grunngjaldið breytist í sama hlutfalli og vísitalan til hækkunar eða lækkunar þannig, að vísitalan 1. nóvember ár hvert er lögð til grundvallar grunngjaldi næsta almanaksárs.

Ef ekki er fyrir hendi mat á fasteign, sem greiða skal heimtaugargjald af, getur rafmagnsveitustjóri ríkisins áætlað matsverð með hliðsjón af þeim reglum, sem fasteignamat ríkisins fer eftir við mat fasteigna og ákveðið heimtaugargjald í samræmi við það. Hús í smíðum skal meta sem fullbyggt væri, enda skal liggja fyrir staðfest teikning af því.

Heimtaugargjald nýbýlis, sem ekki hefur fengið staðfest fasteignamat, skal ákveða með hliðsjón af því, að samanlagt matsverð lands og húsa býlisins verði 1100 þús. kr. Þó skal tekið tillit til þess, ef býlið telst, að dómi landnámsstjóra, verulega frábrugðið meðalnýbýli, að því er fasteignamat varðar.

Heimtaugargjöld sumarbústaða ákveðast samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni.

Um greiðslu kostnaðar af breytingu heimtaugar eða spennistöðvar fer eftir ákvæðum reglugerðar Rafmagnsveitna ríkisins.

Verði fallizt á að leggja veitu, þar sem línulengd fer fram úr því, sem tilgreint er í 1. málsgrein, skulu heimtaugargjöld hækka samkv. nánari ákvörðun ráðherra með hliðsjón af áætluðu kostnaðarverði af þeim línum, sem fram yfir eru.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt Orkulögum nr. 58 frá 29. apríl 1967 og reglugerð Rafmagnsveitna ríkisins frá 6. apríl 1968 til að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá um heimtaugargjald til Rafmagnsveitna ríkisins nr. 86 15. apríl 1970.

Iðnaðarráðuneytið, 29. marz 1973.

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. laga nr. 40 frá 23. apríl 1968 hefur eftirfarandi verið ákveðið:

1. Bann við vinstri beygjum af Háaleitisbraut til norðurs og suðurs í Kringlumýrarbraut hefur verið afnumið.
2. Einstefnuakstur verður frá og með 5. apríl n. k. í Naustunum til suðurs frá Tryggvagötu að Hafnarstræti.

Lögreglustjórinn í Reykavik, 29. marz 1973.

Sigurjón Sigurðsson.

3. apríl 1973. Nr. 113.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Sauðárkróks.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveita Sauðárkróks selur afnot hitaorku úr hitaveitukerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð í lögsagnarumdæmi Sauðárkróks og Skarðshrepps eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari sbr. reglugerð staðfestri 5. maí 1971 um hitaveitu og hitalagnir á Sauðárkróki.

2. gr.

Hitaveita Sauðárkróks lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu. Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upphitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark, sem hemillinn er stilltur á. Hitaveitan ræður gerð hemils og sér um viðhald og endurnýjun hans.

3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu innsiglaðra tengihluta. Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseiganda fyrsta árið, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðan verður hemilsstillingu að jafnaði breytt einu sinni á ári og skal beiðni um breytingu komið á framfæri við hitaveituna fyrir 1. sept. ár hvert.

Hámarksstilling hemils gildir allt árið, þótt orkunotkun verði minni, hluta úr ári.

Minnsta sala gegnum hemil skal vera 1 mín. lítri. Selt vatnsmagn standi ávallt á heilum eða hálfum mín. lítra.

II. KAFLI

4. gr.

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir: Vatnsgjald allt að kr. 440.00 á mánuði fyrir hvern mín. lítra í hámarksstillingu hemils.

5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 4. gr. verða krafin annan hvern mánuð og skulu þau greiðast til skrifstofu Sauðárkrókskaupstaðar. Gjalddagi er við framvísun reiknings eða

tilkynningar um reikningsupphæð. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 10 daga frá gjalddaga.

III. KAFLI

6. gr.

Heimæðagjald Hitaveitu Sauðárkróks skal vera, sem hér segir fyrir eina heimæð:

Rúmmál húss (utanm.)	Heimæðagjald			
400— 2 000 m³ =	14 400.00 kr. f.	400 m³	11.50 kr./m³	þar yfir
2 000— 6 000 m³ =	32 800.00 kr. f.	2 000 m³	9.80 kr./m³	þar yfir
6 000—10 000 m³ =	72 000.00 kr. f.	6 000 m³	8.60 kr./m³	þar yfir
Meira en 10 000 m³ =	106 400.00 kr. f.	10 000 m³	7.40 kr./m³	þar yfir

7. gr.

Gjöld samkv. 6. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 1. jan. 1973. Er hitaveitunefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísitölu verða.

IV. KAFLI

8. gr.

Nú eru leyfð afnot hitaveitunnar til annars en húshitunar, og er þá hitaveitunefnd heimilt að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

9. gr.

Öll gjöld samkv. gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

10. gr.

Hitaveita Sauðárkróks hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með þriggja daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem í vanskilum er, kr. 300.00 í hvert skipti.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Sauðárkróks skal hvenær sem er frjáls aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Sauðárkróks, staðfestist hér með samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá frá 30. maí 1972 nr. 132/1972.

Iðnaðarráðuneytið, 3. apríl 1973.

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á áður staðfestu skipulagi Skildinganess.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 30. marz 1973 staðfest breytingu á áður staðfestu skipulagi í Skildinganesi að því er varðar eftirfarandi:

Austurhluti lóðar Reynistaðs og Reynisness verði 3 einbýlishúsalóðir.

Félagsmálaráðuneytið, 6. apríl 1973.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.

6. apríl 1973. Nr. 115.

AUGLÝSING

um staðfestingu á skipulagsuppdrætti, er sýnir legu Vesturlandsvegar á svæðinu frá Kollafirði að Tíðaskarði.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 5. apríl 1973 staðfest skipulagsuppdrátt, er sýnir legu Vesturlandsvegar á svæðinu frá Kollafirði að Tíðaskarði.

Félagsmálaráðuneytið, 6. apríl 1973.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.

6. apríl 1973. Nr. 116.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 12/1971, um menntaskóla, með áorðnum breytingum.

1. gr.

34. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Nemandi hefur lokið stúdentsprófi, þegar hann hefur gengizt undir lokapróf í öllum námsgreinum sínum og fullnægt eftirfarandi lágmarkskröfum um einkunnir:

Prófseinkunn í hverri grein: 3.0.

Meðaltal námseinkunna og prófseinkunna: 5.0.

Nemandi telst þó hafa lokið stúdentsprófi, þótt tvær prófseinkunnir hans séu undir ofangreindu lágmarki. Á því nemandi, að öðrum skilyrðum uppfylltum, rétt á að flytjast milli námsáfanga og námsára á 1.—3. námsári, þótt prófseinkunn hans í lokagrein sé undir lágmarki, meðan hann hefur ekki hlotið fleiri en tvær slíkar einkunnir.

Einkunnir í greinum, þar sem námsefni nemur minna en þremur einingum, reiknast ekki með til meðaltala þeirra, er um ræðir í þessari grein.

Skólastjórn getur veitt nemanda undanþágu frá lokaprófi í líkamsrækt, ef gildar ástæður eru til að dómi skólalæknis.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytinu, 6. apríl 1973.

Magnús T. Ólafsson.

Birgir Thorlacius.

Nr. 117. 9. apríl 1973.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Siglufjarðar.

I. RAFORKA

Rafveita Siglufjarðar selur raforku á orkuveitusvæði sínu á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

1. Lýsing.

1.1. Um kWst.-mæli á kr. 13.80 hverja kWst.

1.2. Um kWst.-mæli á kr. 6.90 hverja kWst. auk fastagjalds af gólffleti í rúmi því er lýsa skal og reiknast fastagjald þannig:
a) fyrir verzlanir, vinnustofur, skrifstofur kr. 3.40 á m^2 á mánuði.
b) fyrir geymslur, ganga, verbúðir kr. 1.70 á m^2 á mánuði.

2. Almenn heimilisnotkun.

2.1. Til heimila, sjúkrahúsa, skóla, gisti- og veitingahúsa má selja raforku til suðu á kr. 3.45 hverja kWst., enda séu suðutæki fasttengd og öll önnur notkun seld eftir liðum 1.1. eða 1.2.

2.2. Um kWst.-mæli á kr. 2.75 hverja kWst. auk fastagjalds af gólffleti er nemi kr. 1.70 af m^2 á mán. af gólffleti íbúðarinnar.

Við ákvörðun á gólffleti íbúðar reiknast öll íveruherbergi, eldhús, gangar og baðherbergi, en ekki geymslur og þvottahús.

Íveruherbergi, sem um stundarsakir standa auð, eða eru notuð sem geymslur, skal reikna sem íbúðarherbergi. Tekið skal tillit til þess, ef um súðarherbergi eða þ. u. l. er að ræða.

3. Vélanotkun.

3.1. Um kWst.-mæli á kr. 6.90 hverja kWst.

3.2. Um afl- og orkumæla, stórnotkun um mestaaflsmæla þannig reiknað:
Aflgjald kr. 3 370.00 á kW á ári.
Orkugjald kr. 1.20 á kWst. af allri notkun.

3.3. Ef um mikla orkunotkun er að ræða, svo sem til frystihúsa, og kaupandinn skuldbindur sig að kaupa 20 000 kWst. á ári hið minnsta, má selja orkuna um kWst.-mæli þannig:
Fyrir fyrstu 20 000 kWst. ársnotkun kr. 3.45 á kWst.
Fyrir næstu 80 000 kWst. ársnotkun kr. 2.25 á kWst.
Fyrir umfram 100 000 kWst. ársnotkun kr. 2.10 á kWst.

4. Hitun.

4.1. Til húshitunar og til hitavantsdunka um kWst.-mæli kr. 0.98 kWst.
4.2. Til húshitunar um kWst.-mæli kr. 0.92 kWst., enda megi rjúfa strauminn í allt að 3 klst. hvern sólarhring, samkv. nánari ákvörðun rafveitustjóra.
4.3. Heimilt er að selja raforku til húshitunar sumarmánuðina maí—sept. á kr. 0.55 hverja kWst.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar.

a) Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
b) Að tæki, lagnir og búnaður í sambandi við rafmagnsupphitunina sé samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar.
c) Að hús, sem fá leyfi fyrir rafmagnsupphitun, fullnægi lágmarkskröfum, sem rafveitan setur um einangrun.

5. Önnur raforkunotkun.

5.1. Til nota um vinnulagnir við byggingar meðan á byggingu stendur um kWst.-mæli á kr. 6.90 hver kWst.
5.2. Til götu- og hafnarlýsingar um kWst.-mæli á kr. 4.90 hverja kWst.

Alla raforkusölu, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið I. Þegar sérstaklega stendur á má rafveitustjóri þó, að tilkomnu samþykki rafveitunefndar, selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert sinn, en eigi lengur en til eins árs í senn.

II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem greiða skal af mælitækjum, sem hér segir:

1.	Af einfasa mælum upp í 30 A	kr. 10.00	á mán.
2.	Af þrífasa mælum 50 A og minni	— 17.50	— —
3.	Af mestaaflsmælum að 100 A	— 60.00	— —
4.	Af mestaaflsmælum 110 A og yfir	— 115.00	— —
5.	Af þrífasa mælum 50—100 A	— 25.00	— —

Af öðrum mælitækjum en þeim, er nefnd eru, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækjanna. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

III. HEIMTAUGARGJÖLD

Af hverri húsveitu, sem tengd er við veituna, skal greiða heimtaugargjald, sem miðast við flutningsgetu raftaugar þeirrar, sem að húsinu liggur, svo sem hér segir:

Flutningsgeta raftaugar	Heimtaugargjald	Yfirlengdargjald
35 A jarðstrengur þrífasa	kr. 6 000.00	kr. 450.00 á stólpa
60 A jarðstrengur þrífasa	— 7 500.00	— 550.00 — —
100 A jarðstrengur þrífasa	— 9 500.00	— 630.00 — —
200 A jarðstrengur þrífasa	— 19 000.00	— 1 030.00 — —
350 A jarðstrengur þrífasa	— 35 000.00	— 1 250.00 — —

Yfirlengd greiðist, þegar lengd jarðstrengs fer fram úr 15 m. Lengd jarðstrengs mælist frá lóðarmörkum viðkomandi húss. Ef sú lögn krefst óvenju mikils kostnaðar að dómi rafveitustjórnar, svo sem nýrra spennistöðva, nýrra aflstrengja, eða annars búnaðar, verði gjöldin ákveðin af rafveitustjórn í hvert skipti. Ef lagðar eru

fleiri en ein heimtaug að sama húsi, greiði húseigandi allan kostnað við síðari heimtaugina samkv. reikningi. Þau hús, sem áður hafa greitt heimtaugargjald samkv. reikningi, greiði aðeins ½ gjald, ef loftlínu er breytt í jarðstreng. En hús, sem ekki hafa greitt heimtaugargjald, greiði það þegar þau hafa fengið heimtaug sína endurbyggða.

Gjald fyrir heimtaug fellur í gjalddaga, þegar uppsetningu taugar er lokið og áður en straum er hleypt á heimtaugina.

IV. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari ekki verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 250.00
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún ekki enduropnuð fyrr en notandinn hefur greitt kr. 250.00 gjald á skrifstofu rafveitunnar.

V. SÖLUSKATTUR

11% söluskattur er innifalinn í öllum framangreindum verðum svo og 2% gjald til Viðlagasjóðs, nema gjaldalið 4, sem er sala raforku til upphitunar.

VI. BREYTINGAR

1. Gjöld samkvæmt 4. lið gjaldskrárinnar breytast með útsöluverði á dieselolíu á Siglufirði, þannig að þau teljist jafngilda útsöluverði á olíu 1. marz 1973, þ. e. kr. 4.70 pr. lítra en hækki eða lækki um 10% fyrir hver full 10%, sem olíuverð hækkar eða lækkar.
2. Bæjarstjórn er heimilt að hækka eða lækka öll gjöld, sem ákveðin eru í þessari gjaldskrá um allt að 20%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda verði hækkunin auglýst áður en hún gengur í gildi.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Siglufjarðar nr. 86 10. apríl 1972.

Iðnaðarráðuneytið, 9. apríl 1973.

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.

Nr. 118. 12. apríl 1973.

REGLUGERÐ

um innheimtu bifreiðagjalda o. fl.

1. gr.

Greiða skal sérstakt innflutningsgjald af benzíni (benzíngjald), og skal gjaldið nema kr. 9.87 af hverjum lítra.

2. gr.

Greiða skal sérstakt innflutningsgjald af hjólbörðum, notuðum og nýjum og gúmmíslöngum á bifreiðar og bifhjól (gúmmígjald), og skal gjaldið nema kr. 45.00

af hverju kg. Gjald þetta tekur einnig til hjólbarða og gúmmíslangna, sem fylgja bifreiðum, er fluttar eru til landsins.

3. gr.

Greiða skal árlega þungaskatt af bifreiðum og bifhjólum, sem hér segir:

a. Af bifreiðum, sem nota benzín að eldsneyti, kr. 108.00 af hverjum fullum 100 kg af eigin þyngd þeirra.

b. Af bifreiðum, sem nota annað eldsneyti en benzín og eru minna en 5 tonn að eigin þyngd:

Þyngd bifreiðar kg	Þungaskattur kr.
0—2 099	27 500
2 100—2 199	28 450
2 200—2 299	29 400
2 300—2 399	30 350
2 400—2 499	31 300
2 500—2 599	32 250
2 600—2 699	33 200
2 700—2 799	34 150
2 800—2 899	35 100
2 900—2 999	36 050
3 000—3 099	37 000
3 100—3 199	37 950
3 200—3 299	38 900
3 300—3 399	39 850
3 400—3 499	40 800
3 500—3 599	41 750
3 600—3 699	42 700
3 700—3 799	43 650
3 800—3 899	44 600
3 900—3 999	45 550
4 000—4 099	46 500
4 100—4 199	47 450
4 200—4 299	48 400
4 300—4 399	49 350
4 400—4 499	50 300
4 500—4 599	51 250
4 600—4 699	52 200
4 700—4 799	53 150
4 800—4 899	54 100
4 900—4 999	55 050

c. Þungaskattur af bifreiðum, sem nota annað eldsneyti en benzín og eru 5 tonn eða meira að eigin þyngd, skal innheimtur eftir fjölda ekinna kílómetra skv. ökumæli og í samræmi við gjaldskrá, er samgönguráðuneytið gefur út.

d. Af bifhjólum kr. 450.00.

Verði ágreiningur um gerð bifreiðar, sker fjármálaráðherra úr.

Eigin þyngd bifreiðar ákvarðast skv. skilgreiningu í 2. gr. umferðarlaga nr. 40/1968.

Sé vélskóflu, vélkrana eða því um líkum vinnutækjum, sem ganga fyrir eigin aflvél, fest á bifreið, skal ekki telja þyngd slíkra véla með við útreikning þungaskatts af bifreiðinni.

4. gr.

Bifreiðar erlendra sendisveita eru undanþegnar gjaldi skv. 3. gr., svo og bifreiðar erlendra ræðismanna, ef þeir eru eigi íslenzkir ríkisborgarar.

Eigendur jeppabifreiða eiga rétt á endurgreiðslu skatts skv. a. eða b. liðum 3. gr. vegna ársins 1972, en eftir það á helmingi skatts með eftirtöldum skilyrðum.

a. Bifreiðarnar hafi verið notaðar næstliðið ár að mestu eða öllu leyti við framleiðslu- og jarðyrkjustörf.

b. Þeir sanni með vottorði skattstjóra eða umboðsmanns hans, að eigandi bifreiðarinnar hafi haft meiri hluta atvinnutekna sinna næstliðið ár, að frádregnum kostnaði við öflun þeirra, af búrekstri.

Kröfur um endurgreiðslur þessar skulu bornar fram fyrir 1. okt. næsta skattár, ella fellur endurgreiðsluréttur niður.

5. gr.

Gjalddagi skatts þess, sem um ræðir í a., b. og d. lið 3. gr. er 1. janúar árlega en eindagi 1. apríl, og skal skatturinn innheimtast fyrir hvert ár þar, sem bifreið er skráð í ársbyrjun. Skattskyldan telst frá afhendingu skráningarmerkis, ef um nýskráða bifreið er að ræða, ella frá 1. janúar það ár, sem skattur er greiddur. Skatturinn telst fyrir heila mánuði, þannig að 15 dagar eða fleiri teljast heill mánuður, en færri dögum skal sleppt.

Skattinn skal sá greiða, sem er skráður eigandi á gjalddaga eða síðast var það, ef bifreið er ónýt. Hafi bifreið skipt um eiganda (nothafa), án þess að það hafi verið tilkynnt til skráningar, hvílir greiðsluskyldan jafnframt á hinum nýja eiganda (nothafa).

Þungaskattur skv. c. lið 3. gr. skal innheimtur ársfjórðungslega eftir á og er gjalddagi skattsins 11. janúar, 11. apríl, 11. júlí og 11. október, en eindagi 21. dagur sömu mánaða, og skal skatturinn innheimtast fyrir hvern ársfjórðung þar sem bifreið er skrásett, er álestur fer fram.

Í lok hvers ársfjórðungs, þ. e. á síðustu 10 dögum ársfjórðungs eða fyrstu 10 dögum næsta ársfjórðungs, skal eigandi eða umráðamaður bifreiðar, án sérstakrar tilkynningar, koma með bifreið sína til eftirlitsmanna fjármálaráðuneytisins (t. d. bifreiðaeftirlitsmanns, lögreglumanns eða hreppstjóra) og láta lesa á og skrá stöðu ökumælis.

Um nánari tilhögun á innheimtu þungaskatts skv. ökumælum og álestri ökumæla vísast til reglugerðar nr. 74 30. apríl 1970.

Lækka skal eða endurgreiða skatt skv. a. og d. lið 3. gr. að réttri tiltölu, ef skattskyld bifreið hefur ónýtzt eða skráningarmerki bifreiðar er afhent lögreglustjóra í skráningarumdæmi hennar til geymslu um tíma, þó aldrei skemur en 3 mánuði samfellt á árinu. Við útreikning á frádrætti skattsins skal miðað við heila mánuði, þannig, að meira en hálfur mánuður skal reiknast sem heill mánuður, en hálfum mánuði eða minna skal sleppt. Ef um dísilbifreið er að ræða, skv. b. lið 3. gr. nægir að skráningarmerki sé til geymslu hjá lögreglustjóra 30 daga samfellt.

6. gr.

Kröfur um endurgreiðslu skv. 6. mgr. 5. gr. skulu bornar fram fyrir 1. október næsta skattár, ella fellur endurgreiðsluréttur niður. Eigi skal endurgreiða af bifreið skatt, sem greiddur hefur verið af henni út árið, þótt skipt sé um eiganda að henni eða hún flutt í annað skráningarumdæmi, heldur skal greiðslan gilda fyrir þá bifreið allt árið, hver sem eigandi hennar er, eða hvert sem hún er flutt á landinu.

7. gr.

Viðurlög, ef gjöld skv. a., b. og d. lið 3. gr. eru ekki greidd:

Við aðalskoðun bifreiðar ár hvert skal eigandi hennar eða umráðamaður færa

sönnur á, að greiddur hafi verið af henni gjaldfallinn þungaskattur svo og skoðunargjald og vátryggingariðgjald ökumanns. Að öðrum kosti skal skoðunarmaður neita um skoðun á bifreiðinni, taka af henni skráningarmerki og afhenda þau lögreglustjóra, en lögreglustjóri skal ekki afhenda þau aftur, fyrr en færðar hafa verið sönnur á greiðslu fyrrnefndra gjalda.

Skráning og/eða umskráning bifreiðar skal ekki fara fram, nema framangreind gjöld hafi áður verið greidd af bifreiðinni til næstu áramóta.

Sé ekki komið með bifreið til skoðunar á tilskildum tíma og gjöld af henni ekki greidd á réttum gjalddaga, skal lögreglustjóri, eftir kröfu skattheimtumanns eða skoðunarmanns, stöðva bifreiðina hvar sem hún hittist og taka merki hennar til geymslu, svo sem að framan segir.

Þungaskattur, skoðunargjald af bifreiðum og vátryggingariðgjald ökumanns hafa lögtaksrétt, og skal bifreiðin vera að veði fyrir gjöldum þessum, og skal það veð ganga fyrir öðrum veðum.

8. gr.

Ákvæði 5., 6. og 7. gr. gilda á sama hátt um bifhjól eftir því sem við á.

9. gr.

Viðurlög skv. c-lið 3. gr.:

Komi í ljós við eftirlit, að ökumælir sé eigi innsiglaður svo sem fyrir er mælt, svo og ef ökutæki hefur verið í notkun án þess að mælir þess hafi verið virkur, greiðir eigandi og/eða umráðamaður bifreiðarinnar skatt, sem svarar 5 000 km akstri á mánuði og innheimtist hann eins og um venjulegan álestur væri að ræða. Við ítrekað brot skal skatturinn innheimtur af sem svarar 15 000 km akstri á mánuði.

Ef í ljós kemur við skoðun bifreiðar eða við álestur ökumælis, að ökumælir eða ökumælisbúnaður er ekki virkur eða að mælir telur rangt og ætla má, að eigandi og/eða umráðamaður bifreiðar hafi verið grandlaus, getur viðkomandi innheimtumaður ríkissjóðs ákvarðað skattinn skv. því sem telja má sennilegan akstur að viðbættu 10% álagi.

Misnotkun ökumælis eða ítrekuð vanræksla skv. framansögðu, varðar sektum allt að kr. 100 000.00, nema þyngri refsing liggi við skv. öðrum lögum.

Nú vanrækir eigandi að láta setja ökumæli í bifreið á tilskildum tíma, og hann nýtur eigi til þess sérstakrar undanþágu frá Bifreiðaeftirliti ríkisins, þá skal lögreglustjóri eftir kröfu viðkomandi innheimtumanns ríkissjóðs, stöðva bifreiðina hvar sem til hennar næst og taka skráningarmerki hennar til geymslu, unz tryggt sé, að með bifreiðina verði farið þegar í stað til ísetningar ökumælis.

10. gr.

Heimilt er að veita sérstaka undanþágu frá því, að komið sé með bifreið, sem greiða skal af þungaskatt skv. c-lið 3. gr., til álesturs ársfjórðungslega, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, svo sem ófærð eða veikindi, enda hafi beiðni þar að lútandi borizt viðkomandi innheimtumanni með hæfilegum fyrirvara. Sé ekki komið með bifreið til álesturs á tilskildum tíma, er innheimtumanni heimilt að ákvarða skatt af bifreiðinni í stað kílómetragjalds. Skal skatturinn ákvarðaður þannig, að hann nemi 250 000 kr. á ári þar til álestur hefur farið fram. Skal skatturinn reiknast hlutfallslega fyrir heila mánuði, þannig að 15 dagar eða fleiri teljast heill mánuður, en færri dögum skal sleppt. Við uppgjör skatts samkvæmt álestri, skal færa áætlaðan skatt til samræmis við skatt samkvæmt álestri.

Hafi gjald af bifreiðinni eigi verið greitt á réttum gjalddaga, skal lögreglustjóri, eftir kröfu viðkomandi innheimtumanns ríkissjóðs, stöðva bifreiðina og taka skráningarmerki hennar til geymslu, unz gjöldin hafa verið greidd. Sama gildir ef eig-

andi og/eða umráðamaður bifreiðar vanrækir ítrekað að koma með bifreið til álesturs.

11. gr.

Við álagningu skatts skv. c. lið 3. gr., skal reikna skattinn í heilum krónum.

12. gr.

Bifreið, sem í bifreiðaskrá er talin nota annað eldsneyti en benzín, skal talin vera slík, hvað skatt áhrærir, þangað til eigandi eða umráðamaður sannar fyrir lögreglustjóra (bifreiðaeftirliti), að hún noti þar eftir benzín fyrir eldsneyti.

Eigandi eða umráðamaður bifreiðar, sem ætlar að setja í bifreið sína hreyfil, er notar annað eldsneyti en benzín, skal tilkynna lögreglustjóra (bifreiðaeftirliti) breytinguna jafnskjótt og hún kemur til framkvæmda.

Nú kemur í ljós, að bifreið notar annað eldsneyti en benzín, en hún hefur ekki verið skráð sem slík, og skal þá hvað skattinn snertir telja, að hún hafi verið þannig frá síðustu aðalskoðun, nema eigandi eða umráðamaður sanni, að svo hafi ekki verið.

13. gr.

Innheimtu framanritaðra gjalda annast lögreglustjórar, en í Reykjavík tollstjóri, og fer um reikningsskil eftir því sem fjármálaráðuneytið skipar fyrir. Benzíngjald og gúmmígjald skal innheimt með aðflutningsgjöldum og njóta sömu lögverndar og þau.

Heimilt er að veita innflytjendum gjaldfrest á greiðslu innflutningsgjalds af benzíni. Skal fresturinn miðast við sölu af birgðum og aldrei vera lengri en svo, að gjaldið sé greitt áður en tveir mánuðir eru liðnir frá lokum sölumánaðar.

Innflytjandi skal telja fram sölu á birgðum í hverjum mánuði eigi síðar en viku áður en gjaldfresti lýkur. Fresturinn skal því skilyrði bundinn, að sé gjaldið ekki innt af hendi á nákvæmlega réttum tíma, getur innheimtumaður látið lögregluna stöðva atvinnurekstur viðkomandi, þar til full skil eru gerð, með því m. a. að setja skrifstofur, útsölur, tæki og vörur undir innsigli.

14. gr.

Heimilt er að endurgreiða innflutningsgjald af benzíni, ef sönnur eru færðar á, að það hafi ekki verið notað eða verði ekki notað til bifreiða. Um endurgreiðsluna gilda ákvæði reglugerðar nr. 218 15. júlí 1968.

15. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 100 000.00, nema þyngri hegning liggi við að lögum.

Með brot gegn reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála.

16. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. heimild í vegalögum nr. 23 16. apríl 1970, sbr. lög nr. 99 28. desember 1972, um breyting á þeim lögum, öðlast þegar gildi. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 94 21. maí 1970 um innheimtu bifreiðagjalda o. fl.

Fjármálaráðuneytið, 12. apríl 1973.

Halldór E. Sigurðsson.

Höskuldur Jónsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð fyrir Alþýðubankann h.f. nr. 330 24. nóvember 1972.

1. gr.

Við 23. gr. bætist nýr stafliður svo hljóðandi:
(f) fasteignaveðlán veðdeildar.

2. gr.

Við 28. gr. bætist ný málsgrein svo hljóðandi:
Um veðdeildarlán bankans gilda eftirfarandi ákvæði þessarar greinar og annarra greina reglugerðarinnar eftir því sem við á:
(a) Alþýðubankanum h.f. er heimilt að veita veðdeildarlán í því skyni að styðja menningarlega og félagslega starfsemi verkalýðshreyfingarinnar.
(b) Veðdeildarlán skuli vera með veði í fasteign og má lánstími vera allt að 10 árum. Bankastjórn ákveður fjárhæð veittra lána. Hvert einstakt lán má ekki vera hærra en 50% af virðingarverði fasteignar þeirrar, sem trygging er tekin í.
(c) Til fjáröflunar fyrir veðdeild er Alþýðubankanum h.f. heimilt að gefa út bankavaxtabréf. Ráðherra ákveður fjárhæð bréfanna og aðra skilmála, að fengnum tillögum bankaráðs.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytið, 13. apríl 1973.

Lúðvík Jósepsson.

Þórhallur Ásgeirsson.

13. apríl 1973. Nr. 120.

REGLUGERÐ

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Raufarhöfn, nr. 149 7. júlí 1964.

1. gr.

21. grein orðist þannig:

Um hafnargjöld.

Öll skip skulu greiða hafnargjöld til hafnarsjóðs, er þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar.
Öll gjöld til hafnarinnar greiðast af brúttóstærð skipanna, eins og hún er mest, meðan skipið hefur viðdvöl í höfninni. Undanþegin lesta- og bryggjugjaldi eru herskip, skemmtiferðaskip, íslenzk varðskip og vitaskip.

2. gr.

22. gr. orðist þannig:

Lestagjöld.

a. Öll farmskip, önnur en strandferðaskip og öll fiskiskip, stærri eða jafnt og 400 brúttórúmlestir skulu greiða lestagjald kr. 3.00 á hverja brúttórúmlest.
b. Strandferðaskip greiða kr. 1.50 á hverja brúttórúmlest.
c. Fiskiskip undir 400 brúttórúmlestum greiða kr. 3.00 á brúttórúmlest, þó ekki oftar en tvisvar í mánuði.

d. Heimabátar, minni en 10 brúttórúmlestir, greiða lesta- og bryggjugjald einu sinni á ári kr. 200.00 af hverri brúttórúmlest. Lágmarksgjald skal vera kr. 1 000.00.
Gjalddagi er 1. apríl eftir að skipið hefur verið gert út frá höfninni í 3 mánuði.

3. gr.

23. grein fellur niður og breytist röð eftirfarandi greina í samræmi við það.

4. gr.

24. grein, sem verður 23. grein, orðist þannig:

Bryggjugjöld.

Öll skip, sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skulu greiða kr. 1.50 á brúttórúmlest, fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem skipið liggur bundið.

Fiskiskip, 10—399 brúttórúmlestir, greiði gjald þetta eigi oftar en 10 sinnum á mánuði, en bátar minni en 10 brúttórúmlestir, greiði ekkert bryggjugjald.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum, minni en 400 brúttórúmlestir, sem árgjald í heimahöfn, kr. 162.00 af hverri brúttórúmlest.

5. gr.

31. grein, sem verður 30. grein orðist þannig:

Vörugjaldskrá.

1. fl. Gjald kr. 70,00/tonn:

a. Vara flutt í lausu máli í miklu magni, meira en 100 tonn í farmi, t. d. benzín, brennsluolíur, kol, korn, salt, vikur.

b. Þungavarningur, sekkjavörur, óunnið járn og stál til iðnaðar eða mannvirkjagerðar, hráefni til iðnaðar, útgerðarvörur, smurningsolíur, sjávarafurðir, landbúnaðarafurðir og iðnaðarvörur til útflutnings.

2. fl. Gjald kr. 150.00/tonn:

Iðnaðar- og byggingarvörur, unnar og hálfunnar, pökkuð og niðursoðin matvæli, ávextir, vefnaðarvörur, fatnaður.

3. fl. Gjald kr. 400.00/tonn:

a. Vélar og tæki hvers konar og varahlutir til þeirra, heimilisvélar og skrifstofuvélar, bifreiðar, bifhjól, reiðhjól, hjólbarðar, bátar, flugvélar, hreyflar, mælitæki, húsgögn. Útvarps- og sjónvarpstæki, hljóðfæri, úr, klukkur, myndavélar, sjónaukar, glysvarningur alls konar, vín, tóbak, ilmvötn, snyrtivörur.
Af flutningi vinnutækja innanlands, skal veittur allt að 50% afsláttur.

b. Vörur, sem ekki eru flokkaðar annars staðar, eftir þyngd.

4. fl. Gjald kr. 40.00/rúmmeter:

Timbur og annað eftir rúmmáli.

5. fl. Gjald 1%:

Sjávarafli lagður á land á hafnarsvæðinu, til vinnslu eða brottflutnings. Gjaldið reiknast af heildarverðmæti aflans. Kaupanda aflans ber að afhenda hafnarstjóra skýrslu um keyptan afla mánaðarlega, t. d. afrit af aflaskýrslu til Fiskifélags Íslands.

Aflagjald fellur í gjaldaga um leið og afla er landað. Kaupandi aflans innheimtir gjaldið hjá seljanda og er ábyrgur fyrir því til hafnarsjóðs, þótt hann vanræki innheimtu þess. Standa ber skil á greiðslu aflagjaldsins eigi sjaldnar en mánaðarlega.

Lágmarksgjald af öllum flokkum er kr. 20.00.

6. gr.

Ýmis gjöld til hafnarinnar.

Þar komi 31. grein og orðist þannig:

Heimilt er hafnsögumanni, ráðnum af hafnarnefnd eða hafnarstjóra, að taka gjald fyrir leiðsögu, sem hér segir, enda óski skipið eftir hafnsögumanni:

a. Fyrir leiðsögn inn í höfnina kr. 500.00 fyrir hvert skip og auk þess gjald kr. 1.30 fyrir hverja brúttórúmlest.
b. Fyrir leiðsögu út úr höfninni kr. 370.00 fyrir hvert skip, auk þess kr. 0.90 fyrir hverja brúttórúmlest.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum nr. 48 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 13. apríl 1973.

Hannibal Valdimarsson.

Kristinn Gunnarsson.

13. apríl 1973. Nr. 121.

REGLUGERÐ

um breytingu á hafnarreglugerð nr. 157 22. júní 1970, um hafnargjöld landshafnarinnar í Rifi á Snæfellsnesi.

1. gr.

1. grein reglugerðarinnar orðist þannig:

Um gjöld til hafnarinnar.

Öll skip skulu greiða hafnargjöld til hafnarsjóðs, er þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar.

Öll gjöld til hafnarinnar greiðast af brúttóstærð skipanna, eins og hún er mest, meðan skipið hefur viðdvöl í höfninni. Undanþegin lesta- og bryggjugjaldi eru herskip, skemmtiferðaskip, íslenzk varðskip og vitaskip.

2. gr.

Hver sá, sem komast vill í samband við vatnsveitu Hvolhrepps, skal senda hreppsnefnd umsókn þar um. Umsóknin skal vera skrifleg og henni skulu fylgja upplýsingar um áætlaða vatnsnotkun og til hvers vatnið skuli notað.

Enginn má leggja vatnsæðar frá vatnsæðum vatnsveitunnar, nema að fengnu leyfi hreppsnefndar og eftir fyrirmælum umsjónarmanns. Hverjum húseiganda ber að greiða allan kostnað við lagningu vatnsæða frá aðalæð í hús sín og annast viðhald þeirra.

6. gr.

Hreppsnefnd og umsjónarmanni er heimilt að fara um hús manna, þar sem vatnsæðar liggja, til þess að athuga þær og tæki þau, er sett eru í samband við þær. Ef þeim þykir útbúnaður í einhverju ábótavant, skal tafarlaust bæta úr því á kostnað eiganda.

7. gr.

Heimilt er að loka vatnsæðum þeirra, sem eftir ítrekaða áminningu eyða vatni að óþörfu, eða greiða ekki vatnsskatt á réttum gjalddaga. Fullan vatnsskatt ber einnig að greiða fyrir þann tíma, sem vatnsæðar eru lokaðar af þessum sökum. Hreppsnefnd getur fyrirskipað takmörkun á vatnsnotkun, sé skortur á vatni. Þá getur hún og lokað fyrir vatnið, þegar þörf krefur, vegna hreinsunar eða annarra framkvæmda við vatnsveituna, enda skal það tilkynnt áður, sé þess nokkur kostur.

8. gr.

Af öllum húsum á vatnsveitusvæðinu, sem metin eru til fasteignamats, og vatn er tengt í eða næst til vatnsæða frá, skal greiða árlegan vatnsskatt 0.25% af fasteignamati húsa og lóða, þó þannig að lægsta gjald af íbúð eða skattskyldri fasteign skal vera kr. 2 000.00.

Undanþága frá greiðslu hins almenna fasteignaskatts skapar ekki undanþágu frá greiðslu vatnsskatts. Sé hús, sem greiða ber af vatnsskatt ekki virt fasteignamatsvirðingu, ákveður hreppsnefnd skattinn.

Af húsum, sem tengd er við vatnsveituna, skal greiða tengigjald kr. 5 000.00 fyrir hverja íbúð.

9. gr.

Auk almenns vatnsskatts skv. 8. gr. skal heimilt að innheimta álag á vatnsskattinn, ef vatnið er notað til annars en venjulegra heimilisnota. Eftir mati hreppsnefndar má álag þetta vera allt að 100% á hinn almenna vatnsskatt. Sé álag greitt eftir mældri notkun, greiðast kr. 2.50 fyrir hverja smálest.

10. gr.

Gjöld samkvæmt reglugerð þessari getur hreppsnefnd hækkað eða lækkað um allt að 50% bæði einstaka liði og í heild án staðfestingar ráðuneytisins.

11. gr.

Gjalddagi vatnsskatts skal vera 15. janúar ár hvert.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu vatnsskatts, sem taka má lögtaki, einnig er hann tryggður með lögveði í húseigninni næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsveði fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

12. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 10 000.00 nema þyngri refsing liggi við að lögum. Sektarfé rennur til sveitarsjóðs.

Mál út af broti á reglugerð þessari skal fara með að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Hvolhrepps í Rangárvallasýslu, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá fyrir vatnsveitu Stórólfshvolshverfis nr. 196 19. desember 1967.

Félagsmálaráðuneytið, 17. apríl 1973.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.

24. apríl 1973. Nr. 127.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breyting á aðalskipulagi Reykjavíkur.

Hinn 16. apríl 1973 hefur skipulagsstjórn ríkisins staðfest þá breyting á aðalskipulagi Reykjavíkur, að í stað útivistarsvæðis við enda Síðumúla komi iðnaður og vörugeymslur, er kallist Síðumúli 2, 4 og 6.

Félagsmálaráðuneytið, 24. apríl 1973.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.

27. apríl 1973. Nr. 128.

REGLUGERÐ

um Sölustofnun lagmetisiðnaðarins.

A. Stjórn og rekstur.

1. gr.

Heiti stofnunarinnar er Sölustofnun lagmetisiðnaðarins.

2. gr.

Sölustofnun lagmetisiðnaðarins er sjálfstæð stofnun með sjálfstæðan fjárhag og reikningshald, lýtur sérstakri stjórn og heyrir undir iðnaðarráðherra. Heimili og varnarþing stofnunarinnar er í Reykjavík.

3. gr.

Hlutverk Sölustofnunar lagmetisiðnaðarins er að efla á skipulegan hátt framleiðslu og útflutning á niðursoðnum og niðurlögðum sjávarafurðum, rækju og öðrum skelfiski fyrir aðila stofnunarinnar, sé þess óskað.

4. gr.

Til að tryggja rekstraröryggi lagmetisiðnaðarins og til að tryggja sérstaklega niðursuðuverksmiðjum þær umbúðir, sem nauðsynlegar eru, er sölustofnuninni heimilt að gerast eignaraðili að dósa- og umbúðaverksmiðju.

Nú kaupir Sölustofnun lagmetisiðnaðarins hlut í slíkri verksmiðju og skal stjórn stofnunarinnar þá tilnefna fulltrúa í stjórn verksmiðjunnar í samræmi við eignarhlutdeild hennar í fyrirtækinu. Skal hann (þeir) gæta hagsmuna niðursuðu- og niðurlagningarverksmiðjanna við allar rekstrarákvarðanir dósa- og umbúðaverksmiðjunnar.

5. gr.

Til að tryggja rekstraröryggi lagmetisiðnaðarins er sölustofnuninni heimilt að stofna innan sinna vébanda tæknideild, sem veiti stofnuninni og aðildarfyrirtækjum hennar tæknilegar ráðleggingar og aðstoð bæði hvað framleiðsluna sjálfa snertir og vélbúnað fyrirtækjanna.

6. gr.

Með aðild sinni að Sölustofnun lagmetisiðnaðarins fela atvinnurekendur stofnuninni sölu á allri framleiðslu sinni erlendis og er þeim óheimilt að selja vörur sínar úr landi án milligöngu eða heimildar stofnunarinnar. Stjórn stofnunarinnar getur þó ákveðið aðlögunartíma meðan stofnunin er að byggja upp virkt sölukerfi, og skal atvinnurekendum heimilt á þeim aðlögunartíma að annast sjálfir útflutning á vörum sínum að höfðu samráði við stjórn sölustofnunarinnar. Stefnt sé að því, að sá tími sé ekki lengri en 12 mánuðir frá því að sölustofnunin tekur til starfa. Um framkvæmd þessa ákvæðis skal hafa samráð við viðskiptaráðuneytið.

7. gr.

Aðilum Sölustofnunar lagmetisiðnaðarins ber að fara að fyrirmælum stjórnar stofnunarinnar, sem hún setur í því skyni að auka gæði framleiðslunnar. Standist framleiðslan ekki þær gæðakröfur, sem stjórn stofnunarinnar gerir, hefur hún vald til að synja viðkomandi atvinnurekanda um leyfi til útflutnings á þeirri vöru. Einnig getur stjórnin beitt atvinnurekanda refsiaðgerðum í samræmi við sérstakar reglur þar um, sem settar og samþykktar hafa verið af fulltrúaráði stofnunarinnar.

8. gr.

Fulltrúaráð Sölustofnunar lagmetisiðnaðarins er ráðgefandi um allan rekstur og stefnumörkun stofnunarinnar. Sérhver atvinnurekandi, sem aðild á að sölustofnuninni, á rétt á að skipa einn fulltrúa í fulltrúaráðið. Atkvæðisrétt á fundum fulltrúaráðsins hafa þeir atvinnurekendur einir, sem framleitt hafa niðursoðnar eða niðurlagðar sjávarafurðir og/eða flutt þær út á vegum stofnunarinnar á síðustu 12 mánuðum, áður en fundurinn er haldinn. Ákvæði þetta um atkvæðisréttinn gildir þó ekki um fundi fulltrúaráðsins fyrstu tvö starfsár stofnunarinnar.

9. gr.

Sölustofnun lagmetisiðnaðarins tekur sölulaun fyrir þjónustu sína. Stjórn stofnunarinnar ákveður sölulaun að fenginni umsögn fulltrúaráðs og skulu þau miðuð við að standa straum af sölustarfsemi stofnunarinnar.

Sölustofnuninni er heimilt að taka umboðslaun fyrir þær vörur, sem hún flytur inn og/eða útvegar aðildarfyrirækjum sínum, og skulu þau ákveðin af stjórn stofnunarinnar.

Framlagi ríkissjóðs til stofnunarinnar skal einkum varið til uppbyggingar stofnunarinnar, markaðsöflunar og til að koma upp virku kynningar- og dreifingarkerfi á íslenzku lagmeti erlendis.

10. gr.

Iðnaðarráðherra skipar Sölustofnun lagmetisiðnaðarins 5 manna stjórn til þriggja ára í senn í samræmi við ákvæði 4. greinar laganna.

Stjórnin ræður framkvæmdastjóra, sem er prókúruhafi fyrir stofnunina, ákveður honum starfskjör og setur honum erindisbréf. Skal framkvæmdastjórinn annast allan almennan rekstur stofnunarinnar í samráði við stjórnina.

Stjórn Sölustofnunarinnar skal halda reglulega fundi eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði. Framkvæmdastjóri situr stjórnarfundi með málfrelsi og tillögurétti.

Stjórnarfundir eru því aðeins ályktunarhæfir, að þar mæti meirihluti stjórnarinnar, en einfaldur meirihluti atkvæða á stjórnarfundi ræður úrslitum mála.

11. gr.

Í samráði við stjórn stofnunarinnar ræður framkvæmdastjóri annað starfsfólk að stofnuninni og ákveður laun þess og starfskjör.

B. Þróunarsjóður lagmetisiðnaðarins.

12. gr.

Stofna skal Þróunarsjóð lagmetisiðnaðarins í samræmi við 6. og 7. gr. laga um Sölustofnun lagmetisiðnaðarins.

Sjóðurinn heitir Þróunarsjóður lagmetisiðnaðarins.

Sjóðurinn er í vörzlu og undir stjórn Sölustofnunar lagmetisiðnaðarins undir yfirumsjón iðnaðarráðherra.

13. gr.

Hlutverk sjóðsins er að efla nýjungar og framfarir á sviði lagmetisiðnarins og styrkja tilraunir með nýjar vörutegundir og kynningu þeirra á erlendum mörkuðum. Í því skyni er heimilt að veita úr sjóðnum fjárframlög til verksmiðja í lagmetisiðnaðinum til styrktar tilraunastarfsemi, sem miðar að því að

(a) framleiða nýja markaðshæfa vörutegund eða þróa nýja vinnsluaðferð.
(b) framleiða vörutegund, sem hæfir neyzluvenjum og aðstæðum á tilteknu markaðssvæði.

14. gr.

Fjárframlög úr Þróunarsjóði lagmetisiðnaðarins má einungis veita aðilum Sölustofnunar lagmetisiðnaðarins. Eigi má verja fé sjóðsins til að ráða bót á almennum reksturserfiðleikum, fjárhagsvanda eða til að standa straum af almennri fjárfestingu í framleiðslutækjum og mannvirkjum.

15. gr.

Tekjur sjóðsins eru sem hér segir:

(a) Í næstu fimm ár skulu öll útflutningsgjöld af niðursoðnum og niðurlögðum sjávarafurðum og söltuðum grásleppuhrognum renna í sjóðinn, en þær vörur þá jafnframt undanþegnar hinum almennu ákvæðum um útflutningsgjöld.
(b) Vextir.
(c) Aðrar tekjur.

16. gr.

Framkvæmdastjóri Sölustofnunar lagmetisiðnaðarins er framkvæmdastjóri og prókúruhafi Þróunarsjóðsins og tekur hann á móti umsóknum um framlög úr honum og leggur þær fyrir sjóðsstjórnina. Umsókn um fyrirgreiðslu úr sjóðnum skal fylgja

rökstudd greinargerð um lýsingu á því verkefni, sem umsækjandi er að fást við eða hyggst verja framlagi til, sbr. einnig 17. gr.

17. gr.

Nú sækir aðili Sölustofnunar lagmetisiðnaðarins um framlag úr sjóðnum og skal umsækjandi þá leggja fram sundurliðaða áætlun um kostnað af verkinu. Framlag úr sjóðnum skal aldrei nema hærri fjárhæð en helmingi greindrar kostnaðaráætlunar, enda færi umsækjandi sönnur á, að það fé, sem honum ber að leggja fram, sé fyrir hendi. Áður en fé er veitt úr sjóðnum, skal liggja fyrir umsögn frá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins um umsóknina.

18. gr.

Framkvæmdastjóri sjóðsins skal í samvinnu við Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins gaumgæfa tilraunir og nýjungar í framleiðslunni og kynna þær sjóðsstjórninni. Ekki skal mörgum aðilum veitt fé úr sjóðnum til sömu tilraunastarfsemi.

19. gr.

Stjórninni er heimilt að verja fé úr sjóðnum til að kynna nýja vöru á erlendum mörkuðum eða koma henni á framfæri við ákveðinn kaupanda svo og til kaupa á nægilegu magni af sýnishornum í auglýsingaskyni og til að standa undir dreifingarkostnaði á þeim sendingum.

20. gr.

Sjóðurinn hefur sjálfstætt reikningshald og skal stjórn Sölustofnunar lagmetisiðnaðarins árlega gera iðnaðarráðherra grein fyrir störfum og stöðu sjóðsins og framkvæmdastjóri sjóðsins undirbúa þá skýrslu í samráði við stjórnina. Skýrslan skal afhent ráðherra um leið og endurskoðaðir reikningar sjóðsins og Sölustofnunarinnar eru lagðir fram.

21. gr.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af Ríkisendurskoðuninni.

22. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett skv. lögum um Sölustofnun lagmetisiðnaðarins nr. 48 16. maí 1972 staðfestist hér með og öðlast gildi þegar í stað.

Iðnaðarráðuneytið, 27. apríl 1973.

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.

Nr. 129. 1. marz 1973.

AUGLÝSING

um samkomulag skv. 20. gr. í samningnum frá 9. nóvember 1972 milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um aðstoð í skattamálum.

Til framkvæmdar á samningnum frá 9. nóvember 1972 milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um aðstoð í skattamálum hefur orðið samkomulag um eftirfarandi ákvæði:

1. Með sköttum, sem aðstoð er veitt við, skal telja:
   a) dráttarvexti og viðbótargjöld eða önnur gjöld, sem á falla vegna vanskila á skattgreiðslum, til þess tíma, er krafan er afhent til innheimtu í hinu ríkinu, eða við vanrækslu á upplýsinga- eða framtalsskyldu vegna skatta eða opinberra gjalda (dráttargjald, gjaldálag o. s. frv.);

b) þá dráttarvexti og viðbótargjöld eða önnur gjöld vegna vanskila á skattgreiðslu, sem á falla eftir þann tíma, er krafan var afhent til innheimtu í hinu ríkinu og óskað er aðstoðar við innheimtu á með sérstakri beiðni; enn fremur

c) endurgreiðslu á innheimtukostnaði og dagsektir að því leyti sem kostnaðurinn eða dagsektirnar standa ekki í sambandi við málsmeðferð fyrir dómstólum.

2. A. Með „skatti af vélknúnum ökutækjum" skv. grein 2 c) í samningnum er átt við,

a) í Danmörku: skráningargjald af vélknúnum ökutækjum skv. lögum 26. maí 1971, nr. 221, svo og þungaskatt af vélknúnum ökutækum skv. reglugerð fjármálaráðuneytisins 24. september 1969, nr. 470, og breytingu 31. marz 1971, nr. 111, og breytingu 15. apríl 1972, nr. 414;

b) í Finnlandi: skatt skv. lögum um bifreiða- og bifhjólaskatt (482/67);

c) á Íslandi: árgjald af benzínknúnum bifreiðum og árgjald eða kílómetragjald af bifreiðum, sem ekki eru knúnar með benzíni;

d) í Noregi: árgjald af fólksflutningabifreiðum o. fl. og kílómetragjald af vöruflutningabifreiðum, sem ekki eru knúnar með benzíni og skráðar eru erlendis; og

e) í Svíþjóð: skatt skv. reglugerð um bifreiðaskatt (1922:260).

B. Með „virðisaukaskatti og öðrum almennum söluskatti" í grein 2 d) í samningnum er átt við,

a) í Danmörku: gjöld skv. lögum um almennan söluskatt (virðisaukaskatt) frá 31. marz 1967 með breytingum;

b) í Finnlandi: skatt skv. lögum um söluskatt (532/63);

c) á Íslandi: almennan söluskatt (lög nr. 10/1960 með breytingum);

d) í Noregi: gjald skv. lögum um virðisaukaskatt frá 19. júní 1969; svo og

e) í Svíþjóð: skatt skv. reglugerð um virðisaukaskatt (1968:430).

C. Gjald skv. grein 2 e) í samningnum teljast,

a) í Danmörku: gjald vinnuveitanda til dagpeningasjóðs skv. II. kafla sjúkratryggingalaga um sjúkradagpeninga til launþega (57. gr. laga frá 18. júní 1969 eins og hún mun verða frá 1. apríl 1973 að telja skv. 41. gr., 4. mgr. og 11. og 13. gr. laga nr. 262 7. júní 1972), sjúkrasamlagsgjöld þeirra manna, sem gjöld greiða til sjúkrasamlaga skv. 35. gr., 3. mgr., sjúkratryggingalaga, gjald vinnuveitanda til örorkutryggingasjóðs (örorkutryggingalögin, 34. og 35. gr.), tryggingaiðgjald, sem tryggingaskyldum vinnuveitanda ber að greiða skv. slysatryggingalögum til þeirra slysatryggingafélaga, sem félagsmálaráðuneytið hefur viðurkennt skv. 15. gr. slysatryggingalaga (sbr. 18. og 19. gr. sömu laga), endurgreiðslu, sem ákvörðuð hefur verið skv. 32. gr. laga um opinbera framfærslu og sem innheimta má sem persónulegan skatt, framlög skv. lögum um viðbótarlífeyri vinnumarkaðarins, (sbr. reglugerð frá 6. júní 1967, nr. 251, V. kafla, ATP), svo og framlag atvinnurekanda til atvinnuleysistrygginga;

b) í Finnlandi: gjöld og iðgjöld skv. almannatryggingalögum (347/56), sjúkratryggingalögum (364/63), lögum um gjald atvinnurekanda til félagslegrar verndar (366/63) og lög um skógarverndarfélög (558/50);

c) á Íslandi: gjöld skv. lögum um almannatryggingar nr. 67/1971 með breytingum, lögum um atvinnuleysistryggingar nr. 29/1956 með breytingum, lögum um Iðnlánasjóð nr. 68/1967 og lögum um launaskatt nr. 14/1965, sbr. lög nr. 96/1971, svo og skatt á atvinnurekstur o. fl. skv. V. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 8/1972, kirkjugjald skv. lögum um sóknargjöld nr. 36/1948 með breytingum, kirkjugarðsgjald skv. lögum um kirkju-

garða nr. 21/1963 og iðnaðargjald skv. lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna nr. 64/1965;

d) í Noregi: gjöld skv. lögum frá 17. júní 1966 um almannatryggingar og lögum frá 19. júní 1969 um gjöld af fjárfestingum o. fl., svo og gjald skv. reglugerð frá 17. desember 1971 með ákvæðum um gjald vegna of mikils öxulþunga; og

e) í Svíþjóð: gjöld skv. lögum um almannatryggingar (1962:381), lögum um fjármögnun hins almenna eftirlaunakerfis (1962:398), lögum um tryggingu vegna sjúkdóma og slysa við atvinnu (1954:243), reglugerð (1952: 552) um álagningu vissra gjalda skv. lögum um almannatryggingar o. fl., reglugerð (1968:419) um almennt vinnuveitendagjald, reglugerð (1946:324) um skógarverndargjald, reglugerð (1959:555) um gjald útgerðarmanns í vissum tilvikum skv. lögum um almannatryggingar, lögum (1961:300) um gjald útgerðarmanns vegna eftirlauna sjómanna og gjöld skv. lögum (1972:435) um gjald vegna of mikils öxulþunga.

3. Verði verulegar breytingar gerðar á sköttum eða gjöldum, sem upp eru talin í þessu samkomulagi, eða komi í þeirra stað aðrir skattar eða gjöld, sem eru í aðalatriðum sama eðlis, skal gera nýtt samkomulag með bréfaskiptum milli hinna bæru stjórnvalda.

4. Upplýsingaskylda skv. 12. gr. samningsins skal einnig taka til upplýsinga um tímabilsbundnar styrktargreiðslur.

5. Með beiðni um aðstoð til innheimtu skal fylgja, í frumriti eða staðfestu eftirriti, úrskurður sá, sem skattkrafan er reist á, eða opinber útdráttur úr skattskrá (skattseðill), eða annað skjal, sem ber með sér kröfuna. Í beiðni skal greina:
   a) stjórnvald, sem aðstoðarinnar óskar;
   b) varðandi greiðsluskyldan mann: nafn, stöðu, eða titil, heimilisfang, fæðingardag og ár, heimilissveit, svo og, ef unnt er, vinnustað og dvalarstað;
   c) varðandi greiðsluskylda lögpersónu: tegund lögpersónu, nafn og heimilisfang;
   d) þegar við á, þann stað í því ríki, sem innheimtu er beiðst í, þar sem hinn greiðsluskyldi á eignir svo og tegund eigna;
   e) tegund kröfu og fjárhæð, þar með taldir áfallnir vextir, tímabil það, er krafan varðar, svo og hvenær krafan fyrnist að nokkru eða öllu leyti skv. löggjöf eigin ríkis;
   f) þann grundvöll, sem útreikningur á vöxtum eða gjöldum skv. lið 1 a) eða b) er reistur á; enn fremur
   g) önnur atriði, sem geta auðveldað eða flýtt fyrir innheimtu kröfunnar.

6. Beiðni um aðstoð við innheimtu skatta má því aðeins bera fram, að samanlögð fjárhæð kröfu, þar með ekki talin sú fjárhæð, sem um ræðir í lið 1 a), nái a. m. k. 500 dönskum krónum, 300 finnskum mörkum, 6000 íslenzkum krónum, 500 norskum krónum eða 350 sænskum krónum.

7. Innheimta fer fram í mynt þess ríkis, sem aðstoðar er beiðst í. Bær stjórnvöld í þessu ríki skulu, svo fljótt sem auðið er eftir móttöku beiðni um aðstoð, umreikna þá fjárhæð, sem í beiðni greinir, í mynt þessa ríkis skv. gengi, er ríkisbankinn mælir með, á þeim degi, er beiðnin barst, og skal innheimtan taka til þeirrar fjárhæðar, sem þannig er reiknuð út. Við þennan umreikning má beita þeim ákvæðum um jöfnun fjárhæða, sem kunna að gilda skv. löggjöf þessa ríkis.

   Verði gengisbreyting meðan á innheimtuaðgerðum stendur getur bært stjórnvald í því aðildarríki, sem innheimtu er beiðst í, ákveðið, eftir að hafa leitað álits ríkisbanka þessa ríkis, hvaða gengi skuli notað í þessu máli vegna breytingarinnar.

   Ekkert framangreindra ákvæða í þessum lið skal koma í veg fyrir að sú fjárhæð, sem beiðni nær til, sé greidd í mynt þess ríkis, sem aðstoðar óskar.

8. Fjárhæðir, sem innheimzt hafa vegna aðstoðar skv. samningi þessum, skal inn-

heimtustjórnvald greiða, svo fljótt sem auðið er, til ríkisbanka eigin ríkis á reikning ríkisbanka þess ríkis, sem innheimt var fyrir.

Við innborgun skal greina nafn og heimilisfang þess innheimtustjórnvalds, sem fjárhæðina á að fá, svo og þá skattkröfu, sem fjárhæðin á við.

Innheimta fjárhæð má einnig leggja á póstgíróreikning þess innheimtustjórnvalds, sem aðstoðarinnar hafði óskað.

Þar sem við á, skal draga málskostnað fyrir dómstólum og kostnað vegna gjaldþrotameðferðar frá innheimtri fjárhæð (19. gr. samningsins).

Með „innheimtustjórnvaldi" í þessum lið er átt við:
í Danmörku: Sjómannaskattaskrifstofuna (Sömandsskattekontoret);
í Finnlandi: lénsstjórn (länsstyrelse);
á Íslandi: Gjaldheimtuna í Reykjavík;
í Noregi: Skattafógetann í Osló (Skattefogden i Oslo) og
í Svíþjóð: krúnufógetastjórnvald (kronofogdemyndighet).

Með „ríkisbanka" í þessum lið er átt við:
í Danmörku: Danska þjóðbankann (Danmarks Nationalbank).
í Finnlandi: Finnlandsbanka (Finlands bank);
á Íslandi: Seðlabanka Íslands;
í Noregi: Noregsbanka (Norges Bank) og
í Svíþjóð: Sænska ríkisbankann (Sveriges Riksbank).

9. Yfirfærsla gjaldeyris vegna skattgreiðslna frá einu samningsríki til annars skal fara fram innan ramma gildandi greiðslusamninga milli ríkjanna.

Samkomulag þetta er gert í sex eintökum á íslenzku, dönsku, finnsku, norsku og sænsku og eru sænsku textarnir tveir, annar fyrir Finnland, hinn fyrir Svíþjóð, og skulu allir textar jafngildir.

11. janúar 1973.
Fyrir Ísland:
Fjármálaráðuneytið
Jón Sigurðsson. Höskuldur Jónsson.

23. janúar 1973.
Fyrir Danmörku:
Skattedepartementet
Hans P. Götrik. E. Thielsen.

26. janúar 1973.
Fyrir Finnland:
Valtiovarainministeriö
Johannes Virolainen. Rainer Söderholm.

1. febrúar 1973.
Fyrir Noreg:
Eivind Erichsen. A. Scheel.

7. febrúar 1973.
Fyrir Svíþjóð:
Kurt Malmgren.

Framangreint birtist hér með öllum hlutaðeigandi til upplýsinga og eftirbreytni.

Fjármálaráðuneytið, 1. marz 1973.

F. h. r.

Jón Sigurðsson.

Höskuldur Jónsson.

REIKNINGUR

Systrasjóðs Kvennaskólans í Reykjavík 1972.

Tekjur:

Eign sjóðsins 1. jan. 1972			kr. 596 562.13
Framlög námsmeyja 1972			— 14 280.00
Áheit	kr.	300.00	
Gjöf frá Brynjólfi Jóhanness.	—	500.00	
			— 800.00
Vextir greiddir 1972:			
í Söfnunarsjóði 1971	kr.	9 619.43	
í Landsbanka, viðskiptabók	—	41 600.50	
í Landsbanka, sparisjóðsbók	—	647.00	
			— 51 866.93
		Samtals	kr. 663 509.06

Gjöld:

Styrkur veittur námsmeyjum			kr. 43 000.00
Auglýsing í Lögbirtingablaði			— 1 440.00
Eign sjóðsins um áramót:			
í Söfnunarsjóði, aðald. nr. 32	kr.	102 226.66	
í Landsb., viðsk.bók nr. 5618	—	501 705.00	
í Landsb., sparisj.bók nr. 19092	—	15 137.40	
			— 619 069.06
		Samtals	kr. 663 509.06

Nr. 131.

REIKNINGUR

Styrktarsjóðs kennara við Kvennaskólann í Reykjavík 1972.

Tekjur:

Eign sjóðsins 1. jan. 1972			kr. 132 444.60
Vextir greiddir 1972:			
af verðbréfi	kr.	150.00	
í Landsbanka, viðskiptabók	—	11 546.40	
í Landsbanka, sparisjóðsbók	—	14.80	
			— 11 711.20
		Samtals	kr. 144 155.80

Gjöld:

Auglýsing í Lögbirtingablaði			kr. 1 320.00
Eign sjóðsins um áramót:			
Veðdeildarbréf í Landsb., 17. fl.	kr.	3 000.00	
í Landsb., viðsk.bók nr. 5621	—	139 608.90	
í Landsb., sparisj.bók nr. 10	—	226.90	
			— 142 835.80
		Samtals	kr. 144 155.80

REIKNINGUR

Kristjönugjöf 1972.

Tekjur:

Eign sjóðsins 1. jan. 1972		kr. 191 878.90
Vextir greiddir 1972:		
í Sparisj. R.víkur og nágr., ársb.	kr. 16 244.20	
í Sparisj. R.víkur og nágr., sparisj.b.	— 19.70	
		— 16 263.90
	Samtals	kr. 208 142.80

Gjöld:

Veittur styrkur á árinu		kr. 14 000.00
Auglýsing í Lögbirtingablaði		— 1 200.00
Eign sjóðsins um áramót:		
í Sparisj. R.víkur og nágr. ársbók nr. 27039	kr. 192 642.30	
í Sparisj. R.víkur og nágr. sparsj.b. nr. 10551	— 300.50	
		— 192 942.80
	Samtals	kr. 208 142.80

Nr. 133.

REIKNINGUR

Minningargjafasjóðs Landspítala Íslands 1972.

Rekstursreikningur fyrir árið 1972.

Tekjur:

1. Vextir 1972			kr. 1 630 345.80
2. Minningargjafir afh. 1972		kr. 11 850.00	
3. Samúðarsk. Landsímans	kr. 3 807 851.00		
÷ 15% þóknun til L.S.Í.	— 571 177.50		
		— 3 236 673.50	
			— 3 248 523.50
4. Hækkun hlutabréfa Eimskipafélags Íslands			— 38 000.00
		Samtals	kr. 4 916 869.30

Gjöld:

1. Styrkveitingar til sjúklinga 1972	kr.	90 000.00
2. Önnur gjöld 1972	—	106 203.00
3. Tekjur	—	4 720 666.30
Samtals	kr.	4 916 869.30

Efnahagsreikningur pr. 31. desember 1972.

Eignir:

1. Bankainnstæður	kr.	20 990 013.72
2. Hlutabréf Eimskipafélags Íslands	—	57 000.00
3. Veðdeildarbréf Landsbankans, 15. fl.	—	10 000.00
Samtals	kr.	21 057 013.72

Skuldir:

1. Ósóttur styrkur	kr.	45 000.00
2. Hrein eign 1/1 1972	—	16 291.347.42
3. Hreinar tekjur árið 1972	—	4 720 666.30
Samtals kr.		21 057 013.72

Steinunnararfur.

Eignir:

Innstæða í Söfnunarsjóði, aðaldeild nr. 460	kr.	8 702.33
Innstæða í Landsbankanum, viðskiptabók nr. 5461	—	75 363.20
Hálf jörðin Hagi í Skorradal	—	1 050.00
Samtals kr.		85 115.53

Skuldir:

Hrein eign 1/1 1972			kr. 78 103.96
Vaxtatekjur 1971	kr.	800.97	
Vaxtatekjur 1972	—	6 210.60	
			— 7 011.57
Samtals kr.			85 115.53

Minningargjöf um Hans Natansson og Kristínu Þorvaldsdóttur.

Eignir:

Innstæða í Söfnunarsjóði, aðaldeild nr. 456	kr.	24 222 96
Samtals kr.		24 222.96

Skuldir:

Hrein eign 1/1 1972	kr.	22 121.43
Vaxtatekjur	—	2 101.53
Samtals kr.		24 222.96

Minningargjöf um Jóhann Guðmundsson og börn hans: Stefán, Ólafíu, Elísabetu, Sveinbjörn og Steinunni.

Eignir:

Innstæða í sparisjóðsbók nr. 60749 í Búnaðarbankanum	kr.	27 789.10
Samtals kr.		27 789.10

Skuldir:

Hrein eign 1/1 1972	kr.	25 494.60
Vaxtatekjur 1972	—	2 294.50
Samtals kr.		27 789.10

Minningargjöf um Hans Wíum, sýslumann.

Eignir:

Innstæða í viðskiptabók nr. 5468 í Landsbankanum	kr. 14 930.00
Samtals	kr. 14 930.00

Skuldir:

Hrein eign 1/1 1972	kr. 13 697.30
Vaxtatekjur 1972	— 1 232.70
Samtals	kr. 14 930.00

Minningargjöf um Þórunni Jónassen.

Eignir:

Innstæða í viðskiptabók nr. 5469 í Landsbankanum	kr. 30 605.60
Samtals	kr. 30 605.60

Skuldir:

Hrein eign 1/1 1972	kr. 28 078.60
Vaxtatekjur 1972	— 2 527.00
Samtals	kr. 30 605.60

Minningargjöf um Vigfús G. Melsted.

Eignir:

Innstæða í viðskiptabók nr. 5462 í Landsbankanum	kr. 19 495.50
Samtals	kr. 19 495.50

Skuldir:

Hrein eign 1/1 1972	kr. 17 885 80
Vaxtatekjur 1972	— 1 609.70
Samtals	kr. 19 495.50

Minningargjöf um Guðbjörgu Þorsteinsdóttur.

Eignir:

Innstæða í viðskiptabók nr. 5467 í Landsbankanum	kr. 65 978.30
Samtals	kr. 65 978.30

Skuldir:

Hrein eign 1/1 1972	kr. 60 530.60
Vaxtatekjur 1972	— 5 447.70
Samtals	kr. 65 978.30

Minningargjöf um Gísla Oddsson, skipstjóra.

Eignir:

Innstæða í viðskiptabók nr. 5466 í Landsbankanum	kr. 55 000.00
Samtals	kr. 55 000.00

Skuldir:

Hrein eign 1/1 1972	kr. 50 458.80
Vaxtatekjur 1972	— 4 541.20
Samtals	kr. 55 000.00

Minningargjöf Guðlaugar Jónsdóttur og Guðjóns Björnssonar.

Eignir:

Innstæða í viðskiptabók nr. 5471 í Landsbankanum	kr. 306 995.70
Samtals	kr. 306 995.70

Skuldir:

Hrein eign 1/1 1972	kr. 281 647.50
Vaxtatekjur 1972	— 25 348.20
Samtals	kr. 306 995.70

Sjóður Marsibilar Illugadóttur.

Eignir:

Innstæða í Landsbankanum, viðskiptabók nr. 5463	kr. 73 439.00
Samtals	kr. 73 439.00

Skuldir:

Hrein eign 1/1 1972	kr. 67 375.20
Vaxtatekjur 1972	— 6 063.80
Samtals	kr. 73 439.00

Reykjavík, 8. janúar 1973.

María Sigurðardóttir.

Við undirritaðar höfum yfirfarið reikninga þessa, borið þá saman við tilheyrandi skjöl og ekkert fundið athugavert.

Reykjavík, 18. janúar 1973.

Sigríður Brynjólfsdóttir. *Vilborg Gunnlaugsdóttir.*

REIKNINGUR

Samvinnubanka Íslands h.f. 1972.

Rekstrarreikningur árið 1972.

Tekjur:

Vaxtatekjur	kr.	133 786 946.00
Aðrar tekjur	—	18 338 228.00
	Kr.	152 125 174.00

Gjöld:

Vaxtagjöld	kr.	89 917 208.10
Reksturskostnaður	—	48 549 770.70
Fyrningar	—	2 251 280.90
Til varasjóðs	—	5 730 922.00
Til afskriftareiknings	—	1 000 000.00
Til höfuðstólsreiknings	—	4 675 992.30
	Kr.	152 125 174.00

Efnahagsreikningur 31. desember 1972.

Eignir:

Sjóður		kr.	44 879 423.50
Seðlabankinn:			
Viðskiptareikningur	kr. 32 549 631.30		
Bundinn reikningur	— 268 430 000.00		
		—	300 979 631.30
Stofnlánadeild samvinnufélaga		—	5 000 000.00
Afurðalán		—	57 108 000.00
Yfirdráttarlán		—	354 578 267.80
Víxlar		—	445 380 373.80
Verðbréf:			
Vaxtabréf	kr. 21 228 700.00		
Skuldabréf	— 312 635 535.30		
		—	333 864 235.30
Fasteignir		—	31 340 000.00
Áhöld og búnaður		—	9 050 000.00
Ógreiddar tekjur		—	18 977 000.00
Aðrar eignir		—	22 453 569.40
		Kr.	1 623 610 501.10

Skuldir:

Veltiinnlán:			
Hlaupareikningar	kr. 133 037 770.40		
Ávísanareikningar	— 160 627 948.50		
		kr.	293 665 718.90

Spariinnlán:			
Almennar bækur		kr. 685 035 790.50	
Bundnar bækur		— 476 336 741.40	
			kr. 1 161 372 531.00
Seðlabankinn, endurseld lán			— 53 458 000.00
Fyrirfram greiddir vextir			— 11 978 740.00
Aðrar skuldir			— 15 528 018.00
Eigið fé:			
Hlutafé	kr. 80 416 000.00		
— þar af ógreitt	— 13 584 500.00		
		kr. 66 831 500.00	
Varasjóður		— 14 200 000.00	
Afskriftareikningur		— 1 900 000.00	
Höfuðstólsreikningur		— 4 675 992.30	
			— 87 607 492.30
			Kr. 1 623 610 501.10
Utan efnahagsreiknings:			
Ábyrgðir vegna viðskiptamanna			kr. 73 809 000.00

Reykjavík, 15. janúar 1973.

Kristleifur Jónsson. **Einar S. Einarsson.**

Framanskráðan rekstursreikning ársins 1972 og efnahagsreikning pr. 31. desember 1972 höfum við borið saman við bækur Samvinnubankans. Enn fremur höfum við kannað sjóðs- og verðbréfaeign ásamt skilríkjum.
Endurskoðunin hefur ekki gefið tilefni til athugasemda.

Reykjavík, 28. marz 1973.

Ásgeir G. Jóhannsson. *Magnús Kristjánsson.* *Óskar Jónatansson.*

Með tilvísun til framanskráðrar yfirlýsingar endurskoðenda bankans kvittar bankaráð fyrir reikninginn.

Reykjavík, 2. apríl 1973.

Erlendur Einarsson. **Vilhjálmur Jónsson.** **Hjörtur Hjartar.**

Nr. 135.

REIKNINGUR

sjóðsins Gerðuminning árið 1972.

Tekjur:

1. Eign sjóðsins 1. janúar 1972			kr. 163 083.57
2. Vextir í Lansbankanum		kr. 14 649.50	
Vextir í Útvegsbankanum		— 22.00	
			— 14 671.50
			Samtals kr. 177 755.07

Gjöld:

1. Eign sjóðsins 1. janúar 1973:		
Í Landsbankanum, viðskiptabók nr. 5470	kr. 177 421.70	
Í Útvegsbankanum, bankabók nr. 10081	— 333.37	
		kr. 177 755.07
	Samtals kr.	177 755.07

Reykjavík, 11. janúar 1973.

Ragnheiður Jónsdóttir.

Við undirritaðar höfum í dag farið yfir reikning sjóðsins ásamt tilheyrandi fylgiskjölum og höfum ekkert fundið athugavert.

Reykjavík, 23. janúar 1973.

Anna Gísladóttir. *Guðrún Markúsdóttir.*

Nr. 136.

REIKNINGUR

Iðnlánasjóðs árið 1972

Rekstursreikningur árið 1972.

Gjöld:

Vextir	kr.	20 743 083.00
Lántökugjöld	—	400 000.00
Reksturskostnaður	—	4 818 745.50
Óafturkræf framlög	—	3 655 350.00
Afskriftir	—	6 000.00
Tekjuafgangur 1972	—	94 444 308.33
	Kr.	124 067 486.83

Tekjur:

Vextir	kr.	53 103 392.03
Lántökugjöld	—	2 359 978.00
Iðnlánasjóðsgjald innborgað 1972	—	51 500 000.00
Framlag ríkissjóðs 1972	—	15 000 000.00
Framleiðslugjald af áli:		
Fyrir árið 1971 ..... kr. 220 956.20		
Fyrir árið 1972 ..... — 1 883 160.60		
	—	2 104 116.80
	Kr.	124 067 486.83

Efnahagsreikningur hinn 31. desember 1972.

Eignir:

Vélalán 1/1 1972	kr. 202 587 313.47	
+ Útlán 1972	— 88 612 000.00	
	kr. 291 199 313.47	
÷ Afborganir 1972	— 51 264 096.07	
		kr. 239 935 217.40

Byggingalán 1/1 1972	kr.	321 613 899.32	
+ Útlán 1972	—	79 000 000.00	
	kr.	400 613 899.32	
÷ Afborganir 1972	—	24 781 909.03	
			kr. 375 931 990.29
Lán v/breytinga á lausaskuldum 1/1 1972 ..	kr.	38 132 445.49	
÷ Afborganir 1972	—	6 272 861.77	
			— 31 859 583.72
Hagræðingalán 1/1 1972	kr.	8 313 176.57	
÷ Afborganir 1972	—	1 183 727.34	
			— 7 129 449.23
Verðbréf og víxlar			— 26 274 689.88
Stofnfé Útflutningslánasjóðs			— 25 000 000.00
Hlutafé Fjárfestingarfélags Íslands			— 3 500 000.00
Innstæður á bankareikningum	kr.	13 831 150.05	
do. v/gjaldfallinna lausaskuldalána	—	4 266 150.00	
			— 18 097 300.05
Útlögð þingl. og stimpilgjöld			— 16 470.00
Áhöld			— 1 000.00
			Kr. 727 645 700.57

Skuldir:

Framkvæmdasjóður Íslands			kr. 148 728 318.00
Iðnþróunarsjóður			— 61 428 572.00
Skuldir við banka			— 19 933 332.34
Sérskuldabréfalán:			
v/lausaskuldalána	kr.	33 132 225.00	
v/hagræðingalána	—	4 980 000.00	
			— 38 112 225.00
Stofnsjóður 1. janúar 1972	kr.	364 998 944.90	
Tekjuafgangur 1972	—	94 444 308.33	
Stofnsjóður 31. desember 1972			— 459 443 253.23
			Kr. 727 645 700.57

Veiðarfæradeild.

Rekstursreikningur árið 1972.

Gjöld:

Vextir	kr.	494 000.00
Tekjuafgangur	—	4 883 497.59
	Kr.	5 377 497.59

Tekjur:

Vextir	kr.	3 420 497.59
Lántökugjöld	—	57 000.00
Verðjöfnunargjald af veiðarfærum	—	1 900 000.00
	Kr.	5 377 497.59

Efnahagsreikningur hinn 31. desember 1972.

Eignir:

Veiðarfæralán 1/1 1972	kr.	11 512 471.47		
+ Útlán 1972	—	8 700 000.00		
	kr.	20 212 471.47		
÷ Afborganir 1972	—	1 334 382.01		
			kr.	18 878 089.46
Skuldabréf S. R.			—	10 000 000.00
			Kr.	28 878 089.46

Skuldir:

Framkvæmdasjóður Íslands			kr.	4 800 000.00
Yfirdráttarlán hjá Iðnaðarbanka Íslands h.f.			—	1 511 762.70
Stofnsjóður 1. jan. 1972	kr.	17 682 829.17		
Tekjuafgangur 1972	—	4 883 497.59		
			—	22 566 326.76
			Kr.	28 878 089.46

Reykjavík, 12. marz 1973.

IÐNLÁNASJÓÐUR
Framkvæmdastjórnin

Bragi Hannesson. **Pétur Sæmundsen.**

Við undirritaðir endurskoðendur Iðnlánasjóðs og Veiðarfæradeildar Iðnlánasjóðs höfum yfirfarið reikninga sjóðsins ásamt fylgiskjölum, borið saman við bækur sjóðsins, svo og athugað bækur sjóðsins, útlán, verðbréf og bankainnstæður og ekkert fundið athugavert.

Reykjavík, 12. marz 1973.

Bjarni Björnsson. *Ingólfur Finnbogason.*

Með tilvísun til yfirlýsingar endurskoðenda Iðnlánasjóðs, samþykkir stjórn sjóðsins reikningana.

Reykjavík, 20. marz 1973.

Gunnar J. Friðriksson. **Tómas Vigfússon.** **Otto Schopka.**

Nr. 137.

REIKNINGUR

Samgöngubótasjóðs Páls Jónssonar árið 1972.

Rekstrarreikningur fyrir árið 1972.

Tekjur:

Vextir af bankainnstæðum	kr.	17 795.35
	Kr.	17 795.35

Gjöld:

Tekjur umfram gjöld	kr.	17 795.35
	Kr.	17 795.35

Efnahagsreikningur pr. 31. desember 1972.

Eignir:

Bankainnstæður		kr. 205 182.60
		kr. 205 182.60

Skuldir:

Höfuðstólsreikningur:		
Hrein eign pr. 1. jan. 1972	kr. 187 387.25	
Hreinar tekjur árið 1972	— 17 795.35	
		— 205 182.60
		kr. 205 182.60

Samgönguráðuneytið, 30. marz 1973.

Brynjólfur Ingólfsson.

Nr. 138.

REIKNINGUR

Gullbrúðkaupssjóðs Bjarna amtmanns Þorsteinssonar og frú Þórunnar Hannesdóttur árið 1972.

Rekstrarreikningur fyrir árið 1972.

Tekjur:

Vextir af bankainnstæðum	kr.	9 466.74
	Kr.	9 466.74

Gjöld:

Tekjur umfram gjöld	kr.	9 466.74
	Kr.	9 466.74

Efnahagsreikningur pr. 31. desember 1972.

Eignir:

Bankainnstæður		kr. 112 137.40
		Kr. 112 137.40

Skuldir:

Höfuðstólsreikningur:		
Hrein eign pr. 1. jan. 1972	kr. 102 670.66	
Hreinar tekjur árið 1972	— 9 466.74	
		kr. 112 137.40
		Kr. 112 137.40

Samgönguráðuneytið, 30. marz 1973.

Brynjólfur Ingólfsson.

REIKNINGUR

um tekjur og gjöld Styrktarsjóðs Friðriks konungs Áttunda árið 1972.

Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð 1972 B bls. 352):			
a. Söfnunarsjóðsinnstæða	kr.	82 321.51	
b. Bankainnstæða	—	12 820.80	
			kr. 95 142.31
2. Vextir:			
a. Af Söfnunarsjóðsinnstæðu	kr.	7 820.49	
b. Af bankainnstæðu	—	721.40	
			— 8 541.89
			Kr. 103 684.20

Gjöld:

Sjóður til næsta árs:			
a. Heimurslaun til Helga Lárussonar	kr.	6 000.00	
b. Innstæða í Söfnunarsjóði	—	83 142.00	
c. Innstæða í Búnaðarbankanum	—	14 542.20	
			kr. 103 684.20
			Kr. 103 684.20

Í landbúnaðarráðuneytinu, 24. apríl 1973.

Gunnl. E. Briem.

Reikning þennan höfum við undirritaðir endurskoðað og ekkert fundið við hann athugavert.

Reykjavík, 2. maí 1973.

Jón Sigurðsson. *Höskuldur Jónsson.*

Nr. 140.

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs Kristjáns konungs Níunda árið 1972.

Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð 1972 B bls. 352):			
a. Innritunarskírteini	kr.	133 691.00	
b. Innstæða í Söfnunarsjóði	—	100 086.90	
c. Bankainnstæða	—	19 850.10	
			kr. 253 628.00
2. Vextir:			
a. Af innritunarskírteini	kr.	4 731.00	
b. Af Söfnunarsjóðsinnstæðu	—	9 508.10	
c. Af bankainnstæðu	—	1 231.50	
			— 15 470.60
			Kr. 269 098.60

Gjöld:

Sjóður til næsta árs:		
a. Innritunarskírteini	kr. 133 691.00	
b. Innstæða í Söfnunarsjóði	— 101 695.00	
c. Bankainnstæða	— 33 712.60	
		kr. 269 098.60
		Kr. 269 098.60

Í landbúnaðarráðuneytinu, 24. apríl 1973.

Gunnl. E. Briem.

Reikning þennan höfum við undirritaðir endurskoðað og ekkert fundið við hann athugavert.

Reykjavík, 2. maí 1973.

Jón Sigurðsson. *Höskuldur Jónsson.*

Nr. 141.

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs V. Giga's árið 1972.

Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1972 B bls. 353):		
Innstæða í Söfnunarsjóði	kr.	88 101.57
2. Vextir af Söfnunarsjóðsinnstæðu	—	8 369.43
	Kr.	96 471.00

Gjöld:

Sjóður til næsta árs:		
Innstæða í Söfnunarsjóði	kr.	96 471.00
	Kr.	96 471.00

Í landbúnaðarráðuneytinu, 24. apríl 1973.

Gunnl. E. Briem.

Reikning þennan höfum við undirritaðir endurskoðað og ekkert fundið við hann athugavert.

Reykjavík, 2. maí 1973.

Jón Sigurðsson. *Höskuldur Jónsson.*

Nr. 142.

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs verðugra og þurfandi þjóðjarðalandseta í hinu fyrrverandi Suðuramti árið 1972.

Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1972 B bls. 355):		
Söfnunarsjóðsinnstæða	kr.	109 000.62
2. Vextir af Söfnunarsjóðsinnstæðu	—	10 355.38
	Kr.	119 356.00

Gjöld:

Sjóður til næsta árs:		
Innstæða í Söfnunarsjóði	kr.	119 356.00
	Kr.	119 356.00

Í landbúnaðarráðuneytinu, 24. apríl 1973.

Gunnl. E. Briem.

Reikning þennan höfum við undirritaðir endurskoðað og ekkert fundið við hann athugavert.

Reykjavík, 2. maí 1973.

Jón Sigurðsson. *Höskuldur Jónsson.*

Nr. 143.

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðsins Þorvaldarminning árið 1972.

Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1972 B bls. 380):				
a. Í Söfnunarsjóði	kr.	50 640.45		
b. Í Landsbankanum	—	8 276.20		
			kr.	58 916.65
2. Vextir:				
a. Af Söfnunarsjóðsinnstæðu	kr.	4 810.55		
b. Af bankainnstæðu	—	540.60		
			—	5 351.15
			kr.	64 267.80

Gjöld:

Sjóður til næsta árs:				
a. Í Söfnunarsjóði	kr.	52 251.00		
b. Í Landsbankanum	—	12 016.80		
			kr.	64 267.80
			kr.	64 267.80

Í landbúnaðarráðuneytinu, 24. apríl 1973.

Gunnl. E. Briem.

Reikning þennan höfum við undirritaðir endurskoðað og ekkert fundið við hann athugavert.

Reykjavík, 2. maí 1973.

Jón Sigurðsson. *Höskuldur Jónsson.*

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Gjafasjóðs C. Liebes árið 1972.

Tekjur:

1.	Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð 1972 B bls. 379): Söfnunarsjóðsinnstæða	kr.	17 136.24
2.	Vextir af Söfnunarsjóðsinnstæðu	—	1 627.76
		Kr.	18 764.00

Gjöld:

1.	Greitt Búnaðarfélagi Íslands	kr.	1 460.00
2.	Sjóður í árslok: Söfnunarsjóðsinnstæða	—	17 304.00
		Kr.	18 764.00

Í landbúnaðarráðuneytinu, 24. apríl 1973.

Gunnl. E. Briem.

Reikning þennan höfum við undirritaðir endurskoðað og ekkert fundið við hann athugavert.

Reykjavík, 2. maí 1973.

Jón Sigurðsson. *Höskuldur Jónsson.*

Nr. 145.

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Framfarasjóðs Jóns prófasts Melsteds og frú Steinunnar Bjarnadóttur Melsteds árið 1972.

Tekjur:

Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð 1972 B bls. 356):			
1.	Söfnunarsjóðsinnstæða	kr.	26 985.05
2.	Óafhentir trjárækturtarsjóðir	—	2 346.80
3.	Vextir árið 1972 af aðalsjóðnum	—	2 563.95
4.	Vextir árið 1972 af sparisjóðsinnstæðu trjárækturtarsjóða	—	164.20
		Kr.	32 060.00

Gjöld:

Sjóður til næsta árs:			
1.	Í Söfnunarsjóði	kr.	29 549.00
2.	Í Landsbankanum:		
	a. Trjárækturtarsjóður Úlfljótsvatnskirkjugarðs	—	660.30
	b. Trjárækturtarsjóður Þingvallakirkjugarðs	—	648.80
	c. Trjárækturtarsjóður Hlíðar í Grafningi	—	614.30
	d. Trjárækturtarsjóður Keldnakots í Stokkseyrarhreppi	—	587.60
		Kr.	32 060.00

Í landbúnaðarráðuneytinu, 24. apríl 1973.

Gunnl. E. Briem.

Reikning þennan höfum við undirritaðir endurskoðað og ekkert fundið við hann athugavert.

Reykjavík, 2. maí 1973.

Jón Sigurðsson. *Höskuldur Jónsson.*

Nr. 146.

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Aldarafmælissjóðs Búnaðarfélags Breiðdæla árið 1972.

Tekjur:

1.	Sjóður í ársbyrjun 1972 (Stj.tíð. 1972 B bls. 379): Innstæða í Söfnunarsjóði	kr.	3 567.66
2.	Vextir af Söfnunarsjóðsinnstæðu	—	339.34
		Kr.	3 907.00

Gjöld:

	Sjóður til næsta árs: Innstæða í Söfnunarsjóði	kr.	3 907.00
		Kr.	3 907.00

Í landbúnaðarráðuneytinu, 24. apríl 1973.

Gunnl. E. Briem.

Reikning þennan höfum við undirritaðir endurskoðað og ekkert fundið við hann athugavert.

Reykjavík, 2. maí 1973.

Jón Sigurðsson. *Höskuldur Jónsson.*

9. maí 1973. Nr. 147.

GJALDSKRÁ

Löggildingarstofunnar fyrir löggildingu og eftirlit með mælitækjum og vogaráhöldum.

1. gr.
Löggildingargjöld.

1.	**Vogarlóð:**		
	Þyngd 1—200 g	kr.	10.00
	— ½ kg—20 kg	—	25.00
	— 50 kg	—	100.00
	— 4—8 oz	—	10.00
	— 1 lb—13½ lb	—	20.00
2.	**Metaskálar fyrir apótek og efnarannsóknastofur:**		
	Burðarþol: Allar stærðir	kr.	500.00
3.	**Jafnarma vogir:**		
	Burðarþol: Allar stærðir	kr.	200.00

4.	**Reizlur án mundangs:**		
	Burðarþol: Allar stærðir	kr.	200.00
5.	**Tugavogir, hundraðsvogir og rennilóðsvogir:**		
	Burðarþol: 10— 100 kg	kr.	200.00
	— 150— 500 kg	—	350.00
	— 600— 2 000 kg	—	600.00
	— 3 000—30 000 kg	—	2 000.00
6.	**Vísavogir:**		
	Burðarþol: 1— 5 kg	kr.	200.00
	— 10— 25 kg	—	300.00
	— 50— 200 kg	—	400.00
	— 300— 5 000 kg	—	800.00
	— 10 000—30 000 kg	—	2 000.00
	— yfir 30 000 kg	—	3 000.00
7.	**Kvarðar og málbönd:**		
	Lengd: ½ m—1 m	kr.	20.00
	— Stálmálbönd allt að 50 m	—	200.00
	— Mælivélar fyrir lengdarmál	—	400.00
8.	**Mæliker:**		
	Rúmtak: 1 dl—2 l	kr.	30.00
	— 10—50 l	—	50.00
	— Vínmælar (veltimælar og kúlumælar) 3—6 cl	—	200.00
9.	**Rennslismælar og benzínmælar fyrir olíur og benzín:**		
	Rennslismælar	kr.	300.00
	Benzínmælar	—	200.00
10.	Rennslismælar fyrir mjólk	kr.	300.00

2. gr.

Eftirlitsgjald (skoðunargjald af vogum).

Burðarþol:	1—200 kg	kr.	100.00
—	250—600 kg	—	200.00
—	Yfir 600 kg	—	300.00

3. gr.

Ef löggilding eða eftirlit fer ekki fram á löggildingarstofunni, reiknast auk ferðakostnaðar, kaupgjald fyrir starfsmenn löggildingarstofunnar samkvæmt taxta hennar yfir selda vinnu. Brot úr klukkustund reiknast sem heil klukkustund. Auk þess reiknast iðgjöld af vátryggingum á tækjum og ferðatryggingum.

Gjaldskrá þessi er hér með sett samkvæmt 5. gr. tilskipunar nr. 1 13. marz 1925, um mælitæki og vogaráhöld, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 92 28. marz 1969 um sama efni.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 9. maí 1973.

Ólafur Jóhannesson.

Jón Thors.

GJALDSKRÁ
fyrir Rafveitu Akraness.

I. KAFLI
RAFORKUSALA

Rafveita Akraness selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir.

1. Almenn notkun.

A.1. **Til lýsingar:** Um kWst.-mæli á kr. 3.17 hverja kWst. auk fastagjalds er reiknast þannig:

Kr. 5.20 á mánuði af hverjum m^2 gólfflatar, er lýsa skal. Þó skal aðeins reikna helming gólfflatar til gjalda í göngum og geymslum o. þ. h. Einnig í sjúkrahúsum, elliheimilum, vistheimilum fyrir börn. Ákvæði þetta nær ekki til starfsmannabústaða þessara stofnana.

B.1. **Til heimilisnotkunar:** Um kWst.-mæli á kr. 2.69 hverja kWst. auk fastagjalds er reiknast þannig:

Kr. 22.73 á mánuði fyrir hvert herbergi, sem ætlað er til íbúðar og eldhús. Herbergi, sem er minna en 5 m^2 skal reikna sem hálft, en ef herbergi er stærra en 25 m^2 skal reikna hverja byrjaða 25 m^2 sem herbergi.

C.1. **Til véla:** Um kWst.-mæli á kr. 3.17 hverja kWst. auk fastagjalds er reiknast þannig:

Kr. 67.00 á mánuði fyrir hvert kW í ástimpluðu rafafli fastra vinnuvéla. Eftir þessum lið má einnig selja raforku án fastagjalds til eldunar- og þvottatækja í sjúkrahúsum, elliheimilum, vistheimilum barna og í gisti- veitingahúsum.

Um kWst.-mæli án fastagjalds þannig:

A.2. **Til lýsingar og ýmissa nota, sem ekki verða felld undir aðra lið gjaldskrárinnar:**

Kr. 12.90 fyrir hverja kWst.

B.2. **Til véla og vinnulagna í byggingum í smíðum og til véla við Akranesshöfn.**

Kr. 6.75 fyrir hverja kWst.

C.2. **Til véla í matvælaiðnaði:**

Kr. 2.37 fyrir hverja kWst., enda sé uppsett rafafl fastra véla yfir 40 kW og árlegur nýtingartími vélanna eigi skemmri en 1200 kWst. á hvert uppsett kW þeirra. Rafveitan áskilur sér rétt til að rjúfa strauminn í allt að 1½ klst. á dag um hádegið á tíma mesta álags. Eftir þessum gjaldskrárlið má einnig selja raforku til rafsuðu málma.

D.2. **Til götu og hafnarlýsingar:**

Samkvæmt árlegri ákvörðun Bæjarstjórnar Akraness, og kosti rafveitan rekstur og viðhald lýsingarkerfisins.

Um mestaálagsmæli þannig:

A.3. **Til atvinnufyrirtækja með meira en 40 kW afl, sem mesta ársálag.**

Kr. 3097.00 fyrir hvert kW mesta álags á árinu, og kr. 0.92 fyrir hverja kWst.

2. Hitanotkun.

Um kWst.-mæli á:

D 1. kr. 1.77 á kWst. án rofs.
D 2. — 0.95 á kWst. með allt að 1½ klst. rofi á sólarhring.
D 3. — 0.89 á kWst. með allt að 2½ klst. rofi á sólarhring.
D 4. — 0.70 á kWst. með allt að 4½ klst. rofi á sólarhring.
D 5. — 0.51 á kWst. með allt að 14½ klst. rofi á sólarhring.

D 6. — 0.58 á kWst. ef notkun fer fram eingöngu á tímabilinu frá 1. maí—15. október ár hvert. Roftími er allt að 3 klst. á sólarhring. Einnig má selja eftir þessum taxta orku, sem rafveitunni er heimilt að rjúfa að vild.

Eftir taxta D 3 má einnig selja raforku með blönduðu rofi, þannig að hluti notkunar sé rofinn í 14½ klst. á sólarhring, en á móti sé a. m. k. jafn mikið afl órofið.

Gjaldið breytist með útsöluverði á dísilolíu í Reykjavík á hverjum tíma og miðast hér við grunnverð kr. 4.55 á olíulítra. KWsta. gjaldið standi jafnan á heilum eyri.

Sala til hitanotkunar er háð nánari ákvörðun rafveitustjóra og rafveitunefndar m. a. með tilliti til:

a. Af raforka sé aflögu vegna almennrar notkunar (forgangsnotkunar) að dómi rafveitustjóra.
b. Að vélaafl, spennar og rafstrengir þoli álag að dómi rafveitustjóra.
c. Verðlags og hagkvæmni slíkrar sölu að dómi rafveitustjóra og rafveitunefndar.

Notendur rafhita skulu fá skrifleg leyfi (hitaleyfi) fyrir slíka notkun. Þar skal greint frá hve mikið afl er heimilt að setja upp og hvaða gjaldalið skuli greitt eftir. Ef tvö ár eru liðin frá útgáfu slíks leyfis, en notkun ekki hafin, skal leyfið endurnýjað. Sé það ekki gert fellur leyfið úr gildi.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar.

d. Að straumur sé rofinn á tilskildum tíma með sjálfvirkum búnaði og kosti notandinn tengingu slíks búnaðar og greiði leigu af honum samkvæmt 2. kafla.
e. Að tæki, lagnir og allur búnaður í sambandi við rafhitunina sé samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar og settum reglum. M. a. ofnar fasttengdir með sérstökum rofum, hitastillar notaðir.
f. Að notkun um mæli hitalagnarinnar sé eigi minni en 6000 kWst. á ári. Undanþegin þessu ákvæði er þó notkun samkvæmt taxta D 1. Ef notkun er minni en 6000 kWst. á ári er rafveitunni heimilt að krefjast gjalds fyrir 6000 kWst. notkun eða færa notkunina yfir á taxta D 1.

Þegar sérstaklega stendur á, er rafveitustjóra heimilt, að tilskildu samþykki rafveitunefndar, að selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert skipti.

II. KAFLI
MÆLA- OG ROFALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum samkvæmt eftirfarandi:

1.	Af einfasa kWst.-mæli, allt að 30 amp.	kr.	9.78 á mán.
2.	Af þrífasa kWst.-mæli, 50 amp. og minni	—	19.55 – —
3.	Af þrífasa kWst.-mæli, yfir 50 amp. til 200 amp.	—	47.64 – —
4.	Af þrífasa kWst.-mæli, yfir 200 amp.	—	70.86 – —

Af klukkurofum skal notandinn greiða leigu sem hér segir:

1.	Af ein- eða tvípóla kl.rofa 40 amp. og minni	kr.	62.30 á mán.
2.	Af þrípóla kl.rofa 60 amp. og minni	—	78.20 – —
3.	Af þrípóla kl.rofa yfir 60 amp. til 200 amp.	—	97.70 – —
4.	Af þrípóla kl.rofa yfir 200 amp.	—	124.60 – —
5.	Af fjarstýrandi klukkurofa	—	19.55 – —

Af öðrum mælitækjum og rofum en þeim, sem nefndir eru í skránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði tækisins.

Leiguna skal innheimta um leið og gjald fyrir raforkuna.

III. KAFLI
TENGIGJÖLD
(Heimtaugar).

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtaugar eða spennistöðvar fyrir húsveitu.

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða tengigjald sem hér segir:

Gjaldskrárliður nr.	Málstraumur stofnvara 220 V kerfi amp.	380 V kerfi amp.	Flutningsgeta miðuð við stærð stofnvara kVA	Tengigjald jarðstrengsh. allt að 15 m eða loft.h. allt að 30 m kr.
1.1	2 × 60	1 × 60	13	6 023.00
1.2	3 × 60	2 × 60	22	8 454.00
1.3	3 × 100	3 × 60	38	12 240.00
1.4		3 × 100	66	20 034.00
1.5	3 × 200		76	22 722.00
1.6	3 × 350	3 × 200	132	37 381.00
1.7		3 × 350	231	63 768.00

Fyrir vinnuheimtaugar fyrir hús í byggingu á skipulögðum svæðum skal greiða kr. 2 203.00.

Lengd heimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu, stytztu greiðfæra leið að varkassa.

Yfirlengdargjald jarðstrengs reiknast á hvern meter umfram fyrstu 15 metrana þannig: Yj = (526 + 6, 6 × kVA kr./m.

Yfirlengd loftlínu reiknast á hvern meter umfram fyrstu 30 metrana þannig: Yl = (88 + 4, 7 × kVA) kr./m, að viðbættum kr. 4 400.00 á hvern stólpa í umfram línu.

Tengigjöld miðuð við stærð spenna.

Gjaldskrárliður nr.	Stærð spennis kVA	Tengigjald kr.
2.1	150	42 270.00
2.2	300	85 000.00
2.3	500	134 500.00
2.4	750	200 000.00

Tengigjald skal reikna eftir þessum gjaldskrárlið þegar spennistöð er byggð að mestu eða öllu leyti í þágu eins notanda. Skal notandi þá leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því, sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra vegna staðsetningar stöðvarinnar. Húsnæðið skal fullnægja að öllu leyti settum skilyrðum um gerð spennistöðvahúsa. Kostnaður notandans við gerð húsnæðis fyrir spennistöðina kemur til frádráttar tengigjaldi skv. þessari gjaldskrá. Þó aldrei meiri frádráttur en tengigjaldinu nemur.

Þessi gjaldskrá tengigjalda, gildir í skipulögðum hverfum innan Akraneskaupstaðar. Í óskipulögðum hverfum greiðist tengigjald eftir kostnaði, skv. reikningi rafveitunnar. Tengigjald fellur í gjalddaga, þegar setningu heimtaugar eða byggingu spennistöðvar er lokið.

IV. KAFLI
OPNUNARGJÖLD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun, krónur 200.00.

2. Ef fundin er óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi opnuð fyrr en notandinn hefur greitt kr. 200.00 gjald í skrifstofu rafveitunnar.

Í framangreindum verðum er innifalinn söluskattur og viðlagagjald, nema í kafla II, sölu til hitanotkunar, en á þá sölu er ekki lagður söluskattur né viðlagagjald.

Bæjarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í 1. kafla þessarar gjaldskrár, um allt að 20% án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda sé breytingin auglýst í Lögbirtingablaðinu, áður en til hennar kemur.

Ákvæði bráðabirgðalaga nr. 40 30. apríl 1973, um niðurfærslu verðlags o. fl., taka til gjalda skv. gjaldskrá þessari.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Akraness nr. 161 13. júní 1972.

Iðnaðarráðuneytið, 9. maí 1973.

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.

Nr. 149. 12. marz 1973.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

I. KAFLI
Gildissvið.

1. gr.

Gjaldskrá þessi gildir fyrir orkuveitusvæði Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

II. KAFLI
Heimtaugagjöld.

2. gr.

Heimtaugagjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

			Jarðstrengur		Loftlína	
			stofngjald kr.	lengdargjald kr./m	stofngjald kr.	lengdargjald kr./stólpa
1	25 A	1-fasa			6 914	8 068
2	60 A	—	1 578	696	8 068	9 217
3	100 A	—	1 578	835	10 372	11 525
4	25 A	3-fasa			8 068	9 217
5	60 A	—	1 578	835	10 372	11 525
6	100 A	—	4 777	950	13 830	14 405
7	200 A	—	16 423	1 442	27 659	17 288
8	300 A	—	66 537	x		
9	150 kVA	—	76 321	x		
10	300 kVA	—	152 643	x		
11	500 kVA	—	254 404	x		
12	800 kVA	—	407 047	x		

A merkir málstraum (amper) vara í stofnvarkassa (eða stofnvara innan við stofntengikassa).

kVA merkir málraun (kilovoltamper) spennis, þegar um sérspennistöð er að ræða.

x Greiðist skv. kostnaði.

3. gr.

3.1 Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast í heilum metrum (m) frá lóðarmörkum eða næsta útitengikassa að stofnvarkassa (eða stofntengikassa) hússins. Lengdargjald (kr./m) greiðist skv. töflu í 2. gr. Rafmagnsveitan ákveður legu heimtaugarinnar.

3.2 Sjái húseigandi, á eigin kostnað, um lögn frá útitengikassa eða rofa í spennistöð að eigin stofntengikassa eða töflu, greiðir hann aðeins stofngjald skv. töflu í 2. gr. og annast sjálfur viðhaldið.

3.3 Fyrir loftlínuheimtaugar greiðist lengdargjald skv. töflu í 2. gr., ef setja þarf sérstaka stólpa vegna fjarlægðar eða afstöðu stofnkassa til notendalínu.

3.4 Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óvenjulegar, er heimilt að krefjast sérstaks aukagjalds af húseiganda.

3.5 Í byggingahverfum, sem sérstaklega eru skipulögð sem ein heild, er Rafmagnsveitunni heimilt að jafna lengdargjöldum niður á umsækjendur heimtauga.

3.6 Þegar loftlínuheimtaug (aðalheimtaug) er breytt í jarðstrengsheimtaug, svo og þegar jarðstrengsheimtaug er stækkuð, skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá þegar breytingin fer fram. Þegar breytingar af þessu tagi fara fram í heilum hverfum, er heimilt að jafna gjöldunum niður á húseigendur.

4. gr.

Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna ákveðins notanda og hún að mestu leyti notuð í þágu hans, skal notandanum skylt að leggja til lóð undir stöðina Rafmagnsveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum Rafmagnsveitunnar um stærð lóðarinnar og staðsetningu stöðvarinnar.

5. gr.

Heimtaugargjald skal greitt við umsókn.

III. KAFLI

Mælaleiga.

6. gr.

Rafmagnsveitan ákveður stærð og gerð mælitækja, sem notuð eru á hverjum stað í sambandi við sölu á raforku.

Ársleiga eftir mælitæki skal vera sem hér segir:

Tegund mælitækis	Upp að 30 A kr.	35—50 A kr.	55—100 A kr.	Yfir 100 A kr.
Einfasa kWst.-mælar, hemilmælar og lausar skiptiklukkur einar sér ..	108.00			
Þrífasa kWst.-mælar, þrífasa hemilmælar, einfasa frádráttarmælar, lausir	240.00	402.00	463.20	772.80
Tvígjaldsmælar, mestumælar	402.00	463.20	734.40	1 174.80

Rofar:

1 × 10 A—2 × 30 A	602.40
3 × 15 A—3 × 60 A	734.40
3 × 100 A—3 × 350 A	1 777.20

Ársleiga eftir önnur mælitæki skal vera sem næst 15% af verði viðkomandi tækis, eftir nánari ákvörðun Rafmagnsveitunnar.

Ekki skal greiða leigu eftir mæla, sem notaðir eru skv. 3. tl. 8. gr.

Leiga skal greidd samtímis gjaldi fyrir raforku.

IV. KAFLI
Sala raforku.

7. gr.

Verð á raforku til lýsingar skal ákveðið sem hér segir:

7.1 Kr. 13.72 hver kWst., sem seld er um kWst.-mæli.

7.2 Kr. 18 847.60 hver árskilowatt til útilýsingar, þótt mælitækjum verði ekki við komið, svo og raforku til götulýsingar, enda greiði þá notandi að auki stofnkostnað eða viðhaldskostnað að fullu, eftir ákvörðun Rafmagnsveitunnar.

7.3 Kr. 3.64 hver kWst., sem seld er um kWst.-mæli. Auk þess ber þá að greiða fastagjald, er nemi kr. 1 884.76 á ári fyrir allt að 25 ferm. gólffletarmáls rýmis þess, er lýsa skal, og kr. 58.18 fyrir hvern ferm. umfram 25 ferm. Fyrir ganga og geymslur skal deila fermetragjaldinu með 3.5.

7.4 Kr. 3 905.05 hvert árskilowatt, og öll notkun kr. 3.64 hver kWst., ef um meira en 2.5 kW-afl er að ræða og árlegur notkunartími meiri en 2000 klst. Verði aflmælingu skv. þessum lið ekki beitt, skal reikna fyrir hvern fermetra gólffletarmáls 15 wött á kr. 2 363.49 árskW. Sé notuð lýsing með flúrlömpum, er heimilt að miða gjald skv. 1.—4. tl. við voltamper í stað watta.

8. gr.

Verð á raforku til almennrar heimilisnotkunar skal ákveðið sem hér segir:

8.1 Raforka til ljósa um sérmæli skal seld skv. 1. tl. 7. gr., en raforka til heimilisvéla um sérstakan mæli skal seld á kr. 3.42 hver kWst.

8.2 Heimilt er að selja raforku til notkunar í skrifstofum, verzlunum og verkstæðum skv. lið 8.1.

8.3 Kr. 2.97 hver kWst., sem seld er um kWst.-mæli, og auk þess fastagjald kr. 287.67 á ári af hverju íbúðarherbergi.

8.4 Kr. 2.97 hver kWst., sem seld er um sérmæli til suðunotkunar í veitingahúsum, gistihúsum og öðrum slíkum stöðum.

8.5 Kr. 2.97 hver kWst., sem seld er til súgþurrkunar á heyi.

8.6 Kr. 10 179.80 hvert árskW., sem selt er um hemilmæli og auk þess kr. 2.78 hver kWst., fyrir umframnotkun. Hemilstilling skal vera minnst 500 wött, að viðbættum 100 wöttum fyrir hvert íbúðarherbergi umfram tvö.

8.7. Kr. 10 179.80 hvert árskW., sem selt er um hemilmæli til notkunar í skrifstofum, verzlunum og verkstæðum. Umframnotkun skal seld á kr. 2.78 og hemilstilling miðuð við 500 wött fyrir hverja 25 ferm. gólffletar eða minna, og síðan 100 wött fyrir hverja 12 ferm. eða minna. Beita skal 3. tl. 7. gr. við ákvörðun gjaldsins. Ef óskað er hærri hemilstillingar en um getur í þessum tölulið, skal gjaldið vera kr. 18 847.60 hvert árskW.

8.8 Kr. 2.58 hver kWst., þegar orkan er seld sjúkrahúsum, heilsuverndarstöðvum, vistheimilum fyrir börn og elliheimilum. Taxti þessi tekur ekki til starfsmannabústaða þeirra, sem eru utan aðalbygginga viðkomandi stofnunar.

9. gr.

Verð á raforku til vélarekstrar skal ákveðið sem hér segir:

9.1 Kr. 6.84 hver kWst., sem seld er um kWst.-mæli.

9.2 Kr. 1 370.00 hvert uppsett árskW, og öll notkun kr. 2.68 hver kWst.

9.3 Ef raforka er seld um mestu-mæla fyrir mesta notað afl, skal greiða fyrir notkunina svo sem hér segir:

Kr. 2 294.89 á árskW.

Auk þess skal greiða kr. 1.17 fyrir hverja kWst.

9.4 Kr. 7 434.56 fyrir hvert árskW, sem selt er um hemilmæli, og kr. 3.64 hver kWst., sem umfram er. Rafmagnsveitan ákveður stillingu hemilmælis hverju sinni. Raforku til hitunar í iðnaði má selja skv. þessum lið.

9.5 Kr. 7.22 fyrir hverja kWst., sem seld er til vinnuvéla, vinnuljósa og annarra nota við húsbyggingar, meðan á framkvæmdum stendur.

10. gr.

Verð á raforku til hitunar skal ákveðið sem hér segir:

10.1 Kr. 1.44 hver kWst., seld um kWst.-mæli, enda sé lágmarksnotkun 10 000 kWst. á ári.

10.2 Kr. 1.02 hver kWst. (án söluskatts), sem seld er um kWst.-mæli, ef straumur er rofinn allt að tveim klst. tvisvar á dag.

10.3 Heimilt er að selja raforku til heimilisnota á kr. 1.10 hverja kWst. (án söluskatts), en þá skal fastagjald vera kr. 2 857.95 á ári fyrir eins herbergis íbúð og kr. 1 313.70 að auki fyrir hvert herbergi, sem þar er fram yfir, allt að kr. 8 118.17 á ári.

10.4 Kr. 1.25 hver kWst. fyrir notkun til hitunar á neyzluvatni, stóra kæliklefa og fyrir vatnsdælur í íbúðarhúsum.

10.5 Kr. 0.74 hver kWst. (án söluskatts), sem seld er um kWst.-mæli, ef straumur er rofinn með klukkurofa í tvær klst. tvisvar á dag.

10.6 Kr. 0.47 hver kWst. (án söluskatts), sem seld er um kWst.-mæli, ef straumurinn er rofinn með klukkurofa kl. 9—21, enda séu fyrir hendi nægilega stórir hitageymar til dagsnotkunar. Þegar um er að ræða hitun í húsrými, sem er stærra en 2 000 rúmmetrar, eða aðra hliðstæða notkun á afli, er heimilt að láta raforku í té á tímanum kl. 12.30—15.30.

10.7 Kr. 0.70 hver kWst., sem seld er um tvígjaldsmæla á tímabilinu kl. 22.00—9.00 og kr. 2.97 hver kWst., sem er á tímabilinu kl. 9.00—22.00.

11. gr.

Rafmagnsveitan má, með samþykki borgarráðs, selja raforku eftir sérstökum samningi.

Heimilt er að setja sérstök skilyrði um raforkusölu til ígripanotkunar fleiri en eins aðila um sama mæli, svo sem um hafnarskápa, og annars staðar, þar sem þess er talin þörf, þar með talið að krefjast fyrirframgreiðslu og tengigjalds. Rafmagnsveitunni er heimilt að ákveða sérstakt gjald fyrir launafl hjá þeim notendum, sem kaupa orku samkv. aflgjaldskrá.

12. gr.

Borgarstjórn ákveður gjald fyrir götu- og hafnarlýsingu.

13. gr.

Rafmagnsveitu Reykjavíkur er heimilt að breyta gjaldskrá þessari til samræmis við verðbreytingar samkvæmt hlutfallsgrundvelli, sem fæst úr síðasta ársreikningi Rafmagnsveitunnar, enda sé grundvöllurinn lagður fyrir stjórn veitustofnana borgarinnar til staðfestingar. Ef fyrirhuguð gjaldskrárhækkun nemur meira en 20% skal leita staðfestingar ráðherra.

Þættir þeir, sem tekið skal tillit til, eru: orkukaup, verðjöfnunargjald, laun, vélakostnaður og efni. Gjaldskrárbreytingar samkv. framansögðu er heimilt að framkvæma allt að tvisvar á ári, jafnan miðað við 1. janúar og 1. júlí. Fyrirhugaðar gjaldskrárbreytingar skulu tilkynntar Orkustofnun, áður en þær taka gildi.

Telji Borgarstjórn Reykjavíkur nauðsyn á, að ráðstafanir séu gerðar til að draga úr rafmagnsnotkun, er henni m. a. heimilt að hækka rafmagnsverðið á notkun umfram meðalnotkun í hverjum gjaldskrárlið allt að 10-földu verði. Í útreikningi meðalnotkunar skal tekið tillit til orku- og aflþarfar.

14. gr.

Verð orku um hvern mæli reiknist í heilum krónum, þannig að færri aurum en 50 sé sleppt, en ella sé upphæðin hækkuð upp í næstu heila krónu.

V. KAFLI
Ýmis ákvæði.

15. gr.

Nú er notuð heimild til að rjúfa straum á veitu vegna vanskila notanda með greiðslu gjalda, skv. gjaldskrá þessari, og skal þá taka gjald, kr. 100 00, fyrir að setja straum á að nýju.

16. gr.

Ef í ljós kemur við skoðun, að notuð eru óleyfileg vör eða of stór, skal loka veitunni tafarlaust, og er ekki heimilt að opna hana að nýju, fyrr en notandi hefur greitt gjald, kr. 100.00, til Rafmagnsveitunnar.

17. gr.

Skilyrði fyrir sölu raforku til hitunar skv. 10. gr. eru þau, að vélaafl, götulínur og spennar þoli álagið að dómi rafmagnsstjóra, notandi kosti tengingu klukkurofa og búnaði öllum sé hagað skv. fyrirmælum rafmagnsstjóra.

18. gr.

Í útreikningi á fjölda herbergja í íbúð skal aðeins telja stofur og svefnherbergi o. þ. h., en ekki eldhús. Herbergi minna en 5 m^2 skal telja sem hálft, en þar sem herbergjastærð fer fram úr 25 m^2 skal reikna hverja byrjaða 25 m^2 sem eitt herbergi. Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er minni en 10 m^2 má reikna með þeirri meðalstærð. Þegar heildartala herbergja hefur verið reiknuð út samkvæmt þessu skal hún hækkuð upp í heila næstu tölu, ef stendur á hálfu.

19. gr.

Söluskattur 11% og 2% viðlagasjóðsgjald eru talin með í upphæð gjalda þeirra, sem um ræðir í gjaldskrá þessari.

20. gr.

Rafmagnsveitan leiðbeinir gjaldendum, er þess óska, um val gjaldskrárliða eftir tegund notkunar.

21. gr.

Gjaldskrá þessa skal endurskoða í heild eigi síðar en að fimm árum liðnum.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkv. vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1957 til að taka gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis, nr. 61 7. marz 1972.

Iðnaðarráðuneytið, 12. marz 1973.

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 15 — 1973

25. maí 1973. 301 Nr. 150.

GJALDSKRÁ

og reglur fyrir símaþjónustu.

I. KAFLI

Gjaldskrá fyrir talsímanotendur í sambandi við sjálfvirkar miðstöðvar.

A. Stofngjald.

1.1.	Fyrir venjulegt talfæri með línu og númeri í miðstöð	kr. 8 500.00
1.2.	Fyrir 1 aukatalfæri í sama húsi (ekki hægt að tala á milli)	— 2 100.00
1.3.	Fyrir venjulega aukabjöllu	— 700.00
1.4.	Fyrir aukatengil	— 1 000.00

Stofngjald fyrir aukatalfæri í öðrum húsum og fyrir einkasímstöðvar verður ákveðið af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti. Svo er og um önnur tæki og aðrar gerðir símabúnaðar en að framan greinir með hliðsjón af línulengd og kostnaði.

Framangreind gjöld miðast við síma innan marka samfelldrar þéttrar byggðar út frá hlutaðeigandi símstöð, samkvæmt nánari ákvörðun póst- og símamálastjórnarinnar. Þó greiðist aukagjald þegar leggja á síma í hús, sem stendur meira en 50 metra frá aðalvegi, þar sem aðaljarðsímar liggja.

Utan þessara marka greiðist aukastofngjald af línuleiðinni frá nefndum mörkum og til hlutaðeigandi notanda. Nefnd aukagjöld eru ákveðin af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti.

Hluti af stofngjaldi — að jafnaði helmingur — greiðist fyrir fram, þegar símapöntun hefur verið tekin til greina og undirbúningsframkvæmdir eru hafnar, og afgangurinn þegar síminn er tengdur í samband, og er þá miðað við hina gildandi gjaldskrá á hverjum tíma.

Þegar handvirkum síma er breytt í sjálfvirkan síma, má krefjast aukastofngjalds, sem svarar hálfum mismun á stofngjaldi við sjálfvirkan og handvirkan síma.

Ofanskráð stofngjöld fyrir aukatalfæri og annan aukabúnað gilda aðeins, þegar sami aðili hefur búnaðinn.

Póst- og símamálastjórninni er heimilt að veita löggiltum rafverktökum sérstakt leyfi til að draga símataugar í símapípur, sem tilheyra viðkomandi íbúðum enda hafi áður verið komið á samstarfi við hlutaðeigandi rafveitur varðandi samþykki teikninga fyrir símalagnir.

Hér er aðeins um að ræða einfaldar símalagnir í íbúðarhúsum, það er uppsetningu á tenglum, sem póst- og símamálastjórnin hefur viðurkennt og tengingu þeirra, en ekki tengingu inn á húskassa.

Símnotendur ráða fjölda tengla, enda fellur stofngjald af þeim niður í þessum tilfellum.

Reykjavík. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

B. Afnotagjald.

Afnotagjald greiðist ársfjórðungslega fyrir fram. Umframgjald miðast að jafnaði við notkun símans næsta eða næstsíðasta ársfjórðung á undan.

Þó má þegar sérstaklega stendur á, vegna tilfærslu á greiðslumánuði ársfjórðungsgjalda, krefjast afnotagjalda 1—2 mánuði fram í tímann, þegar tilfærsla fer fram.

Þegar væntanlegur símnotandi, sem pantað hefur síma, en af einhverjum ástæðum hefur ekki vilja til þess að taka við honum, þegar stofnunin er reiðubúin að veita aðgang að línu og númer í miðstöð, skal þó reikna hið venjulega afnotagjald af símanum strax frá þeim tíma er stofnunin gat látið umbeðna þjónustu í té, og síðari hluta stofngjalds.

Ársfjórðungsgjaldið er:

1.1. Kr. 1 280.00 að viðbættum kr. 3.10 fyrir hvert teljaraskref umfram 525 á ársfjórðungi, nema þar sem notendafjöldi er yfir 20 000 á sama stöðvargjaldssvæði, þar verða 400 skref innifalin í afnotagjaldi.

1.2. Fyrir verzlunar- og/eða atvinnusíma greiðist gjaldið í 1.1. hér að framan, auk kr. 400.00 á ársfjórðungi.

Hjá notendum, sem hafa tvær eða fleiri línur í sjálfskiptireit stöðvarinnar, er flokkunin miðuð við meðalsamtalafjölda á línunum. Þeir, sem hafa tvö eða fleiri samfelld númer í sjálfskiptireit, en ekkert miðstöðvarborð, greiða aukagjald, sem póst- og símamálastjórnin ákveður.

Framangreind gjöld miðast við síma innan marka samfelldrar þéttrar byggðar út frá hlutaðeigandi miðstöð, samkvæmt nánari ákvörðun póst- og símamálastjórnarinnar.

Utan þessara marka greiðist fjarlægðargjald af línuleiðinni frá nefndum mörkum og til hlutaðeigandi notanda.

2.1. Fyrir 1 aukatalfæri í sama húsi (ekki hægt að tala á milli) ..... kr. 175.00
2.2. Fyrir venjulega aukabjöllu ..... — 50.00

3.1. Afnotagjald fyrir sjálfvirkar einkasímastöðvar (PABX) kr. 400.00 fyrir hvert innanhússnúmer og kr. 800.00 fyrir hvert miðstöðvarlínunúmer í einkasímastöð hjá notanda.

3.2. Gjald fyrir handvirkar einkasímastöðvar (CB) kr. 145.00 fyrir hvert númer og miðstöðvarlínunúmer í einkasímstöð hjá notanda.

3.3. Línugjald frá símamiðstöð til einkasímstöðvar eftir samtalafjölda samkvæmt ákvæðum í 1. lið.

3.4. Talfæragjald: kr. 325.00 fyrir hvert talfæri í sama húsi, annars bætast við línuleigur.

3.5. Sjálfvirkar einkasímstöðvar, sem fylgt hafa sérgjaldskrá, gera svo einnig framvegis með hliðstæðum breytingum og í hinni almennu gjaldskrá.

Afnotagjald það, sem talið er í B 1.1., 1.2., 2.1., 2.2., 3.1., 3.2., 3.3., 3.4. og 3.5 hér að framan, gildir því aðeins, að sami aðili hafi öll tækin.

C. Flutningsgjald.

1. Milli húsa á svæði sömu miðstöðvar fyrir hvert venjulegt talfæri með línu ..... kr. 4 250.00
(Flutningsgjald greiðist að fullu, enda þótt símí sé fyrir í því húsi, sem flutt er í).

2. Innanhúss, á aðaltalfæri, aukatalfæri, aukabjöllu eða tengli:
   a. Í sömu íbúð eða innan 20 m fjarlægðar á sömu hæð ..... — 700.00
   b. Annars staðar í sama húsi á aðaltalfæri og aukatalfæri ..... — 1 400.00
3. Frá húsi á svæði annarrar símstöðvar ..... — 5 700.00

Sé um óvenjulega kostnaðarsaman flutning að ræða, eða flutning á öðrum tækjum, sem ekki eru nefnd hér að framan, greiðist gjald, sem er ákveðið af póst- og símamálastjórninni.

Sé sími fluttur á sama ári og hann er settur upp, eða oftar en einu sinni á sama ári, innan svæðis sömu símstöðvar, og aðeins er um nýja innanhússlögn að ræða og ekki neinn óvenjulegan kostnað, má lækka flutningsgjaldið (milli húsa) niður í allt að kr. 2.125.00 ef flutt er innan 6 mánaða, en í allt að kr. 2 800.00 ef 6—12 mánuðir líða á milli.

D. Viðtökugjald og gjald fyrir númeraskipti.

Flytji einhver í hús og taki samtímis við síma af öðrum aðila, sem hættir að vera símnotandi og án breytinga á símalögn, greiðist sama gjald og fyrir flutning milli húsa, þó hvorki af tengli né aukabjöllu.

Viðtökugjald lækkar í kr. 700.00 af heimilissíma, þegar barn eða tengdabarn tekur við símanum af foreldri og gagnkvæmt. Sama gildir um systkini.

Óski símnotandi að skipta um símanúmer og verði það samþykkt, er gjald fyrir slík númeraskipti kr. 1 500.00.

Viðtöku- og flutningsgjald fyrir miðstöðvarborð og önnur áhöld, sem ekki eru nefnd hér að framan, verður ákveðið af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti.

E. Leiga og uppsögn.

1.1. Segja má símasambandinu upp um mánaðamót með minnst 1 mánaðar fyrirvara, og skal það gert skriflega.

1.2. Þegar sérstaklega stendur á, svo sem þegar um bráðabirgðasíma er að ræða, má þó leigja afnot af síma e. þ. l. fyrir lægra gjald en venjulegt árlegt afnotagjald, og ákveðst gjaldið þá í hverju tilviki af póst- og símamálastjórninni með tilliti til aðstæðna. Sama gildir um stofngjald.

II. KAFLI

Gjaldskrá fyrir talsímanotendur í sambandi við handvirkar miðstöðvar, sbr. þó III. kafla um notendasíma í sveitum.

A. Stofngjald.

1.1. Fyrir venjulegt talfæri með línu og númeri í símamiðstöð ..... kr. 6 900.00
1.2. Fyrir hvert aukatalfæri í sömu íbúð ..... — 2 100.00
1.3. Fyrir aukabjöllu (venjulega) ..... — 700.00
1.4. Fyrir tengil (með rafvökum) ..... — 1 100.00

B. Afnotagjald á ársfjórðungi.

1. Fyrir hvert venjulegt talfæri með línu og númeri í miðstöð.

Afnotagjaldið er tilfært í heilum krónum.

1.1.

Afgreiðslutími miðstöðvar virkum dögum	Sérlína	2—3 notendur á sömu línu	Yfir 3 notendur á sömu línu
2 std.	590	470	360
4 —	790	640	470
6 —	890	730	530
8 —	1 000	800	600
10 —	1 090	870	640
12 —	1 120	890	670
14 —	1 160	920	710
16 —	1 200	970	730
24 —	1 280	1 020	760

Ef afgreiðslutími stöðvar er lengdur frá því sem að framan getur, bætist við ársfjórðungsgjaldið fyrir hverja ½ klukkustund til viðbótar sem svarar fjórðungi af mismun milli flokka fyrir sérlínu, en hlutfallslega lægra, ef fleiri eru á línu. Viðbótargjaldið skal þó hækka eða lækka þannig að standi á heilum tug króna.

2. Fyrir aukabúnað.

2.1. Fyrir hvert venjulegt aukatalfæri í sömu íbúð ..... kr. 325.00
2.2. Fyrir hvert venjulegt aukatalfæri annars staðar í sama húsi ..... — 460.00
2.3. Fyrir hvert venjulegt aukatalfæri í öðru húsi verður ákveðið í hverju tilfelli með hliðsjón af línulengd og kostnaði.
2.4. Fyrir hverja venjulega aukabjöllu í sama húsi ..... — 50.00

Afnotagjald það, sem talið er í 2., 3. og 4. lið hér að framan, gildir því aðeins, að sami aðili hafi öll áhöldin.

3. Almenn ákvæði.

Ofannefnt afnotagjald fyrir talfæri með línu og númeri í miðstöð hækkar um 30% hjá hvers konar atvinnu- og verzlunarfyrirtækjum og hjá einstökum atvinnurekendum og öðrum aðilum, sem að áliti stöðvarstjóra nota símann sérstaklega mikið. Þessi hækkun gildir þó ekki á stöðvum með afgreiðslutíma undir 10 klst. á virkum degi.

Afnotagjald fyrir talsíma greiðist fyrir fram einn ársfjórðung í senn, og eru gjalddagar 1. virkan dag í janúar, apríl, júlí og október. Þegar um nýtt samband er að ræða fer hæð gjaldsins í fyrsta sinn eftir því, hve langur tími er eftir af ársfjórðungi þeim, sem stendur yfir, þegar símasambandið er opnað, og telst þá hluti úr mánuði sem heill mánuður.

Þegar væntanlegur símnotandi, sem pantað hefur síma, en af einhverjum ástæðum hefur ekki vilja til þess að taka við honum, þegar stofnunin er reiðubúin að veita aðgang að línu og númer í miðstöð, skal þó reikna hið venjulega afnotagjald af símanum strax frá þeim tíma er stofnunin gat látið umbeðna þjónustu í té, og síðari hluta stofngjalds.

Afnotagjald fyrir einkasímstöðvar, svo og annan símabúnað en að framan greinir, er ákveðið af póst- og símamálastjórninni hverju sinni.

C. Flutningsgjöld.

1.1.	Milli húsa á svæði sömu miðstöðvar, fyrir hvert venjulegt talfæri með línu	kr. 3 450.00
1.2.	Innanhúss, á aðaltalfæri, aukatalfæri, aukabjöllu eða tengli.	
1.2.1.	Í sömu íbúð eða innan 20 m fjarlægðar á sömu hæð	— 700.00
1.2.2.	Annars staðar í sama húsi á aðaltalfæri og aukatalfæri	— 1 400.00
1.3.	Frá húsi á svæði annarrar miðstöðvar	— 4 700.00

Ofannefnd gjöld, sem nefnd eru undir B og C, eru lágmarksgjöld. Ef nýlagnir krefjast tiltölulega mikils kostnaðar að dómi póst- og símamálastjórnarinnar vegna tæknilegra annmarka, verða gjöldin ákveðin af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti.

Flutningsgjald greiðist fyrir fram áður en verkið er hafið.

Sé sími fluttur á sama ári og hann er settur upp, eða oftar en einu sinni á sama ári, og aðeins er um nýja innanhússlögn að ræða og ekki neinn óvenjulegan kostnað má lækka flutningsgjaldið (milli húsa) niður í allt að kr. 2 125.00.

D. Viðtökugjald og gjald fyrir númeraskipti.

Flytji einhver í hús og taki samtímis við síma af öðrum aðila, sem hættir að vera símnotandi og án breytinga á símalögn, greiðist sama gjald og fyrir flutning milli húsa, þó hvorki af tengli né aukabjöllu.

Viðtökugjald lækkar í kr. 700.00 af heimilissíma, þegar barn eða tengdabarn tekur við símanum af foreldri og gagnkvæmt. Sama gildir um systkini.

Óski símnotandi að skipta um símanúmer og verði það samþykkt, er gjald fyrir slík númeraskipti kr. 1 500.00.

Viðtöku- og flutningsgjald fyrir skiptiborð og önnur áhöld, sem ekki eru nefnd hér að framan, verður ákveðið af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti.

E. Leiga og uppsögn.

1.1. Segja má símasambandinu upp um mánaðamót með minnst 1 mánaðar fyrirvara, og skal það gert skriflega.

1.2. Þegar sérstaklega stendur á, svo sem þegar um bráðabirgðasíma er að ræða, má þó leigja not af síma e. þ. l. fyrir lægra gjald en venjulegt árlegt afnotagjald, og ákveðst gjaldið þá í hverju tilfelli af póst- og símamálastjórninni með tilliti til aðstæðna. Sama gildir um stofngjald.

III. KAFLI

Notendasímar í sveitum.

Um notendasíma á ábýlisjörðum í sveitum gilda eftirfarandi almennar reglur:

1.1. Stofngjald fyrir hvern handvirkan síma er kr. 4 800.00. Sé um sérstaklega örðugar eða kostnaðarsamar lagnir að ræða ákveðst stofngjald af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti eða eftir samkomulagi.

1.2. Stofngjald fyrir sjálfvirka síma sama og í I. kafla A, en þó með 20% afslætti, ef 2—3 eru saman um línu, en 40% afslætti, ef þeir eru fleiri um línuna.

Ársfjórðungsgjald er sem hér segir:

1.2.1. Fyrir hvern handvirkan síma í sambandi við:

Afgreiðslutími miðstöðvar á virkum dögum	
2 std.	kr. 290.00
4 —	— 370.00
6 —	— 460.00
8 —	— 530.00
10 —	— 560.00
12 —	— 580.00
14 —	— 620.00
16 —	— 640.00
24 —	— 670.00

1.2.2. Fyrir hvern sjálfvirkan síma greiðist sama gjald og um getur í I. kafla B.

1.3. Síminn fylgir jörðinni, og má ekki rifta því. Nýr ábúandi á jörðinni þarf ekkert viðtökugjald að greiða.

1.4. Flutning á símanum, ef notandi óskar, greiði hann eftir reikningi.

1.5. Leggist jörð í eyði eða ef ábúandi vill ekki hafa símann, má taka hann burtu. Línuna skal þó ekki taka niður á fyrsta ári, ef líkur benda til, að jörðin verði aftur í byggð eða ábúendaskipti verði. Allt í samráði við hlutaðeigandi oddvita.

1.6. Við nýlagningu annist hlutaðeigendur á sinn kostnað flutning efnis frá skipshlið á Eimskipafélagshöfn út á línustæðið, svo og dreifingu efnisins þar.

1.7. Símnotendur eru að sjálfsögðu háðir sömu reglum og venjum, sem almennt gilda um meðferð símtækja og starfrækslu notendasíma.

1.8. Landssíminn hefur að sjálfsögðu, hvenær sem er, heimild til að fjölga símum út frá notendasímalínum eða í framhaldi af þeim.

1.9. Stofngjöld greiðast fyrir fram og eigi síðar en þegar síminn er tengdur í samband. Afnotagjald greiðist fyrir fram fyrir einn ársfjórðung í senn, og eru gjalddagar 1. virkan dag í janúar, apríl, júlí og október.

Þegar um nýtt gjald er að ræða, fer gjaldið í fyrsta sinn eftir því, hve langur tími er eftir af ársfjórðungnum, sem stendur yfir, þegar símasambandið er opnað, og telst þá hluti úr mánuði sem heill mánuður.

1.10. Undir ákvæði þessa kafla gjaldskrárinnar falla símar bænda í sveitum almennt, nema þeirra, sem búa í hverfum, þorpum eða kauptúnum eða í nágrenni þeirra og hafa síma á sérstakri línu eða fáir saman á línu; en um síma þeirra fer eftir ákvæðum I. eða II. kafla eftir því, sem við á, allt samkvæmt ákvörðun póst- og símamálastjórnarinnar. Þannig greiðist afnotagjald fyrir síma í sumarbústöðum, veiðiskálum, íþróttaskálum, skólum, gisti- og veitingastöðum, hjá iðnrekendum, atvinnurekendum eða verzlunum o. s. frv., samkvæmt I. eða II. kafla, en ekki samkvæmt þessum kafla. Um síma hjá öðrum aðilum eða stofnunum í sveit, eða þar sem sérstaklega stendur á, fer í hvert skipti eftir ákvörðun póst- og símamálastjórnarinnar eða eftir samkomulagi.

IV. KAFLI
Símtalagjald.

A. Símtalagjald innanlands

Gjöld fyrir langlínusímtöl sem valin eru sjálfvirkt:

1.1. **Dagtaxti** er frá kl. 08:00 til kl. 20:00 frá mánudegi til föstudags og frá kl. 08:00 til kl. 15:00 á laugardögum.

Gjald flokkur	Skref í sek.	Verð fyrir hv. mín. kr.
O	ót. tími	
A	60 sek.	3.10
B	45 —	4.15
C	30 —	6.20
1	24 —	7.75
2	12 —	15.50
3	10 —	18.60
4	8 —	23.25
5	6 —	31.00

1.2. **Næturtaxti** er frá kl. 20:00 til kl. 08:00 til kl. 08:00 frá mánudegi til föstudags og frá kl. 15:00 á laugardag til kl. 08:00 næsta mánudag.

Gjald flokkur	Skref í sek.	Verð fyrir hv. mín. kr.
A	120 sek.	1.55
B	90 —	2.10
C	60 —	3.10
1	45 —	3.90
2	24 —	7.75
3	20 —	9.30
4	15 —	11.65
5	12 —	15.50

B. Langlínusímtöl afgreidd um handvirkar símamiðstöðvar.

		Minnsta gjald	Umframgjald pr. mín.
1.1.	Um 0— 10 km línulengd	kr. 21.00	kr. 7.00
	— 10— 25 — —	— 36.00	— 12.00
	— 25—100 — —	— 48.00	— 16.00
	— 100—225 — —	— 63.00	— 21.00
	— 225—350 — —	— 75.00	— 25.00
	Yfir 350 — —	— 93.00	— 31.00

Ofannefnt símtalagjald gildir ekki, þegar um sjálfvirka afgreiðslu milli stöðva er að ræða, en þá er í hverju tilfelli ákveðið hvernig reikna skuli greiðslu fyrir millistöðva-símtöl.

1.2. Hraðsímtal: þrefalt venjulegt símtalagjald.
1.3. Forgangshraðsímtal: tífalt venjulegt símtalagjald.
1.4. Kvaðning: kr. 22.00. Kvaðningsgjald greiðist hvort sem náðst hefur í umbeðinn mann eða ekki.

1.5. Afgreiðslugjald: kr. 30.00 reiknast ávallt fyrir handvirka afgreiðslu símtala um leiðir, þar sem sjálfvirkt langlínusamband er fyrir.
1.6. Boðsending: kr. 40.00 á venjulegu útburðarsvæði símstöðva, og kr. 40.00 fyrir hvern byrjaðan km út fyrir það. Boðsendingargjaldið greiðist hvort sem úr símtali verður eða ekki.
1.7. Afturköllun símtals: kr. 6.00.

C. Símtalagjöld milli Íslands og annarra landa

ákvarðast eftir alþjóðasamþykktum og milliríkjasamningum, og tilkynnir póst- og símamálastjórnin þau, eins og þau eru á hverjum tíma.

D. Radíó-símtöl við skip og báta.

Gjöld fyrir símtöl um íslenzkar strandarstöðvar milli íslenzkra skipa og lands:
1.1. Línugjald kr. 36.00 fyrir fyrstu 3 mín. og kr. 12.00 fyrir hverja mín. eða brot úr mín. þar fram yfir.
1.2. Strandargjald kr. 63.00 ef skipið er ekki meira en 150 sjómílur frá landi en annars kr. 96.00 fyrir fyrstu 3 mín. og kr. 21.00 eða kr. 32.00 fyrir hverja mín. eða brot úr mín. þar fram yfir.
1.3. Skipsgjald, ef hlutaðeigandi skip tekur gjald fyrir slík símtöl, og getur það verið mismunandi fyrir hvert skip.

Gjöld fyrir símtöl við erlend skip fara eftir alþjóðagjaldskrá.

V. KAFLI

Símskeytagjald.

A. Gjald fyrir innanlandsskeyti.

1.1. Venjulegt símskeyti: kr. 4.40 fyrir hvert orð. Minnsta gjald kr. 44.00.
1.2. Blaðaskeyti: 90 aurar fyrir hvert orð. Minnsta gjald kr. 27.00.
1.3. Hraðskeyti: Tvöfalt venjulegt skeytagjald. Minnsta gjald kr. 88.00.
1.4. Veðurskeyti: Sama og venjulegt skeytagjald. Minnsta gjald einnig hið sama. Veðurskeyti hafa þó forgang fyrir öðrum skeytum.
1.5. Símapóstávísanir: Gjald kr. 60.00 án tillits til orðafjölda.
1.6. Heillaskeyti: Sama gjald og fyrir venjulegt símskeyti, en auk þess greiðist aukagjald fyrir skrauteyðublöð kr. 25.00 eða 40.00 eftir gerð.
1.7. Samúðarskeyti: Ekkert gjald til landssímans. Sendanda er í sjálfsvald sett, hve mikið hann greiðir, og rennur upphæðin óskert til Landsspítalasjóðs.
1.8. Loftskeyti og talskeyti: Gjald fyrir loftskeyti og talskeyti um íslenzkar strandarstöðvar við íslenzk skip verður ákveðið í sérgjaldskrá.
1.9. Móttaka símskeyta í talsíma frá talsímanotanda kostar kr. 12.00 fyrir hver 100 orð eða færri.
1.10. Afturköllun á símskeyti kostar kr. 6.00 ef ekki er farið að senda það frá afhendingarstöðinni.
1.11. Sendiferðir með símskeyti: Símskeyti eru borin út endurgjaldslaust allt að einum kílómetra frá símstöð. Í bæjum og kauptúnum er útburðarsvæðið þó miðað við samfellda byggð. Ef senda þarf með skeyti út fyrir útburðarsvæðið, skal greiða 40.00 krónur fyrir hvern kílómetra. Þetta gildir um fjarlægð, er nemur allt að 10 kílómetrum og undir venjulegum kringumstæðum. Þegar vegalengdin er meiri skal greiða gjald, sem ákveðið er eftir fyrirspurn í hvert skipti.

Þótt ekki sé greitt fyrir sendiferð með símskeyti, sem afhenda skal utan útburðarsvæðis, ber símstöðinni að greiða fyrir því, að símskeytið komist til viðtakanda svo fljótt sem unnt er, t. d. með því að sæta tækifærisferðum eða næstu póstferð eða láta vita af því í síma eða á einhvern annan tiltækan hátt.

1.12. Fyrir fram greitt svar (RP): Ef sendandi óskar að greiða gjald fyrir svarskeyti, skal skrifa RP fyrir framan nafnkveðjuna og tiltaka jafnframt orðafjölda svarskeytisins. RP 10 þýðir, að svar sé greitt fyrir 10 orða skeyti.

1.13. Margar nafnkveðjur (TM): Afritunargjald fyrir hverja utanáskrift fram yfir þá fyrstu, er kr. 18.00 fyrir hver 50 textaorð eða færri, en kr. 8.00 fyrir hver 50 orð eða færri þar fram yfir. Fleiri en eina nafnkveðju er aðeins hægt að nota til einnar og sömu símstöðvar.

1.14. Samanburður til tryggingar gegn missímun (TC): Aukagjald er helmingur venjulegs símskeytagjalds.

1.15. Viðtökuskírteini símleiðis (PC): Gjald er sama og fyrir 7 orða símskeyti í innanlandsviðskiptum. Fyrir viðtökuskírteini, sem sendast á í pósti (PCP) er gjaldið sama og póstburðargjald undir einfalt bréf.

B. Símskeytagjöld til útlanda.

ákveðast af alþjóðasamþykktum og milliríkjasamningum, og tilkynnir póst- og símamálastjórnin þau eins og þau eru á hverjum tíma.

VI. KAFLI

Telex og fjarritvélar.

1. Stofngjald.

1.1.	Venjuleg fjarritvél	kr. 34 000.00
1.2.	Númer í telexstöð	— 17 000.00
1.3.	Bæjarlína	— 4 000.00
1.4.	Innbyggður endurgati	— 6 300.00
1.5.	Innbyggður vélsendir	— 4 200.00
1.6.	Fjarriti með vélsendi og vélgatara	— 68 000.00
1.7.	Endurgati, sem prentar á borðann, en án leturborðs	— 25 000.00
1.8.	Endurgati, sem prentar á borðann, með leturborði	— 32 000.00
1.9.	Vélsendir	— 12 000.00
1.10.	Vélgatari	— 25 000.00
1.11.	Morsetæki (vélsendir eða vélgatari)	— 20 000.00
1.12.	Afriðill	— 4 000.00

2. Afnotagjald á ársfjórðungi.

2.1.	Venjuleg fjarritvél. Viðhald innifalið án kostnaðar við utanbæjarferðir, án pappírs og leturborða. Viðhald utan dagvinnutíma, sé þess óskað, greiðist sérstaklega	kr. 14 000.00
2.2.	Númer í telexstöð	— 7 000.00
2.3.	Bæjarlína	— 2 000.00
2.4.	Innbyggður endurgati	— 2 100.00
2.5.	Innbyggður vélsendir	— 2 100.00
2.6.	Fjarriti með vélsendi og vélgatara	— 28 000.00
2.7.	Endurgati, sem prentar á borðann, en án leturborðs	— 10 000.00
2.8.	Endurgati, sem prentar á borðann, með leturborði	— 12 000.00

2.9. Vélsendir ..... — 4 600.00
2.10. Vélgatari ..... — 9 200.00
2.11. Morsetæki (vélsendir eða gatari) ..... — 10 000.00
2.12. Afriðill ..... — 1 800.00
2.13. Fjölsendir (2 vélsendar — 1 númerasendir) ..... — 14 000.00
2.14. Tengipúlt ..... — 2 000.00
2.15. Línuleiga til fjarlægra staða ákvarðast af póst- og símamálastjórninni hverju sinni.
2.16. Telexritanir innanlands greiðast með kr. 3.10 fyrir hvert teljaraskref og samsvarar það kr. 7.75 á mínútu.

3. Gjald fyrir telexritanir til útlanda

ákvarðast af alþjóðasamþykktum og milliríkjasamningum og tilkynnir póst- og símamálastjórnin þau eins og þau eru á hverjum tíma.

4. Flutningsgjald fyrir venjulega fjarritvél.

4.1. Milli húsa á svæði sömu símstöðva ..... kr. 8 400.00
4.2. Innanhúss ..... — 4 200.00
4.3. Frá húsi á svæði annarrar símstöðvar ..... — 11 700.00

5. Leiga, uppsögn o. fl.

Framangreind stofngjöld og afnotagjöld eru miðuð við venjulegustu gerð blaðfjarritvéla. Í afnotagjöldunum er fólgin vátrygging tækjanna. Hverri fjarritvél fylgja við uppsetningu 4 rúllur af pappír, en upp frá því kostar notandi pappírinn.

Stofngjald og afnotagjald fyrir aðrar tegundir fjarritvéla eða aukabúnað eru ákveðin í hvert skipti.

Stofngjald greiðist fyrir fram, áður en uppsetning er hafin og afnotagjöld ber að greiða ársfjórðungslega fyrir fram, og eru gjalddagar hinir sömu og fyrir afnotagjald af síma. Hluti úr mánuði telst sem heill mánuður við fyrsta reikning.

Segja má sambandinu upp um mánaðamót með eins mánaðar fyrirvara, og skal það gert skriflega.

VII. KAFLI

Línur.

Ef unnt er að láta línur á leigu, skal stofngjaldið ákveðið í hvert skipti, en ársfjórðungsleigan á hvern km vera þessi (minnsta gjald miðað við 100 m).

1.1. Fyrir 1 línu í innanbæjarjarðsíma 0.5—0.7 mm ..... kr. 500.00 pr. km
1.2. Fyrir 1 línu í langlínujarðsíma 0.9 mm ..... — 690.00 — —
1.3. Fyrir 1 línu í langlínujarðsíma 1.4—1.7 mm ..... — 825.00 — —
1.4. Fyrir loftlínu, sem strengd er á stauraröð, sem fyrir er .... — 825.00 — —
1.5. Viðskiptagjald: Leiga fyrir línu milli símabúnaðar og símamiðstöðvar á öðru gjaldsvæði miðast við 40 þúsund mínútna notkun á ári, samkvæmt því gjaldi, sem gildir fyrir sjálfvirkt val á milli viðkomandi símamiðstöðva.

Er hér miðað við lægsta viðmiðunargrundvöll, sem notaður er í Evrópulöndunum (C.E.P.T.).

Skemmstur leigutími skal ákveðinn með samningum í hvert skipti. Uppsagnarfrestur er 6 mánuðir, og er hann gagnkvæmur. Leiga til fjarlægra staða ákvarðast af póst- og símamálastjórninni hverju sinni.

VIII. KAFLI
Sérbúnaður.
1. Sérbúnaður við sjálfvirkar miðstöðvar.

		Stofngjald kr.	Afnotagjald á ársfj. kr.
1.1.	Einstök talfæri.		
1.1.1.	Aukatalfæri, sido eða með snara	2 100	175
1.1.2.	Vatnsþétt talfæri	2 600[1])	370
1.1.3.	Hátalarasími	9 600	1 280
1.1.4.	2ja línu talfæri, ATEA 822. Að auki er unnt að tengja viðbótarlínu til einkasímstöðvar	2 300[1])	575
1.1.5.	2ja línu talfæri, Siemens	2 700[1])	670
1.1.6.	2ja línu talfæri DBH (eldri gerð, svört)	1 300[1])	530
1.2.	Talfærakerfi. Bjöllur reiknast samkv. aðalgjaldskrá.		
1.2.1.	Ritarasímar (sekreter) ATEA 812-L, 1 lína, 2 talfæri	1 900[1])[2])	440[2])
1.2.2.	Ritarasímar AVH dialog, 2 línur, 2 til 3 talfæri	2 200[1])[2])	520[2])
1.2.3.	Ritarasímar Siemens, 2 línur, 2 talfæri	6 000[1])[2])	1 450[2])
1.2.4.	Ritarasímar DBH 3, 1 lína, 2 talfæri (eldri gerð, svört)	1 200[1])[2])	350[2])
1.2.5.	Raðsímar, ATEA 816, 1 lína, 3 til 6 talfæri	2 000[1])[2])	460[2])
1.2.6.	Raðsímar, ATEA 822, 2 línur, 2 talfæri	2 300[1])[2])	575[2])
1.2.7.	Raðsímar, ATEA 829, 2 línur, 3 til 10 talfæri	2 900[1])[2])	690[2])
1.2.8.	Raðsímar, ATEA 849, 4 línur, 3 til 10 talfæri	3 900[1])[2])	980[2])
1.2.9.	Raðsímar, Reiha ½, 1 lína, 2 til 3 talfæri	4 300[1])[2])	1 040[2])
1.2.10.	Raðsímar, Reiha ⅕, 1 lína, 3 til 6 talfæri	3 000[1])[2])	725[2])
1.2.11.	Raðsímar, Reipos ⅖, 2 línur, 3 til 6 talfæri	4 100[1])[2])	980[2])
1.2.12.	Raðsímar, Reipos ⅞, 2 línur, 7 til 11 talfæri	4 800[1])[2])	1 155[2])
1.2.13.	Miðlunarsímar, Makler, 8 línur, 2 til 12 talfæri	7 400[1])[2])	1 790[2])
1.2.14.	Millisamband milli húsa, DBH 4 (magneto)	8 500	825
1.2.15.	Millisamband milli svæða (Rvík) DBH 4 (magneto)		3 325
1.2.16.	Millisamband á sömu lóð, DBH 4 (magneto)	4 250	575
1.2.17.	Millisamband milli húsa án tengingar við einkasímstöð	8 500	2 200
1.3.	Handvirkar einkasímstöðvar (CB). Uppsetn. innif.		
1.3.1.	L.M.E. 1+3	14 300	580
1.3.2.	L.M.E. 2+6	22 800	1 160
1.3.3.	L.M.E. 3+9	33 600	1 740
1.3.4.	L.M.E. 4+16	52 800	2 900
1.3.5.	L.M.E. 5+30	54 000	5 075
1.3.6.	L.M.E. 6+40	60 000	6 670
1.3.7.	E.B. 6+30	55 200	5 220
1.3.8.	Talfæri í sama húsi	2 400	325
1.3.9.	Númer frá einkasímstöð í öðru húsi. Venjulegt talfæri innifalið	8 500	825
1.3.10.	Númer frá einkasímstöð á öðru svæði (Reykjavík). Venjulegt talfæri innifalið		3 325

1)2) Sjá skýringar á bls. 312.

		Stofngjald kr.	Afnotagjald á ársfj. kr.
1.4.	Sjálfvirkar einkasímstöðvar (PABX).		
1.4.1.	Stofngjald af stöð: a. Innkaupsverð stöðvar að frádregnum: kr. 4 500 fyrir hvern númerabúnað. kr. 9 000 fyrir hvern miðstöðvarlínubúnað. b. Uppsetningarkostn. einkasímstöðvar skv. reikningi.		
1.4.2.	Fyrir hvern númerabúnað í einkasímstöð		400
1.4.3.	Fyrir hvern miðstöðvarlínubúnað í einkasímstöð		800
1.4.4.	Talfæri í sama húsi	2 400	325
1.4.5.	Númer frá einkasímstöð í öðru húsi. Venjulegt talfæri innifalið	8 500	825
1.4.6.	Númer frá einkasímstöð á öðru svæði (Reykjavík). Venjulegt talfæri innifalið		3 325
1.4.7.	Tryggingu gegn bruna, vatnsskaða og öðru tjóni á búnaðinum skal notandi sjá um. Upplýsingar um endurkaupsverð búnaðarins fást hjá Pósti og síma hverju sinni.		
1.5.	Annar búnaður.		
1.5.1.	Sjálfsalar, einnar myntar. Árstekjutrygging kr. 14 000.		
1.5.2.	Sjálfsalar, 3ja-mynta. Árstekjutrygging kr. 22 000.		
1.5.3.	Símsvarar. Aukakassettur skulu seldar	7 200	1 040
1.5.4.	Símsvarar stuttan tíma kr. 2 100 fyrir allt að 2 mánuðum og kr. 850 fyrir hvern byrjaðan mánuð þar fram yfir.		
1.5.5.	Langlínulás	960	80
1.5.6.	Aukabjalla, vatnsþétt	840[1])	210
1.5.7.	Aukabjalla, slagbjalla	2 000[1])	485
1.5.8.	Aukahlust	720	175
1.5.9.	Símabúnaður fyrir heyrnardaufa	430[1])	105
1.5.10.	Aukaskífa	720	115
1.5.11.	Blinker	720	115
1.5.12.	Krosssnari (2ja línu snari)	720	115
1.5.13.	Bjöllusnari með rafvökum	720	175
1.5.14.	Dyraviti með áhaldasnertu, eldri gerð		115
1.5.15.	Dyraviti með fótosellu og undirstelli	2 400[1])	575
1.5.16.	Dyraviti með fótosellu og borðtæki	1 200[1])	350
1.6.	Ýmislegt.		
1.6.1.	Aukagjald fyrir óskráð númer kr. 200.		
1.6.2.	Tengigjald, nýr sími í stað millisambands kr. 1 750.		
1.6.3.	Útskipting á talfæri samkv. ósk notanda kr. 1 750.		

Skýringar.

1) = Uppsetning og flutningar greiðast samkv. reikningi.
2) = Verð pr. talfæri.

2. Sérbúnaður við handvirkar miðstöðvar.

2.1.	Stofngjald.		
2.1.1.	Línugjald fyrir hverja línu til símstöðvar, sama gjald og fyrir alm. notendasíma (sjá hina alm. gjaldskrá).		
2.1.2.	Fyrir 6 númera handvirka einkasímstöð	kr.	8 500.00
	Fyrir 10 númera handvirka einkasímstöð	—	13 900.00
	Fyrir 15 númera handvirka einkasímstöð	—	20 900.00
	Fyrir 20 númera handvirka einkasímstöð	—	27 800.00
2.1.3.	Fyrir hvert talfæri (í sama húsi)	—	2 400.00
	Ef leyft verður, að kerfið nái til talfæris í öðru húsi, verður gjaldið ákveðið í hvert skipti.		
	Fyrir tengla, skiptara, aukabjöllur og annað, sem ekki er talið hér að framan, gildir hin alm. gjaldskrá.		
2.1.4.	Viðbótarstofngjald fyrir samband við hálfsjálfvirkan tengilið ..	—	1 800.00
2.2.	Afnotagjald á ársfjórðungi.		
2.2.1.	Línugjald, sama og í hinni alm. gjaldskrá.		
2.2.2.	Fyrir 6 númera handvirka einkasímstöð	—	900.00
	Fyrir 10 númera handvirka einkasímstöð	—	1 500.00
	Fyrir 15 númera handvirka einkasímstöð	—	2 250.00
	(Og hlutfallslega fyrir stærri handv. einkasímstöðvar).		
2.2.3.	Fyrir hvert talfæri í sama húsi	—	460.00
	Fyrir hvert talfæri í öðru húsi (innan 100 m fjarl.).	—	785.00
2.2.4.	Viðbótarafnotagjald fyrir samband við hálfsjálfvirkan tengilið	—	230.00

IX. KAFLI

Skrásetning símnefna.

Fyrir skrásetningu símnefna greiðist kr. 800.00 á ári. Sé sama símnefni skrásett á fleiri en 10 símstöðvum, greiðist þó aðeins kr. 150.00 fyrir hverja skráningu þar fram yfir. Gjaldið greiðist fyrir fram fyrir almanaksárið. Brot úr ári telst sem heilt ár. Uppsagnarfrestur er 3 mánuðir, og er hann gagnkvæmur.

X. KAFLI

A. Skrásetning í símaskrána.

Hver talsímanotandi fær nafn sitt skráð ókeypis í einni línu í stafrófsskránni.

Gjald fyrir hverja línu í stafrófsskránni fram yfir það, sem að ofan segir, er kr. 200.00. Sé auk aðalsímnotanda einn eða fleiri aukanotendur að sama síma, ber að greiða kr. 400.00 fyrir hvern aukanotanda. Aukasímnotendur geta ekki öðlazt aðalsímnotendarétt (t. d. rétt til að fá símann fluttan eða skráðan eingöngu á sitt nafn) án þess að greiða uppsetningargjald fyrir númerið að nýju eða viðtökugjald, enda hefur landssíminn einn umráðarétt símans. Breytir engu í þessu þó að aukasímnotandi hafi um lengri eða skemmri tíma haft nafn sitt í símaskránni eða greitt afnotagjaldið.

Óski símnotandi, að símanúmer hans sé ekki prentað í símaskrá og ekki gefið upp í 03, getur póst- og símamálastjórnin heimilað það, gegn 250.00 króna gjaldi, sem greiðist einu sinni.

Póst- og símamálastjórnin ákveður tilhögun á símaskránni, og hún getur synjað mönnum um upptöku starfsheita, sem hún telur óeðlileg eða vafasamt, að hlutaðeigandi hafi rétt að bera.

B. Skrásetning í stafrófsskrána.

1.1.	Breytt letur í skrá, hver lína	kr. 330.00
1.2.	Aukanafn í skrá	— 400.00
1.3.	Aukalínur í skrá, hver lína	— 200.00
1.4.	Aukanafn með breyttu letri (1 lína) kr. 330.00 + 400.00	— 730.00

Aukalínur eru taldar: Ef t. d. fyrirtæki lætur skrásetja nöfn starfsmanna sinna í skrána undir nafni fyrirtækisins. Sé starfsmaður fyrirtækis ekki aðalsímnotandi og ekki skráður í skránni sem aukasímnotandi annars staðar en undir nafni fyrirtækisins (en ekki undir sínu nafni), skal reiknað fyrir það kr. 400.00 sem aukanafn.

C. Skrásetning í atvinnuskrána.

1.1. Ókeypis skrásetning.

Hver símnotandi, sem rekur atvinnu- eða verzlunarfyrirtæki og óskar skriflega eftir skráningu í atvinnu- og viðskiptaskrána í samræmi við þá flokkun, er póst- og símamálastjórnin hefur ákveðið, fær ókeypis eina línu til skrásetningar á símanúmeri sínu, ásamt nafni og heimilisfangi, með venjulegu letri í einn flokk skrárinnar. Aukasímnotendur öðlast ekki rétt til ókeypis skráningar.

1.2. Skrásetning gegn borgun.

Ef símnotandi vill láta skrá sig í fleiri en einn flokk, kostar hver skrásetning fram yfir þá fyrstu kr. 200.00. Ef nafnið óskast skráð með breyttu letri, kostar það kr. 330.00. Auglýsingarlína kostar kr. 200.00.

XI. KAFLI

Radíótæki og þjónusta um radíóstöðvar.

1. Eftirlitsgjöld, leyfisbréfagjöld o. fl.

Gjöld fyrir leyfisbréf, eftirlit o. fl. eru sem hér segir á ári:

1.1	Leyfisbréf, samanlögð sendiorka yfir 100 wött	kr. 800.00
1.2	Leyfisbréf, samanlögð sendiorka 100 wött og minni	— 400.00
1.3	Leyfisbréf vegna „amatör"-stöðva, ásamt upphafsskoðun	— 500.00
1.4	Leyfisbréf, önnur radíótæki en sendar	— 150.00
1.5	Eftirlitsgjald árlega, orka aðalsendis yfir 100 wött	— 2 200.00
1.6	Eftirlitsgjald árlega, orka aðalsendis 100 wött eða minni	— 1 500.00
1.7	Eftirlitsgjald árlega fyrir hvern sendi umfram einn á sama stað	— 200.00
1.8	Eftirlitsgjald árlega fyrir sendi í bifreið, enda sé komið með bifreiðina til eftirlitsmanns	— 600.00
1.9	Eftirlitsgjald fyrir ferðatalstöðvar, enda sé komið með þær til eftirlitsmanns	— 350.00
1.10	Innsiglisgjald (ferðakostnaður ekki innifalinn)	— 1 000.00
1.11	Lágmarksgjald fyrir enduruppsetningu sendis	— 800.00
1.12	Gjald vegna árlegrar framlengingar „amatör"-leyfis	— 200.00
1.13	Gjald vegna aukaskoðunar „amatör"-stöðvar	— 400.00

2. Sölu- og leigukjör á radíótækjum.

Fyrir þau radíótæki, sem Póstur og sími framleiðir, gilda eftirfarandi sölu- og leigukjör:

	Gerð	Tæki	Stofnverð (Ný tæki) kr.	Leigukjör Afgreiðslugj. kr.	Leigukjör Ársfj.leiga kr.
2.1	FF — 3	Talsendir/viðtæki	48 200.00	4 820.00	2 200.00
2.2	FF — 5	Talsendir/viðtæki	64 300.00	6 430.00	2 900.00
2.3	FF —10	Talsendir/viðtæki	48 200.00	4 820.00	2 200.00
2.4	FVT—20	Talsendir/viðtæki	45 600.00	4 560.00	2 100.00
2.5	FVT—30	Talsendir/viðtæki	50 900.00	5 090.00	2 300.00
2.6	FVT—40	Talsendir/viðtæki	76 400.00	7 640.00	3 500.00
2.7	FT	Talsendir	71 000.00	7 100.00	3 200.00
2.8	VFT	Viðtæki	40 200.00	4 020.00	1 800.00
2.9	VKT	Viðtæki	25 500.00	2 550.00	1 200.00
2.10	VTS—12	.....	45 600.00	4 560.00	2 100.00

Notuð leigutæki fást einnig keypt, og er þá veittur 6% afsláttur frá nývirði tækisins fyrir hvert ár, sem það hefur verið í notkun. Þó skal söluverð slíkra tækja ekki vera lægra en 40% af nývirði.

3. Viðskiptagjöld.

3.1 Radíósímtöl við skip og báta.

Sjá kafla IV, D hér að framan.

3.2 Loftskeyti.

3.1.2 Minnsta gjald fyrir venjuleg loftskeyti er fyrir 7 orð. Gjald fyrir hvert orð í venjulegu loftskeyti til eða frá Íslandi er samanlagt:
a) Línugjald kr. 4.40.
b) Strandargjald kr. 4.40.
c) Skipsgjald, ef hlutaðeigandi skip tekur slíkt gjald.
Fyrir loftskeyti til eða frá útlöndum er gjaldið samanlagt:
a) Gjaldið milli Íslands og viðkomandi lands.
b) Strandargjald.
c) Skipsgjald, ef hlutaðeigandi skip tekur slíkt gjald.

3.2.2 Gjöld fyrir sérstök loftskeyti:
a) Blaðaloftskeyti frá íslenzkum skipum til afgreiðslu innanlands:
Helmingur strandargjalds og línugjald 90 aurar. Fyrir hraðblaðaloftskeyti er gjaldið tvöfalt. Minnsta gjald er fyrir 14 orð. Blaðaloftskeyti eru aðeins leyfð frá skipi til lands.
b) Veðurskeyti frá skipum til Veðurstofu Íslands:
Helmingur gjalds fyrir venjulegt 10 orða loftskeyti.
Gjöld fyrir önnur loftskeyti og aukaþjónustu eru í samræmi við V. kafla gjaldskrár þessarar.
Upphæðir gjalda eiga við íslenzk skip.
Gjöld erlendra skipa fara eftir alþjóðagjaldskrá.

3.3 Viðskiptagjöld vegna radíóstöðva í verstöðvum.

Vegna radíóstöðva, sem komið er upp í verstöðvum á vegum samtaka útvegsmanna á viðkomandi stað, skal greiða eftirfarandi daggjöld:

Fyrir 1— 5 báta	kr. 200.00
Fyrir 6—15 báta	— 350.00
Fyrir 16—30 báta	— 475.00
Fyrir 31 bát og fleiri	— 600.00

Ef um leigutalstöð er að ræða, greiðast venjuleg leigugjöld, samkvæmt XI. kafla 2. að auki.

3.4 Viðskiptagjöld og reglur vegna samningsbundinna viðskipta við fiskibáta.

3.4.1 Póst- og símamálastjórnin lætur fiskibátum í té alla strandarstöðvaþjónustu, sem þeir þurfa á að halda, vegna reksturs og útgerðar bátsins, gegn ákveðnu, ársfjórðungslegu viðskiptagjaldi.

3.4.2 Viðskipti þessi geta farið fram um hvaða strandarstöð Pósts og síma sem er.

3.4.3 Í þjónustu þessari eru innifalin símtöl, skeyti og skilaboð til afgreiðslu innan bæjarsímakerfis þess staðar, sem viðkomandi strandarstöð er staðsett á.

3.4.4 Afgreiðsla símtala eða skeyta um langlínukerfi Pósts og síma greiðist samkvæmt gjaldskrá þessari.

3.4.5 Póst- og símamálastjórnin ber ekki ábyrgð á lauslegum, munnlegum skilaboðum, og eru þau afgreidd á ábyrgð þess, er óskar flutnings þeirra.

3.4.6 Skilyrði þess, að útgerðarmaður eða félag geti orðið þessarar þjónustu aðnjótandi, eru:

að allir fiskibátar, sem skráðir eru innan viðkomandi lögsagnarumdæmis og búnir talstöð, greiði slíkt viðskiptagjald,

að samtök útvegsmanna í viðkomandi lögsagnarumdæmi beri ábyrgð á greiðslu viðskiptagjaldanna á tilskildum tíma, og

að ofangreind viðskipti fjalli eingöngu um atriði, er varða útgerð og rekstur viðkomandi báts, og þess stranglega gætt, að þeim ákvæðum sé fylgt.

3.4.7 Ársfjórðungslegt viðskiptagjald fiskibáta skal vera sem hér segir:

a) fyrir báta minni en 100 tonn	kr. 900.00
b) Fyrir báta 100 tonn og stærri	— 1 400.00

Í viðskiptagjaldinu er innifalin þjónusta strandarstöðva, allt að 25 símtölum og skilaboðum ársfjórðungslega fyrir báta minni en 100 tonn, og allt að 40 símtölum og skilaboðum fyrir báta 100 tonn og stærri.

Þau símtöl og skilaboð, sem umfram kynnu að verða ofangreindar magntölur skulu greiðast samkvæmt gjaldskrá þessari IV. kafla, D.

3.5. Viðskiptagjöld landfarstöðva.

3.5.1 Reglur um viðskiptagjöld landfarstöðva er að finna í kafla XI, 7.3.

3.5.2 Ársfjórðungslegt viðskiptagjald fyrir þessa þjónustu skal vera kr. 900.00.

4. Skyldutilkynningar skipa.

Öll íslenzk skip, sem búin eru talstöðvum og eru tilkynningaskyld samkvæmt lögum frá 17. maí 1968 og gildandi reglugerð þar að lútandi, greiði Pósti og síma ársfjórðungslegt gjald fyrir flutning tilkynninga þessara um stöðvar hans og fjarskiptarásir.

Gjaldið skal vera svo sem hér segir:

Fyrir skip undir 15 rúmlestum brúttó	kr. 350.00
Fyrir skip 15 að 50 rúmlestum brúttó	— 500.00
Fyrir skip 50 að 100 rúmlestum brúttó	— 700.00
Fyrir skip 100 rúmlestir brúttó og yfir	— 900.00

Gjald þetta er óviðkomandi öðrum viðskiptagjöldum vegna viðskipta skipa um strandarstöðvar Pósts og síma, og skal það greitt fyrir fram ársfjórðungslega.

Óheimilt er að hagnýta upplýsingar þær, er fást með skyldutilkynningunum, til annarra nota en öryggisgæzlu vegna skipa og áhafna.

5. Almenn ákvæði.

5.1. Hver sá, sem óskar að starfrækja radíótæki á landi, sjó eða í lofti, innan íslenzks lögsagnarumdæmis, skal senda póst- og símamálastjórninni skriflega umsókn um leyfi til þess, ásamt nauðsynlegum upplýsingum um tækin og tilgang notkunar. Þetta gildir þó ekki um viðtæki fyrir útvarp, sem er skráð hjá Ríkisútvarpinu. Verði slíkt leyfi veitt, er það gert með leyfisbréfi, þar sem tilgreind eru skilyrði fyrir leyfinu, leyfistími o. fl. Fyrir hvert leyfisbréf komi ákveðið gjald, samkvæmt sérstakri gjaldskrá um radíótæki, skal gjaldið greitt við afhendingu leyfisbréfs.

5.2. Póst- og símamálastjórnin sér um eftirlit með notkun sendistöðva og lætur skoða þær að jafnaði einu sinni á ári. Fyrir þetta greiðist árlegt eftirlitsgjald, samkvæmt sérstakri gjaldskrá um radíótæki.

5.3. Þegar framkvæma skal skoðun, skal viðkomandi stöðvarvörður sjá um, að nægilegt rafmagn sé fyrir hendi, svo prófa megi tækin. Enn fremur getur eftirlitsmaður krafizt þess, að stöðvarvörður sé viðstaddur skoðun og til aðstoðar eftirlitsmanni sé þess þörf, t. d. við skoðun lífbátasenda og þ. u. l. Sé stöðvarvörður eða fullgildur staðgengill, að dómi eftirlitsmanns, ekki viðlátinn, þrátt fyrir ósk eftirlitsmanns, er honum heimilt að taka sér aðstoðarmann og ber þá leyfishafi stöðvarinnar aukakostnað, er af því kann að leiða. Óski leyfishafi radíótækja aukaskoðunar, einhverra ástæðna vegna, ber honum að greiða fyrir framkvæmd hennar aukalega, hálft eftirlitsgjald að viðbættum ferðakostnaði.

5.4. Þeim, sem leyfi fær fyrir sendistöð, ber að sjá um, að enginn starfræki hana, nema sá, sem fengið hefur skírteini hjá póst- og símamálastjórninni, er heimili honum starfrækslu slíkrar stöðvar (skírteini loftskeytamanns eða talstöðvarvarðar). Stöðin er þó ávallt undir yfirumsjón leyfishafa eða fulltrúa hans og starfræksla hennar á ábyrgð þeirra.

5.5. Bæði stöðvarverði og leyfishafa eða fulltrúa hans er skylt að undirrita þagnarheit og haga starfrækslunni í einu og öllu samkvæmt fyrirmælum póst- og símamálastjórnarinnar og hlíta þeim ákvæðum og reglum, innlendum og alþjóðlegum, sem settar eru og settar kunna að verða um starfrækslu slíkra stöðva. Verði misbrestur á þessu, getur póst- og símamálastjórnin afturkallað leyfisbréf stöðvarinnar, innsiglað hana eða, sé hún í leigu frá póst- og símamálastjórninni, tekið hana í sína vörzlu.

5.6. Eftirlitsgjald og annar kostnaður, vegna tækjaskoðunar, greiðist í síðasta lagi einum mánuði eftir framvísun reiknings.

5.7. Póst- og símamálastjórnin og sérstakir umboðsmenn hennar sjá um uppsetningu og viðhaldsþjónustu á öllum sendistöðvum í farartækjum og í landi. Enn fremur á þeim viðtækjum og öðrum viðkomandi búnaði, er telst til skyldubúnaðar í skipum. Kostnað vegna uppsetningar og viðhaldskostnaðar ber leyfishafi. Reikningar vegna uppsetningar og viðgerða, skulu að jafnaði staðgreiðast, nema sérstaklega hafi verið um reikningsviðskipti samið.

5.8. Gjöld fyrir símtöl, símskeyti og annað það, sem gjaldskylt er og afgreitt er um símakerfið, fyrir tilstuðlan stöðvar leyfishafa, eru á ábyrgð hans og greiðast innan 10 daga frá framvísun reiknings.

5.9. Hafi áfallin gjöld, vegna radíótækja eða þjónustu, ekki verið greidd á tilsettum tíma, er póst- og símamálastjórninni heimilt að innsigla viðkomandi stöð.

Um borð í skipum skal þetta þó gert þannig, að nota megi stöðina í neyðartilfelli. Enn fremur er póst- og símamálastjórninni heimilt að innheimta þessi gjöld með símareikningum hlutaðeigandi leyfishafa, að viðlagðri lokun símans.

5.10. Nú hefur stöð verið innsigluð vegna vanskila eða annarra brota. Skal þá leyfishafi greiða innsiglisgjald, áður en enduropnun fer fram. Ferðakostnað, vegna innsiglunar, ber leyfishafi.

5.11. Framangreindar reglur eiga ekki við um starfrækslu „amatör"-stöðva. Um þá starfsemi er fjallað í sérstakri reglugerð.

5.12. Gjöld fyrir leyfisbréf, eftirlit o. fl., eru samkvæmt sérstakri gjaldskrá um radíótæki.

5.13. Leyfi til starfrækslu radíóstöðva má segja upp með minnst eins mánaðar fyrirvara, miðað við mánaðamót, óski leyfishafi að hætta starfrækslu stöðvarinnar. Skal það gert skriflega og stílað til póst- og símamálastjórnarinnar. Vanræksla í þessum efnum leysir leyfishafa ekki frá greiðslu áfallinna gjalda.

5.14. Öll gjöld til póst- og símamálastjórnarinnar, vegna starfrækslu radíótækja, sem ekki eru greidd á tilsettum tíma eru lögtakskræf, samkvæmt 1. gr. laga nr. 29 frá 16. des. 1885.

5.15. Póst- og símamálastjórnin hefur nokkurt magn radíótækja til leigu eða til sölu, samkvæmt nánari ákvörðun hverju sinni. Um kjör fer samkvæmt sérstakri gjaldskrá um radíótæki.

6. Radíótæki á leigu.

6.1. Óski einhver að taka á leigu radíótæki og öllum skilyrðum er fullnægt, leggur póst- og símamálastjórnin til tæki, af þeirri gerð, sem eru til leigu á hverjum tíma, og umsækjandi óskar eftir. Tækin eru eign póst- og símamálastjórnarinnar, leigð starfrækjanda á þeim stað eða í því farartæki, sem ákveðið er í leyfisbréfinu. Póst- og símamálastjórnin annast uppsetningu tækjanna, sem leigutaki greiðir eftir reikningi. Leigutaki skal sjá um, að rafmagn með hæfilegri orku og spennu sé fyrir hendi og leitt að tækjunum, svo og um alla trésmíðavinnu og alla aðra vinnu en rafmagnsuppsetningu tækjanna. Einnig skal leigutaki sjá um kaup á rafhlöðum, rafgeymum og hleðslubúnaði fyrir þá, kosta uppsetningu hans og lögn frá honum að rafgeymum.

6.2. Leigutaka ber að sjá um, að tækin séu vel með farin, þeim haldið hreinum og þurrum, svo sem frekast er kostur. Kostnað vegna viðgerða á tækjunum, en starfar af slæmri meðferð og vanhirðu þeirra, meðan þau voru í vörzlu leigutaka, ber honum að greiða, samkvæmt mati, við afhendingu eftir leigu.

6.3. Leigutaki ber allan viðhaldskostnað á tækjunum meðan þau eru í hans vörzlu, og skal hann greiddur samkvæmt reikningi.

6.4. Öll radíótæki á leigu frá póst- og símamálastjórninni skulu vera vátryggð, á kostnað leigutaka, gegn hvers konar tjóni og á póst- og símamálastjórnin beinan rétt til vátryggingafjárins, ef tækin eyðileggjast og hlutfallslega fyrir skemmdir. Póst- og símamálastjórnin annast vátryggingu allra slíkra tækja, nema í varðskipum og farþega- og/eða vöruflutningaskipum, stærri en 500 rúmlestir, enda skal leigutaki sjálfur annast vátryggingu tækjanna í þeim skipum. Vátryggingariðgjöld fyrir tæki, sem póst- og símamálastjórnin annast vátryggingu á, skal leigutaki greiða póst- og símamálastjórninni samtímis með leigu og er lögtaksréttur á þeim eins og á leigunni.

6.5. Afgreiðslugjald fyrir radíótæki, skal leigutakinn greiða áður en uppsetningu þeirra er lokið, svo og leigu og vátryggingariðgjald, til næsta gjalddaga. Leiga og vátryggingariðgjald fyrir talstöðvar greiðist í einu lagi fyrir fram fyrir hvert almanaksár, nema fyrsta árið, þá skal brot úr ársfjórðungi reiknað sem einn ársfjórðungur.

6.6. Minnsti leigutími er eitt ár, en ef sérstaklega stendur á, t. d. ef tækin eru ætluð til þjónustu fyrir ákveðið takmarkað verkefni, ferð eða þ. u. l., má stytta leigutímann niður í einn ársfjórðung. Ef nýr eigandi verður að farartækinu eða fyrirtækinu, er rekur stöðina og hinn nýi eigandi óskar að tækin verði þar áfram, með honum sem leigutaka, skal nýi eigandinn greiða gjöld eins og nýr leigjandi í samræmi við 5. lið.

6.7. Að lágmarks leigutíma liðnum, er uppsagnarfrestur 3 mánuðir og skal uppsögn vera skrifleg. Leigutaki ber ábyrgð á öllum gjöldum vegna stöðvarinnar, þar til uppsagnarfrestur er liðinn.

6.8. Séu ársleiga, vátryggingariðgjöld og viðskiptagjöld ekki greidd innan eins mánaðar frá framvísun reiknings, getur póst- og símamálastjórnin:

6.8.1. Innsiglað radíótækin, þó þannig að nota megi tækin í neyð, sé um lögboðin tæki að ræða. Séu áfallin gjöld ekki greidd innan eins mánaðar frá innsiglun, getur póst- og símamálastjórnin tekið hin leigðu tæki í sína vörzlu.

6.8.2. Tekið tækið í sína vörzlu, án undangenginnar innsiglunar, sé um ólögboðin tæki að ræða.

Sama gildir ef reikningar fyrir uppsetningu og viðgerðir á radíóbúnaði, sem framkvæmdar eru af póst- og símamálastjórninni, eru ekki greiddir innan eins mánaðar frá framvísun reiknings.

Fyrir enduropnun innsiglis greiðist innsiglisgjald, og skal sú greiðsla fara fram áður en opnað er. Ferðakostnað vegna opnunar innsiglis greiði leigutaki, auk innsiglisgjaldsins. Fyrir að flytja stöð á notkunarstað og endurtengja hana, greiðist raunverulegur kostnaður, þó aldrei lægri en lágmarksgjald. Heimilt er að innheimta nefnd radíótækja- og viðskiptagjöld með símareikningum hlutaðeigandi aðila, að viðlagðri lokun símans.

6.9. Nú óskar einstaklingur eða fyrirtæki að leigja og starfrækja radíóstöð til viðskipta við eigin skip eða báta, þá lætur póst- og símamálastjórnin, að uppfylltum öllum skilyrðum, í té tæki og sér um uppsetningu á þeim. Leigutaki greiðir uppsetningu samkvæmt kostnaðarreikningi, er hann tekur við stöðinni. Notkunargjald greiðist eftir á mánaðarlega og miðast við dagtaxta, nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi og þess vegna öðruvísi ákveðið. Uppsögn leigu skal vera skrifleg og með a. m. k. þriggja mánaða fyrirvara.

6.10. Póst- og símamálastjórnin selur á leigu talstöðvar fyrir smábáta (trillubáta). Er þar ýmist um ársleigu eða ársfjórðungsleigu að ræða. Um uppsögn slíkrar leigu gilda sömu ákvæði og um dagleigustöðvarnar.

6.11. Sömuleiðis hefur póst- og símamálastjórnin til leigu litlar ferðatalstöðvar (Walkie-talkie), ætluð til viðskipta um stuttar vegalengdir. Tæki þessi eru leigð án rafhlöðu og er lágmarksleigutími ein vika. Leigutími telst frá því, að leigutaki tekur við tækinu, þar til hann skilar því til póst- og símamálastjórnarinnar. Ber að skila tækinu í því ástandi, er það var í, er leigutaki tók við því, enda ber hann kostnað af nauðsynlegum lagfæringum.

6.12. Póst- og símamálastjórnin getur, undir sérstökum kringumstæðum, leyft starfrækslu radíóstöðva á afskekktum bæjum og þá til viðskipta við ákveðnar símstöðvar. Í slíkum tilfellum fer um gjöld samkvæmt gjaldskrá um sveitasíma.

7. Reglur um starfrækslu talstöðva, sem annast viðskipti við bifreiðar eða önnur farartæki á landi, og viðskiptagjöld landfarstöðva.

7.1. Stöðvar, sem Póstur og sími starfrækir.

Stöðvarnar eru til almennra viðskipta við landfarstöðvar.

7.2. Stöðvar, sem fyrirtæki starfrækja, samkvæmt heimild póst- og símamálastjórnarinnar.

1. gr.

Stöðvarnar eru opnar til takmarkaðra viðskipta á öldutíðnum, sem tilgreindar eru í leyfisbréfi.

2. gr.

Um talstöðvar leyfishafa mega einungis fara fram viðskipti, er beinlínis varða atvinnurekstur hans.

Sendendur og viðtakendur skeyta um stöðvar þessar eru eingöngu leyfishafi og umboðsmenn hans.

3. gr.

Skeyti og símtöl, sem ekki falla undir 2. gr. eru gjaldskyld og skulu afgreidd um stöðvar landssímans og hið almenna símakerfi.

4. gr.

Stöðvarnar skulu starfræktar af talstöðvarvörðum, er hafi skírteini gefið út af póst- og símamálastjórninni. Talstöðvarverðir undirrita þagnarheit, en auk þess eru allir þeir, er ábyrgð bera á starfrækslu talstöðva, bundnir slíku þagnarheiti, enda þótt þeir hafi ekki undirritað það.

5. gr.

Skylt er að halda sérstaka radíó-dagbók um allt það, er varðar rekstur stöðvanna, svo sem innkomna og útfarna afgreiðslu.

6. gr.

Stöðvum þessum er skylt að sinna neyðarþjónustu og þjónustu vegna öryggis mannslífa, og má ekki í slíku tilfelli loka stöðvunum fyrr en neyðar- eða öryggisþjónustunni er lokið.

7. gr.

Leyfishafi ber allan kostnað og alla ábyrgð af starfrækslu stöðvanna.

7.3. Viðskiptagjöld landfarstöðva.

1. gr.

Leyfishafar landfarstöðva greiða landssímanum árlegt viðskiptagjald, sem ákveðið er af póst- og símamálastjórninni hverju sinni. Í viðskiptagjaldinu er innifalin þjónusta af hendi stöðva A, allt að 100 símtölum eða skilaboðum árlega, afgreiddum innan bæjarsímakerfis fjarskiptastöðvanna.

Vegna afgreiðslna út fyrir bæjarsímakerfi viðkomandi stöðva bætast við gjöld samkvæmt gjaldskrá landssímans fyrir langlínuviðskipti.

Það, sem umfram er 100 afgreiðslur innan bæjarsímakerfanna, greiðist samkvæmt gjaldskrá landssímans IV. kafla C um radíó-símtöl.

2. gr.

Leyfishafi farstöðvar er ábyrgur fyrir gjöldum vegna viðskipta hennar um fjarskiptamiðstöðvar landssímans.

XII. KAFLI

Afnot landssímans til skákkeppni gegn niðursettu gjaldi.

1.1. Fyrir afnot landssímalína til skákkeppni greiðist ⅕ venjulegs símtalagjalds á tímabilinu frá 1. október til 30. apríl kl. 21:00—08:00.

Lágmarksgjald miðast þó við þriggja stunda notkun á línunum. Hver byrjuð klukkustund telst sem heil.

Á öllum öðrum tímum en þeim, sem að framan getur, reiknast fullt gjald, samkvæmt símtalagjaldskrá (sbr. IV. kafla).

1.2. Umsóknir um afnot landssímalína til skákkeppni gegn niðursettu gjaldi skulu koma frá Skáksambandi Íslands og sendar skriflega til ritsímastjórans í Reykjavík með minnst sólarhrings fyrirvara. Óskir um niðursett símagjöld til skákkeppni frá öðrum en Skáksambandi Íslands verða eigi teknar til greina.

XIII. KAFLI

A. Almennir skilmálar.

1.1. Sá, sem óskar að fá talsíma eða aukið samband eða breytingar á samböndum og tækjum, er hann hefur áður fengið, sendi umsókn hér að lútandi á þar til gerðu eyðublaði er fæst hjá öllum stöðvarstjórum og skal tilgreina fullt nafn, nafnnúmer og heimilisfang, og skal hann þá hlíta þeim kjörum og ákvæðum, sem sett eru eða sett kunna að verða um notkun símatækja og sambanda.

1.2. Símasambandi er venjulega ekki komið á við nokkra húseign, nema húseigandi leyfi endurgjaldslaust að koma fyrir þráðum og öðrum símatækjum á húsi og lóð og ber þeim, er pantar sambandið að sjá um, að slíkt leyfi húseiganda fáist. Krefjast má, að talsímanotendur setji tryggingu fyrir greiðslu allra gjalda fyrir afnot símans.

1.3. Póst- og símamálastjórnin ákveður við hvaða símstöð talsímanotandi skuli tengjast og um númer hans og nánara fyrirkomulag, og getur síðar breytt um númer, ef það telst nauðsynlegt. Handvirk langlínusímtöl hafa forgangsrétt fram yfir innanbæjarsímtöl og getur landssíminn komið inn á sjálfvirk símtöl og beðið um, að viðkomandi leggi á, ef um innanbæjarsímtöl er að ræða.

1.4. Enginn má gera eða láta gera breytingar á símasamböndum eða flytja símabúnað úr stað. Öll slík verk verða framkvæmd eftir beiðni, en notandi greiði það gjald, sem ákveðið er. Allir nýir símar eða talsímasambönd í kaupstöðum eða kauptúnum eru eign Pósts og síma, en notendur greiði stofngjald og afnotagjald. Starfsmenn stofnunarinnar hafa hvenær sem er aðgang að öllum símatækjum og símalögnum.

1.5. Talsímanotendum er skylt að fara vel og gætilega með öll símatæki og lagnir, er þeir hafa til afnota, og bera þeir ábyrgð á öllum skemmdum á tækjum, er ekki stafa af eðlilegu sliti svo og ef þau glatast. Brunatrygging venjulegs talfæris er fólgin í leigunni.

Stranglega er bannað að setja nokkur tæki eða útbúnað í samband við tæki Pósts og síma, t. d. talfærasnúrur o. þ. h., enda hefur Póstur og sími að sjálfsögðu rétt til að taka allan slíkan útbúnað burtu og láta viðkomandi sæta sektum eða missi símans, ef ástæða þykir til.

1.6. Ef eitthvað verður að talfærum, ber þegar í stað að tilkynna það stöðvarstjóranum, er sér um, að gallarnir verði lagfærðir svo fljótt sem unnt er. Póstur og sími ber ekki ábyrgð á því, þótt sími slitni eða verði ónothæfur um stund, nema það sé beinlínis honum að kenna eða óþarfur dráttur verði á viðgerð símans. Má þá krefjast endurgreiðslu á afnotagjaldinu í hlutfalli við þann tíma, er síminn er ónothæfur, ef sambandsslitin eru meira en 10 sólarhringar á ári.

1.7. Póst- og símamálastjórnin tekur ekki á sig neina ábyrgð á afleiðingum þess, ef mistök kunna að eiga sér stað við afgreiðslu símskeyta eða símtala, hvort sem þau eru af völdum starfsmanna, línubilana eða annarra orsaka.

1.8. Enginn talsímanotandi má lána, leigja eða selja öðrum afnot talsímans, nema með leyfi Pósts og síma. Sé það engu að síður gert, hefur notandi fyrirgert rétti sínum til símans, og getur stofnunin slitið sambandinu og tekið tækin burtu fyrirvaralaust, en notandi borgar samt afnotagjaldið til þess tíma, er hann hefði löglega getað sagt upp.

1.9. Ef sími eða annar fjarskiptabúnaður, sem hefur verið tekinn á leigu, hefur staðið ónotaður í 6 mánuði eða lengur, er póst- og símamálastjórninni heimilt að taka hann til afnota fyrir aðra, jafnvel þótt leigutaki vilji greiða áfram afnotagjald af hinum ónotaða síma eða búnaði. Gildir þetta einnig, þótt ekki hafi verið unnt að afgreiða beiðni um flutning símans á þeim tíma.

1.10. Póst- og símamálastjórninni er heimilt að synja þeim um síma eða loka símum þeirra um stundarsakir eða að fullu, sem eftir athugun og að dómi hennar hafa verulega slæm áhrif á afgreiðslu sjálfvirku símstöðvarinnar, eða ef sími þeirra er misnotaður svo sem með endurteknum gabbhringingum eða öðrum truflunum.

1.11 Sé lína einhvers notanda óhæfilega oft á tali að dómi póst- og símamálastjórnarinnar, getur stofnunin krafizt þess, að notandinn fallist á lagfæringar. Hóphringingar eru ekki leyfilegar.

1.12. Notendur mega ekki selja eða leigja afnot af sínum þeim, er þeir hafa án sérstaks leyfis frá póst- og símamálastjórninni, sem ákveður gjaldið.

1.13. Þeir, sem af ásettu ráði eða gálauslega valda skemmdum á símum eða símatækjum og samböndum, sæta sektum samkvæmt 176. gr. hegningarlaganna, nema verknaðinum sé þannig farið, að þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum.

B. Greiðsluskilmálar.

1.1. Gjald fyrir símtöl í sambandi við langlínur greiðist eftir reikningi, og ber talsímanotandi ábyrgð á greiðslunni fyrir hvert slíkt samtal, sem fram fer frá hans talfæri, hvort sem hann hefur sjálfur beðið um símtalið eða aðrir. Gjaldið greiðist í fyrsta skipti, er þess er krafizt.

1.2. Sé eitthvert gjald til símans ekki greitt í síðasta lagi 10 dögum eftir gjalddaga, má slíta talsímabandinu við þá síma, er skuldunautur er skráður fyrir, en skuldunautur er samt skyldur til að greiða til þess tíma, er hann hefði löglega getað sagt upp sambandinu, og er það þá þegar fallið í gjalddaga. Skuldunautur á því aðeins rétt til að fá aftur talsímasambandið að hann greiði hið áfallna gjald innan þriggja daga eftir að sambandinu er slitið, svo og að viðbættum kr. 200.00 fyrir lokun og enduropnun. Séu símagjöld eigi greidd á réttum tíma, má taka þau lögtaki samkvæmt 1. gr. laga nr. 29 frá 16. des. 1885.

C. Leigutími.

Þegar um er að ræða samband fyrir utan kaupstaðarlóð eða samband með sérstöku fyrirkomulagi, getur Póstur og sími krafizt, að leigutíminn sé minnst eitt ár eða fleiri.

D. Uppsögn.

Segja má símasambandi upp um mánaðamót með minnst 1 mánaðar fyrirvara, nema þar, sem sérákvæði gilda, og skal uppsögn vera skrifleg.

E. Flutningur.

Ef talsímanotandi þarf að láta flytja símatæki þau, er hann hefur til afnota, skal hann skriflega tilkynna það stöðvarstjóranum, sem því næst lætur framkvæma flutninginn svo fljótt sem unnt er, en notandi greiðir hið ákveðna gjald. Gjaldið fyrir flutninginn greiðist fyrir fram.

F. Símaskráin.

Póstur og sími leggur hverjum leigusíma til 1 eintak af hverri útgáfu símaskrárinnar. Póstur og sími ber ekki ábyrgð á villum, sem kunna að vera í símaskránni.

Gjaldskrá þessi og reglur eru settar samkvæmt 12. gr. laga nr. 30 frá 1941, um fjarskipti og gengur í gildi 1. júní 1973. Þó reiknast nýju gjöldin fyrir teljaraskref aðeins af símtölum, sem fara fram 1. júní 1973 eða síðar. Jafnframt fellur þá úr gildi fyrri gjaldskrá og reglur útgefin 29. marz 1972.

Samgönguráðuneytið, 25. maí 1973.

Hannibal Valdimarsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

17. maí 1973. Nr. 151.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um umsóknir og afgreiðslu einkaleyfa, nr. 59 3. febrúar 1966, sbr. breytingu á þeirri reglugerð nr. 30 3. febrúar 1968.

1. gr.

6. liður 2. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Yfirlýsing um það, hvort beiðzt hafi verið einkaleyfis í öðru ríki, er veitir einkaleyfi að rannsókn framfarinni, og þá í hvaða ríki. Þegar slíks einkaleyfis hefur verið beiðzt, verður einkaleyfi á Íslandi ekki veitt fyrr en umsækjandi hefur gefið ráðuneytinu skýrslu um árangur af umsókn hans um einkaleyfi í hlutaðeigandi ríki. Hafi einkaleyfis eigi verið beiðzt í öðrum ríkjum, getur umsækjandi óskað þess, að ráðuneytið láti fara fram rannsókn á uppgötvuninni og ber umsækjanda þá að leggja fram löggilta þýðingu á umsókninni og öllum fylgiskjölum á máli þeirrar erlendu rannsóknarstofnunar, sem á hverjum tíma annast rannsóknir íslenzkra einkaleyfisumsókna fyrir ráðuneytið og senda greiðslu fyrir rannsóknarkostnaði með umsókninni, kr. 7 500.00. Ráðherra getur þó veitt efnalitlum umsækjendum eftirgjöf á þessu gjaldi, og ber að senda umsókn um það með beiðninni til ráðuneytisins, ef umsækjandi vill fara fram á eftirgjöf.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum um einkaleyfi nr. 12 20. júní 1923, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð sama efni, nr. 30 3. febrúar 1968.

Iðnaðarráðuneytið, 17. maí 1973.

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.

REGLUGERÐ

um gjöld fyrir tilkynningar og skráningar vörumerkja o. fl.

1. gr.

Fyrir tilkynningu vörumerkis til skráningar skal greiða gjald, kr. 1 200.00.

2. gr.

Fyrir beiðni um endurnýjun á skráningu vörumerkis, skal greiða gjald, kr. 1 200.00.

3. gr.

Fyrir skráningu vörumerkis og fyrir endurnýjun skráningar skal greiða gjald, kr. 500.00 fyrir hvern vöruflokk, sem samþykktur er til skráningar eða endurnýjunar merkisins.

4. gr.

Fyrir innritun í vörumerkjaskrá greiðist gjald, kr. 250.00

5. gr.

Fyrir útskrift eða staðfest myndrit úr vörumerkjaskrá og fyrir afrit tilkynningar greiðist gjald, kr. 50.00.

Fyrir rannsókn á því hvort vörumerki sé skrásett, skal greiða gjald, kr. 50.00 fyrir hvern flokk, sem rannsóknin nær til.

6. gr.

Fyrir tilkynningu gæðamerkis til skráningar skal greiða gjald, kr. 3 500.00.

7. gr.

Gjöld samkvæmt 1., 2. og 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar skulu ekki endurgreidd, þótt um skráningu eða endurnýjun sé synjað, eða tilkynning eða beiðni sé afturkölluð.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt 46. gr. laga nr. 47 2. maí 1968, um vörumerki, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð sama efnis, nr. 2 2. jan. 1969.

Iðnaðarráðuneytið, 17. maí 1973.

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.

Stjórnartíðindi B 15, nr. 150—152. Útgáfudagur 30. maí 1973.

STJÓRNARTÍÐINDI B 16 — 1973

28. maí 1973 325 Nr. 153

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 67 29. júní 1932 um breytingu á reglugerð nr. 88 25. október 1929, um bifreiðatryggingar.

1. gr.

2. gr. orðist svo:
Við 1. mgr. 3. gr. bætist: Uppsögn skal ætíð miða við 1. marz.

2. gr.

Upphaf 4. gr. orðist svo:
Á eftir 14. gr., sem verður 13. gr., kemur ný grein, sem verður 14. gr., svo hljóðandi:

Eigendur skráningarskyldra vélknúinna ökutækja eru skyldir til þess að tryggja ökutæki sín fyrir eitt ár í senn frá 1. marz til febrúarloka næsta ár, og greiðist iðgjaldið fyrir fram fyrir allt tryggingartímabilið. Ef nýtt ökutæki er tryggt á árinu, skal það tryggt til loka febrúarmánaðar næst á eftir, þannig að tryggingartími allra ökutækja miðist við tímabilið 1. marz til febrúarloka næsta ár. Ráðherra getur þó heimilað, að ökutæki séu tryggð í skemmri tíma en eitt ár.

3. gr.

Hinn 1. júní 1973 fellur í gjalddaga iðgjald fyrir tímabilið 1. júní 1973 til 28. febrúar 1974.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 79. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968, öðlast þegar gildi.

Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 104 9. maí 1973.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 28. maí 1973.

Ólafur Jóhannesson.

Ólafur W. Stefánsson.

Stjórnartíðindi, B 16, nr. 153. Útgáfudagur 30. maí 1973.

B 42

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

STJÓRNARTÍÐINDI B 17 — 1973

Nr. 154. 326 13. júní 1973.

REGLUGERÐ

um friðunarsvæði fyrir Vestfjörðum.

1. gr.

Frá og með 16. júní 1973 eru veiðar með öllum veiðarfærum bannaðar í íslenzkri fiskveiðilandhelgi fyrir Vestfjörðum á svæði, sem takmarkast að vestan af línu réttvísandi 340° frá punkti 66°57′ n.br. og 23°36′ v.lg. og að austan af línu réttvísandi 0° frá punkti 67°01′ n.br. og 22°24′ v.lg. Að sunnan er dregin lína milli hinna greindu punkta og að norðan takmarkast svæðið af fiskveiðlandhelgislínunni.

2. gr.

Með mál þau, sem rísa út af brotum gegn auglýsingu þessari, skal farið að hætti opinberra mála, og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu með síðari breytingum, lögum nr. 40 9. júní 1960 um takmarkað leyfi til dragnótaveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands undir vísindalegu eftirliti, eða samkvæmt lögum nr. 44 5. apríl 1948 um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, sbr. lög nr. 81/1972.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt lögum nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu með síðari breytingum, (sbr. lög nr. 21/1969, lög nr. 50/1971, lög nr. 89/1971 og lög nr. 101/1972), lögum nr. 40 9. júní 1960 um takmarkað leyfi til dragnótaveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands undir vísindalegu eftirliti, svo og samkvæmt lögum nr. 44 5. apríl 1948 um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, sbr. lög nr. 81/1952, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 13. júní 1973.

Lúðvík Jósepsson.

Jón L. Arnalds.

Stjórnartíðindi B 17, nr. 154. Útgáfudagur 14. júní 1973.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

STJÓRNARTÍÐINDI B 18 — 1973

8. júní 1973. 327 Nr. 155.

REGLUGERÐ

um könnun hjónavígsluskilyrða.

I. KAFLI

1. gr.

Beiðni um könnun hjónavígsluskilyrða skal beint til þeirra, sem löggildingu hafa til hjónavígslu samkvæmt ákvæðum laga um stofnun og slit hjúskapar nr. 60/1972.

Könnun fer fram í lögsagnarumdæmi, þar sem annað hjónaefna á lögheimili. Nú á hvorugt lögheimili hér á landi og fer könnun þá fram þar í umdæmi, sem annað þeirra dvelst.

2. gr.

Hjónaefni skulu leggja fram fæðingarvottorð, skírnarvottorð eða nafnvottorð. Sé þetta ekki unnt, skal hjónaefni færa sönnur á nafn sitt og fæðingardag með öðrum persónuskilríkjum, svo sem vegabréfi eða ökuskírteini.

3. gr.

Vígslumaður, sem annast könnun hjónavígsluskilyrða, skal láta hjónaefnum í té sérstakt eyðublað, þar sem veittar skulu upplýsingar um eftirfarandi atriði:

1) Fullt nafn hjónaefnis, starf, lögheimili, nafnnúmer, fæðingardag og -ár, fæðingarstað.
2) Ríkisborgarrétt hjónaefnis, ef það er ekki íslenzkt.
3) Hvern hjónaefni ætlar að ganga að eiga.
4) Hvort hjónaefni hafi verið svipt lögræði.
5) Hvort hjónaefni séu skyld í beinan legg eða hvort þau séu al- eða hálfsystkin.
   Hvort annað þeirra hafi áður verið gift skyldmenni hins í beinan legg.
6) Hvort annað hjónaefna hafi verið ættleitt af hinu.
7) Hvort hjónaefni hafi áður stofnað til hjúskapar.
8) Hvort hjónaefni eigi í vændum barn/börn með öðrum manni eða konu. Einnig skal gefa upplýsingar um kjörbörn, en hins vegar ekki börn, sem hjónaefni hefur gefið til ættleiðingar.

   Það skal koma skýrt fram, að hinu hjónaefna sé kunnugt um þessi atriði.

4. gr.

Ef hjónaefni er yngra en 20 ára og hefur ekki verið gift áður, skal það færa sönnur á, að foreldrar þess samþykki ráðahaginn. Samþykkið má gefa á sérstakt eyðublað, sem vígslumaður lætur í té.

Sé annað foreldra látið, geðveikt eða hálfviti eða fer ekki með foreldraráð eða þá að miklir örðugleikar eru á að ná til þess, nægir samþykki hins. Gera skal grein fyrir því, hvers vegna aðeins er fyrirliggjandi samþykki annars foreldris.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

Sé þessu þannig farið um báða foreldra, þarf samþykki lögráðamanns. Vottorð skal lagt fram um skipun lögráðamannsins.

Óskilgetið barn skal að öllu jöfnu hafa samþykki móður sinnar fyrir ráðahagnum. Samþykkis föðurins er einungis krafizt í þeim tilvikum, þegar hann fer með foreldraráðin.

5. gr.

Karl eða kona, sem eru yngri en 18 ára, skulu leggja fram leyfi dómsmálaráðuneytisins um, að þeim sé heimilað að ganga í hjónaband.

6. gr.

Sá, sem hefur verið sviptur lögræði, skal færa sönnur á, að lögráðamaðurinn sé ráðahagnum samþykkur. Leggja skal fram skilríki um skipun lögráðamannsins. Samþykkið má gefa á sérstöku eyðublaði, sem vígslumaður lætur í té.

7. gr.

Allar yfirlýsingar samkvæmt 3., 4. og 6. gr. skulu vera gefnar innan fjögurra vikna áður en beiðni um könnun hjónavígsluskilyrða er lögð fram. Þetta gildir þó ekki, ef framlagning beiðninnar hefur dregizt af sérstökum ástæðum, svo sem vegna umsóknar um undanþágu frá hjónvígsluskilyrði.

8. gr.

Hafi foreldrar eða lögráðamaður neitað að gefa samþykki sitt til hjúskaparins, skal leggja fram leyfi dómsmálaráðuneytisins um, að vígslan sé leyfð.

9. gr.

Sá, sem annast könnun hjónavígsluskilyrða, getur krafizt þess, að hjónaefni framvísi vottorði frá fæðingarlækni (eða sambærilegum lækni). Enn fremur getur hann krafizt læknisvottorðs um það, hvort hjónaefni sé geðveikt eða hálfviti.

Sé hjónaefni geðveikt eða hálfviti, skal það leggja fram leyfi dómsmálaráðuneytisins um, að því sé heimilaður hjúskapur.

10. gr.

Hafi annað hjónaefna verið gift skyldmenni hins í beinan legg, skal leggja fram leyfi dómsmálaráðuneytisins um, að því sé heimilaður hjúskapur.

11. gr.

Hafi hjónaefni áður stofnað til hjúskapar, skal það færa sönnur á með framlagningu viðeigandi gagna, að hjónabandinu sé slitið með lögskilnaði, ógildingu hjónabandsins eða með því, að fyrri maki sé látinn.

Sé fyrra hjónabandi lokið með því, að veitt hefur verið leyfi til lögskilnaðar hér á landi, skal leggja fram leyfisbréfið því til sönnunar, frumrit eða staðfest endurrit.

Hafi fyrra hjónabandi verið slitið með lögskilnaðar- eða ógildingardómi hér á landi, skal leggja fram því til sönnunar endurrit af dóminum. Sé um undirréttardóm að ræða og hinn lögmælti áfrýjunarfrestur, 3 mánuðir, er ekki liðinn, skal leggja fram skriflega yfirlýsingu frá gagnaðila og dómsmálaráðuneytinu þess efnis, að fallið sé frá áfrýjun dómsins. Sé áfrýjunarfresturinn hins vegar liðinn, skal leggja fram vottorð hæstaréttarritara þess efnis, að áfrýjunarstefna hafi ekki verið tekin út í málinu eða að áfrýjunin varði aðeins skilnaðarskilmálana, en ekki hjúskaparslitin sjálf.

Hafi fyrra hjónabandi lokið með því, að veitt hefur verið leyfi til lögskilnaðar í Danmörku, skal leggja fram leyfisbréfið því til sönnunar, frumrit eða staðfest endurrit.

Hafi fyrra hjónabandi lokið með því, að veitt hefur verið leyfi til lögskilnaðar í Noregi, skal leggja fram því til sönnunar leyfisbréfið í frumriti ellegar þá vottorð norska dómsmálaráðuneytisins eða viðkomandi fylkismanns um, að leyfi til lögskilnaðar hafi verið veitt á ákveðnum degi. Staðfestingar á undirskriftum er ekki krafizt.

Hafi fyrra hjónabandi lokið með ógildingar- eða lögskilnaðardómi í Finnlandi, Noregi, Danmörku eða Svíþjóð, skal leggja fram því til sönnunar endurrit dómsins með áritun um, að dómurinn hafi fullt lagagildi. Þessa yfirlýsingu gefur dómsmálaráðuneytið í Finnlandi, en í Noregi, Svíþjóð og Danmörku viðkomandi dómstóll. Staðfestingar á undirskriftum er ekki krafizt.

Hafi lögskilnaður verið veittur í landi utan Norðurlandanna, skal málið fengið dómsmálaráðuneytinu til úrlausnar, að því er gildi skilnaðarins varðar.

Nú er fyrri maki látinn og skulu þá færðar sönnur á það með dánarvottorði eða vottorði skiptaréttar. Hafi maki látizt erlendis, skal lagt fram dánarvottorð, sem gefið er út af viðkomandi erlendu yfirvaldi. Skýrslur sendiráðs eða ræðismanna Íslands í viðkomandi löndum má einnig leggja til grundvallar.

Hafi lát fyrri maka borið að með þeim hætti, sem segir í lögum nr. 23/1922 um sönnun fyrir dauða manna, sem ætla má, að farizt hafi af slysum, skal leggja fram því til sönnunar staðfest endurrit dómsins.

Sé ekki unnt að færa sönnur á lát fyrri maka með þeim hætti, sem tilskilinn er í tveimur undanfarandi málsgreinum, skal málið fengið dómsmálaráðuneytinu til úrlausnar.

12. gr.

Sá, sem áður hefur verið í hjúskap, er lokið hefur með lögskilnaði eða ógildingardómi, skal leggja fram eftirfarandi gögn, eftir því sem við á:

1) Vottorð skiptaréttar um, að félagsbúið sé eða hafi verið til opinberrar skiptameðferðar, eða

2) yfirlýsingu fyrrverandi maka þess efnis, að einkaskiptum sé lokið eða að hann hafi engar frekari kröfur fram að færa til skipta á eignum félagsbúsins gagnvart þeim, sem ætlar að ganga í hjónaband að nýju, eða

3) endurrit dóms til lögskilnaðar, skilnaðar að borði og sæng eða ógildingar hjúskapar eða leyfisbréf til lögskilnaðar eða skilnaðar að borði og sæng, þar sem tekið hefur verið upp ákvæði þess efnis, að skiptum félagsbúsins sé lokið, eða

4) þinglýstan kaupmála þess efnis, að séreignarfyrirkomulag hafi verið í fyrra hjónabandi, eða

5) vottorð um, að fyrri maki hafi að nýju gengið í hjónaband hér á landi, eða

6) undanþágu frá dómsmálaráðuneytinu, sbr. 10. gr. i. f. l. nr. 60/1972.

Hafi fyrra hjónabandi lokið með láti annars hjóna, skal leggja fram því til sönnunar eftirfarandi gögn eftir því, sem við á:

1) Vottorð skiptaréttar þess efnis, að félagsbúið sé eða hafi verið til opinberrar skiptameðferðar, eða

2) vottorð skiptaréttar þess efnis, að félagsbúið hafi verið afhent til einkaskipta ásamt yfirlýsingu allra erfingja hins látna eða umboðsmanna þeirra um, að skiptum sé lokið, eða

3) vottorð skiptaréttar þess efnis, að hinn látni hafi ekki látið eftir sig neinar eignir, eða

4) vottorð skiptaréttar þess efnis, að eignum búsins hafi verið varið til að standa undir kostnaði við útförina, eða

5) vottorð skiptaréttar þess efnis, að hið eftirlifandi hafi fengið að halda eignum félagsbúsins, sbr. 59. gr. skiptalaga, eða

6) yfirlýsingu allra erfingja hins látna um, að þeir geri ekki kröfu til búskipta, eða

7) þinglýstan kaupmála eða vottorð skiptaréttar þess efnis, að fullkomin séreignaskipan hafi verið í hjónabandinu, eða

8) undanþágu frá dómsmálaráðuneytinu, sbr. 10. gr. i. f. l. nr. 60/1972 um stofnun og slit hjúskapar.

Yfirlýsingar samkvæmt 2. tl. 1. mgr. og 2. og 6. tl. 2. mgr. má gefa á sérstöku eyðublaði, er vígslumaður lætur í té.

13. gr.

Sá, er annast könnun hjónavígsluskilyrða getur krafizt þess, að hjónaefni leggi fram löggilta þýðingu á vottorðum og skilríkjum, sem eru á erlendum tungumálum.

14. gr.

Nú vilja hjón, sem fengið hafa lögskilnað, gifta sig að nýju, og gilda þá venjulegar reglur um þá hjúskaparstofnun.

15. gr.

Nú kemur fram mótbára gegn því, að hjónaefni geti gengið að eigast, og skal þá sá, er annast könnun hjónavígsluskilyrða, meta réttmæti mótbárunnar.

16. gr.

Sé öllum hjúskaparskilyrðum fullnægt, gefur vígslumaður (sá, er annast könnun hjúskaparskilyrða) út sérstakt vottorð því til staðfestingar, að vígsla megi fara fram. Vottorðið skal afhent þeim, er annast vígsluna.

II. KAFLI

17. gr.

Nú eru hjónaefni, annað eða bæði, búsett erlendis, en óska leyfis til að stofna til hjúskapar meðan á dvöl stendur hér á landi, og gilda þá reglurnar í I. kafla, sbr. þó eftirfarandi málsgreinar.

Eigi hjónaefni ríkisborgararétt og lögheimili erlendis og vígslumanni (þeim, sem annast könnun hjónavígsluskilyrða) er kunnugt um það, að fyrirhugaður hjúskapur mundi fara í bága við lög þess lands, þar sem hjónaefni er ríkisborgari eða á lögheimili, má vígslumaður ekki gefa út könnunarvottorð (vottorð um, að hjónavígsluskilyrðum sé fullnægt). Byggist hindrunin í hinni erlendu löggjöf á almennu banni við hjúskap fráskilinna manna, gildir þetta þó ekki.

Samþykki foreldra eða lögráðamanns samkvæmt reglunum í 4. og 6. gr. er ekki nauðsynlegt, ef slíks samþykkis er ekki krafizt í lögum þess ríkis, þar sem hjónaefni á lögheimili. Skal hjónaefni gera fullnægjandi grein fyrir lögum heimalands síns um þetta atriði, sé þess krafizt. Þeir, sem náð hafa 20 ára aldri, þurfa ekki samþykki samkvæmt 4. gr., þótt það sé áskilið í lögum þess lands, þar sem hjónaefni á lögheimili.

Nú hefur í einhverju hinna Norðurlandanna átt sér stað könnun á hjónavígsluskilyrðum fyrir hjónaefni, sem ekki á ríkisborgararétt í neinu þessara ríkja, og þarf þá ekki að fara fram könnun að nýju hér á landi fyrir hjónaefnið.

Sé ekki unnt að gefa út könnunarvottorð samkvæmt 2. mgr. þessarar greinar, skal málið fengið dómsmálaráðuneytinu til úrlausnar.

Um könnun á hjónavígsluskilyrðum fyrir borgara í Danmörku, Noregi, Svíþjóð og Finnlandi gilda reglurnar í III. kafla.

III. KAFLI

18. gr.

Eigi hjónaefni ríkisborgararétt í einhverju hinna Norðurlandanna, skal kanna rétt þess til að ganga í hjúskap eftir íslenzkum lögum, ef annað hjónaefna á lögheimili hér á landi, ella eftir lögum þess ríkis, þar sem hjónaefnið á ríkisfang. Ætíð skal þó beita lögum þess ríkis, sem hjónaefnið á ríkisfang í, ef það óskar þess.

19. gr.

Nú skal kanna rétt til að ganga í hjúskap eftir lögum þess ríkis, þar sem hjónaefni á ríkisfang og getur þá sá, er annast könnun hjónavígsluskilyrðanna, krafizt þess, að rétturinn til að ganga í hjúskap sé sannaður með vottorði viðkomandi stjórnvalda í því ríki. Sé slíkt vottorð lagt fram, þarf ekki að framkvæma frekari könnun á rétti hjónaefnis til að ganga í hjónaband.

Könnunarvottorð (vottorð um, að hjónavígsluskilyrðum sé fullnægt) gefa út:

1) Í Danmörku: Viðkomandi sveitarstjórnaryfirvald (í Kaupmannahöfn: Magistratens 1. afdeling).

2) Í Finnlandi: Prestsembætti, borgaralegt yfirvald, sem stendur fyrir lýsingu, sendiráð eða ræðismannsskrifstofa.

3) Í Noregi: Dómsmálaráðuneytið eða sendiráð.

4) Í Svíþjóð: Prestsembætti, ambassador, sendiherra, ræðismaður eða deildarstjóri lagadeildar utanríkisráðuneytisins.

Vottorðið má ekki vera meira en fjögurra mánaða gamalt, nema annað sé ákveðið í vottorðinu sjálfu.

20. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett með stoð í lögum nr. 60 frá 1972 um stofnun og slit hjúskapar, öðlast gildi þegar í stað.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 8. júní 1973.

Ólafur Jóhannesson.

Friðrik Ólafsson.

DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTIÐ

KÖNNUNARVOTTORÐ

Embætti sem gefur könnunarvottorð út

Dags. könnunarvottorðs

Könnunarnúmer

Maðurinn	Konan
Eiginnafn og föðurnafn	Eiginnafn og föðurnafn
Starf	Starf
Lögheimili (húsheiti, gata, númer)	Lögheimili (húsheiti, gata, númer)
Sveitarfélag	Sveitarfélag
Fæðingardagur og -ár / Nafnnúmer	Fæðingardagur og -ár / Nafnnúmer
Fæðingarstaður	Fæðingarstaður
Ríkisfang	Ríkisfang
Lögheimili eftir vígsluna	
Samþykki foreldra ☐ Já ☐ Nei	Samþykki foreldra ☐ Já ☐ Nei
Samþykki lögráðamanns ☐ Já ☐ Nei	Samþykki lögráðamanns ☐ Já ☐ Nei
Útgáfudagur leyfis dómsmálaráðuneytis skv. 1. gr. hjúskaparlaga	Útgáfudagur leyfis dómsmálaráðuneytis skv. 1. gr. hjúskaparlaga
Útgáfudagur leyfis dómsmálaráðuneytis þrátt fyrir synjun foreldra	Útgáfudagur leyfis dómsmálaráðuneytis þrátt fyrir synjun foreldra
Hefur áður verið kvæntur ☐ Já ☐ Nei	Hefur áður verið gift ☐ Já ☐ Nei
Síðasta hjónaband lokið með ☐ Láti maka ☐ Lögskilnaði ☐ Ógildingu	Síðasta hjónaband lokið með ☐ Láti maka ☐ Lögskilnaði ☐ Ógildingu
Nafn síðasta maka	Nafn síðasta maka
Skjöl er staðreyna slit síðasta hjónabands	Skjöl er staðreyna slit síðasta hjónabands
Útgefandi þeirra	Útgefandi þeirra
Útgáfudagur þeirra	Útgáfudagur þeirra
Eignaskipti;séreignaskipan; skjöl	Eignaskipti;séreignaskipan; skjöl
Athugasemdir (m.a. um leyfi frá dómsmálaráðuneytinu um könnunarvottorð erlendis frá eða um beitingu erlends réttar)	
Undirskrift hjónaefnis	Undirskrift hjónaefnis
Áritun vígslumanns (Vígsludagur, -staður og undirskrift)	Undirskrift könnunarmanns og embættisstimpill

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir Hitaveitu Húsavíkur nr. 285 18. des. 1970 með síðari breytingum.

B-liður 4. gr. orðist þannig:
Vatnsgjald, kr. 440.00 á mánuði fyrir hvern mínútulítra í hámarksstillingu heimilis.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkv. orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að taka gildi hinn 1. marz 1973 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 27. febrúar 1973.

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.

14. febrúar 1973. Nr. 157.

AUGLÝSING

um umferð og bifreiðastöður í Hafnarfirði.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Hafnarfjarðar og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð og stöður bifreiða í Hafnarfjarðarbæ:

1. Umferð um **Hringbraut** nýtur forgangsréttar fyrir umferð um allar götur, sem að henni liggja milli Lækjargötu og Suðurgötu.
2. Umferð um **Öldugötu** hefur forgangsrétt fyrir umferð um allar götur, sem liggja að henni milli Hringbrautar og Reykjanesbrautar (Keflavíkurvegar).
3. Umferð um **Hjallabraut** nýtur forgangsréttar fyrir umferð um allar götur, sem að henni liggja frá Reykjavíkurvegi.
4. Reglur um einstefnuakstur á **Austurgötu** breytast þannig frá gildistöku þessarar auglýsingar, að einungis er heimilt að aka nefnda götu **til vesturs frá Linnetsstíg** út á Reykjavíkurveg. Áður settar reglur um einstefnuakstur til austurs á **Austurgötu frá Linnetsstíg að Lækjargötu** haldast hins vegar óbreyttar.
5. Einstefnuakstur til vesturs verður um **Tunguveg** frá Reykjavíkurvegi að Norðurbraut.
6. Einstefnuakstur til vesturs verður um **Lækjarkinn** frá Bárukinn að Lækjargötu.
7. Bifreiðastöður eru bannaðar við **Hverfisgötu**, þar sem gatan þrengist við tröppur, stéttir og annað þess háttar.
8. Þá hefur verið ákveðið, að eftirtaldar götur og götukaflar verði til reynslu lokaðar fyrir umferð vélknúinna ökutækja frá gildistöku þessarar auglýsingar, þar til öðru vísi verður ákveðið:
   a. **Bárukinn** milli Fögrukinnar og Grænukinnar og milli Bröttukinnar og Köldukinnar.
   b. **Stekkjarkinn** milli Bröttukinnar og Köldukinnar.
   c. **Lækjarkinn verður lokað við Hringbraut.**

d. Vegur milli Hörðuvalla og Lækjargötu verður lokaður.
Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi frá og með 1. marz 1973.
Þetta tilkynnist hér með öllum, sem hlut eiga að máli.

Bæjarfógetinn í Hafnarfirði, 14. febrúar 1973.

Einar Ingimundarson.

Nr. 158. 3. maí 1973.

AUGLÝSING

um umferð í Sandgerði í Miðneshreppi.

Að fengnum tillögum hreppsnefndar Miðneshrepps í Gullbringusýslu og samkv. heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð í Sandgerði:

1. Umferð um **Suðurgötu** nýtur forgangsréttar fyrir umferð um Ásabraut, Túngötu, Austurgötu og Vesturgötu.
2. Umferð um **Strandgötu** hefir forgangsrétt fyrir umferð um Túngötu.
3. Umferð um **Austurgötu** hefir forgangsrétt fyrir umferð um Túngötu.
4. Umferð um **Norðurgötu** nýtur forgangsréttar fyrir umferð um Brekkustíg.
5. Einstefnuakstur er á hafnarvigtina við Hafnargötu frá vestri til austurs.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi frá og með 15. maí 1973.
Þetta tilkynnist hér með öllum, sem hlut eiga að máli.

Sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu, 3. maí 1973.

Einar Ingimundarson.

Nr. 159. 3. maí 1973.

AUGLÝSING

um bifreiðastöður í Njarðvíkurhreppi.

Að fengnum tillögum hreppsnefndar Njarðvíkurhrepps í Gullbringusýslu og samkv. heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, eru hér með settar eftirfarandi reglur um bifreiðastöður í Ytri-Njarðvík:

Bannað er að leggja stærri ökutækjum (vörubifreiðum og strætisvögnum) á **Holtsgötu** norðan Borgarvegar og á **Klapparstíg.**

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi frá og með 15. maí 1973.
Þetta tilkynnist hér með öllum, sem hlut eiga að máli.

Sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu, 3. maí 1973.

Einar Ingimundarson.

SAMÞYKKT

um hundahald í Eskifjarðarhreppi.

1. gr.

Hundahald er bannað í lögsagnarumdæmi Eskifjarðarhrepps, Suður-Múlasýslu.

2. gr.

Þó er búandi fjárbændum á jörðum innan Bleiksár heimilt að hafa hunda, eftir þörfum.

Samþykkt þessi staðfestist hér með til að taka gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 11. maí 1973.

Magnús Kjartansson.

Jón Ingimarsson.

14. maí 1973. Nr. 161.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 150 21. júní 1972, um orlof.

1. gr.

1. grein orðist svo:

Orlofsgreiðslur fara fram með tvennum hætti. Annars vegar fá fastir starfsmenn orlofslaun, þ. e. þeir fá greidd venjuleg laun meðan þeir eru í orlofi. Aðrir launþegar fá hins vegar greitt orlofsfé, sem nemur a. m. k. 8⅓% af launum þeirra í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar. Þetta ákvæði rýrir þó ekki víðtækari eða hagkvæmari orlofsrétt samkvæmt öðrum lögum, samningum eða venju.

Fastur starfsmaður telst hver sá samkvæmt reglugerð þessari, sem á rétt á eins mánaðar uppsagnarfresti. Sá, sem stundar árstíðabundna vinnu, telst þó ekki vera fastur starfsmaður, þó hann eigi rétt á mánaðar uppsagnarfresti.

2. gr.

2. grein orðist svo:

Í hvert skipti sem laun eru greidd, skal launagreiðandi afhenda launþega launaseðil, er sýni fjárhæð launa og orlofsfjár. Ráðuneytið lætur gera eyðublað fyrir launaseðil til þæginda fyrir aðila.

Innan mánaðar frá útborgun vinnulauna skulu launagreiðendur greiða gjaldfallið orlofsfé sbr. 1. mgr. þessarar greinar, til næstu póststöðvar, samkvæmt nánari fyrirmælum póst- og símamálastjórnar. Orlofsfé fyrir liðinn mánuð skal þó ætíð greitt fyrir 10. næsta mánaðar. Orlof sjómanna á fiskiskipum má þó inna af hendi þrisvar á ári, þar sem ákvæði eru í kjarasamningum um kauptryggingu og kauptryggingatímabil, eftir 15. maí, 15. september og í árslok. Greiðslunni skal fylgja skilagrein á þar til gerðu eyðublaði, sem ráðuneytið lætur gera í samráði við póst- og símamálastjórnina, eða á öðru því eyðublaði, sem samþykkt er af henni.

Eyðublöð, sem um ræðir í grein þessari, fá launagreiðendur afhent á póststöðvum.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 87 24. desember 1971 til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 14. maí 1973.

Hannibal Valdimarsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Nr. 162. 16. maí 1973.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 245 31. desember 1963, um tekjuskatt og eignarskatt.

1. gr.

104. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Á sama hátt og með sömu viðurlögum og í 103. gr. segir, getur innheimtumaður krafizt greiðslu skatta af kaupi hjá kaupgreiðanda í öðru innheimtudæmi, svo og skýrslna, sbr. 7. og 8. tl. 103. gr., um starfsmenn, sem skatta ber að greiða í innheimtuumdæminu. Skal það gert með bréfi til viðkomandi kaupgreiðanda. Í Reykjavík og Reykjanesumdæmi nægir þó almenn auglýsing innheimtumanns gagnvart öllum kaupgreiðendum í Reykjavík og Reykjanesumdæmi.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 16. maí 1973.

F. h. r.
Jón Sigurðsson.

Ólafur Stefánsson.

Nr. 163. 30. maí 1973.

REGLUGERÐ

um hvalveiðar.

I.

1. gr.

Rétt til þess að stunda hvalveiðar í íslenzkri fiskveiðlandhelgi og til að landa hvalafla, þótt utan landhelgi sé veitt, svo og til að verka slíkan afla, hafa þeir einir, er fengið hafa til þess leyfi sjávarútvegsráðuneytisins. Áður en leyfi er veitt, skal ráðherra leita umsagnar Fiskifélags Íslands og Hafrannsóknastofnunarinnar og ef báðar þessar stofnanir telja að gengið sé of nærri hvalstofninum með nýjum veiðileyfum skal umsókn synjað.

2. gr.

Bannað er að veiða:

a) Hvalkálfa, hvali á spena og kvenhvali, sem kálfar eða hvalir á spena fylgja.
b) Grænlands-sléttbak, Íslands-sléttbak, hnúfubak og steypireyð.

c) Langreyðar innan við 55 fet eða 16.8 metra að lengd, sandreyðar innan við 40 fet eða 12,2 metra að lengd og búrhvali innan við 35 fet eða 10,7 metra að lengd.

Þó má veiða langreyðar yfir 50 fet (15,2 m) og sandreyðar yfir 35 fet (10,7 m) fyrir íslenzkar landstöðvar, enda sé hvalkjötið þá notað til manneldis eða skepnufóðurs á Íslandi.

3. gr.

Hvalir skulu mældir á láréttum fleti svo nákvæmlega sem hægt er, með stálmælibandi, sem þannig er úr garði gert að á núll-endanum sé oddhvasst skaft, sem stinga má föstu niður beint á móts við annan enda hvalsins. Mælibandið skal þanið í beinni línu samsíða hvalnum og lesið af því beint á móts við hinn endann.

Endar hvals við mælingu skulu taldir vera fremsti oddur efri kjálka og sporðrauf. Lengd hvals skal miða við heilt fet, þ. e. hvalur, sem mælist milli 76½ fet og 77½ fet skal talinn 77 fet. Ef mæling stendur á hálfu feti, skal lengd miðuð við næsta heila fet á eftir, t. d. 76½ fet skal tákna 77 fet.

4. gr.

Veiðileyfi skv. 1. gr. skulu veitt landstöð eða landstöðvum, er einnig skulu hafa sérstakt leyfi til verkunar hvalafla sbr. 1. gr. Skulu veiðileyfin gilda í eitt veiðitímabil í senn. Veiðitímabil skulu vera samfelld og aldrei vara lengur en í 4½ mánuð á ári.

5. gr.

Íslenzkum landstöðvum skal aðeins heimilt að taka á móti og verka hvalafla íslenzkra skipa, er veiðileyfi hafa skv. 1. gr. og þeim skipum er aðeins heimilt að landa afla sínum til íslenzkra landstöðva.

6. gr.

Allir veiddir hvalir skulu merktir veiðiskipi og tölusettir í þeirri röð, sem þeir hafa veiðzt í.

7. gr.

Landstöðvar skulu halda dagbók yfir veiðarnar. Skulu innfærslur allar vera greinilegar og má eigi strika út eða gera ólæsilegt það, sem innfært hefur verið. Dagbók skal hafa tölusettar blaðsíður, vera gegnumdregin og löggilt af sjávarútvegsráðuneytinu.

8. gr.

Í dagbók skal greina eftirfarandi:

a) Tölu og tegund veiddra hvala og misstra og þeirra, sem unnið er úr.
b) Veiðistað.
c) Kynferði og stærð veiddra hvala (sjá 3. gr.).
d) Ef um kvenhval er að ræða skal tekið fram hvort hún sé mjólkurfull eða með á spena. Einnig skal tilgreind lengd fósturs, sé það fyrir hendi.
e) Heildarmagn lýsis, mjöls og annarra afurða.
f) Upplýsingar varðandi hvalgöngur eða aðrar upplýsingar, sem gætu orðið til glöggvunar á hegðun og ástandi hvalstofna hér við land.

9. gr.

Afhenda skal sjávarútvegsráðuneytinu dagbókina við lok hvers veiðitímabils.

10. gr.

Sjávarútvegsráðuneytið skipar eftirlitsmann með hverri landstöð og ákveður þóknun hans, er greiðist úr ríkissjóði. Einnig er landstöðvum skylt að hlíta því, að erlendir eftirlitsmenn fylgist nákvæmlega með starfsemi stöðvarinnar í sam-

ræmi við samþykktir alþjóða hvalveiðiráðsins, sem bindandi eru fyrir Ísland, eða ákvæði milliríkjasamninga, sem Ísland er aðili að.

11. gr.

Hver landstöð skal greiða kr. 27 000.00 árgjald í ríkissjóð og auk þess kr. 9 000.00 krónur á ári fyrir hvert hvalveiðiskip. Gjöld þessi skulu samanlagt ekki nema hærri fjárhæð en nemur kostnaði við eftirlit með hvalveiðum skv. lögum nr. 26/1949 og reglugerð þessari.

12. gr.

Hvalskyttur og skipshafnir veiðiskipa skulu ráðnar þannig, að laun þeirra séu að verulegu leyti miðuð við tegund, stærð og afurðir veiddra hvala, en ekki aðeins við tölu veiddra hvala. Engin aflaverðlaun eða aðrar aukaþóknanir má greiða skyttum eða áhöfnum veiðiskipa vegna veiði hvala með mjólk eða kálf á spena. Afhenda skal sjávarútvegsráðuneytinu yfirlit yfir allar launagreiðslur og grundvöll þeirra, þegar þess er óskað.

13. gr.

Skipstjóri hvalveiðiskips, útgerðarmaður og forstöðumenn landstöðvar skulu sameiginlega bera ábyrgð á því að ekki sé brotið gegn ákvæðum reglugerðar þessarar.

II.

Sérákvæði um veiðar á hrefnu og tannhvölum öðrum en búrhval.

14. gr.

Leyfi til veiða á hrefnu og tannhvölum öðrum en búrhval, sem veitt eru skv. 1. gr., skulu ávallt vera tímabundin. Þau skulu veitt skipstjórum veiðiskipa, sem ásamt útgerðarmönnum skulu ábyrgir fyrir því að öll skilyrði veiðileyfanna verði haldin. Áður er veiðileyfi eru veitt skulu liggja fyrir staðfestar upplýsingar um það hvar og á hvern hátt aflinn verði verkaður.

15. gr.

Sjávarútvegsráðuneytið getur sett leyfishöfum skilyrði með ákvæðum í leyfisbréfum m. a., um:

a) Ákveðin veiðisvæði,
b) lengd veiðiferða,
c) útbúnað veiðiskips,
d) meðferð og verkun afla,
e) skyldu til skýrslugerðar,
f) innköllun eða skiptingu leyfa.

16. gr.

Eintak af lögum nr. 26/1949, um hvalveiðar og reglugerð þessari skulu höfð til sýnis á áberandi stað þar sem hvalveiðar og vinnsla er stunduð.

17. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum og öðrum viðurlögum skv. lögum nr. 26/1949 um hvalveiðar. Mál út af brotum skulu sæta meðferð opinberra mála.

18. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 26/1949, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 113 16. ágúst 1949 um hvalveiðar.

Sjávarútvegsráðuneytið, 30. maí 1973.

Lúðvík Jósepsson.

Þórður Ásgeirsson.

1. júní 1973. Nr. 164.

REGLUR

um útdrátt vinninga í happdrættisláni ríkissjóðs 1973, skuldabréf B.

1. gr.

Útdráttur fer fram í Reiknistofu Raunvísindastofnunar Háskólans að viðstöddum forstöðumanni stofunnar og eftirlitsnefnd með eftirtöldum fulltrúum:

a. Notarius publicus,
b. fulltrúa fjármálaráðuneytisins og
c. fulltrúa Seðlabanka Íslands.

2. gr.

Við útdráttinn skal nota eftirfarandi gögn og tæki:

a. Tölvu Reiknistofunnar.
b. Forrit, sem stýrir tölvunni við útdráttinn. Forritið skal gert af Reiknistofunni og skulu notaðar til þess viðurkenndar aðferðir. Forritið skal skráð á gataspjöld og þannig úr garði gert, að einungis minniseiningar úr kjarnaminni tölvunnar séu notaðar. Eftirlitsnefndin skal fá sérfræðing, sem ekki starfar við Reiknistofu til að fylgjast með gerð forritsins, yfirfara það að lokum og afhenda það notarius til varðveizlu. Forritið skal varðveitt af notarius milli útdrátta.
c. Tunnu með 40 hylkjum í. Í hverju hylkjanna er fólginn á seðli einn tölustafanna frá 0 til 9, þannig að sérhver tölustafanna 0 til 9 er í fjórum hylkjum.
d. Átta gataspjöld (titilspjöld), þar sem á er skráð titill, dagsetning og númer viðkomandi útdráttar, fjöldi og upphæð vinninga svo og númer skuldabréfa, sem dregið er úr.
e. Eitt gataspjald (stýrisspjald) með 48 tölustöfum, sbr. 4. gr. hér á eftir.

3. gr.

Útdráttur hefst með því, að notarius velur 48 sinnum hylki úr happdrættistunnunni. Eftir hvert val er tölustafur viðkomandi hylkis skráður, en hylkið með seðli sínum er aftur sett í tunnuna, áður en næsta val fer fram.

4. gr.

Forstöðumaður Reiknistofu lætur gata hina 48 tölustafi í fyrstu 48 dálka gataspjalds og í þeirri röð, sem þeir voru dregnir. Eftirlitsnefndin gengur úr skugga um, að ofangreint stýrisspjald sé rétt gatað.

5. gr.

Tölvan er látin lesa forritið, titilspjöldin átta og stýrisspjaldið sbr. 2. gr.

6. gr.

Tölvan velur nú vinningsnúmer og vinningsupphæðir og stýrir ofangreind 48 stafa tala valinu. Tölvan skrifar út vinningalista, sem raðaður er í númeraröð. Vinningalistinn er staðfestur með undirskrift eftirlitsnefndarinnar.

7. gr.

Bili tölvan, eða stöðvist útdráttur hennar, tekur notarius publicus forritið, titilspjöldin og stýrisspjaldið í sína vörzlu, þar til viðgerð er lokið. Útdráttur er þá endurtekinn og hefst með því, að tölvan er látin lesa hin geymdu gögn sbr. 5. gr.

8. gr.

Reglur þessar eru settar skv. 6. gr. reglugerðar nr. 26 frá 13. marz 1973 og öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 1. júní 1973.

Halldór E. Sigurðsson.

Jón Sigurðsson.

Nr. 165. 1. júní 1973.

REGLUGERÐ

um hækkun bóta samkvæmt lögum um almannatryggingar.

1. gr.

Upphæðir bóta samkvæmt lögum um almannatryggingar annarra en fjölskyldubóta og fæðingarstyrks skulu hækka um 5.2% frá 1. júlí 1973 að telja.

Hækkunin tekur einnig til lágmarksbóta og heimildarbóta samkvæmt 19. gr. sbr. 5. gr. laga nr. 96/1971, svo og greiðslna samkvæmt 73. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 78. grein laga nr. 67/1971.

Í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 1. júní 1973.

Magnús Kjartansson.

Páll Sigurðsson.

Nr. 166. 6. júní 1973.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 95 14. ágúst 1962, um sameiginlega innheimtu opinberra gjalda í Reykjavík.

1. gr.

2. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Ef gjöld samkvæmt gjaldheimtuseðli eru ekki greidd áður en 2 mánuðir eru liðnir frá gjalddaga, skal greiða dráttarvexti af því, sem ógreitt er, 1½% fyrir

hvern mánuð eða brot úr mánuði, sem líður, talið frá og með gjalddaga, unz gjöldin eru að fullu greidd.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 6. júní 1973.

Halldór E. Sigurðsson.

Jón Sigurðsson.

6. júní 1973. Nr. 167.

AUGLÝSING

um takmarkað leyfi til dragnótaveiða sumarið 1973.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 40 9. júní 1960, um takmarkað leyfi til dragnótaveiða í fiskveiðlandhelgi Íslands undir vísindalegu eftirliti, getur ráðherra, samkvæmt tillögum Hafrannsóknastofnunarinnar og Fiskifélags Íslands, ákveðið fyrir eitt ár í senn, að dragnótaveiði sé heimil á tilteknu svæði eða svæðum á tímabilinu 15. júní til 31. október eða skemmri tíma, eftir því sem nánar er ákveðið.

Þó segir í 1. gr. laga nr. 50 16. apríl 1971, að sé leyfi veitt til dragnótaveiða fyrir Norðurlandi á tilteknu svæði eða svæðum, skuli leyfisveiting, þrátt fyrir ákvæði áðurgreindra laga, við það miðuð, að veiðin sé heimil á tímabilinu 15. júlí til 30. nóvember eða skemmri tíma. Þá segir enn fremur í 1. gr. laga nr. 50/1971, að bönnuð sé öll veiði með dragnót, flotvörpu eða botnvörpu í Faxaflóa frá punkti 6 sjómílur í vestur frá Garðskaga og þaðan beint í Malarrif.

Fiskifélag Íslands hefur leitað álits sveitarstjórna og annarra aðila, sem hagsmuna hafa að gæta í þessu efni.

Í samræmi við ákvæði téðra laga og athuganir Fiskifélags Íslands hefur sjávarútvegsráðuneytið ákveðið, að leyfi til dragnótaveiða skuli veitt frá og með 15. þessa mánaðar á eftirgreindum svæðum:

I Milli línu réttvísandi austur úr Álftavíkurfjalli (Álftavíkurtanga) að línu réttvísandi austur úr Gvendarnesi, sunnan Fáskrúðsfjarðar. Þó skulu veiðar óheimilar í Seyðisfirði og Loðmundarfirði innan línu úr Álftavíkurtanga í Dalatanga og þaðan fyrir mynni Mjóafjarðar í Flesjatanga og fyrir mynni Norðfjarðarflóa í Barðsneshorn. Þá eru dragnótaveiðar óheimilar á Sandvík og á Vaðlavík innan línu frá Barðsneshorni í Gerpi og þaðan í Krossanestanga. Einnig eru dragnótaveiðar óheimilar í Reyðarfirði innan línu úr Krossanestanga norðan fjarðarins í Vattarnestanga sunnan fjarðarins. Þá eru dragnótaveiðar og óheimilar í Fáskrúðsfirði innan línu úr Hafnarnesi að norðan í Hafnarnesvita að sunnan.

II. Frá línu réttvísandi vestur frá Malarrifi á Snæfellsnesi að línu réttvísandi norður úr Hornbjargi.

Á Vestfjörðum er dragnótaveiði óheimil innfjarða innan lína, sem hér segir:

1. Úr Ólafsvita um Tálkna, þvert fyrir Patreksfjörð og Tálknafjörð.
2. Milli Svarthamra að sunnan og Tjaldaness að norðan í Arnarfirði.
3. Milli Svalvogarvita að sunnan og Fjallskagavita að norðan í Dýrafirði.
4. Milli Mosdals að sunnan og Arnarness að norðan í Önundarfirði.
5. Milli Keravíkur að sunnan og Galtarbæjar að norðan í Súgandafirði.
6. Milli Galtarvita að sunnan og Rits að norðan.

Bátum innan lögmætra stærðarmarka, sem skráðir eru og gerðir hafa verið út frá verstöðvum á framangreindum svæðum, verður veitt leyfi til að veiða hvar sem er á svæðunum.

III. Enn fremur hefur sjávarútvegsráðuneytið ákveðið að bátum innan lögmætra stærðarmarka, verði veitt leyfi til dragnótaveiða frá 15. júní til 30. nóvember n. k., á svæði frá línu réttvísandi norður úr Hornbjargi austur að línu, réttvísandi norðaustur úr Font á Langanesi.

Þó skulu veiðar óheimilar á eftirgreindum svæðum:

1. Innan línu, utan Ingólfsfjarðar og Ófeigsfjarðar, frá Veturmýrarnesi í Selsker og þaðan í Drangatanga.
2. Innanverðum Húnaflóa innan línu frá Gjögurvita, þvert yfir fjörðinn að Kálfshamarsvita.
3. Í Skagafirði innan línu úr Hegranestá í Fagranes á Reykjaströnd.
4. Í Skagafirði innan línu frá Hellnanesi á Þórðarhöfða í Kringlu í Málmey og úr norðurenda Málmeyjar í Stapa á Hrolllaugshöfða.
5. Í Haganesvík innan línu úr Músarnesi vestan Haganesvíkur fyrir víkina í Olnboða austan Haganesvíkur.
6. Í Siglufirði innan línu frá Landsenda vestan Siglufjarðar fyrir fjörðinn í Siglunesvita.
7. Í Eyjafirði innan línu frá nyrzta odda Hálshöfða, vestan fjarðarins, þvert yfir um syðsta odda Hríseyjar beina stefnu yfir í Svínárnes.
8. Í Eyjafirði innan línu 1 sjómílu réttvísandi austur úr Fossdalsvita í línu 1 sjómílu réttvísandi austur úr Múlatöng.
9. Á 3ja mílna belti kringum Grímsey miðað við strandlengju eyjarinnar.
10. Á tímabilinu 15. júlí til 15. ágúst innan línu úr Bríkurskeri við vestanverðan Skjálfandaflóa um Lundey í Héðinshöfða við austanverðan flóann. Á tímabilinu 16. ágúst til 30. nóvember n. k. eru dragnótaveiðar óheimilar á innanverðum Skjálfandaflóa innan línu úr innra horni Skálavíkur við vestanverðan flóann um Lundey í Héðinshöfða við austanverðan flóann.
11. Á tímabilinu 15. júlí til 31. ágúst n. k. á innanverðum Axarfirði innan línu úr Gerðibrekkuhaus að vestan í Grímshafnartanga að austan.
12. Á tímabilinu 1. september til 30. nóvember n.k. á innanverðum Axafirði innan línu úr ós Naustár að sunnan í Grímshafnartanga að norðan.
13. Í Axarfirði innan línu, sem hugsast dregin úr Leirhafnartanga að sunnan í Grjótnes að norðan.
14. Á svæði innan línu frá Ásmundarstaðarey norðan Raufarhafnar í Melrakkanes.
15. Í Þistilfirði á tímabilinu 15. júní til 15. ágúst innan línu úr Grenjanesi í Rauðanestá og á tímabilinu 16. ágúst til 30. nóvember innan línu úr Hleinartanga í Laxártanga vestan fjarðarins.

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 21 10. maí 1969, um breyting á lögum nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu, taka heimildir þær, sem veittar eru í þeim lögum til veiða með botnvörpu og flotvörpu, og til dragnótaveiða.

Sjávarútvegsráðuneytið, 6. júní 1973.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Gylfi Þórðarson.

AUGLÝSING

um að felld hafi verið niður stimpilgjöld af skírteinum um atvinnuslysatryggingu sjómanna.

Skv. heimild í 8. mgr. 38. gr. laga nr. 75/1921, um stimpilgjald hefur ráðuneytið ákveðið, að felld skuli niður stimpilgjöld af skírteinum um atvinnuslysatryggingu sjómanna.

Fjármálaráðuneytið, 6. júní 1973.

F. h. r.

Jón Sigurðsson.

Höskuldur Jónsson.

14. maí 1973. Nr. 169.

REGLUGERÐ

um holræsi og holræsagjöld í Blönduóshreppi.

1. gr.

Sveitarstjórn hefur ein heimild til þess að leggja holræsi um Blönduóskauptún.

2. gr.

Þar sem sveitarstjórn hefur látið leggja holræsi í götu, veg eða opið svæði, er hverjum húseiganda, sem á lóð þar að, skylt að leggja á sinn kostnað ræsi frá húsinu, sem flytji skólp frá húsinu út að aðalræsi og halda við sinni heimæð. Regnvatn af húsi eða lóð skal einnig, að svo miklu leyti sem unnt er, leitt í húsræsið. Ef húseigandi vanrækir að leggja holræsi innan hæfilegs frests, sem sveitarstjórn tiltekur, skal verkið unnið á hans kostnað. Greiða skal kr. 1 000.00 í tengigjald.

3. gr.

Áður en húseigandi byrjar að leggja holræsi, skal hann leggja fram uppdrátt af holræsalögn innan húss og í grunni, er sýni legu, halla og stærð, gerð og annað því viðkomandi.

Aðeins pípulagningamanni eða öðrum, sem sveitarstjórn hefur samþykkt, skal heimilt að leggja holræsalagnir.

Engar lagnir má hylja fyrr en byggingafulltrúi hefur samþykkt þær.

4. gr.

Allt efni, sem notað er til holræsagerðar, skal standast þær kröfur, sem til slíks eru gerðar í byggingarsamþykkt, en auk þess getur hreppsnefnd sett reglur um holræsaefni, t. d. ef um nýjungar á því sviði er að ræða. Hreppsnefnd getur gert kröfur um sérstaka hreinsibrunna á holræsakerfi húseiganda þar, sem ástæða þykir til.

5. gr.

Bannað er að láta renna í holræsakerfið sýrur, sterkan lút, olíur, kvikasilfur eða önnur efni, sem geta valdið skemmdum á holræsakerfinu eða varanlegri mengun.

6. gr.

Kostnaður við holræsagerð staðarins greiðist úr sveitarsjóði. Til þess að standast útgjöld þau, sem stafa af lagningu holræsanna, ber hverjum þeim sem hús á,

lóð eða lóðarréttindi við götu eða veg eða opið svæði, þar sem hreppurinn hefur lagt holræsi í, greiða árlega til sveitarsjóðs 0.10% af fasteignamati húss og lóðar, þó aldrei minna en kr. 750.00 af húsi eða hluta af húsi, sem talinn er sér í fasteignamati enda sé skólplögn að viðkomandi húseign eða húshluta. Gjöld samkvæmt grein þessari er sveitarstjórn heimilt að hækka eða lækka um 50 af hundraði, án þess að samþykki ráðuneytisins komi til.

7. gr.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu holræsagjalds.

Gjaldið hefur lögtaksrétt og er það tryggt með lögveði í lóð og mannvirkjum lóðareiganda á henni næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði. Árlegur gjalddagi holræsagjalds er sá sami og fasteignaskatts.

8. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum allt að kr. 10 000.00, sem rennur í sveitarsjóð. Mál út af brotum gegn reglugerð þessari skal fara með sem almennt lögreglumál.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Blönduóshrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 14. maí 1973.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.

Nr. 170. 15. maí 1973.

REGLUGERÐ

um holræsi fyrir Borgarnes.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir fyrir Borgarneshrepps.

2. gr.

Hreppsnefnd Borgarness tekur ákvörðun, samkvæmt skipulagi, um lagningu holræsa, aðalæða og götuæða. Sveitarstjóri eða annar í umboði hans, hefur fulla umsjón með og sér um daglegan rekstur á holræsakerfi hreppsins.

3. gr.

Þegar holræsi hefur verið lagt í veg, götu eða annað opið svæði, eða þar sem hreppurinn hefur tekið að sér viðhald og endurnýjun holræsa, er þeim húseigendum, er þar eiga húseignir að eða í námunda við og til holræsa geta náð, skylt að leggja á sinn kostnað ræsi frá húsinu, er flytji allt skólp frá því út í aðalræsið. Á sama hátt skal farið með regnvatn af húsum og lóðum og það tengt við aðalræsi eða sérstakt regnvatnsræsi, sem gert er þá ráð fyrir, ef unnt er.

4. gr.

Ætli húseigandi að gera breytingar eða viðbætur við eldra ræsi, sem tengist holræsakerfi hreppsins, ber honum með nægum fyrirvara að fá til þess skriflegt leyfi hjá sveitarstjóra eða þeim umboðsmanni hans, sem málið fellur undir.

5. gr.

Með umsókn húseiganda skal fylgja uppdráttur á nýlögnum eða breytingum á eldri lögnum. Uppdráttur þessi skal gerður af þar til hæfum manni, er hlotið hefur til þess löggildingu byggingarnefndar. Uppdrátturinn skal undirritaður af þessum tæknimanni, sem ber fulla ábyrgð á, að hann sé í fullu samræmi við reglugerð þessa og byggingarsamþykkt fyrir Borgarnes.

6. gr.

Samþykktur uppdráttur, er varðveitist í skjalasafni byggingarfulltrúa, skal vera undirritaður af tæknimanni og pípulagningameistara, sem hvor um sig ber ábyrgð samkv. grein 5 og grein 7. Uppdráttur skal gerður á haldgóðan pappír og þannig frá gengið að ekki máist við geymslu. Stærð uppdráttar skal vera 42 × 59.4 cm eða margfeldi þeirrar stærðar. Efst í hægra horni uppdráttar skal afmarkaður 7 × 10 cm reitur til áritunar fyrir byggingarfulltrúa. Uppdráttur skal sýna í góðum mælikvarða allar lagnir innan húss sem utan. Allir vatnslásar, niðurföll, hreinsilokar og brunnar, sem tilheyra kerfinu, skulu sýndir. Nauðsynlegar hæðartölur skulu miðaðar við hæðarmerkjakerfi Borgarness.

Sérteikning skal fylgja af brunnum, fitu-, sand-, olíu- og benzíngildrum og öðrum þeim stöðum, sem byggingarfulltrúi æskir eftir nánari útfærslu á. Nota skal þá mælikvarða 1:20. Uppdráttur skal enn fremur sýna afstöðumynd af legu og tengingu húslagna við holræsakerfi hreppsins.

7. gr.

Pípulagningameistari sá, er verkið á að vinna, ritar nafn sitt á bæði eintök samþykkts uppdráttar, áður en verkið hefst. Pípulagningameistari ber fulla ábyrgð á, að verkið sé framkvæmt í samræmi við samþykktan uppdrátt. Sé skipt um pípulagningameistara, meðan á verki stendur, ber að tilkynna það byggingarfulltrúa. Skal pípulagningameistari sá, er við tekur, gefa skriflegar upplýsingar um, hversu miklum hluta verksins sé þegar lokið. Er honum eigi heimilt að halda verkinu áfram, fyrr en hann hefur áritað áðurnefnda uppdrætti. Ávallt skal hafa áritaðan uppdrátt á vinnustað. Uppdráttur fellur úr gildi eftir eitt ár, sé þá ekki farið að vinna eftir honum.

8. gr.

Við allar framkvæmdir er húseiganda skylt að hlýða í einu og öllu fyrirmælum byggingarfulltrúa eða umboðsmanns hans í öllu því, er að tilhögun og lagningu ræsanna lýtur, enda hafi starfsmenn hreppsins ávallt eftirlit með því, að vel og örugglega sé frá öllu gengið. Húseiganda eða þeim, er ábyrgð ber á verkinu, er skylt að láta starfsmenn byggingarfulltrúa vita með nægum fyrirvara svo eðlilegri úttekt á verkinu verði við komið, áður en það er hulið.

9. gr.

Allt efni, sem notað er til holræsagerðar, skal standast þær kröfur, sem til slíks eru gerðar í byggingarsamþykkt fyrir Borgarnes, en auk þess getur byggingarnefnd sett reglur um holræsaefni, t. d. ef um nýjungar á því sviði er að ræða. Byggingarfulltrúi eða umboðsmaður hans getur gert kröfur um sérstaka hreinsibrunna á holræsakerfi húseiganda, þar sem ástæða þykir til.

10. gr.

Eigi er heimilt að láta renna í holræsakerfið sýrur, sterkan lút, olíur, kvikasilfur eða önnur efni, sem valdið geta skemmdum á holræsakerfinu eða varanlegri mengun. Á þeim stöðum, sem slík hætta er fyrir hendi, skal koma fyrir síum, gildrum eða öðru, sem hindrar það, að þessi efni komist út í holræsakerfi hreppsins. Van-

ræksla hér á og hugsanlegar skemmdir, sem lagfæringar þurfa með, skal húseigandi vera ábyrgur fyrir og bera kostnað af.

11. gr.

Kostnaður við aðalholræsakerfið greiðist úr sveitarsjóði, en til að standast þann kostnað ber húseigendum sem húseignir eiga við götu, veg eða opið svæði, þar sem holræsi er lagt í, að greiða stofngjald, sem nemur kr. 5 000.00 á hverja íbúð, sem búa á í, en kr. 12.00 á hvern rúmmetra í öðru húsnæði. Stofngjaldið skal greiðast áður en tenging við aðalræsi er leyfð. Auk stofngjalds af hverri húseign, sem tengd er holræsakerfi hreppsins eða holræsi, sem hreppurinn hefur yfirtekið og eins um húseignir, sem vegna sérstakra aðstæðna þurfa ekki að tengjast aðalholræsakerfinu, skal húseiganda skylt að greiða árlegt holræsagjald, sem nemur 0.10% af hinu opinbera fasteignamati húss, eins og það er reiknað á hverjum tíma Undanþága frá greiðslu hins almenna fasteignaskatts skapar ekki undanþágu frá greiðslu holræsagjalds. Heimilt skal hreppsnefnd að lækka stofngjald samkvæmt þessari grein í sérstökum tilvikum svo sem við byggingu fjölbýlishúsa. Heimilt er hreppsnefnd fyrir eitt ár í senn, að hækka eða lækka holræsagjaldið um allt að 50% án staðfestingar ráðuneytisins.

12. gr.

Holræsagjaldið greiðist af húseiganda og er hann ábyrgur fyrir greiðslu þess gagnvart sveitarsjóði. Kröfur, sem sveitarsjóður kann að öðlast samkvæmt reglugerð þessari, má taka lögtaki á kostnað gjaldanda og eru gjöld þessi tryggð með lögveði í húseigninni í næstu 2 ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði. Gjalddagi holræsagjalds er 1. janúar ár hvert, en hreppsnefnd getur ákveðið að innheimta það á fleiri gjalddögum árlega um leið og hinn almenni fasteignaskattur er innheimtur.

13. gr.

Ákvæði þessarar reglugerðar ná til allra holræsa, sem hreppurinn hefur látið gera, enda annist hann viðhald og endurnýjun þeirra, annarra en ræsa, sem eru hluti af frárennslislögn fasteignar og innan lóðarmarka hennar. Húseigendum er skylt að annast viðhald og endurnýjun ræsa frá húsum sínum að aðalræsi. Dragi húseigandi aftur á móti á langinn nauðsynlegt viðhald getur hreppurinn ráðizt í þær framkvæmdir á kostnað húseiganda.

14. gr.

Brot á reglugerð þessari varðar sektum allt að kr. 200 000.00 nema þyngri refsing liggi við að lögum. Mál út af brotum gegn reglugerð þessari skal farið með sem opinbert mál.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Borgarneshrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 15. maí 1973.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.

SAMÞYKKT

fyrir Veiðifélag Unadalsár, Skagafjarðarsýslu.

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Unadalsár.
Heimili þess og varnarþing er í Hofsósi.

2. gr.

Félagið nær til allra jarða sem land eiga að Unadalsá, en þær eru: Hof, Hugljótsstaðir, Ljótsstaðir, Á, Hraun, Grundarland, Bjarnarstaðargerði, Hólkot, Stekkjarból, Sandfell, Enni I, Enni II, Hofsóshreppur.

3. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskigengd á félagssvæðinu og ráðstafa veiði eftir ákvörðun aðalfundar hverju sinni. Félagið nær til allrar veiði á félagssvæðinu.

4. gr.

Stjórn félagsins skipa þrír menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandi eftir tvö ár, og hinn eftir þrjú ár, og helzt svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorazt undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli, eða hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið og hinn hitt.

5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Henni er heimilt að ráða menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semja við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum. Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

6. gr.

Aðalfund skal halda í aprílmánuði ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.

7. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.

8. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

9. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 15. maí 1973.

Halldór E. Sigurðsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

Nr. 172. 15. maí 1973.

SAMÞYKKT

fyrir Veiðifélag Varmár og Þorleifslækjar.

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Varmár og Þorleifslækjar.
Heimili þess og varnarþing er heimili formanns.

2. gr.

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að Varmá og Þorleifslæk, en þær eru Stóri-Saurbær, Öxnalækur, Hjalli, Þurá II, Land Árnessýslu v/vatnsréttinda, Bakki II, Þurá ytri, Bakki I, Þurá I, Lágar, Hveragerðisland, Sundlaugarland (Hveragerði), Fagrahvammsland, Nethamrar, Arnarbæli, Krókur (Hjalli), Vellir, Reykir (Garðyrkjuskólinn), Kross, Gufudalur, Krókur (Arnarbæli), Vorsabær, land Magnúsar Ágústssonar (Hveragerði), land NLFÍ (Hveragerði), Lækur, Bjarnarstaðir, Grímslækur ytri, Kröggólfsstaðir, Núpar I, Núpar II, Núpar III, Vötn, Hraunhóll, Hraun, Hraunshjáleiga, Grímslækur efri, Gerðarkot, Hóll, Þóroddsstaðir I, Þóroddsstaðir II, Riftún, Þúfa, Litli-Saurbær I, Litli-Saurbær II, Ósgerði.

3. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskigengd á félagssvæðinu og vinna að fiskrækt og ráðstafa veiði eftir því sem aðalfundur samþykkir. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.
Félagið skal sérstaklega vinna gegn hvers konar mengun og of mikils varma.

4. gr.

Stjórn félagsins skipa þrír menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig, að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár, og hinn eftir þrjú ár, og helzt svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorazt undan endurskosningu, nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið, og hinir hitt árið.

5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.
Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyið er veitt.

6. gr.

Aðalfund skal halda í febr./marz-mánuði ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.

7. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikninga lögum samkvæmt. Henni er skylt að færa inn í gerðabók samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.

8. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

9. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 15. maí 1973.

Halldór E. Sigurðsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

16. maí 1973. Nr. 173.

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Borgarfjörð í Norður-Múlasýslu.

I. KAFLI
TAKMÖRK HAFNARINNAR

1. gr.

Borgarfjarðarhöfn takmarkast af línu er hugsast dregin úr Hafnartanga í Landsenda.

II. KAFLI
STJÓRN HAFNARINNAR OG REKSTUR

2. gr.

Sveitarstjórn hefur á hendi stjórn og rekstur hafnarinnar undir yfirumsjón samgönguráðuneytisins.

Þó má sveitarstjórn kjósa sérstaka 5 manna hafnarstjórn og jafn marga til vara, ef henta þykir. Skal þá jafnframt skipa formann og varaformann, sem þá boðar til funda í hafnarstjórn og stýrir þeim.

Kjörtímabil hafnarstjórnar, ef kjörin er, skal vera hið sama og sveitarstjórnar.

Hafnarvörður, eða sá, sem sér um daglegan rekstur og eftirlit hafnarinnar, á rétt til setu á fundum sveitarstjórnar, þegar fjallað er um rekstur hafnarinnar, með málfrelsi og tillögurétti, sama gildir á fundum hafnarstjórnar, ef kosin er.

3. gr.

Til aðstoðar hafnarstjóra við daglegan rekstur hafnarinnar, eftirlit og umsjón, skulu vera svo margir starfsmenn, sem þurfa þykir. Hreppsnefnd skipar hafnarstjóra, hafnarvörð eða umsjónarmann, og aðra fasta starfsmenn og setur þeim erindisbréf, þar sem m. a. verksvið þeirra er ákveðið.

Daglegan rekstur, framkvæmdir, eftirlit og umsjón annast hafnarvörður í samráði við sveitarstjórn eða hafnarstjórn.

III. KAFLI
UM ALMENNA REGLU Á HÖFNINNI OG HAFNARSVÆÐINU

4. gr.

Skip telst í reglugerð þessari hvert fljótandi far.

5. gr.

Sérhver skipstjóri, sem á skipi sínu kemur á höfnina, að bryggju eða hafnarbakka, skal gæta fyllsta öryggis í allri umferð á höfninni. Hann skal vera kunnugur ákvæðum hafnarreglugerðarinnar.

6. gr.

Hafnarstjóri sér um að gætt sé reglu á höfninni og á landi hennar. Er öllum skylt að hlýða boði hans og banni, svo og þeirra manna, er settir eru til að gæta reglu. Þyki einhverjum sér óréttur ger af starfsmönnum hafnarinnar getur hann kært það fyrir stjórn hafnarinnar, en skipun starfsmannsins ber að hlýða þegar í stað.

Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisi í starfi sínu.

7. gr.

Þeim, sem ekkert lögmætt erindi eiga, er óheimilt að dvelja á landi hafnarinnar, tálmi þeir með því fermingu eða affermingu eða önnur störf, sem þar eru unnin. Banna má ónauðsynlegan akstur hvers kyns ökutækja um bryggjur og hafnarbakka.

8. gr.

Skylt er að gæta ýtrustu varúðar í meðferð opins elds og óbyrgðra ljósa í skipum á höfninni, sem flytja eldfim efni og efni, sem sprengihætta stafar af. Hið sama gildir um tóbaksreykingar og ber, ef þurfa þykir, að banna þær á þeim stöðum, þar sem um eldhættu eða sprengihættu gæti verið að ræða.

9. gr.

Ekki má kasta í höfnina, hvorki frá skipum, né frá hafnarbakka eða bryggjum, kjölfestu, ösku, dauðum fiski, fiskúrgangi, veiðarfærum, trossum, vírum, matarleifum umbúðum eða neins konar rusli. Allt þess háttar skal flutt á þann stað, sem hafnarvörður vísar til.

Ekki má láta olíu eða vatn mengað olíu renna í höfnina. Þegar olía er látin í skip eða losuð úr því, skal þess gætt að ekkert af henni renni í höfnina á hafnarmannvirki eða á þilfar skipsins.

IV. KAFLI
UM LEGU SKIPA Í HÖFNINNI OG AFGREIÐSLU ÞEIRRA

10. gr.

Þegar skip leitar hafnar, skal skipstjóri eða umboðsmaður skipsins tafarlaust snúa sér til hafnarstjóra, er vísar honum á legustað fyrir skipið.

Leggist skipið við hafnarmannvirki, skulu landfestar bundnar, þar sem starfsmenn hafnarinnar segja til um.

11. gr.

Ef sjúkdómur er á skipinu eða ástæða þykir til að ætla að sótthætta geti stafað af því, ber hafnarstjóra að sjá um að fylgt sé þeim reglum, sem settar eru í lögum um varnir gegn því að næmir sjúkdómar berist til Íslands.

12. gr.

Skip, sem ekki er verið að ferma eða afferma, eða ekki er unnið við, mega aldrei liggja þannig á höfninni, að þau tálmi vinnu við önnur skip og skal skylt að hlýða boðum starfsmanna hafnarinnar um það hvert þau skulu flutt. Ef ekki er orðið við boðum starfsmanna hafnarinnar í þessum efnum er heimilt að færa skipið á kostnað eiganda.

Brottfarartíma skips skal skipstjóri tilkynna hafnaryfirvöldum með minnst tveggja tíma fyrirvara.

13. gr.

Sé nauðsynlegt talið að skipum, sem fermd eru eða affermd, sé lagt hverju við hliðina á öðru, er heimilt að flytja farm þeirra skipa, er utar liggja yfir þilfar hinna. Skipshöfn og farþegum þeirra skipa, sem utar liggja, er einnig heimil nauðsynleg umferð um þilför þeirra skipa, er nær liggja.

14. gr.

Í sérhverju skipi, sem ekki hefur leyfi hafnarvarðar til að liggja mannlaust á höfninni, skal jafnan vera a. m. k. einn maður, er getur tekið við fyrirskipunum frá starfsmönnum hafnarinnar og framkvæmt þær í samræmi við það, sem reglugerð þessi býður.

15. gr.

Eigi má festa skipum við hafnarbakka eða bryggjur nema við festarhringa eða festarstólpa, að tilvísun hafnarvarðar. Séu landfestar úr járni, skulu þær vera klæddar, þar sem þær hvíla á hafnarbakkanum eða bryggjunni. Festum skal þannig komið fyrir, að þær hindri sem minnst umferð á bryggju eða hafnarbakka, og skulu festar auðkenndar með veifum eða öðrum varúðarmerkjum. Þyki hafnarverði þessa ekki nægilega gætt, getur hann krafizt þess, að bætt sé úr því tafarlaust. Skylt er að hafa hlífar milli skips og hafnarbakka eða bryggju, óski hafnarvörur þess.

16. gr.

Skip mega ekki láta vélarnar ganga af svo miklu afli að öðrum skipum eða hafnarmannvirkjum stafi af því hætta.

17. gr.

Ekki má kræk ja hökum í bryggjur eða hafnarbakka. Ekki mega skip hleypa vatni á bryggju eða hafnarbakka, hvorki við þvott á þilfari né heldur, er þau hleypa burt vatni á annan hátt. Búa skal svo um með hlífum, að vatnið fari beint í höfnina.

18. gr.

Ef skip lendir á grynningum og sekkur, þar sem það að áliti hafnarstjórnar tálmar greiðri notkun hafnarinnar eða umferð um hafnarsvæðið, skal fjarlægja það svo fljótt, sem við verður komið. Verði dráttur á því, má hafnarvörður láta færa skipið burt á kostnað eiganda og er honum, ef nauðsyn krefur, heimilt að láta selja skipið til lúkningar kostnaðinum.

19. gr.

Áður en kjölfesta er flutt á skip eða úr skipi, skal hafnarverði gert viðvart og ákveður hann þá, hvar losun eða lestun kjölfestunnar fer fram.

Við losun eða lestun á kjölfestu, sandi, kolum og öðru þess háttar, er skylt að hafa nægilega tryggar hlífar á milli skipsins og hafnarbakka, bryggjunnar eða bátanna, að ekkert falli fyrir borð. Sé þessa eigi gætt, getur hafnarvörður stöðvað verkið, unz umbætur hafa farið fram.

Skipstjóri skal sjá um, að kjölfesta sú, sem flutt hefur verið á land úr skipi hans, sé þegar í stað flutt burt af löndunarstaðnum þangað, sem hafnarvörður vísar til.

20. gr.

Þegar lokið er fermingu eða affermingu skal eigandi skips láta hreinsa bryggju þá eða hafnarbakka, sem notuð hafa verið, sé þess talin þörf. Farist það fyrir, skal hafnarstjóri sjá um að það sé gert, en eigandi farms eða skips greiði þann kostnað, er af því leiðir.

V. KAFLI
UM SKIP, SEM LAGT ER Í LÆGI

21. gr.

Skipum má leggja í lægi á höfninni með sérstöku leyfi hafnarnefndar, sé það gert undir umsjón hafnarvarðar, sem ákveður legustaðinn, legufærin og fyrirkomulag allt, er varðar lagningu skipsins.

22. gr.

Meðan skip liggur mannlaust í lægi á höfninni, skal ekki sjaldnar en á eins mánaðar fresti fara út í það til að líta eftir hvort legufæri eða annað hefur farið úr lagi eða bilað. Ef svo reynist, skal lagfæra það svo fljótt, sem auðið er.

Leyfi hafnarstjórnar til að leggja skipi í lægi, er bundið því skilyrði, að ef skipið sekkur láti eigandi þess taka það upp eða sprengja það sundur, svo það skemmi ekki höfnina. Sé því ekki fullnægt innan tiltekins frests getur hafnarstjórnin látið framkvæma verkið á kostnað eiganda.

23. gr.

Heimilt er að leggja skipi í lægi á höfninni, þó það sé mannlaust, sé það svo þétt, að áliti hafnarstjórnar, sem getur framkvæmt eða látið framkvæma á því rannsókn á kostnað eiganda, að ekki stafi af því nein hætta.

Á skipum þessum skal tendrað ljós samkvæmt reglum þeim, sem settar eru í alþjóðasjóferðareglum um skip, er liggja fyrir akkeri.

Áður en skipstjóri fer af skipinu skal hann skriflega tilkynna hafnarstjórn um umsjónarmann, búsettan í því lögsagnarumdæmi, sem höfnin er í, sem skal hafa umsjón skipsins á hendi og skal skipstjóri ganga úr skugga um að hafnarnefnd sé samþykk útnefningu umsjónarmannsins. Hafnarnefnd getur krafizt, ef henni finnst ástæða til, að umsjónarmaður hafi skipstjórnarréttindi og hafi búsetu það nálægt hafnarsvæðinu að auðvelt sé að ná til hans í tæka tíð er færa þarf skipið eða til annarra þeirra aðgerða, er skipið snertir.

Hafnarvörður beinir til umsjónarmanns öllum þeim fyrirskipunum, er skipið varða, en umsjónarmaður annað hvort framkvæmir fyrirskipanir hafnarvarðar eða sér um að þær séu framkvæmdar. Verði dráttur á því, skal hafnarvörður láta framkvæma verkið á kostnað skipseiganda.

VI. KAFLI
UM FERMINGU OG AFFERMINGU ELDFIMRA VÖKVA OG SPRENGIEFNA

24. gr.

Skip, sem flytja eldfim efni svo sem steinolíu, benzín, aceton, terpentínu, eða aðra líka eldfima vökva, sprengiefni, svo sem púður, dynamit, geomit eða þess konar efni, mega ekki fara inn á höfnina fyrr en tilkynnt hefur verið um farm til hafnarstjóra og afferming leyfð undir eftirliti, ef til þess þykir ástæða. Um útskipun á sams konar farmi gilda sömu varúðarreglur.

25. gr.

Skip, sem hafa meðferðis þau efni, sem nefnd eru í næstu grein hér á undan, skulu, er þau koma inn á höfnina með þess konar farm, hafa á framsiglutoppi alþjóðlegt merkjaflagg með bókstafnum „B", að degi til en að næturlagi rautt ljós í þess stað. Merki skal hafa uppi svo lengi sem skipið er í höfn og um hættu getur verið að ræða. Skip, sem ekki hafa framsiglu, skulu í þess stað reisa a. m. k. þriggja metra háa stöng, sem flagginu eða ljósinu skal komið fyrir á.

VII. KAFLI
UM GJÖLD TIL HAFNARINNAR

26. gr.

Öll skip skulu greiða hafnargjöld til hafnarsjóðs, er þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar.

Öll gjöld til hafnarinnar greiðast af brúttóstærð skipsins eins og hún er mest, meðan skipið hefur viðdvöl í höfninni. Undanþegin lestagjaldi og bryggjugjaldi eru herskip, skemmtiferðaskip, íslenzk vitaskip og varðskip.

Lestagjöld.

27. gr.

a. Öll farmskip, önnur en strandferðaskip, og öll fiskiskip, stærri en eða jafnt og 400 brúttórúmlestir, skulu greiða lestagjald kr. 3.00 á brúttórúmlest.
b. Strandferðaskip greiða kr. 1.50 á brúttórúmlest.
c. Fiskiskip undir 400 brúttórúmlestum greiða kr. 3.00 á brúttórúmlest, þó ekki oftar en tvisvar í mánuði.
d. Heimabátar, minni en 10 brúttórúmlestir, greiða lesta- og bryggjugjald einu sinni á ári, kr. 200.00 af hverri brúttórúmlest.

Lágmarksgjald skal vera kr. 1 000.00. Gjalddagi er 1. apríl, eftir að skipið hefur verið gert út frá höfninni í 3 mánuði.

Hafi skipið legið í höfninni 30 daga samfleytt, skal greiða lestagjald að nýju fyrir næsta 30 daga tímabil. Hafi skipið verið tekið á land til viðgerðar, telst sá tími ekki með, sem skipið stóð uppi.

Bryggjugjöld.

28. gr.

Öll skip, sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skulu greiða kr. 1.50 á brúttórúmlest fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem skipið liggur bundið.

Fiskiskip, 10—399 brúttórúmlestir, greiði gjald þetta eigi oftar en 10 sinnum á mánuði, en bátar minni en 10 brúttórúmlestir, greiði ekkert bryggjugjald.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum, minni en 400 brúttórúmlestir, sem ársgjald í heimahöfn, kr. 162.00 af hverri brúttórúmlest.

29. gr.

Hafi skip mælingabréf með tilgreindum tveim stærðum, skal miða hafnargjald við stærri stærð skipsins meðan það var á höfninni, með hliðsjón af hleðslu (mælingarmerki).

Vörugjöld.

30. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum og skepnum, lifandi og dauðum, sem skipað er út og upp á hafnarsvæðinu, með þeim undantekningum, er síðar getur.

31. gr.

Fyrir vörur, sem samkvæmt farmskrá skips eru ákveðnar til umhleðslu og eiga því ekki að leggjast á land nema um stundarsakir, greiðist aðeins hálft gjald. Af vörum, sem settar eru á land og eiga að fara aftur með sama skipi, greiðist ekkert gjald.

32. gr.

Þessar vörur eru algerlega undanþegnar vörugjaldi:

a. Vörur, sem lagðar eru á land um stundarsakir vegna skemmda á skipi.
b. Kol, olía, vistir og aðrar nauðsynjar skipa til eigin notkunar, sem fluttar eru úr landi. Enn fremur salt og ís, sem flutt er úr landi í íslenzk skip til eigin notkunar.
c. Umbúðir, sem endursendar eru, enda sé þess getið á farmskrá.
d. Bréfapóstur og farangur ferðamanna.

33. gr.

Vörugjald skal reikna eftir máli eða þyngd með umbúðum. Brot úr gjaldeiningu, sem nemur helmingi eða meira, telst heil gjaldeining. Fara skal eftir farmskrá skips við ákvörðun og útreikning vörugjalds. Skipstjóri er skyldur til að láta hafnarstjóra í té eftirrit af farmskrá skips síns. Sé engin farmskrá fyrir hendi, skal skipstjóri gefa drengskaparvottorð um vörumagn, sem skip hans hefur fermt eða affermt. Þyki hafnarstjórn ástæða til, getur hún, hvenær sem er, látið ákveða vörumagnið á þann hátt, sem hún telur hentugast. Reynist vörumagnið meira en upp var gefið greiðir skipið kostnaðinn. Ef ýmsar vörutegundir eru í sömu sendingu og beri farmskrá ekki með sér greinilega sundurliðun í tegundir, skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund, sem hæst vörugjald ber.

34. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því sem vörugjaldskrá segir til um og greiða gjald, sem þar segir. Minnsta vörugjald skal vera kr. 20.00. Leiki vafi á í hvaða flokki skuli telja vöru, skal hafnarstjóri skera úr um það, en úrskurði hans má áfrýja til hafnarstjórnar.

Vörugjaldskrá.

35. gr.

1. fl.: Gjald kr. 70.00/tonn:

a. Vara flutt í lausu máli í miklu magni, meira en 100 tonn í farmi, t. d. benzín, brennsluolíur, kol, korn, salt, vikur.

b. Þungavarningur, sekkjavörur, óunnið járn og stál til iðnaðar eða mannvirkjagerðar, hráefni til iðnaðar, útgerðarvörur, smurningsolíur, sjávarafurðir, landbúnaðarafurðir, og iðnaðarvörur til útflutnings.

2. fl.: Gjald kr. 150.00/tonn:

Iðnaðar- og byggingarvörur, unnar og hálfunnar, pökkuð og niðursoðin matvæli, ávextir, vefnaðarvörur, fatnaður.

3. fl.: Gjald kr. 400.00/tonn:

a. Vélar og tæki hvers konar og varahlutir til þeirra, heimilisvélar og skrifstofuvélar, bifreiðar, bifhjól, reiðhjól, hjólbarðar, bátar, flugvélar, hreyflar, mælitæki, húsgögn. Útvarps- og sjónvarpstæki, hljóðfæri, úr, klukkur, myndavélar, sjónaukar, glysvarningur alls konar, vín, tóbak, ilmvötn, snyrtivörur.

Af flutningi vinnutækja innanlands, skal veita allt að 50% afslátt.

b. Vörur, sem ekki verða flokkaðar annars staðar, eftir þyngd.

4. fl.: Gjald kr. 40.00/rúmmeter:

Timbur og annað eftir rúmmáli.

5. fl.: Gjald 1%:

Sjávarafli, lagður á land á hafnarsvæðinu, til vinnslu eða brottflutnings. Gjaldið reiknast af heildarverðmæti aflans. Kaupanda aflans ber að afhenda hafnarstjóra skýrslu um keyptan afla mánaðarlega, t. d. afrit af aflaskýrslu til Fiskifélags Íslands. Aflagjald fellur í gjalddaga, um leið og afla er landað. Kaupandi aflans innheimtir gjaldið hjá seljanda og er ábyrgur fyrir því til hafnarsjóðs, þótt hann vanræki innheimtu þess. Standa ber skil á greiðslu aflagjalds eigi sjaldnar en mánaðarlega.

Lágmarksgjald í öllum flokkum er kr. 20.00.

Ýmis gjöld.

36. gr.

a. Lóða- og geymslugjald fyrir vörur, sem geymdar eru í húsum hafnarinnar eða á lóðum hennar, skal greiða eftir ákvörðun hafnarnefndar.

b. Leigugjald fyrir lóðir og land hafnarinnar, hús, verbúðir og athafnasvæði, sem leigt er einstaklingum eða fyrirtækjum um lengri tíma, skal greiða samkvæmt sérstökum samningi milli leigutaka og hafnarnefndar, sem ráðuneytið síðan fullgildir.

c. Leigugjald fyrir notkun á tækjum og áhöldum hafnarinnar, þar með talin legufæri (múrningar) skal greiða eftir ákvörðun hafnarnefndar með hliðsjón af leigugjöldum slíkra áhalda eða tækja eins og það gerist á almennum markaði.

d. Af bryggjum og öðrum hafnarmannvirkjum, sem einstaklingar eða félög eiga eða kunna að eignast skal greiða gjald, sem ákveðið er með samningi milli eiganda mannvirkis og hafnarnefndar, sem ráðuneytið síðan fullgildir.

e. Vatn til skipa greiðist með kr. 40.00 fyrir hvern rúmmetra.

f. Önnur þjónusta, sem höfnin kann að láta skipum eða öðrum aðilum í té og ekki er talin falla undir þau gjöld, sem hér eru að framan talin, skal greiða samkvæmt reikningi frá hafnarnefnd.

VIII. KAFLI
UM INNHEIMTU OG GREIÐSLU HAFNARGJALDA

37. gr.

Hafnarstjórn sér um innheimtu allra hafnargjalda og skal greiða gjöldin til skrifstofu hafnarinnar.

38. gr.

Skipstjóri eða eigandi skips eru ábyrgir fyrir skilvísri greiðslu þeirra gjalda, sem greiða ber vegna skipsins.

Skipstjóra er skylt að afhenda hafnarstjórn þjóðernis- og skrásetningarskírteini skipsins, sé þess krafizt og hefur hafnarsjóður haldsrétt yfir skipinu, unz gjöldin eru greidd.

39. gr.

Að svo miklu leyti, sem reglugerð þessi kveður ekki á um fasta gjalddaga, skal greiða gjöldin áður en skip fer burt úr höfninni. Enginn skipstjóri getur vænzt þess að fá afgreiðslu fyrir skip sitt hjá tollyfirvöldum, nema hann sanni með vottorði frá hafnarstjórn, að hann hafi greitt gjöld sín til hafnarinnar.

40. gr.

Vörugjöld og leigu fyrir lóðir og geymsluhús, samkvæmt 39. grein, greiðir móttakandi af vörum, sem koma til hafnarinnar og sendandi af vörum, sem fluttar eru úr höfninni. Ef margir eiga vörur með sama skipi, skal afgreiðslumaður skipsins standa hafnarsjóði skil á greiðslunni. Hafi skip ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað, greiðir sá vörugjald, sem affermir.

Vörugjald af vörum, sem koma til hafnarinnar fellur í gjalddaga, þegar þær eru lagðar á land og vörugjald af vörum, sem fluttar eru úr höfninni fellur í gjalddaga, þegar vörurnar eru komnar á skip. Skipstjóra og afgreiðslumanni skips er óheimilt að afhenda vörurnar fyrr en gjaldið er greitt. Hafnarsjóður hefur haldsrétt í vörunum til tryggingar á greiðslu gjaldsins.

41. gr.

Leigu af lóðum og húsum hafnarinnar, skv. 40. grein, svo og afnot af áhöldum hafnarinnar, skv. 36. grein, greiðir leigutaki samkvæmt ákvörðun samnings.

42. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari má taka lögtaki og hafa þau forgangsrétt sem önnur opinber gjöld, sbr. 83. gr. b, tölulið 3, skiptalaganna. Auk þess eru skipagjöldin tryggð með lögveði í skipinu og gengur það veð í tvö ár fyrir samningsveðskuldum.

Skipagjöld teljast í reglugerð þessari öll þau gjöld, sem skipi ber að greiða til hafnarinnar, svo sem lestagjald, bryggjugjald og hafnsögugjald, svo og hvers konar aðstoð, sem skipinu er í té látin af hafnarinnar hálfu.

IX. KAFLI
ÝMIS ÁKVÆÐI

43. gr.

Þeir munir eða vörur, sem skipað er upp eða láta á í skip, mega ekki liggja á bryggju eða hafnarbakka og eigi annars staðar á landi hafnarinnar en á þeim stöðum, sem ætlaðir eru til geymslu, nema með sérstöku leyfi hafnarvarðar. Flytja skal burt muni og vörur jafnskjótt og hafnarvörður krefst þess. Sé það eigi gert, getur hafnarvörður gert það á kostnað og ábyrgð eiganda eða umboðsmanns.

44. gr.

Um skaðabótaskyldu vegna skemmda á höfninni, mannvirkjum hennar, tækjum og útbúnaði, fer eftir almennum reglum.

Ef samningum verður ekki við komið um skaðabætur, má ákveða þær af 2 óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það áður en 1 mánuður er liðinn frá því er matsgerð er lokið. Yfirmat skal framkvæmt af 3 óvilhöllum dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmat greiðir sá, sem krafðist yfirmats, ef það gengur ekki honum í vil. Að öðrum kosti greiðir hinn aðilinn kostnaðinn.

45. gr.

Engum, sem bakað hefur sér refsingu eða skaðabótaskyldu fyrir brot á reglugerð þessari, heimilast að fara burt úr höfninni meðan mál hans er óútkljáð, nema hann setji tryggingu, sem hafnarstjóri tekur gilda.

46. gr.

Hverja þá skipun, sem samkvæmt þessari reglugerð heimilast að gefa forráðamönnum skips, skal gefa stýrimanni ef skipstjóri er ekki á skipi, og eigi heldur umboðsmaður hans skv. 10. grein. Ef stýrimaður er fjarverandi, má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipunina og er það jafngilt því, sem skipstjóri hefði fengið skipunina sjálfur.

47. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 100 000.00 nema þyngri refsing liggi við samkvæmt almennum lögum. Sektirnar renna í hafnarsjóð.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 48 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi hafnarreglugerð fyrir Borgarfjörð í Norður-Múlasýslu, frá 19. apríl 1968.

Samgönguráðuneytið, 16. maí 1973.

Hannibal Valdimarsson.

Kristinn Gunnarsson.

18. maí 1973. Nr. 174.

SAMÞYKKT

um sorplosun í Suðureyrarhreppi.

1. gr.

Suðureyrarhreppur sér um sorphreinsun frá öllum fasteignum á skipulögðu svæði kauptúnsins. Fer hún fram undir yfirstjórn sveitarstjóra og með umsjón heilbrigðisnefndar kauptúnsins.

2. gr.

Daglegt sorp frá íbúðarhúsum, veitingastöðum, verzlunum o. s. frv. innan kauptúnsins skal sett í sérstaka poka, sem sveitarfélagið afhendir.

Pokunum skal komið fyrir í sérstakri grind, sem smíðaðar eru fyrir pokana. Skal grindin vera frístandandi eða hún fest á húsvegg. Grindinni skal komið svo fyrir að sorppokinn hangi 2—5 cm yfir jörð eða gólfi. Lok skal vera yfir grindinni.

Húseigendur skulu bera allan kostnað af pokagrindunum og sjá um að auðvelt sé að komast að þeim. Fyllsta hreinlætis skal gætt í umhverfi sorppoka.

Sorphreinsun skal framkvæma minnst 40 sinnum á ári eftir aðstæðum og skal fjöldi sorpgrinda miðaður við að pokarnir yfirfyllist ekki milli tveggja tæminga.

Við hvert hús skal vera a. m. k. ein grind fyrir hvert heimili ásamt aukagrindum eftir því sem nauðsyn er. Hugsanleg vafaatriði varðandi fjölda grinda (sorppoka) úrskurðar heilbrigðisfulltrúi eða heilbrigðisnefnd.

Við stórhátíðir eða ef útlit er fyrir stöðvun á sorphreinsun af einhverjum ástæðum geta húseigendur fengið aukapoka í sorpgrindur eftir þörfum afhenta þar sem sveitarstjóri ákveður með auglýsingu. Heimilt er sveitarstjórn að ákveða sérstaka greiðslu fyrir slíkt.

3. gr.

Sorphreinsun fer fram á virkum dögum. Í sorppoka má setja venjulegt sorp frá heimilum, þó ekki meira en 25 kg í hvern poka. Ekki má setja glóð eða heita ösku í sorppoka. Blautt sorp, glerbrot, oddhvassa hluti eða beitta, má aðeins setja innan í plast eða pappír í pokana. Pokana má ekki offylla, svo að ekki sé hægt að loka þeim eða hafa lok yfir sorpgrindinni. Sorpið má heldur ekki hanga yfir pokaröndina eða vera dreift umhverfis sorppokana.

Mold, möl, grjót og svipað efni má ekki láta í pokana, en skal flutt á afmarkað svæði skv. nánari fyrirmælum sveitarstjórnar. Þangað er bannað að flytja pappír, plast eða eyðanlegt sorp. Bannað er að aðgreina og flytja burt úrgang frá slíku svæði. Bílhræ og brotajárn skal flutt á afmarkað svæði skv. nánari fyrirmælum sveitarstjórnar.

Bannað er að urða olíuleifar eða önnur efni, sem mengað geta jarðveg í bæjarlandinu og einnig er bannað að kasta slíkum efnum í sjóinn.

Skal þeim brennt eða eytt á annan hátt eftir því sem kostur er á og skal slík eyðing fara fram undir eftirliti heilbrigðisnefndar og starfsmanna hreppsins.

4. gr.

Fyrirferðarmiklum en brennanlegum úrgangi, svo sem umbúðum og því um líku, skulu forsvarsmenn heimila og atvinnureksturs koma á sorphreinsunarbíl, þegar hreinsun fer fram eða í sorphaugsstað skv. nánari fyrirmælum sveitarstjórnar.

5. gr.

Kostnaður við almenna sorphreinsun og sorpeyðingu greiðist úr sveitarsjóði.

Sveitarstjórn er þó heimilt að innheimta með fasteignagjöldum hvers árs, áætlað kostnaðarverð eyddra sorppoka vegna viðkomandi fasteignar.

6. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum allt að kr. 100 000.00 nema þyngri refsing liggi við að lögum. Um brot á reglugerðinni skal farið með sem opinbert mál.

7. gr.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Suðureyrarhrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 18. maí 1973.

Magnús Kjartansson.

Páll Sigurðsson.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Borgarness.

Í gjaldskrá þessari eru taxtar reiknaðir í gjaldstigum. Hvert gjaldstig (skammstafað g) jafngildir kr. 2.70, sbr. þó ákvæði í 5. kafla um breytingar á verðgildi gjaldstigs.

I. KAFLI
RAFMAGNSSALA

Rafveita Borgarness selur rafmagn á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

1. Orku- og afltaxtar.

11.	Um mestaaflsmæli:						
	Fyrir hverja kWst.				0.3 g	= kr.	0.81
	Fyrir hvert árskílówatt				1 600 g	= kr.	4 320.00
	Fast árgjald:						
	— grunngjald	1 600 g					
	— mæligjald skv. 2. kafla	M 1 =	1 600 g	= 3 200 g		= kr.	8 640.00
12.	Um markaflsmæli:						
	Fyrir hverja kWst.						
	— allrar notkunar				0.3 g	= kr.	0.81
	— í notkun umfram markstillingu				3 g	= kr.	8.10
	Fyrir hvert árskílówatt				1 600 g	= kr.	4 320.00
	Fast árgjald:						
	– grunngjald	1 600 g					
	— mæligjald skv. 2. kafla	M 2 =	1 200 g	= 2 800 g		= kr.	7 560.00

2. Orkutaxtar.

21.	Um kWst.-mæli:						
	Fyrir hverja kWst.				1 g	= kr.	2.70
	Fast árgjald:						
	— grunngjald, reiknað skv. lið v. 21			600 g/kW	= kr./kW		1 620.00
	— mæligjald skv. 2. kafla	M 3 =	600	g	= kr.		1 620.00
	Lágmark 5000 g/ári, sbr. skýringu v. 21.						
22.	Um kWst.-mæli:						
	Fyrir hverja kWst.						
	— fyrstu notkunar, 1200 kWst./ári eða minna				3 g	= kr.	8.10
	— notkunar umfram 1200 kWst. á ári				2 g	= kr.	5.40
	Fast árgjald:						
	— mæligjald, skv. 2. kafla			M 3 = 600 g		= kr.	1 620.00

3. Tímataxtar.

31.	Um kWst.-mæli til hitunar:			
	31.1 Án rofs	0.64 g	= kr.	1.73
	31.2 Með allt að 1½ klst. rofi á sólarhring	0.36 g	= kr.	0.97
	31.3 Með allt að 2½ klst. rofi á sólarhring	0.34 g	= kr.	0.92
	31.4 Með allt að 4½ klst. rofi á sólarhring	0.27 g	= kr.	0.73
	31.5 með allt að 14½ klst. rofi á sólarhring	0.19 g	= kr.	0.51

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar skv. lið v. 31.

Taxtar 31.1—5 eru án söluskatts, en hann innheimtist ekki af rafmagni til hús-hitunar.

Aðrir tímataxtar, er til greina kunna að koma, falla undir 4. lið.

4. Sérákvæði um rafmagnssölu.

Þegar sérstaklega stendur á, er rafveitustjóra heimilt, að tilskildu samþykki rafveitunefndar, að selja rafmagn eftir sérstökum samningi í hvert skipti, þó eigi lengur en til tveggja ára í senn. Undir þennan lið fellur raforka til götu- og hafnarlýsingar, með lágmarksgjaldi 1.3 g fyrir hverja kWst.

Önnur ákvæði og skýringar vegna einstakra taxta.

v. 11: Aflnotkun mælist sem meðalálag í 15 mínútur.

v. 12: Lágmarksstilling markafls er 5 kW.

v. 21: Grunngjald reiknast þannig:

a) vegna rafvéla fyrir föst vinnutæki:
af ástimpluðu rafafli, samanlagt reiknað í heilum kW,

b) vegna lýsingar o. fl.:
miðað við 0.05 kW á hvern m² gólfflatar í rými því, sem lýsa skal. Samanlagt flatarmál skal reiknað í heilum fermetrum utanmáls rýmisins,

c) vegna rafmagns til heimila:
í stað gólflatargjalds skv. b-lið, má reikna með 0.3 kW á hvert herbergi, sem ætlað er til íbúðar, og eldhús.
Herbergi stærra en 25 m² reiknast sem tvö.
Lágmarksgjald taxta 21 (kWst.-gjald + fast árgjald) er 5 000 gjaldstig á ári. Í stað taxta 21 má velja taxta 22, ef hagkvæmara þykir.

v. 31: Skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

a) að raforka sé aflögu vegna almennrar notkunar (forgangsnotkunar) að dómi rafveitustjóra.

b) að vélaafl, spennar og línur þoli álagið að dómi rafveitustjóra.

c) að straumur sé rofinn á tilskildum tímum með sjálfvirkum rofa, og kosti notandinn tengingu rofans og greiði leigu af honum skv. 2. kafla gjaldskrár.

d) að tæki, lagnir og allur búnaður í sambandi við rafhitunina sé samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar og settum reglum, m. a. ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir.

e) að notkun um mæli hitalagnarinnar sé minnst 6 000 kWst./ári.

v. 1—4. almennt:

a) Ef fasviksstuðull hjá notanda er lægri en 0.85, getur rafveitan krafizt þess, að notandinn geri ráðstafanir til að hækka stuðulinn á sinn kostnað upp í það gildi, en greiði að öðrum kosti hærra verð fyrir raforkuna.

b) Rafveitustjóri getur bannað notkun rafsuðuspenna eða takmarkað notkun þeirra á tilteknum tíma, ef nauðsyn krefur að hans dómi vegna truflana eða annarra annmarka af völdum þeirra.

c) Hitunartaxtar 31 standi jafnan á heilum eyri, en allir aðrir taxtar reiknist í hálfum eða heilum tug aura.

II. KAFLI
MÆLAGJÖLD OG ROFAGJÖLD

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mæla, rofa og stýritækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er sú ákvörðun skulbindandi fyrir notandann, sem skal greiða eftirfarandi árgjöld:

1. Af mælum, þ. e.:
   - — mestaaflsmælum ..... M 1 = 1 600 gjaldstig
   - — markaflsmælum ..... M 2 = 1 200 —
   - — kWst.-mælum ..... M 3 = 600 —
2. Af rofum, þ. e.:
   - — klukkurofum 80 A og stærri ..... R 1 = 800 —
   - — klukkurofum minni en 80 A, og fjarstýritækjum .... R 2 = 600 —

Af öðrum mælum og rofum en þeim, sem nefndir eru hér að framan, skal árgjaldið vera sem næst 20% af verði tækisins.

III. KAFLI
TENGIGJÖLD

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtaugar eða spennistöðvar fyrir húsveitu. Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða tengigjald, sem hér segir:

1	2		3		4	
	Málstraumur stofnvara í		Flutningsgeta skv. stærð stofnvara eða		Tengigjöld skv. jöfnu g = 1500 + 150 × kVA	
Gjaldskrárliður	220 V kerfi A	380 V kerfi A	spennis	kVA	Gjaldstig g	Tengigjald kr.
T 1	2 × 60	1 × 60	0.22 × 60 =	13	3 400	9 180
T 2	3 × 60	2 × 60	0.38 × 60 =	22	4 800	12 960
T 3	3 × 100	3 × 60	0.38 × 100 =	38	7 200	19 440
T 4		3 × 100	0.66 × 100 =	66	11 400	30 780
T 5	3 × 200		0.38 × 200 =	76	12 900	34 830
T 6	3 × 350	3 × 200	0.66 × 200 =	132	21 300	57 510
T 7		3 × 350	0.66 × 350 =	231	36 100	97 470
T 8				300	41 500	112 050
T 9				500	76 500	206 550

Fyrir aðrar stærðir stofnvara eða spenna en hér er talið, skal reikna tengigjald eftir sömu jöfnum og að ofan, sbr. 3. og 4. dálk.

Önnur ákvæði:

a) um heimtaugar:

Tengigjaldið miðast við allt að 15 metra jarðstrengsheimtaug eða allt að 30 metra loftlínuheimtaug. Lengd heimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu, stytztu greiðfæra leið að varkassa eða töflu.

Yfirlengdargjald jarðstrengs reiknast á hvern metra umfram fyrstu 15 metrana, þannig:

Y (J) = (200 + 3 × kVA) gjaldstig á metra.

Yfirlengdargjald loftlínu reiknast á hvern metra umfram fyrstu 30 metrana, þannig:

Y (L) = (40 + 2 × kVA) gjaldstig á metra, að viðbættum 2000 gjaldstigum á hvern stólpa í umframlínu;

b) um spennistöðvar:

Tengigjald skal reikna eftir stærð spennis, þegar spennistöð er byggð að mestu eða öllu leyti í þágu eins notanda. Skal notandi þá leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra vegna staðsetningar stöðvarinnar. Húsnæðið skal fullnægja að öllu leyti settum skilyrðum um gerð spennistöðvahúsa. Þegar lóð er lögð til, er það gert rafveitunni að kostnaðarlausu, en kostnaður notanda við gerð húsnæðis fyrir spennistöðina kemur til frádráttar tengigjaldi skv. þessari gjaldskrá, þó aldrei meiri frádráttur en tengigjaldinu nemur;

c) almenn:

Þessi gjaldskrá tengigjalds gildir í skipulögðum hverfum, en í óskipulögðum hverfum skal greiða tengigjald eftir kostnaðarreikningi heimtaugar eða spennistöðvar. Tengigjald fellur í gjalddaga, þegar sótt er um heimtaug eða spennistöð. Fyrir bráðabirgðaheimtaug skal greiða sem svarar 1500 gjaldstigum eða eftir reikningi, ef um verulega hærri kostnað er að ræða.

IV. KAFLI
OPNUNARGJÖLD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun, krónur 300.00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki opnuð fyrr en notandinn hefur greitt kr. 300.00 gjald á skrifstofu rafveitunnar.

V. KAFLI
VERÐGILDI GJALDSKRÁR

Rafveitunni er heimilt að breyta verðgildi gjaldstigs til samræmis við breytingar á rekstursкostnaði veitunnar. Skal þá reiknað eftir hlutfallsgrundvelli, sem fæst úr síðasta ársreikningi rafveitunnar, enda sé grundvöllurinn samþykktur af rafveitunefnd og hreppsnefnd.

Fyrirhugaðar gjaldskrárbreytingar skulu tilkynntar ráðuneytinu áður en þær taka gildi, og skulu þær auglýstar með nægum fyrirvara.

Verðgildi gjaldstigs reiknast í hálfum eða heilum tug aura.

Söluskattur og viðlagagjald er innifalið í gjaldskránni, þar sem annars er ekki getið.

Ákvæði bráðabirgðalaga nr. 40 30. apríl 1973 um niðurfærslu verðlags o. fl. taka til gjalda skv. gjaldskrá þessari.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Borgarness nr. 187 30. júní 1972.

Iðnaðarráðuneytið, 18. maí 1973.

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.

GJALDSKRÁ

Rafmagnsveitna ríkisins um raforkusölu í smásölu.

I. GJALDSKRÁRLIÐIR

Rafmagnsveitur ríkisins selja raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

1. Lýsing.

11.	Fast gjald	kr.	F 1.
	Orkugjald	—	14.00 á kWst.
12.	Fast gjald	—	F 1 + F 2.
	Orkugjald	—	7.40 á kWst.

2. Notkun til heimilisþarfa, búrekstrar o. fl.

21.	Fast gjald	kr.	F 1 + F 3.
	Orkugjald	—	3.50 á kWst.
	Markmæling.		
23.	Aflgjald, lágmarksstilling 3 kW	—	14 000.00 á ári.
	Aflgjald, frá 3—6 kW	—	3 300.00 á kW á ári.
	Aflgjald, umfram 6 kW að hámarksaflstillingu 20 kW	—	2 460.00 á kW á ári.
	Orkugjald af allri notkun	—	0.57 á kWst.
	Orkugjald af notkun umfram aflstillingu	—	5.00 á kWst.

3. Vélanotkun o. fl.

31.	Fast gjald	kr.	F 1 + F 2.
	Lágmarksgjald	—	48 × F 1 á ári.
	Orkugjald	—	7.40 á kWst.
32.	Aflgjald, lágmark 2 kW	—	8 400.00 á ári.
	Aflgjald, frá 2—5 kW	—	4 200.00 á kW á ári
	Aflgjald, umfram 5 kW	—	3 700.00 á kW á ári.
	Fast gjald	—	F 1 + F 3.
	Orkugjald	—	1.35 á kWst.
34.	Til súgþurrkunar á tímabilinu 1. júní til 31. október:		
	Aflgjald	—	1 330.00 á kW á ári.
	Fast gjald	—	F 1.
	Orkugjald	—	0.55 á kWst.

4. Húshitun.

41.	Fast gjald	kr.	F 1 + F 4.
	Orkugjald	—	1.90 á kWst.
	Roftími allt að 1 klst. á dag.		
42.	Fast gjald, lágmark 2 kW	—	F 1 + F 4.
	Orkugjald	—	0.80 á kWst.
	Roftími allt að 2 × 1.5 klst. á dag.		
	Markmæling.		
43.	Fast gjald	—	F 1.
	Aflgjald, lágmarksstilling 5 kW	—	10 650.00 á ári.
	Aflgjald, umfram 5 kW að hámarksaflstillingu 20 kW	—	2 130.00 á kW á ári.
	Orkugjald af allri notkun	—	0.29 á kWst.
	Orkugjald af notkun umfram aflstillingu	—	3.50 á kWst.
	Roftími allt að 2 × 1.5 klst. á dag.		

44.	Fast gjald, lágmark 2 kW	kr.	F 1 + F 4.
	Orkugjald	—	0.39 á kWst.
	Roftími allt að 15 klst. að degi til.		

5. Utanhússlýsing.

51.	Fast gjald	kr.	F 1.
	Fyrir hvert götuljósker	—	5 × F 1 á ári.
	Orkugjald	—	1.65 á kWst.
52.	Fast gjald	—	F 1.
	Orkugjald	—	4.00 á kWst.

6. Lokun fyrir veitu.

	Gjöld fyrir lokun og enduropnun á veitu vegna vanskila eru samtals	kr.	650.00.
	fyrir hvert skipti.		

II. SKILGREININGAR OG ÝMIS ÁKVÆÐI

1. Föst gjöld.

F 1		kr.	100.00 á mánuði.
F 2	a) Verzlanir, skrifstofur, vinnustofur o. þ. h.	—	3.90 á m^2 á mán.
	b) Gangar, geymslur o. þ. h.	—	2.00 á m^2 á mán.
F 3		—	40.00 á gjaldeiningu á mán.

Gjaldeiningar eru:

a) Fyrir fjölskylduheimili.
Hvert herbergi notað eða ætlað til íbúðar, en ekki gangar, baðherbergi né geymslur. Herbergi 5 m^2 eða minna reiknast hálft, en 25 m^2 eða stærri tvö.

b) Fyrir félagsheimili, skóla, gistihús, sjúkrahús o. þ. h. 20 m^2, mælt innan útveggja.

c) Fyrir útihús vegna búrekstrar.
Fyrstu 50 m^2 eða minna, ein gjaldeining.
Hverja næstu 100 m^2, ein gjaldeining.

d) Fyrir fiskvinnslustöðvar, iðnaðar- og iðjuhús o. þ. h.
30 m^2 fyrir vinnslurúm,
40 m^2 fyrir geymslurúm.

F 4	Hvert uppsett kW	kr.	460.00 á ári.

2. Mestaaflsmæling.

1. Aflmæling miðast við 15 mín. meðalálag.
2. Gjaldskrárliður 32.
   Gjaldskylt afl hvers almanaksárs er meðaltal fjögurra hæstu álestra, en álestrar fari að jafnaði fram í byrjun hvers mánaðar.

3. Véla- og tækjaálag.

1. Ef fasviksstuðull hjá notanda er lægri en 0.8, skal hann gera ráðstafanir á sinn kostnað til þess að hækka fasviksstuðulinn upp í það gildi
   Notandi greiðir hærra verð fyrir raforkuna meðan fasviksstuðullinn er undir 0.8.

2. Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, sem valda tilfinnanlegum truflunum, um skemmri eða lengri tíma eftir aðstæðum hverju sinni.
Heimilt er að taka fastagjöld af rafsuðupsennum samkvæmt F 4.

4. Verð til hitunar.

Í gjaldskránni er verð til hitunar miðað við söluverð dísilolíu í Reykjavík til olíukyndingar, kr. 4.70 hver lítri. Hitaverð lækki eða hækki hver kWst. um 2.4 aura á gjaldskrárlið 41, 1 eyri á lið 42 og 43 og 0.6 aura á lið 44 fyrir hverja 10 aura, sem olíuverð lækkar eða hækkar.

5. Götulýsing.

Rafmagnsveitur ríkisins sjá um uppsetningu götulýsingarkerfis samkvæmt ósk notanda, sem greiði stofnkostnað. Viðhald götulýsingar annast Rafmagnsveiturnar á sinn kostnað.

6. Takmörkun á vali gjaldskrárliða o. fl.

Þegar um sérstakar aðstæður er að ræða, svo sem tímabundna notkun mikils afls, geta Rafmagnsveitur ríkisins takmarkað val notenda við ákveðna gjaldskrárliði eða gert sérstaka samninga um skilyrði fyrir tengingu.

Þar sem framleiðslukostnaður orku er sérstaklega hár, svo sem á dísilstöðvasvæðum, eða flutningsgeta og/eða spennaafl er takmarkað, áskilja Rafmagnsveiturnar sér rétt til þess að gefa ekki kost á gjaldskrárliðum, þar sem orkugjald er lágt og/eða orkunotkun mikil.

III. HEIMTAUGARGJALD

Heimtaugargjald skal greitt samkvæmt sérstökum reglugerðum og gjaldskrám um heimtaugargjöld til Rafmagnsveitna ríkisins.

Söluskattur og viðlagagjald er innifalið í öllum gjaldskrárliðum nema á hitatöxtum og kWh gjaldi á gjaldskrárlið 23.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að taka gildi 1. maí 1973. Jafnframt er gjaldskrá nr. 76 6. marz 1973 úr gildi felld.

Iðnaðarráðuneytið, 22. maí 1973.

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.

22. maí 1973. Nr. 177.

SAMÞYKKT

fyrir Veiðifélag Álftár, Mýrasýslu.

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Álftár. Heimili þess og varnarþing er þar, sem formaður er búsettur.

2. gr.

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að Álftá og Veitu, en þær eru: Hamraendar, Álftárós, Hundastapi, Ánastaðir, Þverholt, land Landnáms ríkisins, Álftárbakki, Hrafnkelsstaðir, Arnarstapi, Brúarland, Álftá, Álftártunga, Syðri-Hraundalur og afréttarland Álftaneshrepps.

3. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskigengd á félagssvæðinu og nýta hana til hagsbóta fyrir félagið. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.

4. gr.

Stjórn félagsins skipa þrír menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig, að formaður gengur úr eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár og hinn eftir þrjú ár, og helzt svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorazt undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið og hinir hitt árið.

5. gr.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum, og fer með öll mál, er félagið varða, milli aðalfunda, sér um fjárreiður þess og framkvæmdir. Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með skriflegu leyfi félagsstjórnar.

6. gr.

Aðalfund skal halda í apríl—maí ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún og leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn þá.

7. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikninga í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.

8. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkv. arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

9. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 22. maí 1973.

Halldór E. Sigurðsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

Nr. 178. 22. maí 1973.

SAMÞYKKT

fyrir Veiðifélag Selár og Hraundalsár.

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Selár og Hraundalsár.

2. gr.

Heimili þess og varnarþing er í Nauteyrarhreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu.

3. gr.

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að Selá og Hraundalsá, en þær eru: Skjaldfönn, Ármúli I, Ármúli II, Melgraseyri, Laugarás, Laugarholt, Laugaland, Laugalandssel, Hraundalur.

4. gr.

Tilgangur félagsins er að viðhalda og auka fiskigengd á félagssvæðinu svo og að selja veiði eftir því sem félagsfundur ákveður.

5. gr.

Stjórn félagsins skipa þrír menn, formaður og tveir meðstjórendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til 2ja ára í senn. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til sama tíma.

6. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

Öllum er óheimilt að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku leyfi deildarstjórnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

7. gr.

Aðalfund skal halda í júní eða júlí ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún og leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundur um þá.

8. gr.

Félagið skal starfa í tveim deildum, skal önnur deildin vera fyrir Selá, en hin fyrir Hraundalsá. Skal hver deild hafa algera sérstjórn er snertir ræktun, sölu á veiði og fjárhag. Skulu deildirnar kjósa sér stjórn og endurskoðendur á sama hátt og aðalfélagið.

9. gr.

Deildirnar skulu hafa skilað greinargerð um starfsemi sína til stjórnar aðalfélagsins a. m. k. viku fyrir aðalfund, svo og öðrum skýrslum eftir því sem þörf krefur á hverjum tíma.

10. gr.

Reikningsár félagsins og deilda þess skal vera almanaksárið. Stjórnum ber að færa reikninga í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og færa skrá yfir aðsend bréf og geyma frumrit þeirra.

11. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn skv. arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

12. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 22. maí 1973.

Halldór E. Sigurðsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

REGLUGERÐ

um gangstéttargjöld á Sauðárkróki.

1. gr.

Þar sem bæjarstjórn lætur leggja steinlímdar, hellulagðar eða aðrar jafn vandaðar gangstéttir, skal kostnaður við lagningu þeirra greiddur úr bæjarsjóði, en bæjarsjóður síðan innheimta sérstakt gangstéttargjald hjá eigendum þeirra fasteigna er að götu liggja eða til hennar teljast.

Gangstéttargjald þetta skal innheimt um leið og varanlegt slit lag úr malbiki, olíumöl, steinsteypu eða öðrum hliðstæðum efnum er lagt á götu þar sem gangstétt hefur verið lögð, annars vegar eða beggja vegna götu.

2. gr.

Upphæð gangstéttargjalds samkvæmt 1. grein skal vera 0.5% af fasteignamatsverði lóða og húsa, sem að götu liggja eða til hennar teljast og sem grunngjald miðað við byggingavísitölu 1. jan. 1972, kr. 300.00 fyrir hvern lengdarmetra, sem eigandi fasteignar á meðfram götu.

Gjald þetta skal lagt á þær fasteignir, sem fasteignaskattur er greiddur af skv. lögum.

3. gr.

Þar sem fasteign liggur að fleiri götum en einni og ekki er samtímis lagt slitlag á þær götur, skal gangstéttargjald það, er reiknast af fasteignamati, gjaldfalla þegar fyrst er lagt varanlegt slitlag á götu, sem að eigninni liggur, en síðan aðeins greitt gjald fyrir lengdarmetra meðfram götu.

Nú er byggt nýtt hús við götu, þar sem gangstétt og varanlegt slitlag hefur verið lagt og skal þá greiða gangstéttargjald af fasteignamati hins nýja húss, þegar virðing hefur farið fram, eða af hækkun mats, sé um viðbyggingu að ræða.

4. gr.

Af fasteign, sem telst til götu, án þess að liggja að henni, greiðist gjald samkvæmt fasteignamati, þegar slitlag er lagt á viðkomandi götu, en ekki metragjald.

5. gr.

Þar sem fleiri en einn eigandi eru að fasteign greiðist gangstéttargjald í hlutfalli við eignarhlut hvers eiganda í fasteigninni.

6. gr.

Fyrir öllum kröfum, sem bæjarsjóður öðlast á hendur eigendum húsa og lóða samkvæmt reglugerð þessari, hefur bæjarsjóður lögveð í húsinu eða lóðinni og gengur sá veðréttur fyrir öllum samningsbundnum veðskuldum næstu tvö ár eftir gjalddaga.

7. gr.

Lögtaksréttur fylgir öllum kröfum samkvæmt reglugerð þessari.

Reglugerð þessi, sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Sauðárkróks, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 18 18. maí 1920, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 24. maí 1973.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.

REGLUGERÐ

um meinatækna.

1. gr.

Rétt til þess að starfa sem meinatæknir hér á landi og kalla sig meinatækni hefur sá einn, sem til þess hefur fengið löggildingu heilbrigðismálaráðherra.

2. gr.

Löggildingu samkvæmt 1. grein skal veita íslenzkum ríkisborgurum, sem lokið hafa prófi frá Meinatæknaskóla Íslands eða öðru prófi, sem heilbrigðisyfirvöld viðurkenna.

3. gr.

Ráðherra getur veitt öðrum en þeim, sem 2. grein tekur til, löggildingu eða tímabundið starfsleyfi, enda sanni viðkomandi að hann hafi menntun, sem sé sambærileg við próf úr viðurkenndum meinatæknaskóla skv. 2. gr.

4. gr.

Það er skilyrði fyrir starfsleyfi eða löggildingu skv. 3. gr., að umsækjandi hafi meðmæli Meinatæknaskóla Íslands og Meinatæknafélags Íslands og uppfylli að öðru leyti þau skilyrði, sem á hverjum tíma eru sett fyrir atvinnuleyfi hér á landi.

5. gr.

Meinatæknar skulu aðeins starfa undir handleiðslu og á ábyrgð sérfræðings á viðkomandi sviði.

6. gr.

Óheimilt er að ráða til meinatæknistarfa aðra en þá, sem heilbrigðismálaráðherra hefur veitt starfsréttindi hér á landi.

7. gr.

Um meinatækna gilda að öðru leyti og eftir því, sem við getur átt, reglur læknalaga nr. 80 23. júní 1969.

Reglur læknalaga gilda um viðurlög við brotum í starfi, um sviptingu starfsréttinda og endurveitingu.

8. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 64 1971 um tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir, öðlast gildi nú þegar.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 29. maí 1973.

Magnús Kjartansson.

Páll Sigurðsson.

1. júní 1973. Nr. 181.

AUGLÝSING

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á byggingasamþykkt fyrir Garðahrepp í Gullbringusýslu.

Samkvæmt lögum nr. 19 20. október 1905, um byggingasamþykktir, sbr. lög nr. 84 16. desember 1943, um breytingar á þeim lögum og skipulagslög nr. 19 21. maí

1964, hefur ráðuneytið í dag staðfest byggingasamþykkt fyrir Garðahrepp í Gullbringusýslu.

Byggingasamþykkt þessi er í samræmi við fyrirmynd þá, sem félagsmálaráðuneytið hefur staðfest og birt með auglýsingu nr. 23/1967 í B-deild Stjórnartíðinda.

Félagsmálaráðuneytið, 1. júní 1973.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.

Nr. 182. 1. júní 1973.

REGLUGERÐ

um greiðslur sjúkratryggðra til samlagslækna.

1. gr.

Samlagsmenn í sjúkrasamlögum skulu greiða samlagslækni sínum, eða lækni, er í hans stað kann að koma, samkvæmt samningum hlutaðeigandi samlags kr. 50.00 fyrir hvert viðtal á lækningastofu og kr. 100.00 fyrir hverja vitjun læknis til sjúklings.

Þar sem samið er um greiðslu læknishjálpar fyrir hvert unnið verk dregst þetta gjald frá umsömdu gjaldi fyrir viðtöl og vitjanir.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 43. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971 til að öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 1. júní 1973.

Magnús Kjartansson.

Páll Sigurðsson.

Nr. 183. 4. júní 1973.

REGLUGERÐ

um nám og starfsréttindi lyfjatækna.

I. KAFLI

Markmið og stjórn lyfjatæknaskóla.

1. gr.

Ríkið rekur skóla í samvinnu við Apótekarafélag Íslands. Skólinn heitir Lyfjatæknaskóli Íslands og starfar undir yfirstjórn heilbrigðisráðuneytisins.

2. gr.

Hlutverk skólans er að tæknimennta aðstoðarfólk við lyfjagerð og lyfjaafgreiðslu.

3. gr.

Heilbrigðisráðherra skipar stjórn skólans, þannig: Einn fulltrúa tilnefndan af Apótekarafélagi Íslands, einn tilnefndan af Lyfjafræðingafélagi Íslands, einn án tilnefningar, og skal hann vera lyfjafræðingur að mennt og einn tilnefndan af félagi lyfjatækna. Skólastjórnin skal skipuð til þriggja ára.

Ráðherra skipar formann skólastjórnar, en skólastjórn setur sér starfsreglur. Á fundum ræður afl atkvæða, en verði atkvæði jöfn, ræður atkvæði formanns.

4. gr.

Stjórn skólans ræður skólastjóra og skal hann vera lyfjafræðingur starfandi í lyfjabúð eða lyfjagerð. Skólastjóri stjórnar daglegri starfsemi skólans og ræður kennara að skólanum í samráði við skólastjórn. Skólastjóri skal sitja fundi skólastjórnar og hefur þar tillögurétt, en ekki atkvæðisrétt.

II. KAFLI
Inntökuskilyrði.

5. gr.

Umsækjandi um skólavist skal ekki vera yngri en 17 ára. Umsækjandi skal hafa lokið gagnfræðaprófi eða hliðstæðu prófi. Umsækjandi, sem hlotið hefur frekari menntun skal að öðru jöfnu ganga fyrir um skólavist.

6. gr.

Umsóknir um skólavist skal senda skólastjóra.

Þeim skal fylgja:

1. Staðfest afrit af prófskírteini.
2. Almennt læknisvottorð.
3. Vottorð samkvæmt 37. gr. lyfsölulaga (berklaskoðun).
4. Sakavottorð.
5. Meðmæli (vinnuveitenda og/eða skólastjóra).

III. KAFLI
Nám.

7. gr.

Námstími skólans skal vera 3 ár, þar með talin sumarleyfi. Þó er skólastjórn heimilt að stytta námstímann um allt að sex mánuði í einstökum tilvikum.

8. gr.

Inntaka nema fer fram í júní og september og skal auglýst með minnst tveggja mánaða fyrirvara. Umsóknir skulu sendast skólastjóra, sem leggur þær fyrir skólastjórn til ákvörðunar.

9. gr.

Gera skal námssamning í formi sem sýnt er í fylgiskjali I með reglugerð þessari.

Fyrstu sex mánuðir námstímans skoðast sem reynslutími og getur hvor aðili um sig sagt upp námssamningi með 7 daga fyrirvara.

Námið er bæði bóklegt og verklegt. Verklega námið fer fram í lyfjabúðum, en hluti þess getur þó farið fram í lyfjagerðum. Bóklegt nám fer fram á námskeiðum samhliða verknámi; tvo vetur, 200 tíma að minnsta kosti hvorn vetur.

Námsefni.

10. gr.

Við upphaf hvers námstímabils skal neminn sækja undirbúningsnámskeið, minnst 28 stundir. Á námskeiðinu skal gefið yfirlit yfir sögu lyfjafræðinnar; stöðu og hlutverk lyfjabúðarinnar í samfélaginu; lyfjalöggjöf, sérstaklega með tilliti til lyfjatækna, hlutverks þeirra og skyldna; umgengnisvenjur og afgreiðsluhætti í lyfjabúðum; gerð lyfseðla og lestur þeirra. Enn fremur upprifjun í íslenzku og reikningi og yfirlit í líffræði, eðlis- og efnafræði.

Á hinu bóklega námskeiði skal fara fram kennsla í eftirfarandi greinum:

1. **Heilbrigðis- og hreinlætishættir.**
   Smáverugróður, smitleiðir, persónuhreinlæti, hreinlæti á vinnustað, smitgát og sæfing.
2. **Lyfjalöggjöf.**
   Ákvæði lyfsölulaga, reglugerða, lyfjaskrár, sömuleiðis lög um eiturefni og hættuleg efni og reglugerðir þeim tilheyrandi.
3. **Lyfjaverðlagning.**
   Verðlagning lyfja eftir lyfjaverðskrá I og II, sömuleiðis lausasöluverðlagning. Mál og vog, upprifjun í almennum reikningi og verzlunarreikningi.
4. **Eyðublaðatækni og færsla fyrir skipaðra bóka.**
5. **Almenn lyfjafræði.**
   Þekking á lyfjaformum og gerð þeirra og starfshættir við lyfjagerð.
6. **Lyfjaþekking.**
   Notkun lausasölulyfja, geymsla og meðferð lyfja almennt, þekking á alþýðuheitum, vöruþekking.
7. **Eiturefni og hættuleg efni.**
   Vöruþekking, geymsla og meðferð.
8. **Hjúkrunarvörur og sjúkragögn.**
   Þekking á gerð og notkun þeirra. Frumatriði í skyndihjálp.
9. **Afgreiðslutækni.**
   Afgreiðsla viðskiptavina.
10. Námsleiðbeiningar, fyrirlestrar, fræðslukvikmyndir, námsferðalög o. fl.

Verknám.

11. gr.

Verknáminu skal þannig hagað að neminn kynnist af eigin raun öllum starfssviðum lyfjabúða og lyfjagerða.

Á námstímanum skal neminn starfa a. m. k. 9 mánuði, að afgreiðslustörfum, 2 mánuði að glasaþvotti, áfyllingum og birgðastörfum, 9 mánuði að afgreiðslu lyfseðla og 6 mánuði að lyfjagerð. Einnig skal neminn taka þátt í færslu fyrirskipaðra bóka eftir því sem við á.

IV. KAFLI

Próf og einkunnir.

12. gr.

Lokapróf skulu haldin í maímánuði, sem hér segir:

1. Verklegt próf í afgreiðslu lyfseðla og lyfjagerð.
2. Verklegt próf í vöruþekkingu.
3. Skriflegt próf í heilbrigðis- og hreinlætisháttum, almennri lyfjafræði og lyfjaþekkingu.
4. Skriflegt próf í lyfjalöggjöf, lyfjaverðlagningu, eyðublaðatækni og afgreiðslutækni.

Kennarar útbúa prófverkefni í samráði við skólastjórnina. Skólastjórn skipar prófdómara.

Einkunnir skulu gefnar í heilum og hálfum tölum frá 0 upp í 10.

Til að standast lokapróf skólans, þarf neminn að hafa fengið að minnsta kosti einkunnina 5 í hverju hinna fjögurra ofannefndra prófa.

V. KAFLI
Laun og kjör nema.

13. gr.

Laun nema skulu fyrsta árið vera 50% af byrjunarlaunum afgreiðslufólks í lyfjabúðum, skv. 2. lið 1. gr. samnings Apótekarafélags Íslands við Landsamband íslenzkra verzlunarmanna, annað árið 60% og þriðja 75%.

14. gr.

Nema ber að leggja fram læknisvottorð trúnaðarlæknis lyfsala vegna fjarvista, ef þess er krafizt. Nemi skal sækja að minnsta kosti 80% kennslustunda hins bóklega náms, nema sjúkdómsforföll hamli. Styttri sjúkdómsforföll skal telja með námstíma, þó ekki lengri en 30 daga hvert námsár.

Sumarleyfi skulu vera í samræmi við lög um orlof.

VI. KAFLI
Um rekstur lyfjatæknaskóla.

15. gr.

Kostnaði við rekstur lyfjatæknaskóla skal skipt, sem hér segir:

1. Laun skólastjóra og kennara hins bóklega náms greiðast úr ríkissjóði.
2. Námslaun nema greiðast af hlutaðeigandi lyfjabúð.
3. Kennslubækur og kennsluefni eru á kostnað hlutaðeigandi lyfjabúðar.
4. Kennsluaðstaða við bóknám greiðist úr ríkissjóði.
5. Allur kostnaður vegna prófa greiðist úr ríkissjóði.

VII. KAFLI
Starfsréttindi.

16. gr.

Nemi sem stenzt próf, hlýtur prófskírteini og starfsheitið lyfjatæknir með þeim réttindum og skyldum, er því fylgir lögum samkvæmt.

17. gr.

Rétt til að kalla sig lyfjatækna og starfa sem slíkir hér á landi hafa þeir einir, sem lokið hafa prófi frá Lyfjatæknaskóla Íslands, sbr. 12. gr., og hlotið löggildingu heilbrigðisráðherra. Enn fremur þeir, sem lokið hafa jafngildu prófi erlendis, að mati skólastjórnar, og skal heimilt að sannreyna það með prófi í einni eða fleiri greinum.

18. gr.

Lyfjatæknir má ekki starfa í lyfjabúð, lyfjaútibúi, lyfjabúri sjúkrahúsa, lyfjagerð eða lyfjaheildsölu nema undir handleiðslu og á ábyrgð lyfjafræðings, (lyfsala).

Í lyfjaútsölu getur lyfjatæknir haft með höndum afgreiðslu lyfseðilsskyldra lyfja samkvæmt takmörkuðum lista yfir ákveðnar tegundir lyfja í stöðluðum umbúðum, enda sé slík afgreiðsla einungis gerð eftir fyrirmælum læknis, skriflegum eða munnlegum og á ábyrgð viðkomandi lyfsala.

Þar sem brýna nauðsyn ber til vegna skorts á lyfafræðingum í strjálbýli má veita lyfjatæknum takmörkuð réttindi til lyfjaafgreiðslu í lyfjaútibúum að fengnum meðmælum Apótekarafélags Íslands og Lyfjafræðingafélags Íslands.

19. gr.

Um viðurlög við brotum í starfi lyfjatækna gilda ákvæði 6. gr. laga nr. 64/1971 um tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir svo og lyfsölulaga eftir því sem við á.

20. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimildum í 16. gr. lyfsölulaga nr. 30 29. apríl 1963, og í 2. gr. laga um tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir nr. 64 16. apríl 1971 og öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Einstaklingar, sem hafa haft aðstoðarstarf við lyfjagerð eða lyfjaafgreiðslu samfleytt s. l. 10 ár eiga rétt til þess að gangast undir lokapróf án undangenginnar skólagöngu. Umsóknir um slíkar undanþágur skal senda stjórn skólans.
2. Skólastjórn er heimilt að stytta námstíma væntanlegra nema, sem þegar hafa lokið verklegu námi í lyfjabúð og námskeiði fyrir starfsfólk í lyfjabúðum. Próf og löggilding slíkra nema, getur orðið árlega frá útgáfu reglugerðar þessarar, þó í síðasta sinn árið 1976.
3. Meðan félag lyfjatækna er ekki stofnað, skipar ráðherra án tilnefningar, fulltrúa til að taka sæti í stjórn skólans fyrstu þrjú árin, eða þar til félagið hefur verið stofnað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 4. júní 1973.

Magnús Kjartansson.

Páll Sigurðsson.

Fylgiskjal.

Lyfjatæknaskóli Íslands gerir eftirfarandi samning um verklegt nám í lyfjatækni

við ..... lyfsala, ...
fyrir hönd ..... lyfjatækninema
sem er fædd(ur) ..... nafnnr. ..... til heimilis
.....

1. Vinnustundafjöldi í viku hverri skal vera sá, sem hverju sinni er í gildi í samningum Apótekarafélags Íslands og Landsambands íslenzkra verzlunarmanna, og sé aðallega unnið á þeim tíma, sem sölubúðir eru opnar. Þó skal nemi starfa á kvöldvöktum og helgidagavöktum í samráði við lyfsala, enda fái hann jafnlangt frí í staðinn á virkum degi og umreiknuðum vinnustundafjölda sem þessu nemur.
2. Nema ber að hlíta sömu reglum um starfs- og umgengnishætti og öðru starfsfólki lyfjabúðar. Honum er skylt að taka þátt í öllum daglegum störfum, sem til falla á vinnustað. Nema ber að vera stundvís og vinna vel og samvizkulega og í samráði við yfirboðara sína. Sýni nemi áberandi óstundvísi, vítaverða vanrækslu í starfi eða þrjózku, ber að tilkynna það skólastjóra Lyfjatæknaskóla Íslands, sem áminnir nemann eða leggur málið undir skólastjórn.
3. Lyfsala ber að tryggja að nemi hljóti tilsögn í þeim greinum, sem um er talað í reglugerð um nám og starfsréttindi lyfjatækna. Þyki nema sem lyfsali eða lyfjafræðingar (aðstoðarlyfjafræðingar) sinna ekki þessum skyldum sínum, getur hann lagt málið fyrir skólastjórn Lyfjatæknaskóla Íslands, sem áminnir lyfsala eftir því, sem þurfa þykir.

4. Við verklegt nám skal nemi að minnsta kosti starfa sem hér segir:
Að afgreiðslustörfum 9 mánuði; að glasaþvotti, áfyllingum og birgðastörfum 2 mánuði; að afgreiðslu lyfseðla 9 mánuði og lyfjagerð 6 mánuði. Einnig skal neminn taka þátt í færslu fyrirskipaðra bóka eftir því sem við á.
5. Á námstímanum skal neminn færa námsferilsbók, sem viðkomandi lyfsali staðfestir með undirskrift sinni og gildir sem vottorð þess að neminn hafi hlotið tilskilda tilsögn í þeim greinum, sem tilgreindar eru í reglugerð um nám og starfsréttindi.
6. Nema ber að leggja fram læknisvottorð trúnaðarlæknis lyfsala vegna fjarvistar, ef þess er krafizt. Nemi skal sækja að minnsta kosti 80% kennslustunda hins bóklega og verklega náms, nema sjúkdómsforföll hamli. Styttri sjúkdómsforföll skal telja með námstíma, þó ekki lengri en 30 daga hvert námsár. Sumarleyfi skulu vera í samræmi við lög um orlof.
7. Laun nema skulu fyrsta árið vera 50% af byrjunarlaunum afgreiðslufólks í lyfjabúðum, skv. 2. lið 1. gr. samnings Apótekarafélags Íslands við Landsamband íslenzkra verzlunarmanna; annað árið 60% og þriðja árið 75%.
8. Fyrstu sex mánuðir námstímans skoðast sem reynslutími og getur hvor aðili um sig sagt upp námssamningi með 7 daga fyrirvara.
9. Samningur þessi er gerður í þremur samhljóða eintökum og heldur hver aðili sínu eintaki.

Samningur þessi gildir frá ..... til .....

Reykjavík 19

F. h. Lyfjatæknaskóla Íslands

.....
Skólastjóri.

.....
Nemi.

.....
Lyfsali.

4. júní 1973. Nr. 184.

REGLUGERÐ

um holræsi og holræsagjöld á Suðureyri, Súgandafirði.

1. gr.

Sveitarstjórn hefur ein heimild til þess að leggja holræsi um Suðureyrarkauptún. Holræsagerð staðarins er sjálfstætt fyrirtæki með sérstöku reikningshaldi.

2. gr.

Þar sem sveitarstjórn hefur látið leggja holræsi í götu, veg eða opið svæði, er hverjum húseiganda, sem lóð á þar að, skylt að leggja á sinn kostnað ræsi frá húsinu, sem flytji skólp frá húsinu út að aðalræsi og haldi við sinni heimæð. Regnvatn af húsi eða lóð skal einnig, að svo miklu leyti sem unnt er, leitt í húsræsið. Ef húseigandi vanrækir að leggja holræsi innan hæfilegs frests, sem sveitarstjórn tiltekur, skal verkið unnið á hans kostnað. Greiða skal kr. 5 000.00 í tengigjald.

3. gr.

Áður en húseigandi byrjar að leggja holræsi, skal hann leggja fram uppdrátt af holræsalögn innanhúss og í grunni, er sýni legu, halla og stærð, gerð og annað

því viðkomandi. Uppdráttur skal gerður af pípulagningamanni eða öðrum sérfróðum mönnum.

Aðeins pípulagningamanni eða öðrum, sem sveitarstjórn hefur samþykkt, skal heimilt að leggja holræsalagnir.

Engar lagnir má hylja fyrr en byggingafulltrúi hefur samþykkt þær.

4. gr.

Sveitarstjórn löggildir menn, sem teljast skulu hæfir að leggja og ganga frá holræsum, bæði innanhúss og utan.

Þeir einir, sem sveitarstjórn löggildir til holræsalagningar skulu hafa rétt til að leggja og ganga frá holræsum, sem standa í sambandi við holræsakerfi staðarins.

5. gr.

Kostnaður við holræsagerð staðarins greiðist af holræsagerðinni. Til þess að standast útgjöld þau, sem stafa af lagningu holræsanna, ber hverjum þeim, sem hús á, lóð eða lóðarréttindi við götu eða veg eða opið svæði, sem hreppurinn hefur lagt holræsi í, að greiða árlega til holræsagerðarinnar 0.15% af fasteignamati húss og lóðar, eins og það reiknast á hverjum tíma, þó aldrei minna en kr. 1 200.00 af húsi eða hluta af húsi, sem talinn er sér í fasteignamati enda sé skólplögn að viðkomandi húseign eða húshluta. Gjöld samkvæmt grein þessari er sveitarstjórn heimilt að hækka eða lækka um 50 af hundraði, án þess að samþykki ráðuneytisins komi til.

6. gr.

Heimilt er sveitarstjórn að yfirtaka núverandi holræsakerfi einstakra manna samkvæmt samkomulagi við hlutaðeigendur eða samkvæmt mati, ef ágreiningur verður.

7. gr.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu holræsagjalds.

Gjaldið hefur lögtaksrétt og er það tryggt með lögveði í lóð og mannvirkjum lóðareiganda á henni næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði. Árlegur gjalddagi holræsagjalds er sá sami og fasteignaskatts.

8. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum allt að kr. 100 000.00, sem rennur í sveitarsjóð. Mál út af brotum gegn reglugerð þessari skal fara með sem almennt lögreglumál.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast þegar gildir, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð um holræsi og holræsagjöld í Suðureyrarkauptúni nr. 156 20. nóvember 1946 með síðari breytingum.

Félagsmálaráðuneytið, 4. júní 1973.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.

REGLUGERÐ

fyrir Vatnsveitu Suðureyrarhrepps.

1. gr.

Hreppsnefnd Suðureyrarhrepps hefur einkarétt til reksturs og sölu vatns á því svæði, er hún nær yfir, og getur fullnægt, svo og á Suðureyrarhöfn.

2. gr.

Hreppsnefnd fer með yfirstjórn vatnsveitunnar. Hreppsnefnd og sveitarstjóri annast öll framkvæmdastörf, er vatnsveituna varða, svo og viðhald vatnsveitunnar og umsjón alla. Hreppsnefnd skal heimilt að ráða sérstakan umsjónarmann vatnsveitunnar, er hafi eftirlit með vatnsveitukerfinu og annist öll þau störf í þágu vatnsveitunnar, er henta þykir. Hreppsnefnd getur löggilt sérstaka vatnsvirkja til að annast viðhald og viðauka við vatnsveituna í samráði við hreppsnefnd og er þeim skylt að fara í öllu eftir þeim reglum, er hreppsnefnd setur þar um.

3. gr.

Reikningsár vatnsveitunnar er almanaksárið, og annast sveitarstjóri reikningshaldið, innheimtu og greiðslur. Reikningar vatnsveitunnar skulu endurskoðaðir af endurskoðendum hreppsreikninga og fylgja hreppsreikningum ár hvert.

4. gr.

Hreppsnefnd lætur leggja vatnsæðar svo víða um kauptúnið, sem fært þykir og þörf krefur, svo að húseigendur eigi greiðan aðgang að þeim við veg, götu eða annað almenningssvæði, er lóðir þeirra liggja að eða eru í námunda við.

Vatnsveitan skal sjá um viðhald og endurbætur á stofnæðum hinna eldri vatnsveitna, sem tengdar hafa verið við vatnsæðar vatnsveitu hreppsins.

5. gr.

Hver sá, sem komast vill í samband við vatnsveitu Suðureyrarhrepps, skal senda hreppsnefnd umsókn þar um. Umsóknin skal vera skrifleg og henni skulu fylgja upplýsingar um áætlaða vatnsnotkun og til hvers vatn skuli notað.

6. gr.

Enginn má leggja vatnsæðar frá vatnsæðum vatnsveitunnar, nema að fengnu leyfi hreppsnefndar og eftir fyrirmælum hennar, bæði um efni og tilhögun verksins.

Hverjum húseiganda ber að greiða allan kostnað við lagningu vatnsæða frá aðalæð í hús sín og annast viðhald þeirra.

7. gr.

Skylt er hverjum húseiganda, er vatnsæð hefur, að halda vatnsæðum sínum vel við og láta tafarlaust gera við þær, ef leki kemur að þeim. Hann skal sérstaklega gæta þess, að ekki frjósi í æðunum.

Enginn má eyða vatni að óþörfu.

8. gr.

Hreppsnefnd, umsjónarmanni og löggiltum vatnsvirkjum er heimilt að fara um hús manna þar sem vatnsæðar liggja, til þess að athuga þær og tæki þau, er sett eru í samband við þær. Ef þeim þykir útbúnaði í einhverju ábótavant skal tafarlaust bætt úr því á kostnað eiganda.

9. gr.

Heimilt er hreppsnefnd að loka vatnsæðum fyrir þeim, sem vanrækja að láta gera við bilanir á pípum eða tækjum, eyða vatni að óþörfu eða greiða ekki vatnsskatt á réttum gjalddaga. Fullan vatnsskatt ber einnig að greiða fyrir þann tíma, sem vatnsæðar eru lokaðar af þessum sökum. Hreppsnefnd getur fyrirskipað takmörkun á vatnsnotkun sé skortur á vatni, þá getur hún lokað fyrir vatnið, þegar þörf krefur vegna hreinsunar eða annarra framkvæmda við vatnsveituna enda skal það tilkynnt áður, sé þess nokkur kostur.

10. gr.

Skylt er hverjum manni að láta af hendi land og landsafnot í þarfir vatnsveitunnar, svo og mannvirki, ef rök mæla með því, og þola þær eignakvaðir, óhagræði og takmarkanir á afnotarétti, sem vatnsveitan kann að hafa í för með sér, sé ekki önnur úrlausn fyrir hendi, enda komi fullar bætur fyrir samkvæmt mati, ef ekki næst samkomulag.

11. gr.

Af öllum húsum á vatnsveitusvæðinu, sem metin eru til fasteignamats, og tengd eru vatnsveitu hreppsins, skal greiða vatnsskatt 0.15% af fasteignamati húsa og lóða árlega, eins og það reiknast til fasteignaskatts á hverjum tíma, þó þannig að lægsta gjald af íbúð skal vera kr. 1 200.00. Af beitingaskúrum og slíkum húsum, skal lægsta gjald vera kr. 1 200.00. Af húsum, sem tengd eru við vatnsveituna skal greiða tengigjald kr. 5 000.00.

12. gr.

Af húsum þeim, sem nota mikið vatn til annarra þarfa en heimilisnotkunar, svo sem hraðfrystihúsum, fiskverkunarstöðvum, verksmiðjum, þvottahúsum, iðnaðarfyrirtækjum, bifreiðaþvottastöðvum o. s. frv. skal greiða 0.5% af fasteignamati húsa og lóða, ef vatn er ekki selt eftir mæli skv. 13. gr.

13. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að setja upp vatnsmæla hjá þeim fyrirtækjum eða einstaklingum, sem nota mikið vatn, og skal þá greiða kr. 3.50 fyrir hverja smálest.

Ársleiga fyrir hvern mæli skal vera kr. 800.00 og gjald fyrir uppsetningu mælis skal vera kr. 1 500.00 er húseigandi ber kostnað af.

14. gr.

Ef vatn er selt til skipa, skal söluverð vera kr. 23.00 fyrir hverja smálest, en minnsta gjald skal þó vera kr. 150.00 fyrir fiskiskip, en kr. 300.00 fyrir önnur skip. Þá er hreppsnefnd heimilt að ákveða, að hafnarsjóður Suðureyrarhrepps greiði vatnsveitunni eftir mæli eða ákveðna upphæð á ári í vatnsskatt eftir nánari ákvörðun hreppsnefndar, enda hafi höfnin allar tekjur af vatnssölu þeirri er fram fer við höfnina, að undanskildum framleiðslugjöldum sjávarafurða.

15. gr.

Skip, sem vatnsveitan hefur afhent vatn, má ekki, að viðlögðum sektum, fara úr höfninni fyrr en vatnið er greitt, nema gjaldfrestur hafi verið veittur.

16. gr.

Gjöld samkvæmt reglugerð þessari getur hreppsnefnd hækkað eða lækkað um allt að 50% bæði einstaka liði og í heild, án staðfestingar ráðuneytisins.

17. gr.

Gjaldár vatnsveitunnar er almanaksárið, gjalddagi vatnsskatts er sá sami og fasteignaskatts og greiðist vatnsskatturinn í einu lagi fyrir liðið ár.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu vatnsskatts, sem má taka lögtaki og einnig er hann tryggður með lögveði í húseigninni næstu 2 ár eftir gjalddaga með forgangsveði fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði, án tillits til eigendaskipta. Þar sem vatnsskattur er ákveðinn samkvæmt mæli, er heimilt að greiða hann á 4 gjalddögum í lok hvers ársfjórðungs.

18. gr.

Bannað er að taka vatn úr brunahönum vatnsveitunnar eða setja hreyfivélar í samband við hana, nema með leyfi hreppsnefndar, eða þess aðila, sem hreppsnefnd hefur falið slökkvistörf í kauptúninu.

19. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 100 000.00 nema þyngri refsing liggi við að lögum, sektarfé rennur í sveitarsjóð. Valdi nokkur skemmdum á vatnsveitukerfinu skal hann bæta það eftir mati tveggja óvilhallra manna. Mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið með að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem hreppsnefnd Suðureyrarhrepps hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá um vatnsskatt í Suðureyrarkauptúni, Súgandafirði, nr. 201 25. nóvember 1960.

Félagsmálaráðuneytið, 4. júní 1973.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.

6. júní 1973. Nr. 186.

REGLUGERÐ

fyrir Vatnsveitu Búðardals.

1. gr.

Vatnsveita Búðardals er sjálfstætt fyrirtæki, sem Laxárdalshreppur er eigandi að og rekur í þeim tilgangi að fullnægja vatnsþörf heimila og fyrirtækja í Búðardal.

2. gr.

Hreppsnefnd Laxárdalshrepps hefur á hendi yfirstjórn vatnsveitunnar og einkarétt til sölu vatns á veitusvæðinu.

3. gr.

Vatnsveitunefnd, kosin af hreppsnefnd til 4 ára í senn, skipuð 3 aðalmönnum og jafnmörgum til vara, búsettum í Búðardal, annast öll framkvæmdastörf, viðhald og endurbætur vatnsveitunnar, fjárreiður hennar og umsjón eigna í samráði við oddvita og hreppsnefnd, sem ákveður þóknun vatnsveitunefndar. Nefndin skiptir sjálf með sér verkum.

Að einróma tillögu vatnsveitunefndar getur hreppsnefnd ákveðið að ráða sérstakan umsjónarmann til að annast framangreind störf í þágu veitunnar, ásamt öðrum, sem honum kunna að verða falin.

4. gr.

Hver sá, er komast vill í samband við vatnsveituna, sæki um það skriflega til vatnsveitunefndar eða oddvita.

5. gr.

Enginn má án leyfis leggja vatnsæðar frá aðalvatnsæðum veitunnar.

Hverjum húseiganda ber að greiða allan kostnað við lagningu heimæðar í hússitt frá aðalæð og annast viðhald þeirra.

Skylt er hverjum húseiganda að láta tafarlaust gera við vatnsæðar sínar, ef leki kemur að þeim eða útbúnaði er ábótavant.

Enginn má eyða vatni að óþörfu, né setja aflvélar í samband við vatnsveitukerfið án leyfis. Óheimilt er að taka vatn úr brunahönum veitunnar.

6. gr.

Skylt er þeim, sem nota vill vatn frá vatnsveitunni, að fara eftir fyrirmælum ráðamanna veitunnar um efni, lagningu og viðhald vatnsæða sinna, og annað það, sem lýtur að vatnslögnum í og við hús þeirra.

Heimilt er umsjónarmanni vatnsveitunnar að fara um hús og lóðir vatnsnotenda til að athuga vatnslagnir og gera þær ráðstafanir í þágu veitunnar, sem hann telur nauðsynlegar. Loka má fyrir vatn meðan hreinsun eða viðgerð fer fram á geymum eða æðum veitunnar, enda skal slíkt tilkynnt fyrir fram, ef þess er kostur.

7. gr.

Heimilt er að loka vatnsæðum fyrir þeim, sem vanrækja að gera við bilanir á pípum eða tækjum, eyða vatni að óþörfu eða greiða ekki vatnsskatt eða stofngjald á réttum gjalddaga.

Fullan vatnsskatt ber að greiða fyrir þann tíma, sem vatnsæðar eru lokaðar.

8. gr.

Skylt er hverjum manni að láta af hendi land og landsafnot í þarfir vatnsveitunnar, og þola þær eignakvaðir, óhagræði og takmarkanir á afnotarétti, sem vatnsveitan kann að hafa í för með sér, enda komi fullar bætur fyrir samkvæmt mati, ef ekki næst samkomulag.

9. gr.

Hver sá, sem veldur skaða eða skemmdum á vatni eða veitukerfi, greiðir fullar fébætur, auk sekta, nema þyngri refsing liggi við að lögum.

10. gr.

Af öllum húseignum á vatnsveitusvæðinu, sem sérmetnar eru til fasteignamats og vatni er veitt í eða úr næst til vatnsæða, skal greiða vatnsskatt, sem nemur 2‰ — tveimur af þúsundi — af fasteignamatsverði árlega. Þó skal lágmarksgjald vatnsnotanda vera kr. 1 200.00.

11. gr.

Af öðrum þeim, er vatn nota til annars en venjulegra heimilisþarfa, vegna atvinnu, sem þeir reka, eða af öðrum ástæðum, skal innheimta aukagjald, sem nefnist aukavatnsskattur.

Aukavatnsskatt skal að jafnaði greiða samkvæmt mældri notkun, ef ekki, þá ákveður vatnsveitan skattinn samkvæmt áætlaðri notkun. Verði ágreiningur um slíka áætlun milli vatnsveitu og gjaldanda skal hreppsnefnd skera úr. Aukavatnsskattur skal vera kr. 3.70 á hvern rúmmetra vatns og er gjalddagi hans í lok hvers ársfjórðungs.

12. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að breyta vatnsgjöldum samkvæmt reglugerð þessari um allt að 50% til hækkunar eða lækkunar, bæði í heild og einstökum liðum, fyrir eitt ár í senn.

13. gr.

Heimilt er að krefja hvern þann aðila, sem leyfi fær til að leggja heimæð frá aðalveitu, um allt að kr. 2 000.00 í stofngjald. Eindagi stofngjalds er sá dagur, þegar tenging er framkvæmd.

14. gr.

Hreppsnefnd getur krafizt þess, að tillögu vatnsveitunefndar, að fyrirtæki og aðrir vatnsnotendur greiði vatnsskatt eftir mæli. Skal þá vatnsveitan leggja til mæli og sjá um uppsetningu og rekstur. Vatnsnotandi greiði uppsetningarkostnað, mælaleigu svo og vatnsskattinn sjálfan samkvæmt gjaldskrá.

15. gr.

Vatnsskattur hvers árs fellur í gjalddaga 1. júní. Greiðist skatturinn ekki á réttum gjalddaga, falla á hann dráttarvextir.

Vatnsskattinn má einnig taka lögtaki og er hann tryggður með lögveði í eigninni næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsveði fyrir hvers konar samningsveði eða aðfararveði.

Vatnsveitunefnd eða annar aðili í umboði hreppsnefndar hefur á hendi reikningshald og innheimtu fyrir veituna.

Reikningsár vatnsveitunnar er almanaksárið, og skulu reikningar hennar endurskoðaðir af endurskoðendum hreppsins árlega.

16. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 10 000.00, nema þyngri refsing liggi við að lögum.

Mál út af brotum á reglugerð þessari skulu sæta meðferð opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Laxárdalshrepps staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 frá 21. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð fyrir Vatnsveitu Búðardals nr. 32 22. febrúar 1965 með síðari breytingum.

Félagsmálaráðuneytið, 6. júní 1973.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.

7. júní 1973. Nr. 187.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á freðfiski fyrir framleiðslutímabilið 1. júní til 30. september 1973.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest

eftirfarandi verðgrundvöll á freðfiski fyrir framleiðslutímabilið 1. júní til 30. september 1973:

	US cent á lb. Cif.
Þorskur:	
4×14 m/r interl.	52.30
4×14 r/l	60.00
10×5 og 3×18	69.00
5×10	71.70
4×15	73.50
12×1	73.50
Blokk	64.00
Blokk 24½	65.00
Ýsa:	
10×5 og 3×18	78.00
12×1	82.50
Blokk	68.00
Blokk 24½	69.00
Steinbítur:	
10×5	71.50
12×1	74.20
Blokk	60.00
Karfi:	
8×7 m/r	38.42
10×5 m/r	51.00
10×5 r/l	54.60
12×1	60.90
Lausfrystur m/r og b.	51.50
Blokk	58.00
Ufsi:	
8×7 r/l	28.35
4×6 kg	29.80
10×5	42.00
Blokk	38.00
Langa:	
8×7 r/l	32.21
10×5	67.00
Blokk	59.00
Grálúða:	
Heilfryst	35.40
Blokk, Rússland	40.64
Blokk, U.S.A.	48.00
Heilfrystur fiskur	15.65

Viðmiðunarverð er reiknað á viðskiptagengi krónu gagnvart Bandaríkjadollar 1. júní 1973 ($ 1 = kr. 91.00).

Verðbil verði 2.5%. Greiðslur í sjóðinn eða úr honum miðast við 50% verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádregnu verðbili.

Sjávarútvegsráðuneytið, 7. júní 1973.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Gylfi Þórðarson.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á frystri rækju fyrir framleiðslutímabilið 1. júní til 31. október 1973.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi grundvallarverð á frystri rækju fyrir framleiðslutímabilið 1. júní til 31. október 1973:

Vélskelflett rækja:	Cif
1. 10×4×1 lb. blokkfryst, pr. lb.	£ 0.713
2. 24×1 lb. blokkfryst, pr. lb.	£ 0.730
3. 2×5 kg sérfryst, pr. lb.	£ 0.730
4. 4×2 kg og 5×2 kg sérfryst, pr. lb.	£ 0.730
5. 24×450 gr sérfryst, pr. lb.	£ 0.730
6. 1×25 lbs. sérfryst, pr. lb.	£ 0.730
7. 15×200 gr sérfryst, pr. lb.	£ 0.740
8. Í saltlegi, pr. lb.	£ 0.710
Handskelflett rækja:	
Í saltlegi, pr. lb.	£ 0.760

Verðbil verði 5%. Greiðslur í sjóðinn eða úr honum miðast við 50% verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádregnu verðbili.

Viðmiðunarverð er reiknað á viðskiptagengi krónu gagnvart sterlingspundi 4. júní 1973 (£ = 234/60).

Sjávarútvegsráðuneytið, 7. júní 1973.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Gylfi Þórðarson.

7. júní 1973. Nr. 189.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Styrktarsjóð Guðrúnar Þ. Sveinsdóttur frá Bjarnastaðahlíð í Skagafirði, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 7. júní 1973.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Styrktarsjóð Guðrúnar Þ. Sveinsdóttur frá Bjarnastaðahlíð.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður 19. ágúst 1972 með gjafabréfi Guðrúnar Þ. Sveinsdóttur frá Bjarnastaðahlíð, Skagafirði.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er Spariskírteini ríkissjóðs samtals að nafnverði kr. 1 800 000.00 að viðbættu vísitöluálagi 44.26% samtals kr. 2 042 000.00.

Sparisjóðsbók nr. 21213, innstæða kr. 258 000.00, við útibú Búnaðarbankans Sauðárkróki. Ásamt ávísun á afborganir af skuldabréfi á árunum 1972, 1973 og 1974 að upphæð kr. 100 000.00. Samtals kr. 3 000 000.00.

3. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtaður í Útibúi Búnaðarbankans á Sauðárkróki eða á annan hátt, sem tryggilegur er og stuðlar að tilgangi sjóðsins, að dómi sjóðstjórnar.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er, sbr. gjafabréf stofnanda sjóðsins, „að styrkja þá starfsemi sem Krabbameinsfélag Skagafjarðar og Hjarta- og æðaverndarfélag Skagfirðinga, hafa að markmiði að vinna að.

Taki opinberar stofnanir að sér hlutverk framangreindra aðila, eða ef tekst að sigrast á þeim sjúkdómum, sem þau berjast gegn, skal fé sjóðsins á sama hátt varið til styrktar öðrum áþekkum líknarmálum, sem aðkallandi eru að mati stjórnar sjóðsins."

5. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksár.

6. gr.

Sjóðurinn veitir móttöku minningargjöfum og öðrum gjöfum.
Gjafir þessar skulu skráðar í gjörðabók sjóðsins.

7. gr.

Úthlutun úr sjóðnum fer fram árlega. Heimilt er að úthluta helmingi vaxta sjóðsins. Óheimilt er að skerða höfuðstól hans fram yfir upphaflegt stofnfé.

8. gr.

Stjórn sjóðsins skal þannig skipuð, sbr. gjafabréf, „að yfirlæknir Sjúkrahúss Skagfirðinga, Sauðárkróki eða annarrar hliðstæðrar stofnunar, sem kann að taka við starfsemi þess, skal vera formaður." Einn fulltrúi skal vera skipaður af sýslunefnd Skagafjarðarsýslu, annar skal skipaður af bæjarstjórn Sauðárkróks. Auk þessa skal Ástmundur Guðmundsson, forstjóri, Reykjavík, frændi stofnanda sjóðsins vera, samkvæmt gjafabréfi, í stjórn sjóðsins, meðan hans nýtur við.

Endurskoðendur skulu vera tveir, einn tilnefndur af sýslunefnd Skagafjarðarsýslu og annar tilnefndur af bæjarstjórn Sauðárkróks.

9. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Sauðárkróki, 7. maí 1973.

Í stjórn sjóðsins:

Ólafur Sveinsson. Björn Egilsson, Halldór Þ. Jónsson.
Ástmundur Guðmundsson.

REGLUGERÐ

fyrir Vatnsveitu Þingeyrarhrepps.

1. gr.

Hreppsnefnd Þingeyrarhrepps hefur einkarétt til reksturs vatnsveitu og sölu vatns á svæði því, er vatnsveitan nær yfir og getur fullnægt og einnig til hafnarinnar.

2. gr.

Hreppsnefnd lætur leggja vatnsæðar svo víða um kauptúnið, sem henta þykir, svo að húseigendur eigi greiðan aðgang að þeim í fyrirhuguðu vegarstæði eða götu, er lóðir þeirra liggja að. Frá aðalæðum skulu húseigendur leggja vatnsæðar á sinn kostnað.

3. gr.

Hver sá, er komast vill í samband við vatnsveitu Þingeyrarhrepps, skal sækja um leyfi hreppsnefndar þar um. Umsókninni skulu fylgja upplýsingar um hve mikið vatn hlutaðeigandi telur sig þurfa að nota.

4. gr.

Umsjónarmaður vatnsveitunnar hefur eftirlit með öllu, sem að vatnsveitunni lýtur og er öllum neytendum skylt að fara eftir fyrirmælum hans um efni, lagningu og viðhald vatnsæða sinna og annast viðgerðir og endurbætur tafarlaust, ef hann telur þess þörf.

5. gr.

Heimilt er umsjónarmanni vatnsveitunnar að loka vatnsæðum fyrir þeim, sem eftir ítrekaða áminningu eyða vatni að óþörfu, nota það svo óþrifum valdi eða vanrækja að annast nauðsynlegt viðhald á pípum sínum og tækjum, sem við þær eru tengdar. Bannað er að tengja vélar við vatnsveituna, nema með sérstöku leyfi hreppsnefndar.

6. gr.

Umsjónarmanni er heimilt að fara um hús manna, þar sem vatnsæðar liggja, til þess að athuga þær og tæki þau, sem við þær eru tengdar.

7. gr.

Hreppsnefnd getur fyrirskipað takmörkun á vatnsnotkun, ef skortur er á vatni. Þá getur hún lokað fyrir vatnið, þegar þarf vegna hreinsunar á vatnsgeymum, tengingu eða viðgerðar á vatnsæðum veitunnar. Slíkar lokanir skal tilkynna fyrir fram, ef nokkur tök eru á. Fullan vatnsskatt ber að greiða þó slík lokun fari fram.

8. gr.

Af öllum húseignum í lögsagnarumdæmi Þingeyrarhrepps, sem virtar eru til fasteignamats og vatni er veitt í eða næst til vatnsæða vatnsveitunnar frá, skal greiða vatnsskatt árlega. Skatturinn skal lagður á eftir lögskipaðri fasteignamatsvirðingu húsanna og telst húshluti, sem virtur er sér til fasteignamats í þessu sambandi, heilt hús.

9. gr.

Af húsum þeim er í 8. gr. eru talin, skal greiða vatnsskatt sem hér segir: 0.5% af fasteignamati húsa, þó aldrei minna en kr. 4.50 á rúmmeter og aldrei meira en kr. 5.50 á rúmmeter.

Hreppsnefnd er heimilt að víkja frá lágmarksgjaldi, ef um sérstakar ástæður er að ræða. Hafi hús ekki verið virt fasteignamatsvirðingu ákveður vatnsveitan skattinn.

10. gr.

Vatnsveitan getur, þar sem ástæða þykir til, selt vatnsnot samkvæmt mæli, sem hún setur upp og annast viðhald á, og skal þá greiða kr. 3.50 fyrir hverja smálest. Vatnssala samkvæmt þessari grein fellur í gjalddaga ársfjórðungslega.

11. gr.

Fyrir önnur vatnsnot en þau, er hér hafa verið nefnd, skal greiða samkvæmt samkomulagi við hreppsnefnd.

12. gr.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu vatnsskatts húsa. Atvinnurekandi, útgerðarmaður eða útflytjandi ber ábyrgð gagnvart vatnsveitunni á greiðslu vatnsskatts af síld og öðrum fiski. Eigandi framleiðslustöðvar ber ábyrgð á, að vatnsskattur af vatnsskattsskyldri framleiðslu eða verkun á stöð hans sé greiddur á gjalddaga.

13. gr.

Fyrir vatn til skipa greiðist kr. 35.00 fyrir hverja smálest, en minnsta gjald skal þó vera kr. 150.00 fyrir fiskiskip og kr. 300.00 fyrir önnur skip. Hreppsnefnd er heimilt að ákveða að hafnarbryggja Þingeyrarhrepps greiði vatnsveitunni ákveðna upphæð á ári í vatnsskatt eftir ákvörðun hreppsnefndar, enda hafi bryggjan tekjur af vatnssölu þeirri, er fram fer á bryggjunni.

14. gr.

Skip, sem vatnsveitan hefur afhent vatn, má ekki að viðlögðum sektum fara af höfninni fyrr en vatnið er greitt, nema gjaldfrestur hafi verið veittur.

15. gr.

Reikningsár vatnsveitunnar er almanaksárið. Gjalddagi vatnsskatts er sami og gjalddagi fasteignaskatts og greiðist vatnsskatturinn í einu lagi fyrir líðandi ár. Vatnsskatt má taka lögtaki í hinu skattskylda húsi eða atvinnufyrirtæki, án tillits til eigendaskipta. Skatturinn nýtur lögveðsréttar í eigninni næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsveði fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

16. gr.

Heimilt er hreppsnefnd fyrir eitt ár í senn að hækka eða lækka vatnsskattinn um allt að 50%.

17. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 10 000.00 nema þyngri refsing liggi við að lögum.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Þingeyrarhrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð fyrir vatnsveitu Þingeyrar nr. 4 6. jan. 1954.

Félagsmálaráðuneytið, 7. júní 1973.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.

SAMÞYKKT

um sorphreinsun í Ólafsvíkurhreppi.

1. gr.

Ólafsvíkurhreppur sér um sorphreinsun frá öllum fasteignum á skipulögðu svæði kauptúnsins. Fer hún fram undir yfirstjórn oddvita og með umsjón heilbrigðisnefndar kauptúnsins.

2. gr.

Sérhver húseigandi eða leigjandi í Ólafsvíkurhreppi er skyldugur að nota þær aðferðir og tæki við sorpgeymslu og hreinsun, sem sveitarstjórn ákveður.

3. gr.

Sérhver húseigandi, sem notast við sorphreinsun sveitarfélagsins skal borga þau gjöld vegna sorphreinsunar, sem sveitarstjórn ákveður.

4. gr.

Sorpið, sem sett er í sorpílátin, má vera allt venjulegt heimilissorp. Meðal sorps, sem ekki má setja í sorppoka, er mold, möl, grjót, mykja, byggingarsorp, (timbur, múrblokkir) og stærri trjágreinar.

5. gr.

Ekki má setja meira sorp í pokana en svo, að auðveldlega megi loka þeim, þegar skipt er um poka. Fyllsta hreinlætis skal gætt umhverfis sorppoka.

6. gr.

Pakka skal inn beittum og oddhvössum hlutum s. s. glerbrotum, áður en þeir eru settir í sorppokana.

7. gr.

Bannað er að setja eldfima vökva s. s. olíu og benzín í sorpílát, hvort sem er laust eða í umbúðum.

8. gr.

Sorphreinsun fer ekki fram á helgidögum eða eftir kl. 23 á virkum dögum. Sorphreinsun skal framkvæma minnst 40 sinnum á ári.

9. gr.

Kvörtunum vegna sorphreinsunar skal koma skriflega til sveitarstjórnar.

10. gr.

Minnst einn sorppoki skal vera fyrir hverja fjölskyldu.

11. gr.

Hverjum íbúareiganda ber að sjá til þess, að alltaf sé til nóg af pokum, svo að þeir yfirfyllist ekki milli tæminga.

12. gr.

Sorppokar eru afhentir einu sinni í viku af sveitarstjórn, en aðrar gerðir poka má ekki nota.

13. gr.

Sorppokarnir skulu vera í grind í kassa, sem sveitarfélagið hefur samþykkt, sorpkassar skulu vera á stöðum, sem eru aðgengilegir fyrir sorphreinsunarmenn á lóð húss þess, sem þær tilheyra. Hafa skal greiðfæran stíg ca. 90 cm breiðan að sorpkassa. Sveitarstjórn er heimilt að taka sérstakt gjald, ef sorpstaða er mjög óaðgengileg. Sorpkassaeigendur verða að sjá um að hafa grindurnar í góðu ásigkomulagi og endurnýja þær ef þörf þykir.

14. gr.

Ef sorpið er svo mikið eða í þannig formi, að ekki hæfi viðurkenndum sorpílátum, skal húseigandi annast sorphreinsun eða senda inn beiðni þess efnis, að sveitarfélagið annist hreinsunina gegn sérstöku gjaldi.

15. gr.

Mold, möl, grjót og svipað efni, sem ekki má setja í sorppokana, skal flutt á afmarkað svæði skv. nánari fyrirmælum sveitarstjórnar, sem gildir um ónýt veiðarfæri, netaafskurð o. fl.

16. gr.

Bílhræ og brotajárn skal flytja á afmarkað svæði, sem sveitarstjórn ákveður.

17. gr.

Sorphreinsunarmönnum er óheimilt að hnýsast í sorppokana.

18. gr.

Fyrirferðamiklum en brennanlegum úrgangi, svo sem umbúðum og því um líku, skulu forsvarsmenn heimila og atvinnurekstra koma á sorphreinsunarbíl, þegar hreinsun fer fram, eða í sorphaugastað skv. nánari fyrirmælum sveitarstjórnar.

19. gr.

Kostnaður við almenna sorphreinsun og sorpeyðingu greiðist úr sveitarsjóði. Sveitarstjórn er þó heimilt að innheimta með fasteignagjöldum hvers árs, áætlað kostnaðarverð þeirra sorppoka, sem viðkomandi fasteign eyðir á árinu.

20. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum allt að kr. 100 000.00 nema þyngri refsing liggi við að lögum. Með brot á reglugerðinni skal farið að hætti opinberra mála.

21. gr.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Ólafsvíkurhrepps, staðfestist hér með, samkvæmt lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 8. júní 1973.

Magnús Kjartansson.

Páll Sigurðsson.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Snæfjalla.

I. RAFORKA

Rafveita Snæfjalla selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Notkun til búrekstrar, heimilisþarfa o. fl.

Um orkumæli (aflmarksmæli), sem stilltur er á tiltekið afl og sýnir annars vegar heildarnotkun og hins vegar orkunotkun yfir aflstillingu.

Notandi greiði sem hér segir fyrir aflstillingu og orkunotkun:

1.	Aflgjald, lágmarksstilling 3 kW	kr.	12 000.00 á ári.
	Aflgjald, frá 3 til 6 kW	—	2 800.00 á kW á ári.
	Aflgjald, umfram 6 kW	—	2 000.00 á kW á ári.
	Orkugjald af allri notkun	—	0.45 á kWst.
	Orkugjald af notkun yfir aflstillingu	—	6.00 á kWst.

Leiga á einum mæli er innifalin í verðinu.

B. Vélanotkun, til radióstöðvar, sumarbústaða o. fl.

Notandi greiði sem hér segir yfir aflstillingu og orkunotkun:

1.	Aflgjald	kr.	4 500.00 á kW á ári.
	Orkugjald af allri notkun	—	1.50 á kWst.
	Orkugjald af notkun yfir aflstillingu	—	7.00 á kWst.

C. Ýmiss konar notkun.

1.	Lýsing—orkugjald	—	14.00 á kWst.
2.	Um vinnulagnir—orkugjald	—	7.00 á kWst.
3.	Kirkjur—orkugjald	—	7.00 á kWst.

D. Utanhússlýsing.

1.	Fast leigugjald á ljósker	—	500.00 á ári.
	Orkugjald, ómæld notkun á uppsett afl	—	5.00 á W á ári.

II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja og rofa, sem nota skal fyrir hverri veitu og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann.

Af mælitækjum og rofum er heimilt að taka leigu sem næst 20% af verði tækisins á ári.

III. HEIMTAUGARGJÖLD

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtaugar og/eða spennistöðvar fyrir húsveitu. Umsækjandi heimtaugar skal gera grein fyrir væntanlegri notkun húsnæðis og helztu raforkunotkun, jafnvel leggja fram raflagnateikningar.

Hreppsnefndir Snæfjalla- og Nauteyrarhrepps ákveða heimtaugargjald hverju sinni, að fengnum tillögum rafveitunefndar, og skal það vera sem næst kostnaðarverði.

IV. OPNUNARGJÖLD

1. Hafi verið lokað fyrir veitu vegna vanskila á gjöldum til rafveitunnar, er óheimilt að opna aftur fyrr en notandi hefur greitt áfallin gjöld og kr. 1 000.00 í opnunargjald.

2. Ef fundinn er óleyfilegur rafbúnaður eða of stór vör skal veitunni lokað tafarlaust, og ekki opnað aftur fyrr en notandinn hefur bætt úr því, og greitt kr. 1 000.00 í opnunargjald.

V. ÝMIS ÁKVÆÐI

1. Notendum skal skylt að gefa upp tölur á kWst.-mælum í síma þegar óskað er, en reglulegur aflestur fer fram ársfjórðungslega.
   Reikningur fyrir raforku er gjaldfallinn um leið og hann hefur borizt notanda.
2. Rafveitustjóri getur bannað notkun rafsuðuspenna, súgþurrkunarmótora og heyblásara eða takmarkað notkun slíkra tækja við tiltekna tíma sólarhrings. Rafveitustjóra skal tilkynnt áður en slík tæki og straumfrek eru tekin í notkun.
3. Að fenginni heimild ráðuneytisins er hreppsnefnd heimilt að hækka gjöld, sem ákveðin eru í gjaldskrá þessari, til samræmis við hækkun kaupgjalds og verðlags, enda verði breytingin auglýst í Lögbirtingablaðinu með nægum fyrirvara.

Í framangreindum gjöldum er innifalinn söluskattur og viðlagagjald. Raforka til húshitunar er þó undanþegin þeim.

Ákvæði bráðabirgðalaga nr. 40 30. apríl um niðurfærslu verðlags o. fl., taka og til gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Snæfjallahrepps, nr. 319/1969.

Iðnaðarráðuneytið, 13. júní 1973.

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.

Nr. 193. 13. júní 1973.

SAMÞYKKT

fyrir Vatnsveitufélag Marbælis, Melstaðs og Hlíðarhúss, í Hofshreppi, Skagafjarðarsýslu.

1. gr.

Félagið heitir Vatnsveitufélag Marbælis, Melstaðs og Hlíðarhúss. Heimili og varnarþing þess er í Hofshreppi, Skagafirði.

2. gr.

Tilgangur félagsins er að sjá býlum á svæðinu fyrir vatni.

3. gr.

Stofnendur félagsins eru eigendur býlanna Marbælis, Melstaðs og Hlíðarhúss, Hofshreppi. Hver stofnandi greiðir kr. 10 000.00 sem stofngjald og telst hann ekki fullgildur félagsmaður fyrr en það stofngjald er greitt. Allt vatn í fjós, þvottahús og önnur þau hús, er heyra búrekstri jarðarinnar til, telst undir sama stofngjald og íbúðarhús. Félagsskylda samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar er því skilyrði háð, að eigendum séu látin í té afnot af því vatni, sem félagið hefur til umráða.

4. gr.

Ábúendur væntanlegra nýrra býla á félagssvæðinu má taka í félagið með samþykkt lögmæts aðalfundar. Nýr félagsmaður greiðir sama stofngjald og eldri félagar og öll gjöld, sem á félaginu hvíla, til jafns við aðra félagsmenn frá því er hann gekk í félagið. Sjálfur skal hann kosta allar framkvæmdir, sem gera verður sérstaklega hans vegna, til þess að hann geti notað mannvirki félagsins.

5. gr.

Stofnkostnaður að upphaflegri aðalleiðslu vatnsveitunnar greiðist í eftirtöldum hlutum fyrir býli á félagssvæðinu. Einn þriðji hluti á hvert býli. Skal hann greiddur af stofngjöldum félagsmanna, þar sem þau hrökkva til og styrk, sem veittur kynni að verða til vatnsveitunnar. Vatnsskatt skal innheimta árlega af hverju býli á félagssvæðinu, sem vatns nýtur úr vatnsveitunni. Skal félagsstjórn tiltaka upphæð hans þannig fyrir hvert reikningsár, að nægi til greiðslu vaxta og afborgana af stofnkostnaði aðalleiðslu vatnsveitunnar og til viðhalds. Gjöld skv. 2. mgr. þessarar greinar má taka lögtaki ásamt áföllnum innheimtukostnaði, ef ekki er staðið í skilum um greiðslu gjalda til félagsins. Eignir félagsins standa til fullnægingar skuldbindingum þess. Enginn félagsmaður ber ábyrgð á skuldbindingum félagsins umfram gjöld þau, sem honum ber að greiða til félagsins samkvæmt ákvæðum þessarar samþykktar.

6. gr.

Félagsstjórn er skylt að boða til félagsfundar, ef þrír félagar eða tveir stjórnarmeðlimir krefjast þess, enda greini þeir tilefni kröfunnar.

7. gr.

Félagsfundur er lögmætur, ef helmingur félagsmanna sækir hann enda hafi löglega verið til hans boðað. Fundur er löglega boðaður, ef hverjum félagsmanni er tilkynnt fundarboðið bréflega eða persónulega með fimm daga fyrirvara. Á félagsfundum hafa allir félagsmenn jafnan rétt og ræður afl atkvæða úrslitum.

8. gr.

Aðalfundur félagsins skal haldinn eigi síðar en 1. apríl ár hvert. Til hans skal boða með viku fyrirvara, bréflega eða persónulega. Aðalfundur er lögmætur ef ¾ félagsmanna sækir hann. Hafi þrisvar sinnum verið boðað til aðalfundar vegna ónógrar fundarsóknar, telst þriðji fundurinn lögmætur, hver sem fundarsókn er. Á aðalfundi skulu teknar ákvarðanir um starfsemi félagsins á árinu, lagðir fram endurskoðaðir reikningar þess og kosnir þrír menn í stjórn félagsins og tveir endurskoðendur til eins árs í senn. Liggi önnur mál fyrir aðalfundi en venjuleg aðalfundarstörf, skal þess getið í fundarboði.

9. gr.

Stjórn félagsins skiptir sjálf með sér verkum. Störf stjórnar og endurskoðenda skulu vera ólaunuð. Formaður kveður stjórn saman til fundar og boðar félagsfundi og aðalfundi. Stjórnarfundir eru því aðeins lögmætir að allir stjórnarmenn mæti. Færa skal gjörðabók stjórnarfunda og skal ritari stjórnarinnar lesa fundargerð í lok hvers fundar og undirita hana ásamt formanni, þegar hún hefur verið samþykkt.

10. gr.

Stjórn félagsins hefur umsjón með vatnsveitunni, annast bókhald hennar og innheimtu á gjöldum félagsins. Hún sér um viðhald og viðgerðir á vatnsbóli og aðalleiðslu. Viðhald heimæða og umbúnaðar í húsum annast félagsmenn hver hjá sér.

11. gr.

Samþykkt þessari má ekki breyta nema á aðalfundi, enda hafi breytinganna verið getið í fundarboði og séu að minnsta kosti ⅔ félagsmanna samþykkir þeim.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt af Vatnsveitufélagi Marbælis, Melstaðs og Hlíðarhúss í Hofshreppi, Skagafjarðarsýslu, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 23. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 13. júní 1973.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.

Nr. 194. 14. júní 1973.

SAMÞYKKT

um forkaupsrétt Neskaupstaðar að fasteignum í Neskaupstað.

Neskaupstað er áskilinn forkaupsréttur að eftirtöldum fasteignum í Neskaupstað:

Egilsbraut 5 og 7, eigendur Aðalsteinn Halldórsson, Björn Björnsson, Kristján P. Guðmundsson og Vigfús Guttormsson.

Egilsbraut 6, íbúð Sigurbjargar Þorvarðsdóttur.

Egilsbraut 14 og 16, sjóhús, eigandi Guðrún Eiríksdóttir.

Hafnarbraut 15, eigandi Guðröður Jónsson.

Hafnarbraut 23, pakkhús, eigandi Clipper h. f.

Hafnarbraut 25, eigandi Þorvaldur Einarsson.

Hafnarbraut 27, sjóhús, eigandi Sveinn Magnússon.

Hafnarbraut 39, sjóhús, eigandi Hafbjörg h. f.

Hafnarbraut 51, sjóhús (2), eigendur Þorbergur og Þórður Sveinssynir.

Miðstræti 7 (Svalbarð), eigandi db. Stefáns Guðmundssonar.

Nesgata 2, eigandi db. Björns Ingvarssonar.

Strandgata 7, skúr, eigandi Jósep Halldórsson.

Strandgata 11, íbúðarhús, eigandi Stefán Höskuldsson.

Strandgata 13, sjóhús, eigendur Stefán Höskuldsson og Garðar og Óskar Lárussynir.

Strandgata 17 (Nýhöfn), eigandi Guðmundur Bjarnason.

Strandgata 19, sjó- og fiskverkunarhús, eigandi Ölver Guðmundsson.

Strandgata 21, sjóhús, eigandi db. Gísla Bergsveinssonar.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Neskaupstaðar hefur gert samkvæmt heimild í 26. gr. skipulagslaga nr. 19 21. maí 1964, sbr. lög nr. 22/1923, öðlast þegar gildi og gildir í 5 ár frá dagsetningardegi hennar að telja og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 14. júní 1973.

F. h. r.
Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

REGLUGERÐ

um kjarasamninga starfsmanna sveitar- og sýslufélaga.

I. KAFLI

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til allra starfsmanna, sem skipaðir eru, settir eða ráðnir í þjónustu sveitar- og sýslufélaga eða atvinnufyrirtækja þessara aðila með föstum tíma-, viku- eða mánaðarlaunum, enda verði starf þeirra talið aðalstarf.

Ákvæði reglugerðarinnar taka þó ekki til:

1. Borgar-, bæja- eða sveitarstjóra.
2. Iðnaðarmanna, sjómanna, verkafólks né starfsfólks í iðjuverum, en um kaup þeirra og kjör fer eftir kjarasamningum stéttarfélaga þeirra og vinnuveitenda, sbr. lög nr. 80/1938.

2. gr.

Sveitarstjórn er í fyrirsvari síns sveitarfélags að því er varðar kjarasamninga við starfsmenn þess. Hún getur skipað 3ja til 5 manna nefnd til að annast samninga af sinni hendi. Á sama hátt er sýslunefnd í fyrirsvari hlutaðeigandi sýslufélags að því er varðar kjarasamninga við starfsmenn þess.

3. gr.

Starfsmannafélög, sem hlutaðeigandi sveitarstjórn eða sýslunefnd viðurkennir, fara með allan samningsrétt og aðrar ákvarðanir af hendi starfsmanna skv. reglugerð þessari. Stjórnir einstakra félaga eða til þess kjörnar nefndir eru í fyrirsvari þeirra um gerð samninga. Félögin skulu tilkynna sveitarstjórn eða sýslunefnd formann og varaformann samninganefndar, eigi síðar en við uppsögn samninga. Starfsmaður, sem reglugerð þessi tekur til, sbr. 1. gr., á rétt til að vera félagsmaður viðurkenndra félaga samkvæmt grein þessari eftir nánari reglum í samþykktum félaganna. Hafi hlutaðeigandi sveitarstjórn viðurkennt fleiri en eitt starfsmannafélag, má starfsmaður eigi vera félagi nema í einu hinna viðurkenndu félaga.

Starfsmaður, sem eigi er innan vébanda samtaka þeirra, sem viðurkenningu hafa hlotið, skv. lögum nr. 46/1973, skal greiða til þeirra samtaka, sem hann ætti að tilheyra, gjald, sem er jafnt og það, er mönnum í sambærilegri stöðu er gert að greiða, séu þeir innan samtaka.

II. KAFLI

4. gr.

Launakjör starfsmanna sveitar- og sýslufélaga, sbr. 1. gr., skulu ákveðin með kjarasamningum aðila þeirra, er í 2. og 3. gr. getur.

Laun starfsmanna, sem eigi eru innan vébanda viðurkenndra félaga, skulu ákveðin af hlutaðeigandi sveitarstjórn eða sýslunefnd án samninga. Slíkar ákvarðanir skulu tilkynntar stjórnum viðurkenndra starfsmannafélaga.

5. gr.

Í aðalkjarasamningi skulu einstök félög, er viðurkenningu hafa hlotið, semja um fjölda launaflokka, meginreglur til viðmiðunar um skipan í launaflokka, föst laun, vinnutíma, laun fyrir yfirvinnu og orlof. Þá skal þar kveða á um greiðslu ferðakostnaðar.

Aðalkjarasamningur tekur ekki til lífeyrisréttinda, launa í veikindaforföllum, aukatekna og annarra hlunninda, sem líkt er farið.

6. gr.

Einstök félög skulu einnig semja um skipan starfsheita og manna í launaflokka, sérákvæði um vinnutíma, ef um sérstakar aðstæður er að ræða, fæðisaðstöðu og fæðiskostnað, svo og önnur kjaraatriði, sem aðalkjarasamningur tekur ekki til og eigi eru bundin í reglugerðum sveitar- og sýslufélaga.

7. gr.

Kjarasamningar skulu vera skriflegir. Aðalkjarasamningur skal gerður til eigi skemmri tíma en tveggja ára og koma til framkvæmda 1. júlí næst á eftir gerð hans.

Nú verða almennar og verulegar kaupbreytingar á samningstímabili, og má þá krefjast endurskoðunar aaðlkjarasamnings án uppsagnar. Sá aðili, sem endurskoðunar krefst, skal senda gagnaðila sínum, sáttasemjara ríkisins og Kjaradómi skriflega kröfugerð. Náist ekki samkomulag innan mánaðar frá kröfugerð, skal sáttasemjari ríkisins sjálfkrafa taka deiluna til meðferðar og reyna sættir. Hafi deila eigi verið leyst innan hálfs mánaðar frá kröfugerð, tekur Kjaradómur við málinu til úrskurðar. Kjaradómur skal hafa lagt dóm á ágreiningsefnið innan mánaðar frá því, að hann tók við meðferð málsins. Að öðru leyti skulu ákvæði III. og IV. kafla reglugerðar þessarar gilda um meðferð þessara mála. Þó skal samningur eða dómur Kjaradóms gilda frá þeim tíma, sem um semst eða Kjaradómur ákveður.

8. gr.

Uppsagnarfrestur kjarasamnings af hendi beggja aðilja skal eigi vera skemmri en 4 mánuðir miðað við áramót. Uppsögn aðalkjarasamnings felur í sér uppsögn sérsamninga samkvæmt 6. gr.

Uppsögn skal vera skrifleg og send í ábyrgðarbréfi eða kynnt viðtakanda á annan sannanlegan hátt.

9. gr.

Kjarasamningur framlengist um eitt ár í senn, m. a. með óbreyttum uppsagnarfresti, hafi honum eigi verið sagt upp réttilega.

10. gr.

Aðili, er segir upp kjarasamningi, skal samtímis uppsögn senda gagnaðilja sínum kröfugerð og megintillögur um nýjan aðalkjarasamning, og skulu samningsviðræður þá þegar upp teknar.

Þegar liðinn er mánuður frá upphafi uppsagnarfrests, skal aðili, er sagt hefur upp samningum, senda gagnaðilja sínum megintillögur sínar og kröfugerð um sérsamninga, sbr. 6. gr.

11. gr.

Endurrit af uppsögn aðalkjarasamnings svo og tillögur og kröfugerð um nýja samninga skal senda sáttasemjara ríkisins í vinnudeilum og Kjaradómi samtímis og gögn þessu eru send gagnaðilja.

III. KAFLI

12. gr.

Aðili aðalkjarasamnings getur, er slitnað hefur upp úr samningsumleitunum, vísað kjaradeilu til meðferðar sáttasemjara ríkisins í vinnudeilum.

Þegar mánuður uppsagnarfrests er liðinn, skal sáttasemjari ríkisins sjálfkrafa taka kjaradeilu til meðferðar og reyna sættir, hafi deilu eigi verið vísað til hans eða samningur komizt á fyrir þann tíma. Sáttasemjari getur þó frestað aðgerðum allt að viku, ef sérstaklega stendur á.

Ráðherra er heimilt, að fengnum tillögum sáttasemjara ríkisins eða aðilja, að skipa til sáttastarfs sérstakan sáttasemjara eða sáttanefnd, er hafi réttindi og skyldur ríkissáttasemjara samkvæmt reglugerð þessari.

13. gr.

Sáttasemjari ríkisins getur lagt fram miðlunartillögu í kjaradeilu.

Leynileg atkvæðagreiðsla starfsmanna, er í hlut eiga, fer fram um miðlunartillögu undir yfirsstjórn og eftirliti sáttasemjara. Það fer eftir ákvæðum laga um stéttarfélög og vinnudeilur, nr. 80/1938, hvort tillaga telst samþykkt eða felld.

Hlutaðeigandi borgar-, bæjar- eða sveitarstjóri eða formaður sýslunefndar greiða fyrir hönd hlutaðeigandi sveitar- eða sýslufélags atkvæði um miðlunartillögu. Skal hann greiða atkvæði sitt leynilega áður en allsherjaratkvæðagreiðslu skv. 2. mgr. lýkur.

Ákvæði laga nr. 80/1938 gilda að öðru leyti, eftir því sem við á, um sáttastarf skv. reglugerð þessari.

14. gr.

Nú er deila um aðalkjarasamninga eigi til lykta leidd að liðnum þremur mánuðum uppsagnarfrests, og tekur Kjaradómur þá við máli. Aðiljar skulu þá þegar senda Kjaradómi greinargerðir um málið, enda er þá sáttameðferð þess á vegum sáttasemjara lokið.

Aðiljar geta fyrr á stigi máls en í 1. málsgr. segir, vísað kjaradeilu til Kjaradóms, ef þeir eru um það sammála.

Eftir að sáttasemjari hefur fengið mál til meðferðar, getur hann og vísað máli til Kjaradóms án atbeina aðilja, þegar hann telur sýnt, að frekari sáttaumleitanir verði árangurslausar.

IV. KAFLI

15. gr.

Kjaradómur, sem skipaður er skv. lögum nr. 46/1973 um kjarasamninga opinberra starfsmanna tekur kjaradeilu til meðferðar skv. 14. gr. og skal hafa lagt dóm á ágreiningsefni fyrir lok janúarmánaðar.

16. gr.

Þegar aðalkjarasamningur hefur verið gerður eða Kjaradómur hefur lokið dómi í kjaradeilu um aðalkjarasamning, skulu einstök félög, sbr. 3. gr., hefja samninga um skipan starfsheita í launaflokka, sérákvæði um vinnutíma, ef um sérstakar ástæður er að ræða, fæðisaðstöðu og fæðiskostnað, svo og önnur þau kjaraatriði, sem aðalkjarasamningur tekur eigi til.

Aðiljar geta vísað þessari kjaradeilu til meðferðar sáttasemjara ríkisins til sáttaumleitana. Afskiptum sáttasemjara lýkur, þegar deilu er vísað til Kjaradóms, samkvæmt 3. mgr.

Þeim atriðum, sem eigi hefur verið samið um fyrir 1. júní næst á eftir gerð aðalkjarasamnings eða dómi Kjaradóms um aðalkjarasamning, skal skotið til Kjaradóms, er skera skal til fullnaðar úr ágreiningi aðilja innan tveggja mánaða.

Sérsamningar eða úrskurðir Kjaradóms samkvæmt þessari grein skulu koma til framkvæmda um leið og aðalkjarasamningur eða dómur Kjaradóms, sbr. 1. mgr. 7. gr. og 2. mgr. 21. gr.

17. gr.

Aðiljar skulu leggja ágreiningsefni skilmerkilega fyrir Kjaradóm. Þeir skulu tjá sig rækilega um kjaraatriði, lýsa því, sem þeir eru sammála um, og setja fram sjónarmið sín ásamt rökstuðningi og rækilegri málsreifun.

18. gr.

Kjaradómur aflar sér af sjálfsdáðum nauðsynlegra gagna og upplýsinga, og er honum rétt að krefjast skýrslna, munnlegra og skriflegra, af einstökum mönnum og embættismönnum.

19. gr.

Kjaradómur getur kvatt sérfróða menn til starfa í þágu dómsins og ráðuneytis um úrlausn mála.

20. gr.

Kjaradómur skal við úrlausnir sínar m. a. hafa hliðsjón af:

1. Kjörum launþega, er vinna við sambærileg störf hjá öðrum en ríkinu.
2. Kröfum, sem gerðar eru til menntunar, ábyrgðar og sérhæfni starfsmanna.
3. Afkomuhorfum þjóðarbúsins.

21. gr.

Dómur Kjaradóms er fullnaðarúrlausn kjaradeilu.

Dómur Kjaradóms kemur til framkvæmda 1. júlí næst á eftir uppkvaðningu hans og gildir í tvö ár frá þeim tíma.

Dómur bindur aðilja á sama hátt sem samningur þeirra, og gilda um uppsögn kjaraákvæða hans og framlengingu ákvæða reglugerðar þessarar um kjarasamninga, sbr. II. kafla.

V. KAFLI

22. gr.

Stjórn hlutaðeigandi starfsmannafélags tekur ákvörðun um uppsögn kjarasamnings. Nú kemur fram ósk innan stjórnar félagsins um að um þá ákvörðun fari fram allsherjaratkvæðagreiðsla, og skal þá slík atkvæðagreiðsla fram fara meðal starfsmanna innan þess félags, er í hlut á, til samþykktar eða synjunar.

VI. KAFLI

23. gr.

Kjaranefnd, sem skipuð er skv. lögum nr. 46/1973 um kjarasamninga opinberra starfsmanna, sker til fullnaðar úr ágreiningi samningsaðilja um

1. Skipan einstakra manna í launaflokka kjarasamnings.
2. Hver aukastörf sé rétt að telja til aðalstarfs og hver beri að launa sérstaklega.
3. Vinnutíma, yfirvinnu og yfirvinnukaup einstakra starfsmanna eða starfshópa.
4. Ágreining um fæðisaðstöðu og fæðiskostnað einstakra starfsmanna eða starfshópa.

Hlutaðeigandi félög eru í fyrirsvari starfsmanna fyrir Kjaranefnd.

VII. KAFLI

24. gr.

Félagsdómur dæmir í málum, sem rísa milli samningsaðilja út af brotum á reglugerð þessari, ágreining um skilning á kjarasamningi og gildi hans og um félagsréttindi starfsmanna, sbr. 3. gr.

Þegar Félagsdómur fer með slík mál, nefna heildarsamtök þau, sem viðurkenningu hafa hlotið, svo og fjármálaráðherra dómendur til setu í dómnum í stað þeirra dómenda, er nefndir hafa verið af Alþýðusambandi Íslands og Vinnuveitendasambandi Íslands.

Hlutaðeigandi starfsmannafélag, er viðurkenningu hefur hlotið, rekur mál fyrir Félagsdómi vegna sjálfs sín og starfsmanna, er í hlut eiga. Að öðru leyti gilda ákvæði 45. gr. laga nr. 80/1938 um sóknaraðild máls fyrir Félagsdómi.

VIII. KAFLI

25. gr.

Ákvæði í ráðningarsamningi er ógilt, ef það brýtur í bága við kjarasamning starfsmanni í óhag.

26. gr.

Nú er sett á fót stofnun hjá sveitar- eða sýslufélagi og skal þá ákveða kjör starfsmanna hennar með samkomulagi milli hlutaðeigandi sveitarstjórnar eða sýslunefndar og viðurkennds starfsmannafélags, sem í hlut á.

Náist ekki samkomulag milli þessara aðilja, skal Kjaranefnd skera úr deilunni.

Sama gildir, ef til koma nýjar stöður við stofnanir sveitar- eða sýslufélags.

27. gr.

Óski viðurkennd heildarsamtök samkvæmt 1. mgr. 3. gr. laga nr. 46/1973 og hlutaðeigandi sveitarstjórnir og sýslunefndir, er félagsmálaráðherra heimilt að lengja fresti samkvæmt 14. og 16. gr. reglugerðar þessarar.

28. gr.

Við gerð fyrstu kjarasamninga eftir gildistöku reglugerðar þessarar er nægilegt, að tillögur og kröfugerð varðandi sérsamninga, sbr. 2. mgr. 10. gr., berist 10 dögum eftir undirritun aðalkjarasamninga eða uppkvaðningu dóms Kjaradóms um kjaradeilu.

Sá kjarasamningur, sem fyrst er gerður eftir gildistöku reglugerðar þessarar, skal gilda frá 1. janúar næst á eftir, að því er varðar föst laun og vinnutíma og yfirvinnukaup, en frá 1. júlí næst á eftir, að því er varðar önnur kjaraatriði.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. lögum nr. 46/1973, öðlast þegar gildi og birtist til eftirreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 15. júní 1973.

Hannibal Valdimarsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

GJALDSKRÁ

fyrir póstþjónustu.

TEGUND SENDINGAR	Þyngdarmörk g	Innanlands	Norðurlönd	Önnur lönd
Hámark stærðar og þyngdar		Burðargj. kr.	Burðargj. kr.	Burðargj. kr.
Bréf.	20	13	13	15
Hámarksstærð:	100	26	26	35
Lengd + breidd	250	39	39	80
+ þykkt 900 mm.	500	52	52	150
Mesta lengd 600 mm.	1000	200	225	250
Í ströngum:	2000	400	400	400
lengd + tvöfalt þvermál 1040 mm.				
Mesta lengd 900 mm.				
Hámarksþyngd 2 kg.				
Lágmarksstærð:				
90×140 mm. Í ströngum: Lengd + tvöfalt þvermál 170 mm.				
Minnsta lengd 100 mm.				
Póstkort.				
Mest 105 × 148 mm		10	10	11
Minnst 90 × 140 mm				
Prent.				
Stærð sama og bréfa.	20	10	10	10
(Prentkort sama stærð	100	13	13	13
og póstkort).	250	20	20	20
Hámarksþyngd 2 kg.	500	35	35	35
Bækur þó 5 kg.	1000	60	60	60
Burðargjald fyrir prent	2000	100	100	100
yfir 1000 g til Norðurl.	3000	150	150	150
er sama og fyrir	4000	200	200	200
„Önnur lönd"	5000	250	250	250
Smápakkar (aðeins til	100		15	15
útlanda)	250		30	30
Stærð sama og bréfa	500		50	50
Hámarksþyngd 1 kg.	1000		90	90
Innrituð blöð og tímarit.				
Innritunargjald 2000 kr.				
Ársgjald 200 kr.				
Stærð sama og bréfa	hver			
a) Til umboðsm.	500	7		
(minnst 50 eintök til hvers í einu). Hámarksþ. 20 kg.				
b) Til áskrifenda. Hámarksþyngd 500 g hvert eintak.	20	2		
	100	3		
	200	6		
	300	9		
	400	12		
	500	15		

TEGUND SENDINGAR	Burðargjald kr
Giróþjónusta (aðeins innanlands).	
Inn- og útborganir (ókeypis af eigin reikningi)	17
Póstávísanir.	
a. Innanlands og til Norðurlanda: Hámarksupphæð innanlands: Kr. 200 000.00 (Símapóstávísanir kr. 100 000.00).	
Burðargjald	30
b. Til annarra landa:	
Burðargjald:	
Fyrir upphæð allt að 1000 kr.	37
fyrir hv. 1000 kr. eða minna þar yfir	7
Um hámarksupphæð póstávísana til útlanda, veita pósthúsin upplýsingar.	
Póstkröfur.	
Hámarksupphæð sama og póstávísana. Burðargjald sendingar eftir tegund.	
a. Innanlands og til Norðurlanda: Burðargjald eins og fyrir póstávísun.	
Póstkröfugjald	25
b. Til annarra landa:	
Burðargjald:	
Fyrir upphæð allt að 1000 kr.	62
fyrir hv. 1000 kr. eða minna þar yfir	7
Almennir bögglar (innanlands): Hámark þyngdar og stærðar (lágmarksstærð 90 × 140 mm): Þyngd 20 kg mest. Lengd + breidd + þykkt 3 m. Mesta lengd 1.50 m.	
Burðargjald:	
1 kg 3 kg 5 kg 7 kg 10 kg 15 kg 20 kg	
40 kr 70 kr 100 kr 120 kr 170 kr 240 kr 310 kr	
Fyrir rúmfreka og brothætta böggla greiðist 50% viðbótargjald.	
Um burðargj. fyrir böggla til útlanda veita pósthúsin upplýsingar.	
Verðbréf og -bögglar.	
Burðargjald sendingar eftir tegund.	
Skrásetningargjald.	25
Tryggingargjald.	
Fyrir hverjar 5000 kr. eða minna þar yfir.	25

Loftbréf: Söluverð kr. 17. Má senda flugleiðis til allra landa án viðbótargjalds.

Blindraprent: Nýtur frígengis innanl. og til útlanda, nema fluggj. til útlanda. Hámarksþyngd 7 kg.

Ýmis önnur gjöld.

Ábyrgðargjald ..... kr. 25

Afturköllun sendingar, breyting á áritun, breyting á póstkröfuupphæð, fyrirspurn um sendingu ..... kr. 25

Hraðboðagjald: (Útburður bréfa og tilkynningar um böggla með sérstökum sendimanni, þegar eftir komu sendingar á ákvörðunarpósthús). Þar sem daglegur útburður er ..... kr. 40

Móttökukvittun ..... kr. 25

Talning í verðbréfi innanlands: kr. 30 hver sending.

Alþjóða-svarmerki: Söluverð kr. 25 Skiptiverð í frímerkjum kr. 15

Fyrirframgreiðsla eftir frankóseðli: kr. 25

Tollmeðferð bréfa, prents og smápakka: kr. 15

Tollmeðferð böggla: kr. 30

Gjald fyrir að búa um böggla á ný: kr. 20

Geymslugjald böggla: 25 kr. á dag frá 16. degi eftir komu bögguls á ákvörðunarpósthús Hámarksgjald kr. 350

Afhending ábyrgðarsendinga með móttökukvittun í eigin hendur: Utanlands og innan kr. 15

Greiðsla skaðabóta póststjórnarinnar fyrir ábyrgðarsendingar, verðsendingar og böggla innanlands **er sem hér segir:**

1. Verðbréf og -bögglar: Allt að upphæð hins tilgreinda verðs.
2. Ábyrgðarsendingar og almennir bögglar: a. allt að kr. 1 465 fyrir glataða ábyrgðarsendingu. b. allt að kr. 5 130 fyrir **böggul,** sem glatast eða eyðileggst.

Bætur greiðast því aðeins, að sending hafi verið útbúin samkvæmt settum reglum, og að þeirra sé krafizt innan árs frá þeim degi að telja, er sendingunni var skilað til flutnings.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 13. gr. póstlaga nr. 31/1940 og gengur í gildi 1. júlí 1973. Samtímis fellur úr gildi gjaldskrá fyrir póstþjónustu frá 13. apríl 1972.

Samgönguráðuneytið, 18. júní 1973.

Hannibal Valdimarsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

AUGLÝSING

um afgreiðslutíma Selfoss Apóteks.

Samkvæmt heimildum í Reglugerð um afgreiðslutíma lyfjabúða utan Reykjavíkur nr. 305/1972 skal afgreiðslutími Selfoss Apóteks vera sem hér segir:

Mánudaga-föstudaga	kl. 9-18.30
Laugardaga, aðfangadag og gamlársdag	kl. 9-14
Sunnudaga og aðra helgidaga	kl. 13-15

Að öðru leyti skal gætt ákvæðis 6. gr., fyrrnefndrar reglugerðar.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 19. júní 1973.

F. h. r.
Páll Sigurðsson.

Almar Grímsson.

Nr. 198. 18. júní 1973.

AUGLÝSING

um afgreiðslutíma Akureyrar Apóteks og Stjörnu Apóteks, Akureyri.

Samkvæmt heimildum í Reglugerð um afgreiðslutíma lyfjabúða utan Reykjavíkur nr. 305/1972 skal almennur afgreiðslutími Akureyrar Apóteks og Stjörnu Apóteks, Akureyri vera sem hér segir:

Mánudaga-föstudaga	kl. 9-18
Laugardaga	kl. 9-12

Auk framangreinds almenns afgreiðslutíma skulu lyfjabúðirnar vera opnar til skiptis eina viku í senn, sem hér segir:

Mánudaga-föstudaga	kl. 18-19 og 21-22
Laugardaga	kl. 12-14 og 20-21
Helgidaga og almenna frídaga	kl. 11-12, 15-16 og 20-21
Aðfangadag og gamlársdag	kl. 12-14 og 20-21

Einnig skulu lyfjabúðirnar annast neyðarvakt (kallvakt) að næturlagi á þeim tíma, sem ekki er opið samkvæmt framangreindu, og skulu þær annast þessa neyðarvakt til skiptis, eina viku í senn.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 18. júní 1973.

F. h. r.
Páll Sigurðsson.

Almar Grímsson.

REGLUGERÐ

um löggildingu og eftirlit með rennslismælum fyrir mjólk.

1. gr.

Óheimilt er að selja mjólk til mjólkurbúa samkvæmt rennslimæli, nema mælirinn hafi áður verið löggiltur.

2. gr.

Við prófun á rennslismæli má skekkja hans ekki nema meiru en 1:250 jákvætt eða neikvætt.

3. gr.

Rennslismælir fyrir mjólk skal vera af svipaðri gerð og rennslismælar fyrir olíu og benzín. Ávallt skal hafa það mikinn rennslisþrýsting með véldælu, að aldrei þurfi að handdæla, þótt ílát það, sem dælt er í, standi jafnhátt eða hærra en tankur, sem dælt er úr. Þrýstimælir skal vera á hverri mjólkurbifreið, sem notar rennslismæli.

Fasttengdur loftskiljari og sigti skal vera fyrir ofan hvern rennslismæli.

4. gr.

Bili rennslismælir ber að taka hann tafarlaust úr notkun.

Ekki má taka hann í notkun aftur fyrr en viðgerð hefur farið fram og hann verið löggiltur að nýju.

5. gr.

Skylt er eigendum rennslismæla fyrir mjólk að láta löggilda þá eigi sjaldnar en á árs fresti.

6. gr.

Löggildingargjald af rennslismæli fyrir mjólk skal vera sama og af öðrum rennslismælum samkv. gjaldskrá löggildingarstofunnar í Reykjavík, auk þess greiði eigandi rennslismælisins allan annan kostnað við prófun og löggildingu.

7. gr.

Brot á reglugerð þessari varða refsingu samkvæmt ákvæðum 9. gr. laga nr. 13 4. júní 1924, enda varði þau ekki þyngri refsingu samkvæmt öðrum lögum.

8. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 13 4. júní 1924, um mælitæki og vogaráhöld, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 20. júní 1973.

Ólafur Jóhannesson.

Jón Thors.

29. maí 1973. Nr. 200.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli frysts humars á humarvertíð 1973.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969 um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest verðgrundvöll frysts humars á humarvertíð 1973:

5 × 5 lbs. í skel garndreginn:					
7— 9	$ 4 500	pr. lb.	Cif.	U.S.A.	
9—12	$ 4 230	—	—	—	
12—15	$ 3 915	—	—	—	
15—18	$ 3 465	—	—	—	
18—24	$ 2 925	—	—	—	
24—30	$ 2 250	—	—	—	
30—45	$ 1 575	—	—	—	
4 × 12 lbs. í skel með görn:					
7—15	Lire 1 767	pr. lb.	Cif.	Milano	
10—20	— 1 767	—	—	—	
15—30	— 1 314	—	—	—	
20—35	— 1 314	—	—	—	
30—40	— 883	—	—	—	
35—60	— 734	—	—	—	
45—60	— 734	—	—	—	

Verðbil verði 6%.

Greiðslur í sjóðinn eða úr honum miðast við 50% verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádregnu verðbili.

Sjávarútvegsráðuneytið, 29. maí 1973.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Gylfi Þórðarson.

Nr. 201. 28. maí 1973.

AUGLÝSING
um umferð í Reykjavík.

Samkv. heimild í 65. gr. og 66. gr. laga nr. 40 frá 23. apríl 1968 hefir eftirfarandi verið ákveðið:

1. Einstefnuakstur verður á Sóleyjargötu til norðurs frá Hringbraut að Njarðargötu.
2. Umferðarljós verða á gatnamótum Hringbrautar og Njarðargötu.
3. Gangbrautarljós verða á Miklubraut við Stakkahlíð.

Framangreindar reglur taka gildi 2. júní 1973.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 28. maí 1973.

Sigurjón Sigurðsson.

Nr. 202. 4. júní 1973.

AUGLÝSING
um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. laga nr. 40 frá 23. apríl 1968 hefir eftirfarandi verið ákveðið.

Bifreiðastöður verða bannaðar við Ægissíðu að sunnanverðu milli Hofsvallagötu og Starhaga.

Jafnframt verður aflétt banni við bifreiðastöðum að norðanverðu við götuna á sama kafla.

Framangreind regla tekur gildi 15. júní 1973.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 4. júní 1973.

Sigurjón Sigurðsson.

5. júní 1973. Nr. 203.

AUGLÝSING

um tölusettar kvittanir og reikningseyðublöð.

Frá og með 1. júlí 1973 skulu embætti, stofnanir og fyrirtæki ríkisins afhenda tölusetta kvittun fyrir hvers konar greiðslum, sem þau veita viðtöku frá almenningi, og hvort sem greiðslurnar falla til ríkissjóðs eða ekki. Kvittanir, sem hér um ræðir, geta verið með tvennu móti:

A. Staðalkvittun (stærð A5L) með áprentuðu nafni embættis, stofnunar eða fyrirtækis, sem við greiðslunni tekur. Staðalkvittanir hafa skjaldarmerki lýðveldisins sem sameiginlegt auðkenni. Stofnun eða fyrirtæki er þó heimilt að nota eigið merki í stað skjaldarmerkis. Eyðublöð, sem hér um ræðir, bera ýmist heitið „Kvittun fyrir innborgun“ eða „Reikningur“.

B. Sérgreind eyðublöð, sem merkt eru ríkissjóði eða yfirvaldi og notuð eru fyrir ákveðnar tegundir greiðslna eða innborganir (t. d. aðflutningsskýrsla, söluskattsskýrsla, skattakvittanir ritaðar í skýrsluvélum eða bókhaldsvélum o. fl.).

Fyrst um sinn og unz öðruvísi verður ákveðið er stofnunum og fyrirtækjum heimilt, að höfðu samráði við ráðuneytið, að nota óstöðluð reiknings- og kvittanaeyðublöð, sem þau hafa látið gera, enda séu þau **tölusett og skilmerkilega auðkennd.** Stefnt skal að því að fella öll slík eyðublöð í staðlað horf.

Fjármálaráðuneytið, 5. júní 1973.

F. h. r.
Jón Sigurðsson.

Sverrir Júlíusson.

Nr. 204.

REIKNINGUR

Lífeyrissjóðs bænda 1972.

Rekstrarreikningur frá 1. janúar til 31. desember 1972.

Tekjur:

Framlag neytenda skv. áætlun	kr.	34 386 000.00	
— Tilfærsla vegna 1971	—	2 329 009.00	
			kr. 32 056.991.00
Iðgjöld framleiðenda skv. áætlun	kr.	22 924 000.00	
— Tilfærsla vegna 1971	—	1 553 006.00	
			— 21 370 994.00

Framlög vegna eftirlauna:		
Ríkissjóður Íslands	kr. 20 555 952.00	
Stofnlánadeild landbúnaðarins	— 12 298 372.00	
		— 32 854 324.00
Vaxtatekjur		— 2 143 437.50
		Kr. 88 425 746.50

Gjöld:

Eftirlaunagreiðslur	kr. 32 389 899.00	
Eftirlaunagreiðslur í gegnum Umsjónarnefnd eftirlauna	— 464 425.00	
		kr. 32 854.324.00
Laun og önnur rekstrargjöld		— 1 618 083.40
Tekjuafgangur		— 53 953 339.10
		Kr. 88 425 746.50

Efnahagsreikningur 31. desember 1972.

Eignir:

Búnaðarbanki Íslands, innstæður	kr. 26 780 646.70
Stofnlánadeild landbúnaðarins, skuldabréf	— 15 000 000.00
Veðdeild Búnaðarbanka Íslands, skuldabréf	— 25 000 000.00
Óinnheimt iðgjöld skv. áætlun stjórnar	— 16 886 704.40
Umboðsmenn framleiðenda	— 1 294.00
	Kr. 83 668 645.10

Skuldir:

Ríkissjóður Íslands		kr. 1 061 009.00
Óskipt iðgjöld		— 60 205.80
Inneignir til endurgreiðslu		— 1 231 092.00
Höfuðstóll 1/1 1972	kr. 27 362 999.20	
Tekjuafgangur	— 53 953 339.10	
		— 81 316 338.30
		Kr. 83 668 645.10

Reykjavík 9. maí 1973.

Pétur Sigurðsson, framkvæmdastjóri.

Við undirritaðir, sem erum skipaðir endurskoðendur skv. 4. gr. laga um Lífeyrissjóð bænda, höfum endurskoðað framanskráðan rekstrarreikning 1/1—31/12 1972 og efnahagsreikning 31. desember 1972, sem samdir eru eftir bókhaldi sjóðsins.

Skuldabréfin bera eftir á greidda vexti, sem verða bókfærðir á greiðsluári. Tilgreind skuldabréf og bankainnstæður eru fyrir hendi.

Reykjavík 9. maí 1973.

Vigfús Gunnarsson. *Örn Marinósson.*

Stjórnartíðindi B 18, nr. 155—204. Útgáfudagur 29. júní 1973.

STJÓRNARTÍÐINDI B 19 — 1973

REGLUGERÐ
Um náttúruvernd.

Um náttúruverndarnefndir.

1. gr.

Í hverju sýslu- og bæjarfélagi og Reykjavík skal starfa þriggja til sjö manna náttúruverndarnefnd. Sýslunefnd, bæjar- eða borgarstjórn ákveður tölu nefndarmanna í hverju umdæmi, velur formann og kýs jafnmarga menn til vara og veitir þeim nauðsynlega starfsaðstöðu. Kjörtímabil aðal- og varamanna er fjögur ár.

2. gr.

Kjör í náttúruverndarnefnd skal tilkynnt Náttúruverndarráði, þegar er kosning hefur farið fram.

3. gr.

Hlutverk náttúruverndarnefnda er að stuðla að náttúruvernd á sínu svæði. Þær skulu hafa forgöngu um það að vekja almennan skilning á gildi náttúruverndar og óspillts umhverfis. Náttúruverndarnefndir skulu fylgjast með því, að náttúru landsins sé ekki spillt með athöfnum sem brjóta í bág við ákvæði og fyrirmæli laga m. a. á eftirfarandi hátt:

Að hafa gát á akstri utan vega og umgengni í óbyggðum og gera tillögur til Náttúruverndarráðs eða annarra réttra aðila um úrbætur, þar sem spjöll af slíkum akstri hafa orðið eða eru yfirvofandi.

Að hafa eftirlit með því, að fylgt sé ákvæðum 13. gr. náttúruverndarlaga um meðferð rusls og sorps og koma á framfæri ábendingum um úrbætur við sveitarstjórnir.

Að hafa gát á, að eigi sé spillt gróðri eða vatni sbr. 10., 11. og 37. grein þessarar reglugerðar.

Að hafa eftirlit með því, að eigi grotni í hirðuleysi munir, byggingar eða önnur mannvirki, sbr. 15. gr. náttúruverndarlaga.

Að gefa umsögn um efnistöku sbr. 17. gr. sömu laga.

Að líta eftir því að snyrtilega sé gengið frá, þar sem jarðrask hefur orðið við mannvirkjagerð eða efnistöku.

Að fylgjast með því, að auglýsingar meðfram vegum, sem brjóta í bág við ákvæði 19. gr. náttúruverndarlaga, séu teknar niður og gefa Náttúruverndarráði umsögn, þar sem um vafaatriði er að ræða.

Að fylgjast með því, að gætt sé ákvæða 20. gr. náttúruverndarlaga um frjálsa umferð fótgangandi manna.

Að gefa sveitarstjórnum umsögn um byggingar sumarbústaða sbr. 19.—23. gr. reglugerðar þessarar.

Að stuðla að auknum möguleikum almennings til útivistar samkvæmt 27. gr. náttúruverndarlaga.

Að gefa Náttúruverndarráði ábendingar og umsögn um friðlýsingu náttúruminja og stofnun útivistarsvæða og framkvæmd friðlýsingar.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

4. gr.

Rétt er Náttúruverndarráði að fela náttúruverndarnefndum umsjón með friðlýstum svæðum og heimilt að gefa þeim umboð til að veita undanþágur frá settum fyrirmælum í friðlýsingu.

Slík verkefni má einnig fela öðrum aðilum, er sérstaka aðstöðu hafa til að fylgjast með friðlýstum svæðum.

5. gr.

Náttúruverndarnefndir skila árlega skýrslu um starf sitt til sýslunefndar, bæjar- eða borgarstjórnar. Senda skal Náttúruverndarráði eintak af skýrslunni.

6. gr.

Telji náttúruverndarnefnd að athafnir eða framkvæmdir brjóti í bág við ákvæði náttúruverndarlaga eða slíkar athafnir séu yfirvofandi, skal hún þegar í stað tilkynna það réttum yfirvöldum og Náttúruverndarráði, ef nefndin telur ástæðu til þess.

7. gr.

Náttúruverndarnefndir skulu hafa samstarf við samtök áhugamanna um náttúruvernd.

Um umgengni og aðgang almennings að náttúru landsins.

8. gr.

Öllum er heimil för um landsvæði utan landareigna lögbýla, svo sem afrétti og almenninga, og dvöl þar, enda sé tilgangur farar eða dvalar lögmætur.

Gangandi fólki er því aðeins heimil för um eignarlönd manna, að þau séu óræktuð og ógirt og að dvöl manna þar hafi ekki í för með sér ónæði fyrir búpening eða valdi þeim óhagræði, er land nýta.

Sé um girt eða ræktað land að ræða, er för um það háð leyfi þeirra aðila, er fara með umráð landsins.

9. gr.

Eigi má hindra frjálsa umferð gangandi manna með því að setja byggingar, girðingar né önnur mannvirki á sjávarströnd, vatnsbakka eða árbakka.

Ákvæði þessarar greinar eiga þó ekki við um þær byggingar eða þau mannvirki, sem nauðsynleg eru vegna atvinnurekstrar, þar með talin íbúðarhús bænda, né þau, sem reist eru með leyfi yfirvalda á skipulögðum svæðum, eða mannvirki, sem reist hafa verið fyrir samþykkt gildandi laga.

Rétt er, að settir séu stigar yfir þær girðingar, sem óhjákvæmlegar eru og leyfilegar sbr. 11., 20. og 27. gr. náttúruverndarlaga.

10. gr.

Öllum er heimil berjatínsla á landsvæðum utan landareigna lögbýla.

Á ræktuðu landi er öllum heimilt að lesa villt ber til neyzlu á vettvangi.

Óheimilt er að nota tæki við berjatínslu, ef uggvænt þykir að spjöll á góðri hljótist af notkun þeirra. Er Náttúruverndarráði rétt að banna notkun slíkra tiltekinna tækja.

11. gr.

Öllum er skylt að sýna varúð í samskiptum við náttúru landsins, svo að henni sé ekki spillt að óþörfu.

Á víðavangi má enginn fleygja frá sér eða skilja eftir rusl, sem er til hættu eða óprýði, né bera slíkt rusl eða sorp í sjó eða fjörur eða í ár, vötn eða læki.

Áningarstaði skulu menn ávallt yfirgefa hreina og snyrtilega, og sé þar ekkert skilið eftir, er lýti umhverfið.

Vegfarendur skulu gæta þess, að kasta eigi frá sér umbúðum eða öðru slíku rusli við vegi eða vegarslóðir.

Bannað er að safna rusli í hauga á almannafæri eða við alfaraleiðir. Skylt er að ganga svo frá sorphaugum, að hvorki fjúki úr þeim né fljóti.

Eigi má að óþörfu eyða eða spilla gróðri, hvorki með mosa-, lyng- eða hrísrifi né á annan hátt.

Hvarvetna, þar sem eldur er gerður á víðavangi, skal um hann búið í sérstöku eldstæði eða hann kveiktur á þess konar jarðvegi, að ekki sé hætta á að hann breiðist út. Skal þess gætt, að eldur sé að fullu kulnaður áður en eldstæðið er yfirgefið.

Þess skal hvarvetna gætt, að hvorki vatnsbólum, rennandi vatni né stöðuvötnum sé spillt eða þau saurguð með gálausri meðferð efna eða muna.

Hvers konar áletranir á náttúruminjar eru óheimilar.

12. gr.

Bannaður er allur óþarfa akstur utan vega eða merktra vegarslóða, þar sem hætt er við að spjöll hljótist á náttúru landsins. Nauðsynlegum akstri á slíkum svæðum skal jafnan hagað svo, að engin óþörf spjöll eða lýti á landi hljótist af honum.

Náttúruverndarráð setur svæðisbundnar reglur um akstur ökutækja eftir merktum leiðum í óbyggðum.

Á áningarstöðum skal ávallt leggja ökutækjum á þeim svæðum, sem afmörkuð hafa verið eða merkt til slíkra nota. Óheimilt er að hrófla við hindrunum eða merkjum, sem afmarka slík svæði, í þeim tilgangi að komast fram hjá þeim.

Eigendum eða umráðamönnum hópferðabifreiða ber að kynna farþegum, sem þeir flytja, hátternisskyldur samkvæmt lögum og reglum um náttúruvernd.

13. gr.

Skylt er eiganda að fjarlægja byggingar, skip í fjöru, bifreiðar, áhöld eða mannvirki, svo sem girðingar, sem yfirgefin hafa verið eða skilin eftir í hirðuleysi.

Fari jörð í eyði, er eiganda skylt að ganga svo frá jarðarhúsum, girðingum, brunnum og öðrum mannvirkjum, að eigi sé til lýta eða valdi hættu fyrir fólk eða fénað. Þessi ákvæði eiga einnig við um önnur mannvirki, sem yfirgefin eru, en ekki fjarlægð.

Sveitarstjórn sér um að fylgt sé fyrirmælum þessarar greinar og framkvæmir, ef þörf krefur, nauðsynlega hreinsun og úrbætur á kostnað eiganda.

14. gr.

Við samkomustaði á víðavangi, skemmtisvæði, garðlönd almennings og aðra þvílíka staði, sem almenningi er ætlað að safnast á, skal jafnan komið fyrir nauðsynlegum hreinlætistækjum áður en staðurinn er tekinn til afnota.

Jafnan skal fylgt fyrirmælum heilbrigðisyfirvalda um gerð og fyrirkomulag hreinlætistækja.

Þá skal gætt fyrirmæla heilbrigðisyfirvalda og 11. gr. þessarar reglugerðar um úrgang allan, umgengni og eftirlit.

Enn skal þar gætt ákvæða 13. og 14. gr. laga um náttúruvernd og ekki stefnt á einn stað fleira fólki en ætla má að gróður og umhverfi þoli án þess að til örtraðar leiði. Spjöll af völdum örtraðar er þeim skylt að bæta, er valdið hefur.

Óheimilt er að efna til mannfundar eða láta í té tjaldstæði eða leyfa dvöl á svæði, sem eigi hefur verið hreinsað eftir mannfundi.

Landeigandi eða leigutaki hans bera ábyrgð á því, að ákvæðum þessa kafla sé framfylgt.

Um auglýsingar meðfram vegum.

15. gr.

Óheimilt er að setja upp auglýsingar meðfram vegum eða annars staðar utan þéttbýlis. Heimilar eru þó látlausar auglýsingar um atvinnurekstur eða þjónustu eða vörur á eign, þar sem slík starfsemi eða framleiðsla fer fram.

Spjöld með leiðbeiningum um leiðir, nöfn bæja, áningarstaði, þjóðgarða og friðunarsvæði falla ekki undir ákvæði þessi.

16. gr.

Eign telst samkvæmt reglugerð þessari hús, hlað eða hliðstæð athafnasvæði, svo og girðingar umhverfis þau.

Þéttbýli telst í reglugerð þessari samfelld byggð, sem reist hefur verið samkvæmt samþykktu eða staðfestu skipulagi.

17. gr.

Vilji eigendur þjónustustaða koma upp leiðbeiningum fyrir ferðafólk, er þeim heimilt að setja upp stöðluð merki, sem ákveðin verði í umferðamerkjareglugerð, á þeim stöðum, sem Vegagerð ríkisins, lögreglustjóri og Náttúruverndarráð samþykkja, og reglur um slík merki leyfa.

18. gr.

Náttúruverndarráð gerir tillögur til dómsmálaráðuneytisins um það, hvers konar þjónustu skuli leyfa að auglýsa á þennan hátt og hvaða reglur skuli gilda hverju sinni um hvert merki.

Um byggingu sumarbústaða.

19. gr.

Sumarbústaður í merkingu reglugerðar þessarar er hús, sem byggt er til þess að búa í því að sumarlagi, en að vetri til aðeins endrum og eins, svo sem um helgar. Ákvæði þessi eiga einnig við um sæluhús, veiðihús, skíðaskála og hliðstæðar byggingar.

20. gr.

Óheimilt er að byggja sumarbústað án leyfis sveitarstjórnar.

Í umsókn um leyfi til að byggja sumarbústað skal gerð grein fyrir staðsetningu húss eða húsa, gerð og útliti, t. d. hvort það er byggt úr steini eða tré, hver litur þess verði, og öðru því er veruleg áhrif hefur á það, hvernig húsið fellur að umhverfinu.

Sveitarstjórn skal jafnan leita álits náttúruverndarnefndar áður en bygging sumarbústaðar er leyfð.

21. gr.

Ef byggja á sumarbústaðahverfi skal skipulagsuppdráttur af fyrirhuguðu hverfi, auk þeirra atriða, er í 20. gr. getur, fylgja umsókn til sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn skal ávallt leita umsagnar Náttúruverndarráðs um beiðnir, er varða byggingu sumarbústaðahverfa.

22. gr.

Sveitarstjórn skal binda leyfi til að byggja sumarbústað þeim skilyrðum, að fylgt sé fyrirmælum hennar um staðarval og gerð húss eða húsa og að gætt sé fyrirmæla heilbrigðisyfirvalda um frágang á vatnsgeymum, olíugeymum, salernum og um meðferð hvers konar úrgangs, er valdið getur mengun eða verið til óprýði.

23. gr.

Byggi einhver sumarbústað án leyfis sveitarstjórnar eða fylgi ekki þeim skilyrðum, sem sveitarstjórn hefur sett, getur hún krafizt þess, að lögreglustjóri stöðvi byggingarframkvæmdir á hvaða stigi sem þær eru og að fjarlægðar séu þær byggingar, sem þegar hafa verið reistar.

Sveitarstjórn tilkynni strax með símskeyti eða í ábyrgðarbréfi þeim, sem að framkvæmd stendur, að hún hafi krafizt þess, að lögreglustjóri stöðvi framkvæmdir. Á sama hátt skal eiganda tilkynnt, ef sveitarstjórn krefst þess, að sumarbústaður sé fjarlægður.

Um friðlýsingu.

24. gr.

Náttúruverndarráð kynnir sér með aðstoð náttúruverndarnefnda og annarra aðila, hvaða náttúruminjar ástæða er til að friðlýsa, svo og lönd, sem rétt þykir að lýsa friðlönd eða leggja til fólkvanga eða þjóðgarða. Náttúruverndarráð semur skrá yfir slíkar minjar og lönd og birtir opinberlega eftir því, sem það telur ástæðu til.

25. gr.

Á náttúruminjaskrá skal færa þær upplýsingar um minjar og lönd, sem nauðsynlegar eru vegna varðveizlu eða friðlýsingar, svo sem um eignar- og afnotarétt, æskileg mörk, náttúruverndargildi, aðsteðjandi hættur og æskilegar aðgerðir til verndar.

26. gr.

Ef Náttúruverndarráð telur ástæðu til friðlýsingar eða annarra náttúruverndaraðgerða, skal það freista að ná samkomulagi við landeigendur, sveitarstjórnir og aðra, er hagsmuna eiga að gæta.

Verði samkomulag, skal það fært til bókar og staðfest af hlutaðeigandi aðilum.

27. gr.

Ákveði Náttúruverndarráð friðlýsingu og liggi ekki þegar fyrir samþykki eigenda eða annarra rétthafa eða sveitarfélags þess, er hlut á að máli, þá skal Náttúruverndarráð semja tillögu að friðlýsingunni.

Tillagan skal send landeigendum, ábúendum og öðrum rétthöfum, er friðlýsingin snertir, svo og sveitarfélögum. Skal þeim gefinn kostur á að gera athugasemdir við friðlýsinguna, koma að mótmælum eða gera bótakröfur til Náttúruverndarráðs innan 4 mánaða. Jafnframt skal í tillögunni tekið fram, að berist kröfur ekki innan þess tíma, verði þær ekki teknar til greina í friðlýsingunni.

28. gr.

Berist mótmæli gegn friðlýsingu eða bótakröfur vegna hennar, getur Náttúruverndarráð reynt samninga á ný um bótakröfur og breytt friðlýsingunni í samræmi við mótmæli, enda skerði breytingin í engu rétt annarra.

29. gr.

Engar ákvarðanir Náttúruverndarráðs um friðun eða friðlýsingu koma til framkvæmda, fyrr en menntamálaráðuneytið hefur lagt á þær samþykki sitt.

30. gr.

Menntamálaráðuneytinu er heimilt að taka eingarnámi lönd, mannvirki og réttindi til þess að framkvæma friðlýsingu, er í náttúruverndarlögum greinir.

31. gr.

Þegar tekin hefur verið fullnaðarákvörðun samkvæmt 29. gr. um friðlýsingar og friðunarákvæði, birtir menntamálaráðuneytið þau í Stjórnartíðindum og taka þau gildi frá þeim degi, sem þau eru birt. Þau skulu og fest upp á staðnum, eftir því sem við verður komið og nauðsynlegt er að mati Náttúruverndarráðs.

32. gr.

Í texta auglýsingar um friðlýst svæði skal jafnan getið þeirrar lagagreinar, sem stuðzt er við. Þar skal og birt markalýsing og reglur um svæðið. Uppdráttur með mörkum og helztu kennileitum skal jafnan birtur með auglýsingu um friðlýsingu svæða.

Um jarðrask og hönnun mannvirkja.

33. gr.

Í almenningum er bannað allt nám jarðefna, er um getur í 34. gr., nema til komi samþykki menntamálaráðuneytisins, eftir að það hefur leitað umsagnar Náttúruverndarráðs.

34. gr.

Malarnám, sandnám, grjótnám, gjallnám og vikurnám er hverjum manni heimilt í landi sínu, ef ekki gengur í berhögg við 22.—26. gr. náttúruverndarlaga.

Sveitarstjórn getur, að fenginni umsögn náttúruverndarnefndar, bannað jarðrask af þessum sökum, ef hún telur hættu á, að með því verði sérkennilegu landslagi eða merkum náttúruminjum raskað.

Skjóta má ákvörðun sveitarstjórnar til menntamálaráðuneytisins, er leggur fullnaðarúrskurð á málið, að fenginni umsögn Náttúruverndarráðs.

35. gr.

Um jarðefni til vega fer eftir vegalögum.

36. gr.

Hafi jarðrask orðið við mannvirkjagerð, malarnám, sandnám, grjótnám, gjallnám eða á annan hátt af mannavöldum, skal þeim, er valdið hefur, skylt að ganga frá því á snyrtilegan hátt. Náttúruverndarráð setur fyrirmæli um, hvernig við skal skilið og getur m. a. sett mönnum ákveðinn frest til að ljúka frágangi.

Innan skipulagsskyldra staða getur sveitarstjórn, að fengnu samþykki skipulagsstjórnar, bannað efnistöku, grjótnám eða annan verulegan tilflutning eða brottnám jarðarefna, ef líklegt má telja, að það valdi röskun lands, sem leitt getur af sér uppblástur eða valdið verulegum erfiðleikum við framkvæmd skipulags, sem þegar hefur verið ákveðið, eða við væntanlega gerð skipulagsuppdrátta af svæðinu og framkvæmd síðar. Sömuleiðis getur sveitarstjórn með samþykki skipulagsstjórnar sett það skilyrði fyrir því að falla frá slíku banni, að landsvæði það, sem efni er tekið úr, verði að framkvæmdum loknum lagfært eftir ákvörðun sveitarstjórnar, og krafizt hæfilegra trygginga fyrir efndum.

Landeigandi eða leigjandi hans bera ábyrgð á því, að ákvæðum þessarar greinar sé framfylgt.

37. gr.

Ef hætta er á því, að fyrirhuguð mannvirkjagerð eða jarðrask leiði til þess, (1) að land breyti verulega um svip, (2) að náttúruminjum verði spillt, (3) að framkvæmd leiði til mengunar lofts, lagar eða (4) til sérstakra spjalla á gróðri, skal skylt að leita álits Náttúruverndarráðs áður en framkvæmdir hefjast.

38. gr.

Þegar hanna skal virkjanir, verksmiðjur, hraðbrautir, stórbrýr eða önnur meiriháttar mannvirki, svo og vegi og loftlínur tengd þeim mannvirkjum, skal jafnan hafa samráð við Náttúruverndarráð. Gera skal Náttúruverndarráði kunnugt um fyrirhugaða framkvæmd á frumstigi og áður en lagt er í kostnaðarsamar undirbúningsrannsóknir eða aðrar ráðstafanir gerðar, sem áhrif hafa á endanlegar ákvarðanir.

39. gr.

Framkvæmaaðilar verks bera ábyrgð á því, að leitað sé álits Náttúruverndarráðs samkvæmt 37. og 38. gr.

40. gr.

Hefjist einhver handa um framkvæmdir, sbr. 37. og 38. gr., án þess að umsagnar hafi verið leitað, getur Náttúruverndarráð eða náttúruverndarnefnd krafizt þess, að lögreglustjóri stöðvi framkvæmdir að viðlögðum dagsektum þar til umsögn hefur verið gefin, enda verði ekki óeðlilegur dráttur á afgreiðslu málsins af hálfu Náttúruverndarráðs. Náttúruverndarráð tilkynnir þeim, er að framkvæmd standa, í símskeyti eða með ábyrgðarbréfi, að stöðvunar hafi verið krafizt.

Um viðurlög.

41. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum í ríkissjóð eða varðhaldi.

Ef aðili sinnir ekki, innan tiltekins frests, fyrirmælum sveitarstjórnar, náttúruverndarnefndar eða Náttúruverndarráðs, getur lögreglustjóri ákveðið honum dagsektir, allt að 2000 krónum, þar til úr er bætt, er renni í ríkissjóð.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 47/1971, um náttúruvernd, öðlast þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytinu, 21. júní 1973.

Magnús T. Ólafsson.

Birgir Thorlacius.

2. júlí 1973. Nr. 206.

AUGLÝSING

um viðauka og breytingar nr. 4 við Sérlyfjaskrá, Lyfjaverðskrá II, Lyfjagreiðsluskrá Tryggingastofnunar ríkisins frá 1. júlí 1972.

Frá og með 1. júlí 1973 taka gildi viðauki og breytingar nr. 4 við Sérlyfjaskrá, Lyfjaverðskrá II, Lyfjagreiðsluskrá Tryggingastofnunar ríkisins frá 1. júlí 1972.

Í útsöluverði lyfja eins og það er greint í viðauka þessum og breytingum er ekki innifalin 7.3% hækkun samkvæmt breytingu er tók gildi 15. febrúar 1973.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 28. júní 1973.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Almar Grímsson.

AUGLÝSING

um breytingu á reglugerð um lágmarkslífeyri og hækkun tryggingabóta samkvæmt lögum um almannatryggingar.

1. gr.

Niðurlag 2. mgr. 7. gr. reglugerðar frá 25. jan. 1972 um lágmarkslífeyri og hækkun tryggingabóta þ. e. a. s. „Aldrei skulu þó tryggingabætur samkvæmt þessari málsgrein ákveðnar hærri en hámarksbætur vegna þeirra er á elliheimilum dvelja" skal niður falla.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. lögum nr. 67 27. apríl 1971 samanber lög um breyting á þeim lögum nr. 96 27. des. 1971, staðfestist hér með til þess að gilda frá 1. apríl síðastliðnum.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 22. júní 1973.

F. h. r.
Páll Sigurðsson.

Ingimar Sigurðsson.

Nr. 208. 28. júní 1073.

AUGLÝSING

um útgáfu Lyfjaverðskrár I nr. 1 1973.

Frá og með 10. júlí 1973 tekur gildi Lyfjaverðskrá I nr. 1 1973 útgefin af Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu.

Jafnframt er úr gildi felld Lyfjaverðskrá I frá 20. janúar 1969, ásamt viðaukum og breytingum, og Lyfjaverðskrá III, Dýralyf frá 15. október 1965 ásamt viðaukum og breytingum.

Samkvæmt þessu skulu lyfsalar, læknar og dýralæknar á Íslandi selja lyf, önnur en sérlyf, samkvæmt Lyfjaverðskrá I nr. 1 1973 frá og með 10. júlí 1973.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 2. júlí 1973.

F. h. r.
Páll Sigurðsson.

Almar Grímsson.

Stjórnartíðindi B 19, nr. 205—208. Útgáfudagur 10. júlí 1973.

STJÓRNARTÍÐINDI B 20 — 1973

REGLUR

um hreindýraveiðar á Austurlandi árið 1973.

1. gr.

Heimilt skal að veiða allt að 1510 hreindýr í Múlasýslum og Austur-Skaftafellssýslu á tímabilinu 1. ágúst til 15. september árið 1973. Þó getur ráðuneytið leyft veiðar á öðrum árstíma, ef sérstakar ástæður mæla með, að höfðu samráði við hreindýraeftirlitsmenn, sem hlut eiga að máli.

2. gr.

Tala þeirra dýra, sem veidd verða samkvæmt 1. gr., skiptist milli eftirgreindra hreppa í þessum hlutföllum:

1.	Vopnafjarðarhreppur	45	hreindýr
2.	Fljótsdalshreppur	260	—
3.	Jökuldalshreppur	260	—
4.	Fellahreppur	155	—
5.	Tunguhreppur	155	—
6.	Hliðarhreppur	50	—
7.	Hjaltastaðahreppur	55	—
8.	Skriðdalshreppur	95	—
9.	Vallahreppur	95	—
10.	Egilsstaðahreppur	25	—
11.	Eiðahreppur	55	—
12.	Breiðdalshreppur	65	—
13.	Beruneshreppur	45	—
14.	Geithellahreppur	45	—
15.	Búlandshreppur	15	—
16.	Bæjarhreppur	45	—
17.	Nesjahreppur	45	—
		1 510	hreindýr

3. gr.

Auk þeirra hreindýra, sem skiptast samkvæmt framansögðu, getur ráðuneytið leyft veiði nokkurra dýra í viðbót, ef henta þykir, m. a. handa söfnum, til vísindalegra rannsókna o. fl., og koma þau dýr eigi til skipta. Veiðin fari fram undir eftirliti hreindýraeftirlitsmanns, sbr. 5. gr.

4. gr.

Andvirði felldra hreindýra greiðist í reikning hlutaðeigandi sveitarsjóðs samkvæmt hlutfalli í 2. gr., en hver hreppsnefnd skiptir fénu innan síns svæðis. Skal hreppsnefnd fyrst og fremst láta þá bændur, sem fyrir mestum ágangi verða af hrein-

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

dýrum á beitilönd sín, njóta arðs af veiðunum, en síðan sveitarsjóð. Heimilt er hreppsnefnd að skipta þannig, að þeir bændur, sem njóta eiga arðs af veiðinni, fái sinn hlut í hreindýraafurðum í stað greiðslu, enda séu þeir hreindýraeftirlitsmanni til aðstoðar við veiðarnar.

5. gr.

Einn hreindýraeftirlitsmaður skal vera í hverjum þeirra hreppa, sem nefndir eru í 2. gr. Skal hann ráðinn af menntamálaráðuneytinu, að fengnum tillögum hlutaðeigandi hreppsnefndar og að höfðu samráði við sýslumann. Ráðuneytið ákveður og greiðir þóknun hans fyrir starfið.

Hreindýraeftirlitsmenn ráðuneytisins framkvæma, ásamt aðstoðarmönnum, sem þeir velja, þá fækkun hreindýra, sem ákveðin er.

Aðalumsjón með hreindýrunum annast sá eftirlitsmaður, sem ráðinn er fyrir Fljótsdalshrepp og hefur hann einnig umsjón með störfum hinna eftirlitsmannanna.

6. gr.

Þeir einir mega annast fækkun hreindýra, er til þess hafa næga skotfimi og kunnáttu í meðferð skotvopna, að dómi hlutaðeigandi lögreglustjóra. Gætt skal þess, að þeir fullnægi ákvæðum laga um leyfi til að eiga og nota skotvopn, sbr. lög nr. 69/1936 og reglugerð nr. 105/1936. Aðalhreindýraeftirlitsmaður ákveður, hvaða tegund og stærð skotvopns (riffils) skuli nota.

7. gr.

Hreindýraeftirlitsmenn skulu gæta þess vandlega að hreindýr séu ekki veidd á þeim slóðum, þar sem þau eru að nema ný lönd og talið er æskilegt, að þau hagvenjist, heldur þar sem ætlunin er að bægja þeim frá.

8. gr.

Hreindýraeftirlitsmenn skulu sjá um, að veidd séu þau dýr, sem minnstur skaði er að fyrir eðlilegan viðgang hjarðarinnar. Þeir skulu senda ráðuneytinu skýrslu um veiðarnar strax að veiðitíma loknum.

9. gr.

Athygli er vakin á, að skv. lögum nr. 30/1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, er óheimilt að hafa hreindýrakjöt til sölu, nema það hafi verið skoðað og metið af dýralækni.

10. gr.

Brot á reglum þessum, sem settar eru skv. lögum nr. 72/1954, um breyting á lögum nr. 28/1940, um friðun hreindýra og eftirlit með þeim, varðar allt að 50 000.00 kr. sekt.

Reglur þessar öðlast þegar gildi og falla jafnframt úr gildi reglur nr. 208/1972, um hreindýraveiðar á Austurlandi.

Í menntamálaráðuneytinu, 22. júní 1973.

Magnús T. Ólafsson.

Birgir Thorlacius.

Stjórnartíðindi B 20, nr. 209. 10. júlí 1973.

STJÓRNARTÍÐINDI B 21 — 1973

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um söluskatt nr. 169 21. ágúst 1970.

1. gr.

1. og 2. mgr. 27. gr. orðist svo:

Söluskattskyldir aðilar og aðrir, sem tilgreindir eru á söluskattskrá sbr. 5. gr., skulu ótilkvaddir greiða mánaðarlega innheimtumanni ríkissjóðs í umdæmi því, þar sem þeir eru heimilisfastir, söluskatt þann, sem þeim ber að standa skil á samkvæmt reglugerð þessari. Greiðslum skal fylgja skýrsla, á þar til gerðum eyðublöðum, um heildarveltu fyrir síðasta mánuð, þar með talin úttekt til eigin nota, svo og upplýsingar um frádrátt, söluskattskylda sölu og söluskatt þann, sem inna ber af hendi.

Söluskattskýrslu með upplýsingum um heildarveltu og frádrátt ber einnig að skila innheimtumanni fyrir hvert uppgjörstímabil, þótt ekki hafi verið um söluskattskylda sölu að ræða. Innheimtumenn skulu veita skýrslu viðtöku, þótt eigi fylgi greiðsla.

2. gr.

29. gr. orðist svo:

Skattstjóri skal rannsaka söluskattskýrslur og leiðrétta skattinn, ef hann er rangt tilgreindur. Einnig skal skattstjóri áætla söluskatt af viðskiptum þeirra, sem eigi hafa framvísað fullnægjandi skýrslu innan tilskilins tíma.

3. gr.

30. gr. orðist svo:

Söluskatti ásamt söluskattskýrslu, sbr. 27. gr., skal skila fyrir hvern mánuð. Gjalddagi er 15. dagur næsta mánaðar eftir uppgjörsmánuð og eindagi 10 dögum síðar. Beri eindaga upp á helgidag eða almennan frídag, færist eindagi á næsta virkan dag á eftir.

4. gr.

31. gr. orðist svo:

Skattstjóri getur heimilað þeim, sem hafa smávægilegan rekstur með höndum, að greiða söluskatt við framvísun söluskattskýrslu einu sinni á ári, enda sé söluskattskyld velta yfirleitt minni en kr. 250 000.00 á ári.

5. gr.

32. gr. orðist svo:

Hafi einhver, sem greiða skal söluskatt, eigi skilað honum á eindaga, falla á dráttarvextir, 1½% fyrir hvern byrjaðan mánuð, talið frá gjalddaga. Innheimtumaður getur látið lögregluna, á grundvelli söluskattskýrslu eða áætlunar skattstjóra, stöðva atvinnurekstur þeirra aðila, sem ekki gera skil á skattinum á tilsettum tíma, með því m. a. að setja verkstofur, skrifstofur, útsölur, tæki og vörur undir innsigli, þar til full skil eru gerð.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

6. gr.

38. gr. orðist svo:

Sé söluskattskýrslu ekki skilað á tilskildum tíma og skattur því áætlaður, skal ekki lækka skatt aðila, þótt hann kæri, nema hann sanni, að viðskipti hans hafi verið áætluð meira en 10% hærri en þau voru í reynd. Sé mismunur 10% eða meira, skal greiða skatt af hinum raunverulegu upphæðum að viðbættum 10%. Sé mismunur minni en 10%, skal greiða skatt af þeirri upphæð, sem áætluð var. Sama regla gildir, ef söluskattskýrslu er ábótavant og skattur þess vegna áætlaður, en ekki úr ágöllum bætt, þótt skattaðili hafi fengið um það áskorun frá skattstjóra. Ákvæðum þessarar málsgreinar þarf þó eigi að beita, ef skattaðili færir gildar ástæður sér til afsökunar.

Sé skattur vanreiknaður eða viðskipti dregin undan, má gera aðila söluskatt 5 ár aftur í tímann.

7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 10/1960 og nr. 3/1970 öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi numin reglugerð nr. 160 frá 22. júní 1973.

Fjármálaráðuneytið, 2. ágúst 1973.

Halldór E. Sigurðsson.

Höskuldur Jónsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 22 — 1973

15. júní 1973. 417 Nr. 211.

GJALDSKRÁ

fyrir Reykjavíkurflugvöll.

1. gr.
Lendingargjöld.

Lendingargjöld skal miða við leyfðan hámarksþunga flugvélarinnar (Aircraft Gross Weight) og reiknast brot úr tonni sem heilt tonn.

A. Innanlandsflug:

Fyrir lendingar á flugvellinum skal greiða kr. 22.00 fyrir hvert tonn flugvélarinnar, allt að 20 tonnum, en kr. 11.00 fyrir hvert tonn umfram 20.
Minnsta gjald er kr. 36.00.

B. Millilandaflug:

Í millilandaflugi skal fyrir hverja lendingu greiða lendingargjöld sem hér segir:
kr. 319.00 á hvert tonn flugvélarinnar fyrir flugvélar, sem vega allt að 14 tonnum.
— 264.00 á hvert tonn flugvélarinnar fyrir flugvélar, sem vega 15 til 29 tonn.
— 232.00 á hvert tonn flugvélarinnar fyrir flugvélar, sem vega 30 til 49 tonn.
— 219.00 á hvert tonn flugvélarinnar fyrir flugvélar sem vega 50 tonn og þar yfir.

2. gr.
Flugskýlisleigur.

Fyrir heil flugskýli reiknast ársleiga kr. 165.00 á fermetra. Fyrir hluta úr skýli reiknast leigan kr. 23.00 á fermetra á mánuði, en kr. 225.00 á fermetra á ári, ef leigt er til eins árs í senn eða lengur. Ef einstakar flugvélar eru teknar til geymslu í skýlum flugvallarins, reiknast flugskýlisleiga sem hér segir:

A. Innanlandsflug:

Vænghaf flugvélar	Leiga á sólarhring	Leiga á mán.
undir 12 m	kr. 45.00	kr. 450.00
12—15 —	— 113.00	— 900.00
15—18 —	— 180.00	— 1 350.00
18—21 —	— 248.00	— 1 800.00
21—24 —	— 315.00	— 2 250.00
24—27 —	— 360.00	— 2 700.00
27—30 —	— 405.00	— 3 150.00
yfir 30 —	— 450.00	— 4 500.00

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

B. Millilandaflug:

Vænghaf flugvélar	Flugskýlisleiga á sólarhring
undir 12 m	kr. 160.00
12—15 —	— 396.00
15—18 —	— 633.00
18—21 —	— 872.00
21—24 —	— 1 111.00
24—27 —	— 1 270.00
27—30 —	— 1 428.00
yfir 30 —	— 1 587.00

3. gr.

Stæðis- og festargjöld.

Stæðisgjald er ekkert fyrir fyrstu 6 klst. en fyrir næstu 24 klst., eða brot þar af, skulu greidd stæðisgjöld, sem hér segir:

A. Innanlandsflug:

Vænghaf flugvélar	Leiga á sólarhring
undir 12 m	kr. 36.00
12—18 —	— 72.00
18—24 —	— 108.00
24—30 m	— 144.00
yfir 30 —	— 162.00

B. Millilandaflug:

Vænghaf flugvélar	Leiga á sólarhring
undir 12 m	kr. 100.00
12—18 —	— 200.00
18—24 —	— 291.00
24—30 —	— 391.00
yfir 30 —	— 437.00

Sé um lengri tíma en viku að ræða, lækka stæðisgjöldin um 50% fyrir þann tíma, sem fram yfir er.

4. gr.

Leiga fyrir skemmur og bragga.

Mánaðarleiga kr. 7.90 fyrir fermetra af gólffleti eða sem hér segir:

Stór vöruskemma 300 m²	kr. 2 250.00
Stórir braggar 110 m²	— 855.00
Venjulegir braggar 55 m²	— 430.00

5. gr.

Lóðaleigur.

Ársleiga kr. 9.00—32.00 á fermetra eftir verðmæti lóðarinnar, til hvers hún er notuð og leigutíma.

6. gr.

Þjónustu- og aðstoðargjald.

Greiða skal þjónustu- og aðstoðargjald af erlendum flugvélum, er um flugvöllinn fara, öðrum en þeim, sem afgreiddar eru af Flugfélagi Íslands hf. Miðast

gjaldið við mesta leyfðan flugtaksþunga flugvélanna og er kr. 366.00 fyrir hvert tonn.

Minnsta gjald er kr. 366.00.

7. gr.

Gjald af flugvélabenzíni í innanlandsflugi.

Af öllu flugvélabenzíni, sem afgreitt er á flugvellinum eða frá honum til notkunar í innanlandsflugi, skal greiða flugvellinum gjald sem hér segir:

Á hvern benzínlítra ..... kr. 0.324
Á hvert U.S. Gallon ..... — 1.224

8. gr.

Gjöld af sjóflugvélum.

Sjóflugvélar er lenda á Skerjafirði skulu greiða sambærileg gjöld og landflugvélar á flugvellinum.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 78. gr. laga nr. 34 21. maí 1964, um loftferðir, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Reykjavíkurflugvöll, nr. 105 16. júní 1971.

Samgönguráðuneytið, 15. júní 1973.

Hannibal Valdimarsson.

Kristinn Gunnarsson.

18. júní 1973. Nr. 212.

REGLUGERÐ

um hámarksfjölda leigubifreiða til vöruflutninga í Vestur-Húnavatnssýslu.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til félagssvæðis Vörubílstjórafélags Vestur-Húnavatnssýslu, en það nær yfir Vestur-Húnavatnssýslu, að undanskildum Staðarhreppi.

2. gr.

Fjöldi leigubifreiða til vöruflutninga á svæðinu takmarkast við hámarkstöluna 10, sbr. þó 8. gr. laga nr. 36 frá 9. maí 1970. Þessa tölu má endurskoða á tveggja ára fresti. Áður en ákvörðun er tekin um nýja hámarkstölu skal leita umsagnar Vörubílstjórafélags Vestur-Húnavatnssýslu, sýslunefndar Vestur-Húnavatnssýslu og samtaka vinnuveitenda á svæðinu.

3. gr.

Tvisvar á ári, þ. e. í aprílmánuði og októbermánuði, veitir Vörubílstjórafélag Vestur-Húnavatnssýslu viðtöku nýjum umsóknum um félagsréttindi manna, er eiga vörubifreið og vilja stunda leiguakstur til vöruflutninga. Skal þá, ef fjöldi leigubifreiða innan félagsins er kominn niður fyrir töluna 10, bæta við þeim fjölda er nægir til þess að ná hámarkstölunni. Gildar umsóknir skulu teknar til greina aðallega eftir biðtímalengd og tímaröð, en án tillits til þess hvar á félagssvæðinu umsækjendur eru búsettir, unz framangreindu marki er náð.

4. gr.

Reglugerð þessi tekur eigi til sendiferðabifreiða. Enn fremur tekur reglugerðin ekki til vörubifreiða, sem eru eign einstakra atvinnufyrirtækja og eigi eru notaðar til leiguaksturs.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 36 frá 9. maí 1970 um leigubifreiðar, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 18. júní 1973.

Hannibal Valdimarsson.

Kristinn Gunnarsson.

Nr. 213. 18. júní 1973.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 79 frá 27. maí 1960 um skipan gjaldeyris- og innflutningsmála o. fl. með áorðnum breytingum.

1. gr.

5. grein orðist svo: Hver sá, sem fær gjaldeyris og/eða innflutningsleyfi greiði viðskiptabönkum 0,5% af fjárhæð þeirri, sem leyfið hljóðar um, þó aldrei minna en 25 kr. fyrir hvert einstakt leyfi. Af gjaldeyrisleyfum fyrir ferðakostnaði skal leyfisgjaldið þó vera 1%. Af leyfum fyrir benzíni og olíum tollskrárnúmer 27.09.00, 27.10.10, 27.10.29, 27.10.40 og 27.10.50 skal leyfisgjaldið þó aðeins vera 0,1% af fjárhæð þeirri, sem leyfið hljóðar um. Leyfisgjaldið greiðist við afhendingu leyfanna.

Framsal gjaldeyris- og/eða innflutningsleyfa er háð samþykki viðskiptabankanna. Óheimilt er að bjóða til sölu eða selja gjaldeyris- og/eða innflutningsleyfi.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 30 25. maí 1960 um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl. sbr. 6. gr. laga nr. 69 frá 25. nóvember 1967 og öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytið, 18. júní 1973.

Lúðvík Jósepsson.

Þórhallur Ásgeirsson.

Nr. 214. 20. júní 1973.

REGLUGERÐ

um innheimtu og skil á meðlögum o. fl. á vegum Innheimtustofnunar sveitarfélaga.

1. gr.

Tryggingastofnun ríkisins skal senda Innheimtustofnun sveitarfélaga alla meðlagsúrskurði, skilnaðarleyfisbréf og skilnaðarsamninga, sem skylda barnsfeðra um meðlagsgreiðslur er byggð á.

Skjöl þessi, ásamt afriti af bréfi sbr. 3. mgr. þessarar greinar, skal Tryggingastofnunin eða umboðsmaður hennar senda Innheimtustofnuninni innan eins mánaðar frá fyrstu greiðslu meðlags með barni.

Tryggingastofnun ríkisins skal tilkynna meðlagsskyldum barnsföður bréflega um greiðsluskyldu hans um leið og fyrsta meðlag er greitt.

2. gr.

Að fengnum þeim gögnum, sem um ræðir í 1. gr., gerir Innheimtustofnun sveitarfélaga nauðsynlegar ráðstafanir til innheimtu meðlags hjá barnsfeðrum, svo sem nánar er fyrir mælt í reglugerð þessari.

3. gr.

Hafi meðlagsgreiðandi ekki gert skil á meðlögum þeim, sem honum ber að greiða, eftir að hafa fengið tilkynningu frá Tryggingastofnun ríkisins um greiðsluskyldu sína, skal Innheimtustofnunin senda greiðsluáskorun til skuldara eða kröfu til launagreiðanda um að halda eftir hluta af kaupi eða aflahlut til lúkningar meðlögum. Krafa þessi skal gerð innan 14 daga frá móttöku greiðslutilkynningar, sbr. 2. mgr. 1. gr.

4. gr.

Meðlag skal greiða mánaðarlega fyrir fram, sbr. lög nr. 87/1947 10. gr. og lög nr. 57/1921 15. gr. i.f.

Hafi safnazt fyrir skuld hjá meðlagsgreiðanda er heimilt að gefa honum kost á að greiða skuldina með jöfnum mánaðargreiðslum. Jafnan skal þó leitast við að ná fullnaðargreiðslu fyrir hver áramót.

5. gr.

Óheimilt er að taka skuldabréf eða önnur verðbréf sem greiðslu á meðlagsskuld, en rétt er innheimtustofnuninni að veita slíkum verðbréfum viðtöku til tryggingar skilvísri greiðslu meðlagsskuldar. Slík verðbréf skal stofnunin afhenda viðskiptabanka sínum til varðveizlu og innheimtu.

6. gr.

Innheimtustofnunin skal gera kröfu í dánarbú skuldara til hlutaðeigandi skiptaráðanda, ef hinn látni á ólokið greiðslu samkvæmt reglugerð þessari.

Sama gildir um gjaldþrotabú, eftir því sem við á.

7. gr.

Vanræki meðlagsgreiðandi að verða við kröfu Innheimtustofnunarinnar um greiðslu, getur stofnunin krafizt lögtaks í eignum skuldara. Áður en til slíkrar aðfarar kemur, skal stofnunin rita skuldara bréf og tilkynna honum um lögtakið með tveggja vikna fyrirvara.

Sama gildir, ef vanskil verða hjá launagreiðanda, eftir því sem við á.

8. gr.

Þegar beita þarf ákvæðum 7. gr. við innheimtu, ber skuldara að greiða 7% í vexti p.a. af skuld sinni frá gjalddaga til greiðsludags og skal vaxtakrafa fylgja lögtaksbeiðni.

Sé skuld greidd áður en til nauðungaruppboðs kemur má fella niður kröfu um greiðslu vaxta.

9. gr.

Krafa um gjaldþrotaskipti eða um úrskurð um hælisvist skal ekki gerð, nema til komi samþykki stjórnar stofnunarinnar.

10. gr.

Innheimtum meðlögum samkvæmt kröfum Tryggingastofnunar ríkisins skal skilað mánaðarlega eftir á, þó eigi síðar en 3. næsta mánaðar.

Vextir, sem til falla af innnheimtufé, skulu koma til frádráttar rekstrarkostnaði við Innheimtustofnunina.

11. gr.

Fullnaðarskil á lögmætum meðlagskröfum Tryggingastofnunar ríkisins sbr. 1. gr. fyrir næstliðið almanaksár, skal Innheimtustofnun sveitarfélaga hafa innt af hendi fyrir 1. október ár hvert, í fyrsta skipti fyrir 1. október 1973. Heimilt er að verja öllum innheimtum meðlögum, sem innheimzt hafa, til lúkningar fullnaðarskila samkvæmt grein þessari.

12. gr.

Innheimtustofnunin getur tekið að sér hvers konar innheimtur fyrir einstök sveitarfélög gegn greiðslu, einkum þó innheimtu á sveitarsjóðaskuldum manna, sem fluttir eru brott úr sveitarfélagi.

Einnig er Innheimtustofnuninni heimilt, sé þess óskað, að taka að sér innheimtu gegn greiðslu á þeim hluta barnsmeðlags, sem hærri er en lögmæltur barnalífeyrir, svo og öðrum kröfum, sem framfærslumaður barns kann að eiga á barnsföður eða barnsmóður, þar með talinn framfærslueyrir hjóna vegna skilnaðar samkvæmt yfirvaldsúrskurði, skilnaðarbréfi, eða lögum.

Fyrir innheimtu þá, sem um ræðir í þessari grein, ber Innheimtustofnuninni þóknun, sem vera skal 10% af fé því, sem hún innheimtir.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 54 6. apríl 1971, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 20. júní 1973.

Hannibal Valdimarsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Nr. 215. 21. júní 1973.

REGLUGERÐ

um Tækniskóla Íslands.

1. gr.

Hlutverk skólans.

Hlutverk og meginmarkmið Tækniskóla Íslands skal vera að veita nemendum bæði tæknilega og almenna menntun, sem geri þá hæfa til að takast sjálfstætt á hendur tæknileg störf og ábyrgðarstöður í þágu atvinnuvega þjóðarinnar. Skal jafnan tekið mið af þróun tæknimenntunar meðal nágrannaþjóða.

Skólinn veitir þá menntun, sem krafizt er, til þess að menn hafi rétt til að kalla sig tækna og tæknifræðinga, sbr. 10. gr.

Kostnaður við stofnun og rekstur skólans greiðist úr ríkissjóði.

2. gr.

Skólastjóri, kennarar og stjórnun skólans.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn skólans. Menntamálaráðherra skipar skólastjóra, er ber starfsheitið rektor, svo og kennara, skólanefnd og kennslunefnd.

Rektor hefur yfirumsjón með kennslu og annarri starfsemi skólans. Hann er æðsti fulltrúi skólans gagnvart mönnum og stofnunum innan hans og utan. Hann annast daglegan rekstur skólans og ber ábyrgð á því að starfsemi hans sé í samræmi við lög, reglugerð og námsskrár. Hann er ábyrgur um samskipti við yfirvöld skólans og aðra opinbera aðila, þ. á. m. um fjárreiður og reikningshald, svo og skipulag og áætlanagerð vegna reksturs og framkvæmda í skólanum. Hann hefur yfirumsjón með eignum skólans, lausum og föstum. Rektor tekur ákvarðanir í málum, er varða stjórnun skólans, ef þau eru ekki falin öðrum aðilum í lögum eða reglugerð.

Rektor ræður, með samþykki ráðuneytisins, starfsfólk skólans annað en fastráðna kennara. Rektor og fastir kennarar skólans eru embættismenn ríkisins.

Um störf fastráðinna kennara við skólann, svo og annarra starfsmanna hans, kennsluskyldu og launakjör, skulu gilda ákvæði kjarasamninga á hverjum tíma. Um laun rektors skulu einnig gilda ákvæði kjarasamninga eins og þau eru á hverjum tíma.

Þeir einir geta orðið fastir kennarar skólans, sem lokið hafa tækniprófi frá viðurkenndum tækniskóla eða háskólaprófi í aðalkennslugrein sinni. Ráðherra setur rektor og kennurum erindisbréf.

Nú er tilskilinn vinnustundafjöldi kennara við einhverja tæknifræðideild skólans, samkvæmt ákvæðum gildandi kjarasamninga, ekki fyrir hendi, og er honum þá skylt að kenna eða starfa í öðrum deildum skólans, svo að vinnuskyldu hans verði fullnægt að mati kennslunefndar.

Heimilt er að ráða aðstoðarmenn við kennslu.

Kennarar skulu starfa með nemendum utan kennslustunda í samráði við rektor og vinna önnur störf í þágu skólans eftir því, sem ástæður leyfa og ákveðið er í erindisbréfi. Má þá fækka skyldustundum kennara, svo og vegna mikillar heimavinnu eða annarra nauðsynlegra aukastarfa, að fengnu samþykki menntamálaráðuneytisins.

Rektor er heimilt, að fengnu samþykki menntamálaráðuneytisins, að ráða deildarstjóra til allt að fjögurra ára í senn, úr hópi kennara hlutaðeigandi deildar, við hverja sérgreinadeild skólans, svo og við undirbúnings- og raungreinadeild sameiginlega. Um hlutverk og störf deildarstjóra er mælt í 6. gr.

3. gr.
Kennslunefnd.

Í kennslunefnd eiga sæti rektor skólans, einn fulltrúi tilnefndur af menntamálaráðuneyti og einn fulltrúi tilnefndur af kennurum skólans. Skipta má um þann fulltrúa eftir þeim viðfangsefnum, sem um er fjallað. Kennslunefnd skal meta vinnu kennara við kennslu og önnur störf í þágu skólans til vinnustunda, að fenginni umsögn flokka eða deilda.

4. gr.
Skólastjórn.

Við skólann starfar skólastjórn. Í henni eiga sæti rektor, sem er formaður, fastráðnir kennarar og einn fulltrúi nemenda fyrir hverja þrjá aðra skólastjórnarmenn. Skólastjórn er rektor til ráðuneytis um starfsemi skólans. Rektor kveður skólastjórn til fundar eigi sjaldnar en fjórum sinnum á ári. Til fundar skal boða með þriggja daga fyrirvara. Auk þess skal rektor boða til fundar, ef þriðjungur skólastjórnarmanna æskir þess. Rektor er í forsæti á fundum skólastjórnar en fulltrúi ritari. Ályktun skólastjórnar er því aðeins gild, að ⅔ hlutar atkvæðis-

bærra manna sæki fund. Ef atkvæði eru jöfn, sker atkvæði rektors úr. Rísi ágreiningur milli rektors og meirihluta skólastjórnar geta aðilar leitað úrskurðar menntamálaráðherra.

5. gr.

Skólanefnd.

Við skólann starfar 5 manna skólanefnd, skipuð af menntamálaráðuneytinu til fjögurra ára í senn. Alþýðusamband Íslands, Landssamband iðnaðarmanna, Félag íslenzkra iðnrekenda og Tæknifræðingafélag Íslands tilnefna hvert um sig einn mann í nefndina og annan til vara, en ráðuneytið skipar formann og varaformann nefndarinnar án tilnefningar. Rektor situr fundi skólanefndar.

Hlutverk skólanefndar er að vera rektor til ráðuneytis um mikilvæg atriði varðandi stjórn skólans, fylgjast með erlendri reynslu og þróun á sviði tæknimenntunar, gera tillögur um stefnumörkun í málefnum skólans, stuðla að sem nánustum tengslum hans við atvinnulífið og loks að gera tillögur um breytingar á reglugerð skólans.

Formaður skal kveðja skólanefnd til fundar eigi sjaldnar en tvisvar á ári með þriggja daga fyrirvara. Auk þess skal skólanefnd sitja minnst einn fund á ári með skólastjórn. Formaður skal einnig boða til fundar í nefndinni ef 2 nefndarmenn æskja þess. Ályktun fundar er því aðeins gild, að 4 nefndarmenn eða varamenn þeirra sæki fund.

Áður en námsáfangi hefst, leggur rektor skrá um námsefni hans fyrir skólanefnd, sem gengur úr skugga um, að það sé í samræmi við almenna þróun á sviði tæknimenntunar. Skólanefnd skal stuðla að nánum tengslum tækniskólans við skóla á iðnfræðslustigi og beita sér fyrir samræmingu náms og starfs þessara skóla.

6. gr.

Deildarstjórn.

Auk deildarstjóra, sem heimilt er að skipa við deildir skólans, sbr. 2. gr., skal heimilt að stofna deildarstjórn við hverja deild, er sé deildarstjóra til ráðuneytis. Í deildarstjórn eiga sæti allir flokksstjórar deildarinnar og einn fulltrúi nemenda. Deildarstjóri hefur á hendi faglega stjórnun deildar. Hann er formaður á fundum deildarstjórnar og á sæti í skólastjórn. Deildarstjórn vinnur að samræmingu námsefnis og kennslu, fjallar um nýjar aðferðir og kennslugögn, námsferðir nemenda, kaup á tímaritum, handbókum og kennslutækjum og þátttöku kennara í sérhæfingarnámskeiðum. Deildarstjóri sér um gerð stundaskrár og próftöflu, gerir skrá um námsbækur, handbækur og önnur kennslugögn og hefur eftirlit með útvegun þeirra. Hann skráir úrlausnir og námsvinnu nemenda og fylgist með fjarvistaskrá þeirra. Hann hefur á hendi samræmingu og endurskoðun námsefnis í deild sinni og gerð námsskrár, sbr. ákvæði 5. gr. um skrá um námsefni, og leggur drög að fjárhagsáætlun deildar sinnar fyrir rektor.

Deildarstjóri undirbúnings- og raungreinadeildar hefur einnig faglega umsjón með öðrum slíkum deildum utan Reykjavíkur.

Deildarstjóri gerir rektor grein fyrir samþykktum deildarstjórnar og leitar samþykkis hans, eftir því sem við á.

7. gr.

Flokksstjórn.

Heimilt er deildarstjórn að mynda flokk úr hópi þeirra kennara, sem kenna skyldar námsgreinar. Flokksfundir fjalla um námsefni og aðferðir og samræmingu allrar kennslu í viðkomandi flokki. Flokksstjóri er formaður kennara í hverjum flokki. Rektor felur kennara að annast starf flokksstjóra, að fengnu samþykki

deildarstjóra. Flokksstjóri boðar flokksfund með tveggja daga fyrirvara, eigi sjaldnar en einu sinni í kennslumánuði. Hann stjórnar flokksfundi og skráir ályktanir hans, gengur frá tillögum til deildarstjóra um námsefni og aðferðir, hefur umsjón með samningu prófverkefna og afhendir þau deildarstjóra, eftir að prófdómari hefur samþykkt þau. Skylt er kennurum að sækja eðlilega boðaðan flokksfund. Deildarstjóri situr og hefur atkvæðisrétt á flokksfundum.

Í undirbúnings- og raungreinadeild er aðeins einn flokksstjóri í hverri námsgrein, þótt kennsla fari fram á fleiri stöðum á landinu. Flokksstjóri heldur eftir þörfum flokksfundi við aðra skóla, sem þessa menntun annast, en sinn eigin.

8. gr.

Kennsluár.

Kennsluár skólans skiptist í haustönn, sem er frá 1. september til 15. janúar, og vorönn frá 16 janúar til 31. maí. Jólaleyfi er frá 21. desember til 3. janúar. Á hverju námsári er 30 vikum varið til kennslu og 4 vikum til prófa. Auk þess eru haustpróf og úrbótapróf haldin í síðustu viku ágústmánaðar. Sumartími, frá 1. júní til 31. ágúst, er ætlaður til verklegrar þjálfunar í samráði við einstakar deildir skólans. Heimilt er skólanum að efna til verklegra æfinga, viðbótarnámskeiða og upprifjunarnámskeiða á þessu tímabili.

Hver kennslustund er 45 mínútur og fjöldi kennslu- og æfingastunda ekki yfir 40 á viku.

Rektor setur nánari reglur um skiptingu kennsluársins í kennsluvikur og prófvikur að fengnu samþykki skólastjórnar.

9. gr.

Deildaskipan.

Undirbúningsdeildir.

Undirbúningsdeild er starfrækt í Reykjavík og á Akureyri. Heimilt er að starfrækja undirbúningsdeild á Ísafirði og á öðrum stöðum, þar sem slíkt þykir henta.

Raungreinadeildir.

Raungreinadeild er starfrækt í Reykjavík og á Akureyri. Einnig er heimilt að starfrækja raungreinadeild á Ísafirði.

Tæknadeildir.

Starfræktar skulu, eftir því sem aðsókn gefur tilefni til og fjárveitingar heimila, raftæknadeild, véltæknadeild, byggingatæknadeild og meinatæknadeild. Að fenginni heimild ráðuneytisins getur skólinn starfrækt fleiri deildir fyrir tækna, svo sem útgerðartæknadeild og fleiri sérdeildir, ef henta þykir.

Tæknifræðideildir.

Starfræktar eru eftirfarandi tæknifræðideildir: bygginga-, rafmagns-, véla-, skipa- og rekstursdeild. Að fenginni heimild ráðuneytis getur skólinn starfrækt efnatæknifræðideild og fleiri tæknifræðideildir, ef henta þykir.

10. gr.

Menntun og réttindi.

Almenn undirbúningsmenntun.

Undirbúningsdeild tekur 1 námsár, og raungreinadeild tekur einnig 1 námsár. Þessum deildum er ætlað að veita almenna undirbúningsmenntun undir tækni-

legt nám. Raungreinadeild lýkur með raungreinadeildarprófi. Sérstök raungreinadeild fyrir tækna, sem tekur ½ námsár, veitir þeim almenna framhaldsmenntun og lýkur með raungreinaprófi.

Tæknamenntun.

Tæknadeildir veita þá menntun, sem krafizt er, til þess að menn hafi rétt til að kalla sig tækna. Tæknamenntun er veitt á 1½ ári í viðeigandi tæknadeild, að loknu prófi úr undirbúningsdeild.

Meinatæknimenntun er veitt á 2 árum að loknu stúdentsprófi, þar af 8 mánuði við skólann og 15 mánuði á rannsóknastofum heilbrigðisstofnana, samkvæmt sérstakri reglugerð.

Tæknifræðimenntun.

Tæknifræðideildir veita þá menntun, sem krafizt er til þess að menn hafi rétt til að kalla sig tæknifræðinga. Kennsla í tæknifræði er veitt á 3 árum að loknu prófi frá raungreinadeild. Að henni lokinni er unnið að valgreinaverkefni, og skal því lokið á sama ári. Nám í rafmagns-, véla-, skipa- og reksturstæknifræði hefst með fyrsta námsári í tilsvarandi deildum skólans, en síðari námsárum er lokið erlendis, meðan það þykir henta.

Eftirmenntun.

Að fenginni heimild menntamálaráðuneytisins getur skólinn efnt til námskeiða til endurmenntunar og kynningar á tæknilegum nýjungum.

Skólinn getur heimilað óreglulegum nemanda að sækja kennslu í einstökum greinum, eða ganga undir próf í þeim.

11. gr.

Innritun nemenda.

Innritun nemenda er í höndum rektors skólans og forstöðumanna kennslu í undirbúnings- og raungreinadeildum utan Reykjavíkur.

Skólinn skal auglýsa innritun með minnst þriggja vikna umsóknarfresti, og í auglýsingunni skal getið um þau gögn, sem umsókn um innritun eiga að fylgja. Sækja skal um innritun í skólann á þar til gerðum eyðublöðum.

12. gr.

Inntökuskilyrði.

Inntökuskilyrði eru bæði verkleg og bókleg.

Verkskólun og verkleg þjálfun.

Inngöngu í deildir skólans má veita þeim umsækjendum sem

a) staðizt hafa sveinspróf í viðeigandi iðngrein;

b) hlotið hafa verkskólun og/eða verklega þjálfun, sem að mati viðkomandi sveinsprófsnefndar á stað skólans felur í sér jafngilda þekkingu á vinnubrögðum og veitt er í skylduiðnnámi. Með jafngildri þekkingu á vinnubrögðum er átt við, að umsækjandi hafi með raunhæfu starfi fengið reynslu, sem spannar alla höfuðþætti tilsvarandi iðnnáms, þótt hann hafi ekki að öllu leyti náð þeirri starfsleikni og bóklegri fagþekkingu, sem krafizt er til sveinsprófs. Heimilt er sveinsprófsnefnd að láta umsækjendur þreyta sérstakt próf, sem sker úr um verkkunnáttu þeirra;

c) ef nám í einhverri tækna- eða tæknifræðideild á sér ekki grundvöll í neinni hliðstæðri iðngrein, setur skólanefnd ákvæði um verkskólun eða verklega þjálfun fyrir þá deild.

Engum má veita skólavist í tækna- eða tæknifræðideildum, nema hann fullnægi ákvæðum stafliða a), b) eða c) um verkskólun og verklega þjálfun.

Áður en nemandi er brautskráður úr tæknadeild eða tæknifræðideild, getur skólanefnd krafizt þess, að nemandinn ljúki sveinsprófi í tiltekinni iðngrein, eða afli sér ákveðinnar viðbótarstarfsreynslu, ef fyrri verkmenntun hans telst ekki að öllu leyti viðeigandi.

Rektor getur, að fengnu samþykki skólanefndar, heimilað nemanda, er stefnir að framhaldsnámi, sem ekki á sér viðeigandi grundvöll í iðnfræðslu, skólavist í undirbúnings- og raungreinadeild, þótt hann fullnægi ekki ákvæðum stafliða a) eða b) hér að framan.

Bókleg undirbúningsmenntun.

Undirbúningsdeild. Inngöngu í undirbúningsdeild má veita þeim umsækjendum, sem staðizt hafa sveinspróf, gagnfræðapróf eða landspróf miðskóla, eða lokið hafa öðru námi, sem að dómi skólastjórnar telst nægur undirbúningur undir nám í deildinni.

Raungreinadeild. Inngöngu í raungreinadeild má veita þeim nemendum, sem staðizt hafa lokapróf undirbúningsdeildar. Enn fremur geta fengið inngöngu í raungreinadeild þeir, er lokið hafa öðru námi, sem að dómi skólastjórnar telst nægur undirbúningur undir nám í raungreinadeild.

Tæknadeildir. Inngöngu í tæknadeild má veita þeim umsækjendum, sem staðizt hafa lokapróf undirbúningsdeildar. Enn fremur geta fengið inngöngu í tæknadeild þeir, er lokið hafa öðru námi, sem að dómi skólastjórnar telst nægur undirbúningur undir tæknanám.

Raungreinadeild fyrir tækna. Inngöngu í raungreinadeild fyrir tækna má veita þeim umsækjendum, sem staðizt hafa tæknapróf samkvæmt þessari reglugerð.

Tæknifræðideildir. Inngöngu í tæknifræðideild má veita þeim umsækjendum, sem staðizt hafa raungreinadeildarpróf. Enn fremur geta fengið inngöngu þeir, sem staðizt hafa stúdentspróf eðlisfræðakjörsviðs menntaskóla eða á annan hátt hlotið næga undirbúningsmenntun að mati skólastjórnar. Heimilt er skólastjórn að setja til inngöngu ákvæði um lágmarkseinkunn á stúdentsprófi menntaskóla í einstökum greinum eða greinaflokkum.

13. gr.
Námsefni.

Markmið kennslunnar er að þroska með nemendum eiginleika, sem hafa gildi fyrir velferð þeirra sjálfra og þjóðfélagsins í heild.

Skólanefnd er ráðgefandi um val námsefnis, sem miða skal við innlendar þarfir og almenna þróun.

Í undirbúnings- og raungreinadeild er aðalmarkmið að veita haldgóða almenna undirbúningsmenntun í huggreinum og raungreinum. Tilgangurinn með þeirri kennslu er að gera nemendum fært að stunda framhaldsnám, einkum ætlað væntanlegum tæknum, tæknifræðingum og verkfræðingum eða tæknihagfræðingum. Auk þess er tilgangurinn með kennslunni að auka nemendum víðsýni og búa þá undir að bregðast skynsamlega við nýjungum í síbreytilegu þjóðfélagi.

Í tæknadeildum og tæknifræðideildum skal leggja höfuðáherzlu á að þjálfa nemendur í sjálfstæðum vinnubrögðum, að tengja saman verklega þekkingu og fræðilega, að meta tæknivandamál frá hagrænu sjónarmiði og vistfræðilegu og gera þá hæfa til skapandi starfa. Í tæknifræðideildum er sérhæfða námið að því marki fræðilegra en í tæknideildum, sem byggt er á meiri undirbúningsmenntun.

Um námsefni fer á hverjum tíma eftir námsskrá viðkomandi deildar. Við upphaf námsáfanga gefur skólinn út kennsluskrá, sem tilgreinir kennslugreinar og námsefni, skiptingu kennslunnar í fyrirlestra og æfingar o. fl. viðeigandi upplýsingar.

Huggreinar skal kenna í undirbúningsdeild, raungreinadeild og tæknadeildum.

Í íslenzku skal megináherzla lögð á að þjálfa nemendur í að nota móðurmálið, bæði talað og ritað, á nákvæman og áhrifaríkan hátt.

Í erlendu málunum, dönsku (eða öðru Norðurlandamáli) og ensku skal á lokaprófi raungreinadeildar (raungreinadeildarprófi) við það miðað, að nemendur hafi náð kunnáttu og leikni áþekkri þeirri, sem krafizt er til stúdentsprófs á eðlisfræðakjörsviði menntaskóla.

Skólinn veitir kennslu í þýzku (eða öðru þriðja erlendu tungumáli), ef henta þykir.

Kennd er menningarsaga eða a. m. k. ein huggrein, önnur en tungumál.

Raungreinar skal kenna í undirbúningsdeild, raungreinadeild, tæknadeildum og tæknifræðideildum.

Í stærðfræði, eðlisfræði og efnafræði skal á lokaprófi raungreinadeildar (raungreinadeildarprófi) við það miðað, að nemendur hafi náð kunnáttu og leikni áþekkri þeirri, sem krafizt er til stúdentsprófs á eðlisfræðakjörsviði menntaskóla.

Tæknigreinar skal kenna eftir markmiði í tæknadeildum og tæknifræðideildum. Við kennslu þessara greina skal leggja áherzlu á tengsl starfa tæknimenntaðra manna við störf sérfræðinga á öðrum, svo sem lögfræði, hagfræði, þjóðfélagsfræði, vistfræði og listum.

14. gr.

Próf.

Rektor setur reglur um framkvæmd prófa og hefur yfirumsjón með þeim. Deildarstjóri sér um próf í viðkomandi deild með aðstoð flokksstjóra. Kennari semur prófverkefni í kennslugrein sinni í samráði við flokksstjóra og prófdómara, sem menntamálaráðuneytið skipar.

Rektor getur ákveðið, að á áfangaprófum skuli samtímis notuð sömu prófverkefni við allar undirbúnings- og raungreinadeildir tækniskóla á landinu. Þessi prófverkefni semja kennarar í félagi og að frumkvæði flokksstjóra.

Prófdómarar á þessum prófum geta verið fleiri en einn. Ef svo er, þá skal flokksstjóri sérstaklega gæta samræmingar á mati og einkunnagjöf.

Próftími.

Í undirbúningsdeild, raungreinadeild og í tæknadeildum er kennsluárinu skipt í tvo námsáfanga. Haustönn lýkur með miðsvetrarprófi og vorönn með vorprófi. Þó má starfrækja raungreinadeild sem einn námsáfanga.

Í öðrum deildum skólans svarar heilt kennsluár til hvers námsáfanga, sem lýkur með vorprófi. Halda má próf á öðrum árstímum vegna sérstakra aðstæðna, sem skólastjórn metur gildar.

Þátttaka.

Skráður nemandi, sem stundað hefur námið samkvæmt gildandi námsskrá og lokið hefur tilskildum fyrri prófum og sýnt fullnægjandi ástundun að dómi skólastjórnar, á rétt til að ganga undir próf. Skólastjórn getur leyft utanskólanemanda þátttöku í prófi.

Tilhögun.

Halda skal a. m. k. eitt próf í hverri kennslugrein á námsáfanga. Heimilt er þó að gefa einkunn að nokkru eða öllu leyti fyrir námsvinnu í stað prófs. Prófin eru munnleg og/eða skrifleg.

Prófbók.

Halda skal prófbók og skrá í hana allar einkunnir hvers námsáfanga.

Kennarar og prófdómarar staðfesta réttar innfærslur einkunna með undirskrift sinni.

Þeir skólar utan Reykjavíkur, sem starfrækja undirbúnings- og raungreinadeild tækniskóla, skulu á hverjum tíma senda Tækniskóla Íslands í Reykjavík yfirlit um lyktir prófa í þessum deildum.

15. gr.

Einkunnakerfi.

Einkunnir skal gefa í heilum tölum frá 0 til 10. Lægsta einkunn er 0 og hæsta einkunn er 10. Stiginn er línulegur.

Kennari og prófdómari ráða einkunn að jöfnu.

Meðaltal einkunna skal reikna með einum tugabrotsstaf. Nota má vogtölur á einkunnir, ef fjöldi kennslustunda eða vinnustunda að baki prófa er mismunandi.

16. gr.

Einkunnakröfur.

Til að standast próf gilda eftirtaldar einkunnir sem lágmark:

Undirbúningsdeild.

A. sem undirbúningur að tæknifræðinámi:

Miðsvetrarpróf.

Meðaltal allra einkunna	5.0
Meðaltal raungreinaeinkunna	5.0

Vorpróf.

Meðaltal allra einkunna	6.0
Meðaltal raungreinaeinkunna	6.0
Einstakar raungreinaeinkunnir	3

B. sem undirbúningur að tæknanámi:

Miðsvetrarpróf.

Meðaltal allra einkunna	5.0
Meðaltal raungreinaeinkunna	5.0

Vorpróf.

Meðaltal allra einkunna	5.0
Meðaltal raungreinaeinkunna	5.0

Raungreinadeild.

Miðsvetrarpróf.

Meðaltal allra einkunna 5.0
Meðaltal raungreinaeinkunna 5.0

Raungreinadeildarpróf.

Meðaltal allra einkunna 6.0
Meðaltal raungreinaeinkunna 6.0
Einstakar raungreinaeinkunnir 3

Meinatæknadeild.

Miðsvetrarpróf.

Einstakar einkunnir 3

Fyrrihlutapróf (vorpróf að viðbættum hluta af miðsvetrarprófum)

Meðaltal allra einkunna 5.0
Einstakar einkunnir 3

Síðarihlutapróf (haldið í lok verklega námsins)

Meðaltal allra einkunna 5.0
Einstakar einkunnir 3

Tæknadeildir (3 námsáfangar, ½ ár hver).

1. hluti.

Meðaltal allra einkunna 5.0
Einstakar einkunnir 3.0

2. og 3. hluti.

Meðaltal allra einkunna 6.0
Einstakar einkunnir 3.0

Tæknifræðideildir (3 námsáfangar, 1 ár hver).

1., 2. og 3. hluti, hver fyrir sig:

Meðaltal allra einkunna 6.0
Einstakar einkunnir 4.0

17. gr.

Endurtekningarpróf.

Eigi má nemandi þreyta próf hvers námsáfanga oftar en tvisvar. Menntamálaráðuneytið getur þó veitt undanþágu frá þessu ákvæði, að fengnum meðmælum skólastjórnar.

Endurtekningarpróf í einni eða fleiri greinum er nemanda heimilt að taka einu sinni við hvern námsáfanga. Þessi próf fara fram á reglulegum próftíma skólans, þ. e. einu sinni á ári. Fyrri einkunnir í viðkomandi greinum falla úr gildi, þegar nemandi tilkynnir um þátttöku í endurtekningarprófum.

Hafi nemandi við fyrstu tilraun fengið einkunnina 6 eða hærra í einstakri grein, er honum frjálst að láta þá einkunn gilda áfram.

Hafi námsefni breytzt verulega, frá því að nemandi þreytti prófið hið fyrra sinn, má til samræmis gera sérstakar kröfur til nemandans á endurtekningarprófi.

18. gr.

Úrbótapróf.

Úrbótapróf er nemanda aðeins heimilt að taka, hafi hann:

1. í undirbúningsdeild eða raungreinadeild á næstliðnu vorprófi fallið á meðaltalskröfunum um 6.0 hið lægsta, þó þannig að hann hafi náð a. m. k. 5,3.
2. í tæknadeild á 2. og 3. hluta fallið á meðaltalskröfunni 6.0 hið lægsta, þó þannig að hann hafi náð a. m. k. 4,5.
3. í meinatæknadeild á næstliðnu vorprófi fallið á meðaltalskröfunni um 5.0 hið lægsta, þó þannig að hann hafi náð a. m. k. 4,5.
4. í 1., 2. og 3. huta tæknifræðináms fallið á annarri eða báðum kröfunum um 6.0 hið lægsta að vegnu meðaltali úr öllum greinum og ekki lægri einkunn en 4 í einstakri grein, þó þannig að meðaltalið sé ekki undir 5,6, og í einstökum greinum má einkunn ekki vera lægri en svo:
   a) einkunnin 3 má koma fyrir tvisvar sinnum,
   b) einkunnin 2 má koma fyrir einu sinni, ef einkunnin 3 kemur ekki fyrir.
   c) einkunnin 0 eða 1 má ekki koma fyrir.

Nemandi, sem heimilt er að taka úrbótapróf skv. framansögðu, tilkynni rektor um þátttöku með a. m. k. 4ra vikna fyrirvara. Einkunnir í viðkomandi greinum falla úr gildi, þegar nemandi tilkynnir um þátttöku í úrbótaprófi. Þessi próf má ekki halda fyrr en a. m. k. 6 vikur eru liðnar frá síðasta reglulega prófi, en venjulegur próftími er að hausti.

Sérstök úrbótapróf eru með þeim hætti, að hafi nemandi á næstliðnu prófi fengið einkunnina 3 til 7 í einstakri grein, án þess að falla á prófinu í heild, er honum heimil þátttaka í úrbótaprófi í þessum greinum, hafi af öðrum ástæðum verið ákveðið að halda prófin. Hjá þessum nemendum gildir hærri einkunnin.

19. gr.

Prófskírteinin.

Nemandi, sem hefur staðizt öll áfangapróf í einni deild skólans fær prófskírteini, sem staðfestir árangur hans.

20. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í lögum nr. 66/1972 um Tækniskóla Íslands, og öðlast þegar gildi. Er með henni numin úr gildi reglugerð um Tækniskóla nr. 209 frá 22. ágúst 1964, svo og reglugerð um undirbúningsdeild undir tæknínám, nr. 210, frá sama degi.

Menntamálaráðuneytið, 21. júní 1973.

Magnús T. Ólafsson.

Birgir Thorlacius.

21. júní 1973. Nr. 216.

REGLUGERÐ

um þjóðgarðinn í Jökulsárgljúfrum.

1. gr.

Þjóðgarðurinn í Jökulsárgljúfrum í Axarfirði er stofnaður með reglugerð þessari.

Náttúruverndarráð fer með stjórn þjóðgarðsins, ræður þjóðgarðsvörð og annað starfslið, eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum.

2. gr.

Mörk þjóðgarðsins eru þessi:

Frá Dettifossi að sunnan og austan, beina stefnu vestur í hátind Eilífs. Frá Eilífi til norðurs í Lönguhlíð og ræður hlíðin merkjum út á móts við syðsta og vestasta horn Langavatnshöfða. Úr Langavatnshöfða beina línu í Botnslæk við suðurbotn Ásbyrgis. Þaðan beint í hæsta Rauðhól norðan Hljóðakletta. Úr honum beint í Dagmálahlíðarhorn. Síðan með ánni að Dettifossi.

3. gr.

Gangandi fólki er heimil för um þjóðgarðinn.

För á hestum er aðeins heimil á merktum reiðslóðum og afmörkuðum áningarstöðum.

Umferð vélknúinna ökutækja er leyfð á akvegum í þjóðgarðinum, svo sem merkingar segja til um.

4. gr.

Heimilt er ferðamönnum að tjalda á merktum tjaldstæðum í þjóðgarðinum en eigi annars staðar nema með sérstöku leyfi þjóðgarðsvarðar.

5. gr.

Skylt er öllum að ganga snyrtilega um þjóðgarðinn. Hvergi má þar fleygja rusli á víðavangi né grafa það niður, heldur skal flytja það í sorpgeymslur.

Óheimilt er að vinna þar náttúruspjöll, svo sem skemma gróður, trufla dýralíf að óþörfu og hrófla við bergmyndunum.

Enginn má kveikja elda án leyfis og aðgát skal höfð við alla meðferð elds.

Notkun skotvopna í þjóðgarðinum er stranglega bönnuð.

6. gr.

Skylt er ferðamönnum að hlíta fyrirmælum gæzlumanna þjóðgarðsins. Náttúruverndarráð getur sett nánari reglur og leiðbeiningar um einstök atriði.

7. gr.

Mannvirkjagerð, efnistaka og annað jarðrask í þjóðgarðinum er háð samþykki Náttúruverndarráðs.

8. gr.

Náttúrufræðilegar rannsóknir innan þjóðgarðsins eru háðar leyfi Náttúruverndarráðs.

9. gr.

Búfjárbeit er óheimil í þjóðgarðinum.

Ákvæði reglugerðar þessarar hagga þó ekki rétti bænda í Kelduhverfi, er þeir njóta samkvæmt samningum við Náttúruverndarráð.

10. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 47/1971 og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 21. júní 1973.

Magnús T. Ólafsson.

Birgir Thorlacius.


ÁS-
BYRGI
ÞJÓÐGARÐUR
JÖKULSÁRGLJÚFRUM
ÁSHEIÐI
FJALLÁS
BORGARÁS
LANGAVATNSHÖFÐI
RAUÐHÓLAR
DAGMÁLAHLÍÐARHORN
HLJÓÐAKLETTAR
Fiskivatn
Hafursstaðir
VESTURDALUR
Svínadalur
JÖKULSÁ Á FJÖLLUM
HÓLMATUNGUR
SVÍNADALUR
SVÍNADALSHÁLS
HÓLS-
SANDUR
HAFRAGILSFOSS
GRJÓTHÁLS
DETTIFOSS
SELFOSS
EILÍFUR
1 0 1 2 3 4 5

AUGLÝSING

um skipulag í Barðastrandarhreppi í Vestur-Barðastrandarsýslu.

Að fengnum tillögum skipulagsstjórnar ríkisins, hefur ráðuneytið samkvæmt heimild í 4. gr. 2. mgr. skipulagslaga nr. 19 21. maí 1964, ákveðið, að ákvæði skipulagslaga nr. 19/1964, skuli ná til Barðastrandarhrepps í Vestur-Barðastrandarsýslu, að undanskyldum nauðsynlegum byggingarframkvæmdum vegna búrekstrar.

Þetta er hér með birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 21. júní 1973.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.

Nr. 218. 25. júní 1973.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 4 28. janúar 1972 um breytingu á reglugerð um bann við veiði smásíldar nr. 7 22. febrúar 1966, og um bann við loðnuveiðum.

Í stað orðanna: „1. september 1973“ í 1. málsgrein ákvæðis til bráðabirgða komi orðin: 1. september 1974.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 1. gr. laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 25. júní 1973.

Lúðvík Jósepsson.

Jón L. Arnalds.

Nr. 219. 27. júní 1973.

REGLUR

um félagsheimilið Fjarðarborg.

1. gr.

Nafn félagsheimilisins er Fjarðarborg í Borgarfjarðarhreppi, Norður-Múlasýslu.

Lóðin er fengin endurgjaldslaust hjá Borgarfjarðarhreppi.

Lóðarstærð er 2530 fermetrar, og afmarkast þannig: til austurs 20 m frá húshlið í átt að þorpsgötu, til suðurs 8 m frá húshlið, til vesturs 10 m frá húshlið, til norðurs 8 m frá húshlið.

Eigendur félagsheimilisins eru:

Ungmennafélag Borgarfjarðar eignarhluti 48%; Borgarfjarðhreppur eignarhluti 25%; Verkalýðsfélag Borgarfjarðar eignarhluti 15%; Kvenfélagið Eining eignarhluti 12%.

2. gr.

Húsnefnd, kjörin árlega, stjórnar félagsheimilinu. Hún skal skipuð 7 fulltrúum frá eigendum, þannig að Ungmennafélag Borgarfjarðar tilnefnir 3 fulltrúa,

Borgarfjarðarhreppur tilnefnir 2 fulltrúa og Verkalýðsfélag Borgarfjarðar og Kvenfélagið Eining sinn fulltrúann hvort.

Varamenn skulu kjörnir á sama hátt.

Húsnefnd skiptir sjálf með sér verkum. Hún skal halda nákvæma gerðabók um störf sín. Fulltrúar hreppsnefndar boða til fyrsta fundar í nýkjörinni húsnefnd. Ef félagsheimilið hættir störfum, skal afhenda Þjóðskjalsafni gerðabækur þess til vörzlu.

3. gr.

Húsnefnd heldur fund er þurfa þykir. Skylt er henni að halda fund, ef 3/7 nefndarmanna æskja.

Aðalfundur eigenda félagsheimilisins skal haldinn árlega. Á fundinum skal húsnefndin leggja fram rekstrar- og efnahagsreikning félagsheimilisins fyrir síðastliðið ár, endurskoðaða af endurskoðendum sveitarsjóðsreikninga eða löggiltum endurskoðanda. Einnig leggi hún fyrir fundinn fjárhagsáætlun félagsheimilisins fyrir næsta ár.

Fjárhagsáætlunin skal gerð svo nákvæm sem unnt er. Eigi má efna til verulegra útgjalda, nema samþykkt hafi verið á aðalfundi eða aukafundi sömu aðila og sæti eiga á aðalfundi. Gildir þetta jafnt um rekstrargjöld og stofnkostnað.

Reikninga og fjárhagsáætlun skal bera undir atkvæði fundarmanna. Húsnefndarmenn hafa hver um sig eitt atkvæði á aðalfundi.

Afrit af ársreikningum félagsheimilisins skal senda félagsheimilasjóði.

Félagsheimilið skal rekið sem sjálfstæð stofnun með sérstöku reikningshaldi. Almanaksárið skal vera reikningsár þess.

4. gr.

Aðalverkefni húsnefndar eru:

a. að ráða húsvörð, ef þess er talin þörf að dómi aðalfundar, setja honum starfsreglur og sjá um, að þeim sé fylgt;
b. að ráða annað starfsfólk, ef aðalfundur telur nauðsynlegt. Leita skal umsagnar húsvarðar um ráðningu starfsfólksins, sem á að vinna undir hans stjórn.
c. að ráðstafa félagsheimilinu til afnota fyrir eigendur og aðra;
d. að ákveða gjöld fyrir afnot hússins;
e. að annast kaup nauðsynlegra tækja og áhalda;
f. að sjá um viðhald og endurbætur húseigna, húsbúnaðar og áhalda;
g. að sjá um, að ræsting félagsheimilisins (húss og lóðar) sé jafnan í góðu lagi og að gætt sé ýtrasta hreinlætis;
h. að sjá um, að húsið sé hæfilega hitað og lýst;
i. að sjá um, að löggæzla sé á samkomum.

5. gr.

Eigendur félagsheimilisins skulu eins og aðrir greiða leigu fyrir afnot hússins.

Skylt er þeim að heimila félögum, er greinir í 1. gr. laga nr. 107/1970, um félagsheimili, innan byggðarlagsins afnot af húsinu gegn hæfilegu gjaldi, ef eigi fer í bága við eðlilega þörf eigenda sjálfra fyrir húsið. Verði ágreiningur um, hvort slíkt félag eigi rétt á afnotum af félagsheimili, sker menntamálaráðuneytið úr.

6. gr.

Leiga fyrir afnot félagsheimilisins skal ákveðin svo há, að nægilegt fé fáist til þess að inna af höndum nauðsynleg gjöld, ef stofnuninni berast eigi aðrar tekjur.

7. gr.

Þess skal gætt, að húseignir, áhöld, húsbúnaður allur og fatnaður sé jafnan hæfilega vátryggt.

8. gr.

Félag, er samkomu heldur í félagsheimilinu, skal hafa þar gæzlumann af sinni hálfu. Ef húsvörður er enginn eða eigi við, þegar samkomu lýkur, skal gæzlumaður slökkva ljós, ganga örugglega frá hitunartækjum, og opna loftræstingarop, koma húsbúnaði og áhöldum á sinn stað, koma óskilamunum í örugga vörzlu og loks loka vel gluggum og hurðum.

9. gr.

Að lokinni hverri notkun félagsheimilisins skal húsvörður eða húsnefnd sjá um ræstingu þess, þ. á. m. að gólf séu hreinsuð og salerni ræst vandlega með sótthreinsandi efni. Árlega skal fara fram gagnger ræsting alls hússins.

10. gr.

Ganga skal þannig frá lóðinni umhverfis félagsheimilið, að auðvelt sé að halda henni snyrtilegri, og skal húsvörður eða húsnefnd sjá um, að hún sé jafnan vel hirt. Lóðina skal girða traustri gripheldri girðingu, er haldið sé vel við.

11. gr.

Fánastöng skal koma fyrir við húsið. Hún skal vera traustlega fest og máluð hvít. Húnn og snerill mega þó vera í öðrum lit. Fánasnúran skal ávallt vera heil. Stöngin skal vera í tveim hlutum, þannig að auðvelt sé að fella hana, t. d. ef skipta þarf um snúru eða mála stöngina. Þess skal vandlega gætt að nota einungis fána með réttum litum og hlutföllum og enn fremur að hann sé ekki hafður uppi fram yfir þann tíma, sem forsetaúrskurður um fánadaga kveður á um, skv. lögum um þjóðfána Íslendinga nr. 34/1944.

12. gr.

Árlega skal athuga húseignina alla vandlega með viðgerð fyrir augum. Einkum skal athuga: múrhúðun, þak, þakrennur, niðurföll, hurðir og dyraumbúnað, glugga (utan og innan), málningu, gólfdúka, klæðningu veggja, hreinlætistæki, eldavél og hitunartæki, raflagnir og ljósatæki, vatnslögn og krana, gluggatjöld, leiksviðstjöld, gólf í samkomusal o. s. frv.

Auk hinnar árlegu athugunar og viðgerðar sé þess gætt, að sem flestar skemmdir á húsi eða húsmunum séu lagfærðar jafnóðum, svo að þar sé jafnan ríkjandi snyrtimennska.

13. gr.

Skemmdir á húseign, áhöldum og húsbúnaði umfram eðlilegt slit skulu þeir bæta, er spjöllum valda.

14. gr.

Í félagsheimilinu má hvorki veita áfengi né neyta þess. Húsnefnd getur svipt þá, er gegn þessu brjóta, aðgangi að félagsheimilinu tiltekinn tíma.

15. gr.

Þar sem fé hefur verið greitt til smíði hússins úr ríkissjóði, sérstaklega til öflunar aðstöðu í því til íþróttaiðkana fyrir skólanemendur, veitist skólum hreppsins forgangsréttur að afnotum hússins á eðlilegum starfstíma skóla að deginum. Skal því ræsting þeirra húsakynna, sem afnot skólans varða, vera samkvæmt ákvæðum um hirðingu íþróttahúsa.

Fyrir afnot skóla skal greitt sem önnur afnot.

16. gr.

Reglur þessar, sem settar eru með skírskotun til 8. gr. laga nr. 107/1970, um félagsheimili, öðlast gildi þegar menntamálaráðuneytið hefur staðfest þær.

Borgarfirði, 16. júní 1973,

Í eigendafélagi félagsheimilisins.

Ásgrímur Ingi Jónsson. Helgi Magnús Arngrímsson.
Hannes Óli Jóhannsson. Hörður Björnsson.
Magnús Þorsteinsson. Jóhanna Borgfjörð.
Ásta Jónsdóttir.

Reglur þessar, sem settar eru með skírskotun til 8. gr. laga nr. 107/1970, um félagsheimili, öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 27. júní 1973.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Árni Gunnarsson.

30. júní 1973. Nr. 220.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um skráningu sérlyfja nr. 48 20. maí 1964, sbr. reglugerð um breyting á þeirri reglugerð nr. 295/1968.

1. gr.

7. gr. 1. mgr. reglugerðarinnar orðist svo:

Greiða skal gjald að upphæð kr. 3 000.00 fyrir hverja umsókn um skráningu sérlyfs sbr. 3. gr.

2. gr.

8. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Af hverju formi sérlyfs, sbr. 9. og 19. gr., sem er á sérleyfisskrá 1. janúar ár hvert, skal greiða 1 000.00 króna árgjald, er greiðist til sérlyfjasjóðs fyrir 1. febrúar ár hvert.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 62. gr. lyfsölulaga nr. 30 29. apríl og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 30. júní 1973.

Magnús Kjartansson.

Páll Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um úthlutun bóta vegna atvinnuleysis.

1. gr.

Úthlutun bóta vegna atvinnuleysis skal vera undir stjórn nefnda, sem skipaðar eru 5 mönnum, þrem frá verkalýðsfélagi, verkalýðsfélögum eða félagasambandi, einum af Vinnuveitendasambandi Íslands og einum af Vinnumálasambandi samvinnufélaganna. Sömu aðilar tilnefna jafnmarga varamenn, sem taka sæti í nefndinni í forföllum aðalmanna. Kjörtími nefndarmanna er fjögur ár. Nefndin kýs sér formann og ritara. Úthlutunarnefndir skulu halda gjörðabók um störf sín og í hana skulu allar ákvarðanir skráðar. Úthlutunarnefndir ákveða afgreiðslustað og tíma og auglýsa það með þeim hætti, sem tíðkast á hverjum stað.

Rétt er verkalýðsfélögum að gera samkomulag um sameiginlega úthlutun bóta fyrir fleiri félög, og skal þá ein úthlutunarnefnd stjórna úthlutun bóta til bótaþega viðkomandi félaga.

2. gr.

Hlutverk hverrar úthlutunarnefndar er að úthluta bótum vegna atvinnuleysis til félagsmanna þeirra verkalýðsfélaga, sem aðild eiga að nefndinni.

3. gr.

Stjórn atvinnuleysistryggingasjóðs ákveður þóknun nefndarmanna og úrskurðar reikninga um kostnað við nefndarstörfin.

Kostnaður greiðist úr sérreikningi félagsins við atvinnuleysistryggingasjóðinn.

4. gr.

Ef ekki næst í nefndinni einróma samkomulag varðandi úrskurði um bótagreiðslur, getur hver einstakur nefndarmaður áfrýjað til stjórnar atvinnuleysistryggingasjóðs og er úrskurður hennar í málinu endanlegur. Sá, er sækir um bætur, getur jafnan áfrýjað úrskurði nefndarinnar til sjóðsstjórnar.

Nefndarmaður, sem áfrýja vill úrskurði, skal innan 14 daga frá uppkvaðningu hans hafa sent stjórn atvinnuleysistryggingasjóðs áfrýjun skriflega, en umsækjandi um bætur innan 14 daga frá því honum var kunngerður úrskurðurinn. Skal í áfrýjunarskjali greina ástæður til áfrýjunar, en í því sambandi er nefndarmanni heimilt að vísa til ágreiningsatkvæðis, sem hann hefur ritað á bótaumsókn.

5. gr.

Sá, er sækir um bætur, skal afhenda nefndinni umsókn í tvíriti, ritaða á eyðublað, sem félagsmálaráðuneytið lætur gera. Skylt er umsækjanda að svara öllum spurningum og gefa allar upplýsingar, sem nauðsynlegar eru til þess að unnt sé að úrskurða bætur.

6. gr.

Rétt til bóta samkvæmt reglugerð þessari hafa þeir, sem fullnægja eftirtöldum skilyrðum:

a. eru orðnir 16 ára,
b. dvelja hérlendis,
c. eru fullgildir félagsmenn í verkalýðsfélögum,
d. hafa á síðustu 12 mánuðum stundað tryggingaskylda vinnu í a. m. k. 1032 dagvinnustundir, eða 516 dagvinnustundir, ef um reglubundna hálfsdagsvinnu er að ræða, hvort tveggja greitt skv. kjarasamningi eða taxta verkalýðsfélags-

ins. Enginn getur öðlazt bótarétt vegna vinnu við störf, sem ekki eru tryggingaskyld.

Skólafólk, sem stundar vinnu að námi loknu, telst hafa fullnægt ákvæði þessa stafliðs, hafi það á síðastliðnum 12 mánuðum stundað vinnu a. m. k. í þrjá mánuði og skólanám í sex mánuði.

Hafi sá, sem verður 16 ára, stundað áskilda vinnu fyrir og eftir að hann náði 16 ára aldri, öðlast hann rétt til bóta, ef hann hefur unnið a. m. k. þriðjung þessa dagvinnustundafjölda, eftir að hann varð 16 ára.

Hver róðrardagur við sjósjókn, sbr. 3. mgr. 4. gr. l. 57/73 telst 12 klukkustundir, en þó reiknast slík vinna samtals aldrei fleiri klukkustundir en nemur tvöföldum þeim vinnustundafjölda, sem umsækjandi hefur unnið tryggingaskylda dagvinnu hjá öðrum.

Sá, sem tekur starfi, sem ekki er tryggingarskylt skv. reglugerð þessari, og stundar það allt að 24 mánuðum, missir ekki, að loknu því starfi, þann bótarétt, sem hann kann að hafa áunnið sér, áður en hann tók starfinu. Bótaréttur glatast heldur ekki, þó að umsækjandi hafi verið veikur um allt að tveggja ára skeið, enda sanni hann veikindi sín með læknisvottorði svo og vinnuhæfni sína, ef hann sækir um atvinnuleysisbætur að loknum veikindunum. Bótarétt getur enginn öðlazt vegna atvinnuleysis, sem stafar af veikindum hans.

Ákvæði þessarar mgr. gilda eftir því sem við á um þá, sem taldir eru í d-lið 7. gr.

Sá, sem gengur undir starfsþjálfun eða sækir námskeið til þess að öðlast hæfni til að stunda ný störf, nýtur á meðan atvinnuleysisbóta í allt að 30 daga virka, ef hann naut slíkra bóta þegar starfsþjálfunin eða veran á námskeiðinu hófst, sbr. þó 2. mgr. 9. gr.

Sá, sem gengur undir starfsþjálfun eða sækir námskeið til þess að öðlast tímabili, sbr. 2. mgr. 9. gr., þó að hann vegna atvinnuleysis hafi ekki stundað vinnu svo sem áskilið er í upphafi þessa stafliðs, enda hafi hann gætt þess að láta skrá sig, sbr. síðustu mgr. þessarar greinar.

Elli- og örorkulífeyrisþegar öðlast því aðeins bótarétt, að loknu fyrsta bótatímabili, að þeir sanni vinnuhæfni sína með læknisvottorði.

e. sanna með vottorði vinnumiðlunar skv. lögum um vinnumiðlun, að þeir hafi verið atvinnulausir einn eða fleiri heila vinnudaga.

Í þessu sambandi teljast ekki með þeir dagar, sem hlutaðeigandi hefur átt í verkfalli eða verkbanni, sbr. 7. gr. a-lið, eða notið atvinnuleysisbóta.

Til þess að öðlast bótarétt verður umsækjandi að láta skrá sig hjá vinnumiðlun, skv. lögum nr. 52 9. apríl 1956, um vinnumiðlun, að viðlögðum missi bótaréttar til næsta skráningardags. Geti umsækjandi ekki látið skrá sig vegna þess, að hann er í vinnu eða veikur, skal hann láta skrá sig næsta dag, sem hann getur, að viðlögðum missi bóta samkvæmt framansögðu. Óheimilt er að greiða bætur fyrir atvinnuleysistímabil, sem ekki hefur verið skráð hjá vinnumiðlun lögum samkvæmt.

7. gr.

Bætur greiðast ekki þeim, sem:

a. taka þátt í verkfalli eða verkbann nær til,
b. njóta slysa- eða sjúkradagpeninga samkvæmt lögum um almannatryggingar,
c. misst hafa vinnu af ástæðum, sem þeir eiga sjálfir sök á, svo sem drykkjuskaparóreglu,
d. sviptir eru frelsi sínu að opinberri tilhlutan,
e. ófærir eru til vinnu eða neita vinnu, er þeim býðst að tilhlutan vinnumiðlunarskrifstofu, skv. lögum um vinnumiðlun, eða á annan hátt, svo að sannað sé, þó

því aðeins að ekki hvíli verkfall eða verkbann á vinnunni og kaupgjald og vinnutími séu í samræmi við kjarasamninga eða taxta hlutaðeigandi verkalýðsfélags, og ekki sé annað vanhæfi á vinnunni. Vanhæfi á vinnu verður aðeins sannað með læknisvottorði, sem kveður á um það, að bótaþegi geti ekki af heilsufarsástæðum stundað þá vinnu, sem hann á kost á. Bótaréttur glatast þó ekki, þó að hafnað sé vinnu í starfsgrein, sem umsækjandi hefur ekki áður stundað, enda fylgi slíkri starfsgrein verulega meiri áreynsla eða vosbúð en þeirri, sem hann áður stundaði. Þegar úthlutunarnefnd metur bótarétt, ef um er að ræða vinnu í öðru byggðarlagi, ber m. a. að taka tillit til heimilisástæðna umsækjanda. Þegar hafnað er vinnu í öðru byggðarlagi eða í annarri starfsgrein, samkvæmt ákvæðum þessa stafliðs, getur úthlutunarnefnd fellt niður bótagreiðslur, þegar umsækjandi hefur notið bóta í 4 vikur,

f. stundar vinnu í eigin þágu, sem hann hefur beinar tekjur af,

g. á maka, sem á síðustu 12 mánuðum hefur haft og hefur hærri tekjur en sem svarar tvöföldum dagvinnutaxta Verkamannafélagsins Dagsbrúnar í Reykjavík. Regla þessi um hjón gildir einnig um karl og konu, sem búa saman og eru bæði ógift, ef þau hafa átt saman barn, eða konan er þunguð af hans völdum, eða sambúðin hefur varað í samfleytt tvö ár.

Sá, sem hefur orðið uppvís að því að reyna að afla sér bóta með því að gefa vísvitandi rangar upplýsingar um hagi sína, missir bótarétt. Fyrsta brot varðar bótamissi í 2 mánuði, annað brot í 2 ár og þriðja brotið fyrir fullt og allt.

Fella skal niður bótagreiðslu, sbr. c-lið þessarar greinar, í 30 daga virka. Missi maður oftar rétt til bóta, samkvæmt þessum staflið, öðlast hann ekki bótarétt að nýju, nema sannað sé með vottorði vinnumiðlunar, að hann hafi stundað vinnu samfellt í 30 daga virka, eftir að hann fyrirgerði bótarétti sínum.

8. gr.

Úthlutunarnefnd getur leitað umsagnar tryggingayfirlæknis Tryggingastofnunar ríkisins um læknisvottorð, sbr. 6. gr. d. og 7. gr. e. ef ástæða þykir til.

9. gr.

Sá, sem öðlast bótarétt samkvæmt 6. gr., sbr. 7. gr., á þegar rétt til bóta fyrir þá heilu daga, sem hann hefur verið atvinnulaus. Bætur greiðast þó ekki fyrir færri en þrjá atvinnuleysisdaga í senn.

Atvinnuleysisbætur greiðast fyrir alla daga nema laugardaga og sunnudaga og engum skulu greiddar slíkar bætur lengur en 130 daga á síðustu 12 mánuðum.

10. gr.

Atvinnuleysisbætur miðast við laun fyrir 8 klst. dagvinnu, eins og þau eru á hverjum tíma, skv. 2. taxta Verkamannafélagsins Dagsbrúnar í Reykjavík og skulu vera sem hér segir:

a. Til kvænts manns eða giftrar konu, sem er aðalfyrirvinna heimilis 80% af áður greindum launum. Nú eiga bæði hjónin rétt á bótum og greiðast þeim þá, hvoru um sig, bætur skv. b-lið þessarar greinar. Bætur skv. c-lið falla þá niður. Sama rétt til bóta og hjón hafa, skv. grein þessari, einnig karl og kona, sem búa saman, eða konan er þunguð af hans völdum, eða sambúðin hefur varað samfleytt í tvö ár.

b. Til einstaklings skal greiða á sama hátt 70% af launum.

c. Til bótaþega skal á sama hátt greiða 6,5% vegna hvers barns yngra en 17 ára, þar með talin börn utan heimilis, sem bótaþegi sannanlega greiðir með, skv. meðlagsúrskurði eða skilnaðarbréfi. Aldrei skal þó greiða bætur vegna fleiri en þriggja barna til hvers bótaþega.

Atvinnuleysisbætur til þeirra, sem njóta örorkubóta skv. lögum um almannatryggingar, greiðast aðeins að því marki, sem þær eru hærri en bætur almannatrygginga. Með bótum almannatrygginga í þessu sambandi teljast barnalífeyrir og makabætur, sem bótaþegi atvinnuleysisbóta kann að fá greiddar.

Bótaþegi, sem öðlast hefur bótarétt vegna hálfsdagsvinnu, sbr. d-lið 6 gr., skal fá greiddar hálfar bætur, sbr. a—c-lið þessarar greinar. Þó skal slíkur bótaþegi, sem stundað hefur heildagsvinnu síðasta mánuðinn, áður en bótagreiðslur hefjast, fá greiddar fullar bætur.

Eigi má gera fjárnám eða lögtak í bótafé skv. reglugerð þessari né halda því til greiðslu opinberra gjalda.

11. gr.

Bætur greiðast úr sérreikningi þess félags, sem bótaþegi telst til.

12. gr.

Nefndin skal gera skrá um þá menn, sem hún úrskurðar bætur. Skal á skrá þessari tilgreina, hverrar tegundar bætur eru og hve háar. Sé ágreiningur um úthlutun, skal þess einnig getið í skránni og tilgreina í hverju ágreiningur sé fólginn. Skrá þessa skal nefndin senda umboðsmanni Tryggingastofnunar ríkisins ásamt öðru eintaki bótaumsóknar með tilheyrandi fylgiskjölum. Hafi bótaþega áður verið úrskurðaðar atvinnuleysisbætur á sama bótatímabili, skal skránni fylgja úrskurður um framhaldsbætur ásamt framhaldsvottorði vinnumiðlunar.

13. gr.

Úthlutunarnefnd annast sjálf greiðslu bóta, nema hún kjósi að fela Tryggingastofnuninni, eða umboðsmönnum hennar bótagreiðslurnar. Að fenginni úthlutunarskrá, skal Tryggingastofnunin, að lokinni athugun sinni á skránni, sbr. 6.—10. gr. reglugerðar þessarar, láta úthlutuarnefnd í té skrá um bæturnar ásamt nægilegu fé til greiðslu þeirra. Úthlutunarnefnd annast þá greiðslu bótanna til einstakra bótaþega, gegn kvittun þeirra á skrána. Að loknum bótagreiðslum skal úthlutunarnefnd afhenda Tryggingastofnuninni skrána.

Reglugerð þessi, sem sett er að fengnum tillögum stjórnar atvinnuleysistryggingasjóðs, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 57 27. apríl 1973, um atvinnuleysistryggingar, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 1. júlí 1973.

Magnús Kjartansson.

Páll Sigurðsson.

5. júlí 1973. Nr. 222.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á grundvallarverði á óverkuðum saltfiski fyrir framleiðslutímabilið 1. júní til 30. september 1973.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögu stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi grundvallarverð á óverkuðum saltfiski fyrir framleiðslutímabilið 1. júní til 30. september 1973:

Óverkaður saltfiskur.

Stórfiskur nr. 1	kr.	95.00
Millifiskur nr. 1	—	89.00
Smáfiskur 40/60 nr. 1	—	84.00
Smáfiskur 60/100 nr. 1	—	79.00

Verð á öðrum gæðaflokkum er ákveðið í hlutföllum söluverða.

Verð þessi miðast við f.o.b. Verðbil verður 2.5% og gildir bæði við verðhækkun og verðlækkun. Greiðslur í sjóðinn eða úr honum miðast við 50% verðbreytingu að viðbættu eða frádregnu verðbili.

Sjávarútvegsráðuneytið, 5. júlí 1973.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Gylfi Þórðarson.

Nr. 223. 12. júlí 1973.

AUGLÝSING

um breytingu á auglýsingu nr. 167 6. júní 1973 um takmarkað leyfi til dragnótaveiða sumarið 1973.

1. gr.

3. og 4. töluliðir III. kafla falli niður, en í þeirra stað komi nýr töluliður nr. 3 svohljóðandi:

3. Í Skagafirði innan línu úr Skagatá í Straumnes á tímabilinu frá 1. ágúst til 30. nóvember.

2. gr.

5.—15. töluliðir III. kafla breyti um númer þannig að 5. tl. verði 4. tl., 6. tl. verði 5. tl. o. s. frv.

3. gr.

15. töluliður, sem skv. 2. gr. verður 14. tl. orðist svo:

14. Í Þistilfirði innan línu úr Melrakkanesi í Svínalækjartanga, nema á tímabilinu frá 15. ágúst til 30. nóvember, en þá skulu dragnótaveiðar heimilar milli lína, sem dregnar eru frá Hleinatanga í Laxártanga og úr Grenjanesi í Rauðanes. Einnig innan og vestan línu, sem dregin er úr Rauðanesi í ytra Lokahorn við Krossavík.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt lögum nr. 40 9. júní 1960 um takmarkað leyfi til dragnótaveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands undir vísindalegu eftirliti til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 12. júlí 1973.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Þórður Ásgeirsson.

SAMÞYKKT

um hundahald í Hafnarhreppi.

1. gr.

Hundahald er bannað í lögsagnarumdæmi Hafnarhrepps, Austur-Skaftafellssýslu.

2. gr.

Samþykkt þessi staðfestist hér með til að taka gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 16. júlí 1973.

Magnús Kjartansson.

Páll Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um skólaheimilið í Breiðavík.

1. gr.

Stjórn skólaheimilisins í Breiðavík er í höndum sex manna nefndar, sem þannig er skipuð: Þriggja manna stjórn Upptökuheimilis ríkisins í Kópavogi og þrír menn búsettir í Vestur-Barðastrandarsýslu. Ráðherra gefur út skipunarbréf til nefndarinnar og skipar formann og varaformann úr hópi nefndarmanna.

Stjórnarnefndin skiptir þannig með sér verkum:

1. Stjórnarmenn Upptökuheimilisins annast vistun nemenda, rannsóknir og annan undirbúning að vistun og sérfræðilegt eftirlit og leiðbeiningar um uppeldi og kennslu þeirra.
2. Stjórnarmenn búsettir vestra annast reglulega umsjón með umönnun nemenda, starfrækslu heimilisins og búrekstri þess.
3. Öll stjórnarnefndin í sameiningu annast ráðningu starfsfólks í samráði við forstöðumann, svo og öll þau mál, er varða meiri háttar fjárfestingar, fjárlagatillögur og breytingar á starfrækslu heimilisins.

Ráðherra ræður forstöðumann heimilisins að fengnum tillögum stjórnarnefndarinnar.

2. gr.

Skólaheimilið er ætlað unglingum að jafnaði á aldrinum 11—14 ára, sem eftir tilvísun barnaverndarnefnda og að aflokinni rannsókn á Upptökuheimilinu eru taldir hafa not af vistun í Breiðavík.

3. gr.

Nemendum skal séð fyrir lögskipaðri fræðslu. Skal kennslan sniðin eftir getu og andlegu ástandi nemenda.

4. gr.

Upptökuheimilið skal senda eftirtalda starfsmenn til Breiðavíkur:
Sálfræðing fjórum sinnum á ári, lækni tvisvar á ári, og sérkennara tvisvar á ári.

5. gr.

Forstöðumaður skal halda dagbók fyrir heimilið. Skulu þar skráð helztu atvik, er varða málefni þess og annað, er máli þyki skipta um rekstur heimilisins. Hann

skal enn fremur halda spjaldskrá um nemendurna. Skulu þar tilfærð helztu atriði varðandi feril þeirra.

6. gr.

Nú telur forstöðumaður, að nemanda sé eigi lengur þörf vistar á heimilinu, og skal hann þá skýra stjórnarnefndinni frá því, en hún ákveður að höfðu samráði við viðkomandi barnaverndarnefnd hvort dvöl skuli lokið.

Telji forstöðumaður, að lengri dvöl sé nemanda nauðsynleg, skal hann skýra stjórnarnefndinni frá því með fyrirvara, og tekur hún þá fullnaðarákvörðun um, hvort dvöl skuli framlengd. Ella lýkur dvöl nemanda, þegar sá tími er liðinn, sem honum var ætlað að dveljast á heimilinu.

7. gr.

Stjórnarnefndin skal leggja kapp á að útvega nemendum starf við sitt hæfi að lokinni skólavist, svo og um sumartímann. Eins skal lögð áherzla á að fylgjast með því, hvernig nemendum vegnar í starfi og veita þeim aðstoð eftir föngum, ef á þarf að halda. Gera skal ráð fyrir því, að nokkur hluti starfstíma starfsfólks fari í þessa fyrirgreiðslu. Náin samvinna skal í þessu efni höfð við sérfræðinga Upptökuheimilisins.

8. gr.

Búrekstur skal að jafnaði hafa í Breiðavík eftir því sem aðstæður leyfa hverju sinni og bezt samrýmist markmiði skólaheimilisins. Kostað skal kapps um að nýta þá möguleika, sem fyrir eru til lands og sjávar til fjölbreytilegra og þroskavænlegra starfa fyrir nemendurna.

9. gr.

Reglugerð þessi er sett með skírskotun til laga nr. 53/1966, um vernd barna og unglinga, og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 88/1958 um vistheimilið í Breiðavík.

Menntamálaráðuneytið, 10. júlí 1973.

Magnús T. Ólafsson.

Knútur Hallsson.

Nr. 226. 14. júlí 1973.

SAMÞYKKT
fyrir ÁTAK STÁ

1. gr.

Félagið er atvinnu- og þjónustufyrirtæki sveitarfélaga með takmarkaðri ábyrgð. Nafn þess er Átak STÁ.

2. gr.

Lögheimili félagsins og varnarþing er Ísafjörður.

3. gr.

Tilgangur félagsins er gatnagerð og önnur skyld starfsemi.

4. gr.

Stofnfé félagsins er kr. 2 200 000.00. Stofnfé skiptist í 220 — tvö hundruð og tuttugu — 10 þús. kr. hluti.

5. gr.

Stofnfé félagsins er félagsstjórn heimilt að auka í allt að 5 000 000.00 og skal þá réttur hvers sveitarfélags til stofnfjáraukningar ákvarðast í hlutfalli við íbúatölu á þeim tíma, sem stofnfjáraukningin á sér stað.

6. gr.

Stofnbréf veita stofnanda full réttindi, þau, er lög félagsins mæla fyrir um. Stofnbréfin skulu vera tölusett með áframhaldandi númerum. Öll stofnbréfin skulu vera nafnskráð, og er félagsstjórninni skylt að halda jafnan nákvæma stofnbréfaskrá.

7. gr.

Framsal og veðsetning stofnbréfa er óheimil, nema til komi samþykki félagsstjórnar. Félaginu sjálfu er óheimilt að kaupa stofnbréf í félaginu.

8. gr.

Glatist stofnbréf skal fá ógildingardóm á því. Þegar eftirrit þess dóms er komið félagsstjórninni í hendur, gefur hún út nýtt stofnbréf í stað hins glataða.

Stofnbréfum, sem skemmzt hafa, má skipta fyrir ný, ef ekki verður villzt á um tölu þeirra og efni, enda skili eigandi þá jafnframt hinu skemmda bréfi og greiði kostnað við skiptin, eftir því, sem félagsstjórn ákveður.

9. gr.

Félaginu er óheimilt að veita lán út á stofnbréf.

10. gr.

Hver stofnandi er skyldur til, án nokkurrar sérstakrar skuldbindingar af hans hálfu, að hlíta lögum félagsins, þeim, sem nú eru sett, eða eins og þeim síðar kann að verða breytt á löglegan hátt. Stofnendur bera enga ábyrgð á skuldbindingum félagsins fram yfir stofnfjáreign sína í því.

Á ákvæðum þessarar greinar getur engin breyting orðið, nema með samþykki allra stofnenda.

11. gr.

Innan þeirra takmarka, er lög þessi setja, hafa lögmætir félagsfundir æðsta vald í öllum málefnum félagsins. Meiri hluti atkvæða ræður úrslitum, nema öðruvísi sé ákveðið í lögum.

12. gr.

Aðalfundur félagsins skal haldinn fyrir lok maí mánaðar ár hvert, á þeim stað, sem félagsstjórn ákveður hverju sinni. Aukafundi skal halda þegar stjórn félagsins þykir þörf vera á samkvæmt fundarályktun eða, ef svo margir stofnendur, sem umráð hafa yfir að minnsta kosti ⅓ hluta stofnfjársins, krefjast þess skriflega og tilgreina ástæðu fyrir nauðsyn aukafundar. Þá, er lögmæt krafa er fram komin, skal halda fund eigi síðar en 15 dögum eftir að krafan kom stjórninni í hendur.

Nú hefur stjórnin ekki sent fundarboð innan 15 daga frá móttöku kröfunnar, og geta þá stofnendur sjálfir boðað fundinn.

13. gr.

Til félagsfundar skal stjórnin boða með tilkynningu til hvers stofnanda í ábyrgðarbréfi eða símskeyti eða á annan sannanlegan hátt og skal fundur boðaður með 20 daga fyrirvara að minnsta kosti, þegar um aðalfund er að ræða, en aukafund má boða með skemmri fyrirvara, ef stjórn félagsins þykir nauðsyn krefja. Fundarmála skal stuttlega getið í fundarboðinu.

Félagsfundur er lögmætur, ef viðstaddir eru svo margir fulltrúar stofnenda eða umboðsmenn þeirra, er umráð hafi yfir meiri hluta stofnfjárins, enda hafi fundurinn verið löglega boðaður.

14. gr.

Félagsfundum stjórnar fundarstjóri, sem fundurinn kýs, og kveður hann sér fundarritara. Fundarstjóri stjórnar umræðum og meðferð mála á fundum og atkvæðagreiðslum. Atkvæðagreiðslur skulu vera skriflegar, ef einhver fundarmanna krefst þess.

15. gr.

Á aðalfundi skulu tekin fyrir þessi mál:

1. Stjórn félagsins skýrir frá hag þess og framkvæmdum á liðnu starfsári.
2. Endurskoðaðir reikningar hins umliðna árs með athugasemdum endurskoðenda lagðir fram til úrskurðar.
3. Tekin ákvörðun um ráðstöfun tekjuafgangs.
4. Stjórn og varastjórn félagsins kosin.
5. Kosnir tveir endurskoðendur fyrir yfirstandandi ár, og tveir til vara.
6. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur mál, sem löglega eru upp borin.

16. gr.

Á aukafundum verður aðeins tekin ákvörðun um mál, er nefnd hafa verið í fundarboði.

17. gr.

Stofnendur hafa eitt atkvæði fyrir hvert stofnbréf, sem þeir eiga í félaginu. Þó getur enginn stofnandi farið með meira en ¼ hlut allra atkvæða í félaginu.

18. gr.

Afl atkvæða ræður úrslitum á félagsfundum, nema öðruvísi sé fyrir mælt í samþykktum þessum og lögum. Samþykki allra stofnenda þarf til þess:

a) að breyta tilgangi félagsins að verulegu leyti.
b) að skylda stofnendur til að leggja fram fé eða annað í félagsþarfir umfram skuldbindingar sínar.

19. gr.

Í sérstaka gjörðabók skal rita allar fundarsamþykktir og stutta skýrslu um annað, er gerist á félagsfundum. Fundargerðirnar skulu lesnar upp í fundarlok og bornar undir atkvæði fundarmanna og undirskrifa þær fundarstjóri og fundarritari. Þessi fundarskýrsla skal vera sönnun þess, er fram hefur farið á fundinum.

20. gr.

Stjórn félagsins skal skipuð 5 fulltrúum stofnenda og fimm til vara enda fullnægi þeir þeim skilyrðum, sem sett eru í 32. gr. laga nr. 77 frá 1921 um hlutafélög. Skulu þeir kosnir á aðalfundi ár hvert og kjörtímabil þeirra vera til næsta aðalfundar. Fyrir tímabilið frá stofnun félagsins til næsta aðalfundar, skal stjórnin kosin af stofnfundi.

Félagsstjórn ræður öllum félagsmálum milli funda og hefur á hendi allar framkvæmdir fyrir félagið, er heyra til rekstri þess, og gætir réttar félagsins gagnvart öðrum. Stjórnin hefur heimild til að taka lán fyrir félagið eftir því, sem hún telur nauðsynlegt, og getur skuldbundið félagið og eignir þess, þar á meðal veðsett þær, með ályktunum sínum og samningum. Undirskrift 3ja stjórnarmanna er skuldbindandi fyrir félagið.

Á stjórnarfundum ræður afl atkvæða úrslitum og eru stjórnarfundir lögmætir, ei 3 stjórnarmenn eru mættir. Stjórnin skal bóka stutta skýrslu um það, er fram fer á fundum hennar, og staðfestist hún með undirskrift mættra stjórnarmanna.

21. gr.

Stjórnin kýs sér formann, varaformann og ritara og skiptir að öðru leyti með sér störfum eftir því, sem henni þykir henta. Stjórnin heldur fundi þegar formanni þykir henta, en auk þess er formanni skylt að boða til fundar, þegar tveir stjórnarmanna eða endurskoðendur félagsins krefjast þess.

22. gr.

Stjórn félagsins hefur heimild til að ráða framkvæmdastjóra fyrir félagið og veita honum prókúruumboð. Félagsstjórnin hefur heimild til að víkja honum frá störfum.

23. gr.

Starfsár félagsins og reikningsár er almanaksárið. Stjórn félagsins semur á hverju ári reikning yfir tekjur og gjöld, svo og efnahagsreikning.

24. gr.

Endurskoðendur eru kosnir á aðalfundi fyrir eitt ár í senn. Þeir skulu rannsaka reikninga félagsins fyrir það ár og alla reikningsfærslu, svo og gerðir stjórnarinnar eftir því, sem þeim finnst ástæða til. Endurskoðendur hafa hvenær sem er aðgang að bókum félagsins til eftirlits. Endurskoðendur má ekki kjósa úr stjórn félagsins.

25. gr.

Í síðasta lagi mánuði fyrir aðalfund skal stjórn félagsins hafa lokið samningi reiknings fyrir liðið starfsár og sent hann endurskoðendum, en þeir skulu aftur hafa endursent hann til formanns með athugasemdum sínum svo tímanlega, að hann geti sent hann stofnendum til sýnis með a. m. k. 10 daga fyrirvara.

26. gr.

Stjórn félagsins skal leggja fyrir aðalfund tillögur um ráðstöfun tekjuafgangs, og tekur fundurinn svo fullnaðarákvörðun um, hvernig honum skuli varið. Jafnframt ákveður fundurinn hver ómakslaun stjórnendur og endurskoðendur skuli hafa fyrir starfa sinn á liðnu ári, svo og laun framkvæmdastjóra séu þau ekki ákveðin í ráðningarsamningi hans.

27. gr.

Lögum félagsins má breyta á félagsfundi, sem boðaður hefur verið með löglegum fyrirvara og þar sem staddir eru fulltrúar stofnenda, er umráð hafa yfir a. m. k. ¾ hluta atkvæða, og sé lagabreytingin samþykkt með a. m. k. ⅔ hluta atkvæða. Væntanlegra breytinga skal getið í fundarboði.

Hafi eigi verið á fundinum fulltrúar svo margra stofnenda, sem tilskilið er, en lagabreytingin verið samþykkt með ⅔ hluta atkvæða mættra fulltrúa, skal halda fund aftur innan mánaðar. Skal til hans boðað á venjulegan hátt og það tekið fram, að til fundarins sé boðað af því, að eigi hafi verið nógu margir á hinum fyrri Séu á þeim fundi greiddir ⅔ hlutar atkvæða með lagabreytingunni, öðlast hún lagagildi án tillits til hve margir sóttu fundinn.

28. gr.

Nú þykir ráðlegt eða nauðsynlegt að slíta félaginu, og fer þá um tilhögun þar að lútandi sem um lagabreytingar. Fundur sá, sem samþykkir á lögmætan hátt að slíta félaginu kveður og á um, hvernig skuli ráðstafa eignum þess og um greiðslu skulda.

Fundurinn kveður á um, hvort skiptaréttur skuli taka búið til meðferðar eða hvort kjósa skuli skilanefnd til að sjá um skiptin. Slík skilanefnd má þó eigi taka til starfa, fyrr en eftir að hún hefur fengið staðfestingu ráðherra.

Samþykktir þessar staðfestast hér með samkvæmt 3. gr. laga nr. 24 20. maí 1972, um heimild sveitarfélaga til stofnunar og starfrækslu atvinnu- og þjónustufyrirtækja með takmarkaðri ábyrgð.

Félagsmálaráðuneytið, 14. júlí 1973.

Hannibal Valdimarsson.

Gunnlaugur Þórðarson.

Nr. 227. 17. júlí 1973.

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá fyrir Vatnsveitu Ísafjarðar nr. 217 8. ágúst 1972.

1. gr.

Aftan við 10. gr. komi ný málsgrein svohljóðandi:

Heimilt er bæjarstjórn að hækka eða lækka um allt að 50% framantalin gjöld, öll þeirra eða hvert um sig, án þess að leita þurfi staðfestingar ráðuneytisins.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni hverjum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 17. júlí 1973.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Jón S. Ólafsson.

Nr. 228. 21. júlí 1973.

REGLUGERÐ

um sjóðstofnun skv. 47. gr. höfundalaga nr. 73 frá 29. maí 1972.

1. gr.

Þóknun fyrir afnot markaðshljóðrita skv. 1. mgr. 47. gr. höfundalaga nr. 73 frá 29. maí 1972 skal að frádregnum kostnaði renna í sérstakan sjóð, sem starfi í tveim deildum, annarri fyrir listflytjendur og hinni fyrir framleiðendur hljóðrita.

2. gr.

Um stjórn sjóðsins, vörzlu og úthlutanir úr deildum hans fer eftir því, sem mælt verður fyrir um það efni í samþykktum sameiginlegra félagssamtaka flytj-

enda og hljóðritaframleiðenda, enda hafi þær samþykktir hlotið staðfestingu menntamálaráðherra.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 21. júlí 1973.

Magnús T. Ólafsson.

Knútur Hallsson.

21. júlí 1973. Nr. 229.

SAMÞYKKTIR

fyrir Samband flytjenda og hljómplötuframleiðenda.

1. gr.

Samtökin heita Samband flytjenda og hljómplötuframleiðenda, skammstafað SFH. Heimili sambandsins og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Tilgangur sambandsins er að gæta réttar flytjenda og hljómplötuframleiðenda til þóknunar fyrir afnot markaðshljóðrita skv. 47. gr. höfundalaga nr. 73 frá 29. maí 1972.

Tilgangi sínum hyggst sambandið ná með því að semja um þóknun þessa við Ríkisútvarpið og aðra gjaldskylda aðila skv. 47. gr. Getur sambandið sett taxta um gjöldin að fengnu samþykki menntamálaráðuneytisins, innheimt þau og framkvæmt hvaðeina, sem hér að lýtur þ. á. m. málshöfðanir til gæzlu og verndar hagsmunum þessum, allt með þeim takmörkunum, sem leiðir af 57. gr.

3. gr.

Rétt til upptöku í sambandið eiga þau samtök flytjenda og framleiðenda sem hér greinir:

a) Íslandsdeild Alþjóðasambands hljómplötuframleiðenda.
b) Samtök listflytjenda, er hafa innan vébanda sinna meðlimi, sem listflutning eiga að einhverju marki að mati sambandsstjórnar á vernduðum markaðshljóðritum.

Sambandsstjórn rannsakar inntökubeiðni og gerir tillögu til aðalfundar um, hvort félagi skuli veitt innganga. Aðalfundur tekur fullnaðarákvörðun um inngöngubeiðnina. Stjórn félags, sem veitt eru sambandsréttindi, skal rita undir skuldbindingu um, að félagið sem sambandsfélag skuldbindi sig til að hlíta samþykktum og reglum sambandsins í öllum greinum, eins og þær eru eða kunna að verða.

Aðalfundur getur vikið félagi úr sambandinu eftir tillögum sambandsstjórnar, ef það fullnægir ekki lengur skilyrðum til inngöngu í sambandið.

4. gr.

Stjórn sambandsins skipa 8 menn og jafnmargir til vara. Þar af skulu 4 tilnefndir og aðrir 4 til vara af félögum listflytjenda og jafnmargir aðal- og varamenn af Íslandsdeild Alþjóðasambands hljómplötuframleiðenda. Þau fjögur félög listflytjenda, sem mestra réttinda hafa að gæta, tilnefna hvert um sig einn fulltrúa í stjórnina og annan til vara. Kjörtími stjórnar er 2 ár. Stjórnendur má endurkjósa.

Flytjendur og hljómplötuframleiðendur skiptast árlega á formennsku og varaformennsku í sambandsstjórninni og skal formaður og varaformaður ávallt vera úr sitt hvorum réttindahópnum. Aðalfundarfulltrúar hvers réttindahóps um sig kjósa á aðalfundi sambandsins formann eða varaformann úr hópi þeirra manna, sem tilnefndir hafa verið í stjórnina.

Nú andast formaður eða varaformaður eða hverfur úr stjórn af öðrum ástæðum fyrir fullt og allt, og kjósa þá stjórnarmenn úr þeim réttindahópi, sem hann tilheyrði, nýjan formann eða varaformann til að gegna starfinu út kjörtímabilið.

Að öðru leyti en að framan segir skipta stjórnarmenn með sér verkefnum.

Aðalfundur ákveður laun formanns, annarra stjórnarmanna, svo og endurskoðenda.

5. gr.

Stjórn sambandsins boðar til sambandsfunda og undirbýr þá, framkvæmir fundarályktanir og annast störf milli funda, ýmist sjálf eða felur þau öðrum samkvæmt samþykktum þessum. Hún leitar eftir samningum við Ríkisútvarpið, veitingahús og aðra gjaldskylda aðila. Náist ekki samningar, skal stjórn sambandsins semja taxtareglur sbr. 2. gr. samþykkta þessara og skulu þær reglur birtar í Lögbirtingablaðinu. Hún leggur fyrir aðalfund endurskoðaða reikninga sambandsins fyrir næsta ár á undan, hefur umsjón með fjárreiðum þess og eignum og gætir hagsmuna þess í öllum greinum.

6. gr.

Stjórn sambandsins heldur fundi svo oft sem formanni þykir þurfa eða þremur stjórnarmönnum.

Fundur er lögmætur, er meirihluti stjórnar mætir.

Á stjórnarfundum ræður afl atkvæða. Séu atkvæði jöfn, ræður atkvæði formanns. Séu atkvæði jöfn vegna hagsmunaágreinings hinna tveggja réttindahópa, þ. e. framleiðenda og flytjenda, má krefjast þess, að menntamálaráðuneytið skipi aukamann í stjórnina ad hoc, og ræður atkvæði hans úrslitum.

Stjórnin heldur gerðabók.

Undirskrift formanns og varaformanns er bindandi fyrir sambandið. Þó þarf undirskrift allra stjórnarmanna til sölu eða veðsetningar á eignum sambandsins.

7. gr.

Stjórn sambandsins getur, ef þörf krefur, ráðið framkvæmdastjóra til sambandsins, lögmann, svo og annað starfsfólk til að annast innheimtu, fjárreiður og daglegan rekstur þess.

8. gr.

Skv. heimild í 3. mgr. 47. gr. höfundalaga sbr. reglugerð frá 21. júlí 1973, skulu gjöld öll, sem innheimtast skv. 2. gr. samþykkta þessara renna, að frádregnum kostnaði sambandsins, í sérstakan sjóð, er sé í höndum sambandsstjórnar.

Sjóðurinn starfar í tveim deildum, annarri fyrir listflytjendur og hinni fyrir framleiðendur, og skal fé því, sem rennur til sjóðsins skipt að jöfnu á milli deildanna. Sambandsstjórnarmenn flytjenda stjórna flytjendadeild sjóðsins og stjórnarmenn framleiðenda framleiðendadeild hans. Afl atkvæða ræður á fundum deildarstjórna, en séu atkvæði jöfn ræður réttindamagn að baki stjórnarmönnum úrslitum máls.

Úr framleiðendadeild sjóðsins skal úthluta til einstakra framleiðenda, hvort sem þeir eru innan eða utan IAH, í samræmi við flutningstíma hljóðrita.

Úr listflytjendadeild sjóðsins skal úthluta framlögum til sambandsfélaganna í samræmi við heildarhagsmuni hvers félags skv. útreikningi byggðum á flutnings-

tíma, skiptingu listflutnings í verðflokka og innbyrðis skiptingu milli flytjenda og flytjendahópa, er fleiri en ein flytjendaeining stendur að einum og sama listflutningi. Um úthlutanir úr sjóðnum vegna hagsmuna listflytjenda, sem standa utan sambandsfélaganna, skal fara eftir reglum, sem menntamálaráðuneytið setur um það efni, í samráði við sambandsstjórn.

Einstakir listflytjendur innan eða utan sambandsfélaganna eiga ekki einstaklingsbundinn rétt til greiðslu úr sjóðnum, eða framlögum sjóðsins til einstakra sambandsfélaga.

Úthlutun úr sjóðnum fer fram einu sinni á ári.

Kostnað við úthlutunarútreikning og aðra úthlutunarvinnu greiðir hver sjóðdeild um sig.

Sambandsstjórn setur nánari reglur um úthlutun úr sjóðnum og skulu þær staðfestar af menntamálaráðuneytinu.

Stjórn hvorrar sjóðdeildar um sig hefur úrskurðarvald um réttmæti útreiknings á réttindamagni. Þeim úrskurði má þó áfrýja til nefndar þriggja manna, er menntamálaráðuneytið velur í því skyni.

9. gr.

Starfsár sambandsins og reikningsár er almanaksárið.

Reikningar þess skulu liggja frammi endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda og félagskjörnum endurskoðendum í eina viku fyrir aðalfund.

Reikningar skulu afhentir menntamálaráðuneytinu fyrir lok júnímánaðar ár hvert.

10. gr.

Aðalfund skal halda fyrir 1. maí ár hvert. Skal til hans boðað með ábyrgðarbréfum, er sett skulu í póst eigi síðar en einum mánuði fyrir fund. Aðra fundi skal boða með minnst tveggja vikna fyrirvara. Aukafundi skal halda, þegar sambandsstjórn ákveður eða þegar aðilar, sem fara með meirihluta réttinda í hvorum réttindahópi, krefjast þess.

11. gr.

Á aðalfundi skulu tekin fyrir þessi mál:

a. Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra.
b. Skýrsla endurskoðenda og samþykkt reikninga.
c. Kosning formanns og varaformanns sambandsstjórnar.
d. Kosning tveggja manna, annars úr hópi flytjenda og hins úr hópi framleiðenda, til að endurskoða reikninga yfirstandandi árs. Þá skulu og tveir endurskoðendur kosnir til vara með sama hætti.
e. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur mál, sem upp hafa verið borin.

12. gr.

Aðgang að fundum sambandsins eiga allir framleiðendur innan Íslandsdeildar Alþjóðasambands hljómplötuframleiðenda. Þá hefur hvert aðildarfélag flytjenda um sig rétt til að senda 1 atkvæðisbæran fulltrúa til funda og annan til áheyrnar.

Atkvæði á fundum eru greidd innan hvers réttindahóps um sig og getur hvorugur hópurinn borið hinn atkvæðum. Hver framleiðandi og hvert aðildarfélag flytjenda hefur atkvæðisrétt í réttu hlutfalli við réttindamagn, sbr. 8. gr. Gildir hver fullnuð hundraðstala (prósenta) af heildarréttindamagni sem 1 atkvæði. Enginn einn aðili getur þó farið með meir en 30 atkvæði.

13. gr.

Á samþykktum þessum skal leita staðfestingar menntamálaráðuneytisins.

Samþykktunum verður aðeins breytt á aðalfundi. Breytingar skulu því aðeins

gerðar, að aðilar, sem fara með meir en helming atkvæða í hvorum réttindahóp um sig, séu mættir á fundi og breytingin samþykkt með ⅔ atkvæða í hvorum hóp.

Fullnægi fundarsókn eigi skilyrðum 2. mgr. þessarar gr. skal boða til nýs fundar innan mánaðar með 2ja vikna fyrirvara. Sé síðan á þeim fundi greidd ¾ atkvæða með samþykktabreytingunni, úr hvorum réttindahópi, þá er hún löglega samþykkt, hvort sem margir eða fáir hafa sótt þann fund.

Leita skal staðfestingar menntamálaráðuneytisins á breytingum samþykkta.

14. gr.

Samband flytjenda og hljómplötuframleiðenda verður ekki lagt niður, nema um það sé gerð samþykkt á fundi í sambandinu skv. reglum, sem greindar eru í 13. gr. Skal þá sá fundur ráðstafa eignum sambandsins og gera aðrar nauðsynlegar ráðstafanir er að félagsslitum lúta.

Staðfesting ráðuneytis.

Samkvæmt áskilnaði 47. gr. höfundalaga nr. 73/1972 eru samþykktir þessar hér með staðfestar að því tilskildu, að leita skal samþykkis ráðuneytisins á breytingum og viðaukum, sem á þeim kunna að verða gerðar.

Menntamálaráðuneytið, 21. júlí 1973.

Magnús T. Ólafsson.

Knútur Hallsson.

Nr. 230. 25. júlí 1973.

REGLUGERÐ

fyrir Rafveitu Ísafjarðarkaupstaðar.

A. STJÓRN OG REKSTUR

1. gr.

Markmið rafveitunnar.

Rafveita Ísafjarðarkaupstaðar er fyrirtæki, sem Ísafjarðarkaupstaður starfrækir í þeim tilgangi að veita raforku um bæinn og selja hana til heimilisnotkunar, iðnaðar og annarra þarfa.

Rafveitan er eign Ísafjarðarkaupstaðar, en skal rekin sem sjálfstætt fyrirtæki með nafninu Rafveita Ísafjarðar og hafa sérstakt reikningshald.

2. gr.

Verksvið og orkuveitusvæði.

Rafveita Ísafjarðar vinnur raforku í orkuveri sínu í Engidal, svo og öðrum orkuverum, sem hún síðar kann að reisa í sama tilgangi eða kaupir raforku af öðrum, og veitir þeirri orku, sem þannig er unnin eða keypt, um orkuveitukerfi rafveitunnar.

Orkuveitusvæði rafveitunnar er lögsagnarumdæmi Ísafjarðarkaupstaðar og sá hluti nágrennis kaupstaðarins, sem bæjarstjórn kann að ákveða og ráðherra samþykkir.

Rafveita Ísafjarðar hefur einkarétt til sölu á raforku beint til raforkunotenda á orkuveitusvæði sínu.

3. gr.

Stjórn raforkumála. Rafveitustjóri.

Yfirstjórn raforkumála er í höndum bæjarstjórnar, en framkvæmdastjórnin skal falin rafveitustjóra, sem bæjarstjórn skipar, að fengnum tillögum rafveitustjórnar, og skal hann um rafmagnssérmenntun fullnægja skilyrðum til háspennulöggildingar a. m. k.

Bæjarstjórn setur honum erindisbréf.

Rafveitustjóri er framkvæmdastjóri rafveitunnar.

Í rafveitustjórn eiga sæti 5 menn og 5 til vara kosnir af bæjarstjórn. Rafveitustjóri á sæti á fundum rafveitustjórnar með málfrelsi og tillögurétti.

4. gr.

Verksvið rafveitustjórnar.

Rafveitustjórn hefur á hendi stjórn rafveitunnar í umboði bæjarstjórnar, sér um viðhald hennar og umbætur og allt er að starfrækslu hennar lýtur, kaup og sölu á raforku, fjárhald og reikningsskil.

Hún skal fyrir lok desembermánaðar ár hvert gera áætlun um tekjur og gjöld rafveitunnar fyrir næsta reikningsár (almanaksár).

Jafnframt skal gerð áætlun, er kveður á um, hvernig verklegum framkvæmdum skuli hagað í meginatriðum.

Fjárhagsáætlun rafveitunnar skal lögð fyrir bæjarstjórn og afgreidd á sama tíma og fjárhagsáætlanir bæjarsjóðs og annarra bæjarstofnana.

Ársreikning rafveitunnar skal leggja fyrir bæjarstjórn til úrskurðar eigi síðar en 30. júní ár hvert.

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar og ársreikninga rafveitunnar skulu fara fram tvær umræður í bæjarstjórn og líða ein vika hið skemmsta á milli umræðna.

Lántökur, sem nema verulegum upphæðum og/eða til langs tíma, skulu samþykktar af bæjarstjórn.

Rafveitustjórn gerir tillögur til bæjarstjórnar um gjaldskrá fyrir rafveituna.

Hún skipar fulltrúa í samninganefnd bæjarins til viðræðna við F.O.S.Í. um kaup og kjör fastráðinna starfsmanna Rafveitunnar.

Rafveitustjórn skipar alla fasta starfsmenn Rafveitunnar að fengnum tillögum rafveitustjóra og setur þeim erindisbréf. Ákvörðun um breytingu á fjölda fastráðinna starfsmanna skal vera á valdi bæjarstjórnar.

Rafveitustjórn undirbýr samninga um orkukaup og orkusölu og annast framkvæmdir allra rafmagnsmála fyrirtækisins.

Rafveitustjórn semur nánari reglur, sem bæjarstjórn skal staðfesta, um einstök atriði þessarar reglugerðar eftir því sem þörf gerist.

5. gr.

Verksvið rafveitustjóra.

Rafveitustjóri stjórnar daglegri starfrækslu og reikningshaldi rafveitunnar, eftirliti, viðhaldi á stöðvum, taugum og öðrum útbúnaði og öllum verklegum framkvæmdum, er snerta hana.

Rafveitustjóra er skylt, varðandi verklegar framkvæmdir, að starfa í nánum tengslum við tæknideild bæjarins, enda skal tæknideild skylt að veita rafveitunni alla þjónustu sem unnt er, varðandi mannvirkjagerð, viðhald og endurnýjun húsa og mannvirkja.

6. gr.

Reikningshald og ráðstöfun tekna.

Rafveita Ísafjarðar hefur sjálfstætt reikningshald og tekur sjálf við greiðslum fyrir selda raforku og öðrum tekjum.

Bæjarstjórn getur þó ákveðið, ef henta þykir og aðstæður leyfa, að reikningshald rafveitunnar fari fram í skrifstofu bæjarins, enda sé þess gætt, að bókhald og sjóður rafveitunnar sé aðskilið frá bæjarsjóði og öðrum bæjarstofnunum. Skal tekjum hennar fyrst og fremst varið til að standa straum af öllum greiðsluskuldbindingum hennar, svo sem afborgunum af áhvílandi skuldum, vöxtum og öðrum reksturskostnaði, þar með talið fullnægjandi viðhald og endurnýjun virkja og annað sem nauðsynlegt er til að tryggja öruggan rekstur rafveitunnar, en tekjur, sem umfram kunna að verða, renna í varasjóð. Rafveitustjóri varðveitir sjóð rafveitunnar samkvæmt nánari reglum, sem rafveitustjórn setur.

7. gr.

Rafverktakaleyfi á orkuveitusvæði Rafveitu Ísafjarðar.

Bæjarstjórn getur ákveðið að rafveitustjórn gefi út sérstök leyfi til handa þeim rafverktökum, sem starfa á orkuveitusvæði Rafveitu Ísafjarðar. Leyfi þessu séu háð sérstökum skilyrðum og skilmálum, sem rafveitustjórn setur.

Hafa þá engir aðrir en þeir, sem þetta leyfi hafa, heimild til rafverktakastarfsemi á orkuveitusvæði Rafveitu Ísafjarðar. Rafveitustjórn getur, þegar henni þykir ástæða til, ákveðið í gjaldskrá greiðslur fyrir verk þau, sem rafveitan innir af hendi við úttekt raflagna, skoðunargerðir og annað eftirlitsstarf sitt.

B. SÖLUSKILMÁLAR

8. gr.

Sala raforku.

Rafveita Ísafjarðar selur raforku til almenningsþarfa á orkuveitusvæði sínu, alls staðar þar sem taugakerfi hennar nær til, með þeim skilmálum, sem ákveðnir eru í reglugerð þessari og gjaldskrá rafveitunnar á hverjum tíma. Raforkan er seld sem ein- og þrífasa riðstraumur með 220 eða 380 volta málspennu og 50 riðum á sekúndu. Þegar sérstakar ástæður mæla með, má rafveitustjóri láta í té orku með annarri spennu og annarri straumtegund.

9. gr.

Umsókn um kaup á raforku.

Hver sá, sem óskar að gerast notandi að raforku, verður að fylla út tilætluð umsóknareyðublöð, er fást á skrifstofu rafveitunnar, og skal hann skuldbinda sig með undirskrift sinni að hlíta settum reglum um kaup á raforku frá rafveitunni. Skal í umsókninni skýrt frá, hve mikið afl þarf og til hvers það er ætlað.

10. gr.

Umsókn um heimtaug.

Umsókn um heimtaug eða breytingu á heimtaug skal undirrituð af húseiganda, er skuldbindur sig til þess með undirskrift sinni að greiða heimtaugargjald það, sem ákveðið er í gjaldskrá rafveitunnar. Heimtaugar með stofnvari eru eign rafveitunnar, enda þótt heimtaugargjaldið hafi verið greitt eftir kostnaði heimtaugar. Raf-

veitan annast viðhald og endurnýjun heimtaugar, án sérstaks endurgjalds, nema heimtaug þurfi að breyta vegna breytingar á húsi.

Skal húseigandi greiða kostnaðinn við þá breytingu, og ef ofanjarðarheimtaug er breytt í neðanjarðar, skal húseigandi greiða mismun, sem ákveðinn er í gjaldskrá. Rafveitunni er heimilt að krefjast skuldbindingar um lágmarksnotkun um heimtaug.

Sé um tiltölulega mikla notkun að ræða, og rafveitan þarf, til þess að fullnægja henni, sérstaklega að auka háspennukerfi, auka afl spennistöðvar eða gera meiri háttar viðbætur á lágspennukerfi, er rafveitustjóra heimilt að krefjast skuldbindingar umsækjanda um tiltekinn notkunartíma eða þátttöku í kostnaði. Eigi er skylt að ljúka lagningu jarðstrengsheimtaugar meðan jörð er frosin.

11. gr.

Húsveitur.

Skylt er að láta löggiltan rafvirkja eða rafveituna, ef hún tekur slíkt verk að sér, framkvæma alla vinnu við raflagnir og raftæki, hvort heldur er um að ræða nýjar raflagnir, breytingar eða viðgerð á raflögn. Löggiltir rafvirkjar annast umsóknir og tilkynningar til rafveitunnar um allar raflagnir fyrir hönd húseigenda eða notenda, samkvæmt því, sem ákveðið er í reglum um raflagnir á orkuveitusvæðinu, en rafveitan annast úttekt á öllum nýlögnum, viðaukum og breytingum á raflögnum. Óheimilt er öðrum en umboðsmönnum rafveitunnar að setja í samband við veitu eða hluta af veitu, sem úttektarskyld er, fyrr en úttekt hefur farið fram og veitan verið tengd af umboðsmanni rafveitunnar. Sé út af þessu brugðið, varðar það þann sektum, sem verkið er unnið fyrir, þann sem setur strauminn á og loks hinn löggilta rafvirkja, er sá um verkið. Rafveitan tekur ekki á sig ábyrgð á veitu með úttekt eða tengingu.

Rafveitan áskilur sér rétt til þess að setja þau skilyrði fyrir tengingu á veitu, að notkun um hana verði ekki taugakerfi rafveitunnar ofviða.

12. gr.

Sala á raforku til notenda, sem sjálfir hafa orkuvinnslu.

Veitur, sem að jafnaði nota raforku annars staðar að en frá rafveitunni, má tengja við taugakerfi hennar í því skyni, að rafveitan verði aðallega, eða eingöngu, notuð til vara, með því skilyrði, að greitt sé lágmarks ársgjald, er svarar til þeirrar kvaðar, sem hvílir á rafveitunni vegna tengingarinnar. Framsal til annarra á raforku, sem keypt er af rafveitunni, er óheimilt án leyfis rafveitunnar.

13. gr.

Eftirlit með húsveitum og tækjum. Gallar á húsveitum.

Sérhver húsveita, að meðtöldum tækjum til notkunar á raforku, skal fullnægja þeim kröfum, sem settar eru í reglugerð Rafmagnseftirlits ríkisins og í reglugerð rafveitunnar um raflagnir.

Rafveitustjóri sér um, að eftirlit sé haft með öllum húsveitum, gögnum og tækjum, sem notuð eru við hagnýtingu á raforku, og skulu starfsmenn rafveitunnar hafa frjálsan aðgang að öllum herbergjum húss, hvenær sem nauðsynlegt er, til að skoða húsveituna eða hluta hennar eða raftæki, sem nota má við veituna. Vélar og önnur tæki skulu vera þannig sett og þannig útbúin, að þau starfi án þess að titringi valdi eða truflunum á ljósum eða annarri notkun. Sé misbrestur á þessu, eða aðrir gallar á veitu eða tækjum, skal notandi þegar í stað á sinn kostnað láta

löggiltan rafvirkja lagfæra þetta. Nú kemur í ljós við skoðun sem framkvæmd er af rafveitunni. Rafmagnseftirliti ríkisins eða löggiltum rafvirkja á húsveitu og tækjum, að galli er á veitu eða tækjum, og skal þá eigandi veitunnar eða tækjanna skyldur til þess að láta gera við gallana á sinn kostnað. Viðgerðin skal framkvæmd af löggiltum rafvirkja. Rafveitustjóri getur látið taka veituna eða tæki úr sambandi, meðan galli er á veitunni eða tækjunum, þar til úr er bætt, eða látið gera við galla á kostnað eiganda. Húseiganda er skylt að sjá um, að stofntaugar í húsveitu hans séu ávallt nægilega gildar fyrir notkun veitunnar. Ef óleyfileg vör finnast í veitu, skal notandi veitunnar gerður ábyrgur fyrir, samkvæmt fyrirskipun Rafmagnseftirlits ríkisins.

Séu gerðar óleyfilegar tengingar eða breytingar á veitu eða tækjum, eða sýnt hirðuleysi um meðferð eða viðhald veitu eða tækja, skal farið með það sem galla á veitu, og er heimilt að gera eiganda að greiða aukagjald, sem ákveðið er í gjaldskrá, vegna kostnaðar við aukið eftirlit með veitunni.

Það er óleyfilegt, sem ekki fullnægir kröfum, sem settar eru í reglugerðum Rafmagnseftirlits ríkisins um raforkuvirki og reglugerðum Rafveitu Ísafjarðar.

14. gr.
Mælitæki.

1. Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir húsveitu, svo og stað fyrir þau og um tengingu.

Notandi mælistækis er sá, sem skráður er fyrir raforkunotkun þeirrar veitu, sem mælitækið er fyrir. Skal hann bera ábyrgð á mælitækinu svo og raforkunotkun veitunnar, þar til hann lætur af notkun hennar og hefur sagt upp notkuninni með þeim fyrirvara, sem um getur í 19. gr. Rafveitan leggur til öll mælitæki og annast um venjulegt viðhald þeirra og endurnýjun á sinn kostnað. Nú eyðileggst mælitæki eða verður fyrir óvenjulegu hnjaski eða skemmdum, og er þá heimilt að gera notanda að greiða kostnað við viðhald eða endurnýjun.

2. Ef notandi óskar að mælitæki sé leiðrétt, skal hann senda skriflega beiðni um það til rafveitunnar. Ef þá kemur í ljós við athugun mælitækis, að mesta skekkja sé plús eða mínus 5% eða minni, er heimilt að gera notanda að greiða kostnað við prófunina. Sé skekkja meiri, skal rafveitan bera kostnað af prófuninni. Ef notandi vefengir árangur prófunarinnar, skal leita úrskurðar Rafmagnseftirlits ríkisins, og er hann bindandi fyrir báða aðila.

Kostnað við það skal notandi greiða, ef skekkjan reynist minni en plús eða mínus 5%, en rafveitan annars. Hafi kwst. mælir sýnt plús eða mínus 5% skekkju eða meira, skal rafveitan áætla leiðréttingu á reikningi rafmagnsnotanda miðað við fyrri notkun, og eftir þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, eftir því sem næst verður komizt, þó ekki fyrir lengra tímabil en 3 mánuði, nema notandi geti sannað, að um lengra tímabil hafi verið að ræða.

3. Notendur, sem hafa hemil eða rofa, eiga ekki rétt á neinni endurgreiðslu á föstu verði, þótt þeir telji sig ekki hafa getað náð því afli, sem fasta greiðslan er miðuð við, en rafveitunni er skylt að leiðrétta skekkju hemilsins eða rofans, svo fljótt, sem við verður komið. Ef hemill notanda brennur sundur með stuttu millibili og ástæða er til að ætla, að of mikið sé lagt á hann að staðaldri, hefur rafveitan rétt til að neita um hemil og gera notanda að skilyrði að kaupa orkuna eftir öðrum gjaldskrárlið.

4. Ef notandi hefur aukna straumnotkun vegna galla á veitu sinni eða tækjum, er rafveitan ekki skyld til þess að áætla frádrátt á reikningum notandans þess vegna.

5. Ef svo reynist, að notkun hefur orðið meiri en aflestur sýnir, eða aflestur verið skakkur eða útreikningur á reikningsfjárhæðinni, áskilur rafveitan sér rétt til að leiðrétta þessa skekkju eftir á, undir eins og vitað er.

6. Verði uppvíst, að straumur sé notaður á annan hátt, en um er samið, eða að raskað hefur verið mælitækjum eða breytt tengingu, þannig að ekki komi fram öll notkun, skal rafveitan áætla þann straum, sem notaður hefur verið óleyfilega, og skal notandi gjalda fyrir hann þrefalt verð eftir gjaldskrá fyrir allann tímann, sem liðinn er frá síðustu skoðun veitunnar, og þar til leiðrétt er, nema þyngri refsing liggi við að lögum. Ef ekki eru fyrir hendi sérstakar upplýsingar um líklega notkun á veitunni, má miða matið við stærð á vörum þeim, sem fyrir veitunni eru.

Við endurtekningu skal rjúfa samband við veituna, og gera ráðstafanir til að koma fram ábyrgð á hendur þeim, sem brotlegur hefur gerzt.

15. gr.

Ábyrgð.

Ef vanskil eða dráttur verður á greiðslu rafmagnsgjalda, getur rafveitan krafizt tryggingar fyrir skilvísri greiðslu. Ef rafmagnsnotkun um mælitæki nægir ekki til þess að greiða raunverulegan afhendingarkostnað raforkunnar um mælitækið, er rafveitunni heimilt að krefjast lágmarksgjalds fyrir notkunina. Að öðrum kosti er rafveitunni heimilt að taka mælitækið niður og loka veitunni eða breyta tengingu hennar.

16. gr.

Gjald fyrir raforku.

Reikningur fyrir raforku er fallinn í gjalddaga undir eins og krafið er um greiðslu. Nánari reglur um gjalddaga og tilhögun á innheimtu skal setja í gjaldskrá.

17. gr.

Lokun fyrir veitu og enduropnun.

Sé gjald fyrir raforku ekki greitt, þegar greiðslu er krafizt, getur rafveitan sent gjaldanda tilkynningu eða afhent hana í húsnæði því, er veita hans er í, um að hann verði að greiða gjaldið til skrifstofu rafveitunnar innan viku. Dragist greiðslan lengur, er heimilt að taka straum af veitunni, en þó ekki fyrr en þremur dögum eftir að skrifleg tilkynning þess efnis til gjaldanda er afhent honum eða afhent í húsnæði því, sem veita hans er í.

Rafveitunni er heimilt að loka veitunni og senda skuldakröfu, sem hún kann að hafa á hendur notanda, til innheimtu með lögtaki:

a) Þegar notandi, þrátt fyrir kröfur og skriflega aðvörun, sem að framan greinir, hefur ekki greitt reikning frá rafveitunni, sem fallinn er í gjalddaga.
b) Þegar ábyrgðarmaður notanda stendur ekki við ábyrgðina.
c) Þegar notandi hefur gerzt brotlegur við reglugerð þessa. Lokun fyrir strauminn af þessum ástæðum losar notandann ekki undan greiðsluskyldu á lokunartímabilinu. Sé lokað fyrir veituna vegna skulda, má að jafnaði ekki opna aftur nema:

1) Skuldin sé greidd að fullu eða fullnægjandi trygging sett fyrir því, að skuldin verði greidd.
2) Að greitt sé aukagjald fyrir enduropnun veitunnar samkvæmt gjaldskrá.
3) Að trygging sé sett fyrir skilvísri greiðslu framvegis, ef sérstakar ástæður eru til að krefjast slíkrar tryggingar. Ef notandi raforku óskar eftir, að veita hans

sé tekin úr sambandi um tíma, er heimilt að taka aukagjald, samkvæmt gjaldskrá, fyrir enduropnun veitunnar, svo og að taka fulla leigu fyrir mælitæki veitunnar þann tíma, sem veitan var ekki í notkun. Enginn má framkvæma endurtengingu veitu, nema þeir, sem rafveitan hefur veitt umboð til þess hverju sinni. Sé brotið á móti þessu skal farið með það sem endurtekna óleyfilega straumnotkun samkvæmt 14. gr.

18. gr.

Reksturstruflanir.

Stöðvun á rekstri eða truflanir vegna bilana eða takmarkana á raforkuvinnslunni hefur ekki í för með sér neinar skaðabótaskyldur á hendur rafveitunni, en koma skal á reglulegum rekstri aftur, eins fljótt og auðið er.

Notendur eiga ekki rétt á endurgreiðslu, þótt stöðvun verði vegna bilana eða annarra óviðráðanlegra atvika um langan eða skamman tíma, að öðru leyti en því, sem segir síðar um endurgreiðslu fastagjalds, og rafveitan ber ekki ábyrgð á spennubreytingu undir slíkum kringumstæðum eða afleiðingum af þeim, og eigi heldur af bruna eða slysum, sem verða kunna af völdum rafmagns frá húsveitum rafmagnsnotenda.

Rafveitan áskilur sér rétt til þess að loka fyrir straum til viðgerða og viðhalds eða eftirlits á helgidögum á þeim tímum, sem heimilisnotkun er almennt minnst og að nóttu til í maí—júlí svo og endranær, þegar þörf gerist.

Meðan verið er að leggja heimtaugar eða götutaugar, er rafveitunni heimilt að taka straum af því svæði, sem nauðsynlegt er til þess að framkvæma tengingar. Komi það fyrir að takmarka þurfi notkun á raforku um langan tíma, ákveður Rafveitustjórn eftir tillögum rafveitustjóra, hver notkun skuli takmörkuð fyrst og á hvern hátt.

Stöðvun á rekstri skal tilkynna fyrir fram, ef unnt er, en þó eiga notendur enga skaðabótakröfu á hendur rafveitunni, þótt straumur hafi verið tekinn af fyrirvaralaust. Notendur, sem greiða raforku við föstu árgjaldi, eiga rétt á að fá 1/300 hluta árgjaldsins endurgreiddan fyrir hvern heilan dag, er þeir missa raforkuna vegna stöðvunar eða truflana á rekstri, þó eigi fyrir skemmri tíma en tvo sólarhringa.

19. gr.

Uppsögn á rafmagnsnotkun og tilkynning um flutning eða breytingu á notkun.

Sérhver rafmagnsnotkun, er notandi byrjar á eftir nýjum lið gjaldskrár rafveitunnar, er bindandi fyrir hann, að minnsta kosti eitt ár, nema um sé að ræða bráðabirgðalagnir eða tilraunataxta, sem eru fullreyndir á skemmri tíma.

Þó getur rafveitustjóri leyst notanda undan þessari skuldbindingu, þegar sérstaklega stendur á. Þegar ár er liðið, getur notandi sagt upp notkuninni með eins mánaðar fyrirvara, ef ekki er um annað samið eða annað ákveðið í gjaldskrá rafveitunnar. Skal uppsögn tilkynnt rafveitustjóra skriflega.

Rafveitan áskilur sér sama uppsagnarfrest af sinni hálfu og notandi hefur samkvæmt framansögðu.

Tilkynning um breytingu á notkun frá einum gjaldskrárlið til annars er sama og uppsögn á fyrri notkun og beiðni um nýja, og fer um það sem að ofan greinir.

Tilkynning um flutning notanda úr einni íbúð í aðra skal afhenda á skrifstofu rafveitunnar með hálfs mánaðar fyrirvara.

Notandi ber ábyrgð á raforkunotkun þeirrar veitu, sem hann er skráður fyrir, þar til er hann hættir notkun veitunnar og hefur sagt henni upp með þeim fyrirvara, sem hann hefur, samkvæmt reglugerð þessari.

20. gr.

Breytingar á gjaldskrá.

Notanda skal skylt að hlíta ákvæðum gildandi gjaldskrár rafveitunnar og breytingum þeim, sem rafveitustjórn samþykkir og ráðherra staðfestir. Verði ágreiningur milli rafveitustjóra og notanda um skilning á ákvæðum gjaldskrár eða settum skilyrðum fyrir rafmagnsnotkun, getur notandi krafizt þess, að ágreiningurinn verði lagður undir úrskurð rafveitustjórnar.

C. ALMENN ÁKVÆÐI

21. gr.

Brot á reglugerð.

Brot á reglugerð þessari eða gegn reglum sem settar verða samkvæmt henni, varða sektum allt að 100 000.00 krónum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum.

Ef brot veldur skemmdum á eignum rafveitunnar, skal hinn brotlegi þess utan bæta skaðann. Sektir renna í ríkissjóð.

22. gr.

Málssókn.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari, eða reglum, sem settar eru samkvæmt henni, skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 169 29. ágúst 1947 fyrir Rafveitu Ísafjarðar og Eyrarhrepps.

Iðnaðarráðuneytið, 25. júlí 1973.

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.

25. júlí 1973. Nr. 231.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Ísafjarðar.

I. RAFORKA

1. Ljós.

1.1. Um kWst. mæli kr. 14.20 kWst.

1.2. Um kWst. mæli kr. 7.20 kWst. auk fastagjalds er nemi kr. 46.00 m^2 á ári, í rúmi því, sem lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólffleti í verzlunum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir ganga og geymslur kr. 23.00 m^2.

2. Almenn heimilisnotkun.

2.1. Um kWst. mæli kr. 3.50 kWst. auk fastagjalds er nemi kr. 27.00 á mán. af hverju íbúðarherbergi. Mælaleiga af einum mæli falli niður.

Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll íbúðarherbergi og eldhús, en ekki ganga, baðherbergi, þvottahús og geymslur. Herbergi sem er minna en 7 ferm. skal telja sem hálft, þó þannig að ekki skal greiða fastagjald af herbergjum sem eru minni en 5 ferm. Herbergi sem eru stærri en 25 ferm. skal telja sem tvö.

Vélanotkun.

3.1. Um kWst. mæli kr. 7.20 kWst.

3.2. Um afl og orkumæla þannig reiknað:
Aflgjald af notuðu afli kr. 3 630.00 kW/ári. Orkugjald af allri notkun kr. 1.50 kWst. Notað afl hvers almanaksárs telst vera meðaltal fjögurra hæstu álestra, en álestrar fari fram með jöfnu millibili, en þó eigi skemur en eins mánaðar. Aflnotkun mælist sem meðalálag yfir stundarfjórðung. Minnsta aflgjald skal vera kr. 11 000.00 á ári. Eftir þessum gjaldskrárlið má selja raforkunotkun atvinnufyrirtækja, sjúkrahúsa, heimavistarskóla og annarra slíkra staða, gegn greiðslu fastagjalds af ljósnotkun.

4. Hitun.

4.1. Til gisti- og veitingahúsa, sjúkrahúsa, heimavistarskóla og annarra slíkra staða má selja raforku til suðu og hitunar um sér mæli á kr. 3.50 kWst. enda séu suðu- og hitatæki fasttengd.

4.2. Til bakarofna í brauðgerðarhúsum kr. 1.15 kWst. á tímanum frá kl. 22—10, kr. 3.50 kWst á tímanum 10—22, enda sé straumurinn rofinn í fjórar stundir á mesta álagstíma Rafveitunnar. þó eigi lengur en tvær stundir í senn, og notendur kosti uppsetningu tvígjaldsmæla.

4.3. Hiti í kirkju um kWst. mæli kr. 2.10 kWst. enda sé straumurinn rofinn í fjórar stundir á mesta annatíma rafveitunnar, þó eigi lengur en tvær stundir í senn.

5. Önnur notkun.

5.1. Til götu- og hafnarljósa um kWst. mæli kr. 3.00 kWst.

5.2. Til nota við vinnulagnir við byggingu, meðan á byggingu stendur um kWst. mæli kr. 7.20 kWst.

5.3. Til súgþurrkunar um kWst. mæli kr. 2.00 kWst.

5.4. Alla raforkunotkun, sem ótalin er, og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið 1.1.

5.5. Ofangreint raforkuverð er miðað við að raunstuðullinn sé ekki lægri en 0.8. Verði raunstuðull lægri er heimilt að miða raforkuverðið við kVA og kVAst. í stað kW. og kWst.

Lágmarkskostnaður um hverja heimtaug skal vera kr. 1 200.00 á ári.

II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu og sú ákvörðun er skuldbindandi fyrir notanda, sem skal greiða leigu af mælitækjum sem hér segir.

1.	Af einfasa kWst. mælum	kr. 30.00	á mán.
2.	Af þrífasa kWst. mælum 100A og minni	— 65.00	— —
3.	Af mestaaflsmælum 100A og minni	— 160.00	— —
4.	Af mestaaflsmælum stærri en 100A	— 200.00	— —
5.	Af skiptiklukkum	— 30.00	— —
6.	Af ljósnæmisrofum	— 120.00	— —

Af öðrum mælitækjum en þeim sem hér eru nefnd skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækjanna. Leigan skal innheimt um leið og gjöld fyrir raforku.

III. HEIMTAUGAGJALD

Heimtaugargjald skal greitt samkvæmt eftirfarandi töflu:

Fari lengd jarðstrengsheimtaugar fram úr 15 metrum eða loftlínuheimtaugar fram úr 40 metrum skal greitt yfirlengdargjald eins og taflan sýnir:

60A. 3 fasa	12 100.00	640.00
100A. 3 fasa	17 600.00	750.00
125A. 3 fasa	22 000.00	860.00
200A. 3 fasa	35 000.00	1 070.00
350A. 3 fasa	61 600.00	1 485.00

Fyrir heimtaug með flutningsgetu 150 kVA, (hér kann að þurfa spennistöð), skal greitt heimtaugargjald er nemi kr. 320.00 á hvert kVA. Skal þá aflið miðað við varastærðina 350, 400 eða 630 Amp. Yfirlengdargjald miðast við 350 Amp. samkvæmt töflu. Lengd jarðilínuheimtaugar 60—200 Amp. reiknast frá varkassa, stytztu greiðfæra leið að lóðamörkum. Yfirlengd reiknast ekki af vegalengd sem er umfram 100 m frá varkassa. Þurfi að leggja jarðlínuheimtaug útfrá loftlínu, skal lengd heimtaugar reiknuð jöfn lengd jarðstrengs frá varkassa að loftlínustólpa. Þveri jarðlínuheimtaug akbraut skal breidd akbrautar ekki reiknuð með.

Lengd loftlínuheimtaugar 60—100 Amp. reiknast frá næsta stólpa í notendalínu við götu stytztu greiðfæra leið að varkassa. Þurfi að setja stólpa fyrir heimtaug nær húsi en 40 m svo hún nái löglegri hæð skal greitt umframgjald kr. 3 800.00 fyrir stólpann.

Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna ákveðins notanda, og hún að mestu leyti notuð í hans þágu skal notandanum skylt að leggja til lóð undir stöðina, rafveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð lóðarinnar og staðsetningu stöðvarinnar. Sé lögð bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr eða hús í byggingu, skal greitt fyrir hana sem hér segir:

60 Amper 2 fasa ..... kr. 3 200.00

Óski húseigandi eftir að heimtaug verði breytt úr 1 fasa heimtaug, eða flutningsgeta jarðstrengsheimtaugar verði aukin, skal hann greiða fyrir breytingu skv. kostnaði, þó aldrei minna en mismun á heimtaugargjaldi samkvæmt gjaldskrá.

Þurfi að breyta loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug vegna breytinga á stofnlínu í götu, skal húseigandi greiða 1/6 hluta heimtaugargjalds skv. gjaldskrá.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum innan lögsagnarumdæmis Ísafjarðarkaupstaðar. Sé um óskipulegt svæði að ræða eða aðstæður óvenjulegar er heimilt að krefjast sérstaks aukagjalds húseigenda eða gera honum að greiða heimtaugina skv. kostnaði, en gera skal honum aðvart um það fyrirfram.

IV. OPNUNARGJALD

1. Hafi verið lokað fyrir veitu vegna vanskila á gjöldum rafveitunnar er óheimilt að opna fyrir aftur fyrr en notandi hefur greitt áfallin gjöld og kr. 330.00 í opnunargjald í skrifstofu rafveitunnar.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust. Er óheimilt að opna aftur fyrr en notandinn hefur greitt kr. 150.00 í skrifstofu rafveitunnar.

V. ÝMIS ÁKVÆÐI

Hækki innkaupsverð á raforku er rafveitustjórn heimilt að hækka raforkureikninga um 30% af þeirri hækkun. Fyrir hver 5% sem kaupgjald hjá Rafveitu Ísafjarðar hækkar eða lækkar, hvort heldur er sökum breytinga grunnkaups eða kaupgjaldsvísitölu frá og með 1. júlí 1973 er rafveitustjórn heimilt að hækka eða lækka gjaldskrá um 2%. Ef fyrirsjáanlegt er að dómi rafveitustjóra, eða örðugleikar verði á rekstri rafveitunnar sakir vatnsskorts, getur rafveitustjórn með samþykki ráðuneytis gert bráðabirgðaráðstafanir er hún telur heppilegar til að draga úr orkunotkun á veitusvæðinu meðan á vatnsskorti stendur.

Söluskattur er innifalinn í gjaldskránni, svo og viðlagagjald, skv. lögum nr. 4/1973. Söluskattur og viðlagagjald reiknast ekki af húshitun.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1957, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Ísafjarðar nr. 110 29. marz 1973.

Iðnaðarráðuneytið, 25. júlí 1973.

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.

Nr. 232. 30. júlí 1973.

REGLUGERÐ

um 7. flokk Veðdeildar Búnaðarbanka Íslands.

1. gr.

Veðdeildinni er heimilt að gefa út nýjan flokk bankavaxtabréfa og verða þau kölluð 7. flokkur.

Fjárhæð hvers bankavaxtabréfs skal verða kr. 10 000.00 og hvert bréf vera tölusett. Bankavaxtabréfunum skulu fylgja a. m. k. 15 vaxtamiðar.

Bankavaxtabréfin skulu afhent eingöngu til lántakenda til jarðakaupa, og koma til viðbótar jarðakaupalánum, sem veitt verða og útborguð í peningum.

2. gr.

Til tryggingar bankavaxtabréfum þessum er:

1. Veðskuldabréf þau, sem veðdeildarflokkurinn fær frá lántakendum.
2. Varasjóður veðdeildarflokksins.
3. Ábyrgð ríkissjóðs.

Ef taka þarf til tryggginganna, skal það gert í þeirri röð, sem að framan greinir.

3. gr.

Vextir af bankavaxtabréfunum skulu vera 8½% á ári, og greiðast eftir á, fyrir eitt ár í senn hinn 15. apríl ár hvert, í fyrsta sinn 15. apríl 1974.

4. gr.

Afborgun og endurgreiðslum lána skal varið til innlausnar bankavaxtabréfanna og fer eftir hlutkesti sem notarius publicus hefur umsjón með. Þegar hlutkesti hefur farið fram, skal auglýsa í Lögbirtingablaðinu með 6 mánaða fyrirvara tölurnar á útdregnum bankavaxtabréfum, er innleysa á. Gjalddagi innleystra bréfa er 15. apríl ár hvert, í fyrsta sinn 15. apríl 1975.

5. gr.

Fé veðdeildarflokksins má lána gegn veði í fasteignum bænda. Lánsfjárhæðin má eigi vera hærri en svo, að hún ásamt áhvílandi skuldum við veðdeild Búnaðarbanka og Stofnlánadeild landbúnaðarins, fari ekki fram úr 60% af matsverði veðsins.

Lánstíminn skal vera allt að 15 árum.

Ársvextir lána skulu vera 9%, þar í innifalið ½% kostnaðartillag til varasjóðs.

Lánin eru útborguð í bankavaxtabréfum, sbr. 1. gr.

6. gr.

Að öðru leyti gilda almenn ákvæði laga nr. 115, 7. nóv. 1941 um Búnaðarbanka Íslands, III. kafli 13. til 30. gr. og fyrirmæli um veðdeild bankans frá 30 apríl 1930.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 115, 7. nóv. 1941 um Búnaðarbanka Íslands, og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 30. júlí 1973.

Halldór E. Sigurðsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

30. júlí 1973. Nr. 233.

SAMÞYKKT

fyrir Veiðifélag Krossár, Bitrufirði.

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Krossár í Bitrufirði, Strandasýslu. Heimili þess og varnarþing er Óspakseyrarhr., Strandasýslu.

2. gr.

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að Krossá, en þær eru Óspakseyri, Hvítahlíð, Gröf, Árdalur, Einfætingsgil.

3. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu, og að leigja það til stangarveiði. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.

4. gr.

Stjórn félagsins skipa þrír menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig, að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár, og hinn eftir þrjú ár, og helzt svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorazt undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið, og hinir hitt árið.

5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

6. gr.

Aðalfund skal halda í júlí/ágústmánuði ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.

7. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.

8. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

9. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 76. 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 30. júlí 1973.

Halldór E. Sigurðsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

Nr. 234. 30. júlí 1973.

Stjórnarráðsbréf til biskupsins yfir Íslandi um nýja kirkjusókn í Breiðholtsprestakalli.

Með skírskotun til bréfs yðar, háæruverðugi herra, dags. 2. apríl sl., svo og síðari viðræðna varðandi tilmæli í Fella- og Hólahverfum, er fylgja Breiðholtsprestakalli samkvæmt auglýsingu nr. 74 29. marz 1972, um að stofna sérstaka sókn í þessum hverfum, sem markast af Höfðabakka að vestan, Breiðholtsbraut og línu í Elliðaár að sunnan og austan, og síðan Elliðaám að austan og norðan, tekur ráðuneytið fram, með vísun til tillagna yðar og safnaðarráðs Reykjavíkurprófastsdæmis, sbr. 1. gr. XV og 2. gr. laga nr. 35 1970, að það samþykkir, að stofnuð skuli nú þegar sérstök sókn í umræddu hverfi, sem nefnist Fella- og Hólasókn. Sóknargjöld fyrir árið 1973 innheimtast með tilliti til stofnunar hinnar nýju sóknar.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 30. júlí 1973.

Ólafur Jóhannesson.

Baldur Möller.

SAMÞYKKT

fyrir Veiðifélag Rangæinga.

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Rangæinga. Heimili þess og varnarþing er heimili formanns.

2. gr.

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að Hólsá, Ytri-Rangá, Þverá milli ármóta hennar og Ytri-Rangár og Eystri-Rangár og Eystri-Rangá, en þær eru:

Djúpárhreppur: Bali I, Bali II, Bjóla I, Bjóla II, Bjóluhjáleiga, Borgartún I, Borgartún II, Brekka, Búð I, Dísukot, Eyrartún, Hábær I, Hábær II, Hái-Rimi II, Hái-Rimi III, Hákot, Hávarðarkot, Hrafntóftir I, Hrafntóftir II, Hraukur, Húnakot, Jaðar, Litla-Rimakot, Melur, Miðkot, Norður-Nýibær, Oddspartur, Skarð, Skinnar, Sólbakki, Stóra-Rimakot, Suður-Nýibær, Tobbakot I, Tobbakot II, Unuhóll I, Unuhóll II, Vatnskot I, Vatnskot II, Vesturholt, Ægissíða I, Ægissíða II, Ægissíða III, Önnupartur.

Holtahreppur: Árbæjarhjáleiga, Árbær, Árbæjarhellir.

Landmannahreppur: Árbakki, Austvaðsholt I, Austvaðsholt II, Bjalli, Efra-Sel, Galtalækur, Holtsmúli I, Holtsmúli II, Hrólfstaðahellir, Húsagarður, Leirubakki, Lunansholt I, Lækjarbotnar, Merkihvoll, Neðra-Sel, Réttanes, Snjallsteinshöfði, Tjörfastaðir, Vatnagarður.

Vestur-Landeyjahreppur: Eystri-Hóll, Grímsstaðir, Ytri-Hóll I, Ytri-Hóll II.

Rangárvallahreppur: Ármót, Ártún, Bakkakot, Bolholt, Fróðholtshjáleiga, Gaddstaðir, Geldingalækur, Grafarbakki, Gröf, Gunnarsholt, Haukadalur, Heiðarbrekka, Heiði I, Heiði II, Helluvað I, Helluvað II, Helluvað III, Hjarðarbrekka, Hólar, Kaldbakur, Keldur, Ketilhúshagi, Kirkjubær, Lambhagi, Langekra, Minna-Hof, Nes, Næfurholt, Oddhóll, Oddi, Rauðnefsstaðir, Reynifell, Selalækur, Selsund, Sólvellir, Stokkalækur, Stóra-Hof, Svínhagi, Varmidalur I, Varmidalur II, Vestra-Fróðholt, Vindás, Þingskálar, Þorleifsstaðir.

Hvolhreppur: Akur, Árgilsstaðir I, Árgilsstaðir II, Bakkavöllur, Djúpidalur, Efri-Hvoll, Gata, Hjarðartún, Kotvöllur, Króktún, Lynghagi, Markaskarð, Miðtún, Móeiðarhvoll I, Móeiðarhvoll II, Móeiðarhvolshjáleiga, Stórólfshvoll, Vallarhjáleiga, Völlur I, Völlur II, Þinghóll.

3. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu, og að leigja það til stangaveiði. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.

4. gr.

Stjórn félagsins skipa fimm menn, formaður og fjórir meðstjórnendur, sem skulu vera frá deildarsvæðunum, þ. e. tveir frá hvoru svæði, en fimmti stjórnarmaður, sem verður formaður, óbundinn, hvað búsetu snertir. Varaformann skal kjósa á sama hátt. Aðalfundir deilda skulu tilnefna þessa tvo menn, hver á sínu svæði, og tvo varamenn þeirra. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig, að formaður gengur út eftir eitt ár, tveir meðstjórnenda eftir tvö ár, og hinir eftir þrjú ár, og helzt svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorazt undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar endurskoðandinn gangi út annað árið en hinn hitt árið.

5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar, eða þeim aðila, sem hún veitir umboð til að gefa slíkt leyfi. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

6. gr.

Aðalfund skal halda í marzmánuði ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.

7. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.

8. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

9. gr.

Félagið starfar í tveimur deildum, en önnur deildin nái til eystri bakka Hólsár og allrar Þverár milli Ytri-Rangár og Eystri-Rangár og Eystri-Rangár ásamt fiskgengum ám og lækjum, sem í Eystri-Rangá falla. Hin deildin taki til vestari bakka Hólsár og allrar Ytri-Rangár ásamt fiskgengum ám og lækjum, sem í Ytri-Rangá falla.

Skal hvor deild sjá um ráðstöfun veiði fyrir það svæði, sem hún tekur yfir, með þeim takmörkunum, sem aðalfundur félagsins setur. Hver deild skal kjósa sér þriggja manna stjórn og aðra starfsmenn á grundvelli samþykktar þessarar og hafa skýrslur og greinargerðir tilbúnar þremur vikum fyrir aðalfund félagsins. Aðalfundir deilda skulu haldnir í febrúar ár hvert.

10. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVI kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi eldri samþykkt fyrir félagið.

Landbúnaðarráðuneytið, 30. júlí 1973.

Halldór E. Sigurðsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

SAMÞYKKT

um sorphreinsun í Ísafjarðarkaupstað.

1. gr.

Ísafjarðarkaupstaður sér um sorphreinsun frá öllum fasteignum á skipulögðu svæði kaupstaðarins. Fer hún fram undir yfirstjórn bæjartæknifræðings og með umsjón heilbrigðisnefndar kaupstaðarins.

2. gr.

Sorp skal sett í sérstaka poka, sem sveitarfélagið afhendir, en aðrar gerðir poka má ekki nota. Undir pokana skal nota sérstakar grindur, eða sérstaka kassa, sem smíðaðir eru fyrir pokana. Grindinni skal komið þannig fyrir, að sorppoki hangi 2—5 cm yfir jörðu, gólfi eða kassabotni. Lok skal vera yfir grindinni.

3. gr.

Húseigendur bera allan kostnað af uppsetningu og viðhaldi sorpgrinda/sorpkassa. Hafa skal greiðfæran stig að sorpgrind/sorpkassa ca. 90 cm breiðan.

4. gr.

Við hvert hús skal vera a. m. k. einn skápur/grind fyrir hvert heimili, en að öðru leyti miðast fjöldi skápa/grinda við það, að sorppokar yfirfyllist ekki milli tæminga.

5. gr.

Ef nauðsyn krefur t. d. vegna stórhátíðar eða ef vænta má stöðvunar á sorphreinsun, þá geta húseigendur fengið aukapoka eftir þörfum í áhaldahúsi bæjarins eða öðrum stað eftir nánari ákvörðun.

6. gr.

Sorphreinsun fer fram á virkum dögum og ekki eftir kl. 23.

7. gr.

Sorphreinsun skal framkvæmd vikulega og ekki sjaldnar en 40 sinnum á ári.

8. gr.

Í sorppoka má setja allt venjulegt heimilissorp þó ekki meira en 25 kg í hvern poka. Ekki má setja glóð og heita ösku í sorppoka.

9. gr.

Mold, möl, grjót og svipað efni má ekki láta í pokana, en skal flutt á svæði, skv. nánari fyrirmælum bæjarstjórnar. Sama gildir um bílhræ og brotajárn. Þangað er þó bannað að flytja pappír, plast eða annað eyðanlegt sorp. Bannað er að aðgreina eða flytja burt úrgang frá slíku svæði.

10. gr.

Pakka skal inn í pappír eða plast glerbrotum, oddhvössum eða beittum hlutum og blautu sorpi, áður en slíkt er sett í sorppoka. Bannað er að setja eldfima vökva t. d. benzín eða olíu í sorpílát, hvort sem er í umbúðum eða án þeirra.

11. gr.

Ekki má setja meira sorp í pokana en svo, að auðveldlega megi loka þeim eða hafa lok fyrir sorpgrindinni. Fyllsta hreinlætis skal gætt umhverfis sporppokana.

12. gr.

Bannað er að urða olíuleifar og önnur efni, sem mengað geta jarðveg og einnig er bannað að kasta slíkum efnum í sjóinn. Skal þeim brennt eða eytt á annan hátt eftir því sem kostur er á, og skal slík eyðing fara fram undir eftirliti heilbrigðisnefndar og starfsmanna bæjarins.

13. gr.

Fyrirferðarmiklum en brennanlegum úrgangi, svo sem umbúðum og því um líku, skulu forsvarsmenn heimila og atvinnurekstrar koma á sorphreinsunarbíl, þegar hreinsun fer fram eða í sorphaugastað skv. nánari fyrirmælum bæjarstjórnar.

14. gr.

Eftir að sorpeyðingarstöð tekur til starfa er heimilt að krefjast sérstakrar greiðslu fyrir eyðingu slíks úrgangs svo og fyrir eyðingu meiriháttar úrgangs frá matsölustöðum, sláturhúsum, iðnfyrirtækjum o. s. frv.

15. gr.

Kostnaður við almenna sorphreinsun og sorpeyðingu greiðist úr bæjarsjóði. Bæjarstjórn er heimilt að innheimta sérstakt sorphreinsunargjald, skv. nánari ákvörðun, og skal það innheimt með fasteignagjöldum hvers árs.

16. gr.

Kvörtunum vegna sorphreinsunar skal koma skriflega til bæjarstjórnar.

17. gr.

Hugsanleg vafaatriði varðandi fjölda skápa (sorppoka) úrskurðar heilbrigðisnefnd.

18. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum allt að kr. 100 000.00 nema þyngri refsing liggi við að lögum. Með brot á samþykktinni skal farið að hætti opinberra mála.

19. gr.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 31. júlí 1973.

Magnús Kjartansson.

Páll Sigurðsson.

Nr. 237. 2. ágúst 1973.

REGLUR

fyrir samstarfsnefnd um skipulagsmál Akureyrar og nágrennis.

1. gr.

Samstarfsnefnd um skipulagsmál Akureyrar og nágrennis, hér eftir kölluð samstarfsnefnd, er svo skipuð að í henni eiga sæti samtals 11 menn. Skipulagsstjórn ríkisins skipar formann nefndarinnar, en að öðru leyti er hún skipuð fulltrúum tilnefndum af sveitarstjórnum eftirtalinna sveitarfélaga, tveim frá hverju og jafn-

mörgum til vara: Akureyri, Glæsibæjarhreppi, Hrafnagilshreppi, Svalbarðsstrandarhreppi og Öngulsstaðahreppi.

Skipulagsstjóri, bæjarverkfræðingur Akureyrar, byggingafulltrúi hreppanna og aðrir sem nefndin kann að óska að kveðja til, hafa rétt til fundarsetu og hafa þar málfrelsi og tillögurétt.

2. gr.

Hlutverk nefndarinnar er að vinna að samræmingu í skipulagi þess svæðis er umrædd sveitarfélög ná yfir. Nú verður ágreiningur um, hversu víðtækt hlutverk nefndarinnar sé, og sker þá skipulagsstjórn úr.

3. gr.

Formaður boðar nefndina til fundar með a. m. k. viku fyrirvara, þegar hann telur þörf á, eða að eitthvert aðildarsveitarfélagið óskar eftir fundi. Formaður ákveður fundarstað.

Fundur er lögmætur ef formaður og helmingur annarra nefndarmanna er viðstaddur. Afl atkvæða ræður úrslitum. Þó getur nefndin ekki tekið fullnaðarákvörðun um mál er varðar sérstaklega hagsmuni tiltekins sveitarfélags, ef fulltrúar (fulltrúi) þess lýsa sig andvíga þeirri ákvörðun, eða eru ekki á fundinum.

Nefndin kýs sér ritara og vararitara. Halda skal gerðabók og skal formaður og ritari undirrita hana í fundarlok. Sá fundarmaður, sem er ósamþykkur ákvörðun meirihlutans, á rétt á að fá stutta athugasemd um skoðun sína færða til bókar.

Senda skal viðkomandi sveitarstjórnum afrit fundargerðar til meðferðar.

4. gr.

Nefndin lætur á uppdrætti auðkenna þann (eða þá) hluta svæðisins sem hún telur rétt að fjallað skuli um, einnig skal sérstaklega auðkenna þann hluta af óskipulögðu svæði, sem hún telur að ekki skuli skipulagður að svo stöddu.

5. gr.

Á uppdrætti skal sýna legu aðalumferðarbrauta og annarra gatna eða vega sem áhrif hafa á skipulag utan þess sveitarfélags þar sem gatan eða vegurinn er. Þá skal í stórum dráttum sýna hina fyrirhuguðu landnotkun.

Enn fremur skal sýna legu meiriháttar mannvirkja, s. s. flugvalla, hafna, háspennulína, aðalræsa, vatnsbóla aðalvatns og hitaveituæðar, jarðhitasvæði, mannvirki sem sérstakt menningar- og sögugildi hafa og náttúrumyndanir sem ætlazt er til að óskertar verði.

6. gr.

Með samþykki skipulagsstjórnar og viðkomandi sveitarstjórna getur samstarfsnefnd ráðið sér starfslið til aðstoðar, en að öðru leyti veitir skipulagsskrifstofa ríkisins nauðsynlega aðstoð.

7. gr.

Þegar samstarfsnefnd hefur gengið frá tillögu um skipulag svæðisins, eða þann hluta þess, sem hún telur ástæðu til að taka til meðferðar á hverjum tíma, skal tillagan send til samþykktar viðkomandi sveitarstjórna. Að fenginni samþykkt hlutaðeigandi sveitarstjórna, sendir samstarfsnefndin tillöguna ásamt rökstuddri greinargerð til skipulagsstjórnar.

Um meðferð tillögunnar eftir að hún berst til skipulagsstjórnar, fer samkvæmt ákvæðum skipulagslaga nr. 19/1964.

8. gr.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist þannig, að hvert sveitarfélag sem aðild á að nefndinni, greiðir kostnað vegna sinna fulltrúa.

Í árslok gerir nefndin tillögu um skiptingu kostnaðar að öðru leyti. Náist ekki samkomulag allra aðila sker ráðherra úr að fengnum tillögum skipulagsstjórnar.

9. gr.

Stefnt skal að því að nefndin ljúki nauðsynlegustu störfum fyrir lok núverandi kjörtímabils sveitarstjórna. Ef nefndin óskar og gildar ástæður þykja til, getur ráðherra framlengt starfstímabil nefndarinnar, þó ekki lengur en til fjögurra ára í senn.

10. gr.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt 5. mgr. 3. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 2. ágúst 1973.

Björn Jónsson.

Hallgrímur Dalberg.

Nr. 238. 7. ágúst 1973.

REGLUGERÐ

um sorphreinsun í Hafnarhreppi.

1. gr.

Hafnarhreppur sér um sorphreinsun frá öllum fasteignum á skipulögðu svæði kauptúnsins. Fer hún fram undir yfirstjórn sveitarstjóra og heilbrigðisnefndar kauptúnsins.

2. gr.

Sérhver húseigandi (eða leigjandi) í Hafnarhreppi er skyldugur að nota þær aðferðir og tæki við sorpgeymslu og hreinsun, sem hreppsnefnd ákveður.

3. gr.

Húseigendur bera allan kostnað af uppsetningu og viðhaldi sorptækja.

4. gr.

Sorpið, sem sett er í sorpílátin, má vera allt venjulegt heimilissorp. Sorp, sem ekki má setja í sorppoka er: mold, möl, grjót, mykja, byggingasorp og stærri trjágreinar.

5. gr.

Ekki má setja meira sorp í pokana en svo, að auðveldlega megi loka þeim þegar skipt er um poka. Fyllsta hreinlætis skal gætt umhverfis sorppokana.

6. gr.

Pakka skal inn beittum og oddhvössum hlutum s. s. glerbrotum, áður en þeir eru settir í sorppokana.

7. gr.

Bannað er að setja eldfima vökva s. s. olíur og benzín í sorpílát, hvort sem er laust eða í umbúðum. Á haugum skal vera aðstaða til brennslu slíkra hluta.

8. gr.

Sorpílát verði losuð vikulega og bundið fyrir alla poka við losun grinda. Ekki má losa sorpílát á helgidögum, né eftir kl. 23 virka daga. Sorphreinsun skal framkvæma minnst 40 sinnum á ári.

9. gr.

Kvörtun vegna sorphreinsunar skal koma skriflega til heilbrigðisfulltrúa.

10. gr.

Minnst ein sorpgrind skal fylgja hverri fjölskyldu.

11. gr.

Hverjum íbúðareiganda ber að sjá um, að pokar yfirfyllist ekki milli tæminga.

12. gr.

Sorppokar eru afhentir einu sinni í viku á skrifstofu Hafnarhrepps. Aðrar gerðir af pokum má ekki nota.

13. gr.

Sorppokarnir skulu vera í grindum, sem hreppsnefndin hefur samþykkt. Grindurnar skulu vera á stöðum, sem aðgengilegir eru fyrir sorphreinsunarmenn, á lóð húss þess, sem þær tilheyra. Hafa skal greiðfæran stíg ca. 90 cm breiðan frá grind til endimarka lóðarinnar. Sveitarstjórn er heimilt að taka sérstakt gjald, ef sorpaðstaða er mjög óaðgengileg. Húsráðendur verða að sjá um að hafa grindurnar í góðu ásigkomulagi og endurnýja þær, ef þörf krefur.

14. gr.

Ef sorpið er svo mikið eða í þannig formi, að ekki hæfi viðurkenndum sorpílátum skal húseigandi annast sorphreinsun eða óska þess að sveitarfélagið annist hreinsanir gegn sérstöku gjaldi.

15. gr.

Mold, möl, grjót og svipuð efni, sem ekki má setja í sorppokana skal flutt á afmarkað svæði skv. nánari fyrirmælum sveitarstjórnar. Sama gildir um bílhræ og brotajárn.

16. gr.

Fyrirferðarmiklum, en brennanlegum úrgangi, svo sem umbúðum og því um líku, skulu forsvarsmenn heimila og atvinnurekstra koma á sorphreinsunarbíl, þegar hreinsun fer fram, eða í sorphaugastað, skv. nánari fyrirmælum sveitarstjórnar.

17. gr.

Auka hreinsun skal fara fram á hverju vori, svo húseigendur geti losnað við allt sorp, sem fellur til, við venjulega lóðhreinsun að vori. Þessi hreinsun skal sérstaklega auglýst.

18. gr.

Hreinsa skal oftar en vikulega frá hótelum og matsölustöðum, ef þörf krefur, en sérstakt gjald komi þá fyrir. Aukahreinsun skal vera milli jóla og nýárs.

19. gr.

Sorphreinsunarmönnum er óheimilt að hnýsast í sorppoka.

20. gr.

Öll sorpbrennsla er óheimil.

21. gr.

Kostnaður við almenna sorphreinsun og sorpeyðingu greiðist úr sveitarsjóði. Sveitarstjórn er þó heimilt að innheimta með fasteignagjöldum hvers árs, áætlað kostnaðarverð þeirra sorppoka, sem viðkomandi fasteignir eyða á árinu.

22. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum allt að kr. 100 000.00 nema þyngri refsing liggi við að lögum. Með brot á reglugerðinni skal farið að hætti opinberra mála.

23. gr.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Hafnarhrepps, staðfestist hér með, skv. lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 7. ágúst 1973.

Magnús Kjartansson.

Páll Sigurðsson.

Nr. 239. 7. ágúst 1973.

SAMÞYKKT

um sorphreinsun í Bolungarvík.

1. gr.

Hólshreppur sér um sorphreinsun frá öllum fasteignum á skipulögðu svæði kauptúnsins (Bolungarvík). Fer hún fram undir yfirstjórn sveitarstjóra og með umsjón heilbrigðisnefndar Bolungarvíkur.

2. gr.

Sorp skal sett í sérstaka poka, sem sveitarfélagið afhendir, en aðrar gerðir poka má ekki nota. Undir pokana skal nota sérstakar grindur, sem komið skal fyrir í sérsmíðuðum skápum.

3. gr.

Húseigendur bera allan kostnað af uppsetningu og viðhaldi sorpgrinda og sorpskápa. Hafa skal greiðfæran stíg að sorpkassa ca. 90 cm breiðan.

4. gr.

Við hvert hús skal vera a. m. k. einn skápur fyrir hvert heimili, en að öðru leyti miðast fjöldi skápa við það, að sorppokar yfirfyllist ekki milli tæminga.

5. gr.

Ef nauðsyn krefur t. d. vegna stórhátíðar eða ef vænta má stöðvunar á sorphreinsun, þá geta húseigendur fengið aukapoka eftir þörfum í áhaldahúsa hreppsins.

6. gr.

Sorphreinsun fer ekki fram á helgidögum eða eftir kl. 23 á virkum dögum.

7. gr.

Sorphreinsun skal framkvæmd vikulega og ekki sjaldnar en 40 sinnum á ári.

8. gr.

Í sorppoka má setja allt venjulegt heimilissorp þó ekki meira en 25 kg í hvern poka. Ekki má setja glóð, heita ösku, mold, möl, mykju og byggingasorp (timbur, múrsteinar) í sorppoka.

9. gr.

Pakka skal inn í pappír eða plast glerbrotum, oddhvössum eða beittum hlutum og blautu sorpi, áður en slíkt er sett í sorppoka. Bannað er að setja eldfima vökva t. d. benzín eða olíu í sorpílát, hvort sem er í umbúðum eða án þeirra.

10. gr.

Ekki má setja meira sorp í pokana en svo, að auðveldlega megi loka þeim eða hafa lok yfir sorpgrindinni. Fyllsta hreinlætis skal gætt umhverfis sorppokana.

11. gr.

Mold, möl, grjót eða svipuð efni, skulu flutt á afmarkað svæði samkvæmt nánari fyrirmælum sveitarstjórnar. Sama gildir um bílhræ og brotajárn.

12. gr.

Bannað er að urða olíuleifar og önnur efni, sem mengað geta jarðveg og einnig er bannað að kasta slíkum efnum í sjóinn. Skal það brennt eða eytt á annan hátt eftir því sem kostur er á, og skal slík eyðing fara fram undir eftirliti heilbrigðisnefndar og starfsmanna hreppsins.

13. gr.

Fyrirferðamiklum en brennanlegum úrgangi, svo sem umbúðum og því um líku, skulu forsvarsmenn heimila og atvinnurekstrar koma á sorphreinsunarbíl, þegar hreinsun fer fram eða á sorphaugastað skv. nánari fyrirmælum sveitarstjórnar.

14. gr.

Eftir að sorpeyðingarstöð tekur til starfa er heimilt að krefjast sérstakrar greiðslu fyrir eyðingu slíks úrgangs svo og fyrir eyðingu meiriháttar úrgangs frá matsölustöðum, sláturhúsum, iðnfyrirtækjum o. s. frv.

15. gr.

Kostnaður við almenna sorphreinsun og sorpeyðingu greiðist úr sveitarsjóði. Sveitarstjórn er heimilt að innheimta sérstakt sorphreinsunargjald, skv. nánari ákvörðun, og skal það innnheimt með fasteignagjöldum hvers árs.

16. gr.

Kvörtunum vegna sorphreinsunar skal koma skriflega til sveitarstjórnar.

17. gr.

Hugsanleg vafaatriði varðandi fjölda skápa (sorppoka) úrskurðar heilbrigðisnefnd.

18. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum allt að kr. 100 000.00 nema þyngri refsing liggi við að lögum. Með brot á samþykktinni skal farið að hætti opinberra mála.

19. gr.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Hólshrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit

til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 7. ágúst 1973.

Magnús Kjartansson.

Páll Sigurðsson.

Nr. 240. 22. maí 1973.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

I. KAFLI
Gildissvið.

1. gr.

Gjaldskrá þessi gildir fyrir orkuveitusvæði Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

II. KAFLI
Heimtaugagjöld.

2. gr.

Heimtaugagjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

		Jarðstrengur		Loftlína	
		stofngjald kr.	lengdargjald kr./m	stofngjald kr.	lengdargjald kr./stólpa
1.	25 A 1-fasa			6 776	7 907
2.	60 A —	1 546	682	7 907	9 033
3.	100 A —	1 546	818	10 165	11 294
4.	25 A 3-fasa			7 907	9 033
5.	60 A —	1 546	818	10 165	11 294
6.	100 A —	4 681	931	13 553	14 117
7.	200 A —	16 095	1 413	27 106	16 942
8.	300 A —	65 206 x			
9.	150 kVA —	74 795 x			
10.	300 kVA —	149 590 x			
11.	500 kVA —	249 316 x			
12.	800 kVA —	398 906 x			

A merkir málstraum (amper) vara í stofnvarkassa (eða stofnvara innan við stofntengikassa).

kVA merkir málraun (kilovoltamper) spennis, þegar um sérspennistöð er að ræða.

x Greiðist skv. kostnaði.

3. gr.

3.1 Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast í heilum metrum (m) frá lóðamörkum eða næsta útitengikassa að stofnvarkassa (eða stofntengikassa) hússins. Lengdargjald (kr./m) greiðist skv. töflu í 2. gr. Rafmagnsveitan ákveður legu heimtaugarinnar.

3.2 Sjái húseigandi, á eigin kostnað, um lögn frá útitengikassa eða rofa í spennistöð að eigin stofntengikassa eða töflu, greiðir hann aðeins stofngjald skv. töflu í 2. gr. og annast sjálfur viðhaldið.

3.3 Fyrir loftlínuheimtaugar greiðist lengdargjald skv. töflu í 2. gr., ef setja þarf sérstaka stólpa vegna fjarlægðar eða afstöðu stofnkassa til notendalínu.

3.4 Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óvenjulegar, er heimilt að krefjast sérstaks aukagjalds af húseiganda.

3.5 Í byggingahverfum, sem sérstaklega eru skipulögð sem ein heild, er Rafmagnsveitunni heimilt að jafna lengdargjöldum niður á umsækjendur heimtauga.

3.6 Þegar loftlínuheimtaug (aðalheimtaug) er breytt í jarðstrengsheimtaug, svo og þegar jarðstrengsheimtaug er stækkuð, skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá þegar breytingin fer fram. Þegar breytingar af þessu tagi fara fram í heilum hverfum, er heimilt að jafna gjöldunum niður á húseigendur.

4. gr.

Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna ákveðins notanda og hún að mestu leyti notuð í þágu hans, skal notandanum skylt að leggja til lóð undir stöðina, Rafmagnsveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum Rafmagnsveitunnar um stærð lóðarinnar og staðsetningu stöðvarinnar.

5. gr.

Heimtaugargjald skal greitt við umsókn.

III. KAFLI

Mælaleiga.

6. gr.

Rafmagnsveitan ákveður stærð og gerð mælitækja, sem notuð eru á hverjum stað í sambandi við sölu á raforku.

Ársleigan eftir mælitæki skal vera sem hér segir:

Tegund mælitækis	Upp að 30 A kr.	35—50 A kr.	55—100 A kr.	Yfir 100 A kr.
Einfasa kWst.-mælar, hemilmælar, og lausar skiptiklukkur einar sér	106.00			
Þrífasa kWst.-mælar, þrífasa hemilmælar, einfasa frádráttarmælar, lausir	234.70	393.80	454.30	757.20
Tvígjaldsmælar, mestumælar	393.80	454.30	719.40	1 151.00
Rofar:				
1 × 10 A—2 × 30 A	590.60			
3 × 15 A—3 × 60 A	719.40			
3 × 100 A—3 × 350 A	1741.60			

Ársleiga eftir önnur mælitæki skal vera sem næst 15% af verði viðkomandi tækis, eftir nánari ákvörðun Rafmagnsveitunnar.

Ekki skal greiða leigu eftir mæla, sem notaðir eru skv. 3. tl. 8. gr.

Leiga skal greidd samtímis gjaldi fyrir raforku.

IV. KAFLI
Sala raforku.

7. gr.

Verð á raforku til lýsingar skal ákveði sem hér segir:

7.1 Kr. 13.45 hver kWst., sem seld er um kWst. mæli.

7.2 Kr. 18 470.65 hvert árskilowatt til útilýsingar, þótt mælitækjum verði ekki við komið, svo og raforku til götulýsingar, enda greiði þá notandi að auki stofnkostnað eða viðhaldskostnað að fullu, eftir ákvörðun Rafmagnsveitunnar.

7.3 Kr. 3.56 hver kWst., sem seld er um kWst. mæli. Auk þess ber þá að greiða fastagjald, er nemi kr. 1 847.06 á ári fyrir allt að 25 ferm. gólfflatarmáls rýmis þess, er lýsa skal, og kr. 57.02 fyrir hvern ferm. umfram 25 ferm. Fyrir ganga og geymslur skal deila fermetragjaldinu með 3.5.

7.4 Kr. 3 826.95 hvert árskilowatt, og öll notkun kr. 3.56 hver kWst., ef um meira en 2,5 kW-afl er að ræða og árlegur notkunartími meiri en 2000 klst. Verði aflmælingu skv. þessum lið ekki beitt, skal reikna fyrir hvern fermetra gólfflatarmáls 15 wött á kr. 2 316.22 árskW. Sé notuð lýsing með flúrlömpum, er heimilt að miða gjald skv. 1.—4. tl. við voltamper í stað watta.

8. gr.

Verð á raforku til almennrar heimilisnotkunar skal ákveðið sem hér segir:

8.1 Raforka til ljósa um sérmæli skal seld skv. 1. tl. 7. gr., en raforka til heimilisvéla um sérstakan mæli skal seld á kr. 3.35 hver kWst.

8.2 Heimilt er að selja raforku til notkunar í skrifstofum, verzlunum og verkstæðum skv. lið 8.1.

8.3 Kr. 2.91 hver kWst., sem seld er um kWst. mæli, og auk þess fastagjald kr. 281.92 á ári af hverju íbúðarherbergi.

8.4 Kr. 2.91 hver kWst., sem seld er um sérmæli til suðunotkunar í veitingahúsum, gistihúsum og öðrum slíkum stöðum.

8.5 Kr. 2.91 hver kWst., sem seld er til súgþurrkunar á heyi.

8.6 Kr. 9 976.21 hvert árskW., sem selt er um hemilmæli og auk þess kr. 2.73 hver kWst., fyrir umframnotkun. Hemilstilling skal vera minnst 500 wött, að viðbættum 100 wöttum fyrir hvert íbúðarherbergi umfram tvö.

8.7 Kr. 9 976.21 hvert árskW., sem selt er um hemilmæli til notkunar í skrifstofum, verzlunum og verkstæðum. Umframnotkun skal seld á kr. 2.73 og hemilstilling miðuð við 500 wött fyrir fyrstu 25 ferm. gólfflatar eða minna, og síðan 100 wött fyrir hverja 12 ferm. eða minna. Beita skal 3. tl. 7. gr. við ákvörðun gjaldsins. Ef óskað er hærri hemilstillingar en um getur í þessum tölulið, skal gjaldið vera kr. 18 470.65 hvert árskW.

8.8 Kr. 2.53 hver kWst., þegar orkan er seld sjúkrahúsum, heilsuverndarstöðvum, vistheimilum fyrir börn og elliheimilum. Taxti þessi tekur ekki til starfsmannabústaða þeirra, sem eru utan aðalbygginga viðkomandi stofnunar.

9. gr.

Verð á raforku til vélarekstrar skal ákveðið sem hér segir:

9.1 Kr. 6.71 hver kWst., sem seld er um kWst. mæli.

9.2 Kr. 1 342.60 hvert uppsett árskW., og öll notkun kr. 2.62 hver kWst.

9.3 Ef raforka er seld um mestu-mæla fyrir mesta notað afl, skal greiða fyrir notkunina svo sem hér segir:
Kr. 2 249.00 á árskW.
Auk þess skal greiða kr. 1.15 fyrir hverja kWst.

9.4 Kr. 7 285.87 fyrir hvert árskW., sem selt er um hemilmæli, og kr. 3.56 hver kWst., sem umfram er. Rafmagnsveitan ákveður stillingu hemilmælis hverju sinni. Raforku til hitunar í iðnaði má selja skv. þessum lið.

9.5 Kr. 7.07 fyrir hverja kWst., sem seld er til vinnuvéla, vinnuljósa og annarra nota við húsbyggingar, meðan á framkvæmdum stendur.

10. gr.

Verð á raforku til hitunar skal ákveðið sem hér segir:

10.1 Kr. 1.41 hver kWst., seld um kWst. mæli, enda sé lágmarksnotkun 10.000 kWst. á ári.

10.2 Kr. 1.00 hver kWst. (án söluskatts), sem seld er um kWst. mæli, ef straumur er rofinn allt að tveim klst. tvisvar á dag.

10.3 Heimilt er að selja raforku til heimilisnota á kr. 1.08 hverja kWst. (án söluskatts), en þá skal fastagjald vera kr. 2 800.79 á ári fyrir eins herbergis íbúð og kr. 1 287.42 að auki fyrir hvert herbergi, sem þar er fram yfir, allt að kr. 7 955.80 á ári.

10.4 Kr. 1.22 hver kWst. fyrir notkun til hitunar á neyzluvatni, stóra kæliklefa og fyrir vatnsdælur í íbúðarhúsum.

10.5 Kr. 0.72 hver kWst. (án söluskatts), sem seld er um kWst. mæli, ef straumur er rofinn með klukkurofa í tvær klst. tvisvar á dag.

10.6 Kr. 0.46 hver kWst. (án söluskatts), sem seld er um kWst. mæli, ef straumurinn er rofinn með klukkurofa kl. 9—21, enda séu fyrir hendi nægilega stórir hitageymar til dagsnotkunar. Þegar um er að ræða hitun í húsrými, sem er stærra en 2000 rúmmetrar, eða aðra hliðstæða notkun á afli, er heimilt að láta raforku í té á tímanum kl. 12.30—15.30.

10.7 Kr. 0.69 hver kWst., sem seld er um tvígjaldsmæla á tímabilinu kl. 22.00—9.00 og kr. 2.91 hver kWst., sem seld er á tímabilinu kl. 9.00—22.00.

11. gr.

Rafmagnsveitan má, með samþykki borgarráðs, selja raforku eftir sérstökum samningi.

Heimilt er að setja sérstök skilyrði um raforkusölu til ígripanotkunar fleiri en eins aðila um sama mæli, svo sem um hafnarskápa, og annars staðar, þar sem þess er talin þörf, þar með talið að krefjast fyrirframgreiðslu og tengigjalds. Rafmagnsveitunni er heimilt að ákveða sérstakt gjald fyrir launaafl hjá þeim notendum, sem kaupa orku samkv. aflgjaldskrá.

12. gr.

Borgarstjórn ákveður gjald fyrir götu- og hafnarlýsingu.

13. gr.

Rafmagnsveitu Reykjavíkur er heimilt að breyta gjaldskrá þessari til samræmis við verðbreytingar samkvæmt hlutfallsgrundvelli, sem fæst úr síðasta ársreikningi Rafmagnsveitunnar, enda sé grundvöllurinn lagður fyrir stjórn veitustofnana borgarinnar til staðfestingar. Ef fyrirhuguð gjaldskrárhækkun nemur meira en 20% skal leita staðfestingar ráðherra.

Þættir þeir, sem tekið skal tillit til, eru: orkukaup, verðjöfnunargjald, laun, vélakostnaður og efni. Gjaldskrárbreytingar samkv. framansögðu er heimilt að framkvæma allt að tvisvar á ári, jafnan miðað við 1. janúar og 1. júlí. Fyrirhugaðar gjaldskrárbreytingar skulu tilkynntar Orkustofnun, áður en þær taka gildi.

Telji Borgarstjórn Reykjavíkur nauðsyn á, að ráðstafanir séu gerðar til að draga úr rafmagnsnotkun, er henni m. a. heimilt að hækka rafmagnsverðið á notkun

umfram meðalnotkun í hverjum gjaldskrárlið allt að 10-földu verði. Í útreikningi meðalnotkunar skal tekið tillit til orku- og aflþarfar.

14. gr.

Verð orku um hvern mæli reiknist í heilum krónum, þannig að færri aurum en 50 sé sleppt, en ella sé upphæðin hækkuð upp í næstu heila krónu.

V. KAFLI
Ýmis ákvæði.

15. gr.

Nú er notuð heimild til að rjúfa straum á veitu vegna vanskila notanda með greiðslu gjalda, skv. gjaldskrá þessari, og skal þá taka gjald, kr. 100.00 fyrir að setja straum á að nýju.

16. gr.

Ef í ljós kemur við skoðun, að notuð eru óleyfileg vör eða of stór, skal loka veitunni tafarlaust, og er ekki heimilt að opna hana að nýju, fyrr en notandi hefur greitt gjald, kr. 100.00, til Rafmagnsveitunnar.

17. gr.

Skilyrði fyrir sölu raforku til hitunar skv. 10. gr. eru þau, að vélaafl, götulínur og spennar þoli álagið að dómi rafmagnsstjóra, notandi kosti tengingu klukkurofa og búnaði öllum sé hagað skv. fyrirmælum rafmagnsstjóra.

18. gr.

Í útreikningi á fjölda herbergja í íbúð skal aðeins telja stofur og svefnherbergi o. þ. h., en ekki eldhús. Herbergi minna en 5 m^2 skal telja sem hálft, en þar sem herbergjastærð fer fram úr 25 m^2 skal reikna hverja nýbyrjaða 25 m^2 sem eitt herbergi. Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er minni en 10 m^2 má reikna með þeirri meðalstærð. Þegar heildartala herbergja hefur verið reiknuð út samkvæmt þessu skal hún hækkuð upp í heila næstu tölu, ef stendur á hálfu.

19. gr.

Söluskattur 11% og 2% viðlagasjóðsgjald eru talin með í upphæð gjalda þeirra, sem um ræðir í gjaldskrá þessari.

20. gr.

Rafmagnsveitan leiðbeinir gjaldendum, er þess óska, um val gjaldskrárliða eftir tegund notkunar.

21. gr.

Gjaldskrá þessa skal endurskoða í heild eigi síðar en að fimm árum liðnum.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkv. vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923 og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1957 til að taka gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis, nr. 149 12. marz 1973.

Iðnaðarráðuneytið, 22. maí 1973.

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. laga nr. 40 frá 23. apríl 1968 hefur eftirfarandi verið ákveðið:

1. Bifreiðastöður verða bannaðar á Bergþórugötu að sunnanverðu á milli Snorrabrautar og bifreiðastæðis við Sundhöll.
2. Aflétt verður banni við bifreiðastöðu austanmegin Pósthússtrætis, sunnan Austurstrætis, en þar verði settir upp stöðumælar við hluta götunnar.
3. Settir verða upp stöðumælar við Skipholt nr. 17.

Framangreindar reglur taka gildi 2. júlí 1973.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 27. júní 1973.

Sigurjón Sigurðsson.

3. júlí 1973. Nr. 242.

AUGLÝSING

um breytingu á verði lyfja samkvæmt Sérlyfjaskrá, Lyfjaverðskrá II, Lyfjagreiðsluskrá Tryggingastofnunar ríkisins frá 1. júlí 1972.

Frá og með 20. júlí 1973 tekur gildi breyting við Sérlyfjaskrá, Lyfjaverðskrá II, Lyfjagreiðsluskrá Tryggingastofnunar ríkisins frá 1. júlí 1972. Samkvæmt því hækkar útsöluverð lyfja eins og það er greint í skránum um 10.6%. Jafnframt fellur úr gildi 7.3% hækkun, er tók gildi 15. febrúar 1973.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 3. júlí 1973.

Magnús Kjartansson.

Páll Sigurðsson.

12. júlí 1973. Nr. 243.

AUGLÝSING

um nafn á fjalli í Vestmannaeyjum.

Með tilvísun til 2. gr. laga nr. 35/1953, hefur ráðuneytið ákveðið, í samræmi við tillögu örnefnanefndar, að hið nýja fjall, sem myndazt hefur við eldgos í Vestmannaeyjum, skuli heita **Eldfell.**

Í menntamálaráðuneytinu, 12. júlí 1973.

Magnús T. Ólafsson.

Rúnólfur Þórarinsson.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt tillögu borgarráðs Reykjavíkur hefur verið ákveðið að afnema bann við vinstri beygju frá Laugavegi til norðurs í Nóatún.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 18. júlí 1973.

Sigurjón Sigurðsson.

Nr. 245. 24. júlí 1973.

AUGLÝSING

um breyting á reglum um hreindýraveiðar á Austurlandi 1973.

1. gr.

1. gr. orðist þannig:

Heimilt skal að veiða allt að 1006 hreindýr í Múlasýslum og Austur-Skaftafellssýslu á tímabilinu 1. ágúst til 15. september árið 1973. Þó getur ráðuneytið leyft veiðar á öðrum árstíma, ef sérstakar ástæður mæla með, að höfðu samráði við hreindýraeftirlitsmenn, sem hlut eiga að máli.

2. gr.

2. gr. orðist þannig:

Tala þeirra dýra, sem veidd verða samkvæmt 1. gr., skiptist milli eftirgreindra hreppa í þessum hlutföllum:

1.	Vopnafjarðarhreppur	30	hreindýr
2.	Fljótsdalshreppur	173	—
3.	Jökuldalshreppur	173	—
4.	Fellahreppur	103	—
5.	Tunguhreppur	103	—
6.	Hlíðarhreppur	34	—
7.	Hjaltastaðahreppur	37	—
8.	Skriðdalshreppur	63	—
9.	Vallahreppur	63	—
10.	Egilsstaðahreppur	17	—
11.	Eiðahreppur	37	—
12.	Breiðdalshreppur	43	—
13.	Beruneshreppur	30	—
14.	Geithellahreppur	30	—
15.	Búlandshreppur	10	—
16.	Bæjarhreppur	30	—
17.	Nesjahreppur	30	—
		1 006	hreindýr

3. gr.

Breyting þessi á reglum nr. 209/1973, um hreindýraveiðar á Austurlandi 1973, öðlast þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytinu, 24. júlí 1973.

Magnús T. Ólafsson.

Knútur Hallsson.

AUGLÝSING

um gjaldskrá fyrir sundstaðina í Reykjavík.

I.	**Fullorðnir.**	
	Einstakir miðar	kr. 30.00
	Afsláttarmiðar, 10 stk.	— 210.00
II.	**Börn:**	
	Einstakir miðar	— 12.00
	Afsláttarmiðar, 10 stk.	— 80.00
III.	Gufuböð	— 70.00
IV.	**Sundnámskeið (20 st.).**	
	Fullorðnir	— 750.00
	Börn	— 500.00
V.	**Íþróttafélög.**	
	16 ára og eldri, 10 skipti	— 100.00
	Yngri en 16 ára, 10 skipti	— 60.00
VI.	Leiga á handklæðum og skýlum	— 20.00

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af borgarstjórn Reykjavíkur, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 32 7. maí 1928, til þess að öðlast gildi þegar í stað. Með gjaldskrá þessari er úr gildi felld gjaldskrá nr. 248 22. desember 1971.

Félagsmálaráðuneytið, 31. júlí 1973.

Björn Jónsson.

Hallgrímur Dalberg.

5. júlí 1973. Nr. 247.

AUGLÝSING

um umferð á Siglufirði.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Siglufjarðar, hafa verið settar eftirfarandi reglur um umferð í Siglufjarðarkaupstað.

1. Bifreiðastöður eru bannaðar á Túngötu norðanverðri frá Hvanneyrarbraut og að húsinu nr. 39 við Túngötu, beggja vegna götunnar.
2. Bifreiðastöður eru bannaðar á Hvanneyrarbraut að vestanverðu frá stignum norðan við hús nr. 63 og suður að Hvanneyrará.
3. Biðskylda verður á Hlíðarvegi við Hvanneyrarbraut.
4. Fellt er niður bann við innakstri í Hvanneyrarbraut úr Þormóðsgötu og sömuleiðis bann við vinstri beygju úr Túngötu og inn í Þormóðsgötu og úr Hvanneyrarbraut inn í Túngötu, sbr. auglýsing nr. 155/1968.

Bæjarfógetinn á Siglufirði, 5. júlí 1973.

Elías I. Elíasson.

AUGLÝSING

um viðauka og breytingar nr. 5 við Sérlyfjaskrá, Lyfjaverðskrá II, Lyfjagreiðsluskrá Tryggingastofnunar ríkisins frá 1. júlí 1972.

Frá og með 1. september 1973 taka gildi viðauki og breytingar nr. 5 við Sérlyfjaskrá, Lyfjaverðskrá II, Lyfjagreiðsluskrá Tryggingastofnunar ríkisins frá 1. júlí 1972.

Í útsöluverði lyfja eins og það er greint í viðauka þessum og breytingum er ekki innifalin 10.6% hækkun samkvæmt breytingu er tók gildi 20. júlí 1973.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 2. ágúst 1973.

F. h. r.
Páll Sigurðsson.

Almar Grímsson.

Nr. 249. 7. ágúst 1973.

AUGLÝSING

um breytingu við Lyfjaverðskrá I nr. 1 frá 10. júlí 1973.

Ný vinnugjaldskrá nr. 1 a tekur gildi frá og með 26. ágúst 1973. Jafnframt er úr gildi felld vinnugjaldskrá nr. 1 frá 10. júlí 1973.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 7. ágúst 1973.

Magnús Kjartansson.

Páll Sigurðsson.

Nr. 250. 8. ágúst 1973.

AUGLÝSING

um umferð á Akureyri.

Samkvæmt heimild í 65. og 66. gr. laga nr. 40 frá 23. apríl 1968 hefur eftirfarandi verið ákveðið:

1. Umferðarljós verða á gatnamótum Glerárgötu og Strandgötu.
2. Umferðarljós verða á gatnamótum Skipagötu og Kaupvangsstrætis.
3. Bifreiðastöður eru bannaðar í Kaupvangsstræti og hafa stöðumælar, er þar voru staðsettir, verið fjarlægðir.

Lögreglustjórinn á Akureyri, 8. ágúst 1973.

Ófeigur Eiríksson.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Vegna þeirrar ákvörðunar borgarráðs Reykjavíkur að gera Austurstræti að göngugötu í tilraunaskyni verða eftirfarandi breytingar gerðar á umferð bifreiða og reglum um bifreiðastæði í miðborginni á tímabilinu frá 12. ágúst til 14. október næstkomandi:

1. Austurstræti verður lokað fyrir umferð allra ökutækja annarra en strætisvagna á tímabilinu frá 12. ágúst til 16. september og allra ökutækja á tímabilinu frá 16. september til 14. október. Akstur með vörur að verzlunum verður þó leyfður á milli kl. 7 og 11 á virkum dögum, nema laugardögum á milli kl. 7 og 9.
2. Pósthússtræti verður lokað fyrir allri umferð ökutækja á milli Vallarstrætis og Hafnarstrætis.
3. Aðalstræti verður lokað á kaflanum milli Austurstrætis og Fischersunds fyrir umferð allra ökutækja annarra en strætisvagna. Akstur með vörur að verzlunum verður þó leyfður á milli kl. 7 og 11 á virkum dögum, nema laugardögum, en þá er akstur leyfður á milli kl. 7 og 9.
4. Akstur verður leyfður í báðar áttir um Aðalstræti á milli Kirkjustrætis og bifreiðastæðisins að Austurstræti 2 og á kaflanum milli Hafnarstrætis og Fischersunds.
5. Einstefnuakstur verður á Skólabrú og Kirkjustræti til vesturs frá Lækjargötu að Suðurgötu.
6. Bifreiðastöður á bifreiðastæðinu að Austurstræti 2 verða takmarkaðar við eina klukkustund. Gjald verður 20 krónur fyrir hverjar byrjaðar 30 mínútur. Bifreiðastöður verða aðeins heimilaðar á virkum dögum kl. 8—20, nema á laugardögum, en þá eru stöður leyfðar kl. 8—14.
7. Hámarkstíminn við stöðumæla á Kirkjutorgi verður styttur úr tveim klukkustundum í eina klukkustund. Gjald verður óbreytt, 5 kr. fyrir hverjar byrjaðar 30 mínútur.
8. Bifreiðastöður á bifreiðastæðinu við Glasgowsund á milli Vesturgötu og Fischersunds verða takmarkaðar við eina klukkustund án gjaldtöku.
9. Bifreiðastöður á bifreiðastæði, sem afmarkast af Vonarstræti, Tjarnargötu og Kirkjustræti, verða takmarkaðar við tvær klukkustundir án gjaldtöku.
10. Settir verða upp 10 stöðumælar á bifreiðastæði á horni Kirkjustrætis og Tjarnargötu til viðbótar þeim 7, sem fyrir eru. Gjald verður 5.00 kr. fyrir hverjar byrjaðar 30 mínútur. Hámarks stöðutími verður ein klukkustund.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 9. ágúst 1973.

Sigurjón Sigurðsson.

AUGLÝSING

um hámarkshraða á Suðurlandsvegi og Vesturlandsvegi o. fl.

1. gr.

Á tímabilinu 1. maí til 30. september gilda eftirfarandi reglur um hámarkshraða á Suðurlandsvegi og Vesturlandsvegi:

a) á **Suðurlandsvegi** frá Selási við Reykjavík að vegamótum við Biskupstungnabraut.

b) á **Vesturlandsvegi** frá vegamótum við Höfðabakka í Reykjavík að innkeyrslu að Kaupfélagi Kjalarnesþings og frá vegamótum við Álafossveg að Mógilsá í Kollafirði.

Hámarkshraði ökutækja, annarra en bifreiða, sem draga tengi- eða festivagna, skal vera 80 km. á klst.

Hámarkshraði bifreiða, sem draga tengi- eða festivagna, skal vera 60 km á klst.

2. gr.

Hámarkshraði á Suðurlandsvegi frá vegamótum við Biskupstungnabraut að ristarhliði vestan við Selfoss skal vera 60 km. á klst.

Hámarkshraði bifreiða á Vesturlandsvegi frá innkeyrslu að Kaupfélagi Kjalarnesþings að vegamótum við Álafossveg skal vera 60 km. á klst.

3. gr.

Vesturlandsvegur framlengist sem aðalbraut frá vegamótum við Þingvallaveg að Mógilsá.

4. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 50. gr. og 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 16. ágúst 1973.

Ólafur Jóhannesson.

Ólafur W. Stefánsson.

Stjórnartíðindi B 22, nr. 205—252. Útgáfudagur [redacted]

30. ágúst 1973.

STJÓRNARTÍÐINDI B 23 — 1973

24. ágúst 1973. 485 Nr. 253.

GJALDSKRÁ

fyrir Keflavíkurflugvöll.

1. **Lendingargjöld.**
   1.1. Lendingargjald skal miða við leyfðan hámarksþunga flugvélarinnar (Aircraft Gross Weight) og reiknast brot úr tonni sem heilt tonn.
   1.2. Í millilandaflugi skal fyrir hverja lendingu greiða lendingargjald sem hér segir:
   kr. 450.00 á hvert tonn flugvélarinnar fyrir flugvélar, sem vega allt að 14 tonnum.
   — 370.00 á hvert tonn flugvélarinnar fyrir flugvélar, sem vega 15 til 29 tonn.
   — 330.00 á hvert tonn flugvélarinnar fyrir flugvélar, sem vega 30 til 49 tonn.
   — 310.00 á hvert tonn flugvélarinnar fyrir flugvélar, sem vega 50 tonn og þar yfir.

2. **Stæðisgjöld.**
   2.1. Stæðisgjald er ekkert fyrir fyrstu 6 klst. en fyrir næstu 24 klst. eða brot af, skulu greidd stæðisgjöld sem hér segir:
   2.2. Millilandaflug:

Vænghaf flugvélar	Leiga á sólarhring
Undir 12 m	kr. 140.00
12—18 —	— 280.00
18—24 —	— 410.00
24—30 —	— 550.00
Yfir 30 —	— 610.00

3. **Önnur ákvæði.**
   3.1. Heimilt er að fella niður gjöld sem hér segir:
   3.1.1. Lendingar- og stæðisgjöld af flugvélum íslenzka ríkisins og flugvélum, sem það tekur á leigu.
   3.1.2. Lendingar- og stæðisgjöld af flugvélum, sem eingöngu flytja erlenda þjóðhöfðingja eða aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna og fylgdarlið þeirra.
   3.1.3. Lendingargjöld af flugvélum í reynsluflugi að aflokinni viðgerð, enda sé viðkomandi flugvél í áætlunarflugi.
   3.1.4. Lendingar- og stæðisgjöld af björgunarflugvélum.
   3.1.5. Lendingargjöld af flugvélum, sem snúa við til flugvallarins vegna vélarbilunar eða slæmra veðurskilyrða, hafi ekki verið millilent á öðrum flugvelli.

B 62

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

3.1.6. Heimilt er að veita 50% afslátt af stæðisgjöldum fyrir þann tíma, sem er umfram sjö sólarhringa.
3.1.7. Að öðru leyti er flugvallarstjóra heimilt að fella niður lendingar- og stæðisgjöld, þegar sérstaklega stendur á.
3.2. Lendingar- og stæðisgjöld skulu staðgreiðast. Þó skal flugvallarstjóra heimilt að veita allt að 60 daga greiðslufrest, sé sérstaklega um það samið.
3.3. Framangreind lendingar- og stæðisgjöld skulu breytast í samræmi við gengisbreytingar krónunnar, þannig að gjöldin hækki eða lækki í hlutfalli við slíkar breytingar.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 78. gr. laga nr. 34 21. maí 1964, um loftferðir, til þess að öðlast gildi nú þegar og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Utanríkisráðuneytið, 24. ágúst 1973.

Einar Ágústsson.

Páll Ásg. Tryggvason.

Nr. 254. 24. ágúst 1973.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð fyrir Keflavíkurflugvöll, um umferð, öryggi o. fl. nr. 297 11. nóvember 1964.

1. gr.

5. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Öryggi og umferð á flugvellinum.

Slökkvibifreið, sem fær fyrirskipanir frá flugturninum, skal vera staðsett á mótum flugbrautanna, þegar loftför í millilandaflugi lenda eða hefja flug frá flugvellinum.

Slysaboðkerfi skal stjórnað úr flugturninum, til þess að öruggt samband sé við björgunarsveit, aðalslökkvistöð, sjúkrahús og aðrar slíkar stöðvar vallarins. Verði flugslys eða annað neyðarástand á flugvellinum, skal flugturninn senda út slysaboð, og skal hver stöð gera það, sem fyrir hana er lagt samkvæmt þeim reglum, sem ákveðnar eru fyrir neyðarástand.

Flugturninum, er óheimilt að veita öðrum en þeim aðilum, sem málið beinlínis varðar, upplýsingar um slys. Berist flugturninum tilkynning um flugslys í síma, skal hann leitast við að fá upplýsingar um nafn þess, er tilkynninguna gaf, símanúmer hans, hvenær og hvar slysið skeði, hvers konar slys sé um að ræða, hvers konar neyðarhjálp sé nauðsynleg og aðrar nauðsynlegar upplýsingar. Síðan skal hann strax tilkynna hlutaðeigandi aðilum um slysið.

Skylt er öllum þeim, sem fara um flugvallarsvæðið, hvort heldur er akandi eða fótgangandi, eða með loftförum, að fara í einu og öllu eftir ákvæðum þessarar reglugerðar, svo og fyrirmælum, sem sett eru eða kunna að verða sett í sambandi við framkvæmd hennar.

Öll umferð manna, ökutækja, vélknúinna ökutækja og bifreiða er bönnuð á flugbrautum, flugvélaakbrautum og flughlöðum nema með sérstöku leyfi umráðanda flugvallarins.

Öll umferð um flugbrautir og flugvélaakbrautir er bönnuð, nema með sérstöku leyfi flugumferðarstjórnar, og er talstöðvarbúnaður skilyrði fyrir leyfisveitingu. Undantekning frá þessari reglu er, að starfsmenn í byggingum nr. 1795 og 1709 og öðrum, sem eiga lögmætt erindi þangað, er heimilt að fara yfir suðurflugvélarakbraut, eftir afmarkaðri akrein, sem liggur yfir nefnda akbraut, um 300 metra vestan við flugbrautarenda 07.

Öll umferð er bönnuð um flughlöð, nema með sérstöku leyfi flugvallarstjóra, með þeirri undantekningu, að starfsmönnum í flugskýlum nr. 830, 831 og 832 og öðrum, sem eiga lögmætt erindi þangað, er heimilt að fara yfir flughlað eftir afmarkaðri akrein, sem liggur frá akvegi, sunnanvert við afgreiðslubyggingu ESSO, að suðurhorni flugskýlis nr. 831, og þaðan samhliða flugskýlum nr. 830 og 832. Enn fremur er starfsmönnum í flugskýli nr. 885 og öðrum, sem lögmætt erindi eiga þangað, heimilt að fara yfir flughlað við flugskýli nr. 885, eftir afmarkaðri akrein, sem liggur frá tengivegi við Grjótagötu að norðurgafli flugskýlis nr. 885.

Stranglega er bannað að aka undir vængi eða aðra hluta loftfara, nema vegna viðgerða, afgreiðslu o. þ. h.

Tendra skal viðvörunarljós loftfara, áður en þotuhreyflar eru ræstir. Öll umferð, annarra en viðkomandi afgreiðsluaðila, er bönnuð innan 50 metra frá loftfari eftir að viðvörunarljós hafa verið tendruð.

Ökumönnum og fótgangandi er skylt að víkja fyrir loftförum, stanza skal í tæka tíð, í nægilegri fjarlægð frá loftfari, þar til það er komið framhjá. Bannað er að aka framúr loftfari.

Ökumenn skulu gæta þess, að ljós ökutækja trufli ekki loftför í lendingu, flugtaki eða akstri á flugvellinum.

Óheimilt er að leggja loftförum, bifreiðum, eða öðrum ökutækjum annars staðar en á afmörkuðum stæðum.

Hámarkshraði er 45 km/klst. á flugbrautum og flugvélaakbrautum, 25 km/klst. á flughlöðum og 10 km/klst. í námunda við loftför. Að öðru leyti gilda ákvæði íslenzkra umferðarlaga, eftir því sem við á.

Nánari fyrirmæli um öryggi og umferð á Keflavíkurflugvelli skulu sett í samræmi við almennar reglur.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 34 21. maí 1964 um loftferðir og lögum nr. 110 frá 8. maí 1951.

Öðlast reglugerðin þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi 5. gr. reglugerðar nr. 297 11. nóvember 1964.

Utanríkisráðuneytið, 24. ágúst 1973.

Einar Ágústsson.

Páll Ásg. Tryggvason.

24. ágúst 1973. Nr. 255.

AUGLÝSING

um veitingu sérleyfis til áætlunarflugs.

Samkvæmt heimild í VII. kafla laga nr. 34 21. maí 1964, um loftferðir, hefur samgönguráðuneytið hinn 15. þ. m. veitt Flugfélagi Íslands hf. sérleyfi til áætlunarflugs með farþega, póst og vörur, á flugleiðinni Reykjavík—Þingeyri—Reykjavík, á tímabilinu frá 1. október 1973 til 1. október 1978.

Sérleyfinu fylgir einkaréttur til að reka áætlunarflug á framangreindri flugleið, en jafnframt skylda til að halda þar uppi áætlunarferðum eftir því sem flutningaþörf krefur.

Samgönguráðuneytið, 24. ágúst 1973.

Björn Jónsson.

Kristinn Gunnarsson.

Stjórnartíðindi B 23, nr. 253—255. Útgáfudagur 30. ágúst 1973.

STJÓRNARTÍÐINDI B 24 — 1973

REGLUGERÐ

um happdrættislán ríkissjóðs 1973, Skuldabréf C, vegna vega- og og brúagerða á Skeiðarársandi, er opni hringveg um landið.

1. gr.

Fjármálaráðherra, f. h. ríkissjóðs, gefur út til sölu innanlands happdrættisskuldabréf, samtals að fjárhæð 100 milljónir króna, skv. heimild í lögum nr. 99 frá 28. desember 1971 og nr. 8 frá 25. apríl 1973.

2. gr.

Happdrættisskuldabréf, skv. reglugerð þessari, skulu nefnd Skuldabréf C.

Þau skulu gefin út til handhafa. Verðgildi hvers skuldabréfs er 1000 krónur og eru þau í töluröð. Skuldabréfin skulu seld á nafnverði. Sala bréfanna hefst í septembermánuði 1973 og henni lýkur fyrir fyrsta útdráttardag, sem er 20. desember 1973.

Happdrættisskuldabréfin falla í gjalddaga að 10 árum liðnum frá útgáfudegi þeirra.

3. gr.

Við innlausn happdrættisskuldabréfs greiðir ríkissjóður verðbætur á höfuðstól bréfsins í hlutfalli við þá hækkun, er kann að verða á lánstímanum á þeirri vísitölu framfærslukostnaðar, er reiknuð er 1. október 1973, til gjalddaga 1. október 1983. Miðað er við skráningu Hagstofu Íslands á vísitölu framfærslukostnaðar. Kauplagsnefnd reiknar vísitölu framfærslukostnaðar, og eru núgildandi lög um hana nr. 70 frá 29. nóvember 1967, sbr. lög nr. 1 frá 30. janúar 1959. Happdrættisskuldabréfin skulu innleyst á nafnverði, þótt vísitala framfærslukostnaðar hafi á tímabilinu til 1. október 1983 verið lægri en hún var 1. október 1973 og sé lægri hinn 1. október 1983. Happdrættisskuldabréfin verða ekki innleyst að hluta.

4. gr.

Rísi ágreiningur um framkvæmd ákvæða 3. gr. um greiðslu verðbóta á höfuðstól happdrættisskuldabréfanna, skal þá vísa málinu til nefndar þriggja manna, er skal þannig skipuð: Seðlabanki Íslands tilnefnir einn nefndarmanna, Hæstiréttur annan, en hagstofustjóri skal vera formaður nefndarinnar. Nefndin fellir fullnaðarúrskurð í ágreiningsmálum, sem hún fær til meðferðar. Ef breyting verður gerð á grundvelli vísitölu framfærslukostnaðar, skal nefnd þessi koma saman og ákveða, hvernig vísitölur samkvæmt nýjum og breyttum grundvelli skulu tengdar eldri vísitölum. Skulu slíkar ákvarðanir verða fullnaðarúrskurðir.

5. gr.

Af happdrættisskuldabréfunum eru ekki greiddir vextir en vinningum úthlutað í samræmi við útdrátt númera sbr. 6. gr.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

6. gr.

Árleg fjárhæð vinninga í þessum flokki happdrættisláns ríkissjóðs skal nema 7% — sjö af hundraði — af heildarfjárhæð skuldabréfa flokksins og skal dregið um þá einu sinni á ári, í fyrsta sinn 20. desember 1973, og í síðasta sinn hinn 20. desember 1982.

Vinningum skal úthlutað samkvæmt skrá þeirri, sem hér fer á eftir:

2 vinningar á kr.	1 000 000.00	kr. 2 000 000.00
1 vinningur á —	500 000.00	— 500 000.00
20 vinningar á —	100 000.00	— 2 000 000.00
250 vinningar á —	10 000.00	— 2 500 000.00
273 vinningar		samtals kr. 7 000 000.00

Á happdrættisskuldabréfunum skal tilgreindur útdráttardagur, tala vinninga og fjárhæð þeirra hvers um sig.

Vinningaskrár skulu birtar í Lögbirtingablaðinu, sem fyrst eftir dráttardag, auk þess sem vinningaskrár skulu liggja frammi á sölustöðum.

Notarius publius í Reykjavík annast útdrátt vinninga að viðstöddum fulltrúa fjármálaráðuneytisins og fulltrúa Seðlabanka Íslands.

Nota skal tölvu Reiknistofu Raunvísindastofnunar Háskóla Íslands við útdrátt vinninga. Skal útdráttur fara fram eftir reglum, sem fjármálaráðherra setti, um útdrátt vinninga í B-flokki happdrættisláns ríkissjóðs 1973, nr. 164 frá 1. júní 1973.

7. gr.

Happdrættisskuldabréfin eru undanþegin framtalsskyldu og eignarsköttum, en vinningar svo og verðbætur undanþegnar tekjuskatti og tekjuútsvari.

8. gr.

Innlausn happdrættisskuldabréfa og greiðsla vinninga fer fram í Seðlabanka Íslands, Reykjavík.

Handhafar skuldabréfa, sem hlotið hafa vinning eða við innlausn eftir 10 ár, geta snúið sér til allra banka, bankaútibúa eða sparisjóða og afhent þeim skuldabréf gegn sérstakri kvittun. Viðkomandi banki, bankaútibú eða sparisjóður sér síðan um að fá greiðslu úr hendi útgefanda með því að senda Seðlabankanum skuldabréfið til fyrirgreiðslu.

Eftir gjalddaga greiðast engar verðbætur vegna hækkunar vísitölu framfærslukostnaðar.

Skuldabréf þessi fyrnast á 10 árum frá gjalddaga og verða ekki innleyst að þeim tíma liðnum.

Falli happdrættisvinningur á skuldabréf, skal hans vitjað innan fjögurra ára frá útdrætti ella verður hann eign ríkissjóðs.

Sé gölluðum eða rifnum skuldabréfum framvísað til greiðslu vinnings eða innlausnar með þeim hætti, að bæði númer sjáist og meira en helmingur bréfsins fylgi, fer innlausn fram að fullu, en sjáist aðeins annað númerið, verður innlausn eða greiðsla vinnings innt af hendi að hálfu, enda sé meira en fjórðungi bréfsins framvísað.

9. gr.

Reglur XIX. kafla laga nr. 85 frá 23. júní 1936 um mál til ógildingar skjala o. fl. gilda ekki um skuldabréf samkvæmt reglugerð þessari.

10. gr.

Fjármunir þeir, sem inn koma fyrir sölu happdrættisskuldabréfanna, skulu renna til greiðslu kostnaðar af vega- og brúagerð á Skeiðarársandi, er opni hringveg um landið.

Kostnaður við framkvæmd þessarar fjáröflunar greiðist af söluandvirði skuldabréfanna.

11. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 9. gr. laga nr. 99 frá 28. desember 1971, sbr. lög nr. 8 frá 25. apríl 1973, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 27. ágúst 1973.

Halldór E. Sigurðsson.

Höskuldur Jónsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 25 — 1973

Nr. 257. 492 4. september 1973.

REGLUGERÐ

um innflutningsgjald af bifreiðum og bifhjólum.

1. gr.

Við tollafgreiðslu skal innheimt sérstakt innflutningsgjald af bifreiðum, skv. heimild í 16. gr. laga nr. 4/1960. Gjald þetta skal innheimt af öllum bifreiðum, að að undanskildum bifreiðum í eftirtöldum tollskrárnúmerum:

87.02.31 sjúkrabifreiðar og snjóbifreiðar.
87.02.32 snjósleðar.
87 02 38 sjúkrabifreiðar, sem jafnframt eru ætlaðar til sérstakra annarra nota.
87.03.01 slökkviliðsbifreiðar.
87.03.02 snjóplógar.
87.03.09 aðrar bifreiðar til sérstakrar notkunar.

Sams konar gjald skal innheimt af bifhjólum.

2. gr.

Gjaldið af gjaldskyldum bifreiðum er ákveðið 25% af tollverði (cif-verði), sbr. ákvæði II. kafla tollskrárlaga nr. 1/1970. Þó skal einungis innheimta 15% gjald af tollverði dráttarbifreiða í tollskrárnúmeri 87.01.20, almenningsbifreiða í tollskrárnúmeri 87.02.20 og vörubifreiða að burðarmagni 6 tonn og þar yfir, í tollskrárnúmerum 87 02.33 og 87.02.34.

Um ákvörðun tollverðs notaðra bifreiða skal í þessu sambandi farið eftir auglýsingu nr. 205/1972 um tollverð notaðra bifreiða.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 16. gr. sbr. 35. gr. laga nr. 4/1960 um efnahagsmál, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi fallin reglugerð nr. 69/1972, og reglugerð nr. 104/1972 um breyting á þeirri reglugerð.

Fjármálaráðuneytið, 4. september 1973.

F. h. r.
Jón Sigurðsson.

Þorsteinn Ólafsson.

Stjórnartíðindi B 25, nr. 257, Útgáfudagur 5. september 1973.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

STJÓRNARTÍÐINDI B 26 — 1973

14. ágúst 1973. 493 Nr. 258.

SAMÞYKKT

um hundahald í Garðahreppi

1. gr.

Hundahald er bannað í Garðahreppi.

2. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að veita einstaklingum, búsettum í hreppnum, undanþágu til hundahalds með eftirfarandi skilyrðum:

a) Hundurinn skal skráður á skrifstofu hreppsins, og þar fær eigandi hundsins afhenta merkta plötu, sem skal jafnan vera í ól um háls hundsins.

b) Árlega skal sveitarsjóði greitt leyfisgjald fyrir þá hunda, sem undanþága er veitt fyrir. Gjaldið, sem sveitarstjórn ákveður fyrir eitt ár í senn skal renna til þess að standa straum af kostnaði við eftirlit með hundum í hreppnum og skal upphæð þess við það miðuð. Hundar, sem notaðir eru við búrekstur í hreppnum, eru undanþegnir þessu gjaldi.

c) Skylt er hundeiganda að hafa hund sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu vátryggingarfélagi. Við greiðslu árlegs leyfisgjalds skal leggja fram kvittun frá tryggingarfélaginu, sem sýni að tryggingin sé í fullu gildi.

d) Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannafæri, heldur vera í taumi í fylgd með aðila, sem hefur fullt vald yfir honum. Eigi er leyfilegt að fara með hunda inn í matvöruverslanir eða aðra staði, þar sem matvæli eru um hönd höfð.

e) Leyfi fyrir einstökum hundum er jafnan háð því, að þeir raski eigi ró íbúa hreppsins og séu hvorki þeim né öðrum, sem um hreppinn fara, til óþæginda.

f) Hundeiganda ber að hlíta að öðru leyti lögum og reglum, er hundahald varða (þ. á m. reglum um árlega hreinsun hunda og greiðslu hundaskatts), svo og fyrirmælum, sem heilbrigðisnefnd setur.

Við brot á skilyrðum fyrir undanþágu til hundahalds skal fjarlægja viðkomandi hund. Sé á höfuðborgarsvæðinu starfrækt hundageymsla, skal hundinum komið fyrir þar, sé um að ræða minni háttar brot í fyrsta skipti. Eigandi hundsins yrði þá að leysa hann þaðan út gegn greiðslu alls kostnaðar vegna brotsins. Sé hundageymsla ekki starfrækt á höfuðborgarsvæðinu eða sé um að ræða alvarlegt brot eða ítrekuð brot, afturkallast viðkomandi undanþága til hundahalds.

Sveitarstjórn er heimilt, hvenær sem er, að afturkalla leyfi fyrir einstökum hundum eða öll veitt leyfi, telji hún þess þörf.

B 63

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Garðahrepps, staðfestist hér samkvæmt lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 14. ágúst 1973.

F. h. r.
Jón Ingimarsson.

Ingimar Sigurðsson.

Nr. 259. 16. ágúst 1973.

REGLUGERÐ

um embætti Húsameistara ríkisins.

1. gr.

Verksvið embættis húsameistara ríkisins, sem heyrir undir forsætisráðuneytið, sbr. 2. gr. reglugerðar um Stjórnarráð Íslands, er tvíþætt. Í fyrsta lagi umsjá (viðhald, breytingar) með þeim opinberu byggingum, sem greindar eru í 2. gr. Í öðru lagi frumathugun og áætlunargerð (sbr. II. og III. kafla laga nr. 63/1970 um skipan opinberra framkvæmda) varðandi opinberar byggingar, eftir því sem um semst milli embættis húsameistara ríkisins og eignaðaraðila.

2. gr.

Þær opinberu byggingar, sem falla undir umsjá embættis húsameistara ríkisins, sbr. 1. gr., eru þessar:
Embættisbústaður forseta Íslands.
Gestahúsnæði ríkisins.
Alþingishús og hæstiréttur.
Skrifstofuhúsnæði stjórnarráðsins.
Safnahús í Reykjavík.
Þjóðleikhús.

3. gr.

Til þess að anna verkefnum skv. 1. og 2. gr. skal fast starfslið embættisins vera:
Húsameistari ríkisins.
3 arkitekar (yfirarkitekt og 2 deildararkitektar).
2 byggingartæknifræðingar.
1 innanhússarkitekt.
1 byggingaeftirlitsmaður (byggingam.).
1 aðalbókari og gjaldkeri.
1 vélritunar- og símastúlka.
1 vélritunarstúlka.

4. gr.

Þegar um sérstök verkefni er að ræða, sem teiknistofu embættisins eru falin til úrlausnar, er heimilt að ráða tímabundna aukaaðstoð sérfræðinga að fengnu samþykki nefndar skv. lögum nr. 48/1958.

Forsætisráðuneytið, 16. ágúst 1973.

Ólafur Jóhannesson.

Guðmundur Benediktsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 178 9. nóvember 1959 um vöruhappdrætti Sambands íslenzkra berklasjúklinga.

1. gr.

6. gr. orðist svo:

Vinningar eru samanlagt 16 500 að tölu í öllum 12 flokkunum og eru samanlagt að verðmæti kr. 93 600 000.00.

Stjórn SÍBS ákveður vinningatölu og verðmæti þeirra í hverjum flokki. Þó séu aldrei færri en 1000 vinningar í 1. flokki og ekki fleiri en 2 500 vinningar í 12. flokki.

2. gr.

7. gr. orðist svo:

Verð ársmiða er kr. 2 400.00, en endurnýjunarverð í hverjum flokki kr. 200.00. Ef menn vilja kaupa hlutamiða eftir að drættir eru byrjaðir á árinu, skal greiða fyrir hann, auk verðs hans í flokki þeim, sem næst á að draga í, samanlagt verð hlutarins í öllum flokkum, sem dregið hefur verið í á árinu.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 18 22. apríl 1959 um vöruhappdrætti fyrir Samband íslenzkra berklasjúklinga, sbr. lög nr. 32 5. maí 1969, öðlast gildi 1. janúar 1974.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 253 25. ágúst 1972.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 21. ágúst 1973.

Ólafur Jóhannesson.

Ólafur W. Stefánsson.

29. apríl 1973. Nr. 261.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð dr. Victors Urbancic, hljómsveitarstjóra Þjóðleikhússins, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 29. ágúst 1973.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð dr. Victors Urbancic, hljómsveitarstjóra Þjóðleikhússins.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður dr. Victors Urbancic.

2. gr.

Sjóður þessi er stofnaður af Þjóðleikhússkórnum, til minningar um dr. Victor Urbancic, fyrsta hljómsveitarstjóra Þjóðleikhússins og stjórnanda Þjóðleikhússkórsins, með kr. 5 600.00 framlögum sem þakklætisvott fyrir ómetanlegt og heilladrjúgt starf hans.

3. gr.

Þjóðleikhússkórinn mun leitast við, ef nokkur tök eru á, að halda einn samsöng árlega, opinberlega eða í útvarp, helst um eða á dánardegi dr. Victors Urbancic, ef fært reynist, eða þá fyrr eða síðar á árinu eftir því, hvernig verkefnum kórsins er háttað hjá Þjóðleikhúsinu, og láta ágóða af þeim samsöng renna óskertan í minningarsjóðinn.

Eignir þær, sem sjóðnum kunna að áskotnast, svo sem gjafir, áheit, ágóða af þessum eða öðrum hljómleikum eða skemmtunum, eða þá á einhvern annan hátt, skulu lagðar við höfuðstól sjóðsins, og lúta lögum þeim og reglum, sem þessi skipulagsskrá mælir fyrir um.

4. gr.

Markmið sjóðsins er að styrkja lækni til sérnáms í heila- og taugaskurðlækningum (neurokirurgi) eða aðstoðarfólk til sérnáms í hjúkrun heila -og taugaskurðsjúklinga, eða að veita fé til tækjakaupa eða eflingar aðstöðu á annan hátt í þessari grein lækninga, eftir ákvörðun sjóðstjórnarinnar.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skulu skipa 3 menn: Einn maður, kosinn af Þjóðleikhússkórnum árlega á aðalfundi kórsins, ekkja hins látna hljómsveitarstjóra, meðan hennar nýtur við, en eftir það einn af afkomendum dr. Victors Urbancic, og einn af starfandi taugaskurðlæknum hér á landi. Sérfræðingar í heilaskurðlækningum skulu tilnefna einn úr sínum hópi í stjórnina. Sami sérfræðingurinn getur aðeins setið eitt ár í senn í sjóðstjórninni, nema því aðeins að hann sé eini starfandi heilaskurðlæknirinn á landinu. Stjórn sjóðsins skiptir sjálf með sér verkum. Þjóðleikhússkórinn kýs einnig á aðalfundi sínum árlega einn varamann, er tekur sæti í stjórn sjóðsins í forföllum aðalmanns.

6. gr.

Styrkveiting úr sjóðnum fer fram árlega á afmælisdegi dr. Victors Urbancic, hinn 9. ágúst, og getur sá styrkur numið allt að helmingi skuldlausrar eignar sjóðsins hverju sinni. Heimilt er þó sjóðstjórninni að fresta styrkveitingu um eitt ár eða lengri tíma í senn, ef það þykir betur henta eða engar styrkbeiðnir berast.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skal halda gerðabók. Í gerðabókina skal færa inn skipulagsskrá þessa, allar fundargerðir stjórnarinnar, umsóknir um styrk úr sjóðnum, styrkveitingar og annað, er varðar hag og rekstur sjóðsins. Enn fremur allar eignir sjóðsins og ársreikninga yfir tekjur og gjöld sjóðsins.

8. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Stjórnin skal birta reikninga hans í B-deild Stjórnartíðinda. Þjóðleikhússkórinn skal kjósa einn endurskoðanda reikninga sjóðsins á aðalfundi kórsins ár hvert og einn vara endurskoðanda, en vandamenn dr. Victors Urbancic tilnefna hinn aðalendurskoðandann.

9. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari, og er þar með úr gildi fallin eldri skipulagsskrá sjóðsins frá 17. maí 1958.

Reykjavík, 15. júlí 1973.

Í stjórn Minningarsjóðs dr. Victors Urbancic,

Dr. Melitta Urbancic. Þorsteinn Sveinsson. Svava Þorbjarnardóttir

REIKNINGUR

Fiskveiðasjóðs Íslands 1972.

Efnahagsreikningur Fiskveiðasjóðs Íslands 31. desember 1972.

Eignir:

1.	Skuldabréf fyrir lánum út á:			
	a) Fiskiskip			kr. 3 046 580 906
	b) Hraðfrystihús			— 535 880 033
	c) Síldar- og fiskimjölsverksmiðjur:			
	P. L. 480 lán	kr.	13 902 481	
	Önnur lán	—	64 345 004	
				— 78 247 485
	d) Aðrar fiskvinnslustöðvar			— 158 094 491
	e) Skipasmíðastöðvar og dráttarbrautir			— 106 899 107
	f) Ýmsar fasteignir (verbúðir o. fl.)			— 27 975 607
2.	Fyrirframgreiðslur vegna innlendra skipasmíða o. fl.			— 379 523 710
3.	Verðbréf			— 29 361 679
4.	Ýmsir skuldunautar			— 88 138 445
5.	Bankainnstæður:			
	a) Fiskveiðasjóður	kr.	40 183 929	
	b) Andvirði dollaraláns v/togarakaupa í Japan	—	947 182 500	
	c) Stofnfjársjóður	—	81 488 975	
				— 1 068 855 404
				Kr. 5 519 556 867

Skuldir:

1.	Skuldir við innlenda banka	kr.	957 552 811	
	Skuldir við Framkvæmdasjóð P. L. 480	—	24 296 210	
				kr. 981 849 021
2.	Skuldir í erlendri mynt	kr.	1 012 185 298	
	Dollaralán vegna togarakaupa í Japan	—	979 000 000	
				— 1 991 185 298
3.	Framlagsreikningur Seðlabanka, Landsbanka, Útvegsbanka			— 175 393 000
4.	Innstæður lántakenda vegna erlendra lána til skipakaupa			— 462 958 248
5.	Stofnfjársjóður fiskiskipa			— 81 488 975
6.	Viðskiptamenn			— 21 757 304
7.	Skuld á bankaláni nr. 1025 í Seðlabanka			— 58 978 540
8.	Eigið fé			— 1 745 946 481
				Kr. 5 519 556 867

FISKVEIÐASJÓÐUR ÍSLANDS
Reykjavík, 28. febrúar 1973.

Sverrir Júlíusson.

Guðjón Halldórsson.

Við undirritaðir höfum endurskoðað reikningsfærslu og bókhald sjóðsins á árinu, fylgiskjöl, lánsskjöl, verðbréf og bankareikninga og ekkert fundið athugavert.

Reykjavík, 5. mars 1973.

Birgir Finnsson. *Einar Bjarnason.*

Með vísun til yfirlýsingar endurskoðenda úrskurðar stjórn Fiskveiðasjóðs Íslands ársreikninga sjóðsins 1972 rétta.

Reykjavík, 13. mars 1973.

Jóhannes Elíasson. Davíð Ólafsson. Björgvin Vilmundarson.
Jónas G. Rafnar. Helgi Bergs.

Með skírskotun til framanritaðra yfirlýsinga endurskoðenda og sjóðsstjórnar eru ársreikningar Fiskveiðasjóðs Íslands 1972 hér með staðfestir.

Reykjavík, 10. apríl 1973.

Lúðvík Jósepsson.

Nr. 263.

REIKNINGUR

Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 1972.

A. Rekstrarreikningur.

Tekjur:

1.	Hluti af söluskatti og aðflutningsgjöldum			kr. 613 600 000.00
2.	Landsútsvör			— 123 592 244.00
3.	Vextir			— 4 141 347.10
4.	a. Ofúthlutað til sveitarfélaga	kr. 4 078 813.80		
	b. — þar af á árinu 1971	— 165 101.20		
			—	3 913 712.60
			Kr.	745 247 303.70

Gjöld:

1.	Framlög til sveitarfélaga:			
	a. Af söluskatti og aðflutningsgjöldum	kr. 546 551 024.00		
	b. Af landsútsvörum	— 94 751 465.00		
			kr.	641 302 489.00
2.	Hluti sveitarfélaga af landsútsvörum		—	28 840 779.00
3.	Aukaframlög		—	6 500 000.00
4.	— sbr. 1. tl. bráðabirgðaákvæða, l. nr. 8/1972		—	18 000 000.00
5.	Fólksfækkun, framl., sbr. 16. gr. l. nr. 8/1972		—	5 459 776.00
6.	Styrkir til sveitarfélaga		—	41 716.00
7.	Samband ísl. sveitarfélaga		—	7 083 514.70
8.	Styrkir til 6 landshlutasamtaka		—	7 083 513.60
9.	Styrkur til Lánasjóðs sveitarfélaga		—	15 000 000.00
10.	Kostnaður		—	625.00
11.	Tekjuafgangur		—	15 934 890.40
			Kr.	745 247 303.70

B. Efnahagsreikningur.

Eignir:

1.	Innstæða í Seðlabankanum	kr.	28 779 329.40
2.	Skuldir sveitarfélaga	—	863 645.00
3.	Skuldabréf (Siglufjörður)	—	6 000 000.00

4. Bækur	—	26 575 57
5. Ofúthlutað til sveitarfélaga	—	4 078 813.80
	Kr.	39 748 363.77

Skuldir:

1. Höfuðstóll 1/1 1972	kr.	23 813 473 37
2. Tekjuafgangur 1972	—	15 934 890.40
	kr.	39 748 363.77
	Kr.	39 748 363.77

Félagsmálaráðuneytið, 5. mars 1973.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Lára Hafliðadóttir.

Nr. 264.

REIKNINGUR

Innheimtustofnunar sveitarfélaga.

Rekstursreikningur pr. 31. desember 1972.

Gjöld:

Launakostnaður	kr.	3 215 169.00	
Önnur rekstrargjöld	—	799 536.00	
Stofnkostnaður gjaldfærður	—	1 148 035.00	
			kr. 5 162 740.00
			Kr. 5 162 740.00

Tekjur:

Innheimtulaun	kr.	170 357.00	
Endurgr. innheimtukostnaður	—	21 910.00	
Vaxtatekjur af hlr. 333	—	733 155.00	
Framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga	—	4 237 318.00	
			kr. 5 162 740.00
			Kr. 5 162 740.00

Yfirlit yfir fjármuni og fjármagn pr. 31. desember 1972.

Fjármunir:

Ógreitt framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna reksturs	kr.	4 237 318.00	
Hlaupareikningur 333	—	1 605 938.00	
Sjóður	—	908 422.00	
			kr. 6 751 678.00
			Kr. 6 751 678.00

Fjármagn:

Óskilað af innheimtu til Tryggingast. ríkisins	kr.	6 616 908.00	
Óskilað af innheimtu til sveitarfélaga	—	134 770.00	
			kr. 6 751 678.00
			Kr. 6 751 678.00

Reykjavík, 31. marz 1973.

Guðm. Vignir Jósefsson, stjórnarformaður.

Magnús E. Guðjónsson, framkvstj.

SAMÞYKKT

fyrir Veiðifélag Gufuár.

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Gufuár, heimili þess og varnarþing er heimili formanns í Borgarhreppi, Mýrasýslu.

2. gr.

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að Gufuá, en þær eru Holt, Brennistaðir, Beigaldi, Krummshólar, Ölvaldsstaðir I, Ölvaldsstaðir II, Ölvaldsstaðir IV, Eskiholt I, Eskiholt II, Gufuá, Staðarhús, Laxholt, Birkiból, Valbjarnarvellir I, Valbjarnarvellir II og Litla-Fjall.

3. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu og ráðstafa veiði eftir því sem aðalfundur ákveður hverju sinni. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.

4. gr.

Stjórn félagsins skipa þrír menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig, að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár og hinn eftir þrjú ár, og helst svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan endurkosningu nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið, og hinn hitt árið.

5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér aðstoðar við þau störf félagsins sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

6. gr.

Aðalfund skal halda fyrir 1. ágúst ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundarinn um þá.

7. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.

8. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

9. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 23. ágúst 1973.

Halldór E. Sigurðsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

23. ágúst 1973. Nr. 266.

SAMÞYKKT

fyrir Veiðifélag Andakílsár, Borgarfjarðarsýslu.

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Andakílsár. Heimili þess og varnarþing er heimili formanns.

2. gr.

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að vatnasvæði Andakílsár, frá sjó og svo langt upp, sem fiskur gengur, en þær eru Grjóteyri, Árdalur, Hvanneyri, Ytri-Skeljabrekka, Innri-Skeljabrekka, Ausa, Vatnshamrar, Neðri-Hreppur, Efri-Hreppur, Miðfossar og Syðstu-Fossar.

3. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu, og ráðstafa veiði eftir því, sem aðalfundur ákveður. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.

4. gr.

Stjórn félagsins skipa þrír menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig, að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár, og hinn eftir þrjú ár, og helst svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið, og hinir hitt árið.

5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

6. gr.

Aðalfund skal halda ekki síðar en í júnímánuði ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi

þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.

7. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.

8. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

9. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 23. ágúst 1973.

Halldór E. Sigurðsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

Nr. 267. 23. ágúst 1973.

SAMÞYKKT

fyrir Veiðifélag Deildarár.

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Deildarár. Heimili þess og varnarþing er í Hofshreppi í Skagafjarðarsýslu.

2. gr.

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að Deildará í Skagafjarðarsýslu, en þær eru Grindur, Brúarland, Eyrarland, Kambur, Tungufell, Háleggsstaðir, Skuggabjörg, Stafnshóll, Gröf, Grafargerði, Ártún og Nýlenda.

3. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu og ráðstafa veiði eftir því, sem aðalfundur ákveður hverju sinni. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.

4. gr.

Stjórn félagsins skipa þrír menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig, að formaður gengur úr eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár og hinn eftir þrjú ár, og helst svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan endurkosningu, nema sérstök förföll hamli, eða hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið, og hinir hitt.

5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Henni er heimilt að ráða menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf

á hverjum tíma, og semur um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

6. gr.

Aðalfund skal halda í marsmánuði ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.

7. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.

8. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

9. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 23. ágúst 1973.

Halldór E. Sigurðsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

25. ágúst 1973. Nr. 268.

SAMÞYKKTIR

fyrir Veiðifélag Langár og Urriðaár, Mýrasýslu.

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Langár og Urriðaár. Heimili þess og varnarþing er í Mýrasýslu.

2. gr.

Félagið tekur til allra jarða, sem land eiga að Langá og Urriðaá, en félagssvæðið er frá ósi í sjó að miðlunarstíflu við Langavatn, öll Urriðaá, svo og fiskgengir lækir, sem í þessi vötn falla. Jarðir þær, sem lönd eiga að Langá, eru: Í Borgarhreppi: Rauðanes, Ánabrekka, Jarðlangsstaðir, Stangarholt, Litla-Fjall og Borgarhreppur. Í Álftaneshreppi: Grenjar, Hvítstaðir, Árbær, Háhóll, Langárfoss, Leirulækur, Lambastaðir og Álftaneshreppur. Auk fimm ofantaldra jarða í Álftaneshreppi eiga lönd að Urriðaá: Smiðjuhóll, Urriðaá, Valshamar, Álftártungukot og Grímsstaðir.

3. gr.

Verkefni félagsins og deilda þess, sem eru Langárdeild og Urriðaárdeild, er að stunda fiskrækt og viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðunum og ráðstafa veiði á þann hátt, sem aðalfundur ákveður, sbr. þó 44. grein laga nr. 76/1970, um lax- og

silungsveiði, eða síðari lagaákvæði um það efni. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðunum.

4. gr.

Stjórn félagsins skipa þrír menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kjörnir á aðalfundi til eins árs í senn. Þar sem um deildarskiptingu er að ræða, skulu formenn deildanna ávallt eiga sæti í stjórn félagsins. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan kosningu eða endurkosningu, nema sérstök forföll hamli. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til þriggja ára í senn.

5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli funda og aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins og deilda þess, sem vinna þarf á hverjum tíma og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum. Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar eða viðkomandi landeiganda. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma, veiðitæki svo og nafn þess er veiðiheimild hefur.

6. gr.

Aðalfund skal halda fyrir aprílok ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal stjórnin leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins fyrir liðið ár og úrskurðar aðalfundurinn um þá.

7. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.

8. gr.

Arði og gjöldum varðandi félagssvæðin skal skipt niður á félagsmenn skv. arðskrá.

9. gr.

Eins og áður segir starfar félagið í tveim deildum: Langárdeild og Urriðaárdeild. Skal hvor deild sjá um sérmál sín, ráðstöfun á veiði á sínu veiðisvæði, þó með þeim takmörkunum, sem aðalfundur setur sbr. og 44. gr. laga nr. 76/1970 og/eða síðari laga. Hvor deild skal innbyrðis kjósa sér stjórn á grundvelli samþykkta þessara og hafa skýrslur og greinargerðir tilbúnar þrem vikum fyrir aðalfund félagsins.

10. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 25. ágúst 1973.

Halldór E. Sigurðsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

REGLUGERÐ

um mjólk og mjólkurvörur.

I. KAFLI

Skýringar á hugtökum.

1. gr.

1.1. Með orðunum mjólk eða nýmjólk, er í reglugerð þessari átt við kúamjólk, sem höfð er á boðstólum og ætluð er til manneldis. Í henni eiga að vera öll þau efni, sem eru í náttúrlegri kúamjólk í eðlilegum hlutföllum. Engu má í hana bæta og ekkert úr henni taka, nema þess sé getið greinilega á umbúðum, enda brjóti það ekki í bága við ákvæði annarra matvælareglugerða.

1.2. Í nýmjólk skal vera minnst 3.0% mjólkurfita.

2. gr.

2.1. Geldmjólk nefnist mjólk úr kúm, sem eru að verða geldar og mjólka minna en 1 lítra á dag; enn fremur mjólk, sem mjólkuð kann að vera síðustu dagana fyrir burð.

2.2. Broddmjólk nefnist mjólkin fyrstu sólarhringana eftir burð. Hún hleypur við upphitun, án þess að frá henni skiljist til muna mjólkurvatn (serum).

3. gr.

3.1. Með orðinu mjólkurvara (mjólkurneysluvara) er átt við hverja þá matvöru, sem unnin er úr mjólk eða er afgangur við mjólkurvinnslu (t. d. undanrenna, áfir).

4. gr.

4.1. Gerilsneyðing er hitun mjólkur eða mjólkurvöru í þeim tilgangi að deyða flesta algengustu gerla, sem eru í mjólk.

4.2. Gerilsneyðing skal framkvæmd í gerilsneyðingartækjum viðurkenndum af Heilbrigðiseftirliti ríkisins eftir alþjóðlega viðurkenndum aðferðum, sem eru:

a. Hitun upp í 62—65 stig C° í 30 mínútur.
b. Hitun upp í 72—78 stig C° í 15—20 sekúndur.
c. Hitun upp í minnst 81 stig C°.
d. Hraðhitun með gufu yfir suðumark (U. H. T.-mjólk — "ultra high temperature").
e. Ef beita á öðrum aðferðum, skal leita samþykkis Heilbrigðiseftirlits ríkisins til þess hverju sinni.

5. gr.

5.1. Gerilsneydd mjólk er mjólk, sem hituð hefur verið samkvæmt ákvæði a. eða b. í 4. gr. þessa kafla.

6. gr.

6.1. Rjómi er unninn úr nýmjólk. Í honum skal vera minnst 9% mjólkurfita, og skal fitumagn tilgreint á umbúðum.

7. gr.

7.1. Gerilsneyddur rjómi er rjómi, sem hitaður hefur verið samkvæmt ákvæði c. í 4. grein.

8. gr.

8.1. Undanrenna er sá hluti mjólkur, sem eftir verður, þegar rjóminn hefur verið skilinn frá henni.

9. gr.

9.1. Gerilsneydd undanrenna er undanrenna, sem hituð hefur verið samkvæmt ákvæðum b. eða c. liðar 4. greinar.

10. gr.

10.1. Áfir er vökvi, sem eftir verður, þegar smjör er unnið úr rjóma. Í áfum skal vera minnst 8% þurrefni.

11. gr.

11.1. Dauðhreinsun er hitun yfir suðumark (undir þrýstingi), þar til dauðir eru allir gerlar og gró í vörunni.

11.2. Dauðhreinsuð mjólk og rjómi skulu soðin í lokuðum ílátum (loftþéttum), þannig að fullnægt sé þeim kröfum, sem gerðar eru í lögum og reglugerðum um niðursoðnar matvörur.

12. gr.

12.1. Sýrð mjólk (súrmjólk) er mjólk, sem sýrð hefur verið með viðurkenndum hreinræktuðum mjólkursýrugerlum. Mjólkin skal gerilsneydd, áður en hún er sýrð.

12.2. Jógúrt og kefír eru súrmjólkurtegundir, sem sýrðar hafa verið og/eða gerjaðar með viðurkenndum, hreinræktuðum súrgerlum og gersveppum. Mjólkina skal gerilsneyða áður.

12.3. Heimilt er, ef þörf krefur að framleiða jógúrt að hluta úr undanrennudufti og sýrða mjólk að hluta úr samsettri mjólk, sbr. 17. gr. enda breyti það hvorki gæðum né bragði vörunnar.

12.4. Í jógúrt og sýrðri mjólk skal vera minnst 3% af mjólkurfitu.

12.5. Sýrður rjómi er rjómi, sem sýrður er á sama hátt og mjólk og skal innihalda minnst 9% af mjólkurfitu.

12.6. Lágmarks mjólkurfitu skal getið á umbúðum.

13. gr.

13.1. Seydd mjólk (niðursoðin mjólk, dósamjólk) er mjólk, sem nokkur hluti vatnsinnihaldsins hefur verið eimaður úr. Í þessa mjólk má blanda hreinum hvítum neyslusykri (saccharose).

13.2. Í seyddri mjólk, ósykraðri, skal vera minnst 7.5% mjólkurfita og minnst 25% mjólkurþurrefni.

13.3. Í seyddri mjólk, sykraðri skal vera minnst 8% mjólkurfita og minnst 28% mjólkurþurrefni.

13.4. Í seyddri mjólk má ekki vera meira en 27% af vatni.

14. gr.

14.1. Nýmjólkurduft er framleitt úr mjólk, sem þurrkuð er í tækjum, sem Heilbrigðiseftirlit ríkisins viðurkennir.

14.2. Í nýmjólkurdufti á að vera minnst 25% mjólkurfita miðað við þurrefni og ekki meira en 5% vatn.

15. gr.

15.1. Undanrennuduft er framleitt úr undanrennu, sem þurrkuð er í tækjum, sem Heilbrigðiseftirlit ríkisins viðurkennir.

15.2. Í undanrennudufti skal ekki vera meira en 5% vatn og ekki meira en 1.5% mjólkurfita.

16. gr.

16.1. Fitusprengd mjólk er mjólk, sem fitukúlurnar hafa verið sprengdar í með tækjum, er Heilbrigðiseftirlit ríkisins viðurkennir.
16.2. Hómogeníseruð mjólk er þannig fitusprengd, að ekki er sýnilegt að rjómi setjist á yfirborðið né innan á veggi umbúða við stöðu og geymslu í 48 klst. við 5 stiga hita C°.
16.3. Mjólk, sem hefur verið fitusprengd, skal vera greinilega auðkennd sem slík.

17. gr.

17.1. Samsett mjólk er gerð úr nýmjólkurdufti eða undanrennudufti, smjöri og hreinu vatni.
17.2. Samsett mjólk skal innihalda minnst 3.5% mjólkurfitu og 9.5% fitusnautt mjólkurþurrefni.
17.3. Samsetta mjólk er óheimilt að selja sem venjulega mjólk.

18. gr.

18.1. Breytt mjólk er gerilsneydd, fitusprengd nýmjólk, sem í er blandað samsettri mjólk, allt að 25% heildarmagns.
18.2. Breytt mjólk skal því aðeins seld, að skortur sé á nýmjólk, enda séu umbúðir hennar sérstaklega auðkenndar og leitað heimildar fyrir sölu hennar til Heilbrigðiseftirlits ríkisins hverju sinni.

19. gr.

19.1. Skyr er sýrð mjólkurvara, unnin úr undanrennu eða undanrennudufti með sérstakri aðferð (hleypingu).
19.2. Skyr skal vera mjúkt og jafnt að gerð með ísúru bragði og laust við kekki og korn.
19.3. Í skyri skal vera minnst 16% þurrefni.

20. gr.

20.1. Í kakómjólk skal vera minnst 2% af mjólkurfitu, 1.5% af kakói og 5% af sykri.

21. gr.

21.1. Sé bragðefnum bætt í mjólkurvöru, skal þess getið á umbúðum. Bragðefnin verða að vera viðurkennd af Heilbrigðiseftirliti ríkisins, en er sett hefur verið reglugerð um viðbótarefni í mat, skal farið eftir ákvæðum hennar.

22. gr.

22.1. Mysa er vökvi, sem eftir verður við osta- og skyrgerð.

23. gr.

23.1. Smjör skal unnið úr gerilsneyddum rjóma, sem hitaður hefur verið í minnst 90 stig C° og síðan kældur.
23.2. Smjör skal innihalda að minnsta kosti 80% mjólkurfitu og mest 2% fitusnautt mjólkurþurrefni og vatnsinnihald má vera allt að 16%.
23.2. Í smjör má engu bæta nema hreinu matarsalti. Heimilt er þó að bæta í smjör litarefni, sem viðurkennt er af Heilbrigðisráðuneytinu og fer um merkingu þess eftir matvælalögum og reglum, sem í gildi eru hverju sinni. Þá er og heimilt að framleiða sýrt smjör.

23.4. Allt smjör, sem unnið er í viðurkenndum mjólkurstöðvum, skal selt í tveim gæðaflokkum, 1. og 2. flokki, og sett á markað með tilsvarandi auðkenningu á umbúðum. Mjólkursamlög og sölufélög þeirra geta þó auðkennt 1. flokks smjör með sérstöku skrásettu merki.

24. gr.

24.1. Ostar eru mjólkurvara og skipast í tvær aðaltegundir, mjólkurosta og mysuosta.

24.2. Mjólkurostar eru framleiddir með því að skilja mysu frá ostefninu. Þeir skiptast í fjóra aðalflokka eftir mjólkurfitu- og þurrefnisinnihaldi:
1. Feitur ostur með minnst 45% mjólkurfitu í þurrefni.
2. Hálffeitur ostur með minnst 30% mjólkurfitu í þurrefni.
3. Kvartfeitur ostur með minnst 20% mjólkurfitu í þurrefni.
4. Magur ostur með minna en 20% mjólkurfitu í þurrefni.

24.3. Mysuostar eru framleiddir við að fjarlægja mikinn hluta vatnsins úr mysunni. Þeir skiptast í fjóra aðalflokka:
1. Mysuostur með minna en 20% mjólkurfitu í þurrefni.
2. Rjómamysuostur með minnst 33% mjólkurfitu í þurrefni.
3. Mysingur með minna en 20% mjólkurfitu í þurrefni.
4. Rjómamysingur með minnst 33% mjólkurfitu í þurrefni. Mysingur og rjómamysingur eru það linir, að þeir eru smyrjanlegir.

24.4. Bræddir ostar eru gerðir úr mjólkurosti. Í þá má bæta ýmsum viðurkenndum viðbótarefnum og bragðefnum, í samræmi við lög og reglur, sem um það gilda hverju sinni. Smurostur er það mjúkur, að hann er smyrjanlegur. Steyptur ostur er fastari.

24.5. Ostefni mjólkur (kasein) er unnið úr undanrennu með sérstakri aðferð. Ostefni skal innihalda minna en 12% vatn og minna en 1.5% mjólkurfitu.

24.6. Landbúnaðarráðuneytið getur skrásett sérstök heiti á ostum og veitt heimild til að sérstakar ostategundir hafi annað fitumagn en hér að framan greinir. Á allan ost skal skrá fituinnihald eða fitumagn í þurrefni.

25. gr.

25.1. Mjólkurís og rjómaís skal gerður úr gerilsneyddri mjólk eða rjóma, eða úr gallalausu 1. flokks smjöri, mjólkur- eða undanrennudufti og viðurkenndum viðbótarefnum.

25.2. Léttís (sherbet) skal gerður úr mjólk eða rjóma auk vatns, sykurs og ávaxtasafa.

25.3. Mjólkurís á að innihalda minnst 3% mjólkurfitu og 27% þurrefni.
Rjómaís á að innihalda minnst 9% mjólkurfitu og 27% þurrefni.
Léttís á að innihalda minna en 3% mjólkurfitu.

25.4. 1 lítri af rjómaís og mjólkurís má ekki vega minna en 500 g.

25.5. Gæta ber enn fremur ákvæða annarra laga og reglugerða, sem í gildi eru og sett kunna að verða, um efnainnihald, framleiðslu og sölu hvers konar ístegunda.

II. KAFLI

Reglur um aðstöðu við framleiðslu og meðferð mjólkur í fjósi.

26. gr.

26.1. Á heimilum, sem framleiða neyslumjólk til sölu, má ekki dvelja fólk með næmar sóttir svo sem berklaveiki, taugaveiki (smitberar), taugaveikibróður (salmonellasýki), næma lifrarbólgu (gulusótt), bráðalömunarveiki, skarlat-

sótt og illkynjaða hálsbólgu eða aðra tilsvarandi næma sjúkdóma.

26.2. Mjaltafólk má ekki vinna við mjólk, mjaltir né mjaltatæki, ef það er með illkynjaða hálsbólgu, blóðsótt (dysenteria), matareitrun eða aðra næma þarmakvilla, slæma húðkvilla eða ígerðir og opin sár á höndum og handleggjum.

26.3. Börn nýbólusett við kúabólu mega ekki koma í fjós á meðan þau hafa bóluna, og mjaltafólk verður að gæta þess vel að snerta ekki bóluna.

26.4. Á heimilum mjólkurframleiðanda skulu vera góð skilyrði til þrifnaðar og hreinleg umgengni í hvívetna. Þar skulu vera vel þrifin salerni, er nothæf séu vetur sem sumar og greið aðgöngu.

27. gr.

27.1. Fjós, þar sem framleidd er mjólk, skulu vera björt og rúmgóð og vel séð fyrir loftendurnýjun.

Í nýjum fjósum skal ætla hverjum fullvöxnum nautgrip eigi minna rými en 15 rúmmetra, enda sé eigi reiknað með lofthæð yfir 3 metra.

Gluggar skulu vera opnanlegir eða annar fullnægjandi loftræstibúnaður.

27.2. Gólf, veggir og loft skulu vera úr steinsteypu eða öðru álíka traustu efni með sléttu yfirborði, sem auðvelt er að hreinsa, mála eða kalka.

27.3. Flórinn má ýmist vera úr steinsteypu, vatnsþéttur með góðu afrennsli og vatnslás, eða rimlaflór, þ. e. rimlagólf yfir djúpflór eða haughúsi.

27.4. Hreinlegt vatnssalerni ásamt nauðsynlegum snyrtitækjum skal vera í nýjum fjósum, aðgengilegt fyrir starfsfólk fjóssins, þó skal ekki vera beint samband á milli salernis og fjóss um dyr eða glugga.

27.5. Óheimilt er að nota fjósið sem salerni.

28. gr.

28.1. Vatn, sem notað er til drykkjar handa kúm eða til þrifnaðar við fjósverk, t. d. júgurþvott, handþvott og uppþvott á mjólkurílátum og -áhöldum, skal vera hreint og ómengað sbr. Heilbrigðisreglugerð nr. 45/1972 III. kafla.

28.2. Fjósum skal haldið vel hreinum. Fjós skulu mokuð og þrifin kvölds og morgna, en veggir og loft skal hreinsa með þvotti 2—3svar á ári, eða oftar ef þurfa þykir og mála eða kalka eftir þörfum.

28.3. Fjósverkum skal þannig hagað, að ekki berist í mjólkina óþefur, ryk, reykur eða önnur óhreinindi, og skal því gjöfum og flórmokstri lokið stundafjórðungi áður en mjaltir hefjast.

28.4. Við hreinsun kúa og fjósa má ekki nota svo lyktarsterk efni, að mjólkin geti mengast af þeim.

28.5. Í fjósum má ekki hafa önnur húsdýr en nautgripi, nema þau séu vel aðskilin frá þeim. Þó má ekki hafa þar alifugla, svín né hunda.

28.6. Fjós skulu varin flugum, rottum og músum. Í fjósum má ekki geyma aðra hluti en þá, sem notaðir eru við fjósverkin.

29. gr.

29.1. Mjólkurkúm skal haldið vel hreinum. Kýr skulu klipptar einu sinni til tvisvar á ári, a. m. k. júgur og afturhluti, og burstaðar daglega og þvegnar ef með þarf.

30. gr.

30.1. Mjaltafólk skal vera yst klæða í hreinum mjaltafötum og bert upp að olnboga. Það skal þvo sér vandlega um hendur og handleggi fyrir mjaltir og meðan á mjöltum stendur, ef með þarf.

30.2. Áður en kýr er mjólkuð, skal þvo júgrið og umhverfis það vandlega úr volgu, sótthreinsandi vatni, (t. d. klórvatni 0.5—1%) og þurrka það vandlega á eftir með bréfþurrkum eða hreinum þvottaklúti. Skipta skal um þvottavatn og

þvottaklút svo oft sem þurfa þykir, en þó aldrei sjaldnar en eftir þvott á 6—8 júgrum. Þvottaklúta skal hreinsa og sjóða á milli mjalta.

30.3. Fyrstu mjólkurbunum má hvorki mjólka saman við mjólkina né niður á básinn, heldur skal mjólka hana í hreytibolla, sem gerður er í þeim tilgangi, og er það um leið mjólkurskoðun.

30.4. Mjólka skal með þurrum, hreinum höndum eða með mjaltavélum, sem fyrst eftir hreinsun júgurs og spena.

30.5. Eftir mjaltir skulu spenar hreinsaðir og smurðir úr sótthreinsandi feiti eða spenaídýfu, sem gerðar eru til slíkra nota.

31. gr.

31.1. Kýr, sem eru með júgursjúkdóma, sem spillt geta mjólkinni og gert hana strimlaða, vatnsþunna, slímuga, graftarmengaða, blóðlitaða eða valdið óeðlilegum lit, lykt eða bragði (t. d. saltbragði) skal mjólka sér og á eftir júgurhraustum kúm og eyðileggja mjólkina.

31.2. Broddmjólk og geldmjólk má ekki blanda saman við nýmjólk og ef mjaltavélar eru notaðar, skal mjólka slíkar kýr á eftir mjöltun annarra kúa.

32. gr.

32.1. Bannað er að sía og kæla mjólk í fjósi.

32.2. Að lokinni mjöltun hverrar kýr, skal nyt hennar flutt strax í mjólkurhús eða annað viðurkennt rými og kæld strax á fullnægjandi hátt, þ. e. í 8°C eða lægra í vatnskæli og 3°C eða lægra í rafkældum mjólkurgeymi, sbr. gr. 41.

Sé mjólk síuð, skal nota góð sigti með dauðhreinsuðum bómullarbotni, sem skipta á um eftir hverjar mjaltir og oftar eftir þörfum.

32.3. Vatnskæld mjólk má ekki hitna á ný upp fyrir áðurgreind mörk, áður en hún er tekin til flutnings. Ekki má hella saman volgri og kaldri mjólk í brúsum.

32.4. Við mjaltir, kælingu, geymslu og flutning skal verja mjólkina eins og fært er fyrir flugum, frosti, sólskini, ryki, reyk, óþef og lyktarsterkum efnum.

III. KAFLI

Reglur um mjólkurhús.

33. gr.

33.1. Við fjós, sem byggð verða eftir að reglugerð þessi tekur gildi, skal vera mjólkurhús til mjólkurkælingar og þrifa á mjaltaútbúnaði, sem fullnægir kröfum þessa kafla.

Sömu kröfur gilda um fjós, þar sem kæligeymir (bæjartankur) eða mjaltavélar eru í notkun; þó er heilbrigðisnefnd að höfðu samráði við dýralækni, heimilt að veita mjólkurframleiðendum, sem hafa færri en 10 kýr og engan kæligeymi, frest til 1. janúar 1979 til þess að fullnægja ákvæðum þessa kafla.

Aðrir mjólkurframleiðendur mega með leyfi heilbrigðisnefndar, að fenginni umsögn mjólkurstöðvarstjóra, nota annað rými í stað sérstaks mjólkurhúss áfasts við fjós, enda sé það ekki notað í öðru skyni og uppfylli a. ö. l. sömu kröfur og mjólkurhús.

33.2. Mjólkurhús skulu byggð áfast við fjósið eða vera hluti af fjósbyggingu, en þó þannig, að ekki sé beint samband við fjós heldur gangur á milli (tvennar dyr).

33.3. Mjólkurhús skulu þannig staðsett, að ekki berist í þau óþefur t. d. frá votheysgeymslum og mykjuhaugum. Umhverfi þess skal haldið hreinlegu og

steinsteypt stétt eða malarborið hlað skal vera fyrir framan þá hlið, sem dyr eru á.

33.4. Mjólkurhús skulu vera björt og sköl með fullnægjandi loftræstingu.

Veggir og loft skulu máluð eða lögð flísum eða öðru hliðstæðu efni og gólf vatnshelt með góðu niðurfalli.

33.5. Í mjólkurhúsi á að vera rennandi heitt og kalt ómengað vatn (sbr. gr. 28.1.) til þvotta á mjaltaáhöldum og mjólkurílátum, til handþvotta og kælingar mjólkur. Þar á að vera stór, tvískipt þvottalaug úr plasti eða öðru tilsvarandi efni, ásamt nauðsynlegum hreinsiefnum, einnota handþurrkum úr pappír, svo og sótthreinsiefnum.

33.6. Mjólkurhús má **einungis** nota til þess að sía, kæla og geyma mjólkina og þvo og geyma mjólkurílát og mjaltavélar. Lyf og mjaltaklæði skulu geymd í lokuðum skápum.

33.7. Mjólkurhúsum skal haldið vel hreinum og þau varin fyrir rottum, músum, flugum, hundum og köttum, og þar má ekki geyma aðra hluti en þá, sem notaðir eru við mjólk og mjaltir og við ræstingu slíkra hluta. Hafa skal flugnanet á hinum opnanlegu gluggum mjólkurhúsa. Dyrum skal ávallt lokað til að verjast mengun.

33.8. Vegur að mjólkurhúsi skal vera traustur, þrifalegur og haganlegur fyrir mjólkurbifreið, og ekki má fjóshaugur renna yfir veginn eða að honum. Fjóshaugur skal vera að minnsta kosti 10 metra frá mjólkurhúsi.

34. gr.

34.1. Mjólkurílát, mjaltavélar og mjólkurleiðslur skulu vandlega hreinsuð og síðan sótthreinsuð, svo fljótt sem verða má eftir notkun eða tæmingu og síðan varin vel fyrir öllum óhreinindum fram að næstu notkun. Þau skulu hreinsuð og sótthreinsuð með efnum og aðferðum, sem Heilbrigðiseftirlit ríkisins viðurkennir.

34.2. Mjólkurbrúsar skulu sóttir strax, þegar þeir koma á brúsastöðul, hreinsaðir og sótthreinsaðir tafarlaust og látnir þorna fyrir næstu notkun. Brúsa og mjaltafötur á að geyma eftir hreinsun á hvolfi, hengd upp á vegg eða studd af einu röri (grind) í mjólkurhúsinu, eða á annan fullnægjandi hátt.

34.3. Aðalhreinsun mjaltavéla með sundurtekningu skal framkvæma eigi sjaldnar en einu sinni í viku.

35. gr.

35.1. Áhöld og tæki, sem koma í snertingu við mjólk, skulu vera úr efnum, sem ekki geta mengað mjólkina, svo sem áli, ryðfríu stáli, gleri, plasti eða plastgleri, sérstöku gúmmíi eða öðru, sem Heilbrigðiseftirlit ríkisins viðurkennir.

IV. KAFLI

Reglur um mjólkurflutninga.

36. gr.

36.1. Dæling mjólkur úr kæligeymi eða brúsum í flutningageymi, svo og dæling úr flutningageymi í mjólkurstöð, skal fara fram á svo hreinlegan og tryggilegan hátt, að mjólkin geti ekki orðið fyrir neinni óhreinkun, sem rýri gæði hennar og hollustu.

Eigi má dæla mjólk úr bæjargeymi í flutningageymi fyrstu ½ klst. eftir mjaltir og aldrei heitari mjólk en 7°C.

36.2. Dæluhús mjólkurbifreiðar skal gert eins þétt og frekast er unnt. Þéttingar á hurðum skulu ávallt vera heilar og þær endurnýjaðar eftir þörfum.

36.3. Fyllsta hreinlætis skal gætt við mjólkurdælu bifreiðar, einkum þar sem stútnum er stungið ofan í mjólkina í geyminum. Skal stúturinn skolaður í bunu af hreinu vatni, bæði á undan og eftir dælingu mjólkur.

36.4. Óheimilt er að dæla mjólk úr brúsum í flutningageymi úti við þjóðveg, nema brúsar séu í vatns- og rykþéttu skýli, sem viðurkennt sé af hlutaðeigandi héraðsdýralækni. Krafa um slíkt skýli gildir þó ekki fyrir mjólkurframleiðendur, sem hafa rafkælda mjólkurgeyma, en verða þó, ef veður eða snjóar hamla heimkeyrslu, að flytja mjólk í brúsum í veg fyrir mjólkurbifreið.

36.5. Þegar tekið er mjólkursýni til flokkunar eða gerlarannsóknar, skal það tekið með sótthreinsuðu áhaldi, beint úr geymi eða brúsa, áður en dæling fer fram, en ekki úr dælukerfi mjólkurbifreiðar.

36.6. Gæta skal þess vel, að hið eitraða vélargas mjólkurbifreiðar fylli ekki fjós og mjólkurhús meðan á dælingu stendur.

36.7. Eftir tæmingu flutningageymis í mjólkurstöð eða annars staðar skal geymir bifreiðar, svo og allur dælabúnaður, hreinsaður og sótthreinsaður tafarlaust á tryggilegan hátt.

36.8. Við mjólkurflutninga skal eftir megni varast að láta mjólkina verða fyrir gæðarýrandi áhrifum, svo sem hækkun hitastigs með óþarfa töfum og seinagangi í ferðum.

36.9. Mjólkurbifreiðum skal haldið vel hreinum, hvort sem þær eru að flytja mjólkurílátin tóm eða full, og eigi má mjólkurbifreið samtímis brúsum flytja vörur, sem lykt og óþrifnaður stafar af fyrir mjólkurílátin, heldur aðeins hreinlegan smávarning í traustum umbúðum og því aðeins, að hann sé vel aðskilinn frá mjólkurílátunum.

36.10. Ekki má flytja mjólk í brúsum, sem ryðgaðir eru að innan, eða dældaðir að ráði eða að öðru leyti gallaðir.

37. gr.

37.1. Við flutning mjólkur milli geyma, t. d. dælingu úr bæjargeymi í flutningageymi og móttöku og innvigtun mjólkur í mjólkurstöð, mega aðeins þeir vinna, sem fengið hafa rækilega tilsögn hjá viðkomandi mjólkurbúi, eftir þeim reglum, sem Heilbrigðiseftirlit ríkisins setur.

37.2. Mjólkurbílstjórar skulu fylgja settum reglum við starf sitt, nota gúmhanska, þar sem mesta hreinlætis er þörf, og vera klæddir vinnufötum úr þvotthæfu efni.

37.3. Við dælingu og innvigtun mjólkur mega þeir ekki starfa, sem eru veikir eða grunur leikur á, að haldnir séu þeim næmum sjúkdómum, sem taldir eru upp í 26. grein eða umgangast daglega fólk með slíka kvilla eða eru með næman húðsjúkdóm, óhrein sár, graftarkýli á höndum, handleggjum eða í andliti eða kvilla, sem fylgir útferð í eyrum, augum, nefi eða koki. Telji starfsmaður sig haldinn einhverjum slíkum kvilla, skal hann gera vinnuveitanda sínum aðvart um það, og skal sá þegar í stað veita honum lausn frá starfi um stundarsakir og fyrirskipa honum að leita læknis.

Heilbrigðisnefnd getur, að fenginni skoðun og umsögn læknis, sett mann í starfsbann, sem þannig er komið fyrir.

V. KAFLI

Reglur um meðferð og vinnslu mjólkur í mjólkurstöðvum.

38. gr.

38.1. Mjólkurstöðvar skulu byggðar úr steinsteypu eða öðru traustu efni, rúmgóðar, bjartar og vel loftræstar. Gólf skulu vera vatnsheld og slétt með góðu niður-

falli. Veggir og loft skulu vera slétt og máluð í ljósum litum eða veggir lagðir flísum eða öðru samsvarandi efni.

38.2. Lofti, gólfi og veggjum skal ávallt haldið vel hreinum. Húsakynni mjólkurstöðvar skulu varin flugum, músum, rottum og öðrum meindýrum og einnig öllum húsdýrum.

38.3. Í mjólkurstöð skulu vera hæfilega mörg og vel umgengin salerni ásamt snyrtiherbergi, fatageymslu og aðstöðu fyrir starfsmenn til að fá sér bað eftir vinnudag. Viðunandi aðstaða skal vera til fataskipta.

38.4. Vatn, sem notað er til hreinsunar tækja og véla, skal vera hreint og ómengað.

38.5. Þar sem hringrásarkerfi er notað við hreinsun véla og tækja, skulu þau opnuð eða tekin í sundur og skoðuð a. m. k. tvisvar á ári.

38.6. Staðsetning mjólkurstöðvar og umhverfi skal vera viðurkennt af Heilbrigðiseftirliti ríkisins. Umhverfi stöðvarinnar á að vera hreinlegt og ryklaust, malarborið eða steypt hlað og vegir, en grasvellir umhverfis.

39. gr.

39.1. Mjólkurstöðvar skulu flokka alla mjólk frá framleiðendum a. m. k. einu sinni í viku, og skal flokkun a. m. k. einu sinni í mánuði fara fram á mánudegi.

39.2. Þar sem í notkun eru brúsar og vatnskæling, skal mjólkin flokkuð í 3 flokka eftir litprófun Bartels og Orla Jensen (reduktaseprufa).

1. flokkur: aflitun eftir meira en 4½ tíma.
2. flokkur: aflitun á 2—4½ tímum.
3. flokkur: aflitun á minna en 2 tímum.

39.3. Fyrir mjólk, sem sótt er með tankbílum gildir eftirfarandi:

I. Af mjólk, sem framleidd er á mjólkursölusvæði, þar sem meira en 50% af árlega innvegnu mjólkurmagni fer beint til neyslu, skal taka sýni til gerlaræktunar og talningar vikulega hjá hverjum framleiðanda. Rækta skal gerlana á P.C.-agar við 30°C í 2 sólarhringa og mjólkursýnin síðan flokkuð í 3. flokka með gerlatalningu.

1. flokkur 0 til 500 000 gerlar pr. ml.
2. flokkur 500 000 til 1 000 000 gerlar pr. ml.
3. flokkur 1 000 000 og fleiri gerlar pr.ml.

II. Á öðrum svæðum skal heimilt í stað heildargerlatalningar að nota forhitaða litprófun (preinkubert reduktaseprufa). Skulu sýnin þá forhituð í vatnsbaði í 18 tíma við 12°C og síðan flokkuð í 3 flokka eftir litprófun Bartels og Orla Jensen.

1. flokkur: aflitun eftir meira en 3 tíma.
2. flokkur: aflitun á 1—3 tímum.
3. flokkur: aflitun á minna en 1 tíma.

39.4. Mjólk frá hverjum framleiðanda, sem fer í II. og III. flokk, skal verðfelld um eftirfarandi lágmarksprósentu eftir fjölda prufa, sem lendir í þessum flokkum.

Flokkur.	Fjöldi prufa í mánuðinum í hverjum flokki			
	1	2	3	4
II.	1.0%	3.0%	6.0%	10.0%
III.	5.0%	12.0%	21.0%	32.0%

Samanlögð prósenta flokkanna skal gilda sem verðfelling fyrir allt mjólkurmagn mánaðarins frá viðkomandi framleiðanda. Verðfelling pr. ltr. eða kg mjólkur skal reiknuð af grundvallarverði 1. janúar ár hvert og gilda allt árið.

39.5. Sé ógerilsneydd mjólk, sem ætluð er sem neyslumjólk, flutt á milli mjólkurstöðva, skal hún flokkuð á ný í þeirri stöð, sem tekur hana til gerilsneyðingar.

39.6. Brúsamjólk, sem flokkast í 3. flokk, má ekki selja sem neyslumjólk, hvorki hráa né gerilsneydda. Þá skulu mjólkursendingar þess framleiðanda prófaðar svo oft sem hægt er, uns breyting verður á til batnaðar.

39.7. Mjólkurstöðvarstjórar skulu mánaðarlega senda skýrslu til Heilbrigðiseftirlits ríkisins um flokkun mjólkur í 2. og 3. flokk frá hverjum einstökum framleiðanda í hverri viku. Einnig skal tilgreina magn innveginnar mjólkur mjólkurstöðvarinnar.

Þá skulu mjólkurstöðvarstjórar gera á 6 mánaða fresti (haust og vor) yfirlit yfir flokkun mjólkur frá framleiðendum og gera sérstaka skýrslu yfir þá, sem fallið hafa í flokki við 5. hverja prófun eða oftar. Skulu stöðvarstjórar senda viðkomandi héraðsdýralæknum þessa skýrslu og fela þeim að leita orsakanna fyrir slæmri flokkun og reyna að koma á gagngerum umbótum hjá viðkomandi framleiðendum, sbr. enn fremur 56. gr. l., 57. gr. 2.

39.8. Um áramót skulu mjólkurstöðvarstjórar senda Heilbrigðiseftirliti ríkisins skýrslu um þá mjólkurframleiðendur sem hafa hætt framleiðslu mjólkur, og nýja framleiðendur, sem gengið hafa í samlagið.

40. gr.

40.1. Mjólk, sem ætluð er til sölu sem neyslumjólk, má ekki vera eldri en 36 klukkustunda, þegar hún berst mjólkurstöð, þar sem mjólk er vatnskæld og flutt í brúsum, en 65 klukkustunda gömul þar sem rafkæling er í notkun. Ef mjólkin er gerilsneydd strax og hún berst viðkomandi mjólkurstöð og kæld vel á eftir (í 1—4°C), má hún þó vera allt að 12 tímum eldri.

40.2. Sé mjólk flutt á milli stöðva, skal hún gerilsneydd eigi síðar en 18 tímum eftir móttöku í fyrri mjólkurstöðinni.

40.3. Víkja má frá ákvæðum um hámarksaldur mjólkur vegna veðurs og ófærðar, enda sé ákvæðum 39. gr. um 3. flokks mjólk fylgt engu að síður.

40.4. Óheimilt er að forhita eða tvígerilsneyða mjólk, nema til komi leyfi Heilbrigðiseftirlits ríkisins, að fenginni umsögn hlutaðeigandi heilbrigðisnefnda.

41. gr.

41.1. Tæki þau, sem notuð eru í mjólkurstöð til gerilsneyðingar mjólkur og rjóma, skulu hafa hlotið viðurkenningu Heilbrigðiseftirlits ríkisins.

42. gr.

42.1. Áður en mjólk er gerilsneydd í mjólkurstöð, skal hún hreinsuð í hreinsiskilvindu eða öðrum síubúnaði, sem Heilbrigðiseftirlit ríkisins viðurkennir, hvort sem mjólkin er ætluð til drykkjar eða vinnslu.

43. gr.

43.1. Strax að lokinni gerilsneyðingu, skal kæla neyslumjólk niður í 1—6°C og geyma hana við það hitastig.

44. gr.

44.1. Mjólk og mjólkurvörur, sem seldar eru í lokuðum umbúðum skulu greinilega auðkenndar með heiti vörunnar.

44.2. Tilgreina skal, ef um gerilsneydda mjólkurvöru er að ræða, hvaða dag sala er heimil í síðasta lagi (dagsetning, dagstimplun) sbr. 48. gr.

44.3. Á dósum með seyddri mjólk skal tilgreina, hve miklu vatni þarf að blanda í innihald dósarinnar, til þess að það samsvari efnahlutföllum eðlilegrar kúamjólkur. Þess skal og getið á umbúðum, ef mjólkin er sykruð.
44.4. Á dósinni skal vera skráð nafn framleiðanda, framleiðslustaður og nettóþyngd vörunnar.

45. gr.

45.1. Seydda mjólk, dauðhreinsaða mjólk og dauðhreinsaðan rjóma má ekki geyma, bjóða til sölu eða selja, nema í umbúðum, sem eru algjörlega loftþéttar.

46. gr.

46.1. Ekki má geyma mólk eða mjólkurvöru í ílátum úr tré eða öðrum efnum, sem geta mengað vöruna, ekki heldur í gölluðum ílátum, t. d. ryðguðum brúsum, og ekki má nota slík tæki eða áhöld við vinnslu vörunnar. Ílát og tæki mega ekki vera verulega dælduð eða beygluð og þau skulu þannig gerð, að auðvelt sé að hreinsa þau.
46.2. Til lokunar eða þéttunar á mjólkurílátum má ekki nota efni, sem heldur í sér mjólk eða vatni, t. d. gúmsvamp. Lokið á mjólkurílátum, brúsum og geymum, skal vera þannig, að það taki út yfir barmana.

VI. KAFLI

Reglur um útsölustaði og sölu mjólkur og mjólkurvöru.

47. gr.

47.1. Í sölustöðum mjólkur skal vera kælibúnaður, þar sem viðkvæm mjólkurvara er geymd við 1—6°C, þar til og á meðan sala fer fram, a. ö. l. skal um sölustaði mjólkur fylgt ákvæðum heilbrigðisreglugerðar frá 8. febr. 1972 um meðferð og sölu matvæla og annarrar neysluvöru, gr. 164—169.

Kæligeymslan skal taka minnst áætlað 1 dags sölumagn búðarinnar af mjólkurvöru, og skal þá miðað við söluhæsta dag vikunnar.
47.2. Ekki má geyma mjólk eða mjólkurvörur með varningi, sem getur óhreinkað hana eða spillt henni með lykt eða á annan hátt.
47.3. Ytri umbúðir um mjólk og mjólkurvörur, sem notaðar eru oftar en einu sinni, eins og t. d. mjólkurkassar og mjólkurgrindur, er óheimilt að nota í öðru skyni.

48. gr.

48.1. Eigi má selja mjólk eða mjólkurvöru aðra en skyr í lausri vigt, nema hún sé auðkennd með heiti vörunnar, sbr. gr. 44.1., 2. og 3.
48.2. Fljótandi, ósýrðar mjólkurvörur, svo sem neyslumjólk, rjóma, undanrennu og kakómjólk, má ekki selja síðar en á 3. degi eftir gerilsneyðingu. Þó getur heilbrigðisnefnd, að fengnu samþykki Heilbrigðiseftirlits ríkisins leyft, að seld sé mjólk, þótt lengra hafi liðið frá gerilsneyðingu hennar, þegar sérstaklega stendur á, svo sem á fyrsta degi eftir hátíðir og helgidaga, að því tilskildu, að mjólkin hafi verið geymd í öruggum kæli lokunartímann.
48.3. Sýrðar mjólkurvörur, svo sem súrmjólk og jógurt, má ekki selja síðar en á 7. degi frá gerilsneyðingu.

49. gr.

49.1. Ógerilsneydda mjólk má ekki selja í sölubúðum, né nota í veitingastöðum eða veitingahúsum, né í opinberum stofnunum svo sem heilsuhælum, barnaheimilum, skólum, elliheimilum eða öðrum mötuneytum og stofnunum, nema fengið sé leyfi heilbrigðisnefndar og með samþykki Heilbrigðiseftirlits ríkisins, enda

verði við framkvæmd slíkrar undanþágu farið nákvæmlega eftir fyrirmælum áðurnefndra eftirlitsaðila. Slík leyfi þarf að endurnýja árlega, sbr. enn fremur 55. gr. 1.

Sama gildir um mjólk framleidda á eigin búum stofnana.

VII. KAFLI
Eftirlit með starfsfólki við mjólkuriðnað.

50. gr.

50.1. Um fólk, sem vinnur á útsölustöðum mjólkur og við mjólkuriðnað, gilda almennar reglur í samræmi við heilbrigðisreglugerð nr. 45 frá 1972, einkum 37. grein og 164.—196. grein, um allt er viðkemur hreinlæti og hollustuháttum, næmum sjúkdómum og læknisskoðun og því um líku.

VIII. KAFLI
Mjólk óhæf til sölu.

51. gr.

51.1. Óheimilt er að selja eða bjóða til sölu mjólk eða mjólkurvöru úr kúm með sjúkdóma, sem spillt geta mjólkinni eða borist með henni í fólk.

51.2. Óheimilt er að selja eða bjóða til sölu mjólk og mjólkurvöru úr kúm, sem fóðraðar hafa verið á fóðurtegundum, sem spillt geta mjólkinni með bragði, lykt eða eiturefnum.

51.3. Óheimilt er að selja eða bjóða til sölu mjólk og mjólkurvöru úr kúm, sem gefin eru lyf, sem geta mengað mjólkina t. d. fúkkalyf (penicillin o. fl.) og súlfalyf, stórir skammtar af kynhormónum. Sömuleiðis úr kúm, sem eru yxna og kúm, sem eru með súrdoða á háu stigi eða eru undir áhrifum sterkra súrdoðalyfja, svo sem hormónalyfja og chlorali hydras.

51.4. Óheimilt er að selja eða bjóða til sölu mjólk og mjólkurvöru, sem í er slíkt magn af tini, zinki, antimoni, kadmium, eir, nikkel, járni og áli, að talið er hættulegt heilsu manna. Sama gildir og um önnur efni, sem talin eru hættuleg heilsu manna.

51.5. Óheimilt er að selja eða bjóða til sölu mjólk og mjólkurvöru, sem í er gröftur, graftarsýklar eða aðrir sýklar hættulegir heilbrigði manna.

52. gr.

52.1. Óheimilt er að selja eða bjóða til sölu mjólk, sem blönduð hefur verið broddmjólk eða mjólk úr nýbornum kúm, ef hún er enn blönduð broddi.

52.2. Óheimilt er að selja eða bjóða til sölu mjólk úr kúm, sem eru að verða geldar og mjólka minna en 1 lítra á dag. Þá skal prófa með brómtymólpappír, hvort einstakir spenar eru með geldmjólk.

52.3. Óheimilt er að selja eða bjóða til sölu mjólk, sem hleypur, þegar hún er soðin eða blönduð að jöfnum rúmmálum með þynntum vínanda, sem eru 68% af aethylalkóhóli miðað við rúmmál.

52.4. Óheimilt er að selja eða bjóða til sölu mjólk og mjólkurvöru, sem af er súrbragð, nema varan hafi verið sýrð með hreinræktuðum gerlum og auðkennd með tilliti til þess.

52.5. Óheimilt er að selja eða bjóða til sölu mjólk og mjólkurvöru, ef útlit, bragð og lykt er svo óeðlilegt, að varan sé miður hæf eða óhæf til neyslu.

52.6. Óheimilt er að selja eða bjóða til sölu mjólk og mjólkurvöru, sem í eru sýnileg óhreinindi eða óeðlilega mikið af gerlum, sem spillt geta vörunni.

52.7. Óheimilt er að selja eða bjóða til sölu mjólkurvöru, sem gerð hefur verið úr skemmdri mjólk.

52.8. Óheimilt er að selja eða bjóða til sölu mjólk, sem rjóminn hefur verið skilinn frá að nokkru eða öllu leyti, ef varan er ekki auðkennd og seld sem undanrenna eða fituskert mjólk.

52.9. Óheimilt er að selja eða bjóða til sölu mjólk, sem í hefur verið blandað vatni, ís eða undanrennu. Þetta ákvæði nær þó eigi til dauðhreinsaðrar mjólkur, sem hituð er með U.H.T. aðferð, þ. e. blönduð vatni um stund. (sbr. 11. gr.).

52.10. Óheimilt er að selja eða bjóða til sölu mjólk og mjólkurvöru, sem í hefur verið blandað öðrum efnum en þeim, sem viðurkennd eru af heilbrigðisyfirvöldum. Þegar sett hefur verið reglugerð um viðbótarefni í mat, þá skal farið með mál þessi eftir ákvæðum hennar.

52.11. Óheimilt er að selja eða bjóða til sölu mjólk, sem í hefur verið blandað mjólk úr öðrum dýrum en kúm, og mjólkurvöru, sem að einhverju eða öllu leyti var framleidd úr mjólk úr öðrum dýrum en kúm, nema þess sé sérstaklega getið á umbúðum vörunnar.

52.12. Óheimilt er að selja eða bjóða til sölu gerilsneydda mjólk, ef cólígerlar finnast í 0.1 ml í tveimur rannsóknum af fimm úr sama sýnishorni, eða eru finnanlegir í 0.01 ml.

52.13. Óheimilt er að selja eða bjóða til sölu gerilsneydda mjólk ef gerlafjöldi hennar er meiri en 50 000 í ml.

52.14. Óheimilt er að selja eða bjóða til sölu smjör, sem ekki er unnið í vikurkenndri mjólkurstöð (bögglasmjör, heimatilbúið smjör), nema með leyfi heilbrigðisnefndar, enda hafi hún samráð um það við viðkomandi héraðsdýralækni.

52.15. Óheimilt er að selja eða bjóða til sölu ógerilsneydda mjólk, rjóma eða undanrennu, án leyfis heilbrigðisnefndar og Heilbrigðiseftirlits ríkisins, sbr. gr. 49.1. og 55.1.

52.16. Óheimilt er að selja samsetta mjólk, nema sem hluta af breyttri mjólk.

52.17. Óheimilt er að selja breytta mjólk, nema sérstaklega standi á, sbr. 18. gr. 2.

IX. KAFLI

Almenn ákvæði um framkvæmd eftirlits.

53. gr.

53.1. Héraðsdýralæknar skulu hver í sínu umdæmi annast eftirlit með heilbrigði og hirðingu mjólkurkúa og þrifalegri umgengi í fjósum, þar sem framleidd er sölumjólk (sbr. lög nr. 31/1970 um dýralækna og erindisbréf dýralækna nr. 197/1971 4. gr.). Ráðherra getur þó falið öðrum dýralæknum þetta eftirlit á tilteknum svæðum, ef henta þykir, að fengnum tillögum yfirdýralæknis.

53.2. Héraðsdýralæknir skal framkvæma þetta eftirlit árlega hjá hverjum framleiðanda sölumjólkur og afhenda honum að því loknu vottorð um skoðunina, ef hann telur að fullnægt sé þeim skilyrðum, um heilbrigði nautgripa, húsakost, mjaltaaðstöðu, umgengni og aðra aðstöðu til framleiðslu sölumjólkur, sem sett eru í reglugerð þessari.

53.3. Gildistími þessa vottorðs er þar til næsta skoðun fer fram. Enginn má framleiða mjólk til sölu, nema hann hafi slíkt vottorð í fullu gildi.

53.4. Dýralæknisvottorð vegna mjólkursölu skal skrifa á eyðublöð, sem yfirdýralæknir lætur í té.

54. gr.

54.1. Þyki dýralækni svo áfátt um heilbrigði mjólkurkúa, húsakost og umgengni, eða mjólkinni svo spillt í meðferð, að hætta geti stafað af fyrir neytendur, t. d. ef nokkrar kýr eru með bráða júgurbólgu, allar kýrnar með næma veiruskitu, eða kýrnar sýktar á spenum af kúabólu eða ef sýndur er áberandi sóðaskapur við mjaltir, þá skal hann þegar í stað stöðva sölu mjólkur frá því kúabúi.

54.2. Í slíkum tilvikum skal héraðsdýralæknir tafarlaust hafa samband við hlutaðeigandi mjólkurstöðvarstjóra og krefjast þess að hætt verði móttöku mjólkur frá viðkomandi kúabúi um stundarsakir.

54.3. Stöðvarstjóra er skylt að taka þessa kröfu til greina, og tilkynnir hann framleiðanda tafarlaust sölubannið með símskeyti eða ábyrgðarbréfi.

54.4. Héraðsdýralæknir skal tilkynna viðkomandi mjólkursamlagi þessa ákvörðun um sölubann með bréfi.

54.5. Héraðsdýralæknir skal tafarlaust leita staðfestingar á ákvörðun sinni um sölubann hjá viðkomandi heilbrigðisnefnd.

54.6. Heilbrigðisnefnd ákveður að undangenginni endurtekinni skoðun fjóss og mjólkurkúa, og að fenginni umsögn héraðsdýralæknis, hvenær mjólkurframleiðanda skuli á ný leyfð mjólkursala.

54.7. Nú finnur héraðsdýralæknir við fjósa- og kúaskoðun, að aðstaða mjólkurframleiðanda svarar ekki ákvæðum reglugerðar og dæmir fjós hans, hreinlætisástand þess eða júgurhreysti kúnna óviðunandi, skal hann þá krefjast úrbóta.

54.8. Héraðsdýralæknir metur í hverju tilfelli ástandið og veitir tímabundinn frest til úrbóta. Héraðsdýralæknir skal tilkynna viðkomandi heilbrigðisnefnd um ákvörðun sína.

54.9. Veiti héraðdýralæknir tímabundinn frest til úrbóta, skal hann afhenda viðkomandi mjólkurframleiðanda skoðunarvottorð, er veiti honum heimild til sölu mjólkur til bráðabirgða.

Á því skal tekið skýrt fram, hverra brýnna úrbóta hann telur þörf og hve langur frestur er veittur til lagfæringar.

54.10. Heilbrigðisnefnd er heimilt að veita framleiðanda frekari fresti í slíkum málum, að fenginni umsögn héraðsdýralæknis, ef veigamiklar ástæður hafa tafið framkvæmd á lagfæringu framleiðsluskilyrða svo sem langvinn veikindi aðila eða náttúruhamfarir. Einnig ef um er að ræða breytingu á búnaðarháttum, innan tiltekins tíma, með algjörri stöðvun mjólkurframleiðslu, en þó eigi lengur en 6 mánuði.

54.11. Skylt er héraðsdýralækni að senda viðkomandi mjólkurstöð afrit af slíku tímabundnu skoðunarvottorði og heilbrigðisnefnd ef hún veitir mjólkurframleiðanda frekari frest til úrbóta (skv. 54.9).

54.12. Telji heilbrigðisnefnd að afstaðinni skoðun héraðsdýralæknis ástand í fjósi hjá mjólkurframleiðanda með öllu óviðunandi og í engu sinnt ítrekuðum kröfum hans um úrbætur, skal hún loka fyrir sölu mjólkur frá honum. Hún skal hafa fullt samráð við yfirdýralækni, áður en til slíkra ráðstafana er gripið.

Yfirdýralæknir skal tilkynna slíka endanlega ákvörðun viðkomandi mjólkurstöð og Heilbrigðiseftirliti ríkisins.

54.13. Framleiðanda sölumjólkur er skylt að leyfa opinberum eftirlitsmönnum aðgang að kúabúi sínu til skoðunar, hvenær sem óskað er, hvort sem um er að ræða reglubundið eftirlit eða skoðun af gefnu tilefni. Þeir eftirlitsmenn, sem koma til greina eru: Héraðsdýralæknir, sérlærður eftirlitsmaður eða mjólkurstöðvarstjóri viðkomandi mjólkurstöðvar, fulltrúar heilbrigðisnefndar og Heilbrigðiseftirlits ríkisins.

54.14. Nú neitar framleiðandi eftirlitsmanni um leyfi til skoðunar og skal þá eftirlitsmaður samstundis kæra það til viðkomandi sýslumanns og heilbrigðisnefndar staðarins og krefjast þess, að mjólkurstöðin stöðvi móttöku mjólkur frá viðkomandi framleiðanda um stundarsakir.

54.15. Að lokinni fjósaskoðun um áramót skulu héraðsdýralæknar semja yfirlitsskýrslu um fjósaskoðun og júgursjúkdóma mjólkurkúa á eyðublöð, er yfirdýralæknir lætur þeim í té, og skal skýrslan send yfirdýralækni, Heilbrigðiseftirliti ríkisins og viðkomandi mjólkurstöð fyrir 1. júlí ár hvert.

54.16. Í skýrslunni skal getið í samræmi við fjósaskoðunarvottorð dýralækna:
a) kúabúa, sem eru í 1. flokki,
b) kúabúa, sem eru í 2. flokki, með mjólkurhús,
c) kúabú í 2. flokki, sem hafa ekkert eða óviðunandi mjólkurhús,
d) kúabúa með fjós í 3. flokki,
e) kúabúa, sem selja mjólk beint til neytenda.

54.17. Héraðsdýralæknar skulu senda Heilbrigðiseftirliti ríkisins afrit af fjósaskoðunarvottorðum næstliðins árs fyrir 1. ágúst ár hvert, og skal yfirdýralæknir hafa greiðan aðgang að þeim.

Sömuleiðis er héraðsdýralækni skylt að afhenda viðkomandi mjólkurstöð jafnóðum afrit fjósaskoðunarvottorða.

54.18. Mjólkurframleiðandi greiði samkvæmt „Gjaldskrá fyrir dýralækna" fyrir hina árlegu kúaskoðun.

54.19. Nauðsynlegar aukaskoðanir að mati héraðsdýralæknis greiðist af ríkissjóði.

55. gr.

55.1. Þar sem framleiðandi hefur undanþáguheimild til að selja ógerilsneydda mjólk í skóla, hæli, barnaheimili, sumardvalarheimili, veitingastaði (sbr. gr. 49.1.), eða þar sem skóli eða hæli nota mjólk úr eigin kúabúi, skal hlutaðeigandi héraðsdýralæknir skoða kýr og fjós mánaðarlega, og eigi skal hann veita samþykki til mjólkursölu beint úr fjósi, nema því aðeins að hreinlætis- og framleiðsluaðstaða fjóssins geti talist 1. flokks og öll umgengni og heilbrigði kúnna sé í besta lagi.

55.2. Ef héraðsdýralæknir umdæmisins getur ekki annað mánaðarlegu eftirliti sökum fjarlægðar eða samgönguerfiðleika, getur hann falið öðrum dýralækni eða heilbrigðisnefnd, eða eftirlitsmönnum á vegum hennar, í samráði við Heilbrigðiseftirlit ríkisins og yfirdýralækni, að líta eftir hreinlæti á framleiðslustað mánaðarlega. Slík undanþága leysir þó ekki dýralækni frá þeirri skyldu að skoða fjós og kýr hjá þeim framleiðendum minnst fjórum sinnum á ári og og gefa lögboðið dýralæknisvottorð árlega.

55.3. Þegar framleiðandi mjólkur sækir um, til mjólkurstöðvar, að fá að selja mjólk í stöðinni, eða framleiðandi óskar að byrja mjólkursölu að nýju eftir hlé í 1 ár eða lengur, þá er mjólkurstöðinni óheimilt að kaupa af honum mjólk, fyrr en héraðsdýralæknir hefur skoðað hjá honum fjós og kýr og alla hreinlætisaðstöðu og viðurkennt það hæft til mjólkursölu.

56. gr.

56.1. Héraðsdýralæknar skulu hafa reglubundið eftirlit með mjólkurstöðvum; hver í sínu umdæmi (sbr. lög nr. 31/1970, 8. gr., og erindisbréf dýralækna nr. 197/1971), en þar með eru talin öll mjólkurflutningatæki stöðvanna, hreinsun þeirra og umgengni. Skulu þeir líta vel eftir öllu, sem lýtur að mjólkurflutningum, dælingu og innvigtun mjólkur, hreinsun kæligeyma, flutningageyma og ræstingu mjólkurbifreiða. Sérstaklega skulu þeir fylgjast með dælubúnaði mjólkurbifreiðanna, sem hættast er við óhreinkun.

57. gr.

57.1. Eftirlit héraðsdýralæknis skv. 56. gr. 1., leysir ekki heilbrigðisnefndir og Heilbrigðiseftirlit ríkisins undan eftirlitsskyldum sínum í sambandi við mjólkurframleiðslu og -iðnað, fremur en aðra matvælaframleiðslu og -iðnað, í samræmi við lög um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit nr. 12/1969 svo og heilbrigðisreglugerð nr. 45/1972.

57.2. Ef ástæða þykir til, má fela um lengri eða skemmri tíma áðurnefndum heilbrigðiseftirlitsaðilum eftirlit það, sem um getur í 56.1., samkv. úrskurði Heilbrigðiseftirlits ríkisins og í samráði við yfirdýralækni.

57.3. Heilbrigðisnefndir skulu sjá um að tekin séu og send til rannsóknar sýni af mjólk og mjólkurvörum á ýmsum stigum framleiðslu, flutnings, vinnslu og dreifingar, eins og þurfa þykir, með aðstoð heilbrigðisfulltrúa eða dýralæknis eftir atvikum.

57.4. Kostnaður við töku og sendingu mjólkursýna greiðist úr sveitarsjóði, en rannsókn mjólkursýna, sem send eru af heilbrigðisnefndum, héraðsdýralæknum eða heilbrigðiseftirlitsmönnum í opinbera, viðurkennda rannsóknastofu, greiðist úr ríkissjóði.

X. KAFLI
Viðurlög og málsmeðferð.

58. gr.

58.1. Fyrir brot gegn mjólkurreglugerð þessari eða fyrirmælum gefnum samkv. henni, skal refsa með sektum eða varðhaldi, ef sakir eru miklar.

58.2. Sinni aðili ekki innan tiltekins frests fyrirmælum heilbrigðisnefndar, getur hún ákveðið dagsektir allt að kr. 2 000.00. Dagsektir renna í sveitarsjóð. Vanræki einhver að vinna verk, sem heilbrigðisnefnd hefur fyrirskipað skv. reglugerð þessari, er nefndinni heimilt að láta vinna verkið á kostnað hins vinnuskylda. Skal þá greiða kostnaðinn til bráðabirgða úr sveitarsjóði, en innheimta síðan hjá hlutaðeiganda.

Kostnað og dagsektir má innheimta með lögtaki.

59. gr.

59.1. Með brot gegn reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

XI. KAFLI
Undanþágur.

60. gr.

60.1. Heilbrigðisnefnd getur með samþykki sveitarstjórnar veitt undanþágur frá einstökum ákvæðum þessarar reglugerðar að fenginni umsögn Heilbrigðiseftirlits ríkisins og yfirdýralæknis.

60.2. Komi upp ágreiningur milli einstakra eftirlitsaðila má vísa málum til heilbrigðismálaráðherra, sem hefur þar úrslitavald.

XII. KAFLI
Gildistaka.

61. gr.

61.1. Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum nr. 12 frá 17. mars 1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, sbr. og lög nr. 24 frá 1. febr. 1936, um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum, og að höfðu samráði við Landbúnaðarráðuneytið hvað snertir þá þætti, sem dýralæknar eiga að sjá um, og öðlast þegar gildi við birtingu.

61.2. Úr gildi falla reglugerð nr. 157 frá 4. sept. 1954 um mjólk og mjólkurvörur ásamt síðari breytingum nr. 247/1963 og 259/1969 og reglur nr. 217 frá 22. des. 1960 um eftirlit með neyslumjólk í heimavistarskólum.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 4. september 1973.

F. h. r.
Páll Sigurðsson.

Jón Ingimarsson.

29. ágúst 1973. Nr. 270.

SAMÞYKKT

fyrir Veiðifélag Búðardalsár, Skarðsströnd.

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Búðardalsár, Skarðsstrandarhreppi, Dalasýslu. Heimili þess og varnarþing er heimili formanns.

2. gr.

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að vatnasvæði Búðardalsár, en þær eru Hvalgrafir, Tindar, Búðardalur I, Búðardalur II, Barmur og Hvarfsdalur.

3. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu, og að leigja það til stangarveiði. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.

4. gr.

Stjórn félagsins skipa þrír menn, formaður og tveir meðstjórendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár, og hinn eftir þrjú ár, og helst svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið, og hinir hitt árið.

5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

6. gr.

Aðalfund skal halda í júnímánuði ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.

7. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.

8. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

9. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 29. ágúst 1973.

Halldór E. Sigurðsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

Nr. 271. 29. ágúst 1973.

SAMÞYKKT

fyrir Veiðifélagið Geir, A.-Barðastrandarsýslu.

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélagið Geir.
Heimili þess og varnarþing er Geiradalshreppur í Austur-Barðastrandarsýslu.

2. gr.

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að Geiradalsá, en þær eru Valshamar, Stekkjarholt, Bakki, Svarfhóll, Brekka, Ingunnarstaðir og Gautsdalur.

3. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu, og að leigja það til stangarveiði. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.

4. gr.

Stjórn félagsins skipa þrír menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár, og hinn eftir þrjú ár, og helst svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið, og hinir hitt árið.

5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

6. gr.

Aðalfund skal halda í Geiradal í júlímánuði ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.

7. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.

8. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

9. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 29. ágúst 1973.

Halldór E. Sigurðsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

4. september 1973. Nr. 272.

AUGLÝSING

um afnám Z.

I. Eftirfarandi reglur skulu gilda um stafsetningarkennslu í skólum, um kennslubækur útgefnar eða styrktar af ríkisfé, svo og um embættisgögn, sem út eru gefin.

II. Ekki skal rita z fyrir upprunalegt tannhljóð (d, ð, t) + s, þar sem tannhljóðið er fallið brott í eðlilegum framburði.

Til leiðbeiningar skal bent á eftirfarandi atriði:

a) Í stofnum fallorða skal tannhljóð haldast á undan s, hvort sem svo er framborið eður ei, t. d. **lofts** (af loft), **lats** (af latur), **lands** (af **land**), **skorts** (af **skortur**) o. s. frv.

b) Í orðstofnum skal tannhljóð haldast á undan s, ef svo er fram borið, t. d. **reiðstu** (af **reiðast**), **gleðstu** (af **gleðjast**); (hefur) **mæðst** (af **mæða(st)**), **græðst** (af **græða(st)**), **dáðst** (af **dá(st)**); **greiðsla, breiðsla** o. s. frv.

c) Ef stofn lýsingarháttar þátíðar sagnar eða lýsingarorðs endar á -tt samkvæmt uppruna, skal þeim stöfum sleppt, ef endingin -st fer á eftir, t. d. (hefur) **sest** (af **setja(st)**), (hefur) **flust** (af **flytja(st)**), (hefur) **breyst** (af **breyta(st)**), (hefur) **hist** (af **hitta(st)**); **stystur** (af **stuttur**) o. s. frv.

d) Ef lýsingarháttur þátíðar í germynd endar á -st eða -sst, skal miðmyndarendingu sleppt, t. d. (hefur) **leyst** (af **leysast**), (hefur) **breyst** (af **breytast**), (hafa) **kysst** (af **kyssast**) o. s. frv.

III. Reglur þessar öðlast þegar gildi, og jafnframt eru numdar úr gildi reglur um z í III. lið „Auglýsingar um íslenzka stafsetningu", sem út var gefin af dóms- og kirkjumálaráðuneytinu 25. febr. 1929, sbr. Lögbirtingablað 22. ár, nr. 9 (28. febrúar 1929).

Menntamálaráðuneytið, 4. september 1973.

Magnús T. Ólafsson.

Knútur Hallsson.

Nr. 273. 7. september 1973.

AUGLÝSING

um afnám reglna um ferðir til Vestmannaeyja og dvöl þar.

Frá og með 8. september 1973 falla úr gildi reglur nr. 22 20. febrúar 1973 um ferðir til Vestmannaeyja og dvöl þar.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 7. september 1973.

Ólafur Jóhannesson.

Ólafur W. Stefánsson.

Stjórnartíðindi B 26, nr. 258—273. Útgáfudagur 18. október 1973.

STJÓRNARTÍÐINDI B 27 — 1973

10. ágúst 1973. 525 Nr. 274.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um gerð lyfseðla og afgreiðslu lyfja nr. 30 16. maí 1966.

1. gr.

Við lista yfir eftirritunarskyld nautnalyf í 6. gr. bætast:
Pemolinum NFN
Phenterminum NFN

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 23. gr. lyfsölulaga nr. 30 29. apríl 1963 öðlast gildi 1. október 1973.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 10. ágúst 1973.

F. h. r.
Páll Sigurðsson.

Almar Grímsson.

17. september 1973. Nr. 275.

REGLUGERÐ

um hækkun bóta samkvæmt lögum um almannatryggingar.

1. gr.

Upphæðir bóta samkvæmt lögum um almannatryggingar annarra en fjölskyldubóta og fæðingarstyrks skulu hækka um 7% frá 1. október 1973 að telja.

Hækkunin tekur einnig til lágmarksbóta og heimildarbóta samkvæmt 19. gr., svo og greiðslna samkvæmt 73. gr. laga nr. 67/1971, sbr. 5. gr. laga nr. 96/1971.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 78. gr. laga nr. 67/1971.

Í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 17. september 1973.

Magnús Kjartansson.

Jón Ingimarsson.

Stjórnartíðindi B 27, nr. 274—275. Útgáfudagur 27. september 1973.

B 67

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

Nr. 276. 526 24. september 1973.

REGLUGERÐ

um laun skipaskoðunarmanna ríkisins, sem ekki eru á föstum launum.

1. gr.
Aðalskoðun.

Fyrir árlega aðalskoðun á búnaði, vél og bol skips greiði sýslumenn eða bæjarfógetar f. h. ríkissjóðs, laun svo sem hér segir, til skipaskoðunarmanna, gegn reikningi þeirra:

Fyrir opinn bát	kr.	500.00
Fyrir opinn bát með vél	—	900.00
Fyrir þilfarsskip minna en 15. rúml.	—	1 600.00
Fyrir þilfarsskip 15 rúml. allt að 30 rúml.	—	2 000.00
Fyrir þilfarsskip 30 rúml. allt að 50 rúml.	—	2 700.00
Fyrir þilfarsskip 50 rúml. allt að 100 rúml.	—	3 100.00
Fyrir þilfarsskip 100 rúml. allt að 200 rúml.	—	4 600.00
Fyrir þilfarsskip 200 rúml. allt að 300 rúml.	—	5 200.00
Fyrir þilfarsskip 300 rúml. allt að 400 rúml. og stærri	—	6 500.00

Þegar skipta þarf launum, skal það gert þannig, að fyrir búnaðarskoðun greiðist ⅓ hluti, fyrir vélskoðun greiðist ⅓ og fyrir bolskoðun greiðist ⅓ hluti.

Hálf rúmlest eða meira telst heil, en minna broti skal sleppt.

Fyrir skoðun skipa, sem eru í flokki hjá viðurkenndu flokkunarfélagi og eru stærri en 400 rúml., skulu skipaskoðunarmönnum greiddar kr. 2 100.00, enda sé þá aðeins um búnaðarskoðun að ræða.

2. gr.
Aukaskoðun, eftirlit með nýsmíði o. fl.

Fyrir aukaskoðun, mælingu skipa, eftirlit með nýsmíði, viðgerðum og breytingum greiðist samkvæmt reikningi skoðunarmanna, sama gildir um ferðakostnað.

3. gr.
Hleðslumerkjaskoðun.

Fyrir hleðslumerkjaskoðun og áritun hleðslumerkjaskírteinis greiðist kr. 1 000.00.

4. gr.
Reikningar.

Skipaskoðunarmenn skrifi reikninga fyrir störf sín í fjórriti, í þar til gerðar bækur, sem siglingamálastjóri lætur þeim í té.

Laun samkvæmt 1. gr., skulu sýslumenn eða bæjarfógetar greiða gegn frumriti og einu afriti, en siglingamálastjóra sent annað afrit ásamt skoðunarskýrslu.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

Laun samkvæmt 2. og 3. gr., greiðir Siglugamálastofnun ríkisins gegn reikningi skoðunarmanns í tvíriti og skoðunarskýrslu.

Reglugerð þessi, um laun fyrir skoðun á skipum, sem framkvæmd er af hinum lögskipuðu skoðunarmönnum, sem ekki taka föst laun úr ríkissjóði, er hér með sett samkvæmt 6. gr. laga nr. 51 12. maí 1970, um Siglingamálastofnun ríkisins, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 249 10. nóvember 1970, um laun skipaskoðunarmanna ríkisins, sem ekki eru á föstum launum.

Samgönguráðuneytið, 24. september 1973.

Björn Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

15. október 1973. Nr. 277.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Rafveitu Hafnarfjarðar, nr. 83 9. marz 1973.

B. Almenn heimilisnotkun.

12. Í stað: Um kWst.-mæli á kr. 3.03 og auk þess fastagjald kr. 312.00 á ári. . .
Komi: Um kWst.-mæli á kr. 2.91 og auk þess fastagjald kr. 300.00 á ári.

E. Stórnotkun.

50. Í stað: Aflgjald kr. 5 473.00 hvert árs-kW
Orkugjald kr. 0.61 hverja kWst. . .
Komi: Aflgjald kr. 5 820.00 hvert árs-kW
Orkugjald kr. 0.65 hverja kWst.

Að öðru leyti skal gjaldskráin óbreytt standa. Ákvæði bráðabirgðalaga nr. 40 30. apríl 1973 taka til gjalda, eins og þau eru ákveðin með breytingu þessari.

Breyting þessi á gjaldskrá nr. 83 9. marz 1973 staðfestist hér með skv. vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að taka gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 15. október 1973.

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 29 — 1973

Nr. 278. 528 3. október 1973.

REGLUGERÐ

um jöfnun námskostnaðar.

1. gr.

Rétt til námsstyrkja hafa þeir nemendur, sem uppfylla eftirtalin atriði:

a) Þeir framhaldsskólanemendur, sem verða að vista sig utan lögheimilis og fjarri fjölskyldu sinni, enda sé ekki unnt að stunda sambærilegt nám frá lögheimili.

b) Þeir nemendur, sem stunda reglubundið nám við framhaldsskóla tilskilinn lágmarkstíma, enda njóti þeir ekki launa án vinnuframlags meðan á námi stendur, eða eigi kost námslána eða styrkja samkvæmt lögum nr. 7/1967, um námslán og námsstyrki.

2. gr.

Tilskilinn lágmarkstími er, að nemandi stundi nám við framhaldsskóla, sem starfar 6—9 mánuði á skólaári með eigi færri vikustundir en 30, sbr. þó heimildarákvæði 10.—13. gr.

3. gr.

Framhaldsskólar í þessu sambandi eru: Gagnfræðaskólar ofan skyldunáms, menntaskólar, fjölbrautaskólar, sérskólar, aðrir en þeir, sem heyra undir ákvæði laga nr. 7/1967, um námslán og námsstyrki.

II. Námsstyrkjanefnd.

4. gr.

Menntamálaráðuneytið skipar fimm manna námsstyrkjanefnd, sem úthlutar námsstyrkjum til nemenda samkvæmt lögum nr. 69/1972 og reglugerð þessari. Enn fremur gerir nefndin tillögur til ráðuneytisins um árlegar fjárveitingar til jöfnunar á námskostnaði nemenda.

Námsstyrkjanefnd skal þannig skipuð: Tveir nefndarmanna án tilnefningar, og skal annar þeirra skipaður formaður nefndarinnar, einn samkvæmt tilnefningu fjármálaráðuneytisins, einn samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga, allir skipaðir til fjögurra ára í senn, og einn skipaður til eins árs í senn samkvæmt tilnefningu samtaka skólanemenda þeirra skóla, er reglugerð þessi tekur til, samkvæmt reglum nr. 259/1972, um tilnefningu nemenda í námsstyrkjanefnd, eða öðrum þeim reglum, sem ráðuneytið kann að setja þar að lútandi.

III. Beinir styrkir.

5. gr.

Beinir styrkir eru þrenns konar:

1. Ferðastyrkir
2. Fæðisstyrkir
3. Húsnæðisstyrkir.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

Styrkfjárhæðir fara eftir heildarfjárhæð, sem veitt er til jöfnunar á námskostnaði í fjárlögum ár hvert.

6. gr.

Ferðastyrkir eru veittir þeim nemendum, sem verulegan ferðakostnað hafa vegna náms. Þeir nemendur, sem stunda nám tilskilinn lágmarkstíma, fá sem styrk áætlaðan ferðakostnað, að mati námsstyrkjanefndar, umfram lágmarksfjárhæð, sem námsstyrkjanefnd ákveður hverju sinni, vegna fjögurra ferða á skólaári (ferð haust og vor í og úr jólaleyfi).

7. gr.

Fæðisstyrkir eru veittir þeim nemendum, er verða að dveljast fjarri fjölskyldu sinni á námstíma. Tvenns konar fæðisstyrkir eru veittir, annars vegar til lækkunar á mötuneytiskostnaði nemenda, hins vegar til þeirra, sem ekki eiga kost á fæði í mötuneyti.

8. gr.

Húsnæðisstyrkir eru veittir þeim, er verða að dveljast utan lögheimila sinna, án þess að eiga kost á heimavist með viðunandi kjörum að mati námsstyrkjanefndar.

9. gr.

Fæðis- og húsnæðisstyrkir eru veittir í hlutfalli við lengstan árlegan starfstíma skóla.

IV. Heimildarákvæði.

10. gr.

Námsstyrkjanefnd er heimilt að veita þeim nemendum fæðis- og húsnæðisstyrki, sem stunda reglubundið nám við framhaldsskóla, sem uppfylla ákvæði 2. gr., þó að nemandi dveljist ekki á skólastað fullan starfstíma skóla. Heimild þessi gildir þó eigi, ef námstími er skemmri en 4 mánuðir, sbr. þó 13. gr., að því er varðar iðnnám. Miða skal greiðslu við sannanlegan dvalartíma í skóla. Heimilt er og að veita nemendum, er stunda nám skemur en 6 mánuði, ferðastyrki, enda sé þá um skerta styrki að ræða.

11. gr.

Námsstyrkjanefnd er heimilt að veita óreglulegum nemendum skerta styrki, dveljist þeir á skólastað og námstilhögun sé í samráði við þann skólastjóra, sem hlut á að máli og samþykkt af honum.

12. gr.

Heimilt er að veita nemendum, sem lesa utan skóla, skerta ferðastyrki, er þeir fara til prófs, sé um verulegan kostnað að ræða að mati námsstyrkjanefndar.

13. gr.

Heimilt er að veita iðnnemum, svo og öðrum sem stunda sambærilegt nám á fyrsta og öðru námsári (1. og 2. bekk), styrki miðað við námstíma, þótt hann sé skemmri en 4 mánuðir.

14. gr.

Skipuleggi sveitarfélög daglegan akstur framhaldsskólanema að og frá skóla eða skólum, þar sem nemendur þyrftu ella að vista sig fjarri lögheimilum sínum við nám, er námsstyrkjanefnd heimilt að endurgreiða hluta kostnaðar sveitarfélaga, enda hafi nefndin áður samþykkt aksturinn og greiðslu fyrir hann.

15. gr.

Heimilt er námsstyrkjanefnd með samþykki menntamálaráðuneytisins að veita nemendum námsstyrki, þótt þeir fullnægi ekki ákvæðum 2. gr. laga nr. 69/1972, ef efnaleysi er verulegt, svo og að veita hærri styrki, ef tveir eða fleiri nemendur frá sama heimili eru samtímis í framhaldsskóla, enda verði nefndinni látnar í té ítarlegar upplýsingar um efnahag.

V. Ýmis ákvæði.

16. gr.

Námsstyrkjanefnd afli sér upplýsinga um námskostnað nemenda í framhaldsskólum, m. a. með því:

a. að kynna sér skýrslur um fæðis- og húsnæðiskostnað nemenda í heimavistarskólum ríkisins.
b. að afla sér upplýsinga um sömu kostnaðarliði í öðrum heimavistarskólum.
c. að óska eftir upplýsingum um húsnæðiskostnað nemenda, m. a. frá nemendasamtökum, er annast húsnæðismiðlun.
d. að fá upplýsingar, m. a. frá matsölustöðum um verð á föstu fæði, svo og einstökum máltíðum.
e. að leita álits Hagstofu Íslands um fæðiskostnað meðalfjölskyldu.
f. að fá skrár frá aðilum um fargjöld á áætlunarleiðum innanlands.

Námsstyrkjanefnd metur ofangreindar upplýsingar m. a. með hliðsjón af almennum framfærslukostnaði, svo og misjöfnum tilkostnaði nemenda, að því er varðar fæði, húsnæði og ferðir á námstímanum.

17. gr.

Umsóknir um námsstyrki skulu berast á þar til gerðum eyðublöðum, sem námsstyrkjanefnd lætur gera.

Á umsóknareyðublöð skal skrá allar þær upplýsingar, sem námsstyrkjanefnd telur nauðsynlegar, m. a. fullt nafn umsækjanda, nafnnúmer, fæðingardag og ár, lögheimili hans, ásamt nafni skóla, bekkjardeild og dvalarstað á námstíma.

Rangar upplýsingar umsækjenda geta varðað styrkmissi. Allar umsóknir skulu staðfestar af skólastjóra, sem tilgreinir námsdvöl umsækjanda.

18. gr.

Námsstyrki nemenda, er stunda nám 6—9 mánuði, má greiða í tvennu lagi..

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 69/1972, um ráðstafanir til jöfnunar á námskostnaði, öðlast þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytinu, 3. október 1973.

Magnús T. Ólafsson.

Birgir Thorlacius.

REGLUGERÐ

um próf í barna- og gagnfræðaskólum.

1. gr.

Menntamálaráðuneytið skipar sérstaka nefnd, prófanefnd, til þess að skipuleggja og sjá um samræmd próf í barna- og gagnfræðaskólum, þar með talið gagnfræðapróf, skólaárin 1973—'74 og 1974—'75 í samræmi við gildandi lög á þessum tíma.

2. gr.

Prófanefnd skal þannig skipuð: Formaður, ritari og tveir fulltrúar fyrir hverja af eftirtöldum greinum: Íslensku, dönsku, ensku og stærðfræði og skulu þeir vera sérfróðir um námsefni og kennslu þessara greina í barna- og gagnfræðaskólum. Auk áðurnefndra fastra fulltrúa í nefndinni skal skipa einn sérfróðan fulltrúa fyrir hverja þá grein aðra, sem próf taka til, og skal hann taka sæti í nefndinni, þegar próf í viðkomandi grein eru samræmd.

Formaður og ritari skulu fara sameiginlega með framkvæmdastjórn nefndarinnar. Skipa skal varamann formanns og ritara og er heimilt að kveðja þá til starfa með nefndinni. Ef nefndarmaður forfallast, skal ráðuneytið skipa annan í hans stað.

Heimilt er nefndinni að leita til námsmatssérfræðings um sérfræðilega ráðgjöf.

3. gr.

Prófanefnd skal gera tillögur til ráðuneytisins um fjölda prófa, prófgreina, einkunnastiga og próftíma, sem samræmd próf taka til, og skulu þær tillögur berast ráðuneytinu við upphaf skólaárs.

4. gr.

Prófanefnd skal til undirbúnings aðalprófum annast söfnun prófatriða, halda könnunarpróf og sjá um úrvinnslu þeirra eftir því sem hæfilegt þykir að mati nefndarinnar.

5. gr.

Prófanefnd skal setja reglur um framkvæmd, úrvinnslu og einkunnagjöf samræmdra prófa, sem ráðuneytið ákveður að haldin skuli, þar með talin sjúkrapróf og próf, sem leyfð verða vegna ófullnægjandi árangurs á aðalprófi. Nefndarmenn skulu hver í sinni sérgrein annast samningu prófverkefna og matsreglna. Heimilt er formanni og ritara að fela öðrum sérfróðum aðilum einstök verkefni, ef ástæða þykir til, og skal það gert í samráði við hlutaðeigandi nefndarmenn.

Nefndin skal annast fjölritun eða prentun og sendingu prófverkefna til skóla.

6. gr.

Prófanefnd skal hafa náið samstarf við námsefnissérfræðinga og aðra þá, sem vinna að námsskrárgerð á vegum menntamálaráðuneytisins. Þá skal nefndin veita skólastjórum og kennurum svo og öðrum, sem þess óska, upplýsingar um námsefni, námsskrá og prófagerð, að því er varðar verksvið nefndarinnar.

7. gr.

Prófanefnd skal ákvarða um úrtakskannanir og annast kynningu á prófniðurstöðum. Telji nefndin æskilegt að gerð sé önnur og meiri könnun á prófniðurstöðum en nauðsynlegt er vegna 1. málsgreinar, skal hún hafa samráð við menntamálaráðuneytið þar um.

8. gr.

Nefndin skal vera ráðgjafaraðili gagnvart ráðuneytinu um eftirfarandi:

1. Um skipun prófdómara og trúnaðarmanna við framkvæmd prófa, svo og um erindisbréf þeirra.
2. Ákvörðun um lágmarkseinkunnir á prófum til inngöngu í framhalds- og sérskóla.

9. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 34/1946, um fræðslu barna, og lögum nr. 48/1946, um gagnfræðanám, og öðlast hún þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 177/1970, um samræmt gagnfræðapróf, og reglugerð nr. 178/1970, um landspróf miðskóla, svo og önnur ákvæði um próf í barna- og gagnfræðaskólum.

Í menntamálaráðuneytinu, 4. október 1973.

Magnús T. Ólafsson.

Birgir Thorlacius.

Nr. 280. 3. september 1973.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 219 18. nóvember 1971 fyrir Rafveitu Reykjarfjarðarhrepps.

1. gr.

1. gr. orðist þannig: „Rafveita Reykjarfjarðarhrepps er fyrirtæki, sem Reykjarfjarðar- og Ögurhreppur reka í þeim tilgangi, að veita raforku um Ögur- og Reykjarfjarðarhreppa og selja hana til heimilisnotkunar, iðnaðar og annarra þarfa.

Rafveitan er eign Ögur- og Reykjarfjarðarhreppa, en skal rekin sem sjálfstætt fyrirtæki undir nafninu Rafveita Reykjarfjarðarhrepps og skal hún hafa sérstakt reikningshald".

2. gr.

2. mgr. 2. gr. orðist þannig: „Orkuveitusvæði rafveitunnar er Ögur- og Reykjarfjarðarhreppar eða þeir hlutar þeirra eða nágrennis, sem hreppsnefndir kunna að ákveða og ráðherra samþykkir".

3. gr.

3. gr. orðist þannig: „Yfirstjórn raforkumála Reykjarfjarðar- og Ögurhreppa er í höndum hreppsnefnda þeirra, en framkvæmdastjórn skal falin rafveitunefnd ásamt rafveitustjóra, sem hún ræður að fengnu samþykki hreppsnefndanna og skal hann um rafmagnssérmenntun fullnægja skilyrðum, sem Rafmagnseftirlit ríkisins samþykkir. Í rafveitunefnd skulu eiga sæti 5 menn, 3 kosnir af hreppsnefnd Reykjarfjarðarhrepps og 2 menn kosnir af hreppsnefnd Ögurhrepps. Rafveitustjóri á sæti á fundum nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétti".

Reglugerð þessi, sem samþykkt er af hreppsnefndum Ögur- og Reykjarfjarðarhreppa, er sett samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 3. september 1973.

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Hauks B. Haukssonar, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 7. september 1973.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Hauks B. Haukssonar.

1. gr.

Sjóðurinn heiti minningarsjóður Hauks B. Haukssonar og er stofnaður með frjálsum framlögum frá íþróttahreyfingunni, félögum og einstaklingum.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja ekkju og börn Hauks B. Haukssonar, sem lést 30. júlí 1973 af slysförum, en hann slasaðist í knattspyrnukappleik með knattspyrnudeild Ármanns 26. júní 1973.

3. gr.

Minningarsjóðurinn starfar samkvæmt 2. gr. fram til 31. desember 1974. Eftir að starfsemi sjóðsins er lokið skulu gjafir, sem sjóðnum kynnu að berast, renna til slysasjóðs Íþróttabandalags Reykjavíkur.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skulu skipa 3 menn: 1 frá Knattspyrnudeild Ármanns, 1 frá aðalstjórn Glímufélagsins Ármanns og 1 frá Íþróttabandalagi Reykjavíkur.

5. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksár og endurskoðendur þeir sömu og hjá Íþróttabandalagi Reykjavíkur.

6. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá og jafnframt fara fram á það við skattayfirvöld, að gjafir til sjóðsins verði frádráttarbærar frá skatti.

Reykjavík, 22. ágúst 1973.

7. september 1973. Nr. 282.

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Hafna í Hafnahreppi, Gullbringusýslu.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 28. ágúst s. l. staðfest aðalskipulagsuppdrátt Hafna í Hafnahreppi, Gullbringusýslu.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð, sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af hreppsnefnd Hafnahrepps og skipulagsstjórn ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 7. september 1973.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breyttu skipulagi á Eiðsgranda í Reykjavík.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 28. ágúst s. l. staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur, að því er varðar skipulag á Eiðsgranda í Reykjavík, svo sem meðfylgjandi uppdráttur sýnir.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð, sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af borgarstjórn Reykjavíkur og skipulagsstjórn ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 7. september 1973.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.



REGLUGERÐ

um merkingu matvæla og annarra neyslu- og nauðsynjavara, sem seldar eru í smásölu.

1. gr.

Viðskiptaráðherra ákveður með auglýsingum, hvaða vörutegundir skuli merkja samkvæmt reglugerð þessari.

2. gr.

Um skilgreiningu matvæla og annarra neyslu- og nauðsynjavara samkvæmt reglugerð þessari fer eftir 1., 2. og 3. gr. l. nr. 24 frá 1. febrúar 1936 um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum.

3. gr.

Ákvæði reglugerðar þessarar og auglýsinga samkvæmt henni ná jafnt til erlendrar vöru sem innlendrar.

4. gr.

Á umbúðum vöru eða á fylgiskjölum hennar, svo sem ábyrgðarskírteinum eða vörumerkingarseðlum skulu vera greinilegar og skiljanlegar upplýsingar um eftirfarandi atriði, eftir því sem við verður komið og máli skiptir:

1. Heiti vörunnar.
2. Eðli og eiginleika vörunnar.
3. Samsetningu vörunnar, ef um samsetta vöru er að ræða, og skal greina magn hvers efnisþáttar í vörunni, svo og viðbótarefni.
4. Meðferð vörunnar.
5. Endingu eða geymsluþol vörunnar.
6. Nettóþyngd innihalds, einingarfjölda eða lagarmál.
7. Nafn og heimilisfang framleiðanda, seljanda hennar í smásölu og/eða þess aðila, sem búið hefur um vöruna.
8. Síðasta söludag og hvenær varan er sökum aldurs hættuleg heilsu manna.
9. Önnur þau atriði, sem varan ber ekki sjálf greinilega með sér og sem skipta máli varðandi mat neytenda á gæðum vörunnar og notagildi.

Í auglýsingum samkvæmt 1. gr. reglugerðar þessarar verður kveðið nánar á um framkvæmd merkinga hverrar vörutegundar þ. á m. hvaða atriði ber sérstaklega að tilgreina í vörumerkingu.

5. gr.

Vörumerkingu annast framleiðendur, innflytjendur og seljendur, eftir því sem við á.

6. gr.

Undanþegnar ákvæðum reglugerðar þessarar eru vörur, sem hlíta sérstökum reglum um ítarlegri merkingar, en kveðið er á um í reglugerð þessari.

7. gr.

Reglugerð þessi haggar ekki ákvæðum laga og reglugerða um merkingu einstakra vörutegunda.

8. gr.

Óheimilt er að bjóða til sölu vörur, sem ekki eru merktar í samræmi við fyrirmæli reglugerðar þessarar svo og auglýsingar sbr. 1. gr. reglugerðarinnar. Enn fremur er óheimilt að bjóða til sölu vörur, þótt merktar séu samkvæmt fyrirmælum um merkingu, ef vörumerkingin hefur að geyma rangar upplýsingar um vöruna.

9. gr.

Um eftirlit með framkvæmd reglugerðar þessarar og auglýsinga samkvæmt 1. gr. reglugerðarinnar gilda viðeigandi ákvæði laga nr. 24 frá 1. febrúar 1936 um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum.

Nú kemur í ljós við rannsókn, að ekki hefur verið fylgt fyrirmælum um vörumerkingu, skal lögreglustjóri þá veita hlutaðeigendum hæfilegan frest til að koma málum í rétt horf. Ef ekki hefur verið úr bætt, að fresti liðnum, er lögreglustjóra heimilt að koma í veg fyrir, að vörur, sem ekki uppfylla fyrirmæli um vörumerkingu, séu boðnar til sölu.

10. gr.

Brot á reglugerð þessari og auglýsingum samkvæmt henni varða sektum og sæta meðferð opinberra mála.

11. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í lögum nr. 24 frá 1. febrúar 1936 um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytið, 19. september 1973.

Lúðvík Jósepsson.

Þórhallur Ásgeirsson.

Nr. 285. 28. september 1973.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 57 12. apríl 1960 um ökukennslu, próf ökumanna o. fl.

1. gr.

43. gr., sbr. reglugerð nr. 186 1966, orðist svo:

Sérstaka heimild til aksturs dráttarvéla og léttra bifhjóla skal rita á eyðublöð fyrir ökuskírteini, sbr. 42. gr., þannig: „Skírteinishafi hefur heimild til að stýra dráttarvél", eða: „Skírteinishafi hefur heimild til að stýra léttu bifhjóli", eða: „Skírteinishafi hefur heimild til að stýra dráttarvél og léttu bifhjóli". Ökuskírteini til aksturs dráttarvéla og léttra bifhjóla einungis skal eigi tölusetja. Slík ökuheimild er ótímabundin.

Sá, sem heimild hefur til aksturs bifreiða, hefur og heimild til aksturs dráttarvéla. Sá, sem heimild hefur til aksturs bihjóla, hefur og heimild til aksturs léttra bifhjóla.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í umferðarlögum nr. 40 23. apríl 1968, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 28. september 1973.

Ólafur Jóhannesson.

Ólafur W. Stefánsson.

REGLUR

um meðferð og merkingu sláturafurða af alifuglum.

1. gr.

Gæta skal ítrasta hreinlætis í hvívetna við slátrun, verkun og geymslu á alifuglum, sem ætlaðir eru til sölu eða hafðir á boðstólum.

Ef slátrun fer ekki fram í viðurkenndum alifuglasláturhúsum (reglugerð 205/1967), skulu vinnuherbergi, þar sem slátrun og verkun fer fram, vera þrifaleg og þannig úr garði gerð, að auðvelt sé að þrífa þau á viðhlítandi hátt. Þar skal vera nægilegt heitt og kalt vatn til afnota við sláturstörf, gott frárennsli og viðhlítandi loftræsting og birta.

Starfsfólk skal við sláturstörf klætt hreinlegum hlífðarfötum og höfuðbúnaði, sem auðvelt er að hreinsa. Starfsfólki skal séð fyrir viðhlítandi hreinlætisaðstöðu.

2. gr.

Strax þegar slátrun og verkun er lokið skulu afurðir kældar eða frystar, eftir því sem við á. Allar sláturafurðir, sem ætlaðar eru til sölu eða til notkunar á opinberum matsölum eða mötuneytum, skal pakka í hentugar og hreinar umbúðir, svo afurðir óhreinkist ekki eða mengist í meðförum og geymslu.

3. gr.

Umbúðir þær, sem um getur í 2. gr., skulu vera greinilega merktar nafni framleiðanda. Það skal einnig koma fram hvaða tegund alifugla eða hvaða tegund afurða umbúðirnar hafa að geyma, og í hvaða mánuði ársins slátrun fuglanna fór fram. Umbúðir skulu viðurkenndar af héraðsdýralækni.

Óheimilt er að bjóða til sölu eða hafa á boðstólum sláturafurðir alifugla, sem ekki eru í umbúðum merktum á þennan hátt.

4. gr.

Óheimilt er að selja eða hafa á boðstólum afurðir af sjálfdauðum eða sjúkum alifuglum og fuglum, sem sjúklegar breytingar hafa fundist í við slátrun.

Hræ af slíkum fuglum skulu grafin tryggilega ásamt sláturúrgangi, ef ekki eru tök á því að eyða þeim í eldi.

5. gr.

Á búum, þar sem hænsfuglar eru ræktaðir til framleiðslu og sölu á eggjum eða sláturafurðum, er óheimilt að hafa samtímis tamda sundfugla, gæsir eða endur.

Í húsakynnum, þar sem slátrun hænsfugla fer fram, er óheimilt að slátra sundfuglum. Óheimilt er að slátra alifuglum í almennum sláturhúsum, er starfa samkvæmt lögum nr. 30/1966.

6. gr.

Þeir, sem ætla að slátra eða verka alifugla til sölu, skulu tilkynna það héraðsdýralækni bréflega.

Héraðsdýralæknar skulu, eftir því sem þurfa þykir, fylgjast með hreinlæti, þrifnaði og hollustuháttum, þar sem slátrun alifula til sölu fer fram, og gæta þess að notaðar séu réttar umbúðir á afurðir, sem ætlaðar eru til sölumeðferðar.

7. gr.

Brot gegn framangreindum ákvæðum varða sektum, samanber lög nr. 30/1966 um meðferð og mat á sláturafurðum.

Ef um endurtekin brot er að ræða má svipta viðkomandi rétti til slátrunar á alifuglum, sem ætlaðir eru til sölu.

8. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt ákvæðum laga nr. 30/1966, um meðferð og mat á sláturafurðum, til þess að öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 28. september 1973.

Halldór E. Sigurðsson.

Sveinbjörn Dagfinnsson.

Nr. 287. 28. september 1973.

SAMÞYKKT

fyrir Veiðifélag Laxár og Bæjarár, Reykhólahreppi.

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Laxár og Bæjarár.
Heimili þess og varnarþing er Reykhólahreppur, A.-Barðastrandarsýslu.

2. gr.

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að Laxá og Bæjará ásamt útám, en þær eru Hábær og Bær, Mýrartunga I, Mýrartunga II, Gillastaðir, Klukkufell, Munaðstunga, Hríshóll I og II, Hafrafell I, Hafrafell II og Borg.

3. gr.

Verkefni félagsins skal vera, að rækta upp veiði í fyrrgreindum ám og annast nytjar samkvæmt ákvörðum félagsfundar hverju sinni. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.

4. gr.

Stjórn félagsins skipa þrír menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig, að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár, og hinn eftir þrjú ár, og helst svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið, og hinir hitt árið.

5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

6. gr.

Aðalfund skal halda í marsmánuði ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.

7. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.

8. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

9. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 28. september 1973.

Halldór E. Sigurðsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

28. september 1973. Nr. 288.

SAMÞYKKT

fyrir Veiðifélag Dalsár.

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Dalsár.

Heimili þess og varnarþing er í Snæfjallahreppi Norður-Ísafjarðarsýslu.

2. gr.

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að Dalsá og öllum fiskgengum ám og lækjum sem í hana falla, en þær eru Bæir I, Bæir II, Bæir III, Lyngholt og Unaðsdalur.

3. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu, og að leigja það til stangarveiði. Félagið tekur til allrar verði á félagssvæðinu.

4. gr.

Stjórn félagsins skipa þrír menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig, að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár, og hinn eftir þrjú ár, og helst svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið, og hinir hitt árið.

5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

6. gr.

Aðalfund skal halda í aprílmánuði ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.

7. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.

8. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

9. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 28. september 1973.

Halldór E. Sigurðsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

Nr. 289. 28. september 1973.

ARÐSKRÁ

fyrir Veiðifélag Ormarsár, Norður-Þingeyjarsýslu, samkvæmt mati hinn 2. október 1972.

Arður skiptist þannig milli jarða:

Ormarslón	29.6%
Krossavík I og II	7.0%
Kollavík	5.2%
Óttarsstaðir og Lækjamót	3.8%
Heiðar-Múli	4.5%
Hóll, Höfði og Vogur	27.0%
Grasgeiri	10.2%
Presthólar, Hrauntún og Katastaðir	4.4%
Efri-Hólar	5.3%
Hrauntangi	3.0%
	100.0%

Arðskrá þessi er gerð samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 28. september 1973.

Halldór E. Sigurðsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

28. september 1973. Nr. 290.

ARÐSKRÁ

fyrir Veiðifélag Húseyjarkvíslar, Skagafirði, samkvæmt mati hinn 22. marz 1972.

Reykir	15	einingar
Reykjavellir	25	—
Daufá	66	—
Vindheimar	92	—
Saurbær	48	—
Laufás og Brenniborg	39	—
Borgarey	47	—
Krithóll	27	—
Álftagerði	29	—
Víðimelur	43	—
Húsey	82	—
Brekka	8	—
Reykjahóll	28	—
Lauftún	20	—
Langamýri	20	—
Grófargil	13	—
Brautarholt	5	—
Stóra-Seyla	14	—
Krossanes	66	—
Geldingaholt	63	—
Holtskot	21	—
Garðshús	21	—
Halldórsstaðir	9	—
Glaumbær	30	—
Hátún og Mikligarður	22	—
Jaðar	10	—
Marbæli	25	—
Kjartansstaðir og Kjartansstaðakot	15	—
Páfastaðir	19	—
Litla-Gröf	9	—
Stóra-Gröf	7	—
Ytri-Húsabakki	14	—
Syðri-Húsabakki	48	—
Alls	1000	einingar

Arðskrá þessi er gerð samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 28. september 1973.

Halldór E. Sigurðsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

Nr. 291. 3. október 1973.

REGLUGERÐ

um starfssvið lögreglustjóra í Hafnarhreppi í Austur-Skaftafellssýslu.

1. gr.

Lögreglustjórinn í Hafnarhreppi hefur á hendi dómsvald í Hafnarhreppi að öllu leyti, bæði í opinberum málum og einkamálum, þar á meðal í fógetaréttar-, skiptaréttar- og uppboðsréttarmálum. Hann hefur á hendi þinglýsingar í Hafnarhreppi.

Lögreglustjórinn skal vera formaður dóms samkvæmt lögum nr. 41 frá 28. nóvember 1919 um landamerki o. fl. Sýslumaður Skaftafellssýslu skal þó vera formaður dóms þessa í málum varðandi mörk milli Hafnarhrepps og aðliggjandi jarða eða lóða.

Lögreglustjóri skal halda manntalsþing í Hafnarhreppi einu sinni á ári, en auk þess skal hann heyja aukadómþing, þegar þörf gerist.

2. gr.

Lögreglustjórinn hefur á hendi lögreglustjórn í Hafnarhreppi. Undir hann heyra öll þau málefni, sem heyra almennt undir lögreglustjóra, þar á meðal skráning ökutækja.

3. gr.

Lögreglustjórinn hefur á hendi tollgæslu og tollstjórn í Hafnarhreppi.

Hann skal innheimta í Hafnarhreppi öll þau gjöld, sem innheimtumönnum ríkissjóðs er ætlað að innheimta.

4. gr.

Auk framangreindra málaflokka skal lögreglustjóri í Hafnarhreppi fara með yfirfjárráð, annast notarialgerðir, skráningu firma og félaga, svo og annast önnur málefni, er venjulega heyra undir bæjarfógeta.

Í Hafnarhreppi skal eigi vera hreppstjóri, og skal lögreglustjóri annast störf þau, sem heyrt hafa undir hann.

5. gr.

Dómsmálaráðherra úrskurðar vafaatriði, er upp kunna að koma, um valdmörk milli sýslumanns Skaftafellssýslu og lögreglustjórans í Hafnarhreppi.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 15 13. apríl 1973 um lögreglustjóra í Hafnarhreppi í Austur-Skaftafellssýslu og tekur gildi 1. janúar 1974.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 3. október 1973.

Ólafur Jóhannesson.

Baldur Möller.

AUGLÝSING

um afgreiðslutíma Ísafjarðar Apóteks.

Samkvæmt heimildum í Reglugerð um afgreiðslutíma lyfjabúða utan Reykjavíkur nr. 305/1972 skal afgreiðslutími Ísafjarðar Apóteks vera sem hér segir:

Mánudaga—föstudaga ..... kl. 9—19
Laugardaga, aðfangadag og gamlársdag ..... kl. 9—13

Að öðru leyti skal gætt ákvæðis 6. gr. fyrrnefndar reglugerðar.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 3. október 1973.

F. h. r.
Páll Sigurðsson.

Almar Grímsson.

5. október 1973. Nr. 293.

REGLUGERÐ

um takmörkun leigubifreiða til mannflutninga í Hveragerði, Árnessýslu og um ráðstöfun atvinnuleyfa.

1. gr.

Tala allt að 8 farþega leigubifreiða til mannflutninga í Hveragerði skal á hverjum tíma miðuð við íbúatölu Hveragerðishrepps, þannig að ein leigubifreið komi á hverja 150 íbúa, sem lögheimili eiga í Hveragerðishreppi, samkvæmt nýjustu skýrslum Hagstofu Íslands.

Þegar rétt hlutföll eru fengin milli tölu leigubifreiða og íbúatölu, skal veita atvinnuleyfi í stað hvers leyfis sem losnar, svo og vegna fólksfjölgunar, eitt leyfi fyrir hverja 150 íbúa.

Atvinnuleyfi skulu að jafnaði veitt frá og með 1. júní ár hvert, ef veita skal þau samkvæmt framansögðu.

2. gr.

Við gildistöku reglugerðar þessarar skulu allir þeir, sem 31. des. 1972 voru starfandi leigubifreiðastjórar í Hveragerði og gerast meðlimir Félags bifreiðastjóra og eigenda leigubifreiða í Hveragerði hafa leyfi til að starfa sem leigubifreiðastjórar, enda hafi þeir sótt um atvinnuleyfi til stjórnar félagsins innan sex mánaða frá gildistöku reglugerðar þessarar, ella fellur réttur þeirra til leyfisins niður.

3. gr.

Enginn bifreiðarstjóri má hafa afgreiðslu hjá bifreiðastöð Hveragerðis, nema hann hafi öðlast atvinnuleyfi sem leigubifreiðastjóri í Hveragerði. Leyfin skulu tölusett og bundin við nafn leyfishafa. Engum má úthlutað fleirum en einu atvinnuleyfi.

4. gr.

Leigubifreiðastjórar, sem ekki hafa afgreiðslu á bifreiðastöð í Hveragerði hafa ekki atvinnuréttindi þar, nema eftir kvaðningu fyrir fram.

5. gr.

Bifreiðastjóri, sem óskar að fá atvinnuleyfi sem leigubifreiðarstjóri skal sækja um, á þar til gerðu eyðublaði, til Félags bifreiðastjóra og eigenda leigubifreiða í Hveragerði. Umsókninni skal fylgja vottorð frá bifreiðastöð í Hveragerði um, að umsækjandi geti fengið afgreiðslu.

Atvinnuleyfin skulu gefin út af tveimur mönnum, sem hér eftir eru nefndir úthlutunarmenn í reglugerð þessari.

Skal annar þeirra tilnefndur af stjórn Félags bifreiðastjóra og eigenda leigubifreiða í Hveragerði, en hinn af ráðherra. Tilnefningin er til þriggja ára í senn.

Úthlutunarmenn skulu líta eftir, að ákvæðum laga um leigubifreiðar og reglugerðar þessarar sé fylgt.

Stjórn Félags bifreiðastjóra og eigenda leigubifreiða í Hveragerði skal senda úthlutunarmönnum til afgreiðslu umsóknir um atvinnuleyfi og annað, sem fyrir þá ber að leggja, samkvæmt reglugerð þessari, ásamt rökstuddum tillögum.

Við úthlutun atvinnuleyfa skal að öðru jöfnu starfsaldur bifreiðastjóra við akstur leigubifreiða til mannflutninga lagður til grundvallar, þannig að sá, sem lengstan hefur starfsaldur sem bifreiðarstjóri við mannflutninga, hvar sem er á landinu, gengur fyrir, nema sérstakar ástæður mæli gegn því.

Starfstími bifreiðastjóra við akstur sérleyfisbifreiða til mannflutninga telst við aldursflokkun jafngilda akstri smærri bifreiða.

6. gr.

Leyfishafa er heimilt að hafa bifreið sína í afgreiðslu hjá hverri þeirri bifreiðastöð í Hveragerði, er hann getur fengið afgreiðslu hjá, enda sé bifreiðastöðin viðurkennd af hreppsnefnd Hveragerðis.

Óheimilt er bifreiðastöð að taka bifreið í afgreiðslu, fyrr en viðkomandi bifreiðarstjóri hefur lagt fram atvinnuleyfi sitt.

Leyfið skal vera í vörslu stöðvarinnar á meðan leyfishafi hefur þar afgreiðslu.

Nú vill leyfishafi flytja sig á aðra bifreiðastöð, skal hann þá afhenda þeirri bifreiðastöð, er hann ekur hjá, yfirlýsingu frá þeirri stöð, sem hann hyggst flytja á, um að hann geti fengið þar afgreiðslu. Síðan skal sú bifreiðastöð, sem leyfishafi flytur frá, tilkynna Félagi bifreiðastjóra og eigenda leigubifreiða í Hveragerði um flutninginn innan 4 daga.

Bifreiðastöð er óheimilt að halda atvinnuleyfi leyfishafa, ef hann flytur sig löglega til afgreiðslu á aðra bifreiðastöð.

7. gr.

Leyfishafa er óheimilt að láta atvinnuleyfi sitt af hendi á nokkurn hátt, nema til Félags bifreiðastjóra og eigenda leigubifreiða í Hveragerði, sem tilkynnir það þegar úthlutunarmönnum.

Leyfishafi, sem af einhverjum ástæðum getur ekki rekið leigubifreið samkvæmt leyfi sínu, eða notað það á annan hátt löglega, getur haldið leyfisréttindum sínum í allt að 6 mánuði.

Ef sérstaklega stendur á, geta úthlutunarmenn framlengt þennan frest, enda óski leyfishafi þess.

Nú notar leyfishafi ekki atvinnuleyfi sitt lengri eða skemmri tíma, en heldur því þó sbr. 2. mgr., og er þá bifreiðastöð óheimilt að taka annan í afgreiðslu í hans stað á meðan.

Leyfishafi getur misst atvinnuréttindi sín, ef hann er fjarverandi tvo mánuði eða lengur, án þess að hafa tilkynnt viðkomandi bifreiðastöð fjarveru sína og orsakir hennar. Stöðvarstjóri skal tilkynna fjarveruna til stjórnar Félags bifreiðastjóra og eigenda leigubifreiða í Hveragerði, en hún ber málið undir úthlutunarmenn, sem ákveða hvort svipta skuli leyfishafa atvinnuleyfi eða ekki.

8. gr.

Ef leyfishafa er sagt upp afgreiðslu af gildum ástæðum, skal viðkomandi bifreiðastöð afhenda atvinnuleyfi hans formanni Félags bifreiðastjóra og eigenda leigubifreiða í Hveragerði samdægurs eða næsta virkan dag.

Leyfið skal vera í vörslu félagsins meðan leyfishafi er að útvega sér afgreiðslu hjá annarri bifreiðastöð.

Takist leyfishafa ekki að fá afgreiðslu hjá annarri bifreiðastöð innan 30 daga, hefur hann fyrirgert rétti sínum til leyfisins og fellur það þá til úthlutunar að nýju, nema úthlutunarmenn ákveði annað.

9. gr.

Nú hættir leyfishafi að reka leigubifreið samkvæmt atvinnuleyfi sínu og segir atvinnuleyfinu upp fyrir fullt og allt. Skal hann þá skrá yfirlýsingu þar að lútandi á atvinnuleyfi sitt og bifreiðastöð sú, sem hann hefur afgreiðslu hjá, síðan afhenda atvinnuleyfi sitt formanni Félags bifreiðastjóra og eigenda leigubifreiða, samdægurs eða næsta virkan dag. Síðan ráðstafa úthlutunarmenn leyfinu samkvæmt reglugerð þessari. Á sama hátt skal skila til Félags bifreiðastjóra og eigenda leigubifreiða atvinnuleyfi sem losnar af öðrum orsökum en um getur í 1. mgr., svo sem við andlát leyfishafa, eða ef hann fyrirgerir rétti sínum til leyfisins.

10. gr.

Leyfishafa er óheimilt að láta annan mann en þann, sem hefur atvinnuleyfi, aka fyrir sig, nema í eftirfarandi tilfellum:

a. Ef leyfishafi er veikur.
b. Ef leyfishafi er að vinna í þágu Félags bifreiðastjóra og eigenda leigubifreiða, bifreiðastöðvar þeirrar, er reglugerð þessi nær til, eða þeirra stofnana verkalýðssamtakanna, sem Félag bifreiðastjóra og eigenda leigubifreiða á aðild að.
c. Ef leyfishafi deyr, heldur ekkja hans atvinnuleyfinu, ef hún æskir þess.

11. gr.

Vilji leyfishafi öðlast undanþágu samkvæmt 10. gr. skal hann sækja um það skriflega til Félags bifreiðastjóra og eigenda leigubifreiða. Umsókninni skal fylgja vottorð frá bifreiðastöð leyfishafa, um að hún samþykki þann ökumann, sem leyfishafi vill að aki bifreið sinni.

Félag bifreiðastjóra og eigenda leigubifreiða er þá heimilt að veita undanþágu, og skal hún vera skrifleg, tímabundin og tekið fram hvað í henni felst. Er viðkomandi bifreiðarstjóra skylt að bera undanþáguna á sér, er hann er við akstur, og sýna trúnaðarmönnum stéttarfélagsins er þeir æskja þess.

Félag bifreiðastjóra og eigenda leigubifreiða skal halda skrá yfir undanþágur samkvæmt framansögðu.

12. gr.

Á hverri bifreiðastöð skal vera skrá yfir þær bifreiðar, sem þar hafa afgreiðslu. Skal skrá þessi fest upp þar sem bifreiðastjórar eiga greiðan aðgang að og tilgreint í henni skrásetningarnúmer bifreiðar, nafn og heimilisfang bifreiðarstjóra og eiganda.

13. gr.

Úthlutunarmönnum er heimilt að afturkalla atvinnuleyfi um stundarsakir, ef leyfishafi brýtur ákvæði reglugerðar þessarar eða fyrir fullt og allt, ef um alvarlegt eða ítrekað brot er að ræða.

Slíkum úrskurðum má áfrýja til samgönguráðuneytisins.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um leigubifreiðar, nr. 36 9. maí 1970, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 5. október 1973.

Björn Jónsson.

Kristinn Gunnarsson.

Nr. 294. 8. október 1973.

AUGLÝSING

um skipulag í Innri-Akraneshreppi, Borgarfjarðarsýslu.

Að fengnum tillögum skipulagsstjórnar ríkisins hefur ráðuneytið, samkvæmt heimild í 4. gr. 2. mgr. skipulagslaga nr. 19 21. maí 1964, ákveðið, að ákvæði skipulagslaga nr. 19/1964 skuli ná til Innri-Akraneshrepps í Borgarfjarðarsýslu, að undanskildum nauðsynlegum byggingaframkvæmdum vegna búrekstrar.

Þetta er hér með birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að mál.

Félagsmálaráðuneytið, 8. október 1973.

Björn Jónsson.

Guðmundur Karl Jónsson.

Nr. 295. 8. október 1973.

AUGLÝSING

um skipulag í Mýrahreppi í Austur-Skaftafellssýslu.

Að fengnum tillögum skipulagsstjórnar ríkisins hefur ráðuneytið, samkvæmt heimild í 4. gr. 2. mgr. skipulagslaga nr. 19 21. maí 1964, ákveðið, að ákvæði skipulagslaga nr. 19/1964, skuli ná til Mýrahrepps í Austur-Skaftafellssýslu, að undanskildum nauðsynlegum byggingaframkvæmdum vegna búrekstrar.

Þetta er hér með birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að mál.

Félagsmálaráðuneytið, 8. október 1973.

Björn Jónsson.

Guðmundur Karl Jónsson.

Nr. 296. 8. október 1973.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 251 31. des. 1965 um breytingu á reglugerð Vatnsveitu Kópavogskaupstaðar nr. 183 12. des. 1958.

1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

8. gr. reglugerðar nr. 183/1958 orðist svo:

Fyrir hvert hús, sem fær vatn frá Vatnsveitunni skal greiða tengigjald kr. 9.00

á hvern rúmmetra húss allt að 2000 rúmmetra stærð, en kr. 6.00 á hvern rúmmetra, sem þar er umfram.

Tengigjald skal greiðast að fullu, áður en tenging fer fram.

2. gr.

2. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

10. gr. reglugerðar nr. 183/1958 orðist svo:

Af hverri fasteign, sem aðstöðu hefur til að nota vatnsveitu kaupstaðarins skal greiða árlegan vatnsskatt til vatnsveitunnar.

Álagningarstofn vatnsskattsins skal vera heildarmat hverrar fasteignar, þ. e. mat mannvirkja og lóðar samkv. lögum um fasteignamat og fasteignaskráningu nr. 28 29. apríl 1963.

Upphæð vatnsskattsins skal vera 0.3% af framangreindu mati. Upphæð vatnsskattsins skal þó aldrei vera lægri en svarar kr. 10.60 á hvern rúmmetra á íbúðarhúsnæði og kr. 7.20 á hvern rúmmetra af öðru húsnæði. Á sama hátt skal upphæð vatnsskattsins aldrei vera hærri en svarar kr. 13.60 á hvern rúmmetra af hvaða húsnæði sem er. Sé ekkert mannvirki á lóð, greiðist ekki vatnsskattur.

Lágmarksupphæð vatnsskatts fyrir hverja skattskylda fasteign skal aldrei vera lægri en kr. 1 500.00.

Nú er fasteign, sem greiða ber af vatnsskatt, eigi virt fasteignamatsvirðingu, og skal þá greiða vatnsskatt samkvæmt samþykktum uppdráttum. Þó skal aldrei reikna vatnsskatt af húsi það ár, sem bygging þess hefst.

Framtalin gjöld skv. 8. og 10. gr. eru miðuð við byggingarvísitölu 853 stig, og breytast einu sinni á ári til samræmis við byggingarvísitöluna, eins og hún er í árslok hverju sinni. Hækkanir samkvæmt 8. og 10. gr. mega þó ekki vera meiri en 50% án staðfestingar ráðuneytis.

Reglugerðarbreyting þessi, sem bæjarstjórn Kópavogskaupstaðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 8. október 1973.

Björn Jónsson.

Guðmundur Karl Jónsson.

10. október 1973. Nr. 297.

FJALLSKILAREGLUGERÐ

fyrir Borgarfjarðarsýslu og Akraneskaupstað.

I. KAFLI

Um stjórn fjallskilamála, fjallskiladeildir og afréttir.

1. gr.

Sýslunefnd Borgarfjarðarsýslu hefur á hendi yfirstjórn fjallskilamála í sýslunni og í Akraneskaupstað. Sveitarstjórnir fara með framkvæmd þeirra og gæta þess, að farið sé eftir ákvæðum laga um afréttarmál o. fl. og fjallskilasamþykktar. Þær geta og sett nákvæmari ákvarðanir í einstökum atriðum, en eigi mega þær ákvarðanir raska samþykkt þessari.

2. gr.

Borgarfjarðarsýsla og Akraneskaupstaður eru eitt fjallskilaumdæmi, er skiptist í sjö fjallskiladeildir. Svæði það, er fjallskiladeild nær yfir, er hið sama og leitar-

svæði hverrar skilaréttar (sbr. 27. gr.), og tekur hver deild nafn sitt af skilarétt þess svæðis.

3. gr.

Afréttir í Borgarfjarðarsýslu skulu vera þeir, er verið hafa og eru þessir:

1. Geitland milli Hvítár og Geitár, eign Hálsa- og Reykholtsdalshreppa, en þeir hreppar eiga meginafrétt sinn á Arnarvatnsheiði í Mýrasýslu.
2. Afréttur Lunddæla og Andkílinga, eign þeirra hreppa milli Grímsár og Flókadalsár, upp frá heimalöndum Gullberastaða og Oddsstaða og austur að sýslumörkum Borgarfjarðarsýslu og Árnessýslu.
3. Sandaland, leiguland Hvalfjarðarstrandarhrepps norðvestan Bláskeggsár og upp á Botnsheiði.
4. Kirkjuland Fitja á Botnsheiði, eign Akraneskaupstaðar.

Sveitarstjórnir geta breytt takmörkum afrétta og lagt til þeirra heimalönd eða landshluta einstakra jarða með samþykki landeiganda og umráðamanna og hreppsnefndar þess hrepps, er það land, er lagt skal til afréttar, liggur í. Skylt er að tilkynna sýslunefnd strax slíkar breytingar.

4. gr.

Ef tvö eða fleiri sveitarfélög eða sveitarhlutar eru innan sömu fjallskiladeildar, skulu sveitarstjórnir gera með sér samning um framkvæmd fjallskilamála.

II. KAFLI

Um smalanir á vorum.

5. gr.

Hver sem hefur jörð til ábúar eða umráða, þar með taldar eyðijarðir eða eyðilönd, er skyldur að annast smalanir á vorum, og skal farið eftir því, sem sveitarstjórn ákveður. Vanræki einhver að láta smala umráðaland sitt á þeim tíma, er hreppsnefnd hefur ákveðið, eða geri það svo slælega, að hreppsnefnd telji óviðunandi, er hreppsnefnd skylt að láta smala landið á hans kostnað.

6. gr.

Komi afbæjarfé fyrir við smalanir heimalanda, er umráðandi lands, eða sá er annast smölun fyrir hann, skyldur til að láta nágranna vita af órúnu fé, er þeir eiga, ef eigandi er lengra frá eða óþekktur, skal taka af órúnu fé og marka ómörkuð lömb gegn sanngjarnri greiðslu.

7. gr.

Sé afréttur ógirtur, skal hreppsnefnd láta framkvæma smölun á honum og skal farið með órúið fé og ómörkuð lömb eins og segir í síðari hluta 6. gr.

III. KAFLI

Um not afréttar og rekstur á afrétt.

8. gr.

Þeir, er afréttarnot eiga eða hafa, skulu reka þangað sauðfé sitt, þegar það er komið úr ull, svo tímanlega sem árferði og önnur atvik leyfa, að mati hreppsnefndar. Skal hún tilkynna ábúendum hvenær, hversu margt og hvert í afrétt þeir megi reka. Hafi ítala verið gerð í afrétt og sauðfjárfjöldi er meiri en ítölu nemur, skal rekinn sá fjöldi fjár frá hverju býli, sem því hefur verið ákveðinn í ítölusamþykkt, en annað fé haft í heimalandi. — Hafa má allt sauðfé í heimalandi, ef það er girt fjárheldri girðingu, eða hreppsnefnd samþykkir, og er ekki fleira en ítölusamþykkt

um heimalönd leyfir. Ef fénaður er ekki rekinn á afrétt, skv. fyrstu málsgrein, má hreppsnefnd láta reka hann á kostnað ábúanda eða umráðanda jarðar.

9. gr.

Nú er allt fé bújarðar haft í heimalandi skv. áðursögðu, eða er færra en ábúandi eða umráðamaður jarðar má á fjall reka samkvæmt ítölusamþykkt, þá má sá aðili ráðstafa rétti sínum, þó skal sveitarstjórn hafa forgangsrétt, en vilji hún ekki notfæra sér hann, má ábúandi eða umráðamaður jarðar ráðstafa réttinum til hvers, er hann vill innan hrepps, enda taki þá sá, er þann rétt fær, á sig allar skyldur, sem hinum annars bæri, ef hann hefði rekið sama fjárfjölda á afrétt. Slík afhending rekstrarréttar má aldrei gilda nema fyrir eitt sumar í senn, og ekki má ráðstafa rekstrarrétti til utanhreppsmanna, nema allir innanhreppsmenn hafi hafnað honum og hreppsnefnd leyfi. Ber þeim, er ljær rekstrarrétt, að standa fulla ábyrgð á fjallskilavinnu og fjallskilagjaldi til fjallskilasjóðs.

10. gr.

Stóðhross má reka á afrétt, ef hreppsnefnd leyfir.

11. gr.

Enginn má nota annan afrétt en þann, sem hann á upprekstur í, nema hlutaðeigandi hreppsnefnd leyfi. Enginn má taka upprekstur á land ábúðarjarðar sinnar, nema girt sé fjárheldri girðingu og aldrei af utanhreppsmönnum, nema með leyfi hreppsnefndar.

12. gr.

Enginn má taka sameignarafrétt til sérstakra afnota fyrir sjálfan sig. Telji einhver sig þurfa að ná fé sínu af afrétti til förgunar fyrir aðalleitir, verður hann að fá til þess leyfi hreppsnefndar, og setur hún þau skilyrði, er henni þykja við eiga.

13. gr.

Verði veruleg brögð að ágangi sauðfjár eða hrossa úr afrétti í heimahaga, getur sá, er fyrir verður, gert sveitarstjórn aðvart. Virðist sveitarstjórn um verulegan ágang að ræða, skal hún skipa fyrir um smölun ágangsfjár eða penings, og rekstur á afrétt eða til hreppstjóra. Kostnaður greiðist að ¾ af fjallskilasjóði þess hrepps eða hreppa, er þann afrétt nota, er ágangsfénaður kom frá, en landráðandi ¼. Heimilt er þó sveitarstjórn hrepps þess, sem sú bújörð liggur í, er ágangi sætir, að greiða þann hluta kostnaðar, sem landráðanda er annars ætlað að bera. Stafi verulegur ágangur af búfé, sem skylt hefur verið að reka á afrétt, ber sveitarstjórn að sjá um, að eigandi reki féð á afrétt. Nú stafar óeðlilegur ágangur af fé, sem heimilt er að hafa í heimahögum og ber þá sveitarstjórn að láta smala því og reka til eiganda. Um kostnað í því tilviki fari þannig, að fjáreigandi og sveitarsjóður (eða fjallskilasjóður) greiði alls ¾ að jöfnu hvor, er landráðandi ¼. Verði ágreiningur með hreppsnefnd og landeiganda (ábúanda, umráðanda) um, hvað teljist vera verulegur eða óeðlilegur ágangur, geta aðilar skotið máli sínu til sýslumanns (oddvita sýslunefndar), er þá skipar þrjá óvilhalla menn til þess að skera úr slíkum ágreiningi.

IV. KAFLI
Um ítölu.

14. gr.

Sýslunefnd getur gert samþykkt um ítölu, eftir ákvæðum laga um afréttarmálefni III. kafla, og ber þá búfjáreigendum að fara eftir henni.

V. KAFLI
Um fjallskil.

15. gr.

Skylt er að gera fjallskil af öllu sauðfé. Leyfi hreppsnefnd rekstur stóðhrossa á afrétt, skal og gera fjallskil af þeim. Fjallskilagjald af hrossi má vera allt að tíu sinnum hærra en af vetrarfóðraðri sauðkind. Nú hefur ítölureglum verið beitt og nokkurn hluta sauðfjár verður að hafa í heimalandi, þá má hreppsnefnd ákveða lægra fjallskilagjald af þeim fénaði.

Sveitarstjórn jafnar niður fjallskilum. Skal hver leggja til fjallskila það, sem sveitarstjórn ákveður. Hver húsbóndi er skyldur til að gera fjallskil fyrir þann fénað, sem hann hafði á fóðrum veturinn næsta á undan eða hann eða hans heimamenn hafa eignast síðan og flutt inn í hreppinn. Skylt er húsbónda að tilkynna hreppsnefnd fyrir júlílok um breytingar frá vetri á tölu fjallskilaskylds búpenings síns og heimamanna sinna. Heimilt er hreppsnefnd að jafna fjallskilakostnaði allt að einum þriðja hluta á landverð („annað land") bújarðar er eigandi eða umráðandi greiði.

Heimilt er að greiða úr sveitarsjóði kostnað að meira eða minna leyti við byggingu almenningsrétta (skilarétta), leitarmannaskála og annarra mannvirkja, sem þörf er á vegna aðalleita og réttarhalds, svo og girðinga á milli heimalanda og afrétta, að því leyti sem aðilum innan hrepps er skylt að leggja til þeirra. Einnig er hreppsnefnd heimilt að greiða hluta annars fjallskilakostnaðar úr sveitarsjóði ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi og sýslunefnd leyfir (sbr. 19. gr.).

16. gr.

Tvennar aðalleitir skal gera á hverju hausti á afrétti og heimalöndum; skal smalað sauðfé í fyrri leit, en bæði sauðfé og hrossum í síðari leit. Nú er heimaland girt fjárheldri girðingu eða afmarkað af ám eða vötnum, er mega teljast fjárheld, og er þá hreppsnefnd heimilt að leyfa, að það sé ekki smalað til fyrri réttar, ef smölun vegna förgunar verður að fara fram næstu daga. Komi afbæjarfé fram í þeirri smölun, skal, ef innansveitarfé er, tilkynna það eiganda, en ef um utansveitarfé úr sömu fjallskiladeild er að ræða, skal koma fénu til þess staðar í þeim hreppi, er hreppsnefnd þar ákveður. Annað fé skal bóndi geyma í öruggri girðingu til síðari aðalréttar. Eftir aðalleitir skal fara fram eftirleit á afrétti, þegar hreppsnefnd ákveður og smölun allra heimalanda skal fara fram fyrsta dag nóvembermánaðar. Með afbæjarfénað, er kemur fyrir í þessum leitum eða smölunum, skal farið eins og hreppsnefnd segir til um. Senda skal menn eftir því, sem þörf krefur, til að hirða fé í útréttum. Útréttir kallast réttir utan leitarsvæðisins.

17. gr.

Hver bóndi er skyldur til að leita land ábýlisjarðar sinnar, nema hreppsnefnd telji landið að einhverju leyti notað sem afrétt, eða hafi gert samning um það við umráðendur jarðarinnar (sbr. 19. gr.). Þótt jörð sé ekki í ábúð, hvíla sömu skyldur á eiganda hennar eða umráðanda. Vanræki einhver smölun, er hreppsnefnd skylt að láta smala það á kostnað umráðanda eða eiganda landsins. Skylt er og að koma úrtíningi til skilaréttar í tæka tíð. Heimilt er hreppsnefnd að meta til fjallskila haustsmalanir landstórra jarða að meira eða minna leyti, þótt hreppurinn eigi afrétt, enda sé landið ekki varið annarra fénaði.

18. gr.

Nú á búandi tilkall til afréttar í viðkomandi fjallskiladeild, en kaupir með leyfi hreppsnefndar upprekstur annars staðar, eða er eigandi að upprekturslandi, er hann kýs fremur að nota en afrétt hreppsins, þá greiðir hann fjallskil á báðum stöðum, þó ekki nema hálft gjald heima fyrir.

19. gr.

Nú á eða hefur sveitarfélag engin afréttarnot og má þá hreppsnefnd ákveða, að haustsmalanir heimalanda, sem ekki eru varin annarra fénaði, verði metnar til fjallskila. Nú þykir sveitarstjórn ekki ástæða til að svo verði gert um smalanir allra óvarinna heimalanda vegna landsmæðar eða mjög auðveldrar smölunar sumra þeirra, og skulu þá umráðendur þeirra landa og einnig varinna heimalanda greiða lægra fjallskilagjald af fénaði sínum eftir mati hreppsnefndar. Hreppsnefnd skal annast um ráðningu manna til að sækja fé hreppsbúa í útréttir. Kostnað í þessum tilvikum má greiða að meira eða minna leyti úr sveitarsjóði eftir ákvörðun hreppsnefndar.

20. gr.

Sveitarstjórnir allra hreppa innan hverrar fjallskiladeildar, skulu á sameiginlegum fundi setja allar reglur um fyrirkomulag leita, sendingu manna í útréttir og annað það, er þörf þykir til bera að samvinna sé höfð um. Hafi tveir eða fleiri hreppar sameiginlegt upprekstrarland, skulu sveitarstjórnir þeirra hafa árlega fund með sér og gera áætlun um fjallskilakostnað á upprekstrarsvæðinu og skipta með sér sameiginlegum kostnaði. Til þessa fundar boðar oddviti þess hrepps, er skilarétt stendur í.

21. gr.

Hreppsnefnd jafnar niður fjallskilum, bæði fjallskilavinnu og peningagreiðslum. Leggja má allan fjallskilakostnað einstaklings á í peningum, eftir því sem hreppsnefnd þykir best henta. Fjallskilagjald rennur í fjallskilasjóð, og skal hann vera í varðveislu oddvita þess hrepps, sem gjald er á lagt. Öll vinna við fjallskil skal lögð í dagsverk og dagsverk metið sem næst gildandi kauptaxta. Á niðurjöfnunarfundi skal kjósa leitarstjóra. Enn fremur réttarstjóra og tvo marklýsingarmenn; þeir skulu kosnir af hreppsnefnd þess hrepps, er skilarétt liggur í. Niðurjöfnun skal birt þannig, að fjallskilaseðill gangi bæ frá bæ um hreppinn og hafi hann þingboðsrétt. Á fjallskilaseðli skal tilgreina upphæð fjallskila hvers einstaks aðila, hvaða fjallskil hver á að inna af höndum, hversu mikið ber að greiða í peningum og annað það, sem þörf þykir að taka fram varðandi fjallskilin. Niðurjöfnun skal lokið svo tímanlega, að hún geti orðið öllum kunn, er leggja eiga fram vinnu, eigi síðar en viku áður en leitir byrja.

22. gr.

Sérhver, er á að leggja fram vinnu við fjallskil, skal vanda vel tillag sitt, svo sem með því að senda fullgilda og vel útbúna menn í leitir og útréttir o. s. frv. Sé þess sérstaklega vel gætt, að þeir hafi hlýjan, vatnsheldan klæðnað, séu nestaðir og vel hestaðir eftir atvikum. Leitarmenn skulu bera litmerki í bak og fyrir.

Láti einhver farast fyrir að senda mann í leitir eða gera þau fjallskil, sem hann er tilkvaddur og birt eru í fjallskilaseðli, skal hann auk greiðslu fyrir fjallskil eins og þau eru metin, gjalda sekt til fjallskilasjóðs, allt að helmingi af matsverði fjallskilanna. Ef einhver sendir mann í leitir, sem leitarstjóri telur óhæfan sökum ágalla eða ills útbúnaðar, skal vísa honum heim aftur, og er þá sá, er þann mann sendi, skyldur til að borga fjallskil og sekt, eins og hann hefði engan sent. Sama gildir um mann í útréttir.

Sannist það, að leitarmaður eða annar, er fjallskil á að vinna, vanræki skyldu sína, getur hreppsnefnd krafist uppbótar frá honum eða þeim, er hann sendi. Vilji hann ekki hlíta úrskurðinum, getur hann skotið máli sínu til sýslunefndar.

Gjaldi fyrir leitarsvik eða aðra vanrækslu á fjallskilum má verja til að kaupa mann til fjallskilanna, ella renni það fé í fjallskilasjóð þess leitarsvæðis, er hlut á að máli.

Sektir og fjallskilagjöld eru lögtakskræf.

23. gr.

Leitarsvæði hverrar skilaréttar skal hafa sameiginlegan fjallskilasjóð, er oddviti þess hrepps, er skilarétt stendur í, varðveitir. Í þann sjóð rennur andvirði alls óskilapenings (þar með taldir ómerkingar), er ekki finnst eigandi að. Geti sjóðurinn ekki staðið undir þeim gjöldum, er úr honum ber að greiða, leggja fjallskilasjóðir hreppanna honum það til, er á vantar. Framlag fjallskilasjóða sveitarfélaganna greiðist eftir því hlutfalli, sem hreppsnefndir, er hlut eiga að máli, hafa samþykkt á sameiginlegum fundi. Reikningur fjallskilasjóðs skal sendur árlega með reikningum sveitarsjóðs til sýslunefndar.

Kostnaður við fjallskilamál greiðist úr fjallskilasjóði, nema að því leyti sem sveitarsjóði er ætlað að greiða hann, eða öðruvísi er ákveðið. Komist fénaður ekki til rétts eiganda vegna fjarlægðar, eða er seldur eða ráðstafað á annan hátt, af því að hreppsnefnd hrepps þess, sem fénaðurinn er úr, telur það hagkvæmara, má borga áfallinn kostnað úr fjallskilasjóði. Þó skal hreppsnefnd ekki láta selja eða ráðstafa hrossi, nema eiganda hafi áður verið tilkynnt um það, þannig að honum, gefist kostur á að sækja hrossið á sinn kostnað.

24. gr.

Enga aðalleit má gera nema leitarstjóri stjórni henni og sé í henni, enda skulu leitarmenn skyldir að hlýða honum. Áður en leit hefst, kannar leitarstjóri lið sitt, og ef svo reynist, að einhverja vanti eða einhverjir eru taldir óhæfir til að fara í leit, kaupir hann menn í þeirra stað, ef unnt er. Skal leitarstjóri sérstaklega gæta þess, að framfylgt sé ákvæðum 22. gr. um útbúnað leitarmanna. Leitarstjóri skipar fyrir um, hvernig hver leitarmaður hagi leit sinni, gætir þess, að allir vandi verk sín, að safn sé rekið með reglu til réttar, svo að það sé komið þangað í tæka tíð, allrar mannúðar sé gætt, að lamakindur séu fluttar til byggða eða þeim lógað, sé ekki annað unnt, og að safnsins sé gætt, uns gæslumanni eða réttarstjóra ber að taka við því.

25. gr.

Rekstrarstjóri stjórnar útréttarmönnum, og eru þeir skyldir að hlýða honum. Rekstrarstjóri skal gera sitt ítrasta til að ekki verði fénaður eftir í útréttum, og að réttarmenn fari ekki frá réttinni fyrr en töfludrætti er lokið. Sé einhver skepna svo fötluð, að hún verði ekki rekin eða flutt þá þegar, skal rekstrarstjóri koma henni í gæslu eða ráðstafa henni á hagkvæmasta hátt. Rekstrarstjóri skal og sjá til þess, að ekki verði skildar eftir skepnur úr rekstri, nema þeim sé ráðstafað eins og best hentar.

26. gr.

Nú þykir einhverjum niðurjöfnun fjallskila eigi rétt og vill fá leiðréttingu á því, þá ber honum eigi að síður að inna álögð fjallskil af hendi, en sent getur hann rökstudda kæru til hreppsnefndar fyrir októberlok næstu á eftir, og beðið hana leiðréttingar. Sætti kærandi sig ekki við aðgerðir hreppsnefndar, getur hann krafist úrskurðar sýslunefndar.

VI. KAFLI

Fjallskiladeildir (leitarsvæði), réttir og réttardagar.

27. gr.

Fjallskiladeildir og réttir í Borgarfjarðarsýslu skulu vera þessar:

1. **Rauðsgilsrétt:** Leitarsvæðið nær yfir lönd öll í Hálsahreppi og Reykholtsdalshreppi, að undanskildu Kálfanesi.

   Fyrri Rauðsgilsrétt skal vera föstudag í 22. viku sumars. Sundurdráttarrétt skal vera á Húsafelli.

2. **Oddsstaðarétt:** Leitarsvæðið nær yfir Lundareykjadalshrepp allan, Andakílshrepp allan að Andakílsá, lönd jarða í Skorradal norðanverðum, frá og með Stálpastaðalandi og að hreppamörkum neðan Hálsa. Enn fremur land Kálfaness.
   Fyrri Oddsstaðarétt skal vera miðvikudag í 21. viku sumars. Sundurdráttarrétt skal vera á Þverfelli. Á meðan núverandi reglur um sauðfjárveikivarnir gilda á þessu svæði, skal Þverfellsrétt vera sem skilarétt. Sundurdráttarrétt má og vera á Hesti og Varmalæk.
3. **Hreppsrétt:** Leitarsvæðið nær yfir lönd jarða í Andakílshreppi sunnan Andakílsár og jarða í sunnanverðum Skorradal að landamerkjum Haga.
   Fyrri Hreppsrétt skal haldin mánudag í 21. viku sumars.
4. **Bakkakotsrétt:** Leitarsvæðið nær yfir fremri hluta Skorradals frá svæðamörkum Oddsstaðaréttar norðan Skorradalsvatns og að svæðamörkum Hreppsréttar, sunnan vatns.
   Fyrri Bakkakotsrétt skal vera á mánudag í 21. viku sumars.
5. **Svarthamarsrétt:** Leitarsvæðið nær yfir Hvalfjarðarstrandarhrepp allan og upprekstrarland Akraneskaupstaðar á Botnsheiði.
   Fyrri Svarthamarsrétt skal haldin á miðvikudag í 21. viku sumars.
6. **Hafnarrétt:** Leitarsvæðið nær yfir Leirár- og Melahrepp allan.
   Fyrri Hafnarrétt skal vera á þriðjudag í 21. viku sumars.
7. **Grafarrétt:** Leitarsvæðið nær yfir allan Skilmannahrepp, Innri-Akraneshrepp og Akraneskaupstað.
   Fyrri Grafarrétt skal vera á mánudag í 21. viku sumars.

Leitardagur til síðari rétta (1—7) í öllu fjallskilaumdæminu skal vera síðasta laugardag í septembermánuði, og réttardagur sama dag, eða eins fljótt og við verður komið, enda réttarfé þá haft í öruggri gæslu, uns því verður réttað. Heimilt er þó sýslunefnd að leyfa hreppsnefndum, ef um afmörkuð eða afgirt svæði er að ræða, að breyta leitartíma og réttardögum, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

28. gr.

Hreppsnefnd eða hreppsnefndir hverrar fjallskiladeildar skulu sjá um byggingu aðalréttar og tryggja, að sómasamleg aðstaða sé til sundurdráttar, þar sem slíkar réttir skulu vera. Kostnaður greiðist úr fjallskilasjóði eða sveitarsjóði eftir samþykkt hreppsnefndar (sbr. 15. gr.). Þess skal gætt, að rétt sé þannig byggð, að nægilega stórt rými sé fyrir allt fé, er til réttar rekst, og að allir, er fjárvon eiga, hafi þar nóg dilkrými. Þar séu og dilkar fyrir útréttarfé, ómerkinga og annað óskilafé. Gætt skal þess, að rétt sé svo vel byggð og vel við haldið, að fé geti ekki sloppið úr henni. Hreppsnefnd eða hreppsnefndir skulu og annast um byggingu leitarmannaskála og húss fyrir leitarhesta, eins vistlegra og rúmgóðra og þörf er talin fyrir.

29. gr.

Réttarbóndi, þar sem fé er gætt náttlangt, skal fá fyrir átroðning gjald eftir samkomulagi. Verði ágreiningur um gjald sker sýslunefnd úr.

30. gr.

Réttarstjóri stjórnar skilarétt og tekur hann við af leitarstjóra eða gæslumanni, þegar markljóst er, og lætur þá þegar fara að rétta. Hann gerir sér far um, að allt fari skipulega fram, meðan á réttarhaldinu stendur, hefur vald til að banna fjárkaup, slark, óreglu og allt annað, sem tafið getur fyrir réttarhaldinu. Skyldir eru allir að hlýða skipunum réttarstjóra, og getur hann kært þá til sekta, ef út af er brugðið. Hann getur skipað annan í sinn stað um stundarsakir, ef á þarf að halda.

Réttarstjóri skal sjá um, að ómerkingar (lömb og folöld) séu settir í ómerkingadilk, svo eigendum gefist kostur á að láta mæður helga sér þá.

Enginn má taka ómerking án leyfis réttarstjóra.

Enginn má hleypa út úr dilk fyrr en réttarstjóri leyfir og búið er að kanna fé í dilknum. Að þeim starfa eru allir þeir skyldir að vinna, sem réttarstjóri nefnir til þess. Hreppstjóri þess hrepps, sem rétt liggur í, skal ætíð vera við réttina og gæta lögreglu. Ef tvær réttir eru í sama hreppi sama dag, má hreppstjóri ráða mann til að vera á öðrum staðnum í sinn stað.

Marklýsingarmenn skulu lýsa öllum mörkum eftir að töfludráttur hefst. Greini þá á um mark, skal réttarstjóri tilnefna þrjá menn, er þá lýsa markinu og telst það rétt mark skepnunnar, sem meiri hluti þeirra telur rétt að vera.

31. gr.

Það er skylda sérhvers manns á upprekstrarsvæðinu, er fjárvon á í skilaréttinni, að hafa þar nægan mannafla að hirða fénað sinn. Ef einhver vanrækir þetta, er réttarstjóra heimilt að láta draga fénað hans og reka heim til hans á hans kostnað.

32. gr.

Einstökum mönnum er heimilt að leita að fénaði í afrétti, eftir að aðalleitir og eftirleit hafa farið fram að haustinu. Hafi einstakir menn fundið fé í afrétt, áður en eftirleit er framkvæmd, eiga þeir ekki kröfu á fundarlaunum úr fjallskilasjóði fyrir þann fénað, en heimilt er hreppsnefnd þó að greiða einhverja þóknun fyrir slíkt úr sjóðnum, ef henni þykir ástæða til.

Ákveða skal á fjallskilafundi hver skuli fundarlaun fyrir fénað, áður óheimtan, er finnst í afrétti eftir leitir.

Fundarlaun fyrir fé, er finnst að lokinni eftirleit greiðist úr fjallskilasjóði þess upprekstrarfélags, sem fjallskil voru greidd í af hinu fundna fé.

Kostnað við rekstur hins fundna fjár, eftir að það er komið til byggða innan leitarsvæðisins, ber eigandi sjálfur. Hið sama gildir um hross.

VII. KAFLI

Meðferð óskilapenings.

33. gr.

Hver, sem innir fjallskil af höndum eða annast smölun heimalands, skal leitast við að handsama ómerkinga eins fljótt og við verður komið, og auðkenna þá ef þeir fylgja móður.

Ómerkinga og annað óskilafé, er til réttar rekst, skal réttarstjórinn láta draga í ómerkingadilk, þar sem menn eiga kost á að leiða mæður til ómerkinga, og sanna eignarrétt sinn á þeim og öðru óskilafé. Ómerkingar, sem ekki ganga út og annað óskilafé, skal að lokinni skilarétt flutt í sláturhús til förgunar undir umsjón hreppstjóra. Ómerkinga og annað óskilafé, er kemur fyrir eftir réttir, eða fé sem ekki kemst til eiganda vegna fjarlægðar eða vegna búfjárveikivarna, skal fara með á sama hátt. Áður en fénu er lógað skal skrifa nákvæma lýsingu á því, þar sem getið er marks og annarra einkenna, sem eigendur geta helgað sér féð eftir.

Leggja skal andvirði slíks fjár inn á reikning skilaréttar á því svæði, er það kemur fyrir í, og skal reikningur færður þannig, að greiða megi út andvirði hverrar kindar sér, ef upplýsingar fást um eiganda. Ef fullvist er um eiganda, áður en féð er lagt inn í sláturhús, skal þá leggja inn á nafn hans. Ber sláturleyfishafa að tilkynna eiganda um innleggið innan þriggja mánaða frá sláturdegi.

Sömu ákvæði gilda um geitfé og óskilanautgripi eins og um óskilafé.

34. gr.

Í lok skilaréttar skal selja á uppboði óskilahross, þar með talin ómörkuð folöld, er ekki gengu út í réttinni. En óskilahross, er koma fyrir síðar, skal selja á opinberu

uppboði af hreppstjóra þeirrar sveitar, er óskilahrossin koma fyrir í. Auglýsa skal slíkt uppboð með a. m. k. viku fyrirvara. Innlausnarfrestur á óskilahrossum skal vera 12 vikur frá söludegi. Kaupandi skal geyma gripi þá, er hann hefur keypt meðan innlausnarfrestur varir, en ekki eru þeir í ábyrgð hans að öðru leyti; fóðra skal kaupandi gripina eftir því sem þörf er á. Fóðurkostnað, hagatoll og gæslukaup skal greiða eftir mati hreppsnefndar og draga frá andvirðinu; verði kaupandi eigandi að slíkum grip að innlausnarfresti liðnum, ber honum ekki greiðsla fyrir tilkostnað.

35. gr.

Hreppstjóri skal auglýsa í Lögbirtingablaði óskilafé, sem fargað hefur verið, fyrir áramót næstu á eftir, en óskilahross seld á uppboði skal auglýsa þegar eftir sölu, bæði í Lögbirtingablaði og útvarpi. Geti einhver sannað eignarrétt sinn innan 6 mánaða frá auglýsingardegi, skal honum greitt andvirðið að frádregnum áföllnum kostnaði, svo sem gjaldi fyrir flutning og auglýsingu, sölu og fundarlaun og annað það, er á hefur fallið. Að öðrum kosti skal andvirðið renna í fjallskilasjóð skilaréttarinnar og sendir hlutaðeigandi hreppstjóri skýrslu um sölu óskilafjár, óskilageitfjár, óskilanautgripa og óskilahrossa, ásamt eftirstöðvum af verði, til oddvita þess, er heldur reikning skilaréttar; skal hreppstjóri hafa lokið skilum innan tveggja mánaða frá því, að víst er um, hvað fjallskilasjóði beri af andvirðinu.

VIII. KAFLI

Um vörslu og smölun hrossa.

36. gr.

Heimilt er sýslunefnd eða einstakri hreppsnefnd að ákveða, að öllum hrossaeigendum sé skylt að hafa hross sín í vörslu allt árið eða tiltekinn hluta þess, nema að því leyti, sem hreppsnefnd kann að leyfa að stóðhross séu rekin á afrétt (sbr. 39. gr. laga um búfjárrækt).

Hreppsnefnd er og heimilt að skylda alla landeigendur til að smala hrossum síðasta dag sumars hvers og koma þeim hrossum, er ekki ganga út heima hjá þeim, til þess staðar í hreppnum, er hreppsnefnd ákveður.

IX. KAFLI

Mörk sauðfjár og hrossa og markaskrár.

37. gr.

Hver maður skal auðkenna fé sitt og hross með glöggu eyrnamarki og brennimerkja hyrnt fé með hreppsbrennimarki á vinstra horni og plötumerkja kollótt í vinstra eyra.

Hreppabrennimörk skulu vera þessi:

Fyrir Hvalfjarðarstrandarhrepp	B1
— Innra-Akraneshrepp	B2
— Skilmannahrepp	B3
— Leirár- og Melahrepp	B4
— Andakílshrepp	B5
— Skorradalshrepp	B6
— Lundarreykjadalshrepp	B7
— Reykholtsdalshrepp	B8
— Hálsahrepp	B9
— Akraneskaupstað	AK

Ef fullorðið fé er ekki hreppsmerkt á hornum eða plötumerkt í eyra, getur eigandi þess ekki krafist skaðabóta, þótt fé hans verði eftir í útréttum, enda ber þá fjallskilasjóði ekki að borga gæslukostnað og annan kostnað, er á slíkt fé kann að falla. Skylt er og að plötumerkja fé með bæjarmerkjum eins og þau eru auglýst í markaskrá.

38. gr.

Fé skal draga eftir mörkum. Markið helgar eiganda kind, nema sönnun komi fyrir, að annar eigi. Kind, sem ekki ber rétt mark manns, er honum óheimilt að draga sér, hve lítið sem á vantar, sama gildir um hross. Ef kind er með brennimarki eða hornamarki annars en þess, er á eyrnamarkið, skal sá talinn eigandi, sem á brennimarkið eða hornamarkið, og skal hann þá, ef eigandi eyrnamarks krefst þess, gera grein fyrir því, hvernig hann eignaðist kindina. Kind, sem hefur eyrnamark eins, brennimark annars og hornamark hins þriðja, skal talin eign þess, sem brennimarkið á; þó skal hann, ef krafist er, gera grein fyrir því, hvernig hann hefur eignast hana. Um ágreining, er rísa kann út af vafamörkum, skera marklýsingarmenn. Verði þeir ekki samdóma, fer um það svo sem fyrir er mælt í 30. gr.

39. gr.

Enginn má taka upp mikil særingarmörk né mörk, sem vandi er að marka svo auðþekkjanleg séu. Ekki má nota mark, sem er meira en níu hnífsbrögð alls.

Þessi mörk er leyfilegt að nota: Andfjaðrað, biti, blaðrifað, blaðstýft, fjöður, gagnbitað, gagnfjaðrað, gat, hamrað, hangfjöður, heilhamrað, heilrifað, hvatrifað, hvatt, jaðrað (hálft af), lögg, miðhlutað, oddfjaðrað, sneiðrifað, sneitt, stig, stúffjaðrað (stýft hálft af), stúfrifað, stýft, sylt, tvírifað í sneitt, tvírifað í heilt, tvírifað í stúf, tvístýft.

Fleiri en tvö undirbein má ekki nota sama megin á eyra. Mörk þau, sem ekki er leyft að nota samkvæmt þessari grein, mega þó notast af núverandi eigendum þeirra, en mega ekki ganga að erfðum, kaupum eða gjöfum og ekki má flytja þau inn í fjallskilaumdæmið.

Jafnan skal auglýsa í markaskrá sýslunnar, hvaða mörk leyfilegt er að nota.

40. gr.

Sýslunefnd skal láta prenta markaskrá sýslunnar 8. hvert ár. Skal hver markeigandi koma marki sínu í hana, og má enginn nota mark, sem ekki er prentað í markaskránni (sbr. þó 42. gr.). Sýslunefnd ákveður greiðslu fyrir hvert mark, en markeigandi fær ókeypis eitt eintak af markaskránni. Einnig skal sýslunefnd sjá um, að nægilega mörg eintök af markaskránni séu send ókeypis til allra hreppa utan sýslu, sem fjársamgöngur eru við.

Gjald það, er sýslunefnd ákveður fyrir mörkin, skal ætíð vera svo hátt, að það nægi fullkomlega fyrir öllum kostnaði við markasöfnun, umsjón með skrásetningu og prentun markanna. Ef afgangur verður þegar allur kostnaður við söfnun og útgáfu er greiddur, skal hann leggjast í sýslusjóð.

41. gr.

Sýslunefnd kýs mann til að sjá um útgáfu markaskrár og til þess að hafa umsjón með upptöku nýrra marka á milli þess, sem markaskrá er gefin út (sbr. 42. gr.). Markasöfnun skal fara fram í september- eða októbermánuði árið áður en prenta skal skrá. Hreppstjórum er skylt að safna mörkum, hver í sínum hreppi, ef markavörður óskar þess.

Hvert mark skal ritað á sérstakan seðil með tilgreindu nafni og heimilisfangi markeiganda. Að öðru leyti ákveður markavörður gerð markaseðla.

42. gr.

Að lokinni söfnun markaseðla, senda hreppstjórar þá markaverði, er sýslunefnd hefur valið. Skal hann athuga markaseðlana, raða upp nöfnum og athuga um sammerkingar innan sýslu og í nærliggjandi sýslum. Skal hann fella niður þau nýupptekin mörk, sem eru sammerkt eða um of lík eldri mörkum, svo og mörk, er líkjast um of hvert öðru, og enn fremur mörk, sem ekki má upptaka samkvæmt ákvæðum samþykktar. Nú hefur markavörður fellt niður mark og skal hann þá tilkynna það marktakanda bréflega og jafnframt benda honum á annað mark, er hann geti fengið sem líkast því, sem hann hefur kosið. Hafi hann eigi svarað bréfi markavarðar fyrir janúarlok, skal líta svo á, að hann taki markið, er markavörður benti honum á, og skal þá prenta það í markaskránni. Enginn maður má eiga fleiri en tvö sauðfjármörk og eitt hrossamark.

Vilji einhver taka upp nýtt mark milli þess er markaskrá er prentuð, skal hann tilkynna það markaverði og fá til þess leyfi hans. Að því fengnu skal markavörður láta prenta það á kostnað markeiganda í Lögbirtingablaðinu, og er það þá fyrst heimilt til notkunar. Sama máli gegnir um þann, er flyst inn í fjallskilaumdæmið, að hann verður að fá samþykki markavarðar til þess að mega nota áfram það mark, er hann áður átti. Eigandaskipti að marki skulu og auglýst í Lögbirtingablaði.

Hreppstjórum er skylt að færa öll mörk úr sýslunni, sem auglýst eru í Lögbirtingablaðinu, inn í markaskráreintök þau, sem nota skal við töfludrátt í skilaréttum. Sýslunefnd Borgarfjarðarsýslu skal leita samvinnu við sýslunefndir í Mýrasýslu, Dalasýslu, Strandasýslu, Húnavatnssýslu, Árnessýslu, Kjósarsýslu og Gullbringusýslu um ráðstafanir til þess að afstýra sammerkingum á þeim svæðum, er fjársamgöngur geta komið fyrir á.

X. KAFLI

Fjárrekstrar og fjárflutningar.

43. gr.

Þegar hross eða sauðfé er rekið um héraðið, skal þess gætt, að rekstri hverjum fylgi ætíð nægilega margir og duglegir rekstrarmenn, svo að sem minnstur bagi verði fyrir þá, er þau lönd eiga, sem um er rekið eða í er áð. Eigi má leggja upp með slíka rekstra fyrr en markljóst er orðið, og eigi má halda áfram að kvöldi, þegar mjög er orðið skuggsýnt, nema brýn nauðsyn beri til.

Allt fé í sláturfjárrekstrum skal vera merkt ákveðnum rekstrarmerkjum, er séu svo glögg, að þau sjáist tilsýndar í björtu, og svo traust, að þau máist ekki af í votviðrum. Rrekstrarforingjum ber að gæta þess vandlega, að annað fé lendi ekki saman við reksturinn. En komi það fyrir, skal hann, þegar hann verður þess var, draga það fé úr rekstrinum og annast um, að það komist í átthaga sína, eigendum að kostnaðarlausu.

Þegar fénaður er fluttur á bifreiðum eða tengivögnum, skal þess gætt, að hann hafi nægilegt rými og að vel fari um hann. Skaða, sem hlýst af því, að út af þessu er brugðið, ber eiganda eða umsjónarmanni rekstursins eða flutningatækis að greiða eiganda fjárins, nema vátryggingartaki greiði. En sannist það, að skaðinn stafi af skeytingarleysi rekstrarmanns eða ökumanns, skal hann sæta sektum.

Skylt er sláturleyfishafa að láta fara fram markaskoðun á öllu fé, sem hann lætur slátra.

44. gr.

Stranglega er bannað að svelta fénað, umfram það, sem ekki verður hjá komist, hundbeita hann að óþörfu eða misþyrma honum á nokkurn hátt við fjárréttir, í rekstrum, flutningi, gæslu, fjallgöngum eða við heimasmölun.

XI. KAFLI

Almenn ákvæði.

45. gr.

Sýslunefnd sker úr öllum ágreiningi milli sveitarstjórna í fjallskilum. Undir úrskurð hennar heyra líka allar kærur og kröfur á hendur hreppsnefndum og hreppsstjórum snertandi fjallskil. Enn fremur geta einstakir menn komið sér saman um að leggja slík mál undir úrskurð sýslunefndar.

46. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum frá kr. 5 000.00 til kr. 50 000.00, nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum, og renna sektirnar í fjallskilasjóð þess leitarsvæðis, sem brotið er framið í.

Með mál, sem rísa út af brotum gegn reglugerð þessari, skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Borgarfjarðarsýslu hefur samið, staðfestist hér með samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 58 29. mars 1961, og 3. gr. laga um afréttarmálefni, fjallskil o. fl. nr. 42 12. maí 1969, til þess að öðlast gildi frá og með 15. október 1973 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi fjallskilareglugerð fyrir Borgarfjarðarsýslu nr. 174 25. ágúst 1952, ásamt síðari breytingum.

Landbúnaðarráðuneytið, 10. október 1973.

Halldór E. Sigurðsson.

Ragnheiður Árnadóttir.

Nr. 298. 22. október 1973.

AUGLÝSING

um breyting á reglugerð nr. 207 20. september 1966, um bólusetningu sauðfjár til varnar garnaveiki.

Aftan við 1. málsgr. 1. gr. reglugerðarinnar bætist:

1. Á öllu Snæfellsnesi vestan varnargirðingar úr Skógarnesi í Álftafjörð.
2. Í Suður-Dölum í Dalasýslu, þ. e. Hörðudalshreppi, Miðdalahreppi og Haukadalshreppi ásamt bæjunum Lækjarskógi og Þorbergsstöðum í Laxárdalshreppi, (þ. e.) að Hvammsfjarðargirðingu.
3. Á öllu varnarsvæðinu frá Miðfjarðargirðingu að Blöndu, þ. e. í Hvammstangahreppi, Kirkjuhvammshreppi, Þverárhreppi og Þorkelshólshreppi í V.-Húnavatnssýslu og Áshreppi, Sveinsstaðahreppi, Torfalækjarhreppi, Svínavatnshreppi og Blönduóshreppi vestan Blöndu í A.-Húnavatnssýslu.

Auglýsing þessi er gefin út samkvæmt 44. gr. laga nr. 23 10. mars 1956, um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra og 2. málsgrein 1. gr. reglugerðar nr. 207/1966 og öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 22. október 1973.

Halldór E. Sigurðsson.

Sveinbjörn Dagfinnsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á grundvallarverði á söltuðum ufsaflökum fyrir framleiðslutímabilið 1. júní til 30. september 1973.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi grundvallarverð á söltuðum ufsaflökum fyrir framleiðslutímabilið 1. júní til 30. september 1973:

Söltuð ufsaflök.

15/20	kr.	89.00
21/25	—	85.50
26/30	—	82.10
31/35	—	78.60
36/40	—	75.10

Verð þessi eru c.i.f. Verðbil verði 3% er miðast bæði við verðhækkun og verðlækkun. Greiðslur í sjóðinn eða úr honum miðast við 50% verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádregnu verðbili.

Sjávarútvegsráðuneytið, 15. október 1973.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Gylfi Þórðarson.

17. október 1973. Nr. 300.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á freðfiski fyrir framleiðslutímabilið 1. október til 31. desember 1973.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á freðfiski fyrir framleiðslutímabilið 1. október til 31. desember 1973:

Þorskur:	US cent á lb. Cif.
4 × 14 m/r interl.	57.30
4 × 14 r/l	65.00
10 × 5, 3 × 18 og 4 × 12	88.00
5 × 10	90.70
4 × 15	92.50
12 × 1	92.50
Blokk	80.00
Ýsa:	
10 × 5 og 3 × 18	91.00
12 × 1	95.50
Blokk	83.00

Steinbítur:

10 × 5	80.50
12 × 1	79.20
Blokk	68.00

Karfi:

10 × 5 m/r	59.00
10 × 5 r/l	62.60
12 × 1	66.10
Blokk	65.00

Ufsi:

10 × 5	57.00
Blokk	53.00

Langa:

10 × 5	86.00
Blokk	75.00

Grálúða:

Blokk, U. S. A.	57.00

Viðmiðunarverð er reiknað á viðskiptagengi krónu gagnvart Bandaríkjadollar 6. október 1973 ($ 1 = 83.60).

Verðbil verði 2.5%. Greiðslur í sjóðinn eða úr honum miðast við 50% verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádregnu verðbili.

Sjávarútvegsráðuneytið, 17. október 1973.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Gylfi Þórðarson.

Nr. 301. 23. október 1973.

AUGLÝSING

um breytingu við Lyfjaverðskrá I nr. 1 frá 10. júlí 1973.

Ný vinnugjaldskrá nr. 1 b tekur gildi frá og með 15. nóvember 1973. Jafnframt er úr gildi felld vinnugjaldskrá nr. 1 a frá 26. ágúst 1973.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 23. október 1973.

Magnús Kjartansson.

Páll Sigurðsson.

AUGLÝSING

um umferð og bifreiðastöður í Njarðvíkurhreppi.

Að fengnum tillögum hreppsnefndar Njarðvíkurhrepps í Gullbringusýslu og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð og bifreiðastöður í Ytri-Njarðvík:

1. Umferð um **Hjallaveg** nýtur forgangsréttar fyrir umferð um Hólagötu og Holtsgötu.
2. Bifreiðastöður eru bannaðar sunnan megin **Hafnarbrautar** á kaflanum milli Reykjanesvegar og Brekkustígs.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi frá og með 15. september 1973.
Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

Sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu, 5. september 1973.

Einar Ingimundarson.

24. september 1973. Nr. 303.

AUGLÝSING

um gjald til Almanakssjóðs.

Með skirskotun til 6. gr. laga nr. 25/1921, um einkaleyfi handa Háskóla Íslands til útgáfu almanaks, sbr. 9. gr. reglugerðar nr. 16.1922, hefur verið ákveðið, að gjald það, er greiða skal í Almanakssjóð fyrir hvert almanak, sem gefið er út eða flutt inn með sérstöku leyfi samkvæmt téðu lagaákvæði, skuli frá 1. október 1973 og þar til öðruvísi verður ákveðið vera kr. 2.00 fyrir hvert eintak.

Í menntamálaráðuneytinu, 24. september 1973.

Magnús T. Ólafsson.

Birgir Thorlacius.

1. október 1973. Nr. 304.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. og 66. gr. laga nr. 40 frá 23. apríl 1968 hefir eftirfarandi verið ákveðið:

1. **Bakkastíg verður lokað fyrir bifreiðaumferð frá Vesturgötu.**
2. **Bifreiðastöður verða bannaðar í Þverholti.**
3. **Afnumið verður bann við vinstri beygju af Laugarnesvegi til vesturs í Borgartún.**

4. Gangbrautarljós verða tekin í notkun við Hamrahlíð við Hlíðaskóla og á Sundlaugavegi vestan Laugalækjar.
Framangreindar reglur taka gildi 3. október 1973.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 1. október 1973.

Sigurjón Sigurðsson.

Nr. 305. 15. október 1973.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Gildistími bráðabirgðaákvæða um umferð í miðborginni samkvæmt auglýsingu, dags. 9. ágúst 1973, hefur verið framlengdur fyrst um sinn, þar til annað verður ákveðið.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 15. október 1973.

Sigurjón Sigurðsson.

Nr. 306. 16. október 1973.

REGLUGERÐ

um eftirlitsgjald lyfjabúða fyrir árið 1973.

1. gr.

Gjald það, sem lyfsölum ber að greiða fyrir árið 1973, vegna lyfjaeftirlits samkvæmt 47. gr. lyfsölulaga nr. 30 29. apríl 1963 skal vera sem hér segir:

I. flokkur	20 000.00
II. flokkur	16 000.00
III. flokkur	12 000.00
IV. flokkur	8 000.00
V. flokkur	4 000.00

2. gr.

Lyfjabúðum er skipað í flokka vegna greiðslu eftirlitsgjaldsins sem hér segir:

I. flokkur: Lyfjabúðin Iðunn,
Reykjavíkur apótek.

II. flokkur: Apótek Austurbæjar,
Apótek Keflavíkur,
Laugavegs apótek.

III. flokkur: Akureyrar apótek,
Hafnarfjarðar apótek,
Holts apótek,
Ingólfs apótek,

Stjörnu apótek,
Vesturbæjar apótek.

IV. flokkur: Akranes apótek,
Borgar apótek,
Garðs apótek,
Háaleitis apótek,
Ísafjarðar apótek,
Kópavogs apótek,
Laugarnes apótek,
Lyfjabúð Breiðholts,
Selfoss apótek.

V. flokkur: Apótek Austurlands, Seyðisfirði,
Apótek Neskaupstaðar,
Árbæjar apótek,
Borgarnes apótek,
Dalvíkur apótek,
Húsavíkur apótek,
Patreks apótek,
Sauðárkróks apótek,
Siglufjarðar apótek,
Stykkishólms apótek.

3. gr.

Eftirlitsgjaldið skal greiða til ríkisféhirðis fyrir 15. desember 1973.
Gjaldið er lögtakskræft.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 47. gr. lyfsölulaga nr. 30 29. apríl 1963, öðlast gildi þegar í stað.

Í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 16. október 1973.

Magnús Kjartansson.

Páll Sigurðsson.

23. október 1973. Nr. 307.

REGLUR

um viðbótarritlaun.

1. gr.

Reglur þessar fjalla um úthlutun 12 millj. kr. fjárveitingar samkvæmt fjárlögum fyrir árið 1973 til íslenskra rithöfunda og höfunda fræðirita.

2. gr.

Úthlutun miðast við ritverk útgefið eða flutt opinberlega á árinu 1972, en ritverk frá árunum 1971 og 1970 kemur einnig til álita.
Auglýst skal eftir upplýsingum frá höfundum um verk þeirra á þessu tímabili.

3. gr.

Veiting til hvers höfundar nemi 250 þús. kr., en verði úthlutunarnefnd sammála um það, getur hún þó ákveðið fjárhæð þessa nokkru hærri eða lægri.

4. gr.

Úthlutun annast þriggja manna nefnd skipuð af menntamálaráðherra þannig: Einn maður tilnefndur af kennurum í íslenskum bókmenntum við Háskóla Íslands, og skal hann vera formaður nefndarinnar, og tveir menn utan Félags íslenzkra rithöfunda og Rithöfundafélags Íslands tilnefndir af stjórnum félaganna.

Nefndin ljúki störfum fyrir 15. desember 1973.

5. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í þingsályktun frá 18. maí 1972 og fjárlögum fyrir árið 1973 og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 23. október 1973.

Magnús T. Ólafsson.

Birgir Thorlacius.

Stjórnartíðindi B 29, nr. 278—307. Útgáfudagur 31. október 1973.

STJÓRNARTÍÐINDI B 30 — 1973

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um kjarasamninga starfsmanna sveitar- og sýslufélaga nr. 195 15. júní 1973.

1. gr.

Frestir þeir, sem um ræðir í 14. og 16. gr. reglugerðar nr. 195/1973 um kjarasamninga starfsmanna sveitar- og sýslufélaga breytist þannig, að ágreiningur milli aðila gangi til Kjaradóms 1. mars 1974 og Kjaradómur hafi lokið dómsorði á ágreiningsefnið eigi síðar en 1. apríl 1974.

Félagsmálaráðuneytið, 31. október 1973.

Björn Jónsson.

Hallgrímur Dalberg.

Stjórnartíðindi B 30, nr. 308. Útgáfudagur 31. október 1973.

B 72

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

STJÓRNARTÍÐINDI B 30 — 1973

Nr. 308. 566 2. nóvember 1973.

REGLUGERÐ

um möskvastærð og útbúnað þorskfiskneta.

1. gr.

Lágmarksstærð möskva þorskfiskneta skal vera slík, að þegar möskvi er teygður horna á milli eftir lengd netsins, komist flöt mælistika, 7 þumlunga (177.8 mm) breið og 2 mm þykk, auðveldlega í gegn, þegar netið er vott.

2. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. skal á tímabilinu 1. júlí til 31. desember vera heimilt að nota þorskfisknet þar sem lágmarksstærð möskva er slík, að þegar möskvi er teygður horna á milli eftir lengd netsins, komist flöt mælistika 5½ þumlunga (139.7 mm) breið og 2 mm þykk auðveldlega í gegn þegar netið er vott.

3. gr.

Við veiðar með þorskfisknetum úr gerviefnum er óheimilt að nota kúluhanka eða önnur flottengsl úr öðru efni en óbikaðri eða ólitaðri sísallínu, sem ekki er gildari en 7 mm að þvermáli.

4. gr.

Öll þorskfisknet skulu tryggilega merkt því skipi, sem notar þau, samkvæmt nánari ákvörðun ráðuneytisins.

5. gr.

Auk almenns eftirlits Landhelgisgæslu með veiðum og veiðarfærum geta sérstakir eftirlitsmenn, sem hafa skulu í fórum sínum persónuskilríki útgefin af ráðuneyti, haft eftirlit með því, að ákvæðum þessarar reglugerðar sé fylgt og skal skipstjóri veiðiskips gera eftirlitsmanni kleift að gera þær athuganir á netum skipsins, sem eftirlitsmaður telur nauðsynlegar, enda valdi eftirlitið sem minnstri truflun og óþægindum.

6. gr.

Eigi ná ákvæði reglugerðar þessarar til fiskveiða í þágu vísindalegra rannsókna.

7. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948 um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins og heimilt er að gera afla og veiðarfæri upptæk til ríkissjóðs. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 1. gr. laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 213 25. júlí 1972 um möskvastærð og útbúnað þorskfiskneta.

Sjávarútvegsráðuneytið, 2. nóvember 1973.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Þórður Ásgeirsson.

Stjórnartíðindi B 30, nr. 308. Útgáfudagur 7. nóvember 1973.

Nr. 310. 568 11. október 1973.

FJALLSKILAREGLUGERÐ

fyrir Eyjafjarðarsýslu.

I. KAFLI
Um stjórn fjallskilamála.

1. gr.

Hreppar Eyjafjarðarsýslu, Akureyri, Ólafsfjörður og Siglufjörður eru eitt fjallskilaumdæmi.

Hver hreppur og kaupstaður innan fjallskilaumdæmisins, er sérstök fjallskiladeild. Sýslunefnd getur heimilað sameiningu tveggja eða fleiri fjallskiladeilda óski viðkomandi sveitarstjórnir eftir sameiningu að undangengnu fundarsamþykki meiri hluta fjallskilaskyldra aðila í hverri eða hvorri fjallskiladeild enda hafi verið boðað til fundarins með dagskrá.

2. gr.

Sýslunefnd hefur á hendi yfirstjórn allra afrétta- og fjallskilamála í fjallskilaumdæminu, en hreppsnefnd eða bæjarstjórn annast stjórn og framkvæmd þeirra í hverri fjallskiladeild.

3. gr.

Að afloknum hverjum sveitarstjórnarkosningum skal sveitarstjórn kjósa mann til þess að hafa á hendi framkvæmd fjallskilamála fjallskiladeildarinnar undir yfirstjórn sveitarstjórnar og nefnist hann fjallskilastjóri.

Þar sem fjallskiladeildir hafa verið sameinaðar, skulu sveitarstjórnirnar kjósa fjallskilastjórann sameiginlega. Fái tveir eða fleiri jafnmörg atkvæði, skal hlutkesti ráða.

Fjallskilastjóri skal sjálfur við aðalrétt í hvert skipti, sem þar er réttað, stjórna sundurdrætti og ráða þar réttarrúmi öllu. Sé hann forfallaður, skal hann tilnefna mann í sinn stað.

Heimilt er sveitarstjórn að fela fjallskilastjóra bókhald allt fjallskilanna vegna og innheimtu á fjallskilagjöldum.

Fjallskilastjóra ber þóknun fyrir störf sín úr hrepps- eða bæjarsjóði.

II. KAFLI
Um bókhald og fjallskilasjóði.

4. gr.

Í hverri fjallskiladeild ber að halda fjallskilabók staðfesta af oddvita sýslunefndar. Í hana skal rita allt það sem máli skiptir um afréttar- og fjallskilamál í deildinni. Þar skal vera skrá yfir allar afréttir innan deildarinnar, lýst merkjum þeirra og tekið fram, hvaða jarðir eiga upprekstur á hverja afrétt svo og hverjir séu afréttareigendur. Þá ber að skrá allar breytingar á afréttum og réttindum yfir þeim.

Eftirrit af skrá þessari ber að senda til oddvita sýslunefndar. Skal hún þar færð í sérstaka bók, sem afréttarskrá heitir og fylgir skjölum sýslunnar. Auk þessa getur sýslunefnd krafist eftirrits af fjallskilabókum að öðru leyti, eftir því sem hún telur þörf á.

5. gr.

Hver fjallskiladeild færir sérstakt bókhald og skal fjallskilareikningur endurskoðaður á sama hátt og sveitarsjóðsreikningur.

Til þess að standast straum af þeim kostnaði, er af fjallskilum leiðir, getur sveitarstjórn stofnað sjóð, sem fjallskilasjóður nefnist. Úr honum skal greiða kostnað við byggingu og viðhald aðalrétta. Um aukaréttir fer eftir ákvörðun sveitarstjórna. Kostnað við smölun og leitir, sem sveitarsjóði annars ber að greiða, þóknun til fjallskilastjóra, svo og öll gjöld önnur, sem af fjallskilum leiða og ekki hefur verið jafnað niður á fjáreigendur sem dagsverkum, skal greiða úr fjallskilasjóði.

Tekjur sjóðsins eru:

a. Niðurjafnað gjald á allt sauðfé og stóðhross í hreppnum.
b. Andvirði óskilafjár.
c. Björgunar- og fundarlaun fyrir fé og hross, sem bjargað er úr ógöngum, eða finnast í aukaeftirleitum samkv. 24. gr. fjallskilasamþykktar og 54. gr. laga um fjallskil.
d. Bætur fyrir gangnarof samkv. 41. gr. fjallskilalaga.
e. Tillag úr sveitarsjóði eftir fyrirmælum sveitarstjórnar og 39. gr. laga um fjallskil.

Reikningur sjóðsins skal endurskoðaður árlega ásamt sveitarsjóðsreikningum og færður inn í fjallskilabók.

III. KAFLI

Um afréttir og notkun þeirra.

6. gr.

Land, sem fjallskilaframkvæmd tekur til, skiptist í afréttir og heimalönd. Þar sem almenningar (óbyggðir) þurfa hreinsunar við, tekur og fjallskilaframkvæmd til þeirra, eftir því sem þörf krefur og nánar er fyrir mælt í lögum um fjallskil og samþykkt þessari.

7. gr.

Heimilt er sveitarstjórnum að gangast fyrir því, hverri í sinni fjallskiladeild, að gerð sé sveitarsamþykkt um, að nota megi heimalönd til upprekstrar enda sé það vilji eigenda. Skal í fjallskilabók skýrt tekið fram, hvar og hver þau lönd séu, og tala fjár þess er á þau má reka. Enginn má nota, né leyfa öðrum, ógirt heimaland sitt til upprekstrar nema það sé heimilað með gildandi sveitarsamþykkt. Þar sem heimalönd hafa verið, eða verða gerð að upprekstrarlandi, og samgirðing aðskilur tún, engi og bithaga frá upprekstrarlandinu, er ábúendum skylt að hafa girðingar fjárheldar, hverjum á sínu landi. Sé það vanrækt fer eftir ákvæðum girðingalaga.

Liggi heimalönd fjallskiladeilda saman, og hagkvæmt þyki að nota þau til upprekstrar í sameiningu, geta hlutaðeigandi sveitarstjórnir gert samþykkt um notkun þeirra á sama hátt og ef ein fjallskiladeild ætti í hlut. Upprekstrarheimalönd ber að skoða sem afréttir, að því er snertir löggöngur að hausti, aðrar en eftirleitir. Samþykktir um upprekstrarheimalönd öðlast því aðeins gildi, að sýslunefnd samþykki þær.

8. gr.

Hve margt afréttarpenings má reka á hverja afrétt fer eftir lögum um fjallskil nr. 42 1969 III. kafla.

9. gr.

Upprekstrarrétt á afrétt hrepps eða annars upprekstrarfélags eiga allir búfjáreigendur, sem landafnot hafa í hreppi eða á félagssvæði.

Um upprekstrarrétt á afréttarland, sem liggur undir einstaka jörð eða stofnun, fer eftir fornri venju eða samningum.

Um afréttargjald til eiganda afréttarlands fer eftir samningi eða, ef samkomulag næst ekki, eftir ákvörðun viðkomandi sveitarstjórnar. Þó getur sá aðili, sem eigi vill una ákvörðun sveitarstjórnar, krafist mats dómskvaddra manna um gjaldhæð. Ákvörðun um afréttargjald, hvort heldur ákveðin er með samningi eða eftir mati, gildir aldrei fyrir lengri tíma en 6 ár í senn.

IV. KAFLI

Um vorsmölun og rekstur til afrétta.

10. gr.

Sveitarstjórn ákveður, hvenær á afrétt skal reka.

11. gr.

Vorsmölun skal gerð á tímabilinu frá 20. júní til 15. júlí ár hvert, eftir nánari fyrirmælum sveitarstjórna. Ber þá öllum bændum, fjáreigendum og öðrum, sem sauðfé hafa í umsjá, hafi þeir ekki undanþágu fengið, skylda til að taka þátt í smöluninni. Ber þá bónda hverjum að smala land sitt allt bæði heimaland og afrétt. En þeir fjáreigendur, sem landlausir eru, leggja til í smölun eftir mati sveitarstjórnar. Þeim afréttareigendum eða umráðamönnum, sem búa í svo mikilli fjarlægð þaðan, að telja má víst að fé þeirra sé ekki runnið þangað fyrir vorsmölun, má sveitarstjórn veita undanþágu frá annarri smölun þar en löggöngum að hausti. Telji sveitarstjórn líkur á, að fé hafi runnið á afréttir þessar, áður en vorsmölun er gerð, ber henni að hlutast til um að þær séu smalaðar á kostnað sveitarsjóðs, en taka má þá gjald af eigendum þess fjár er þar finnst, þó ekki meira en krónur 30.00 fyrir hverja kind aðra en unglamb, og aldrei hærri upphæð en nemur smölunarkostnaði. Hreppsnefnd getur veitt undanþágu frá smölun ákveðinna sérstakra landsvæða.

12. gr.

Að vorsmölun lokinni skal reka allt sauðfé á afrétt eða upprekstrar-heimaland. Heimilt er þó að hafa fé í eyjum og sauðheldum girðingum yfir sumarið. Geti fjáreigandi ekki fengið upprekstrarleyfi, ber honum að leita aðstoðar sveitarstjórnar. Fáist leyfið eigi að heldur, er honum vítalaust að sleppa fé sínu heima.

13. gr.

Hver eigandi eða umráðamaður upprekstrarlands skal tilkynna viðkomandi sveitarstjórn fyrir lok júlímánaðar ár hvert, hverjir noti það og fyrir hve margt fé og hross. Innansveitarmenn skulu sitja fyrir utansveitarmönnum um upprekstur og sýslubúar fyrir utansýslubúum. Aldrei má leyfa upprekstur á utansveitarfé, hrossum eða geldneytum í upprekstrarheimalandi.

V. KAFLI

Um fjallskil að hausti.

14. gr.

Haustgöngur skulu gerðar laugardaginn í 22. viku sumars ár hvert eftir nánari fyrirmælum sveitarstjórnar nema í Öngulsstaðahreppi, þar skulu göngur vera á sama tíma og göngur í aðliggjandi hreppum Suður-Þingeyjarsýslu. Við ákvörðun gangna skal þess ávallt gætt, að þær séu gerðar samtímis á samliggjandi svæðum.

Ganga skal afréttir og upprekstrarheimalönd að minnsta kosti tvisvar á hausti hverju. Gangnadögum má breyta — ef nauðsyn ber til — fyrir eitt haust í senn með samþykki sýslunefndar, enda sé þess gætt, að breytingin nái til þeirra leitarsvæða, er saman liggja, sbr. 45. gr. fjallskilalaga. Tilkynna ber sveitarstjórnum hreppa þeirra, sem kindavon eiga í réttum hreppsins, hvenær gengið verður.

Að göngum loknum ber að gera eftirleit á afréttum eftir því sem sveitarstjórn ákveður. Þá skal og smala heimalönd öll. Meta má smölun heimalanda sem fjallskil að einhverju leyti. Skal þá víðátta landsins höfð til hliðsjónar.

15. gr.

Eigi síðar en hálfum mánuði fyrir göngur, skal sveitarstjórn raða gangnadagsverkum og öðrum áætluðum fjallskilakostnaði niður á fjáreigendur í fjallskiladeildinni og aðra þá er nota þar upprekstrarland á því ári. Raða skal dagsverkunum niður eftir fjártölu. Leggja skal jafnmargar kindur í dagsverk hjá öllum fjáreigendum, hvort sem þeir eiga margt eða fátt. Sé um eyðijarðir að ræða, eða jarðir, þar sem ekki er sauðfjárhald, skal heimilt að leggja fjallskil á eigendur eftir landsverði jarða. Þá skal og tilnefna réttarstjóra við aukaréttir, úrtíningsmenn í réttir innan hrepps og utan og gangnaforingja fyrir gangnasvæði fjallskiladeildarinnar. Enginn getur skorast undan að vera gangnaforingi nema hann sé ófær til þess sakir elli eða heilsuleysis.

16. gr.

Noti fjáreigandi upprekstur á utansveitarafrétt eða innan fjallskilaumdæmisins, ber honum að gera þar fjallskil eftir þeim fjárfjölda, er hann hefur í afréttina rekið og samkvæmt þeim reglum er þar gilda. Þó hefur sveitarstjórn þess hrepps, sem hann býr í, rétt til að leggja á hann dagsverk í heimasveitinni, en þó aðeins það, sem á kann að vanta, og hann hafi hlutfallslega jafna fjallskilaskyldu og sveitungar hans aðrir. Noti fjáreigandi afrétt utan fjallskilaumdæmis síns og geri þar fjallskil, má leggja á hann fjallskiladagsverk í heimasveitinni eftir sömu reglu.

17. gr.

Hver fjáreigandi er skyldur til að gera þau fjallskil, sem sveitarstjórn leggur á hann og eru í samræmi við fjallskil þau, sem öðrum sveitarbúum er gert að leysa af hendi. Bágstöddum einyrkjum má veita undanþágu frá fjallskilum, að einhverju eða öllu leyti, einnig þeim, sem hafa fé sitt í eyjum eða sauðheldum girðingum sumarlangt samkv. 12. gr.

18. gr.

Sveitarstjórnir skipa fjallskiladeildum í gangnasvæði og ákveða hvernig göngum skuli hagað, og hvað gangnamenn séu margir í hverjum göngum. Skal skrá það í fjallskilabók.

19. gr.

Gangnaforingjar skulu vera sjálfir í göngum, nema gild forföll hindri, ber þeim þá að setja fullgilda menn í staðinn. Gangnaforingi sker úr um það, hverjir séu fullgildir gangnamenn. Óhlýðnist gangnamaður gangnaforingja eða sýni hirðuleysi, telst það, sem gangnarof, og varðar sömu viðurlögum og vanræksla á að inna af hendi fjallskil. Gangnaforingjum ber skylda til, að tilkynna fjallskilastjóra um gangnarof. Sá, sem mætir ekki í göngum, á þeim stað og tíma, þar sem hann hefur verið skipaður og tilkynnir gangnaforingja ekki forföll, svo unnt sé að fá mann í hans stað, skal greiða fyrir gangnarof sem svarar einu og hálfu gangnadagsverki eins og það er metið á hverjum tíma, eftir ákvörðun sveitarstjórnar.

20. gr.

Gangnaforingjar skulu sjá um að fjallsöfn séu rekin tafarlaust til rétta. Telst það gangnarof ef gangnamaður yfirgefur safnið fyrr en í rétt er rekið, þó að smölun sé lokið. Leyfa má sveitarstjórn að fjallsöfn séu rekin í heimaréttir til sundurdráttar í seinni göngum, ef gangnaforingi ábyrgist úrtíning til skilaréttar.

21. gr.

Ef grunur leikur á, að fé sé enn á afréttum eftir að eftirleit hefur verið gerð, skal fjallskilastjóri sjá um, að eftir því sé leitað svo fljótt sem kostur er. Skulu eigendur þess fjár, er þá kann að finnast, greiða smölunarlaun, sem nemi hálfum smölunarkostnaði, þó aldrei hærri upphæð en sem nemur hálfu verði fjárins eftir mati hreppsnefndar þess hrepps, er land það liggur í, þar sem féð fannst. Það, sem þá kann að vanta á, að smölunarkostnaður sé greiddur að fullu, greiðist úr fjallskilasjóði eða sveitarsjóði þess hrepps, sem eigandi fjársins á heima í.

22. gr.

Nú liggja öræfi, þar sem fjárvon kann að vera, að afréttum eða öðrum sumargöngulöndum, og skal þá sýslunefnd hlutast til um, að þau séu leituð að minnsta kosti einu sinni á hausti. Fé, sem finnst í öræfaleitum, má sveitarstjórn láta lóga.

23. gr.

Sveitarstjórn skal sjá um, að eftir réttir á haustum, séu öll heimalönd rækilega smöluð samtímis svo oft sem þurfa þykir, og að afbæjarfé komist til réttra eigenda.

Skyldur er hver bóndi að hirða kindur, sem finnast í heimalandi hans, eftir að fjallskilum er lokið. Sé það innansveitarfé, ber honum að tilkynna eigendum það. Annars skal tilkynna sveitarstjórn. Kostnað við tilkynningu og geymslu fjárins ber eigendum þess að greiða.

24. gr.

Nú verður fjár vart í ógöngum og er þeim þá skylt, er sér, að tilkynna það oddvita viðkomandi sveitarfélags. Skal hann þá leitast við að fá færa menn til að bjarga fénu, ef fært þykir. Sé björgun óframkvæmanleg eða of hættuleg að dómi björgunarmanns eða aðstæður það örðugar, að tvöfalt verð fjárins hökkvi ekki fyrir björgunarkostnaði, er skylt að skjóta féð, sé það unnt. Takist björgun kinda úr slíkum ógöngum, greiðir eigandi kindar hálft verð hennar fyrir björgun, en sveitarsjóður, þar sem eigandi er heimilisfastur, hinn hluta kostnaðar. Náist kind eða kindur hins vegar ekki lifandi, skal sýslusjóður bera kostnað vegna tilraunarinnar, enda samþykki sýslumaður reikninga.

VI. KAFLI

Um réttir og réttahald.

25. gr.

Sveitarstjórn ber að sjá um, að til séu á hverjum réttarstað hæfilega stór fjárrétt og nægilegt dilkrými við hverja rétt, svo og að réttinni sé vel við haldið.

Réttir í fjallskiladeildum skulu vera:

Í Öngulsstaðahreppi: Aðalrétt: Þverárrétt. Aukarétt: Munkaþverárrétt.

Í Saurbæjarhreppi: Aðalrétt: Borgarrétt. Aukaréttir: Möðruvallarétt, Sundarétt, Vatnsendarétt, Jórunnarstaðarétt, Ystagerðisrétt.

Í Hrafnagilshreppi: Aðalrétt: Reykárrétt. Aukarétt: Hraungerðisrétt.

Í Glæsibæjarhreppi: Aðalrétt: Þórustaðarétt. Aukaréttir: Skógum, Bægisá.

Í Öxnadalshreppi: Aðalrétt: Þverárrétt. Aukarétt: Gloppurétt.

Í Skriðuhreppi: Aðalrétt: Melarétt. Aukaréttir: Þorvaldsdalsrétt, Saurbæjarrétt.

Í Arnarneshreppi: Aðalrétt: Reistarárrétt.
Í Árskógshreppi: Aðalrétt: Árskógsrétt.
Í Svarfaðardalshreppi: Aðalrétt: Tungurétt. Aukaréttir: Grundarrétt, Skeiðsrétt.
Á Akureyri: Aðalrétt: Miðhúsarétt. Aukarétt: Glerárrétt.
Á Dalvík: Aðalrétt: Dalvíkurrétt.
Á Ólafsfirði: Aðalrétt: Reykjarétt.
Á Siglufirði: Aðalrétt: Siglufjarðarrétt. Aukaréttir: Héðinsfjarðarrétt, Siglunesrétt, Úlfsdalarétt.

Tilfærsla á rétt, bygging nýrrar, svo og niðurfelling réttar skal skráð í fjallskilabók.

26. gr.

Hver aukarétt heyrir undir aðalrétt sömu fjallskiladeildar. Réttað skal jafnan í aukarétt degi fyrr en sundurdráttur er að aðalrétt. Úrtíningsfé úr aukaréttum skal rekið eða flutt til aðalréttar af mönnum, sem sveitarstjórn hefur til þess kvatt. Þar skulu þeir starfa að sundurdrætti, og síðan reka eða flytja fé, sem upp hefur verið dregið, til aukaréttar, þar sem eigendur fjárins búa næst. Enginn má reka fé frá aðalrétt fyrr en úrtíningur hefur verið að fullu sundur dreginn, nema fjallskilastjóri leyfi.

27. gr.

Sundurdráttur að aðalrétt skal hafinn svo snemma dags, sem unnt er. Draga skal eftir markaskrám, eftir því, sem þörf krefur. Hreppstjóri tilnefnir 2 menn í markadóm. Markadómur sker úr um vafamörk. Verði markadómsmenn ósammála sker hreppstjóri úr. Úrskurði markadóms verður ekki hrundið. Með ómerkinga og annan óskilapening skal farið samkvæmt VIII. kafla fjallaskilalaga.

VII. KAFLI
Um markaskrá.

28. gr.

Markaskrá skal vera í þremur köflum. **1. kafli:** Eyrnamörk í töluröð eftir stafrófi. Brennimörk eyrnamarkseiganda sé prentað aftan við eyrnamarkið, þó eigi nema við eitt eyrnamark, eigi markeigandi fleiri mörk. Þar afturundan í sömu línu komi nafn markeiganda, heimili, hreppsnúmer og bæjarnúmer. Kaupstaðir skulu merktir með fyrsta staf í nafni. **2. kafli:** Brennimörk eftir stafrófsröð, og nöfn markeigenda aftan við. **3. kafli:** Mannanafnaskrá eftir stafrófsröð með heimilisfangi, hreppsnúmeri og marknúmeri hvers eins markeiganda við nafn hans.

VIII. KAFLI
Um stóðhross.

29. gr.

Stóðhross öll ber að reka til afréttar, eftir því sem sveitarstjórn ákveður. Þó mega veturgömul trippi, sem ganga undir tömdum mæðrum sínum, vera í heimahögum sumarlangt, svo og stóðhross öll önnur, séu þau geymd í traustum gripheldum girðingum. Eigendur og umráðamenn afrétta þeirra, þar sem stóðhross ganga, eru skyldir til að greiða allan kostnað við fyrirstöðu vegna hrossanna. En bóndi sá, er næstur býr afrétt, hefur bæði rétt og skyldu til þess að hafa fyrirstöðuna á hendi. Náist ekki samkomulag um fyrirstöðugjaldið sker sveitarstjórn úr.

30. gr.

Gangi hross úr afrétt í heimalönd, geta þeir, sem fyrir áganginum verða, tekið þau í vörslu. Jafnframt skulu þeir samdægurs tilkynna fjallskilastjóra og eiganda, sé

þess kostur, um töku þeirra. Fjallskilastjóra ber skylda til, að sjá um að hrossin séu rekin á ný til afréttar og viðkomandi bónda greiddar hæfilegar bætur fyrir átroðninginn, að dómi sveitarstjórnar. Eigendur hrossanna skulu bótaskyldir fyrir öllum kostnaði sem af áganginum hlýst.

31. gr.

Á vetrum ber eigendum og umráðamönnum hrossa skylda til að sjá um, að þau gangi ekki á lönd annarra manna, og eru þeir ábyrgir fyrir tjóni og kostnaði, er af því kann að leiða, eftir mati tveggja manna, er hreppstjóri tilnefnir.

32. gr.

Gangi stóðhross af utansýsluafréttum á afréttir eða heimalönd sýslunnar, getur hreppsnefnd sú, sem hlut á að máli, kært yfir því til oddvita sýslunefndar. Ber honum þá að leita samninga við nágrannasýsluna um að áganginum verði aflétt. Náist ekki samningur þar um, eða sé hann brotinn, má taka ágangshrossin í hald hvenær sem er, og fara með þau samkvæmt ákvæðum 56. gr. í fjallskilalögum.

33. gr.

Hreppsnefndum ber að láta smala öllum stóðhrossum af afréttum og heimalöndum til rétta fyrir lok októbermánaðar ár hvert. Skulu þau dregin þar í sundur. Óskilahross, sem þá koma fyrir, skal fara með samkvæmt ákvæðum VIII. kafla fjallskilalaga.

IX. KAFLI

Almenn ákvæði.

34. gr.

Um fjármörk og merkingar á búfé fer eftir IX. kafla laga nr. 42 1969 um fjallskil.

35. gr.

Sýslunefnd sker úr öllum ágreiningi sveitarstjórna út af fjallskilamálum Enn fremur geta einstakir menn komið sér saman um að leggja þess háttar mál fyrir sýslunefnd og úrskurð hennar.

36. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum frá kr. 5 000.00 til kr. 50 000.00, og skal fara með mál út af þeim að hætti opinberra mála.

37. gr.

Með reglugerð þessari er numin úr gildi fjallskilareglugerð fyrir Eyjafjarðarsýslu nr. 90 frá 12. júlí 1956 ásamt síðari breytingum.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 42 12. maí 1969, um afréttarmálefni, fjallskil o. fl.

Landbúnaðarráðuneytið, 11. október 1973.

Halldór E. Sigurðsson.

Ragnheiður Árnadóttir.

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Hvammstanga í Vestur-Húnavatnssýslu.

I. KAFLI

Takmörk hafnarinnar.

1. gr.

Hvammstangahöfn takmarkast að norðan af línu, er hugsast dregin beint í vestur á mörkum Hvammstangahrepps og Kirkjuhvammshrepps að norðan. Að sunnan af línu, er hugsast dregin beint í vestur úr Vallahöfða. Að vestan takmarkast höfnin af línu, er hugsast dregin úr norður í suðurtakmarkalínu hafnarinnar á miðjum Miðfirði. Að austan af strandlengjunni fyrir landi Hvammstangahrepps.

II. KAFLI

Stjórn hafnarinnar og rekstur.

2. gr.

Hreppsnefnd Hvammstangahrepps hefur á hendi stjórn og rekstur hafnarinnar undir yfirstjórn þess ráðuneytis, sem fer með hafnamál.

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni skal fela hafnarnefnd.

Hreppsnefnd kýs á fyrsta fundi sínum 3 manna hafnarnefnd og jafnmarga til vara.

Hafnarnefnd kýs sér sjálf formann og skiptir með sér verkum.

Kjörtímabil nefndarinnar er 4 ár.

Hafnarnefndarformaður boðar til funda í hafnarnefnd og stýrir þeim.

Skrifstofa Hvammstangahrepps sér um skrifstofuhald, fjármál og reikningsskil hafnarinnar.

3. gr.

Hreppsnefnd skipar hafnarvörð eða umsjónarmann, og aðra fasta starfsmenn eftir tillögum hafnarnefndar og setur þeim erindisbréf, þar sem m. a. verksvið þeirra er ákveðið.

Daglegan rekstur, framkvæmdir, eftirlit og umsjón annast hafnarvörður í samráði við hafnarnefnd.

III. KAFLI

Um almenna reglu á höfninni og hafnarsvæðinu.

4. gr.

Skip telst í reglugerð þessari hvert fljótandi far.

5. gr.

Sérhver skipstjóri, sem á skipi sínu kemur í höfnina, að bryggju eða að hafnarbakka, skal gæta fyllsta öryggis í allri umferð á höfninni. Hann skal vera kunnugur ákvæðum reglugerðar hafnarinnar, svo og skipshöfn hans öll. Eintak af hafnarreglugerð fæst afhent í skrifstofu hreppsins án endurgjalds.

6. gr.

Hafnarvörður sér um að gætt sé reglu á höfninni og á landi hennar. Er öllum skylt að hlýða boði hans og banni, svo og þeirra manna, er settir eru til að gæta reglu. Þyki einhverjum sér óréttur ger af starfsmönnum hafnarinnar getur hann kært fyrir hafnarstjórn, en skipun starfsmannsins ber að hlýða þegar í stað.

Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisi í starfi sínu.

7. gr.

Þeim, sem ekkert lögmætt erindi eiga, er óheimilt að dvelja á landi hafnarinnar, tálmi þeir með því fermingu eða affermingu eða önnur störf, sem þar eru unnin. Banna má ónauðsynlegan akstur hvers kyns ökutækja um bryggjur og hafnarbakka.

8. gr.

Skylt er að gæta ýtrustu varúðar í meðferð opins elds og óbyrgðra ljósa í skipum á höfninni, sem flytja eldfim efni, og efni sem sprengihætta starfar af. Hið sama gildir um tóbaksreykingar og ber, ef þurfa þykir, að banna þær á þeim stöðum, þar sem um eldhættu eða sprengihættu gæti verið að ræða.

9. gr.

Ekki má kasta í höfnina, hvorki frá skipum né hafnarbakka eða bryggjum, kjölfestu, ösku, dauðum fiski, fiskúrgangi, veiðarfærum, trossum, vírum, matarleifum, umbúðum, eða neins konar rusli. Allt þess háttar skal flutt á þann stað, sem hafnarvörður vísar til.

Ekki má láta olíur eða vatn mengað olíu renna í höfnina. Þegar olía er látin í skip eða losuð úr því, skal þess ætíð gætt, að ekkert af henni renni í höfnina, á hafnarmannvirki eða á þilfar skipsins.

IV. KAFLI

Um legu skipa í höfninni og afgreiðslu þeirra.

10. gr.

Þegar skip leitar hafnar, skal skipstjóri eða umboðsmaður skipsins tafarlaust snúa sér til hafnarvarðar, er vísar honum á legustað fyrir skipið.

Leggist skipið við hafnarmannvirki, skulu landfestar bundnar, þar sem starfsmenn hafnarinnar segja til um.

11. gr.

Ef sjúkdómar eru á skipinu eða ástæða þykir til að ætla að sótthætta geti stafað af því, ber hafnarverði að sjá um að fylgt sé þeim reglum, sem settar eru í lögum um varnir gegn því að næmir sjúkdómar berist til Íslands.

12. gr.

Skip, sem ekki er verið að ferma eða afferma, eða ekki er unnið við, mega aldrei liggja þannig á höfninni að þau tálmi vinnu við önnur skip og skal skylt að hlýða boðum starfsmanna hafnarinnar um það, hvert þau skuli flutt. Ef ekki er orðið við boðum starfsmanna hafnarinnar í þessum efnum er heimilt að færa skipið á kostnað eiganda.

Brottfarartíma skips skal skipstjóri tilkynna hafnaryfirvöldum með minnst tveggja tíma fyrirvara.

13. gr.

Sé nauðsynlegt talið að skipum, sem fermd eru eða affermd, sé lagt hverju við hliðina á öðru, er heimilt að flytja farm þeirra skipa, er utar liggja yfir þilfar hinna. Skipshöfn og farþegum þeirra skipa, sem utar liggja, er einnig heimil nauðsynleg umferð um þilför þeirra skipa, er nær liggja.

14. gr.

Í sérhverju skipi, sem ekki hefur leyfi hafnarvarðar til að liggja mannlaust á höfninni, skal jafnan vera a. m. k. einn maður, er getur tekið við fyrirskipunum frá starfsmönnum hafnarinnar og framkvæmt þær í samræmi við það, sem reglugerð þessi býður.

15. gr.

Eigi má festa skipum við hafnarbakka eða bryggjur nema við festihringa eða festarstólpa, að tilvísan hafnarvarðar. Séu landfestar úr járni, skulu þær vera klæddar, þar sem þær hvíla á hafnarbakkanum eða bryggjunni. Festum skal þannig komið fyrir, að þær hindri sem minnst umferð á bryggju eða hafnarbakka og skulu festar auðkenndar með veifum eða öðrum varúðarmerkjum. Þyki hafnarverði þessa ekki nægilega gætt, getur hann krafist þess að bætt sé úr því tafarlaust.

Skylt er að hafa hlífar milli skips og hafnarbakka eða bryggju, óski hafnarvörður þess.

16. gr.

Skip mega ekki láta vélarnar ganga af svo miklu afli, að öðrum skipum eða hafnarmannvirkjum stafi af því hætta.

17. gr.

Ekki má kræka hökum í bryggjur eða hafnarbakka. Ekki mega skip hleypa vatni á bryggju eða hafnarbakka, hvorki við þvott á þilfari né heldur, er þau hleypa burt vatni á annan hátt. Búa skal svo um með hlífum, að vatnið fari beint í höfnina.

18. gr.

Ef skip lendir á grynningum og sekkur þar sem það, að áliti hafnarnefndar, tálmar greiðri notkun hafnarinnar eða umferð um hafnarsvæðið, skal fjarlægja það svo fljótt, sem við verður komið. Verði dráttur á því, má hafnarvörður láta færa skipið burt á kostnað eigenda og er honum, ef nauðsyn krefur, heimilt að láta selja skipið til lúkningar kostnaðinum.

19. gr.

Áður en kjölfesta er flutt á skip eða úr skipi, skal hafnarverði gert viðvart og ákveður hann þá hvar losun eða lestun kjölfestunnar fer fram.

Við losun eða lestun á kjölfestu, sandi kolum eða öðru þess háttar, er skylt að hafa nægilega tryggar hlífar á milli skipsins og hafnarbakkans, bryggjunnar eða bátanna, að ekkert falli fyrir borð. Sé þess eigi gætt getur hafnarvörður stöðvað verkið uns umbætur hafa farið fram.

Skipstjóri skal sjá um að kjölfesta sú, sem flutt hefur verið á land úr skipi hans, sé þegar í stað flutt burt af löndunarstaðnum þangað, sem hafnarvörður vísar til.

20. gr.

Þegar lokið er fermingu eða affermingu skal eigandi skips láta hreinsa bryggju þá eða hafnarbakka, sem notuð hafa verið, sé þess talin þörf. Farist það fyrir, skal hafnarvörður sjá um að það sé gert, en eigandi skips greiði þann kostnað, er af því leiðir.

V. KAFLI

Um skip, sem lagt er í lægi.

21. gr.

Skipi má leggja í lægi á höfninni með sérstöku leyfi hafnarnefndar, sé það gert undir umsjá hafnarvarðar, sem ákveður legustaðinn, legufærin og fyrirkomulag allt, er varðar lagningu skipsins.

22. gr.

Meðan skip liggur mannlaust í lægi á höfninni, skal ekki sjaldnar en á eins mánaðar fresti fara út í það til að líta eftir hvort legufæri eða annað hefur farið úr lagi eða bilað. Ef svo reynist, skal lagfæra það svo fljótt sem auðið er.

Leyfi hafnarnefndar til að leggja skipi í lægi, er bundið því skilyrði, að ef skipið sekkur láti eigandi þess taka það upp eða sprengja það sundur, svo það skemmi ekki höfnina. Sé því ekki fullnægt innan tiltekins frests, getur hafnarnefnd látið framkvæma verkið á kostnað eiganda.

23. gr.

Heimilt er að leggja skipi í lægi á höfninni, þó það sé mannlaust, sé það svo þétt, að áliti hafnarnefndar, sem getur framkvæmt eða látið framkvæma á því rannsókn á kostnað eiganda, að ekki stafi af því nein hætta.

Á skipum þessum skal tendrað ljós samkvæmt reglum þeim, sem settar eru í alþjóðasjóferðareglum um skip, er liggja fyrir akkeri.

Áður en skipstjóri fer af skipinu skal hann tilkynna hafnarverði skriflega um umsjónarmann, búsettan í því lögsagnarumdæmi, sem höfnin er í, sem skal hafa umsjón skipsins á hendi og skal skipstjóri ganga úr skugga um, að hafnarvörður sé samþykkur útnefningu umsjónarmannsins. Hafnarnefnd getur krafist, ef henni finnst ástæða til, að umsjónarmaður hafi skipstjórnaréttindi, og hafi búsetu það nálægt hafnarsvæðinu, að auðvelt sé að ná til hans í tæka tíð er færa þarf skipið, eða til annarra þeirra aðgerða, er skipið snerta.

Hafnarvörður beinir til umsjónarmanns öllum þeim fyrirskipunum er skipið verða, en umsjónarmaður annað hvort framkvæmir fyrirskipanir hafnarvarðar eða sér um að þær séu framkvæmdar. Verði dráttur á því, skal hafnarvörður láta framkvæma verkið á kostnað skipseiganda.

VI. KAFLI

Um fermingu og affermingu eldfimra vökva og sprengiefna.

24. gr.

Skip, sem flytja eldfim efni, svo sem steinolíu, bensín, aceton, terpentínu, eða aðra álíka eldfima vökva, sprengiefni, svo sem púður, dynamit, geomit eða þess konar efni, mega ekki fara inn á höfnina fyrr en tilkynnt hefur verið um farm til hafnarstjóra og afferming leyfð undir eftirliti, ef til þess þykir ástæða. Um útskipun á sams konar farmi gilda sömu varúðarreglur.

25. gr.

Skip, sem hafa meðferðis þau efni, sem nefnd eru í næstu grein hér á undan, skulu, er þau koma inn á höfnina með þess konar farm, hafa á framsiglutoppi alþjóðlegt merkjaflagg með bókstafnum „B“, að degi til en að næturlagi rautt ljós í þess stað. Merki skal hafa upp svo lengi, sem skipið er í höfn og um hættu getur verið að ræða. Skip, sem ekki hafa framsiglu, skulu í þess stað reisa a. m. k. þriggja metra háa stöng, sem flagginu skal komið fyrir á.

VII. KAFLI

Um gjöld til hafnarinnar.

26. gr.

Öll skip skulu greiða hafnargjöld til hafnarsjóðs, er þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar.

Öll gjöld til hafnarinnar greiðast af brúttóstærð skipsins eins og hún er mest, meðan skipið hefur viðdvöl í höfninni. Undanþegin lestagjaldi og bryggjugjaldi eru herskip, skemmtiferðaskip, íslensk vitaskip og varðskip.

Lestagjöld.

27. gr.

a. Öll farmskip, önnur en strandferðaskip, og öll fiskiskip, stærri en eða jafnt og 400 brúttórúmlestir, skulu greiða lestagjald, kr. 3.00 á brúttórúmlest.
b. Strandferðaskip greiða kr. 1.50 á brúttórúmlest.
c. Fiskiskip undir 400 brúttórúmlestum greiða kr. 3.00 á brúttórúmlest, þó ekki oftar en tvisvar í mánuði.
d. Heimabátar, minni en 10 brúttórúmlestir, greiða lesta- og bryggjugjald einu sinni á ári, kr. 200.00 af hverri brúttórúmlest.

Lágmarksgjald skal vera kr. 1 000.00. Gjalddagi er 1. apríl, eftir að skipið hefur verið gert út frá höfninni í 3 mánuði.

Hafi skipið legið á höfninni 30 daga samfleytt, skal greiða lestagjald að nýju fyrir næsta 30 daga tímabil. Hafi skipið verið tekið á land til viðgerðar, telst sá tími ekki með, sem skipið stóð uppi.

Bryggjugjöld.

28. gr.

Öll skip, sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skulu greiða kr. 1.50 á brúttórúmlest fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem skipið liggur bundið.

Fiskiskip 10—399 brúttórúmlestir, greiði gjald þetta eigi oftar en 10 sinnum á mánuði, en bátar minni en 10 brúttórúmlestir, greiði ekkert bryggjugjald.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum, minni en 400 brúttórúmlestir, sem árgjald í heimahöfn, kr. 162.00 af hverri brúttórúmlest.

29. gr.

Hafi skip mælingarbréf með tilgreindum tveim stærðum, skal miða hafnargjald við stærri stærð skipsins meðan það var í höfninni, með hliðsjón af hleðslu (mælingarmerki).

Vörugjöld.

30. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum og skepnum, lifandi og dauðum, sem skipað er út og upp á hafnarsvæðinu, með þeim undantekningum, sem síðar getur.

31. gr.

Fyrir vörur, sem í farmskrá skips eru ákveðnar til umhleðslu og eiga ekki að leggjast á land nema um stundarsakir, greiðist aðeins hálft gjald. Af vörum, sem settar eru á land og eiga að fara aftur með sama skipi, greiðist ekkert gjald.

32. gr.

Þessar vörur eru algerlega undanþegnar vörugjaldi:

a. Vörur, sem lagðar eru á land um stundarsakir vegna skemmda á skipi.
b. Kol, olía, vistir og aðrar nauðsynjar skipa til eigin notkunar, sem fluttar eru úr landi. Enn fremur salt og ís, sem flutt er úr landi í íslensk skip til eigin notkunar.
c. Umbúðir, sem endursendar eru, enda sé þess getið á farmskrá.
d. Bréfapóstur og farangur ferðamanna.

33. gr.

Vörugjald skal reikna eftir máli eða þyngd með umbúðum. Brot úr gjaldeiningu, sem nemur helmingi eða meira, telst heil gjaldeining. Fara skal eftir farmskrá

skips við ákvörðun og útreikning vörugjalds. Skipstjóri er skyldur til að láta hafnarstjóra í té eftirrit af farmskrá skips síns. Sé engin farmskrá fyrir hendi, skal skipstjóri gefa drengskaparvottorð um vörumagn, sem skip hans hefur fermt eða affermt. Þyki hafnarstjórn ástæða til, getur hún, hvenær sem er, látið ákveða vörumagnið á þann hátt, sem hún telur hentugast. Reynist vörumagnið meira en upp var gefið greiðir skipið kostnaðinn. Ef ýmsar vörutegundir eru í sömu sendingu og beri farmskrá ekki með sér greinilega sundurliðun í tegundir, skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund, sem hæst vörugjald ber.

34. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því, sem vörugjaldskrá segir til um, og greiða gjald, sem þar segir. Minnsta vörugjald skal vera kr. 20.00. Leiki vafi á í hvaða flokki skuli telja vöru, skal hafnarstjóri skera úr um það, en úrskurði hans má áfrýja til hafnarstjórnar.

Vörugjaldskrá.

35. gr.

1. fl.: Gjald kr. 70.00/tonn:

a. Vara flutt í lausu máli í miklu magni, meira en 100 tonn í farmi, t. d. bensín, brennsluolíur, kol, korn, salt, vikur.

b. Þungavarningur, sekkjavörur, óunnið járn og stál til iðnaðar eða mannvirkjagerðar, hráefni til iðnaðar, útgerðarvörur, smurningsolíur, sjávarafurðir, landbúnaðarafurðir, og iðnaðarvörur til útflutnings.

2. fl.: Gjald kr. 150.00/tonn:

Iðnaðar- og byggingarvörur, unnar og hálfunnar, pökkuð og niðursoðin matvæli, ávextir, vefnaðarvörur, fatnaður.

3. fl.: Gjald kr. 400/tonn:

a. Vélar og tæki hvers konar og varahlutir til þeirra, heimilisvélar og skrifstofuvélar, bifreiðar, bifhjól, reiðhjól, hjólbarðar, bátar, flugvélar, hreyflar, mælitæki, húsgögn. Útvarps- og sjónvarpstæki, hljóðfæri, úr, klukkur, myndavélar, sjónaukar, glysvarningur alls konar, vín, tóbak, ilmvötn, snyrtivörur.

Af flutningi vinnutækja innanlands skal veita allt að 50% afslátt.

b. Vörur, sem ekki verða flokkaðar annars staðar, eftir þyngd.

4. fl.: Gjald kr. 40.00/rúmmeter:

Timbur og annað eftir rúmmáli.

5. fl.: Gjald 1%:

Sjávarafli, lagður á land á hafnarsvæðinu, til vinnslu eða brottflutnings. Gjaldið reiknast af heildarverðmæti aflans. Kaupanda aflans ber að afhenda hafnarstjóra skýrslu um keyptan afla mánaðarlega, t. d. afrit af aflaskýrslu til Fiskifélags Íslands. Aflagjald fellur í gjalddaga, um leið og afla er landað. Kaupandi aflans innheimtir gjaldið hjá seljanda og er ábyrgur fyrir því til hafnarsjóðs, þótt hann vanræki innheimtu þess. Standa ber skil á greiðslu aflagjalds eigi sjaldnar en mánaðarlega.

Lágmarksgjald í öllum flokkum er kr. 20.00.

Ýmis gjöld.

36. gr.

a. Lóða- og geymslugjöld fyrir vörur, sem geymdar eru í húsum hafnarinnar eða á lóðum hennar, skal greiða eftir ákvörðun hafnarnefndar.

b. Leigugjald fyrir lóðir og land hafnarinnar, hús verbúðir og athafnasvæði, sem leigt er einstaklingum eða fyrirtækjum um lengri tíma, skal greiða samkvæmt

sérstökum samningi milli leigutaka og hafnarnefndar, sem ráðuneytið síðan fullgildir.

c. Leigugjald fyrir notkun á tækjum og áhöldum hafnarinnar, þar með talin legufæri (múrningar) skal greiða eftir ákvörðun hafnarnefndar með hliðsjón af leigugjöldum slíkra áhalda eða tækja eins og það gerist á almennum markaði.

d. Af bryggjum og öðrum hafnarmannvirkjum, sem einstaklingar eða félög eiga eða kunna að eignast skal greiða gjald, sem ákveðið er með samningi milli eiganda mannvirkis og hafnarnefndar, sem ráðuneytið síðan fullgildir.

e. Vatn til skipa greiðist með kr. 40.00 fyrir hvern rúmmeter.

f. Önnur þjónusta, sem höfnin kann að láta skipum eða öðrum aðilum í té og ekki er talin falla undir þau gjöld, sem hér eru að framan talin, skal greiða samkvæmt reikningi frá hafnarnefnd.

VIII. KAFLI
Um innheimtu og greiðslu gjalda.

37. gr.

Skrifstofa hreppsins sér um innheimtu og greiðslu gjalda og skal greiða gjöldin þar.

38. gr.

Skipstjóri eða eigandi skips eru ábyrgir fyrir skilvísri greiðslu þeirra gjalda, sem greiða ber vegna skipsins.

Skipstjóra er skylt að afhenda hafnarstjórn þjóðernis- og skrásetningarskírteini skipsins, sé þess krafist og hefur hafnarsjóður haldsrétt yfir skipum, uns gjöldin eru greidd.

39. gr.

Að svo miklu leyti, sem reglugerð þessi kveður ekki á um fasta gjalddaga, skal greiða gjöldin áður en skip fer burt úr höfninni. Enginn skipstjóri getur vænst þess að fá afgreiðslu fyrir skip sitt hjá tollyfirvöldum, nema hann sanni með vottorði frá hafnarstjórn, að hann hafi greitt gjöld sín til hafnarinnar.

40. gr.

Vörugjöld og leigu fyrir lóðir og geymsluhús, samkvæmt 39. grein, greiðir móttakandi af vörum, sem koma til hafnarinnar og sendandi af vörum, sem fluttar eru úr höfninni. Ef margir eiga vörur með sama skipi, skal afgreiðslumaður skipsins standa hafnarsjóði skil á greiðslunni. Hafi skip ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað, greiðir sá vörugjald, sem affermir.

Vörugjald af vörum, sem koma til hafnarinnar, fellur í gjalddaga, þegar þær eru lagðar á land og vörugjald af vörum, sem fluttar eru úr höfninni fellur í gjalddaga, þegar vörurnar eru komnar í skip. Skipstjóra og afgreiðslumanni skips er óheimilt að afhenda vörurnar fyrr en gjaldið er greitt. Hafnarsjóður hefur haldsrétt á vörum til tryggingar á greiðslu gjaldsins.

41. gr.

Leigu af lóðum og húsum hafnarinnar, skv. 40. gr., svo og afnot af áhöldum hafnarinnar skv. 36. grein, greiðir leigutaki samkvæmt ákvörðun samnings.

42. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari má taka lögtaki og hafa þau forgangsrétt sem önnur opinber gjöld, sbr. 83. gr. b., tölulið 3, skiptalaganna. Auk þess eru skipa-

gjöldin tryggð með lögveði í skipinu og gengur það veð í tvö ár fyrir samningsveðskuldum.

Skipagjöld teljast í reglugerð þessari öll þau gjöld, sem skipi ber að greiða til hafnarinnar, svo sem lestagjald, bryggjugjald og hafnsögugjald, svo og hvers konar aðstoð, sem skipinu er í té látin af hafnarinnar hálfu.

IX. KAFLI
Ýmis ákvæði.

43. gr.

Þeir munir eða vörur, sem skipað er upp eða láta á í skip, mega ekki liggja á bryggju eða hafnarbakka og eigi annars staðar á landi hafnarinnar en á þeim stöðum, sem ætlaðir eru til geymslu, nema með sérstöku leyfi hafnarvarðar. Flytja skal burt muni og vörur jafnskjótt og hafnarvörður krefst þess. Sé það eigi gert, getur hafnarvörður gert það á kostnað og ábyrgð eiganda eða umboðsmanns.

44. gr.

Um skaðabótaskyldu vegna skemmda á höfninni, mannvirkjum hennar, tækjum og útbúnaði, eftir almennum reglum.

Ef samningum verður ekki við komið um skaðabætur, má ákveða þær af 2 óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það áður en 1 mánuður er liðinn frá því að matsgerð er lokið. Yfirmat skal framkvæmt af 3 óvilhöllum dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmat greiðir sá, sem krafðist yfirmats, ef það gengur ekki honum í vil. Að öðrum kosti greiðir hinn aðilinn kostnaðinn.

45. gr.

Engum, sem bakað hefur sér refsingu eða skaðabótaskyldu fyrir brot á reglugerð þessari, heimilast að fara burt úr höfninni meðan mál hans er óútkljáð, nema hann setji tryggingu, sem hafnarstjóri tekur gilda.

46. gr.

Hverja þá skipun, sem samkvæmt þessari reglugerð heimilast að gefa forráðamönnum skips, skal gefa stýrimanni ef skipstjóri er ekki á skipi, og eigi heldur umboðsmaður hans skv. 10. gr. Ef stýrimaður er fjarverandi, má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipunina og er það jafngilt því, sem skipstjóri hefði fengið skipunina sjálfur.

47. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 100 000.00 nema þyngri refsing liggi við samkvæmt almennum lögum. Sektirnar renna í hafnarsjóð.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum nr. 48 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi hafnarreglugerð fyrir Hvammstangakauptún, nr. 18 3. febrúar 1947 með síðari breytingum.

Samgönguráðuneytið, 11. október 1973.

Björn Jónsson.

Kristinn Gunnarsson.

GJALDSKRÁ

fyrir eftirlit með öryggisráðstöfunum á vinnustöðum.

1. gr.

Eigendur eða umráðamenn eftirlitsskyldra atvinnufyrirtækja skulu árlega greiða gjald í ríkissjóð fyrir eftirlit með verksmiðjum, vinnustöðum og vélum, svo sem hér segir:

A. Persónugjald:

Fyrir verkamann eða konu, sem vinnur í fyrirtæki, skal greiða árlega kr. 90.00.

Skal tala verkafólks miðuð við það, sem hún er þegar fyrirtæki er í fullum gangi við venjulegan rekstur, t. d. vertíðarrekstur frystihúsa eða síldarverksmiðju.

B. Eimkatlar og hylki fyrir þrýsting:

1. flokkur. Gjald kr. 500.00.

Lágþrýstieimkatlar með allt að 2 kg/cm^2 þrýstingi og katlar með hærri þrýstingi, sem hafa allt að 2 m^2 hitaflöt. Opnir eimhitaðir geymar og lokuð eimhituð hylki með allt að 2 m^3 rúmtaki. Þrýstiloftshylki og hylki fyrir aðrar gastegundir með allt að 2 m^3 rúmtaki.

2. flokkur. Gjald kr. 700.00.

Eimkatlar, sem hafa meiri þrýsting en 2 kg/cm^2 og eru með hitafleti frá 2m^2 til 30 m^2. Lokuð eimhituð hylki, sem hafa stærra rúmtak en 2 m^3. Eimhitaðir suðukatlar og þurrkarar. Þó suðuketill eða þurrkari sé með hræribúnaði eða öðrum hreyfibúnaði reiknast aðeins gjald vegna aflvélar, en ekki vegna vélbúnaðar. Reykhitaðir forkatlar og yfirhitunarkerfi. Þrýstiloftshylki og hylki fyrir aðrar gastegundir með þrýstingi með meira en 2 m^3 rúmtaki.

3. flokkur. Gjald kr. 2 000.00.

Eimkatlar með meira en 30 m^2 hitafleti.

C. Aflvélar:

Af hverju hestafli aflvélar greiðist kr. 16.00.

Fyrir hvern rafmótor, sem notaður er til aflyfirfærslu frá eigin rafstöð fyrirtækis greiðist kr. 16.00.

D. Vinnuvélar:

1. flokkur: Gjald kr. 16.00.

Dælur, sem nota allt að 5 hö., ádráttarsteinar, brjóstsykurgerðarvélar, gosdrykkjagerðarvélar, bókabandsvélar, fægivélar skósmiða, mjólkurstöðvavélar, brauðgerðarvélar, skógerðarvélar, hnappagatavélar, prjónavélar, sníðavélar, saumavélar.

2. flokkur: Gjald kr. 60.00.

Dælur, sem nota frá 5 til 10 hö., hræritæki í kerjum, málmsmíðavélar, loftblásarar, plastiðnaðarvélar, gúmmíiðnaðarvélar, reykblásarar, leðurgerðarvélar, þrýstiloftsþjöppur, sem nota allt að 5 hö.

3. flokkur: Gjald kr. 150.00.

Prentvélar, olíuburðarvélar, dúkafægivélar, vökvaþrýstipressur, hjámiðjuþrýstipressur, skrúfupressur, niðursuðuvélar, sápugerðarvélar, skúkkuladieltivélar, máln-

ingargerðarvélar, fataþvottavélar, gærurotnunarvélar, sútunarvélar, steinsmíðavélar, grjótmulningsvélar, flöskuáfyllingarvélar, síldar- og fiskimjölsvélar, síldarolíuvélar, ullarvinnsluvélar, flókagerðarvélar, tuskutætarar, dælur, sem nota meira en 10 hö., þrýstiloftsþjöppur, sem nota 5 til 10 hö., hampvinnsluvélar, pappagerðarvélar.

4. flokkur: Gjald kr. 300.00.
Skipadráttarvindur, einfaldir sveiflugálgar (fastir), einfaldar lyftivindur, þrýstiloftsþjöppur, sem nota meira en 10 hö., gasframleiðslutæki, dósa- og flöskuþvottavélar.

5. flokkur: Gjald kr. 600.00.
Farstólar í gálgalyftum (krönum), lyftitæki í vörugeymslum, bifreiðalyftur (loftþjöppu- og aflvélargjald innifalið), sjálfvirkar pappaprentvélar.

6. flokkur: Gjald kr. 1 500.00.
Fólkslyftur og aðrar sjálfvirkar lyftur með fallhemlum, fallhamrar (aflvélagjaldið innifalið), steypuhærivélar, lyftivagnar.

7. flokkur: Gjald kr. 2 000.00.
Dráttarvagnar og dráttarvélar með eða án áfastra vinnutækja, vegaþjöppur, heflar og aðrar vegagerðarvélar, jarðýtur, ámokstursvélar, skurðgröfur og aðrar svipaðar vélar. Litlir farandkranar (bómulengd minni en 8 m og lyftigeta minni en 2 tonn).

8. flokkur: Gjald kr. 4 000.00.
Vélskóflur, ámokstursvélar, algengir farandkranar, byggingakranar, verksmiðjukranar, malarvinnslusamstæður og aðrar svipaðar vélar.

E. Frystivélar:
1. flokkur: Gjald kr. 150.00.
Frystivélar með allt að 10 000 kg/cal. afköstum.
2. flokkur: Gjald kr. 400.00.
Frystivélar með 10 000 til 20 000 kg/cal. afköstum.
3. flokkur: Gjald kr. 700.00.
Frystivélar með 20 000 til 50 000 kg/cal. afköstum.
4. flokkur: Gjald kr. 1 500.00.
Frystivélar með yfir 50 000 kg/cal. afköstum.

F. Byggingamannvirki og verkpallar:
Vegna byggingamannvirkja, sem eru í smíðum, greiðist kr. 0.80 af hverjum rúmmetra þess. Heimilt er þó að veita 50% afslátt af gjaldi af stórum byggingum með mjög litlum innréttingum.
Ef verkpallar eru notaðir við endurbætur, lagfæringar eða málun húsa eða skipa eða við hleðslu á vörum, greiðist kr. 3.00 fyrir hvern hlaupandi lengdarmetra verkpalls. Þó skal ekki greiða gjald af verkpöllum, sem eru í minna en tveggja metra hæð frá jörðu.
Fyrir færanlega verkpalla, sem hanga í strengjum eða eru færanlegir upp og niður á einni eða tveimur stoðum, greiðist kr. 450.00.

G. Losun og lestun.

Í hvert sinn sem skip kemur frá erlendri höfn eða affermir vörur hér við land skal það greiða gjald vegna öryggiseftirlits þannig:

Skip, sem eru 100 til 1000 brúttólestir greiði	kr. 1 000.00
Skip, sem eru 1000 til 2000 brúttólestir greiði	— 2 000.00
Skip, sem eru 2000 til 3000 brúttólestir greiði	— 3 000.00
Skip, sem eru 3000 brúttólestir og þar yfir	4 000.00

Er viðkomandi embættismönnum falið að innheimta eftirlitsgjaldið samkvæmt gjaldskránni með öðrum skipagjöldum við tollafgreiðslu skipanna við komu þeirra frá erlendri höfn, enda verði gjöldin aðeins tekin þar sem eftirlitsmenn eru starfandi.

Skip, sem fermir eða affermir vörur í strandferðum, skal einu sinni fyrir hvern mánuð, sem það siglir milli hafna greiða gjald skv. gjaldskránni, enda hafi það ekki flutt vörur milli Íslands og annarra landa á sama tíma.

Gjald skv. 3. mgr. innheimtist eftir reikningi, sem Öryggiseftirlit ríkisins gefur út með sama hætti og önnur gjöld fyrir öryggiseftirlit á föstum vinnustöðum.

H. Húsakynni án véla:

Fyrir íbúðarskála verkafólks greiðist kr. 6.00 af hverjum fermetra gólffletar. Fyrir hverja eftirlitsskylda vinnustofu án véla, svo sem saumastofur, þvottahús, netagerðarstofur, seglasaumastofur, vinnustofur í frystihúsum, sláturhús o. s. frv., greiðist kr. 3.00 fyrir hvern fermetra gólffletar. Fyrir víðáttumikil vinnuhús, þar sem tiltölulega fáir vinna að staðaldri, svo sem fiskþvottahús og opin vinnuskýli, greiðist kr. 1.50 fyrir hvern fermetra gólffletar.

I. Hávaðamæling, gasmæling eða þrýstiraun rýma, kerja eða geyma og önnur sérþjónusta:

Fyrir hverja hávaða- eða gasmælingu rýmis, kers eða geymis í landi greiðist kr. 1 200.00.

Fyrir gasmælingu olíugeyma í skipum greiðist kr. 1 200.00 fyrir fyrsta geymi og síðan kr. 600.00 fyrir hvern geymi. Fyrir gasmælingu vélarrúms eða dælurúms greiðist ekki gjald, sérstaklega ef mæling í þeim er framkvæmd samhliða mælingu í geymum, að öðrum kosti greiðist kr. 600.00 af hverju rúmi, sem mælt er.

Sé gasmæling eða önnur þjónusta framkvæmd utan hins reglulega vinnutíma Öryggiseftirlitsins samkvæmt ósk eiganda eða notanda geymis eða skips, skal hann greiða þeim starfsmanni Öryggiseftirlitsins, sem þjónustuna framkvæmir, yfirvinnu þá, sem þjónustan leiðir af sér.

Fyrir þrýstiraun katla eða geyma, sem eru minni en 2 m^3 að rúmtaki eða með minni þrýsting en 2 kg/cm^2 greiðist kr. 600.00 en fyrir stærri katla kr. 800.00.

2. gr.

Fyrir vinnuvélar, sem ekki eru nefndar í gjaldskránni, greiðist hlutfallslega eftir því hve stór og margbrotin vélin er, frá kr. 16.00 til kr. 4 000.00.

Þó skoðun fari fram oftar en einu sinni á ári, greiðist skoðunargjald aðeins einu sinni, nema framkvæma þurfi auka eftirskoðun vegna vanrækslu á framkvæmd fyrirskipaðra umbóta, en fyrir slíka skoðun greiðist fullt gjald sbr. 10. gr. starfsreglna fyrir Öryggiseftirlit ríkisins.

3. gr.

Reynist tekjur eftirlitsins ekki nægar samkv. gjaldskrá þessari, til þess að standa undir kostnaði við framkvæmd eftirlitsins, er öryggismálastjóra heimilt, að fengnu samþykki ráðuneytisins, að hækka gjöldin um allt að 25% eftir því, sem með þarf.

4. gr.

Þegar teikningar af fyrirhuguðum breytingum fyrirtækis eða fyrirkomulagi fyrirtækis, sem fyrirhugað er að reisa, eru sendar eftirlitinu til umsagnar, greiðist ekki gjald fyrir umsögnina. Þurfi eftirlitsmaður, að ósk eiganda, að takast ferð á hendur vegna umsagnar um öryggismál eða fyrirkomulags, skal eigandi greiða ferðakostnaðinn.

5. gr.

Fyrirtæki, þar sem fimm verkamenn eða færri vinna eða notuð er orka, sem eigi fer fram úr 3 hö., skulu undanþegin eftirlitsgjaldi, nema annað sé ákveðið af öryggismálastjóra, enda sé vinnu þannig háttað, að eftirlits sé eigi brýn þörf.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt 47. gr. laga nr. 23 1. febrúar 1952, um öryggisráðstafanir á vinnustöðum, sbr. lög nr. 52 20. maí 1955, um breytingu á þeim lögum, öðlast gildi 1. janúar 1974 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir eftirlit með öryggisráðstöfunum á vinnustöðum nr. 6 4. febrúar 1972.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 12. október 1973.

Ólafur Jóhannesson.

Jón Thors.

Nr. 313. 17. október 1973.

AUGLÝSING

um umferð í Hafnahreppi í Gullbringusýslu.

Hér með er ákveðið, að frá og með 1. nóvember 1973 nýtur umferð um Hafnaveg að nýju forgangsréttar fyrir umferð um Stapafellsveg, þar sem vegir þessir skerast í Hafnahreppi.

Með auglýsingu þessari eru úr gildi felld ákvæði auglýsingar um umferð í Hafnahreppi frá 8. júní 1972.

Þetta tilkynnist hér með öllum, sem hlut eiga að máli.

Sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu, 17. október 1973.

Einar Ingimundarson.

Nr. 314. 18. október 1973.

AUGLÝSING

um breyting á samþykkt um afgreiðslutíma verslana á Akureyri, nr. 11 6. jan. 1966.

1. gr.

5. gr. orðist svo:

Bæjarstjórn getur leyft, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar, að söluturnar og sambærilegir sölustaðir séu opnir alla daga frá kl. 08.00 til kl. 20.00 á tíma-

bilinu 1. janúar til 31. mars. Á tímabilinu 1. apríl til 31. desember frá kl. 08.00 til 23.30 sbr. þó a-lið 4. gr.

Einnig getur bæjarstjórn leyfti, að minjagripaverslanir hafi opið alla daga frá kl. 08.00 til kl. 23.30 á tímabilinu 1. júní til 15. september, enda verði sótt um leyfið til bæjarráðs.

Sölustaðir þeir, er um getur í 1. mgr., skulu algerlega aðskildir frá verslun, birgðageymslu verslunar og hvers konar starfsemi annarri, s. s. bensín- og olíusölu, bifreiðaafgreiðslu o. þ. u. l. Utan hins almenna sölutíma má sala fyrrgreindra sölustaða einungis fara fram um söluop. Þar skal heimilt að selja eftirgreindar vörur:

Ávaxtasafa, bómull, búðing í pökkum, bréfþurrkur, corn flakes, dagblöð, dömubindi, eldspýtur, filmur, flash-perur og kubba, frímerki, gosdrykki greiður, handsápu, hárlakk, hárþvottalög, harðfisk, heitar pylsur, ís, íssósur, kaffi, kaffikönnupoka, kakó, kex (innpakkað), niðursoðna ávexti, og aðrar niðursoðnar matvörur, nýja ávexti, ritföng, rafhlöður, rafmagnsperur, rafmagnsöryggi, rakblöð, raksápu, rakspíritus, skyndiplástur, sólgleraugu, sólkrem, sólolíu, spil, sultur, súpur í pökkum, sælgæti, tannbursta, tannkrem, te, tímarit, tóbaksvörur, WC-pappír, vinnuvettlinga og öl, kort, kvensokkar og skokkabuxur, marmelaði, matarbrauð (innpakkað).

Heilbrigðisnefnd ákveður, hvað af ofangreindum vörum megi selja á hverjum stað og ákveður nánar, hvernig umbúnaði skuli hagað. Á hverjum sölustað skal fyrirkomið á stað, þar sem viðskiptamennirnir geta greinilega séð, skrá um, hvað selja megi á staðnum og skal sú skrá staðfest af trúnaðarmanni nefndarinnar.

Bæjarráð getur leyft, að á veitingastöðum (s. s. kaffi- og matstofum) séu seldar vörur, er getur um í síðustu mgr., að fengnu samþykki heilbrigðisnefndar, á sömu tímum og sal fer fram í söluturnum og ber að greiða gjald af þeirri sölu í bæjarsjóð samkvæmt 9. gr.

Samþykktarbreyting þessi, sem bæjarstjórn Akureyrar hefur samþykkt samkvæmt lögum nr. 17 frá 1. febrúar 1936 um samþykktir um lokunartíma sölubúða, öðlast þegar gildi, þó með þeim takmörkunum, sem lög nr. 45 frá 15. júní 1926 setja, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi auglýsing um breyting á samþykkt um afgreiðslutíma verslana á Akureyri, nr. 271 29. október 1969.

Félagsmálaráðuneytið, 18. október 1973.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Gunnlaugur Þórðarson.

25. október 1973. Nr. 315.

AUGLÝSING

um umferð í Seltjarnarneshreppi.

Að fengnum tillögum hreppsnefndar Seltjarnarneshrepps og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð í Seltjarnarneshreppi í Kjósarsýslu:

1. Umferð um **Norðurströnd** nýtur forgangsréttar fyrir umferð um Fornaströnd, Barðaströnd og Vesturströnd.
2. Umferð um **Lindarbraut** hefur forgangsrétt fyrir umferð um Norðurströnd, vestan Lindarbrautar, Bollagarða, Hofgarða, Selbala, Valhúsabraut og veg á Suðurnes.

3. Umferð um **Suðurströnd** nýtur forgangsréttar fyrir umferð um Miðbraut, Bakkavör og Skálavör.
Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi frá og með 15. nóvember 1973.
Þetta tilkynnist hér með öllum, sem hlut eiga að máli.

Sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu, 25. október 1973.

Einar Ingimundarson.

Nr. 316. 23. október 1973.

SAMÞYKKTIR

fyrir Útgerðarfélagið JÚNÍ, sveitarfélagsrekstur með takmarkaðri ábyrgð.

I.
Nafn, heimili og tilgangur.

1. gr.
Nafn félagsins er: Útgerðarfélagið JÚNÍ, sveitarfélagsrekstur með takmarkaðri ábyrgð. Skammstafað: Útgerðarfélagið JÚNÍ STÁ.

2. gr.
Heimili og varnarþing félagsins er Hafnarfjörður.

3. gr.
Tilgangur félagsins er útgerðarrekstur.

II.
Ábyrgð og stofnfé.

4. gr.
Félagið er einkaeign Hafnarfjarðarkaupstaðar og er stofnað og rekið með takmarkaðri ábyrgð, samkv. lögum nr. 24 20. maí 1972 um heimild sveitarfélaga til stofnunar og starfrækslu atvinnu- og þjónustufyrirtækja með takmarkaðri ábyrgð.

5. gr.
Stofnfé félagsins er kr. 50 000 000.00 — fimmtíu milljónir króna — stofnframlag Hafnarfjarðarkaupstaðar.

6. gr.
Ábyrgð bæjarsjóðs Hafnarfjarðar á skuldbindingum félagsins er takmörkuð við stofnfé þess, og önnur framlög og ábyrgðir, sem bæjarsjóður kann síðar að veita.

III.
Stjórn félagsins.

7. gr.
Bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefur æðsta vald í málefnum félagsins, innan þeirra takmarka, sem samþykktir þessar setja.

8. gr.

Útgerðarráð Bæjarútgerðar Hafnarfjarðar, kosið af bæjarstjórn, myndar stjórn félagsins og hefur á hendi allar framkvæmdir, er heyra til rekstri þess og gætir réttar félagsins gagnvart öðrum.

9. gr.

Stjórnin hefur heimild til að taka lán fyrir félagið, eftir því sem hún telur nauðsynlegt og getur skuldbundið félagið og eignir þess, þ. á m. veðsett þær með ályktunum sínum og samningum.

Þó er félagsstjórn óheimilt að kaupa skip og fasteignir eða selja slíkar eignir, nema með sérstöku samþykki bæjarstjórnar.

Samþykki bæjarstjórnar þarf og til lántöku vegna stofnkostnaðar.

10. gr.

Stjórnin heldur fundi, þegar formanni þykir við þurfa, en honum er auk þess skylt að boða til stjórnarfundar, ef tveir stjórnarmenn eða endurskoðandi félagsins krefjast þess.

Stjórnin skal bóka í sérstaka gerðabók stutta skýrslu um það, sem fram fer á fundum hennar um málefni félagsins, og staðfestist hún með undirskrift stjórnenda.

11. gr.

Undirskrift þriggja stjórnenda er skuldbindandi fyrir félagið.

Stjórnarfundir eru því aðeins lögmætir, að þrír stjórnarmenn séu mættir og samþykki þriggja stjórnarmanna minnst þarf til þess að ályktun sé lögmæt.

12. gr.

Stjórn félagsins ræður framkvæmdastjóra fyrir félagið og veitir honum prókúruumboð. Framkvæmdastjóri hefur með höndum daglegan rekstur og stjórn félagsins og kemur fram fyrir þess hönd, að venjulegum hætti.

Framkvæmdastjóri skal sjá um að nákvæmt bókhald sé haldið um tekjur og gjöld félagsins með þeim hætti, sem stjórn þess ákveður.

Framkvæmdastjóri ræður starfsmenn félagsins og víkur þeim frá störfum.

Félagsstjórnin hefur heimild til þess að víkja framkvæmdastjóra úr starfi.

IV.

Reikningshald, endurskoðun o. fl.

13. gr.

Starfsár félagsins og reikningsár er almanaksárið.

Stjórn félagsins semur á hverju ári reikning yfir tekjur og gjöld þess, svo og efnahagsreikning.

14. gr.

Tveir endurskoðendur, sem kosnir eru af bæjarstjórn fyrir eitt ár í senn, skulu rannsaka reikninga félagsins fyrir það ár og alla reikningsfærslu, svo og gerðir stjórnarinnar, eftir því sem þeim finnst ástæða til. Endurskoðendur hafa hvenær sem er aðgang að bókum félagsins til eftirlits.

Endurskoðendur má ekki kjósa úr stjórn félagsins eða bæjarstjórn.

15. gr.

Í síðasta lagi fyrir lok maímánaðar skal stjórn félagsins hafa lokið samningi reiknings fyrir liðið starfsár og sent hann endurskoðendum, en þeir skulu hafa

endursent hann formanni stjórnar og forseta bæjarstjórnar með athugasemdum sínum eigi síðar en 1. júlí.

16. gr.

Hreinum arði eftir ársreikningum, að frádreginni þeirri fjárhæð, sem stjórnin ákveður til fyrningar af bókuðu eignarverði félagsins, skal ráðstafa þannig:

a. Bæjarstjórn ákveður, hversu mikið skuli leggja í endurnýjunar- og varasjóð og aðra þá sjóði, sem stofnaðir kunna að verða.
b. Bæjarstjórn ákveður, hvort greiða skuli arð af framlögðu stofnfé.
c. Það, sem eftir verður, skal yfirfært til næsta árs.

Stjórn félagsins skal leggja fyrir bæjarstjórn tillögur um skiptingu ársarðs.

V.

Tilkynningar til firmaskrár, breytingar á samþykktum. Félagsslit.

17. gr.

Stjórn félagsins tilkynnir um stofnun þess til firmaskrár, svo og breytingar á samþykktum, stjórn og prókúru, sbr. 5. gr. laga nr. 24/1972.

18. gr.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefur sett samþykkt þessa og getur breytt henni. Leita skal staðfestingar félagsmálaráðherra á breytingum, áður en þær eru tilkynntar til firmaskrár, með sama hætti og leitað er staðfestingar ráðherra á samþykktum félagsins í heild, sbr. 5. gr. laga nr. 24/1972.

19. gr.

Bæjarstjórn getur ákveðið, ef ráðlegt eða nauðsynlegt þykir, að slíta félaginu. Til félagsslita þarf samþykki ⅔ hluta bæjarstjórnarfulltrúa.

Nú samþykkir bæjarstjórn að slíta félaginu og skal hún þá kveða á um, hvernig skuli ráðstafa eignum þess og greiðslu skulda. Bæjarstjórn ákveður, hvort skiptaréttur skuli taka búið til skiptameðferðar eða hvort kjósa skuli skilanefnd til þess að sjá um skiptin.

Slík skilanefnd má þó eigi taka til starfa, fyrr en hún hefur fengið staðfestingu ráðherra.

Samþykktir þessar staðfestast hér með samkvæmt 3. gr. laga nr. 24 20. maí 1972, um heimild sveitarfélaga til stofnunar og starfrækslu atvinnu- og þjónustufyrirtækja með takmarkaðri ábyrgð.

Félagsmálaráðuneytið, 23. október 1973.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Jón Sigurpálsson.

Nr. 317. 24. október 1973.

REGLUGERÐ

um holræsi og holræsagjöld í Grindavík.

1. gr.

Hreppsnefnd Grindavíkurhrepps hefur ein heimild til að leggja holræsi í Grindavík, nema sérstaklega sé samið um aðra tilhögun.

2. gr.

Þar sem hreppsnefnd hefur látið leggja holræsi í götu, er hverjum húseiganda, sem lóð á þar að eða í námunda við, skylt að leggja á sinn kostnað ræsi frá húsinu, er flytji allt skólp frá því í aðalræð.

3. gr.

Hreppsnefnd löggildir menn, sem teljast skulu hæfir til að leggja og ganga frá holræsum.

Engum er heimilt að leggja ræsi í aðalræsið, nema að fengnu leyfi ofangreindra aðila, og er húseigendum skylt að hlíta fyrirmælum þeirra um gerð og legu ræsis og annað það, er máli skiptir í sambandi við það.

4. gr.

Kostnaður við holræsagerð hreppsins greiðist úr sveitarsjóði. Til þess að standa straum af kostnaði skal hver húseigandi greiða sveitarsjóði tengigjald er hann tengir hús sitt við holræsakerfi hreppsins.

Tengigjald þetta skal vera kr. 30 000.00 fyrir hús með einni íbúð, en kr. 10 000.00 að auki fyrir hverja íbúð í húsi umfram eina. Þó skulu hús, sem eru 350 m^3 eða minni, teljast ein íbúð.

Fyrir atvinnuhúsnæði skal tengigjaldið vera kr. 50 000.00 fyrir hverja tengingu.

Húseigandi getur eigi krafist tengingar við holræsakerfið, fyrr en tengigjaldið er greitt eða um það hefur verið samið.

Þá skal og hver húseigandi greiða árlegt holræsagjald í sveitarsjóð er nemi 0.1% af fasteignamatsverði húss og lóðar, þó aldrei lægra en kr. 500.00.

Holræsagjöldin skal reikna í heilum krónum. Gjöld samkvæmt grein þessari er hreppsnefnd heimilt að hækka eða lækka um allt að 50 af hundraði, án þess að samþykki ráðuneytis komi til.

5. gr.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu holræsagjalds. Gjaldið hefur lögtaksrétt og er tryggt með lögveðsrétti í lóð og mannvirkjum lóðarhafa á henni næstu 2 ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

Árlegur gjalddagi holræsagjalda er 15. janúar ár hvert.

6. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 10 000.00, nema þyngri refsing liggi við að lögum, sem renna í sveitarsjóð.

Mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara með að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Grindavíkurhrepps, staðfestist hér með samkv. vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 24. október 1973.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá Hitaveitu Dalvíkur nr. 284 11. desember 1970 ásamt síðari breytingum.

4. gr. orðist þannig:
Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:
1. Fast gjald á mánuði verði kr. 300.00 fyrir hvern aðalhemil.
2. Vatnsgjald verði kr. 420.00 á mánuði fyrir hvern mínútulítra í hámarksstillingu hemils.

Á gjöld þessi leggst söluskattur skv. gildandi reglum á hverjum tíma.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er skv. Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að taka þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum, sem hluta eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 20. september 1973.

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.

Nr. 319. 2. nóvember 1973.

AUGLÝSING

um staðfestingu á uppdrætti af aðalskipulagi Keflavíkur, Njarðvíkur og Keflavíkurflugvallar.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964, hefur ráðuneytið hinn 2. nóvember 1973 staðfest uppdrátt af aðalskipulagi Keflavíkur.
Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð, sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir.

Félagsmálaráðuneytið, 2. nóvember 1973.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Jón Sigurpálsson.

Nr. 320. 8. nóvember 1973.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir Hitaveitu Laugaráss í Biskupstungum.

1. gr.

Gjöld fyrir dreifingu heita vatnsins greiðast þannig á ári:
1. Eftir vatnsmagni kr. 30 000 sekl. Sé vatnið notað eingöngu til búreksturs skal ekki frekara gjalds krafist.
2. Fasteignagjöld:
   a. Af íbúðarhúsum kr. 34.00 pr. rúmm. á ári.
   b. Af verkstæðis- og iðnaðarhúsum kr. 23.00 pr. rúmm. á ári.

3. Lágmarksgjald skal þó ekki vera minna en kr. 15 000 fyrir hvern notanda á ári.
4. Öll gjöld í gjaldskrá þessari miðast við utanmál húsa.
5. Gjöld fyrir heitt vatn til annarra nota en að framan greinir ákveður Stjórnarnefnd Laugarásshéraðs hverju sinni, að fenginni heimild ráðuneytisins.
6. Full hitaveitugjöld skal greiða frá þeim tíma, að umsókn hefur komið fram um aðild að hitaveitunni og umsækjandi á kost á tengingu heimæðar frá stofnæð eða síðustu greiningu dreifiæðar.

2. gr.

Stofngjöld skulu vera sem hér segir:

1. Af dældum sekl. kr. 30 000.00.
2. Af íbúðarhúsum kr. 34.00 pr. rúmm.
3. Af iðnaðar- og verkstæðishúsum kr. 23.00 pr. rúmm.
4. Lágmarksgjald skal þó ekki vera minna en kr. 15 000.00.
5. Stofngjöld greiðast þegar umsækjandi á kost á tengingu heimæðar sbr. 1. gr. 6. málslið.

3. gr.

Gjalddagar hitaveitugjalda samkvæmt 1. gr. skulu vera sem hér greinir:
Fyrir fyrri árshelming 1. júlí.
Fyrir síðari árshelming 1. október.
Heimilt er að taka dráttarvexti af gjaldfjöllnum hitaveitugjöldum 1.5% á mánuði.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samin er og samþykkt af Stjórnarnefnd Laugarásshéraðs, staðfestist hér með samkv. Orkulögum, nr. 58 29. apríl 1967 til að taka þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld breyting á gjaldskrá fyrir Hitaveitu Laugaráss, er staðfest var í ráðuneytinu hinn 20. nóvember 1972.

Iðnaðarráðuneytið, 8. nóvember 1973.

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.

8. nóvember 1973. Nr. 321.

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá Rafveitu Ísafjarðar, nr. 231 25. júlí 1973.

4. Hitun.

4.3. Í stað: „Hiti í kirkju um kWst.-mæli kr. 2.10 kWst., enda sé straumurinn rofinn í fjórar stundir á mesta annatíma rafveitunnar, þó eigi lengur en tvær stundir í senn."

Komi: „Til hitunar íbúðarhúsa um kWst.-mæli á kr. 1.05 hver kWst., enda sé straumur rofinn allt að þrem stundum á sólarhring. Minnsta orkunotkun skv. þessum gjaldskrárlið verði 6000 kWst. á ári. Önnur skilyrði fyrir orkusölu samkv. þessum lið eru:

a) að vélar, spennar og línur þoli álagið, að dómi rafveitustjóra,
b) að notandi kosti tengingu klukkurofa, sem rafveitan leggur til, og greiði leigu af þeim samkv. reglum, er gilda um leigu mæla,
c) að hitatæki, lagnir og búnaður sé samkv. fyrirmælum rafveitunnar, ofnar og önnur hitatæki fasttengd."

Gjaldskrárbreyting þessi er gerð samkv. Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 8. nóvember 1973.

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.

Nr. 322. 8. nóvember 1973.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Hríseyjarhrepps.

1. gr.

Hitaveitan selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum sínum eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari og reglugerð staðfestri 8. nóvember 1973.

2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, sem ætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu ofnar hússins nægilega stórir að dómi hitaveitunnar. Hitaveitan setur stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers hitunarkerfis. Gjald til hitaveitunnar miðast við hámarksrennsli við stillingu hemils.

3. gr.

Hitaveitan má ein rjúfa innsigli á hemli. Hitaveitan breytir stillingu á hemli eftir óskum húseiganda fyrsta árið, sem hús hans er tengt veitunni, en eftir það einu sinni á ári, og skal beiðni um breytingu hafa borist fyrir 1. janúar. Hámarksstilling hemils gildir allt árið þó aflnotkun verði minni hluta úr árinu. Lægsta stilling á hemli er 1 líter á mínútu og selt vatnsmagn skal standa á hálfum og heilum líter á mínútu.

4. gr.

Hitaveitan tekur leigu af hemlum og skal hún vera kr. 200.00 á hemil á mánuði. Vatnsgjald er kr. 355.00 á mánuði fyrir hvern líter á mínútu.

5. gr.

Hitaveitugjöld samkv. 4. grein verða krafin annan hvern mánuð og skulu þau greiðast á skrifstofu hreppsins eða á annan þann stað, sem síðar kann að vera ákveðinn. Gjalddagi er 1. dag mánaðarins (sbr. 1. mgr.) og er greiðslan þá fyrir þann mánuð og þann næsta á undan. Það eru vanskil er gjöldin eru ekki greidd innan 10 daga frá gjalddaga.

6. gr.

Heimæðagjald hitaveitunnar skal vera sem hér segir:

Gjald á inntak	kr. 25 000.00
Fyrir 1 hemil á grind	— 13 000.00
Fyrir 2 hemla á grind	— 19 500.00
Fyrir 3 hemla á grind	— 26 000.00

Rúmmetergjald (reiknast á utanmál húss):
0— 200 m^3 án gjalds
200—1000 m^3 kr. 60.00 kr./m^3
1000 m^3 og yfir kr. 40.00 kr./m^3

Gjöld samkvæmt 4. og 6. gr. eru miðuð við byggingarvísitölu 1. sept. 1973. Hitaveitunni er heimilt að breyta þeim í samræmi við breytingar á nefndri vísitölu.

7. gr.

Nú eru leyfð afnot hitaveitunnar til annars en húshitunar, og er þá hitaveitunni heimilt að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilviki. Hitaveitunni er heimilt að gefa afslátt af heimæðagjaldi til húsa, þar sem kynditæki eru fyrir.

Heimæðagjald er gjaldkræft er tengingu húss er lokið. Heimilt er að veita gjaldfrest á hluta heimtaugagjalds.

8. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

9. gr.

Óheimilt er að nota aðra orkugjafa sem toppafl, nema með samþykki hitaveitunnar.

10. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli að hitunarkerfi viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með þriggja daga fyrirvara. Sá, sem í vanskilum er, greiðir kr. 500.00 í opnunargjald auk vanskilaskulda.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með skv. Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að taka þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 8. nóvember 1973.

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.

8. nóvember 1973. Nr. 323.

REGLUGERÐ

um hitaveitu og hitalagnir í Hríseyjarhreppi, Eyjafjarðarsýslu.

I. KAFLI
GILDISSVIÐ

1. gr.

Reglugerð þessi gildir um hitalagnir og hitaveitu í Hríseyjarhreppi.

II. KAFLI
HITAVEITA

2. gr.

Hitaveita Hríseyjarhrepps, hér eftir nefnd Hitaveitan, er eign Hríseyjarhrepps og fer hreppsnefnd með stjórn Hitaveitunnar. Einnig getur hreppsnefnd skipað sérstaka stjórn yfir Hitaveituna.

Einkaleyfi Hitaveitu.

3. gr.

Hitaveitan hefur einkaleyfi á dreifingu og sölu á heitu vatni innan lögsagnarumdæmis Hríseyjarhrepps.

Lagnir Hitaveitunnar.

4. gr.

Hitaveitan lætur leggja allar utanhússlagnir: Aðalæðar, dreifiæðar og heimæðar inn í hús.

5. gr.

Hitaveitan hefur eignarrétt og viðhaldsskyldu á dreifiæðum sínum, svo og heimæðum og lögnum innanhúss, að miðstöðvarkerfi húss. Þetta á þó ekki við um lagnir ofan kjallara eða ofan 1. hæðar, ef hús er kjallaralaust. Innanhúss leggur Hitaveitan til stofnloka, síur og stýrihemla.

Afnot varma.

6. gr.

Sá varmi, sem Hitaveitan lætur í té, er ætlaður til upphitunar húsa og almennra heimilisnota.

Nú kemur fram ósk um að nota varma til annarra þarfa en greinir í 1. málsgrein og þarf þá til þess heimild Hitaveitunnar.

7. gr.

Þeim, sem húseign á við götu eða veg, þar sem dreifiæð hitaveitu liggur, er skylt að láta tengja hitunarkerfi hússins við hitaveituæðina. Nú eru sérstakir erfiðleikar á tengingu húss eða tenging þykir af einhverjum ástæðum ekki ráðleg, getur Hitaveitan ákveðið, að húsið skuli ekki tengt við hitaveitukerfið.

Ábyrgð Hitaveitu.

8. gr.

Réttur húseiganda til afnota af hitaveituvatni skuldbindur ekki Hitaveituna til þess að tryggja, að þrýstingur á dreifiæðum hennar sé ávallt nægilegur.

9. gr.

Hitaveitan ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, er leiða kann af rekstrartruflunum, sem verða á henni vegna frosta, rafmagnsbilunar eða annarra óviðráðanlegra atvika. Sama gildir, ef rennsli í æð er stöðvað um stundarsakir vegna viðgerðar og annars slíks.

Tenging við Hitaveitu.

10. gr.

Áður en tengt er við hitaveitu skal liggja fyrir uppdráttur samþykktur af byggingarnefnd (sbr. IV. kafla). Hitaveitan skal vera til aðstoðar byggingarnefnd í málum, sem snerta hitalagnir.

Eftirlit.

11. gr.

Starfsmenn Hitaveitunnar skulu jafnan hafa frjálsan aðgang að pípulögnum, bæði innan húss og utan. Húseiganda er skylt að láta þeim í té þær upplýsingar, er máli geta skipt um hitun hússins.

Dælur á heimæðum.

12. gr.

Óheimilt er að tengja vatnsdælur við heimæðar, nema leyfi Hitaveitunnar sé fyrir hendi.

Hemlar.

13. gr.

Á inntakspípur húsa, sem tengd eru kerfi Hitaveitunnar, setur hún upp hemla. Hemlar þessir eru í eigu og umsjá hennar og er skylt að tilkynna tafarlaust, ef vart verður við bilun á þeim. Hemill er innsiglaður.

Gjaldskrá.

14. gr.

Hreppsnefnd setur Hitaveitunni gjaldskrá og skal hún endurskoðast á minnst tveggja ára fresti.

III. KAFLI

HITALAGNIR

Efni og frágangur.

15. gr.

Öll vinna að hitalögnum skal vera vel af hendi leyst og allt efni óaðfinnanlegt. Nú telur Hitaveitan, að vinna eða efni sé gallað, og er þá skylt að bæta úr því.

Katlar og brennarar.

16. gr.

Stærð katla skal tilgreind í Mcal/h (1 Mcal = 10^3 kcal) og fermetrum hitaflatar, og skulu þær stærðir letraðar framan á ketil. Þar skal og letra á hámarks notkunarþrýsting ketils, tilgreina framleiðanda og smíðaár. Tilgreind afköst skv. 1. mgr. skulu miðuð við eftirfarandi: Ketill skal vera nýhreinsaður, kyntur a. m. k. 4 stundir fyrir prófun með viðeigandi eldsneyti og reykhiti eigi hærri en 200°C í reykpípu við ketil. Mælingar skulu miðaðar við 20° innihita í ketilhúsi. Jafnan skal miðað við sótlausan bruna eldsneytis.

17. gr.

Katlar fyrir vatnshitun skulu þrýstiprófaðir með 6 kg/cm², nema annars hærra þrýstimarks sé óskað af þeim, sem uppdrátt gerir.

18. gr.

Katla skal setja þannig upp, að auðvelt sé að komast að þeim til sóthreinsunar, viðhalds og annars eftirlits. Vatnskatla skal einangra frá gólfi með 10 cm þykkum vikurplötum eða annarri jafngóðri einangrun.

19. gr.

Öll ketillok skulu vera loftþétt. Á reykpípu eða reykháf skal setja súgspjald, er haldi jöfnum og réttum súgi í katlinum. Neðst á hverjum vatnskatli skal vera tæmingarstútur, og skal hann að jafnaði settur á framhlið hans.

20. gr.

Á öllum vatnskötlum skal koma fyrir vatnshitamæli, þrýstimæli og öryggisloka. Framan á hverjum katli skal komið fyrir reykhitamæli með vísi. Á loftkatli skal vera hitamælir, er mæli hita frá katlinum.

21. gr.

Olíubrennara skal þannig komið fyrir við ketil, að tryggt sé, að samskeyti við stút hans séu loftþétt. Í hverjum olíukyntum katli skal komið fyrir eldholi úr eldföstum steini. Stærð þess og gerð skal fara eftir fyrirsögn framleiðanda brennarans. Við frágang olíubrennara skal þess gætt, að sem minnstur hávaði stafi frá tækinu, enda fari hann ekki yfir 75 decibel mælt í 1 m fjarlæð frá miðju tækis.

Baðvatnsgeymar.

22. gr.

Ytra byrði baðvatnsgeyma skal þrýstiprófa með 6 kg/cm² þrýstingi, en innra byrði og gormpípur með 9 kg/cm².

Baðvatnsgeymar skulu staðsettir í minnst 5 cm fjarlægð frá vegg eða lofti og tryggingilega festir. Stútar í baðvatnsgeymum skulu vera sem hér segir:

Fyrir hringrásarvatn	2	stútar
— baðvatn	2	—
— hitamæli	1	—
— hitastilli	1	—

Botnar baðvatnsgeyma skulu vera úthverfir, og skulu suðusamskeyti vera fyrir utan kápuna.

Um kápugeyma gilda eftirfarandi sérákvæði: Séu geymar undir 700 mm þvermáli, skal þykkt kápu vera minnst 4 mm, innra byrðis 5 mm og botna 6 mm. Sé þvermál geyma meira, ber að leggja fram sérstakan útreikning á styrkleika.

Innan við kaldavatnsstútinn skal komið fyrir kringlóttri dreifiplötu, sem sé minnst 20 cm í þvermál og 3 mm á þykkt.

Pípur.

23. gr.

Pípur, sem notaðar eru til hitalagna, skulu fullnægja lágmarksákvæðum þeim, sem eru gildandi í þýskum stöðlum (DIN-Normen 2440 eða 2448). Allar pípur skulu vera hreinar. Í þeim mega ekki vera ryðskánir.

Um samsetningu pípna.

24. gr.

Pípur 40 mm og víðari skal að jafnaði sjóða saman. Grennri pípur skal annað hvort sjóða saman eða tengja með skrúfuðum tengistykkjum.

Þar, sem pípur eru huldar, getur Hitaveitan krafist þess, að samskeyti séu soðin.

Um suðuvinnu á pípum.

25. gr.

Nú eru pípur soðnar saman, og skal þá tryggt, að frá öllum samskeytum sé þannig gengið, að soðið sé í gegnum pípuveggina og ekki sé gjall, loftbólur eða aðrir gallar á suðu.

Um pípulögnina.

26. gr.

Pípur skal leggja með tilliti til lofttæmingar hitunarkerfisins.

Þegar breyta þarf stefnu lagnar, skal að jafnaði beygja pípu eftir því, sem aðstæður leyfa. Séu fellingarbeygjur notaðar, skal eigi beygja meira en svo, að ein felling komi á hverja 10° beygju. Skámiðju-tengistykki skal nota eftir því, sem unnt er. Við skurð á pípum skal snarað úr endum þeirra. Pípur, sem lagðar eru með veggjum og undir loftum, skal festa með burðarjárnum, og ber að ganga svo frá járnunum, að þau hindri ekki hitaþenslu pípnanna.

Miðstöðvarofnar.

27. gr.

Alla miðstöðvarofna skal skola og þrýstiprófa með 6 kg/cm² þrýstingi, áður en þeir eru settir upp. Ofnar skulu að jafnaði festir á vegg. Fjarlægð milli burðarjárna skal vera mest 80 cm og fjarlægð frá burðarjárni að enda ofns skal ekki vera meiri en 20 cm.

Burðarjárn ofna skal staðsetja þannig, að fjarlægð ofns verði að minnsta kosti 3 cm frá fullgerðum vegg, en fjarlægð frá fullgerðu gólfi upp að ofni skal vera 10—15 cm.

Tengipípur ofna skulu vera svo langar, að þær þoli þensluhreyfingu aðliggjandi stofna.

Geislahitunarlögn.

28. gr.

Í geislahitunarlögn má eingöngu nota pípur, sem þola a. m. k. 40 kg/cm² þrýsting. Pípurnar skal beygja kaldar, þannig að bil milli pípnanna verði rétt samkv. uppdrætti. Hitamottur skal leggja á a.m.k. 5—6 mm steypustyrktarjárn eða steinflögur, þannig að tryggt sé, að steypa geti runnið undir þær alls staðar. Áður en hitamottur eru lagðar niður, skal kúla send eftir pípum í hverri þeirra, og skal hún vera a. m. k. ¾ af innanmáli þeirra pípna, sem hún á að fara í gegnum.

Að lokinni niðursetningu hitamotta og tengingu þeirra skal þrýstiprófa geislahitunarkerfið með köldu vatni með 30 kg/cm² þrýstingi, er haldið sé óbreyttum í 2 klst. Geislahitunarkerfi telst þétt, ef ekki sést rakavottur utan á neinni pípu eftir slíka prófun.

Eftirlitsmaður Hitaveitu skal vera viðstaddur, þegar prófanir samkv. þessari grein fara fram.

Á öllum geislahitunarkerfum skulu vera sjálfvirk stjórntæki, sem fyrirbyggi, að of heitt vatn geti farið inn á þau.

Lokar.

29. gr.

Lokar skulu að jafnaði vera rennilokar með krögum eða suðuendum. Í lokum, sem eru 80 mm eða minni, mega endar vera skrúfuskornir. Stillilokar skulu að jafn-

aði vera keilu- eða sætislokar. Við alla miðstöðvarofna skal vera tvístilliloki með kvarða, er sýni, á hvað viðkomandi loki er stilltur, eða sjálfvirkur loki.

Þensluker.

30. gr.

Á vatnshitakerfum skulu vera þensluker. Á miðstöðvarkerfum, sem hituð eru frá hitaveitukerfi, þarf þó ekki þensluker, nema notaður sé varmaskiptir (forhitari). Sé frosthætta, þar sem þensluker er staðsett, skal það eingangrað. Yfirfall skal vera frá öllum opnum þenslukerum til frárennsliskerfis.

Yfirfallspípu úr sinkhúðuðu efni eða öðru jafngóðu skal tengja við frárennsliskerfi með vatnslás. Heimilt er að nota þrýstiþensluker (lokað þensluker).

Dælur.

31. gr.

Dæluhús og dæluhjól skulu gerð úr steypujárni eða öðru jafn hentugu efni, en dæluöxlar skulu vera úr ryðfríu stáli.

Skylt er að ganga þannig frá dælu, að ekki valdi óþægindum vegna hávaða.

Á dælu skal vera merkiplata með áletruðum upplýsingum um samsvarandi þrýstihæð í metrum og vatnsmagn í lítrum á mínútu (eða m^3/h), snúningshraða og verksmiðjunúmer. Dælu skal fylgja línurit, er sýnir þrýstihæð og vatnsmagn.

Málun.

32. gr.

Allar huldar pípur miðstöðvarkerfa svo og burðarjárn, sem hulin verða, skal mála vandlega með asfaltmálningu, er þolir þann hita, sem kerfið er gert fyrir. Pípur í geislahitunarflötum má þó ekki mála. Pípur skulu vera þurrar og hreinar, áður en þær eru málaðar.

Hitatæki í ketilhúsum skal bronsa eða mála með ryðvarnarmálningu.

Miðstöðvarofna skal mála með vatns- og olíumálningu, en ekki bronsa.

Einangrun.

33. gr.

Allar pípur í veggjum og gólfum skal einangra með ólífrænu einangrunarefni, sem sé að minnsta kosti 20 mm þykkt. Pípur í kjallaragólfi skal þó einangra þannig, að raufir þær, sem pípur liggja í, séu fylltar með mjúku asfaltefni, sem blanda má þurrum sandi í hlutföllum 1 hl. asfalt : 2 hl. sandur. Sýnilegar pípur í ketilhúsum skal einangra vandlega með ólífrænni einangrun. Bil milli pípna sé hvergi minna en 20 mm.

Rafmagnshitun.

34. gr.

Séu hús hituð frá rafmagnshituðum geymum, fer um uppsetningu þeirra og frágang svo sem ákveðið er í gildandi reglugerð um raforkuvirki.

Sjálfvirk stjórntæki fyrir fjarhitun.

35. gr.

Þar, sem hús eru hituð með hitaveituvatni, ber húseiganda að setja á inntakspípu sjálfvirkan loka. Lokanum skal stjórnað af hitastilli í útrennslispípu, her-

bergishitastilli eða veðurskynjara (úti-thermostat) eftir því, sem við á í hverju tilfelli. Slíkir lokar skulu gerðir fyrir minnst 6 kg/cm² þrýstingsmun.

Um þrýstiprófun hitakerfa.

36. gr.

Þegar lokið er lögn miðstöðvarkerfis og áður en pípur eru huldar, skal það þrýstiprófað af pípulagningamanni að viðstöddum eftirlitsmanni Hitaveitu.

Prófa skal með köldu vatni og 6 kg/cm² þrýstingi.

IV. KAFLI
EFTIRLIT O. FL.

Umsóknir.

37. gr.

Áður en hafist er handa um lagningu nýrra kerfa, breytingu á eldri kerfum, eða tengingu við hitaveitu, skal húseigandi með minnst 7 daga fyrirvara senda umsókn um það til Hitaveitunnar.

Umsókn skal rituð á eyðublað, sem skrifstofa Hitaveitunnar lætur í té, og skal hún undirrituð af eiganda hússins eða fullgildum umboðsmanni hans ásamt pípulagningamanni þeim, sem verkið á að annast.

Umsókn á að fylgja uppdráttur af lögninni í tvíriti.

Uppdrættir.

38. gr.

Uppdráttur skal gerður af manni, sem hlotið hefur sérstakt samþykki Hitaveitu, og ber hann ábyrgð á því, að uppdráttur sé réttur og í samræmi við reglur þessar svo og aðrar reglur og lög, er gilda um byggingarmál. Samþykktur uppdráttur skal ávallt liggja fyrir, áður en bygging húss er hafin.

39. gr.

Uppdrættir skulu vera skýrir og greinilegir og gerðir á haldgóðan pappír, og þannig frá gengið, að ekki máist drættir eða letur við geymslu. Stærð þeirra skal vera DIN A2 (42.0 × 59.4 cm) eða stærri samkv. þeim stöðlum.

Lagnir skulu sýndar með rúmteikningu með jöfnum einingum á ásum í mælikvarða 1 : 50 eða 1 : 100, en grunnmyndir í mælikvarða 1 : 100 eða 1 : 50. Sérteikningar skulu gerðar í mælikvarða 1 : 20, 1 : 10, 1 : 5 eða stærri. Uppdrættir eiga að sýna allar lagnir, raufar og göt í steypu fyrir slíkar lagnir og allt fyrirkomulag í hitunarherbergi. Nota skal tákn þau, sem sýnd eru í 41. grein. Tilgreina skal í metrakerfi stærðir á hitunartækjum, pípum, ofnum, loftristum og tengingu þeirra við lofthitunarkerfi, svo og önnur mál, sem nauðsynleg eru. Ef Hitaveitan telur ástæðu til, getur hún krafist þess, að útreikningar verði lagðir fram.

40. gr.

Ef uppdrættir eru ekki til af gömlum hitalögnum, sem breyta á, getur Hitaveitan krafist þess, að þeir séu gerðir, eftir því sem nauðsynlegt er, og ber húseigandi allan kostnað af því.

Tákn.
41. gr.


K
Ketill
Dæla
Framrennslispípa
Bakrennslispípa
Forhitari
Loki
Baðvatnsgeymir
Hreyfilloki
Hitageymir
Þrívegaloki
Gólflistaofn
Þrívega hreyfilloki
Geislahitunarflötur
Öryggisloki með lóði
Geislahitunarflötur
Öryggisloki með fjöður
Lofthitari
Flotloki
Hitamælir
Einstreymisloki
Þrýstimælir
Stilliloki
Sáld
Hemill
Þensluker, opið
Þrýstiminnkari
Þensluker, lokað
Ofnloki
Loftskrúfa
Vatnsmælir
Miðstöðvarofn

Samþykkt uppdrátta.

42. gr.

Þegar Hitaveitan hefur samþykkt uppdrátt, skal hún árita tvö eintök hans. Eitt eintak skal varðveitt í skjalasafni bæjarins, en annað skal afhent umsækjanda.

Pípulagningamaður sá, er verkið á að vinna, skal, áður en það hefst, rita nafn sitt á eintak það, er varðveitt verður í skjalasafninu. Blikksmiðir skulu þó árita uppdrætti að lögnum í lofthitunar- eða loftræstingarkerfum.

Áritaður uppdráttur skal jafnan vera á vinnustað.

Með áritun tekur Hitaveitan enga ábyrgð á því, að unnt sé að framkvæma viðkomandi verk, eða kerfi sé rétt út reiknað.

Eftirlit.

43. gr.

Hitaveitan skal hafa eftirlit með því, að nýlagnir séu í samræmi við samþykktan uppdrátt og reglugerð þessa.

Áður en einstakir hlutar miðstöðvarkerfis eru huldir, skal Hitaveitunni gert aðvart með hæfilegum fyrirvara, og skal hún þá gefa út vottorð um ástand (úttekt) lagnarinnar.

Pípulagningamaður skal þrýstiprófa hitalagnir. Álíti Hitaveitan að verk sé eigi framkvæmt samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar eða öðrum reglum, er gilda eða settar kunna að verða, getur hún stöðvað verkið, þar til bætt hefur verið úr því, sem áfátt er.

Nú vanrækir maður að vinna verk, sem Hitaveitan hefur fyrirskipað samkvæmt reglugerð þessari eða verk er ekki unnið á viðeigandi hátt, og er þá Hitaveitunni heimilt að láta vinna það, sem þörf krefur, á kostnað hlutaðeigandi aðila.

Skal þá greiða kostnaðinn til bráðabirgða úr sveitarsjóði, en innheimta síðan hjá hlutaðeigandi aðila, með lögtaki, ef þörf krefur.

Prófun á suðu.

44. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að krefjast þess, að teknir verði bútar úr hitakerfinu til prófunar, svo margir, sem henni þykir við þurfa. Pípulagningamaður sá, sem ábyrgð ber á verkinu, skal taka slík sýnishorn og færa lögnina í samt lag aftur.

Komi í ljós, að sýnishorn fullnægi ekki þeim kröfum, sem gert verður til þeirra, ákveður Hitaveitan, hvað gert skuli til lagfæringar eða hve mikinn hluta kerfis skuli endurleggja.

Meistarar.

45. gr.

Pípulagningamenn, samþykktir af Hitaveitu, hafa einir rétt til þess að annast hitalagnir, og gildir það um nýlagnir jafnt sem viðbætur við eða breytingar á eldri lögnum. Þeir bera og ábyrgð á, að allar lagnir séu í samræmi við reglugerð þessa, nánari fyrirmæli, er kunna að verða sett, og samþykkta uppdrætti.

Ef skipt er um pípulagningamann, meðan á verki stendur, skal það tilkynnt Hitaveitunni skriflega, og lætur hún þá fram fara úttekt á þeim hluta verks, sem lokið er. Óheimilt er að halda áfram framkvæmdum, fyrr en annar hefur tekið við verkinu.

Hitaveitan getur áskilið, að þeir einir megi annast suðuvinnu á pípum samkv. reglugerð þessari, er staðist hafa sérstakt hæfnispróf í logsuðu. Slíkt hæfnispróf skal farm fari í samráði við Rannsóknarstofnun iðnaðarins.

Viðurlög við brotum.

46. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum, allt að kr. 100 000.00 nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum. Með mál út af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt var af hreppsnefnd Hríseyjar hinn 20. september 1973, staðfestist hér með samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að taka þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 8. nóvember 1973.

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.

Nr. 324. 12. nóvember 1973.

SAMÞYKKT

fyrir Veiðifélag Norðurár, Mýrasýslu.

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Norðurár í Borgarfirði. Heimili þess og varnarþing er þar, sem formaður á heima.

2. gr.

Félagið er stofnað í þeim tilgangi að gera sem arðbærasta laxveiði í Norðurá. Tilgangi sínum hyggst félagið ná með því að selja ána á leigu til stangarveiða, en koma í veg fyrir allar aðrar aðferðir við veiði í henni, nema að svo miklu leyti, sem nauðsyn þykir að nota netaveiði til þess að ná í klaklax. Þó skal silungsveiði heimil veiðieigendum neðan Stóru-Grafarveiða utan samningstíma leigutaka eftir ákvörðun stjórnar félagsins og Veiðimálastjóra.

3. gr.

Félagssvæðið er Norðurá frá ósi, þar sem hún fellur í Hvítá, enn fremur Hellisá, Austurá, Búrfellsá, Hvassá og Sanddalsá, sem allar falla í Norðurá.

4. gr.

Félagsmenn eru ábúendur allra jarða, svo og eigendur eyðijarða, enn fremur formaður Upprekstrarfélags Þverárréttar, sem veiðirétt á í Norðurá. Þessar jarðir eiga lönd að félagssvæðinu: Ferjukot, Ferjubakki I, Ferjubakki II, Ferjubakki III, Sólheimatunga, Svignaskarð, Haugar, Munaðarnes, Stóragröf, Grafarkot, Litla-Skarð, Laxfoss, Hreðavatn, Brekka, Hraunsnef, Desey, Hvassafell, Dalsmynni, Klettstía, Hreimsstaðir, Dýrastaðir, Hvammur, Sanddalstunga, Fornihvammur, afréttarland Sveinatungu, Krókur, Hákonsstaðir, Hóll, Hafþórsstaðir, Skarðshramrar, Glitstaðir, Svartagil, Veiðilækur, Einifell, Arnarholt, Hlöðutún, Stafholt, Svarfhóll, Melkot, Flóðatangi.

5. gr.

Veiði öll skal óheimil í ánni nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Skal fram tekið í veiðileyfi, að eigi sé heimilt að nota önnur veiðitæki en

stöng, (samanber þó síðustu málsgrein annarrar greinar), til hve langs tíma leyfið sé veitt, og á hverju svæði árinnar það heimili að veiða.

6. gr.

Félagsstjórnin hefur heimild til að leigja einstökum mönnum eða félögum alla ána eða hluta af henni um tiltekið árabil, þó aldrei fyrir lengri tíma í einu en 5 ár. Í slíkum samningi skal jafnan tekið fram, með hve mörgum stöngum megi veiða samtímis á hinu leigða veiðisvæði og önnur skilyrði fyrir veiðinni.

7. gr.

Stjórn félagsins skipa 5 menn, formaður og 4 meðstjórnendur og jafnmargir til vara. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Stjórnin skal kosin á aðalfundi til þriggja ára í senn, en 2 ganga úr stjórn á fyrsta og öðru ári en 1 á þriðja ári.

Aðalfundur kýs einnig tvo endurskoðendur félagsreikninga og jafnmarga til vara.

8. gr.

Stjórnin hefur á hendi umsjón með öllum framkvæmdum félagsins milli aðalfunda. Hún hefur og eftirlit með því að samþykktum félagsins sé hlítt, og má ráða mann sér til aðstoðar til þess að hafa eftirlit með veiðinni o. fl.

9. gr.

Aðalfundur félagsins skal haldinn eigi síðar en 15. júní. Aðalfund skal boða með auglýsingu í Ríkisútvarpinu tvo daga í röð eða bréflega eigi síðar en viku fyrir fundardag. Á fundi skal liggja frammi skrá um atkvæðisbæra félagsmenn. Nú er ráðgert að breyta samþykktum eða arðskrá og skal þess getið í fundarboði. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram áætlun og tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þar leggur hún fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá. Hann kveður og á um laun stjórnar og annarra starfsmanna félagsins. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á fundum. Þó verður breyting á samþykkt eða arðskrá að hljóta samþykki $^2/_3$ félagsmanna.

10. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt **arðskrá**, sem lögmætur fundur hefur samþykkt. Um gildistíma og endurskoðun fer eins og segir í 50. gr. laga nr. 76/1970 frá 25. júní 1970 um lax- og silungsveiði. Kostnað af starfsemi félagsins skulu félagsmenn greiða í sama hlutfalli, sem þeir taka arð.

11. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum samkvæmt lögum um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hluta eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 12. nóvember 1973.

Halldór E. Sigurðsson.

Ragnheiður Árnadóttir.

SAMÞYKKT

fyrir Veiðifélagið Hvítá.

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélagið Hvítá. Heimili þess og varnarþing er þar, sem formaður er búsettur.

2. gr.

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að Hvítá í Borgarfirði, frá ósi hennar í sjó upp að félagssvæði Veiðifélags Hvítár og Norðlingafljóts.

Eftirtaldar jarðir eru aðilar að félaginu: Einarsnes, Bóndhóll, Holt, Beigaldi, Brennistaðir, Ölvaldsstaðir I, Ölvaldsstaðir II, Ölvaldsstaðir IV, Ferjukot, Hvanneyri, Ferjubakki I, Ferjubakki II, Ferjubakki III, Hvítárvellir I, Hvítárvellir II, Þingsnes I, Þingnes II, Árbakki, Hofsstaðir, Tómasarhagi, Hvítárbakki I, Hvítárbakki II, Vindheimar, Stafholt, Melkot, Flóðatangi, Svarfhóll, Laugarholt, Langholt, Neðranes, Kaðalstaðir I, Kaðalstaðir II, Stafholtsey I, Stafholtsey II, Hamraendar.

3. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda og auka góða fiskirækt á félagssvæðinu og ráðstafa veiði hverju sinni. Til þess að slík framkvæmd nái fram að ganga, þurfa ⅔ félagsmanna að samþykkja hana. Félagið nær til allrar veiði á félagssvæðinu.

4. gr.

Stjórn félagsins skipa 3 menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl, þannig að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár, og hinn eftir þrjú ár, og helst sú röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur ár hvert.

5. gr.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Stjórnin fer með öll mál, er félagið varða, milli aðalfunda, sér um fjárreiður þess og framkvæmdir.

6. gr.

Aðalfundur félagsins skal haldinn árlega í maí—júní. Um boðun og atkvæðisrétt fer eftir lögum um lax- og silungsveiði. Á aðalfundi skýrir stjórn frá framkvæmdum síðastliðins árs og leggur fram endurskoðaða reikninga til samþykktar. Þar skal ræða og gera ályktanir um framtíðarstarf félagsins og annað, er það varðar.

7. gr.

Kostnaði af starfsemi félagsins skal jafna niður eftir arðskrá, er félagið lætur semja og hlotið hefur staðfestingu. Standi félagsmaður ekki skil á greiðslum til félagsins innan árs frá gjalddaga, skal borið undir aðalfund, hvort neyta skuli lögtaksréttar.

8. gr.

Samþykkt þessari má breyta á aðalfundi, ef ⅔ félagsmanna samþykkja það, enda sé þess getið í fundarboði, að um slíka breytingu sé að ræða.

9. gr.

Brot á samþykkt þessari varða sektum samkv. lögum um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hluta eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 12. nóvember 1973.

Halldór E. Sigurðsson.

Ragnheiður Árnadóttir.

13. nóvember 1973. Nr. 326.

REGLUGERÐ

um vistun lyfjafræðistúdenta til verklegs náms.

1. gr.

Fyrir 1. mars ár hvert skal prófessor sá, sem veitir lyfjafræði lyfsala forstöðu (aðalkennari), gefa menntamálaráðuneyti og rektor Háskóla Íslands upplýsingar um þann fjölda nýstúdenta, sem hægt er að veita viðtöku. Við greinda upplýsingagjörð hafi aðalkennari samráð við heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið og Apótekarafélag Íslands sbr. 3. gr.

2. gr.

Eigi síðar en í febrúar ár hvert skal aðalkennari tilkynna Apótekarafélagi Íslands um þann fjölda nýstúdenta, sem væntanlega þarf að vista á komandi sumri.

3. gr.

Fyrir 1. júní ár hvert skal aðalkennari ákveða í samráði við heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið og Apótekarafélag Íslands hvaða lyfjabúðir hafa skyldu eða rétt til þess að taka við stúdent til námsdvalar. Skal við þá ákvörðun taka tillit til búnaðar og mannafla lyfjabúðar.

Ráðuneytið getur einnig heimilað, að aðrir en lyfjabúðir taki við stúdentum til námsdvalar, enda uppfylli þeir aðilar tilteknar skyldur um búnað og mannafla.

4. gr.

Hafi aðalkennari gert náms- og vistunarsamning við lyfsala um vistun stúdents, er stúdentinn skyldur til að þiggja þá vistun og skal að því stefnt, ef ástæður leyfa, að stúdentinn hljóti a.m.k. hluta þjálfunar sinnar í lyfjabúð utan Reykjavíkursvæðisins.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 34. gr. lyfsölulaga nr. 30 29. apríl 1963, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 13. nóvember 1973.

Magnús Kjartansson.

Páll Sigurðsson

AUGLÝSING

um notkun heimildar skv. 21. tl. 3. gr. tollskrárlaga nr. 1 11. febrúar 1970.

Ráðuneytið hefur ákveðið að nota heimild í 21. tl. 3. gr. laga nr. 1 11. febrúar 1970, um tollskrá o. fl., til að fella niður aðflutningsgjöld af eftirtöldum vélum, tækjum, fylgihlutum og viðgerðarefnum, sem ætluð eru til nota í flugvélum eða í beinum tengslum við þær, enda stundi innflytjandi flugrekstur eða hafi fengið viðurkenningu samgönguráðuneytisins til að framleiða eða gera við flugvélar:

Nr.	Toll-flokkur	Vöru- og tækjaheiti
1	27.10.60	Smurningsolía, þ. á m. háhitasmurolía.
2	27.10.79	Háþrýstivökvi.
3	28.35.00	Mólýbden disúlfíð duft.
4	28.54.00	Tvíildi.
5	29.02.00	Arklone P, L og W. Hreinsiefni fyrir ýmis nákvæmistæki úr flugvélum, sem hreinsuð eru í þar til gerðum vélum.
6	29.04.21	Ísvarnarvökvi.
7	32.12.00	Súrþéttiefni. Þéttiefni (t. d. Epocast og kísilefnablanda).
8	34.02.09	Yfirborðsvirk hreinsiefni (t. d. Alkaline 280, Ardrox og Cee-Bee).
9	34.03.00	Festivarnarefni (antiseize).
10	34.05.01	Flugvélabón (t. d. Joue Wadpole).
11	35.06.01	Lím til flugvélaviðgerða.
12	36.04.00	Hvellhettur fyrir slökkvitæki.
13	36.08.00	Hylki með eldfimum efnum vegna lóðninga.
14	37.01.01	Röntgenfilmur (crystallex films, microtex films).
15	38.17.00	Slökkviefni.
16	38.19.11	Háþrýstivökvi (t. d. Skydrol).
17	38.19.19	Hvatar. Framkallari vegna röntgenskoðunar og málmþreytuleitar. Rakasalt. Herðar. Hálkuvari (safety walk). Magnaglo efni (dry concentrate) til notkunar við leit að málmþreytu með rafsegli.
18	39.01.02	Fenóplast (phenolic microballons). Polyureth.
19	39.02.83	Teflonpípur.
20	39.07.37	Tengi, t. d. fyrir háþrýstileiðslur í flugvélum. Tappar o. fl. plastvörur til tækninota í flugvélum.
21	39.07.45	Ljósskýlur (Lens) úr plasti fyrir flugvélar.
22	39.07.89	Bréfamöppur fyrir vinnuskjöl frá framleiðendum flugvéla. Möppurnar eru merktar framleiðendunum, t. d. Boeing o. s. frv.
23	40.09.09	Slöngur úr gúmmíi.
24	40.14.04	Þéttingar, t. d. í háþrýstitæki og mæla fyrir hemla, glugga og hurðir í flugvélum.

Nr.	Toll-flokkur	Vöru- og tækjaheiti
25	40.14.05	Vörur úr gúmmíi til tækninota í flugvélum.
26	42.04.00	Vörur úr leðri til tækninota í flugvélum.
27	45.04.03	Þéttingar úr korki, t. d. fyrir ýmiss konar skoðunarlúgur í flugvélum.
28	48.18.00	Bréfamöppur fyrir vinnuskjöl frá framleiðendum flugvéla. Möppurnar eru merktar framleiðendunum.
29	49.06.00	Tæknilegir uppdrættir.
30	49.11.01	Prentað mál, t. d. sérfræðilegir upplýsingabæklingar (service bulletins). Plötur úr plasti með áletrun t. d. upplýsingar um, hvar neyðarútgangur er.
31	49.11.09	Óútfyllt prentuð eyðublöð, t. d. farseðlar.
32	49.19.09	Áprentaðir merkimiðar á farangur farþega (Baggage tags).
33	58.02.09	Gólfteppi, tilsniðin í flugvélar.
34	62.02.09	Gluggatjöld, tilsniðin í flugvélar.
35	62.05.02	Björgunarvesti. Björgunarrennur (chutes). Háð samþykki skipaskoðunarstjóra.
36	62.05.03	Öryggisbelti.
37	62.05.09	Viðvörunarborðar.
38	68.06.00	Hálkuvari (safety walk). Trefjaull (scotchbrite) með slípiefni.
39	68.13.01	Þéttingar í útblásturskerfi flugvéla.
40	68.13.09	Vörur úr asbesti til tækninota í flugvélar.
41	70.08.00	Glerrúður, sérstaklega gerðar í flugvélar.
42	73.14.09	Öryggisbindivír.
43	73.20.00	Tengi, t. d. fyrir háþrýstikerfi í flugvélum.
44	73.24.00	Súrefnisflöskur.
45	73.29.03	Keðjur, notaðar t. d. við stjórn á jafnvægisstýrum.
46	73.32.00	Boltar, rær, skífur, notaðar á fjölmörgum stöðum í flugvélum, t. d. í sambandi við festingu á hjólabúnaði, hæðar- og hliðarstýrum, enn fremur varnaglar, augaboltar, spenniklemmur o. fl.
47	73.35.00	Fjaðrir og gormar, notað á fjölmörgum stöðum í flugvélum, t. d. í sambandi við hjóla- og stýrisbúnað o. fl.
48	73.40.59	Baulur og slönguklemmur. Læsingasmellur og krækjur á varningsfestingabönd í flugvélum.
49	74.03.02	Öryggisbindivír.
50	74.08.00	Tengi í súrefnis- og mælitækjakerfi í flugvélum.
51	74.15.00	Boltar, rær, skífur, hnoð, aðallega notað við festingar flugmælitækja.
52	76.02.01	Prófílar úr áli.
53	76.03.00	Álplötur.
54	76.04.09	Álborðar.
55	76.06.01	Prófílpípur úr áli.
56	76.06.09	Álpípur.
57	76.07.00	Tengi í súrefnis- og mælatækjakerfi í flugvélum.
58	76.16.03	Hnoð, boltar, skrúfur o. þ. h. úr áli, notað við smíði (samsetningu) flugvéla.
59	82.03.00	Tengur, gatjárn, pípuskerar, þjalir, skrúflyklar, klippur, enda sérstaklega gert til viðgerða á flugvélum.

Nr.	Toll-flokkur	Vöru- og tækjaheiti
60	82.04.00	Handverkfæri ýmiss konar, m. a. dragar (pullers), enda sérstaklega gerð til viðgerða á flugvélum.
61	82.05.00	Skiptiverkfæri, t. d. í loftbora (til að hnoða, skrúfa o. s. frv.), rafmagnsborvélar o. fl., enda sérstaklega gerð til viðgerða á flugvélum.
62	83.01.00	Lásar, sérstaklega gerðir í flugvélar.
63	83.02.00	Dyralokur og lamir, t. d. úr áli, notað m. a. á skoðunarlúgur. Stangarlamir.
64	83.07.02	Siglingaljós.
65	83.09.00	Holhnoð úr áli, notuð við smíði og viðgerðir á flugvélum á stöðum, sem ekki er hægt að koma verkfærum við. Er þá notast við sérstök tæki, sem fletja út enda hnoðanna.
66	83.14.00	Plötur með áletrun, t. d. í mælaborð flugvéla (t. d. metacal).
67	84.10.09	Háþrýstidælur og eldsneytisdælur í flugvélar.
68	84.11.09	Sogdælur í flugvélar, Þjöppur í flugvélar.
69	84.17.14	Rafmagnskaffivélar fyrir flugvélar, enda gerðar fyrir straum og spennu, sem notuð eru í flugvélum.
70	84.17.19	Olíukælar til kælingar á smurolíu flugvéla.
71	84.18.29	Olíusíur í flugvélahreyfla. Síur með ávirka eiginleika (Alumina).
72	84.21.00	Fjarstýrð slökkvitæki í flugvélahreyfla, sérstaklega hönnuð fyrir það hlutverk. Blásturshreinsitæki.
73	84.22.09	Tjakkar til að lyfta flugvélum og stórum hlutum þeirra. Talíur, notaðar við ísetningu og úrlosun hreyfla, svo og við tilfærslu á stærstu hlutum flugvéla, t. d. vængjum, hliðar- og hæðarstýrum o. fl.
74	84.49.00	Loftborar, mikið notaðir við viðhald og viðgerð flugvéla, hnoðun o. fl., enda sérstaklega gerðir í því skyni.
75	84.59.29	Órafknúinn ræsibúnaður, þ. e. Auxiliary Power Units, loftknúinn og notaður við ræsingu þotuhreyfla. Rúðuþurrkur, hannaðar fyrir flugvélar. Hreyfar (actuators), t. d. til að lyfta og setja niður hjólabúnað, opna og loka hjólhúsi flugvéla o. s. frv.
76	84.61.09	Lokar og hanar, notaðir t. d. á fjölmörgum stöðum í háþrýstikerfi og bensínkerfi flugvéla.
77	84.62.00	Kúlu-, kefla- og nálaleg, notuð víða í flugvélum, t. d. hjólaleg og leg í jafnvægis-, hæðar- og hliðarstýrum.
78	84.64.00	Þéttihringir (plötur), t. d. í olíusíur flugvélahreyfla.
79	85.01.09	Rafhreyflar til að knýja ýmiss konar útbúnað á flugvélum. Afriðlar, spennar við ræsingu hreyfla o. fl.
80	85.03.09	Rafhlöður (aircraft batteries).
81	85.04.09	Rafgeymar, venjulega 24—27½ volt. Einnig aðrar gerðir, t. d. neyðarrafgeyma.
82	85.05.00	Rafmagnsborvélar, enda sérstaklega gerðar til flugvélaviðgerða.
83	85.08.00	Rafbúnaður, t. d. rafkerti o. fl., sem bundið er flugvélahreyflum.
84	85.12.07	Rafmagnshitaelement, t. d. vegna útskolunar frá salernum flugvéla, til varnar gegn frosti. Einnig til hitunar á Pitot-pípu fyrir flughraðamæla o. fl.
85	85.13.00	Sambyggðir heyrnar- og hljóðnemar handa flugáhöfnum (headset).

Nr.	Toll-flokkur	Vöru- og tækjaheiti
86	85.14.00	Eyrnaskjól með heyrnartæki. Hljóðnemar.
87	85.15.31	Ratsjár og radíómiðunartæki í flugvélar. Neyðarsendar í flugvélar.
88	85.15.32	Radíósendi- og móttökutæki í flugvélar, þar með neyðarsendar.
89	85.17.01	Rafmagns brunaaðvörunarkerfi.
90	85.17.09	Rafmagnsbúin hljóð- og ljósmerkjatæki í flugvélar, t. d. blikkandi ljós.
91	85.18.01	Rafmagnsþéttar í radíó- og ratsjártæki í flugvélar.
92	85.19.01	Rofar allt að 5 og yfir 30 amper.
93	85.19.02	Viðnám.
94	85.19.03	Falir.
95	85.19.04	Rafleiðar að 5 amper.
96	85.19.05	Vör að 5 amper.
97	85.19.06	Tengibúnaður undir 5 amper.
98	85.19.07	Skiptarar.
99	85.19.09	Aðrir rofar og tengibúnaður. Allt fyrir ýmis tæki í flugvélum.
100	85.20.00	Rafmagnsperur í ýmis lýsingartæki í flugvélum.
101	85.21.00	Rafeindalampar, smárar og kristallar í ratsjár og radíótæki í flugvélum, einnig ljósnemar.
102	85.22.20	Rafmagnshituð affrysti- og daggarþurrkutæki fyrir rúður í flugvélum.
103	85.23.09	Einangraður rafmagnsþráður, sérstaklega hannaður fyrir rafmagnskerfi, ratsjár og radíókerfi í flugvélum.
104	85.25.00	Einangrarar, t. d. fyrir flugvélaloftnet.
105	87.14.01	Farþegatröppur, byggðar á vagn. Farangursvagnar. Hjól fyrir hreyfilstól.
106	89.01.21	Björgunarbátar. Háð samþykki skipaskoðunarstjóra.
107	90.02.09	Linsur í umgerð (stækkandi), t. d. vegna álestrar á lóran og fleiri tæki í flugvélum.
108	90.04.01	Reykgleraugu til notkunar fyrir flugmenn ef reykur myndast í stjórnklefa. Glerin hafa þann eiginleika, að vel sést, þótt mikill reykur myndist.
109	90.14.01	Áttavitar í flugvélar. Sjálfstýritæki í flugvélar.
110	90.14.09	Hæðarmælar. Lofthraðamælar. Stig- og fallmælar. Gervisjónhringsmælar (artificial horizons). Beygju- og hallamælar. Mach-mælar. Hraðabreytimælar (accelerometers). (Eingöngu í flugvélar).
111	90.16.00	Reikniskífur, hornamælar, míkrómælar, hnoðamælar (Gauge-Rivets), átaksmælar, enda notað sérstaklega í sambandi við viðgerðir flugvéla.
112	90.18.00	Súrefnisöndunartæki, notuð í flugvélum, komi til öndunarerfiðleiða vegna mikillar flughæðar.

113	90.22.00	Tæki til mekanískrar prófunar á styrkleika og þrýstiþoli, t. d. hörkumælar og styrkmælar fyrir dúka vegna flugvélaviðgerða.
114	90.23.02	Hitamælar, notaðir í flugvélum við uppkeyrslu.
115	90.24.01	Hitastillar, t. d. notaðir í hitakerfi flugvéla.
116	90.24.09	Þrýstimælar, t. d. í háþrýstikerfi og fyrir þrýsting andrúmslofts í flugvélum. Magnmælar og rennslismælar, t. d. fyrir eldsneyti flugvéla.
117	90.26.29	Mælar, sem sýna t. d. eyðslu eldsneytis o. fl. miðað við ákveðinn tíma eða vegalengd, sérstaklega gerðir fyrir flugvélar.
118	90.27.01	Snúningshraðamælar fyrir flugvélar.
119	90.27.09	Ýmsir teljarar til notkunar í flugvélum.
120	90.28.09	Amper og voltmælar, einnig aðrir rafmagnsmælar í stjórnborði flugvéla.
121	90.29.09	Varahlutir í mælitæki, sem njóta undanþágu í tollskrárnúmerum 90.23, 90.24 og 90,26 til 90.28.
122	91.03.00	Klukkur, sérstaklega gerðar fyrir flugvélar.
123	91.11.00	Varahlutir í klukkur, sem flokkast undir 91.03.00.
124	94.01.09	Sæti í flugvélar.

Framangreind undanþága tekur einungis til þeirra innflutningsaðila, sem stunda rekstur og viðgerðir á flugvélum í atvinnuskyni. Í vafatilfellum ber umsækjanda að sýna tollyfirvöldum fram á með vottorði viðkomandi skattstofu, að hann hafi haft meiri hluta atvinnutekna sinna af flugvélarekstri, flugvélaframleiðslu, eða flugvélaviðgerðum næstliðið skattár.

Með auglýsingu þessari er felld úr gildi auglýsing ráðuneytisins frá 4. júní 1970, um sama efni.

Fjármálaráðuneytið, 14. nóvember 1973.

F. h. r.
Jón Sigurðsson.

Þorsteinn Ólafsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 33 — 1973

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 118 9. september 1954 um sölu og veitingar áfengis.

1. gr.

8. gr. orðist svo:

Veitingastað skal heimilt að leggja allt að 40% á kaupverð hans á áfengi, þegar neytendum er selt það í heilum eða hálfum flöskum, en þegar sala fer fram í minni skömmtum er veitingastað heimilt að leggja allt að 80% á kaupverðið. Á verðið eins og það hefur verið ákveðið samkvæmt framansögðu má einungis leggja þjónustugjald og söluskatt, eftir þeim reglum, sem um þau gjöld gilda.

Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins skal semja verðskrá yfir útsöluverð áfengis á veitingastað, sem gestir eiga aðgang að. Skal í verðskránni miðað við það, að endanlegt verð veitinga til neytenda standi ávallt á heilum eða hálfum tug króna, þannig að verðið hækki eða lækki í þá fjárhæð samkvæmt almennum reglum.

Áfengisskammtur skal miðaður við 3 cl. Óheimilt skal að nota önnur mælitæki en þau, sem hlotið hafa löggildingu.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt áfengislögum nr. 82 2. júlí 1969, öðlast þegar gildi.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 321 20. desember 1972 um breytingu á reglugerð nr. 118 9. september 1954, um sölu og veitingar áfengis.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 21. nóvember 1973.

Ólafur Jóhannesson.

Ólafur W. Stefánsson.

Stjórnartíðindi B 33, nr. 328. Útgáfudagur 23. nóvember 1973.

B 78

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

Nr. 329. 614 9. nóvember 1973.

SAMÞYKKT

um sveitarstjóra í Vatnsleysustrandarhreppi í Gullbringusýslu.

1. gr.

Hreppsnefnd kýs sveitarstjóra eftir hverjar almennar hreppsnefndarkosningar, og er kjörtímabil hans hið sama og kjörtímabil hreppsnefndar.

2. gr.

Sveitarstjóri á sæti á fundum hreppsnefndar og hefur óbundið málfrelsi og tillögurétt, en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins, að hann sé hreppsnefndarmaður.

3. gr.

Sveitarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana þeirra, sem hreppsnefnd gerir, og hreppsmála yfirleitt. Hann sér um, að öll störf, sem nefndin á að annast, séu framkvæmd. Hann annast innheimtu á öllum tekjum hreppssjóðs og fyrirtækja hans, eftir því sem hreppsnefnd ákveður. Hann er féhirðir hreppsnefndar og reikningshaldari, semur allar skýrslur hennar og reikninga, annast alla bókun og bréfaviðskipti. Hann geymir bækur nefndarinnar, innstæðufé hreppsins, verðbréf og önnur skjöl og hvað annað, sem hreppnum tilheyrir og hreppsnefndin á að bera ábyrgð á.

Í forföllum sveitarstjóra skal oddviti annast störf hans.

4. gr.

Laun sveitarstjóra skulu ákveðin í ráðningarsamningi þeim, sem um getur í 5. gr., og greiðast þau úr sveitarsjóði.

5. gr.

Oddviti skal fyrir hönd hreppsnefndar gera ráðningarsamning við sveitarstjóra, eftir að ráðning hans hefur verið samþykkt af hreppsnefnd, og skal þar nánar kveðið á um kjör hans, orlof, skrifstofutíma, lífeyri og annað það, sem nauðsynlegt er hverju sinni, og skal ráðningarsamningurinn samþykktur af hreppsnefnd.

Uppsagnarfrestur af hendi hvors aðila er 6 mánuðir.

6. gr.

Nú gerist sveitarstjóri sekur um stórfellda og ítrekaða vanrækslu og hirðuleysi í starfi og skeytir ekki áminningum hreppsnefndar, getur hún þá með fundarsamþykkt vikið honum frá störfum, en tilkynna skal hún félagsmálaráðuneytinu þessa frávikningu, svo fljótt sem við verður komið. Hreppsnefnd ákveður, hvort oddviti eða annar hreppsnefndarmaður taki við starfi sveitarstjóra og gegni því uns sveitarstjóri hefur verið ráðinn að nýju.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Vatnsleysustrandarhrepps í Gullbringusýslu hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. mars 1961, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 9. nóvember 1973.

Björn Jónsson.

Hallgrímur Dalberg.

9. nóvember 1973. Nr. 330.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Sjóð til stuðnings menntastofnunum á Ísafirði, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 9. nóvember 1973.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

Sjóðs til stuðnings menntastofnunum á Ísafirði.

1. gr.

Sjóðurinn heitir: Sjóður til stuðnings menntastofnunum á Ísafirði.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af hjónunum Kristínu S. Kristjánsdóttur og Jóni Guðjónssyni, fyrrv. bæjarstjóra á Ísafirði, á Sjómannadaginn 4. júní 1972.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 507 315.30 — fimmhundruð og sjöþúsund þrjúhundruð og fimmtán krónur 30/100 —. Tekjur sjóðsins eru vextir af stofnfé og gjafir, er honum kunna að áskotnast. Einnig getur stjórn sjóðsins aflað honum tekna með öðrum hætti.

Sjóðurinn skal ávaxtast á tryggilegan hátt eftir ráðstöfun sjóðsstjórnarinnar.

4. gr.

Sjóðnum skal stjórnað af 5 manna stjórn og skipa hana fulltrúar eftirtaldra samtaka og skólastofnana á Ísafirði:

Alþýðusamband Vestfjarða, Sjómannadagsráð Ísafjarðar, Útvegsmannafélag Vestfjarða, Menntaskólinn á Ísafirði og Sjómannaskólinn á Ísafirði.

Meðan sérstakur sjómannaskóli er ekki starfandi á Ísafirði, skal sæti skólans í sjóðsstjórninni skipað fulltrúum þeirrar skólastofnunar bæjarins, sem hefur sjómannafræðslu á námsskrá sinni.

Stjórnin kýs sér formann, og skal hann jafnframt vera reikningshaldari sjóðsins. Endurskoðaðir reikningar sjóðsins skulu lagðir fyrir sjóðsstjórnina fyrir Sjómannadag ár hvert. Skulu þeir endurskoðaðir af bæjarstjóranum á Ísafirði og Skattstjóranum í Vestfjarðaumdæmi.

Stjórn sjóðsins skal halda gerðabók og skal rita í hana skipulagsskrá þessa, fundargerðir, ársreikninga sjóðsins og ályktanir sjóðsstjórnar.

5. gr.

Markmið sjóðsins skal vera, að hlúa að þeim menntastofnunum, sem starfa á Ísafirði, m. a. með tækjakaupum til þeirra.

Einkanlega ber sjóðnum að efla sjómannafræðslu á Ísafirði og hvers konar fræðslu- og vísindastörf í tengslum við atvinnuvegina.

6. gr.

Sjóðsstjórnin metur, hvenær hún telur sjóðinn hafa bolmagn til styrkveitinga.

7. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Ísafjörður, 7. júní 1973.

Í stjórn Sjóðs til stuðnings menntastofnunum á Ísafirði

Pétur Sigurðsson
fulltrúi Alþýðusambands Vestfjarða.

Kristján Jónsson
fulltrúi Sjómannadagsráðs Ísafjarðar.

Jón Baldvin Hannibalsson
fulltrúi Menntaskólans á Ísafirði.

Jón Páll Halldórsson
fulltrúi Útvegsmannafélags Vestfjarða.

Aage Steinsson
fulltrúi Iðnskóla Ísafjarðar.

Nr. 331. 14. nóvember 1973.

AUGLÝSING

um skipulag í Borgarhafnarhreppi í Austur-Skaftafellsýslu.

Að fengnum tillögum skipulagsstjórnar ríkisins hefur ráðuneytið, samkvæmt heimild í 4. gr. 2. mgr. skipulagslaga nr. 19 21. maí 1964, ákveðið, að ákvæði skipulagslaga nr. 19/1964 nái til Borgarhafnarhrepps í Austur-Skaftafellssýslu.

Þetta er hér með birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 14. nóvember 1973.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

Nr. 332. 13. nóvember 1973.

ARÐSKRÁ

Veiðifélags Þingvallavatns.

	Einingar
Þjóðgarður	17.5
Arnarfell	5.5
Mjóanes	10.5
Miðfell	9.0

	Einingar
Kaldárhöfði	3.0
Steingrímsstöð	0.5
Villingavatn	3.5
Ölfusvatn	5.5
Krókur	2.5
Hagavík	4.5
Nesjavellir	4.5
Nesjar	8.0
Heiðarbær I	5.5
Heiðarbær II	5.5
Skálabrekka	5.0
Kárastaðir	5.5
Brúsastaðir	1.5
Sandey	2.5
	100.00

Arðskráin gildi næstu fimm ár.

Arðskrá þessi er gerð samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 13. nóvember 1973.

Halldór E. Sigurðsson.

Ragnheiður Árnadóttir.

14. nóvember 1973. Nr. 333.

BRUNAMÁLASAMÞYKKT

fyrir Ísafjarðarkaupstað.

I.

Stjórn brunamála.

1. gr.

Bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar skal annast og kosta brunaeftirlit og brunavarnir í kaupstaðnum, samkvæmt ákvæðum laga nr. 55 22. maí 1969 um brunavarnir og brunamál, og reglugerðar þessarar, og hafa eftirlit með, að þeim sé hlýtt.

2. gr.

Brunamálanefnd fer með brunamálefni bæjarins undir yfirstjórn bæjarstjórnar. Slökkviliðsstjóri eða í forföllum hans varaslökkviliðsstjóri skal sitja fundi brunamálanefndar með málfrelsi og tillögurétti, en ekki atkvæðisrétti.

Brunamálanefnd skal skipuð 5 mönnum, sem kosnir eru af bæjarstjórn. Brunamálanefnd kýs sér formann úr hópi nefndarmanna.

3. gr.

Brunamálanefnd gerir tillögur til bæjarstjórnar um öll mál, er snerta brunamál kaupstaðarins.

Bæjarstjórn skipar slökkviliðsstjóra og varaslökkviliðsstjóra, til þriggja ára í senn og aðra starfsmenn slökkviliðsins, að fengnum tillögum brunamálanefndar, er

leitar umsagnar slökkviliðsstjóra um ráðningu slökkviliðsmanna. Brunamálanefnd setur þeim erindisbréf, en bæjarstjórn ákveður þeim laun eða þóknun fyrir starf þeirra, er greiðist úr bæjarsjóði.

4. gr.

Brunamálanefnd skal hafa á hendi undir umsjón bæjarstjórnar, eftirlit með brunavörnum og slökkviliði. Hún skal sjá um, að framkvæmd þessara mála sé samkvæmt lögum og reglugerðum, og láta sér annt um nauðsynlegar umbætur á þessu sviði.

II.

Slökkvilið og slökkvitæki.

5. gr.

Slökkviliðsstjórinn, en í forföllum hans varaslökkviliðsstjóri, er yfirmaður og stjórnandi alls slökkviliðsins. Hann hefur og umsjón með slökkvitækjum öllum.

Kynna skal almenningi á staðnum á hagkvæman hátt, hver sé slökkviliðsstjóri, hvar hann býr og hverjir séu honum næstir yfirmanna í slökkviliðinu. Slökkviliðsstjóri og varaslökkviliðsstjóri mega aldrei vera báðir burtu af staðnum, nema settur sé varamaður í þeirra stað á meðan, í samráði við brunamálanefnd.

Bæjarstjórn ákveður, eftir tillögum brunamálanefndar, hver einkenni slökkviliðið skuli bera, þegar það er að starfi sínu.

6. gr.

Allir verkfærir karlmenn 18—55 ára að aldri, sem heimilisfastir eru í kaupstaðnum, að undanskildum presti, lækni, lyfsala og símstjóra, og þeim mönnum, sem með læknisvottorði sanna, að þeir séu ekki færir til vinnu, eru skyldir til þjónustu í slökkviliði.

Skulu þeir vera skyldir að mæta við æfingar allt að 4 sinnum á ári og auk þess tafarlaust, hvenær sem eldsvoða ber að höndum. Heimilt er brunamálanefnd að undanþiggja menn 50 ára og eldri, svo og menn aðra en þá, sem taldir eru í 1. málsgrein, er hafa sérstökum störfum að gegna.

Slökkviliðsstjóra er heimilt að kveðja svo marga menn til aðstoðar við að slökkva eld, sem hann telur þörf fyrir, og getur enginn skorast undan þeirri skyldu. Þeir, sem þannig taka þátt í slökkvistarfi eða æfingum, skulu inna það af hendi endurgjaldslaust, en hafa sama skaðabótarétt á hendur bæjarsjóði, sem slökkviliðsmenn.

Heimilt er bæjarstjórn að ákveða með sérstakri samþykkt, að liðsmenn slökkviliðsins fái greiðslur fyrir hverja klukkustund, er þeir eru sérstaklega til þess kvaddir að vinna í þjónustu þess við æfingar, eða við að slökkva eld.

Bæjarstjórn er heimilt að ákveða, að slökkviliðið skuli skipað fastráðnum liðsmönnum og ákveða tölu þeirra og þóknun fyrir starfið. Má þá jafnframt takmarka þegnskyldu til þjónustu í slökkviliði eða fella hana niður.

Það er skylda hvers og eins, sem viðstaddur er eldsvoða, hvort sem hann er í slökkviliðinu eða ekki, að láta í té alla þá aðstoð, sem hann getur, ef slökkviliðsstjórinn krefst þess, og hlýða í öllu fyrirskipunum slökkviliðsstjóra.

Það er skylda hvers eins, er verður var við, að eldsvoði sé að koma upp, að hefja viðvörunarkall og gera slökkviliðinu aðvart á þann hátt, sem fyrir er mælt í samþykkt eða á annan hátt.

7. gr.

Slökkviliðsstjóra er skylt að sjá um, að æfingar séu haldnar eigi færri en fjórar á ári.

Slökkviliðsstjóri stjórnar æfingum slökkviliðsins, og ber ábyrgð á, að ávallt

séu nógu margir í slökkviliðinu, og það sé vel æft. Þegar eldsvoða ber að höndum, ákveður hann hvernig slökkviliðinu skuli fyrir komi, og allt hvað gera skuli til þess að slökkva eldinn og varna útbreiðslu hans. Heimilt er að rífa niður hús til varnar útbreiðslu elds, ef slökkviliðsstjóri álítur það nauðsynlegt eða sá, er fer með umboð hans við eldsvoðann.

Ef slökkviliðsstjóri er forfallaður gengur varaslökkviliðsstjóri í hans stað, og sé hann heldur ekki viðstaddur, þá hefur yfirstjórn á hendi sá af liðsmönnum, sem slökkviliðsstjóri, í samráði við brunamálanefnd, hefur fyrir fram ákveðið til þess.

Slökkviliðsstjóri getur sagt upp liðsmönnum slökkviliðsins án nokkurs fyrirvara, ef hann finnur ástæðu til, og ráðið aðra í þeirra stað til bráðabirgða, en Brunamálanefnd ræður síðan menn í stað þeirra, sem vikið hefur verið úr liðinu. Þeir, sem þannig er vikið frá störfum, hafa rétt til að leggja mál sín fyrir bæjarstjórn til úrskurðar.

8. gr.

Sérhver slökkviliðsmaður er, að viðlagðri sekt, skyldur til að mæta til æfinga og til þess að slökkva eld, þegar hann er til þess kallaður, hvar sem hann er innan lögsagnarumdæmis kaupstaðarins, og hlýða þá í öllum atriðum öllu því, er yfirmaður hans skipar honum. Enginn má heldur, án leyfis yfirmanna, yfirgefa eldsvoða, áður en slökkt er, né slökkviliðsæfingu, áður en henni er lokið.

9. gr.

Lögreglustjóri eða fulltrúi hans skal, ásamt lögregluliði kaupstaðarins, annast löggæslu við slökkviliðsæfingar og eldsvoða. Við æfingar og eldsvoða skal lögregluliðið vera undir yfirstjórn slökkviliðsstjóra.

Lögregluliðið skal í samráði við slökkviliðsstjóra halda uppi góðri reglu við eldsvoða og æfingar, sjá slökkviliðinu fyrir greiðum aðgangi að brunastað, stöðva umferð um nærliggjandi götur, afgirða svæði, sem slökkviliðið þarf fyrir áhöld sín, fjarlægja þaðan allt óviðkomandi fólk og taka í sína umsjá muni, sem bjargað er frá bruna, þar til þeir eru afhentir réttum aðilum. Brunamálanefnd kveður til aðstoðar lögregluliðinu hæfilega marga menn meðal þeirra, er skyldir eru til þess að vera í slökkviliðinu.

10. gr.

Slökkviliðsmenn allir, sem tilkvaddir eru af slökkviliðsstjóra, skulu skyldir að hlýða boðum hans og annarra yfirmanna sinna. Þeir skulu njóta verndar og réttinda opinberra starfsmanna, þá er þeir eru að starfi sínu. Slökkviliðsmenn og aðrir, sem vinna að eldvörnum eftir kvaðningu slökkviliðsstjóra eða lögreglustjóra, skulu vera slysatryggðir við æfingar og störf sín í þágu eldvarna, samkvæmt ákvæðum laga um slysatryggingu.

Þeir, sem skemma föt sín í þágu eldvarna, eiga rétt á að fá skemmdirnar endurgreiddar úr bæjarsjóði, enda séu þau ekki vátryggð gegn eldtjóni í einhverju brunabótafélagi. Skemmdir skal meta, ef ekki næst samkomulag.

11. gr.

Ísafjarðarbær skal jafnan kappkosta að eiga þau slökkviáhöld og tæki til öryggis eða björgunar úr eldi, er Brunamálastofnun ríkisins telur nauðsynlegt að hann eigi í þessu skyni.

Settir skulu upp hæfilega margir brunahanar í bænum og skulu þeir staðsettir í samráði við slökkviliðsstjóra. Ávallt skal tryggja sem best, að jafnan sé nægilegt vatn til að slökkva eld.

Vatnsveitustjóri, eða annar umsjónarmaður Vatnsveitu Ísafjarðar skal sjá um, að brunahanar séu í fullkomnu lagi, og annast vatnsveitan allt viðhald er að því lýtur.

Slökkviliðsstjóri eða starfsmenn hans skulu sjá um reglulega prófun á brunahönum, og skal slökkviliðsstjóri tilkynna vatnsveitustjóra eða umsjónarmanni vatnsveitunnar hverjir ágallar hafa komið fram við prófun, og skulu þeir sjá um, að viðgerð fari fram strax og hægt er.

Enginn má taka vatn úr brunahönum, né hreyfa við þeim að nokkru leyti, nema hann hafi til þess fengið leyfi slökkviliðsstjóra eða vatnsveitustjóra.

Slökkviáhöld skal geyma í slökkvistöð í eldtraustum húsakynnum, eftir því sem við verður komið.

12. gr.

Skylt er sérhverjum húseiganda að leyfa, að vatn sé tekið úr vatnshönum í húsi hans til að slökkva með eld, gegn fullu endurgjaldi úr bæjarsjóði fyrir skemmdir á húsi og öðrum fjármunum, sem af því hlýst, og má enginn, sem í húsinu er, leggja tálmanir fyrir, að slökkviliðið hafi greiðan aðgang að vatnshönum í húsinu. Meðan verið er að slökkva eld, eru bæjarbúar skyldir að takmarka vatnsnotkun sína svo, að þeir noti vatn aðeins til nauðsynlegustu heimilisþarfa.

13. gr.

Ef hús brennur þar, sem vatnsveita liggur ekki að, eða vatn úr brunahönum nægir ekki, er sérhverjum skylt að lána þau tæki, er hann hefur, til að flytja í vatn og leyfa, að vatn sé tekið úr vatnsbólum þeim, sem á lóð hans eru, eða hann hefur umráð yfir. Ef tæki, sem lánað hefur verið, skemmist eða týnist, skal fullt endurgjald koma fyrir úr bæjarsjóði.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um brunavarnir og brunamál nr. 55/1969, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 14. nóvember 1973.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

Nr. 334. 16. nóvember 1973.

REGLUGERÐ

um hámarksfjölda leigubifreiða á félagssvæði Vörubílstjórafélagsins Þjóts.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til félagssvæðis Vörubílstjórafélagsins Þjóts, Akranesi, en það nær yfir Akraneskaupstað og Borgarfjarðarsýslu.

2. gr.

Fjöldi leigubifreiða til vöruflutninga á svæðinu takmarkast við lágmarkstöluna 26. Þó skal í engu skerða atvinnuréttindi þeirra manna, sem á lögmætan hátt stunda leigubílaakstur til vöruflutninga á félagssvæðinu, sbr. 8. gr. laga nr. 36 frá 9. maí 1970 um leigubifreiðar. Þessa tölu má endurskoða á tveggja ára fresti. Áður en ákvörðun er tekin um nýja hámarkstölu skal leita umsagnar Vörubílstjórafélagsins Þjóts, bæjarstjórnar Akraness og sýslunefndar Borgarfjarðarsýslu.

3. gr.

Öllum er óheimilt að stunda leiguakstur á vörubifreiðum á félagssvæði Vörubílstjórafélagsins Þjóts á Akranesi utan þeirrar stöðvar.

Leiguakstur telst það, þegar vörubifreið er seld á leigu ásamt ökumanni til flutninga á vörum fyrir tiltekið gjald, þar sem ökumaður eða eigandi bifreiðarinnar er hvorki eigandi, seljandi né kaupandi vörunnar, sem flutt er.

Vörubifreiðar, sem aka frá stöðinni, skulu auðkenndar árlega með sérstöku merki.

4. gr.

Tvisvar á ári, þ. e. í aprílmánuði og októbermánuði, veitir Vörubílstjórafélagið Þjótur viðtöku nýjum umsóknum um afgreiðslu fyrir vörubifreiðar á stöð félagsins. Skal þá bæta við þeim fjölda vörubifreiða á stöðina, er nægir til þess að fylla hámarkstöluna 26. Gildar umsóknir skulu teknar til greina aðallega eftir biðtímalengd og tímaröð, án tillits til þess hvar á félagssvæðinu umsækjendur eru búsettir, uns framangreindu marki er náð.

5. gr.

Reglugerð þessi tekur ekki til sendiferðabifreiða. Enn fremur tekur reglugerðin ekki til vörubifreiða, sem eru eign einstakra atvinnufyrirtækja og eigi eru notaðar til leiguaksturs.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 36 9. maí 1970, um leigubifreiðar, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 187 frá 30. nóvember 1959 um hámarkstölu vörubifreiða á Akranesi.

Samgönguráðuneytið, 16. nóvember 1973.

Björn Jónsson.

Kristinn Gunnarsson.

19. nóvember 1973. Nr. 335.

SAMÞYKKT

fyrir Veiðifélag Brunnár.

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Brunnár. Heimili þess og varnarþing, er Öxarfjarðarhreppur, Norður-Þingeyjarsýslu.

2. gr.

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að fiskgengu vatnasvæði Brunnár, þó ekki Sandá, en þær eru: Daðastaðir, Núpur, Akursel 1 og 2, Hróastaðir, Ærlækjarsel 2, Þverá, Klifshagi 1 og 2, Leifsstaðir, Víðines, Ærlækur, Gilsbakki, Gilhagi og Hafrafellstunga 1 og 2.

3. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskigengd á félagssvæðinu, og ráðstafa veiði eftir því sem aðalfundur ákveður hverju sinni. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.

4. gr.

Stjórn félagsins skipa þrír menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig, að

formaður gengur úr eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár, og hinn eftir þrjú ár, og helst svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig, að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi úr annað árið, og hinn hitt árið.

5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum. Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

6. gr.

Aðalfund skal halda í janúarmánuði ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu ári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.

7. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.

8. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

9. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 19. nóvember 1973.

Halldór E. Sigurðsson.

Ragnheiður Árnadóttir.

Nr. 336. 19. nóvember 1973.

ARÐSKRÁ

fyrir Veiðifélag Brunnár og vatnasvæði hennar.

Daðastaðir, Presthólahreppi	6%
Núpur, Öxarfjarðarhreppi	10%
Akursel 1 og 2	5%
Hróastaðir	2.5%
Ærlækjarsel 2	2.5%
Þverá	12%

Klifshagi 1 og 2	20%
Leifsstaðir	10%
Ærlækur og Víðines	7%
Hafrafellstunga 1 og 2	13%
Gilsbakki	6%
Gilhagi	6%
	100%

Arðskrá þessi er gerð samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 19. nóvember 1973.

Halldór E. Sigurðsson.

Ragnheiður Árnadóttir.

20. nóvember 1973. Nr. 337.

AUGLÝSING

um breytingu á verði lyfja samkvæmt Sérlyfjaskrá, Lyfjaverðskrá II, Lyfjagreiðsluskrá Tryggingastofnunar ríkisins frá 1. júlí 1972.

Frá og með 10. desember 1973 tekur gildi breyting við Sérlyfjaskrá, Lyfjaverðskrá II, Lyfjagreiðsluskrá Tryggingastofnunar ríkisins frá 1. júlí 1972.

Samkvæmt því hækkar útsöluverð lyfja eins og það er greint í skránum um 14.1%. Jafnframt fellur úr gildi 10.6% hækkun, er tók gildi 20. júlí 1973.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 20. nóvember 1973.

Magnús Kjartansson.

Páll Sigurðsson.

20. nóvember 1973. Nr. 338.

REGLUGERÐ

um gerð lyfseðla og afgreiðslu lyfja.

1. gr.

Almenn ákvæði um lyfseðla.

Lyfseðill er lyfjaávísun læknis, tannlæknis eða dýralæknis, er lækningaleyfi hefur hér á landi. Lyfseðill skal vera dagsettur og undirritaður eigin hendi læknis (dýralæknis, tannlæknis). Dýralæknum er þó einungis heimilt að ávísa lyfjum til dýralækninga (sbr. 12. gr.) og tannlæknum nánar tilgreindum lyfjum (sbr. 13. gr.). Svipta má lækni rétti til þess að ávísa tilgreindum ávana- og fíknilyfjum (sbr. 23. gr. læknalaga nr. 80 23. júní 1969).

Einungis lyfsalar (sbr. 5. gr.) og aðrir lyfsöluleyfishafar (héraðslæknar, þar sem ekki er lyfjabúð, og dýralæknar) mega afhenda lyf gegn lyfseðli. Vegna eftirlits lyfsala og annarra lyfsöluleyfishafa með að lyfjaávísanir séu gefnar út í sam-

ræmi við fyrirmæli þessarar greinar, gefur ráðuneytið út tilkynningu um sérhvert veitt lækningaleyfi ásamt sýnishorni af undirritun viðkomandi læknis.

Lyfseðil skal stíla á nafn sjúklings eða á foreldri eða forráðamann, ef sjúklingur er barn að aldri. Dýralæknar skulu stíla lyfseðil á eiganda þess dýrs, sem lyf er ætlað. Magn lyfja, sem ávísað er með lyfseðli, skal vera við hæfi sjúklings. Hlíta skal um gerð lyfseðla settum reglum (sbr. 3. gr.) og gera þá svo úr garði, að ekkert orki tvímælis.

Heimilt er lækni, dýralækni eða tannlækni (sbr. 13. gr.) að ávísa sjálfum sér með lyfseðli hæfilegu magni lyfja til nota í starfi. Heimilt er lækni, er starfar á spítala, heilsuverndarstöð, lækningastöð eða öðrum hliðstæðum stofnunum, á sama hátt að ávísa slíkum stofnunum nauðsynlegu magni lyfja. Heimilt er lækni enn fremur að ávísa skipstjóra eða flugstjóra lyfjum í lyfjakistur skipa (sbr. 16. gr.) og loftfara. Þá er lækni heimilt að ávísa húsráðanda eða verkstjóra hæfilegu magni algengra lyfja til nota á heimili eða vinnustað, ef veikindi eða slys bæri að höndum.

Nú er læknisefni, sem ekki hefur að fullu lokið námi eða verið veitt lækningaleyfi, veitt tímabundið lækningaleyfi til þess að gegna ákveðnu starfi (sbr. 4. gr. læknalaga). Hefur læknisefni þá, meðan lækningaleyfi þess gildir, fullan rétt á borð við lækna að ávísa lyfjum með lyfseðli.

Ef læknisefni, sem hefur að fullu lokið námi (kandídat), en ekki verið veitt lækningaleyfi, starfar á spítaladeild, heilsuverndarstöð eða hliðstæðri stofnun, er því heimilt að fengnu samþykki hlutaðeigandi yfirlæknis að ávísa slíkri stofnun eða sjúklingum, sem þar eru til lækninga, lyfjum með lyfseðli, sem með prentuðu máli er auðkenndur stofnuninni, enda þótt læknisefninu hafi ekki verið veitt tímabundið lækningaleyfi. Þó er læknisefninu í slíkum tilvikum ekki heimilt að ávísa ávana- og fíknilyfjum, sbr. 6. gr., né ávísa lyfjum í síma. Hlutaðeigandi yfirlæknir, er læknisefni starfar hjá, ber ábyrgð á lyfjaávísunum þessum.

2. gr.

Óheimilt er að ávísa með lyfseðli eiturefnum nema því aðeins, að hlutaðeigandi efni séu einnig í lyfjaskrá eða viðurkenndum lyfjaforskriftabókum og látin úti í þeim formum, sem þar greinir. Um útlát eiturefna fer samkvæmt lögum um eiturefni og hættuleg efni nr. 85 31. desember 1968.

3. gr.

Gerð lyfseðla.

a. Lyfseðill læknis skal jafnan ritaður með bleki á staðlað eyðublað í því formi, sem greint er í viðauka 4 með reglugerð þessari. Á eyðublaðið skal prentað (stimplað) nafn, staða, heimilisfang og símanúmer útgefanda. Útgefandi má aðeins rita annars vegar á lyfseðilseyðublað. Ef lyfseðill er með annarri rithönd en útgefanda eða vélritaður skal útgefandi staðfesta hverja lyfjaávísun (ordination) sérstaklega um leið og hann undirritar lyfseðilinn. Að öðru leyti en því, að ekki er skylt að rita lyfseðla tannlækna og dýralækna á stöðluð eyðublöð, gilda allar sömu meginreglur um útlit og frágang slíkra lyfseðla og um lyfseðla lækna.

b. Heiti lyfs eða samsetning skal að jafnaði rita á latínu, svo og fyrirmæli um það á hvern hátt lyfið óskast gert, ef um forskriftarlyfseðil (ordinatio magistralis) er að ræða. Þunga lyfs skal tilgreina í grömmum, millígrömmum eða míkrógrömmum og rita þyngdareiningarheitin fullum stöfum eða með venjulegum skammstöfunum þeirra: g, mg og míkróg. Óheimilt er að nota aðrar skammstafanir. Ef þungi er tilgreindur með tugabroti, er óheimilt að rita núll næst á eftir kommu. Óskist lyf gert eftir annarri forskriftarbók en gildandi lyfjaskrá (lyfseðlasöfnum), skal þess greinilega getið á lyfseðli. Ef ávísað er lyfi með einu

virku efni, og lyfið er skráð í lyfjaskrá (lyfseðlasafni), án þess að styrkleiki sé ákveðinn (rammaforskrift), þá skal útgefandi geta styrkleika á lyfseðlinum.

Sérlyfjum skal jafnan ávísað í því magni, sem þau eru seld í frá framleiðanda og leitast við að rjúfa ekki pakkningu. Heimilt er að nota sérlyf í lyfjablöndur, ef óskað er, nema bann sé lagt við annars staðar. Um gerð símalyfseðla og lyfseðla á ávana- og fíknilyf vísast til 4. gr. og 6. gr. Ráðherra getur staðlað pakkningar annarra lyfja en sérlyfja og skal þeim þá jafnan ávísað með tilliti til þess. Lyfjafræðingi er heimilt að breyta ávísuðu magni á lyfseðli í næstu stöðluðu pakkningu.

c. Þess skal getið á íslensku eða á máli viðtakanda, hvernig lyf skuli nota. Nú er um lyf að ræða, sem hefur tilgreindan hámarksskammt í gildandi lyfjaskrá (lyfseðlasafni) og má þá ekki afhenda lyfið nema nákvæmlega sé getið, hversu stóra skammta skuli taka af lyfinu og hve oft.

d. Óski læknir (dýralæknir) að gefinn sé stærri skammtur af lyfi en nemur hámarksskammti (einstökum skammti eða dagskammti), má ekki láta lyfið af hendi, nema skammtar þess séu á lyfseðlinum ritaðir bæði með tölustöfum og bókstöfum.

e. Nú tiltekur læknir (dýralæknir, tannlæknir) á lyfseðli, hversu oft megi láta lyf af hendi, eða með hve löngu millibili, og skal þessa þá getið neðan við notkunarfyrirsögn þeirrar lyfjaávísunar, er þetta á við um. Sjá 7. gr.

f. Geta skal þess á lyfseðli, hvaða manni eða dýri lyfið er ætlað, sbr. 1. gr. Jafnframt nafni sjúklings skal geta heimilisfangs hans eða heimilisfangs eiganda dýrs, ef um dýr er að ræða. Ef ávísað er lyfi, sem ætlað er barni yngra en 12 ára, skal stíla lyfseðil á foreldri eða forráðamann, en láta samtímis getið nafns barnsins og aldurs.

g. Ef þörf er á, að lyf eða sáraumbúðir sé afgreitt án tafar, skrifar útgefandi orðið **Cito** eða annað orð sömu merkingar á lyfseðilinn.

h. Lyfseðil skal ávallt dagsetja, sbr. 1. gr., og má ekki láta úti lyf eftir honum nema svo sé.

i. Ákvæði c-, e- og f-liða þessarar greinar taka ekki til lyfseðla, er hljóða á lyf ætluð sjúkrahúsum, heilsuverndar- eða lækningastöðvum eða öðrum slíkum stofnunum eða læknum (dýralæknum, tannlæknum) til notkunar við eigin störf, sbr. 1. gr. Ef lyfseðill hljóðar á lyf, sem útgefandi hyggst nota við störf sín eða handa sjálfum sér, skal hann árita hann orðunum **til eigin nota, ad usum proprium** eða **mihi.**

j. Lyfseðill skal vera greinilega ritaður og engar skammstafanir viðhafðar, er geta valdið misskilningi. Skorti á, að lyfseðill sé rétt úr garði gerður, ber útgefanda að svara til þeirra mistaka, er það kann að hafa í för með sér.

4. gr.

Símaávísun lyfja.

a. Við ávísun lyfja í síma skal gæta fyrirmæla 1. og 3. gr. að svo miklu leyti, sem þau eiga við, svo og ákvæða þessarar greinar. Vegna mistaka, er leitt geta af misheyrn eða misskilningi í síma, skal takmarka símaávísanir lyfja, svo sem frekast er unnt.

b. Einungis lyfsala sjálfum eða lyfjafræðingi[1]) er heimilt að rita lyfseðil, sem lesinn er í síma. Á sama hátt er lækni (tannlækni, dýralækni) einum heimilt að lesa lyfseðil í síma. Útgefandi skal geta nafns síns, stöðu og heimilisfangs svo og númers þess síma, er hann notar. Ef þörf gerist, skal viðtakandi krefja út-

1) Með lyfjafræðingi í reglugerð þessari er einnig átt við aðstoðarlyfjafræðing, nema annars sé getið.

gefanda um aðrar upplýsingar, er nægja til þess að sanna, að útgefandi segi rétt til sín.

c. Útgefandi skal hafa lyfseðilinn yfir þannig, að viðtakanda gefist tími til þess að eftirrita hann þegar í stað á þar til gert símalyfseðilseyðublað. Að því loknu skal lesa lyfseðilinn í símann fyrir útgefanda. Auk heitis lyfs, ávísaðs magns og fyrirmæla um notkun, skal viðtakandi rita á símalyfseðilseyðublaðið nafn útgefanda og stöðu hans (læknir, tannlæknir, dýralæknir) og heimilisfang, ef það er nauðsynlegt til auðkenningar, nafn (fangamark) sitt, dagsetningu, nafn sjúklings og heimilisfang og nafn barns og aldur, ef lyfið er ætlað barni.

d. Á símalyfseðilseyðublað skal vera prentað orðið SÍMALYFSEÐILL, nafn lyfjabúðarinnar og númer eyðublaðsins í töluröð. Skal eyðublaðið vera í samræmi við texta svo sem sýnt er í viðauka 3 með reglugerð þessari. Símalyfseðil skal rita í tvíriti. Skal frumritið notað við afgreiðslu lyfsins, en samriti haldið eftir. Samritið skal geyma í eitt ár frá ritun þess en síðan brenna það eða eyðileggja á tryggilegan hátt. Óheimilt er að afgreiða lyf oftar en einu sinni gegn sama símalyfseðli, sbr. 7. gr. Símalyfseðilseyðublað má einungis nota til þess að rita lyfseðil, sem lesinn hefur verið í síma, svo og þær leiðréttingar, er gerðar kunna að verða á lyfseðlinum í samráði við útgefanda, sbr. 5. gr.

e. Sérákvæði gilda um símalyfseðla, sem hljóða á ávana- og fíknilyf, sbr. 6. gr.

5. gr.

Almenn ákvæði um afgreiðslu lyfja eftir lyfseðli.

a. Lyfjafræðingur skal hafa vakandi auga á misritun og öðrum villum, er fyrir kunna að koma á lyfseðli og að lyfseðillinn sé að öðru leyti ritaður í samræmi við gildandi fyrirmæli. Þegar tilbúningi lyfs er lokið, skal lyfjafræðingur gæta þess sérstaklega að rétt sé afgreitt og að lyf sé rétt áritað með því að bera áritun saman við lyfseðil. Lyfjafræðingur sá, er eftirlitið annast, skal árita lyfseðilinn fangamarki sínu með bleki til staðfestingar.

b. Ef ástæða er til þess að ætla, að lyfseðill sé ekki svo úr garði gerður, sem útgefandi kynni að hafa ætlast til, t. d. notkunarfyrirsögn ósennileg eða villandi, magn með ólíkindum eða breytingar, sem gerðar hafa verið á lyfseðli ósennilegar, skal lyfjafræðingur gera útgefanda viðvart. Í slíkum tilvikum má ekki láta úti lyf gegn lyfseðli, fyrr en hann hefur verið borinn undir útgefanda og leiðréttur, ef útgefandi kynni að óska þess. Ef lyfseðill er svo úr garði gerður, að hann brýtur í bága við ákvæði 1. og 3. gr. að framan, má ekki láta úti lyf gegn honum fyrr en hann hefur verið leiðréttur að höfðu samráði við útgefanda.

c. Fyrirspurnir varðandi vafaatriði við afgreiðslu lyfja samkvæmt lyfseðli skulu gerðar af lyfjafræðingi. Allar breytingar eða leiðréttingar, sem gerðar eru á lyfseðli í samráði við útgefanda, skulu ritaðar greinilega á lyfseðilinn. Í slíkum tilvikum skal sá, er fyrirspurn gerir, merkja lyfseðilinn dagsetningu og fangamarki sínu með bleki.

d. Ef lyf er tilgreint á lyfseðli með öðru nafni en því, sem greint er í gildandi lyfjaskrá (lyfseðlasafni) skal engu að síður afhenda lyfið, ef nafnið er skýrt og ótvírætt er, hvað átt er við.

e. Ef tilgreint er á lyfseðli lyf, sem í gildandi lyfjaskrá (lyfseðlasafni) er frábrugðið að samsetningu því, sem það var í eldri útgáfu, skal þó afhenda það eftir gildandi lyfjaskrá (lyfseðlasafni) og engu að síður, þó að það sé tilgreint með eldra nafni, nema þess sé beinlínis getið á lyfseðlinum, að lyfið óskist eftir annarri tilgreindri lyfjaskrá (lyfseðlasafni).

f. Ef læknir óskar eftir óskráðu lyfi undir heitunum **solutio, spiritus** eða **oleum** skal lyfið afhent leyst í vatni, sterkum vínanda eða jarðhnetuolíu.

g. Ef lyf er tilgreint á lyfseðli með sama heiti og því, er það hefur í gildandi lyfjaskrá (lyfseðlasafni), en með öðrum styrkleika, skal það gert með sama hætti og hið **skráða** lyf og sama virkt efni (salt, efnasamband) notað, nema annars sé beinlínis getið á lyfseðlinum[1]). Nú er lyf tilgreint á lyfseðli með öðru heiti en hinu **skráða** og með öðrum styrkleika og skal þá magn virks efnis í lyfi ávallt tilgreint með sama hætti og á við um hið skráða lyf og magn virks efnis við hann miðaður[2]).

h. Ef tilgreint er á lyfseðli ósamsett lyf (lyf, sem inniheldur eitt virkt efni) og styrkleika er ekki getið, er óheimilt að láta lyfið úti gegn lyfseðlinum, fyrr en gengið hefur verið úr skugga um hjá útgefanda, hvaða styrkleika er óskað.

i. Magn adrenalínbítartrats og noradrenalínbítartrats í lausnum skal miða við hreint adrenalín og hreint noradrenalín. Hljóði lyfseðill t. d. á Solutio adrenalini bitartratis 0.1%, skal láta úti lausn, er inniheldur 0.1% af adrenalíni, þ. e. a. s. 0.182% af adrenalínbítartrati. Lyfið skal áletra: Solutio adrenalini 0.1%. Sama gildir um útlát noradrenalínbítartratlausna.

6. gr.
Um ávana- og fíknilyf.

1. Lyfsalar, aðrir lyfsöluleyfishafar og aðrir, er greinir í 5. gr., reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíknilyfja, skulu halda eftir eða skrá á sérstök eyðublöð samkvæmt nánari leiðbeiningum lyfseðla og aðrar lyfjaávísanir, er hljóði á eftirtalin ávana- og fíknilyf svo og sölt þeirra og hvers konar samsetningar:

a) Aethylmorphinum, ef það er leyst eitt virkra efna í vatni, sprittblöndu, sykurblöndu eða þess háttar. Enn fremur í öðrum formum, ef magn fer fram úr 1 g.

Allypropymalum
Amfepramonum
Amphetaminum
Chlorphenterminum
Cocainum, ef innihald er umfram 0.1% af kókaíni.
Codeinum, ef það er eitt virkra efna leyst í vatni, sprittblöndu, sykurblöndu eða þess háttar. Enn fremur í öðrum formum, ef magn fer fram úr 1 g.
Dexamphetaminum
Dextromethorphanum
Dextromoramidum
Dextropropoxiphenum, ef magn fer fram úr 1.6 g.
Diacetylmorphinum
Diphenoxylatum, nema lyf í samsetningum, sem innihalda 2.5 mg af difenoxýlati í hverjum skammti og atrópínsúlfat í magni, sem samsvarar eigi minna en einum hundraðshluta af innihaldi difenoxýlats.

---

1) Sem dæmi má nefna: Ef lyfseðill hljóðar á Tablettae codeini 10 mg skal láta úti töflur, sem innihalda 10 mg af kódínfosfati. Ef beðið er um Rhinoguttae ephedrini 0.5% skal láti úti 0.5% efedrínklóríðlausn, sem í hefur verið bætt 0.1% af metýlparoxíbenzóati og 0.74% af natríumklóríði. Sé hins vegar óskað eftir Solutio ephedrini chloridi 0.5%, skal láta úti 0.5% af efedrínklóríði leyst í vatni, sbr. f-lið hér að ofan, og það engu að síður þótt nota eigi sem nefdropa.

2) Sem dæmi má nefna: Ef lyfseðill hljóðar á Injectabile riboflavini 2 mg/ml skal magn það af natríumríbóflavínfosfati, sem notað er svara til þess að stungulyfið innihaldi 2 mg/ml af ríbóflavíni. Ef óskað er eftir Injectabile theophyllamini 10% skal láta úti stungulyf, sem inniheldur 10% af teófýllíni auk etýlendíamínhýdrats, sjá i-lið hér á eftir.

Fentanylum
Glutethimidum
Hydroconum
Hydromorphonum
Isomethadonum
Ketobemidonum
Levorphanolum
Meballymalum
Mebumalum
Meprobamatum
Methadonum
Methamphetaminum
Methaqualonum
Methylphenidatum
Metoponum
Morphinum, ef innihald er umfram 0.2% af morfíni.
Nicomorphinum
Normethadonum
Opium, ef magn fer umfram 1 g. Óblandaðir ópíumsdropar og ópíumstöflur eru þá ávallt eftirritunarskyld.
Oxiconum
Pemolinum
Pentazocinum
Pentymalum
Pethidinum
Phenmetralinum (sbr. þó auglýsingu ráðherra nr. 48/1969 um bann við sölu þessa efnis).
Phenterminum
Tetraponum, sbr. morfín.
Thebaconum.

b) Önnur lyf, sem greind eru á listum A og B í viðauka 2 við reglugerð þessa.

2. Eigi má ávísa einstaklingi í einu þeim ávana- og fíknilyfjum, er nú verða talin, eða söltum þeirra, í meira magni en hér greinir:

I. Amphetaminum, Dexamphetaminum og Methamphetaminum 0.15 g
II. Methylphenidatum 0.3 g
III. Chlordiazepoxidum, Diazepamum, Flurazepamum, Medazepamum, Nitrazepamum og Oxazepamum 0.5 g
IV. Aethallymalum, Allypropymalum, Diallymalum, Hexemalum, Heptamalum, Meballymalum, Mebumalum og Pentymalum 3.0 g
V. Apronalum, Diemalum, Enhexymalum, Glutethimidum, Methaqualonum og Secumalum 5.0 g
VI. Meprobamatum 20 g
VII. Carisoprodolum, Methocarbamolum og Phenprobamatum 25 g

3. Eigi má ávísa í síma eftirritunarskyldum lyfjum í öðrum formum en hylkjum, skömmtum, stílum eða töflum og eigi í fleiri einingum en 5 handa sama einstaklingi í einu. Ákvæði þessi um fjölda eininga taka ekki til etýlmorfíns og kódíns, ef ávísað er 1 g eða minna, nema því aðeins að í fyrrgreindum lyfjaformum séu einnig önnur eftirritunarskyld lyf. Þá má ávísa í síma allt að 1 g af etýlmorfíni eða kódíni, sem leyst er í vatni, sprittblöndu, sykurblöndu eða öðru þess háttar, eða allt að 1 g af ópíum, sem leyst er í mixtúru, ef eigi eru önnur

eftirritunarskyld lyf með. Enn fremur má ávísa í síma allýprópýmali, mebúmali eða pentýmali til innstungu allt að 3 g.

4. Símalyfseðilseyðublað, sem á er rituð símaávísun á eftirritunarskyld lyf, má ekki nota til ávísunar á önnur lyf.

5. Læknir, (dýralæknir, tannlæknir) er skyldur til þess að lesa lyfjafræðingi fæðingardag og ár eða nafnnúmer þess, sem lyfseðill er stílaður á, þá er hann ávísar eftirritunarskyldum lyfjum í síma.

6. Ef lyfseðli, sem hljóðar á eftirritunarskylt lyf, er í einhverju ábótavant samkvæmt framanskráðu eða ákvæðum 1., 3. eða 4. gr., telst hann ógildur, uns hann hefur verið borinn undir útgefanda og leiðréttur, sbr. þó d-staflið 7. töluliðs.

7. a) Ef lyfseðill hljóðar á eftirritunarskylt lyf, skal áletra hann nafnúmeri þess, sem lyfseðillinn er stílaður á, áður en lyfið er afgreitt. Ef lyfið er afhent öðrum en þeim, sem á lyfseðli er greindur, skal sömuleiðis áletra lyfseðil nafni hans og nafnnúmeri. Lyfseðill á eftirritunarskylt lyf gildir einungis eina afgreiðslu. Skal síðan merkja hann fullnægjandi ógildingarmerki.

   b) Ef útlendingur framvísar lyfseðli á eftirritunarskylt lyf, skal við afgreiðslu árita hann heiti heimalands og vegabréfsnúmeri, ef hlutaðeigandi er vegabréfsskyldur.

   c) Ef eftirritunarskyldum lyfjum er ávísað í síma, skal lyfjafræðingur fullvissa sig um (með upphringingu eða á annan hátt), að sá, sem lyfseðil les (læknir, tannlæknir, dýralæknir) sé einn og hinn sami og hann segist vera. Þessa gerist ekki þörf, ef ótvíræðir kunnugleikar eru á milli þess, sem lyfseðilinn les, og hins, sem veitir honum viðtöku.

   d) Ef lyfjum þeim, sem talin eru í 2. tölulið er ávísað í hylkjum, skömmtum, stílum eða töflum og einingarfjöldi er meiri en svarar til þess hámarksmagns, sem þar er greint, er lyfjafræðingi skylt að leiðrétta lyfseðilinn með tilliti til þessa, og er honum heimilt að gera það án samráðs við útgefanda. Breytingar á lyfseðlum, gerðar samkvæmt ofansögðu, skal hann auðkenna dagsetningu og fangamarki sínu með penna.

   e) Ef læknir (dýralæknir, tannlæknir) ritar lyfseðil á eftirritunarskylt lyf, skal hann rita öll tölugildi, er varða magn, styrkleika, þunga eða einingafjölda, bæði með tölustöfum og bókstöfum. Lyfseðla á eftirritunarskyld lyf skal rita með penna og undirrita eigin hendi, sbr. einnig ákvæði 3. gr.

   f) Ef ávísað er með sama lyfseðli eftirritunarskyldu ávana- og fíknilyfi og öðrum lyfjum og þau síðarnefndu hafa verið strikuð út af lyfseðlinum, þá er óheimilt að afgreiða hann.

8. Lyfseðla, er hljóða á eftirritunarskyld lyf og hafa verið afgreiddir, skal senda heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu samtímis og eftirritunarskýrslur, enda sé ekki um lyfseðla að ræða, sem sendir eru sjúkrasamlagi til innheimtu.

9. Hlíta skal um afgreiðslu lyfseðla á eftirritunarskyld lyf almennum ákvæðum um afgreiðslu lyfja eftir lyfseðli, sbr. 5. gr., að svo miklu leyti, sem þau eiga við.

7. gr.
Ógilding lyfseðla.

a) Lyfseðlar eru ógildir ári eftir að þeir hafa verið útgefnir, nema annað sé ákveðið, sbr. 11. gr. Símalyfseðill gildir aðeins einu sinni.

b) Ef lyfseðill hljóðar á lyf, sem afgreiða má eftir aftur og aftur samkvæmt sama lyfseðli, sbr. 10. gr., er lækni þó heimilt að tiltaka það með áritun á hann, hve

oft megi láta lyfið af hendi eða með hve löngu millibili, og er lyfjafræðingi þá skylt að fara eftir því.

c) Þegar ekki er heimilt að afgreiða oftar lyf eftir lyfseðli, skal merkja hann fullnægjandi ógildingarmerki, svo sem með því að letra þversum yfir sjálfa forskriftina, með götunarstimpli eða á annan hátt orðin: **Lyfseðillinn er ógildur** eða orðið **Ógilt.** Símalyfseðla skal auðkenna fullnægjandi ógildingarmerki um leið og lyf er látið úti gegn þeim.

8. gr.

Áritun lyfja og umbúðir um lyf.

a. Áritun á umbúðir lyfja, sem látin eru úti gegn lyfseðli, skal vera sem greinilegust. Eftirfarandi atriða skal jafnan getið í áritun:
   1. Nafns og magns lyfs eða samsetningar;
   2. nafns sjúklings (sbr. f-lið 3. gr.), eða hvaða dýri lyfið er ætlað, ef um dýr er að ræða, enda sé þess getið á lyfseðlinum (sbr. þó i-lið 3. gr);
   3. fyrirsagnar um notkun lyfs, að svo miklu leyti, sem hún er greind á lyfseðlinum (sbr. i-lið 3. gr., svo og n-lið 8. gr.);
   4. upphafsstafa nafns þess læknis, er ritað hefur lyfseðilinn;
   5. dagsetningar, er gefur til kynna, hvenær lyfið er afgreitt;
   6. nafns lyfjabúðar (héraðslæknis, (læknis), er lyfsöluleyfi hefur, (dýralæknis));
   7. eiginhandaráritunar (fangamarks) þess með bleki, er afgreiðir lyfið (sbr. og 5. tölulið m-liðs 8. gr.).

   Nú er lyf látið úti í tveimur eða fleiri pakkningum og skal þá áletra eina pakkningu svo sem að ofan greinir, en hina (hinar) einungis samkvæmt 1., 2., 4., 5., 6., 7. lið að ofan. Þegar sérlyf eru látin úti handa sjúkrahúsum og öðrum þess háttar stofnunum í umbúðum, er hafa að geyma margar smærri pakkningar, nægir þá að árita ystu umbúðir lyfsins. Þegar lyf í afmældum skömmtum eru látin úti, þar sem búið er um hvern einstakan skammt sérstaklega, skal auðkenna hverja einingu lyfsins heiti þess. Undanþegin þessum ákvæðum eru legstílar, skeiðarstílar, hylki, skammtar og þarfagangsstautar. Undanþága þessi tekur þó ekki til þynnupökkunar í vélum.

b. Ef um innvortis lyf er að ræða, skal áritun, sbr. 2.—6. tölulið a-liðs hér að ofan, vera á hvítum miða, en útvortis lyfja á rauðum. Áritunarmiða stungulyfja skal auk þess auðkenna sérstaklega með rauðri rák frá neðra vinstra horni til efra hægra horns. Til innvortis lyfja teljast samkvæmt lyfjaskrá þau lyf, sem ætluð eru til að setja inn í líkama manna og dýra, í eða gegnum húð eða slímhimnur, til að setja inn fyrir varir eða inn í nasir, til að setja í rás mjólkurkirtla, inn fyrir þvagrásarop eða inn fyrir leggangsop eða inn fyrir endaþarmsop, í tárapokann, svo og lyf, sem ætluð eru til að koma í vef eða líkamshol, umlukið vessahimnum, sem hefur verið opnað í sambandi við skurðaðgerð. Augnskolvatn, augnsmyrsli, nefsmyrsli, gyllinismyrsli, skeiðarlyf og lyf, sem ætlað er til íkomu í ytra eyra, skal auðkenna rauðum merkimiða.

c. Lyf, sem aðeins má láta úti gegn lyfseðli, skal auðkenna sérstökum miða, sem á er letrað með rauðum bókstöfum á ljósum grunni: **Varúð—Geymið þar, sem börn ná ekki til.** Heimilt er þó að rita þessi varnaðarorð á áritunarmiða skv. a-lið þessarar greinar 2.—7. tölulið.

d. Lyf gildandi lyfjaskrár, lyfseðlasafna og lyfjaforskriftabóka skal áletra hinu skráða latneska heiti (sbr. b-lið 3. gr.). Ef tilgreint er á lyfseðli lyf úr öðrum heimildarritum, skal árita lyfið með því heiti, er þar greinir og tilfæra heiti heimildarrits eða skammstöfun þess á eftir. Ef tilgreint er á lyfseðli lyf, sem

ekki hefur verið birt í heimildarritum, skal árita samsetninguna (sbr. 3. tölulið m-liðs 8. gr.).

e. Ekki má letra á umbúðir lyfs annað nafn, aðra samsetningu, annan styrkleika né annan þunga en nákvæmlega svarar til þess, sem úti er látið. Gildir þetta engu að síður, þótt útgefandi kunni að hafa óskað annars. Ef sérstakar ástæður mæla með því, getur landlæknir þó veitt undanþágur frá þessum fyrirmælum.

f. Ekki má áletra umbúðir lyfs heiti sérlyfs, nema um slíkt sérlyf sé að ræða. Sérlyf má ekki afhenda í stað annars samsvarandi lyfs, nema útgefandi lyfseðils heimili slíkt, og óheimilt er að láta úti annað samsvarandi lyf í stað sérlyfsins. Ef lyfi í lyfjaskrá (lyfseðlasafni), sem ekki er fáanlegt nema sem sérlyf, er ávísað undir heiti lyfjaskrár (lyfseðlasafns), skal afla upplýsinga um það frá útgefanda lyfseðilsins, hvaða sérlyf skuli afhenda.

Nú er sérlyf selt undir samheiti og sé það selt undir sama samheiti, frá tveimur eða fleiri framleiðendum, skal leita upplýsinga hjá útgefanda lyfseðilsins, hvaða lyfs sé óskað, sé það ekki tekið fram á lyfseðlinum.

g. Við áritun sérlyfs skal þess gætt, svo framarlega sem unnt er, að áritunarmiði lyfjabúðar sé ekki límdur yfir merkimiða sérlyfs. Áritunarmiða skal, svo framarlega sem unnt er, líma á glös, túpur o. s. frv., en ekki á ytri pappaumbúðir.

h. Lyf, er botnfalla eða skilja sig við geymslu, skal auðkenna sérstökum miða, sem á er letrað: **Hristið** eða **Hristist.** Töflur, sem á að tyggja, skal auðkenna sérstökum miða, sem á er letrað: **Tyggið vandlega.** Lyf, sem eru með sýruheldri húð (sundrast ekki í maga), skal auðkenna sérstökum miða, sem á er letrað: **Tyggið ekki.** Töflur, er eiga að renna í munni, skal merkja með sérstökum miða, sem á er letrað: **Látið töfluna renna í munni.** Lyf ætluð dýrum skulu greinilega áletruð: **Handa dýrum.** Á umbúðum augn- og eyrnadropa, svo og stungulyfja í hettuglösum skal geta magns og tegundar rotvarnarefnis, er notað er. Um stungulyf gildir, að í áritun skal ævinlega greina styrkleika þeirra með tilliti til milligramma í millilítra (mg/ml). Skilvökva (dialytica) og skolvökva (irrigabilia), skal áletra með tilliti til gramma í lítra (g/l) og enn fremur með tilliti til millijafngilda í lítra, ef lyfið klofnar í jóna. Sömu ákvæði gilda um innrennslislyf og þynningarlausnir til innrennslis (adfundibilia), nema að þessi lyf skal áletra með tilliti til gramma í 100 ml (g/100). Stungulyf ætluð mönnum, skulu greinilega áletruð eftirgreindum bókstöfum, er gefa til kynna, hvernig lyfið er að jafnaði notað:

M: til að dæla í vöðva.
S: til að dæla undir húð.
T: til að dæla í heila- eða mænuvökva.
V: til að dæla í æð.

Stungulyf, sem samkvæmt fyrirmælum áður gildandi lyfjaskrár, átti að árita bókstöfunum M, S eða V, en ekki eru í gildandi lyfjaskrá, skulu eftir sem áður þannig áritуð, ef þau eru ætluð mönnum. Umbúðir, er hafa að geyma þurrefni, ætluð til framleiðslu á stungulyfjum, skal árita nafni lyfs og magni að viðbættu „ad injectionem". Ef um er að ræða þurrefni, ætluð til framleiðslu innrennslislyfja, skal áletra umbúðir nafni og styrkleika lyfjanna að viðbættu „ad infusionem". Ef ávísað er lyfi, í formi hylkja, skammta, stíla eða taflna, sem inniheldur eitt virkt efni, skal árita magn efnisins í hverri einingu. Fyrr greind atriði með tilliti til styrkleika eiga jafnt við, þótt þeirra sé ekki getið á lyfseðli, sbr. einnig h-lið 5. gr.

i. Stundulyf, sem innihalda morfínklóíð eða annað morfínsalt eða g-strótrófatín eitt virkra efna, má eigi árita „Injectabile", „Ampullae", eða „Lagenulae", ef styrkleiki lyfsins er annar en í gildandi lyfjaskrá. Slík stungulyf ber að árita: Solutio ..... pro injectione, og geta styrkleika þeirra.

j. Stungulyf, sem innihalda prókaínklóríð eitt virkra efna, skal árita: Injectabile procaini non vasoconstringens og geta styrkleika í hundraðshlutum. Sama máli gildir um stungulyf, er innihalda lídókaínklóríð, cínkanklóríð eða tetrakaínklóríð, svo og önnur staðdeyfilyf, er innihalda eitt virkt efni.

k. Lyf í gildandi lyfjaskrá (lyfseðlasöfnum) skulu að öðru leyti árituð svo sem mælt er sérstaklega fyrir um í skránni.

l. Súblímattöflur og merkúríoxýcýaníðtöflur, svo og nikótín-, súblímat- og arsenlausnir, sterkari en 1% ætlaðar dýrum, skal ávallt auðkenna sérstökum miða, sem á er ritað með ljósu letri á dökkan grunn orðið: **Eitur.** Klóramíntöflur og ætiefni (caustica) skal auðkenna sérstökum miða, sem á er ritað með ljósu letri á dökkan grunn: **Varúð—Hættulegt.** Klófenótan og hexicíð skal árita: **Má ekki nota gegn óþrifum á svínum, alifuglum eða mjólkandi dýrum.**

m. **Áletrun lausasölulyfja.** Umbúðir lausasölulyfja skulu auðkenndar merkimiða lyfjabúðar (héraðslæknis, dýralæknis) og skýrt og greinilega getið heitis lyfs og magns (styrkleika). Enn fremur skal eftirfarandi atriða gætt við áritun lausasölulyfja:

1. Lyf í gildandi lyfjaskrá (lyfseðlasafni) skal árita íslensku heiti þess, ef til er, annars hinu latneska heiti í lyfjaskrá.
2. Efni, þar með taldar jurtir og jurtahlutar, sem ekki eru í gildandi lyfjaskrá (lyfseðlasafni) skal árita sem alþýðulegustu verslunarheiti.
3. Ef um samsett lyf er að ræða, sem ekki er í lyfjaskrá (lyfseðlasafni) skal árita samsetninguna á íslensku eða latínu. Nú er hið samsetta lyf gert eftir þekktu forskriftasafni, og má þá nota heiti lyfsins þar að viðbættu heiti forskriftarsafnsins, t. d. með skammstöfun.
4. Ekki má árita notkunarfyrirmæli á lausasölulyf nema með sérstöku samþykki heilbrigðisstjórnarinnar, eða samkvæmt reglum, sem um það kunna að verða settar.
5. Á merkimiða lausasölulyfja, sem gert er hverju sinni, sem um það er beðið, skal lyfjafræðingur sá, er framleiðir lyfið, rita fangamark sitt með bleki og skal geta dagsetningar.
6. Nervínamixtúru (Mixtúra nervina Dan.—'48) skal árita eftirfarandi aðvörunarorðum: **Stöðug og langvarandi notkun getur valdið brómeitrun.**
7. Formalínspíritus með mentóli (Solutio Formaldehydi spirituosa cum Mentholo FNCH '22) skal árita: **Mest 20 dropar í glas af volgu vatni til hálsskolunar.**
8. D-vítamín í skömmtum (límbelgjum, pillum, töflum), skal árita svo sem hér segir, ef hver skammtur inniheldur 600 a. e. eða meira af D-vítamíni: **Venjulegur dagskammtur: 1 límbelgur, 1 pilla eða ein tafla,** eftir því sem við á.
9. Klófenótan og hexicíð, sbr. viðauka 1, skal árita samkvæmt 1-lið 8. gr. Klófenótan, sem nota skal gegn óþrifum á mönnum eða dýrum, skal auðkenna **rauðum** merkimiða og auk þess svo hljóðandi leiðbeiningum um notkun:

Notkunarreglur fyrir klófenótanstráduft:

Duftinu er stráð og núið á þá staði, þar sem óþrifa verður vart. Strá skal duftinu á nærklæðnað beggja vegna og innan á ytri klæði. Duftið vinnur ekki á eggjunum (nitinni), og er því nauðsynlegt að endurtaka meðferðina að fimm til sex dögum liðnum. Ekki skal fara í bað á milli.

Þar fyrir neðan skal vera sérstakur aðvörunarmiði með rauðu letri á ljósum grunni: **Varúð—Geymið þar, sem börn ná ekki til.**

Notkunarreglur fyrir klófenótanspritt:

Kembið hárið með greiðu eða kambi, sem vættur er í sprittinu. Núið síðan sprittinu vel í hárið og hársvörðinn. Sprittið vinnur ekki á eggjunum (nitinni), og er því nauðsynlegt að endurtaka meðferðina að fimm til sex dögum liðnum.

Þar fyrir neðan skal vera sérstakur aðvörunarmiði með rauðu letri á ljósum grunni: **Varúð—Geymið þar, sem börn ná ekki til.**

Ef klófenótan eða hexícíð er selt til að eyða skordýrum í híbýlum, útihúsum, görðum o. s. frv., skal það auðkennt **gulum** merkimiða og orðinu **Skordýraeitur.** Á eftir orðinu skordýraeitur skal í sviga greina samsetningu og styrkleika efnisins í hundraðshlutum. Aðvörunarmiðar skulu þá vera eins og í 10. tölulið hér á eftir.

10. Þau lyf og efni, sem talin eru í þessum tölulið og seld eru í lausasölu, skulu auðkennd **gulum** merkimiða og auk þess tveimur sérstökum miðum, sem á eru letruð greinilega eftirfarandi varnarorð: **Varúð—Hættulegt,** ritað með ljósu letri á dökkan grunn, og **Má ekki geyma hjá eða hella í ílát, sem notuð eru undir matvæli eða lyf. Andið ekki að yður innihaldinu. Neytið þess ekki né látið það liggja á húð. Geymið þar, sem börn ná ekki til.** Þennan miða skal rita rauðu letri á ljósan grunn. Eftirtalin lyf og efni skulu auðkennd samkvæmt ofansögðu:

Acetaldehýð
Bleikivatn, hýpóklórítlausnir, meira en 30 ml
Brennisteinssýra, sterkari en 5%
Díklóredikssýra, sbr. viðauka 1
Fenól (karbólssýra), sterkara en 1%
Flúorkísilsýra
Formalínlausn, sterkari en 4% formaldehýð
Fosfórsýra, sterkari en 5%
Hýdrógenperoxíð, (brintyfirliti, súrvatn) sterkara en 3%
Ísedik, meira en 5 g, sjá 17. tölulið
Kalíumhýdroxíð, (ætikalíum)
Kalíumlútur (kalílútur), sterkari en 3%
Kalíumpermanganat
Kalíumpermanganat, í lausn, sterkara en 3%
Klóramín
Klóramín, í lausn, sterkara en 1%
Klóramínlausnartöflur
Klórkalk
Klórsúlfónsýra
Kresólar
Kresólsápulögur (lýsól), sterkari en 1% kresól
Maurasýra
Metaldehýð
Natríumhýdroxíð (vítisódi, ætinatríum)
Natríumlútur (natrónlútur), sterkari en 3%
Oxalsýra
Pentaklórfenól og sölt þess
Perklórsýra
Salmíakspíritus (ammóníakvatn), sterkari en 3%
Saltpéturssýra, sterkari en 5%
Saltsýra, sterkari en 7%
Silfurnítrat (vítissteinn)

Silfurnítrat í lausn (vítissteinsvatn), sterkari en 2%
Sýrusalt (kalíumtetraoxalat)
Tríklórediksýra, sbr. viðauka 1
Zinkklóríð
Zinkklóríð, í lausn, sterkari en 5%.

11. Eldfim og sprengifim efni skal auðkenna **gulum** merkimiða. Auk þess skal merkja þau sérstökum aðvörunarmiða, sem á er letrað á áberandi hátt: **Eldfimt—Forðist eld og óbyrgt ljós.** Heimilt er að nota til viðbótar miða, sem vekja frekari athygli á eldfimi og sprengifimi þeirra.

Eftirtalin efni, svo og önnur álíka eldfim og sprengifim efni, skal auðkenna eins og framan greinir:
Acetón
Benzen (benzól, steinkolsnafta)
Etri
Kalíumklórat
Natríumklórat
Píkrínsýra
Steinolía.

12. Umbúðir um acetýlsalicýlsýrutöflur (0.5 g) og magnýltöflur (0.5 g), sem eru ætlaðar til lausasölu, skal auðkenna eftirfarandi aðvörun, sem letruð er með rauðum bókstöfum á ljósum grunni:

Varúð—Geymið þar, sem börn ná ekki til. Mesti skammtur handa börnum yngri en 1 árs er 1 tafla á sólarhring.

13. Umbúðir um Guttae A—D-vitamini aquosae og Guttae A—D-vitamini, sem ætlaðir eru til lausasölu, sbr. viðauka 1, skal auðkenna sérstökum miða, sem á er letrað: **A—D-vítamíndropar. Mesti skammtur handa börnum er 3 dropar á sólarhring.** Umbúðir um Guttae A—C—D-vitamini, sem ætlaðir eru til lausasölu, skal auðkenna sérstökum miða, sem á er letrað: **A—C—D-vítamíndropa. Mesti skammtur handa börnum er 7 dropar á sólarhring.**

14. Umbúðir um lyf, er innihalda Anautinum, Cinnarizinum, Diphenhydraminum og Meclozinum og ætluð eru til lausasölu, sbr. viðauka 1, skal auðkenna með rauðum bókstöfum á ljósum grunni: **Varasamt er fyrir stjórnendur ökutækja að nota lyfið. Geymið þar, sem börn ná ekki til.**

15. Própanól, ísóprópanól og joðáburð, sbr. viðauka 1, skal auðkenna rauðum merkimiða og auk þess tveimur aðvörunarmiðum: **Varúð—Hættulegt** með ljósu letri á dökkum grunni, og **Varúð—Geymið þar, sem börn ná ekki til,** með rauðum bókstöfum á ljósum grunni.

16. Bórsýru sbr. viðauka 1, skal auðkenna rauðum merkimiða og auk þess aðvörunarmiða: **Varúð—Geymið þar, sem börn ná ekki til,** með rauðum bókstöfum á ljósum grunni.

17. Edikssýru sterkari en 5% skal auðkenna gulum merkimiða og þeim aðvörunarmiðum, er greinir í 15. tölulið. Auk þess skal sýran auðkennd aðvörunarmiða, sem á er ritað með rauðu letri á ljósan grunn: **Hættulegt að neyta óþynnt.** Um ísedik meira en 5 g, gilda ákvæði 10. töluliðs. Ef ísedik er selt sem vörtueitur, 5 g eða minna, gilda ákvæði 15. töluliðs um merki- og aðvörunarmiða.

18. Klóróform, tetraklóretylen og tríklóretylen, sbr. viðauka 1, svo og benzen, brennisteinskolefni, tólúen og xýlen, skal auðkenna á sama hátt og efni þau, sem talin eru í 10. tölulið. Auk þess skulu ílát merkt svo hljóðandi aðvörunarmiða: **Við alla meðhöndlun er góð loftræsting nauðsynleg. Geymið á köldum stað.**

19. Umbúðir um lyf í fljótandi formi, er innihalda hexaklórófen, ef magn fer fram úr 0.1%, skal auðkenna með rauðum bókstöfum á ljósum grunni: **Gætið þess að lyfið berist ekki inn um vit, og skolið vandlega af með vatni eftir notkun.**
20. Lyf þau, sem seld eru í lausasölu með undanþágu skv. viðauka 1, skulu öll auðkennd aðvörunarmiða með rauðu letri á ljósum grunni: **Varúð—Geymið þar, sem börn ná ekki til.**

n. Við áritun lyfja og efna, sem ætluð eru sjúkrahúsum, heilsuverndar- og lækningastöðvum og öðrum slíkum stofnunum eða læknum (tannlæknum, dýralæknum) til nota við störf sín, skal auk venjulegra áritunar, eftirfarandi atriða gætt:
1. Lyf, sem notuð eru í dropatali skal auðkenna sérstökum miða, sem á er letrað: **Notið í dropatali.**
2. Skráð lyf, er varðveitt skulu í eiturskáp og eru ætluð til útvortis notkunar eða til að bera á slímhimnur, tennur o. s. frv., svo og skráð ætiefni og önnur álíka hættuleg efni, þar með talin leysanleg flúorsambönd, skal auðkenna sérstökum miða, sem á er letrað með ljósum stöfum á dökkan grunn: **Varúð—Hættulegt.**
3. Lyf og sótthreinsunarefni, sem í lyfjabúð skulu auðkennd eiturmerki og þynnt fyrir notkun á sjúkrahúsum, skal auðkenna sérstökum miða, sem á er letrað með ljósum stöfum á dökkan grunn: **Einungis til þynningar.**
4. Geta skal fyrningartíma þar, sem við á.

o. Umbúnaður lyfja skal vera við hæfi og um skráð lyf skal svo búið, svo sem mælt kann að vera sérstaklega fyrir í gildandi lyfjaskrá. Lyf, sem jafnan eru gefin í dropatali, skal afhenda í dropaglasi, eða umbúðum er landlæknir kann að mæla fyrir um. Stráduft skal afhenda í þar til gerðum strábaukum, ef magn fer ekki fram úr 200 g.

p. Þau lyf, er hér á eftir verða talin (sjá tölulið 1., 2. og 3.), og sérstakur háski getur stafað af, skal láta úti í traustum umbúðum, sem þannig eru úr garði gerðar, að þær gefi ekki villandi hugmynd um innihald. Óheimilt er að nota flöskur eða önnur ílát, sem alla jafna eru notuð undir drykkjarföng, lyf eða efni ætluð til matargerðar og líkamssnyrtingar. Ef efni þessi eru fljótandi, skal afhenda þau í sexstrendum glösum eða flöskum, og séu þrír fletirnir með þéttum upphleyptum rákum eftir endilöngu eða í sívölum flöskum með upphleyptum rákum eftir endilöngu. Leyfilegt er þó að nota sívalar flöskur með glertappa, ef magn það, sem úti er látið, fer ekki fram úr 1 lítra:
1. Lyf þau, er greinir í 10. tölulið m-liðs þessarar greinar.
2. Súblímat- og merkúrícýaníðtöflur, súblímat- og nikótínlausnir svo og arsenlausnir, sterkari en 1% ætlaðar dýrum.
3. Mjög eldfimir vökvar eða lausnir, sbr. 11. tölulið m-liðs þessarar greinar, þó ekki etri (eter) og lyf, sem innihalda etra og ætluð eru til innvortis notkunar.

r. Flöskur undir innrennslislyf, skolvökva og skolvatn, sbr. h-lið þessarar greinar, skulu fullnægja fyrirmælum gildandi lyfjaskrár að því er gerð varðar (sbr. I. bindi, bls. 350). Þó skal heimilt að nota flöskur, sem ekki eru úr harðgleri, er hafa verið sílikónhúðaðar á innra borði, undir sítratlausnir til notkunar við blóðgjafir, enda séu flöskur þessar aðeins notaðar í eitt skipti og fullnægja að öðru leyti fyrirmælum lyfjaskrár að því, er gerð varðar.

s. Sýklalyf til notkunar í júgur á kúm skal áletra með bláum bókstöfum á hvítum grunni: **Eftir notkun þessa lyfs er mjólkin óhæf til manneldis í næstu fjóra sólarhringa.**

9. gr.

Afgreiðslutilhögun lyfja.

a. Lyf, sem aðeins má láta úti gegn lyfseðli, eru flokkuð í tvo flokka. Annars vegar eru lyf, sem afgreiða má aftur og aftur gegn sama lyfseðli (sbr. þó b-lið 7. gr.), og eru þau talin í 10. gr. Hins vegar eru lyf, sem heimilt er að afgreiða aðeins einu sinni gegn sama lyfseðli, og eru þau talin í 11. gr. Er flokkun þessi miðuð við, hversu mikilvirkt lyf er, hvernig notað, hugsanlegar eiturverkanir þess o. fl.

b. Afgreiðslutilhögun á lyfjum þeim, sem talin eru í 10. gr. og 11. gr., á einnig við um sölt þeirra, estra og hvers konar samsetningar þeirra, nema annað sé tekið fram.

c. Nú inniheldur lyf tvö eða fleiri efni, og fer þá um afgreiðslutilhögun lyfsins eftir því efni, sem ströngustu fyrirmælum er háð.

d. Sams konar afgreiðslutilhögun á við önnur lyf og efni, sem ekki eru talin í þessari grein, og teljast mega álíka mikilvirk. Afgreiðslutilhögun sérlyfja skal greina í Sérlyfjaskrá (lyfjaverðskrá).

e. Lyf og efni, sem ekki verða heimfærð undir 10. og 11. gr., má láta úti án lyfseðils, ef ekki fer í bága við ákvæði annarra fyrirmæla.

10. gr.

Lyf, sem afgreiða má aftur og aftur gegn sama lyfseðli: R.

a. Acediasulfonnatrium NFN
Acetazolamidum
Acetcarbromalum
Acetphenolisatinum
Acidum acetylsalicylicum
Acidum amidotrizoicum NFN
Acidum boricum
Acidum folicum
Acidum dichloraceticum
Acidum flufenamicum NFN
Acidum jopanocium
Acidum jopodicum NFN
Acidum mefenamicum NFN
Acidum metrizoicum
Acidum nalidixicum NFN
Acidum nicotinicum
Acidum trichloraceticum
Adipheninum NFN
Adipiodonum
Adrenonum
Aether ad narcosin
Aethylendiamini hydras
Aethyli chloridum
Agaricinum
Alimemazinum NFN
Allopurinolum NFN
Aminochinuridum NFN
Aminonitrothiazolum
Aminosalylum
Ammonii fluoridum
Amylii nitris
Antazolinum
Bamipinum NFN
Benzocainum
Bisacodylum NFN
Bromhexinum NFN
Bromisovalum
Broxaldinum NFN
Broxichinolinum NFN
Bupivacinum NFN
Calcii jopodas
Calomel
Cantharis
Carbromalum
Chinidinum
Chininum
Chiniofonum
Chlorbutolum
Chlorchinaldolum NFN
Chlorcyclizinum NFN
Chlorochinum
Chloroformium
Chlorphenoxaminum NFN
Cholini theophyllinas NFN
Chromi trioxidum
Chymotrypsinum NFN
Cinnarizinum NFN
Clemastinum NFN

Cliochinolum NFN
Clobutinolum NFN
Clodantocidum NFN
Clofenotanum
Cobaltosi chloridum
Coffeinum
Corbadrinum NFN
Cyanocobalaminum
Cyclizinum NFN
Cyclopropanum
Cyproheptadinum NFN
Dexchlorpheniraminum NFN
Diaethylcarbamazinum
Dihydralazinum NFN
Dijodoxichinolinum NFN
Diodonum
Diphenanum NFN
Diphenhydraminum
Diphenylaminum
Doxylaminum NFN
Emetinum
Ephedrinum
Erythryli nitras
Euphorbium
Folium belladonnae
Folium hyoscyami
Folium jaborandi
Folium stramonii
Fructus colocynthidis
Glyphyllinum
Halothanum
Halquinol BAN
Herba hyoscyami mutici
Herba lobeliae
Hexachloraethanum í stautum til lækninga
Hexarginum
Hexicidum
Hexylresorcinolum
Hyaluronidasum NFN
Hydralazinum
Hydrargyri amido chloridum
Hydragyri oxidum
Hydrastininum
Hydroxocobalaminum NFN
Indometacinum
Inositoli nicotinas NFN
Isoxsuprinum NFN
Jodoformium
Jodphthaleinum
Jodum
Kalii fluoridum
Kalii stibyli tartras
Kreosotum
Lidocainum
Lithii carhonas
Lithii citras
Lobelinum
Meclozinum
Medrylaminum
Meglumini amidotrizoas NFN
Meglumini metrizoas NFN
Megluminum
Menbutonum NFN
Mepacrinum
Mephenesinum NFN
Mephenterminum NFN
Mepivacinum
Mepyraminum
Metamizolum
Metaraminolum
Methaphenilenum NFN
Methiodalum
Methoxaminum
Methyldopum
Metindizatum NFN
Metoclopramidum NFN
Metronidazolum NFN
Moxisylytum NFN
Natrii amidotrizoas
Natrii calcii edetas
Natrii edetas
Natrii fluoridum
Natrii jopodas
Natrii metrizoas NFN
Natrii monofluorophosphas
Natrii nitris
Natrii paraaminohippuras
Niceritrolum NFN
Necethamidum
Niclosamidum
Nicotinyl Alcohol BAN
Nitrofurazonum
Nitrofurmethonum
Noscapinum
Nylidrinum NFN
Oleum crotonis
Oxamphetaminum NFN
Oxedrinum
Oxichlorochinum NFN
Oxiclozanidum
Oxifedrinum
Oxiphenonum NFN
Pancreatinum

Papaverinum
Pentagastrinum NFN
Pentanitrolum
Pentetrazolum
Phanchinonum NFN
Phenacetinum
Phenazonum
Phenbenzaminum NFN
Phenetidini lactas
Phenindaminum NFN
Pheniodolum
Phenolphthaleinum
Phenolsulfophthaleinum
Phenthiazinum
Pholedrinum NFN
Pilocarpinum
Piperazinum
Podophyllinum
Pralidoximum
Prilocainum NFN
Primachinum
Probenecidum
Procainum
Promethazinum
Propyliodonum
Propyphenazonum
Proximetacainum NFN
Proxiphyllinum NFN
Pyrantelum
Pyrimethaminum
Pyrvinum NFN
Radix ioecacuanhae
Rhizoma filcis
Rotenonum
Salacetamidum NFN
Salicylanilidum NF
Santoninum
Semen colchici
Semen hyoscyami
Semen strychni
Sorbidi nitras NFN
Stannosi fluoridum
Stibophenum NFN
Tetracainum
Tetrachloraethanum
Tetrachloraethylenum
Tetrachlormethanum
Thenalidinum NFN
Theophyllaminum
Theophyllinum
Thonzylaminum NFN
Thurfyl nicotinate BAN
Tocamphylum NFN
Tolazolinum
Toloni chloridum NFN
Trichloraethylenum
Tripelenaminum NFN
Trometamolum
Tuber jalapae
Vinylaether
Xylazinum INN

b. Stungulyf, þar með talin þau, er ætluð eru til sjúkdómsgreiningar, hvort heldur er undir húð, í hold, æðar eða önnur líkamshol, svo og efni afhent í lykjum og öðrum slíkum umbúðum og töflur ætlaðar til tilbúnings slíkra lyfja, enda séu lyf þessi ekki háð afgreiðsluhömlum, sbr. 11. gr.

11. gr.

Lyf, sem afgreiða má aðeins einu sinni gegn sama lyfseðli: RX1. (A).

Acephenazinum NFN
Acetanilidum
Acetarsolum
Acetyldigitoxinum NFN
Acetyldigoxinum
Acetyl Sulfisoxazole USP
Acidum aminocaproicum
Acidum dipropylbarbituricum
Acidum etacrynicum
Acidum fusidicum NFN
Acidum mersalylicum
Adrenalinum
Aethallymalum
Aethyli biscumacetas NFN
Aethylmorphinum
Alcuronum NFN
Aldosteronum NFN
Alisobumalum NFN
Allypropymalum
Alprenololum
Alseroxylon NND
Alverinum NFN

Amfepramonum NFN
Amfomycinum NFN
Aminophenazonum
Aminopterinum NFN
Amitriptylinum NFN
Amisometradinum NFN
Amphetaminum
Amphotericinum NFN
Ampicillinum
Amyleni hydras
Androstanolonum NFN
Apomorphinum
Apronalum
Aprotininum INN
Arecolinum
Arsen og arsensambönd, ót. a.
Atrópinum
Azacyclonolum NFN
Azapetine BAN
Azathioprinum NFN
Bacitracinum
Baclofenum INN
Bamethanum NFN
Barbítúrsýrusambönd, ót a.
Benactyzinum NFN
Bendroflumethiazidum NFN
Benproperinum INN
Benzhexolum
Benzilonum NFN
Benzpyrinum NFN
Benztropinum
Benzydaminum
Benzylpenicillinum
Betamethasonum NFN
Betanidinum
Betazolum
Biperidenum NFN
Bleomycinum INN
Bulbus scillae
Busulfanum
Butylscopolaminum NFN
Calciferolum
Calciumcarbimidum NFN
Caramiphenum NFN
Carbacholinum
Carbamazepinum NFN
Carbenicillinum
Carbarsonum NFN
Carbimazolum NFN
Carbomycinum NFN
Carbonei sulfidum í límhylkjum til inntöku
Carbutamidum
Carisoprodolum NFN
Cefalexinum NFN
Cefaloridinum NFN
Chinethazonum NFN
Chlorali hydras
Chloralodolum
Chlorambucilum NFN
Chloramphenicolum
Chlordiazepoxidum
Chlorisondamonum NFN
Chlormadinonum NFN
Chlormethinum NFN
Chlormezanonum NFN
Chlorpromazinum
Chlorpropamidum
Chlorprothixenum
Chlortalidonum NFN
Chlortetracyclinum NFN
Chlorthiazidum
Chlorzoxazonum
Choriongonadotropinum NFN
Cincainum
Cinchophenum
Clidinum NFN
Clofibratum NFN
Clomethiazolum NFN
Clomipraminum
Clonidinum NFN
Clopamidum NFN
Clopenthixolum NFN
Cloxacillinum NFN
Cocainum
Codeinum
Colchinum
Colistinum INN
Corticotropinum NFN
Cortisonum
Cyacetacidum
Cyclofenilum
Cyclopenthiazidum NFN
Cyclophosphamidum NFN
Cycloserinum NFN
Cyclothiazidum NFN
Decamethonum NFN
Demethylchlortetracyclinum
Deslanosidum
Desoxicortonum

Dexamethasonum NFN
Dexamphetaminum NFN
Dextromethorphanum NFN
Dextromoramidum NFN
Dextropropoxiphenum NFN
Dextrothyroxinum NFN
Diacetylmorpinum
Diaethylstilboestrolum
Diallymalum
Diazepamum
Dibenzepinum NFN
Dichlorphenarsinum NFN
Diclofenamidum NFN
Dicumarolum
Diemalum
Dienoestrolum NFN
Diethazinum NFN
Digitoxinum
Digoxinum
Dihydroergotaminum NFN
Dihydrostreptomycinum
Dihydrotachysterolum NFN
Dijodtyrosinum
Dimercaprolum
Dipyridamolum NFN
Diphenoxylatum NFN
Disulfiramum NFN
Doxepinum NFN
Doxycyclinum
Droperidolum NFN
Emylcamatum NFN
Enallypropymalum NFN
Enhexymalum
Enibomalum NFN
Enphenemalum
Epicillinum NFN
Ergometrinum
Ergotaminum
Erythromycinum NFN
Ethadionum NFN
Ethambutolum
Ethinyloestradiolum
Ethisteronum
Ethosuximidum
Etilefrinum NFN
Etisazolum NFN
Etynodiolum NFN
Etyprenalinum NFN
Felypressinum NFN
Fenfluraminum NFN
Fentanylum NFN
Flumedroxonum NFN
Flumetasonum NFN
Fluocinoloni acetonidum NFN
Fluocinonidum INN
Fluocortolonum NFN
Fluorhydrocortisonum NFN
Fluormetholonum NFN
Fluostigminum NFN
Flupenthixolum NFN
Fluphenazinum NFN
Fluprednidenum
Fluracilum NFN
Flurazepamum NFN
Folium digitalis
Framycetin BAN
Furosemidum
Gallamonum
Gammaglobulinum
Geislavirk efni
Gentamycinum NFN
Gestonoroni caproas NFN
Glibenclamidum
Glibornuridum NFN
Glutethimidum NFN
Glycarsamidum NFN
Glyceryli nitras
Glycopyrronum
Glymidinum NFN
Gramicidinum NFN
Griseofulvinum
Guanethidinum
Guanoclorum NFN
Haloperidolum NFN
Heparinum
Heptamalum NFN
Hexamethonum NFN
Hexemalum
Hexoestrolum NFN
Histaminum
Homatropinum
Hydragyri chloridum corrosivum
Hydrargyri jodidum
Hydrargyri oxicyanidum
Hydrochlorthiazidum
Hydroconum
Hydrocortisonum
Hydroflumethiazidum NFN
Hydromorphonum
Hydroxicarbamidum NFN
Hydroxizinum NFN
Hyoscyaminum
Ibomalum NFN
Idoxuridinum NFN

Imipraminum
Immunoglobulina
Insulinum
Iproniazidum NFN
Isocarboxazidum NFN
Isomethadonum NFN
Isoniazidum
Isoprenalinum
Jodthioracilum NFN
Kanamycinum NFN
Ketaminum NFN
Ketobemidonum NFN
Khellinum NFN
Lanatosidum C
Levodopum
Levomepromazinum INN
Levorphanolum NFN
Levothyroxinum
Lincomycinum NFN
Liothyroninum
Lynestrenolum NFN
Lypressinum NFN
Mafenidum NFN
Meballymalum NFN
Mebveverinum NFN
Mebumalum
Mecamylaminum NFN
Medazepamum
Medroxiprogesteronum NFN
Mefrusidum NFN
Megestrolum NFN
Meladrazinum NFN
Mephenetoinum
Meprobamatum
Meralluridum NFN
Mercaptomerinum
Mercaptopurinum
Mesterolonum
Mestranolum
Metacyclinum NFN
Metandienonum NFN
Metaoxedrinum
Metenolonum NFN
Metforminum
Methacholinum
Methadonum
Methallenoestrolum NFN
Methamphetaminum NFN
Methandriolum NFN
Methanthelinum NFN
Methaqualonum
Methocarbamolum NFN
Methoestrolum NFN
Methylatropinum
Methylaminopterinum NFN
Methylergometrinum
Methylhomatropinum NFN
Methylphenidatum NFN
Methylprednisolonum NFN
Methylscopolaminum
Methyltestosteronum
Methylhiouracilum
Methysergidum NFN
Meticillinum NFN
Metixenum NFN
Metoponum NFN
Metrifonatum NFN
Metylperonum NFN
Minocyclinum NFN
Mofebutazonum NFN
Morphinum
Nalorphinum
Nandrolonum NFN
Naphazolinum
Natamycinum NFN
Natrii arsenas
Natrii auri chloridum
Natrii aurothiomalas NFN
Natrii calcii edetas
Natrii cromoglicas
Natrii monomethylarsinas
Neoarsphenaminum
Neocinchophenum
Neomycinum
Neostigminum
Nialamidum NFN
Nicomorphinum NFN
Nicotinum venale
Nifuratelum
Nifurazolidonum
Nitrazepamum
Nitrofurantoinum
Nitrostigminum NFN
Nitrosulfathiazolum NFN
Noradrenalinum
Norethisteronum
Noretynodrelum NFN
Norgestrelum
Normethadonum NFN
Nortriptylinum NFN
Novobiocinum NFN
Noxiptilinum NFN
Nystatinum NFN
Oestradiolum

Oestriolum NFN
Oestronum NFN
Opipramolum NFN
Opium
Orciprenalinum NFN
Orphenadinum NFN
Oxazepmum
Oxiconum
Oxiphenbutazonum NFN
Oxiphencyliminum NFN
Oxiprogesteronum NFN
Oxitetracyclinum
Oxophenarsinum NFN
Oxprenololum NFN
Oxytocinum NFN
Pancuronum NFN
Paraldehydum
Paramethadionum NFN
Pecilocinum NFN
Pemolinum NFN
Penethamate hydriodide BAN
Penicillinbenzatinum NFN
Pentamethonum NFN
Pentazocinum NFN
Pentoxiverinum NFN
Pentolonum NFN
Pentymalum
Periciazinum NFN
Perphenazinum NFN
Pethidinum
Phenacemidum NFN
Phenadoxonum NFN
Phenazopyridinum NFN
Phenemalum
Phenethicillinum NFN
Phenforminum
Phenglutarimidum NFN
Phenindionum NFN
Phenoximethylpenicillinum
Phenprobamatum NFN
Phensuximidum
Phenterminum NFN
Phenylbutazonum
Phenytoinum
Pholcodinum NFN
Phosphorus
Phthalylsulfathiazolum
Physostigminum
Picrotoxinum
Pindololum INN
Piperylonum NFN
Pituitarium posterius NFN
Pivampicillinum NFN
Poldoni methylsulfas NFN
Polyoestradiolum
Polyoestriolum
Polymyxinum
Polythiazidum NFN
Practololum
Prednisolonum
Prednisonum
Prenylaminum NFN
Primidonum
Procainamidum
Procarbazinum NFN
Prochlorperazinum NFN
Progesteronum
Promazinum NFN
Propanididum NFN
Propanthelinum
Prophenaminum NFN
Propranololum NFN
Propylthiouracilum
Protoveratrines A et B NND
Protriptylinum NFN
Pyrazinamidum
Pyridostigminum
Pyrithildion
Quinestrolum NFN
Rescinnaminum NFN
Reserpinum
Rhizoma veratri
Rifampicinum NFN
Rolitetracyclinum NFN
Salazo-sulfapyridinum NFN
Salazo-sulfathiazolum NFN
Salbutamolum NFN
Scopolaminum
Secale cornutum
Secumalum NFN
Sekalealkalóíðar, ót. a.
Selensambönd, ólífræn, önnur en selensúlfíð
Sera therapeutica
Serumgonadotropinum NFN
Sparteinum NFN
Spironolactonum
Streptoducinum NFN
Streptomycinum
Streptovarycinum NFN
g-Strophanthinum
Strychninum

Succinylsulfathiazolum NFN
Sulfabenzpyrazinum
Sulfacetamidum NFN
Sulfaclozinnatrium
Sulfadiazinum
Sulfadicramidum NFN
Sulfadimethoxinum NFN
Sulfadimidinum
Sulfadoxinum NFN
Sulfaethidolum NFN
Sulfafurazolum
Sulfaguanidinum NFN
Sulfaisodimidinum NFN
Sulfamerazinum
Sulfamethizolum
Sulfamethoxazolum NFN
Sulfamethoxipyridazinum
Sulfametoxydiazinum NFN
Sulfamoxolum NFN
Sulfanilamidum
Sulfaproxylinum NFN
Sulfapyrazinum NFN
Sulfapyridinum NFN
Sulfarsphenaminum NFN
Sulfathiazolum
Sulfatolamidum NFN
Sulfonalum NFN
Sultiamum NFN
Suxamethonum
Terbutalinum
Testosteronum
Tetracosactidum NFN
Tetracyclinum
Tetrahydrozolinum NFN
Tetramisolum NFN
Tetraponum
Tetrylammonii bromidum
Thebaconum
Thiamazolum
Thiethylperazinum NFN
Thiomebumalum NFN
Thiopropazatum NFN
Thioridazinum NFN
Thyreoideum
Tiabendazolum
Tolazamidum NFN
Tolbutamidum
Toldimfosum, INN
Tranylcyprominum NFN
Tretaminum NFN
Triamcinolonum NFN
Triamterenum NFN
Tribenosidum NFN
Tribromaethanolum
Trifluoperazinum NFN
Trifluperidolum NFN
Trimethadionum
Trimethoprimum NFN
Trimipraminum, NFN
Trolnitratum NFN
Tropenzilonum NFN
Tropicamidum NFN
Tubocurarinum NFN
Tyrothricinum NFN
Vaccina
Vasopressinum NFN
Verapamilum
Viomycinum NFN
Warfarinnatrium
Yohimbinum NFN
Xylometazolinum NFN
Zoxazolaminum NFN

12. gr.

Dýralyf.

a. Dýralæknum er einungis heimilt að ávísa með lyfseðli lyfjum til dýralækninga.

b. Menn, sem starfa samkvæmt 13. gr. laga nr. 124 22. des. 1947 um dýralækna, eiga rétt til þess að afla sér lyfja hjá héraðsdýralækni eða samkvæmt ávísun hans.

13. gr.

Lyf, sem tannlæknar mega ávísa.

a. **Tannlæknum er heimilt að ávísa sjálfum sér til nota við störf sín þessum lyfjum:**

1) Svæfingalyfjum.
2) Staðdeyfilyfjum.
3) Lyfjum, sem innihalda flúor og ætlað er að verka staðlega í munni.

4) Sérlyfjum, er innihalda Demettrylchlortetracyclincalcium og Triamcinoloni acetonidum og ætlað er að verka staðlega á tennur.
5) Eftirtöldum lyfjum: Adrenalinum, Amylii nitris, Ephedrinum, Nicethamidum, Oxedrinum, Pilocarpinum og Topicinum.
6) Lyfjum þeim, sem greind eru hér á eftir, sbr. b-lið.

b. **Tannlæknum er heimilt að ávísa sjúklingum sínum þessum lyfjum:**
1) Lyfjablöndum, sem innihalda Codeinum ásamt Acidum acetylsalicylicum, Phenacetinum eða Phenazonum eða skyldum lyfjum (sbr. þó 6. gr.).
2) Barbítúrsýrusamböndum, Bromisovalum, Carbromalum, Chlorali hydras og Chloralodolum (sbr. þó 6. gr.).
3) Benzódíazepínsambönd (sbr. þó 6. gr.).
4) Meprobamatum og Carisoprodolum (sbr. þó 6. gr.).
5) Penicillínsamböndum.
6) Tetracyclinum og afbrigðum þess.
7) Erythromycinum.
8) Nystatinum.
9) Eftirtöldum lyfjum, sem innihalda flúor: Gargarisma natrii fluoridi 0.1%, Gargarisma natrii monofluorophosphatis 0.1%, Solutio natrii fluoridi 0.5% til tannpenslunar, Tablettae natrii fluoridi 0.55 mg.
10) Eftirtöldum lyfjum og söltum þeirra í töfluformi: Atropinum, Mepyraminum, Methadonum, Methylatropini bromidum, Methylscopolamini nitras, Mobutazonum, Oxedrinum, Oxiphenbutazonum. Um Tabl. methadoni gilda enn fremur ákvæði 6. gr., og eigi er tannlækni heimilt að ávísa sama einstaklingi fleiri en 10 töflum í einu eða sem svarar 50 mg af metadónklóríði.
11) Lausasölulyfjum.

14. gr.
Undanþágur varðandi lausasölu nokkurra lyfja.

Undanþegin ákvæðum 10. gr. og 11. gr. eru lyf þau, sem nú skal greina og heimilt er að selja í lausasölu:

a) Þau efni, lyf og samsetningar þeirra, sem um getur í 10. gr., ef þau eru ætluð til útvortis notkunar, svo sem áburður, plástur, smyrsli, stráduft og augnskolvatn.
b) Þau lyf og efni, sem greind eru í viðauka 1 með reglugerð þessari, svo og tilsvarandi sérlyf, enda skulu þau háð sömu ákvæðum varðandi áletrun og magn. Óheimilt er að láta úti þessi lyf og efni með annarri áletrun en greinir í viðaukanum.

15. gr.
Lyf, sem ljósmæður mega ávísa.

Ljósmæður eiga rétt til að fá afhent úr lyfjabúð gegn eigin ávísun (sbr. auglýsingu landlæknis 12. febrúar 1943: Áhalda- og lyfjaskrá ljósmæðra), lýsól og önnur venjuleg sótthreinsunarlyf eftir vild. Hoffmannsdropa, kamfórudropa og þynnta saltpéturssýru í fyrirskipuðum skömmtum. Stærri skammta svo og ópíumsdropa, má aðeins afhenda þeim gegn lyfseðli.

16. gr.

Skipskistulyf.

Undanþegin ákvæðum þeim, er getur í 10. gr. og 11. gr. eru lyf, sem aðeins er heimilt að láta úti gegn lyfseðli, ef þau eru ætluð í lyfjakistur skipa, sbr. reglugerð nr. 242 14. nóv. 1966 um lyf og læknisáhöld í íslenskum skipum. Er lyfsala þá heimilt að láta af hendi umgetin lyf gegn skriflegri beiðni skipstjóra eða útgerðarmanns. Beiðnina skal lyfsali geyma í tvö ár.

Um afgreiðslu ávana- og fíknilyfja vísast til 6. gr.

17. gr.

Áfengi til lækninga.

Um hvers konar áfengisútlát lyfjabúða og lækna og um áfengislyfseðla fer eftir reglugerð nr. 116 13. maí 1952 um sölu áfengis til lækninga, eða öðrum reglum, sem settar kunna að verða samkvæmt áfengislögum.

18. gr.

Ýmis ákvæði.

Nú rekur læknir lyfjaverslun, af því að engin lyfjabúð er í nánd, og komið til hans með lyfseðil frá öðrum lækni; skal hann þá haga sér að öllu leyti eftir þeim fyrirmælum, sem hér eru sett lyfsölum. Nú leitar maður eigi læknisráða en biður um lyf, er eigi má selja án lyfseðils, og er þá læknir sjálfráður um það, hvort hann vill selja lyfið. Ef læknir telur víst, að lyfið verði rétt notað og þörf sé fyrir það, skal hann að jafnaði láta það af hendi, en telji læknir hættu á því að lyfið verði misnotað, þá skal hann að sjálfsögðu neita að láta það af hendi. Læknir, sem sjálfur afhendir lyf til sjúklinga sinna, skal um áritun lyfjanna og annað haga sér nákvæmlega eftir þessum reglum.

19. gr.

Um brot gegn ákvæðum þeim, sem sett eru með reglum þessum, fer eftir fyrirmælum XI. kafla lyfsölulaga nr. 30 29. apríl 1963.

20. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 23. gr. lyfsölulaga nr. 30 29. apríl 1963, gengur í gildi 15. febrúar 1974, og fellur þá jafnframt úr gildi reglugerð varðandi gerð lyfseðla og afgreiðslu lyfja nr. 30 16. maí 1966 með breytingum, svo og ákvæði annarra fyrirmæla, er fara í bága við fyrirmæli þessarar reglugerðar.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 20. nóvember 1973.

Magnús Kjartansson.

Páll Sigurðsson.

Viðauki 1.

UNDANÞÁGUR

varðandi lausasölu nokkurra lyfja, skv. 14. gr. b.

(Almenn ákvæði um áletrun: sjá 8. gr., 20. tölulið m-liðs.)

Lyf eða lyfjasamsetningar	Samsetningar, er selja má í lausasölu	Athugasemdir	Dæmi
Acetphenolisatinum	Lyf í afmældum skömmtum	Einstakur skammtur mest 5 mg. Mest 20 töflur handa einstaklingi. Áletrun: Hægðatöflur. 1—3. töflur að kvöldi. Notið ekki til lengdar.	Tablettae acetphenolisatini 5 mg
	Mixtura parisatini DD63	Mest 200 g handa einstaklingi. Áletrist: Hægðalyf. 1 barnaskeið að kvöldi handa fullorðnum. Notið ekki til lengdar.	
Acidum acetylsalicylicum	Lyf í afmældum skömmtum	Einstakur skammtur mest 0.5 g. Áletrun: Sjá 8. gr., 12. tölulið m-liðs.	Tablettae acetylsalicylicae 0.5 g Tablettae magnyli
Acidum boricum	Mest 20 g Solutio acidi borici 2%	Áletrun: Sjá 8. gr., 16. tölulið m-liðs Áletrun: Bórvatn	
Acidum dichloraceticum	Ekki yfir 50%	Áletrun: Sjá 8. gr., 10. tölulið m-liðs.	
Acidum trichloraceticum	Ekki yfir 50%	Áletrun: Sjá 8. gr., 10. tölulið m-liðs.	
Adrenalinum	Lausnir blandaðrar öðrum efnum	Ekki yfir 0.01%	
Aethallymalum	Tablettae coffazini DAK50 Tablettae coffazyli DD63	Mest 20 töflur handa einstaklingi. Áletrun: Verkjatöflur. Mest 6 töflur. Mest 2 töflur á sólarhring handa fullorðnum.	

Lyf eða lyfjasamsetningar	Samsetningar, er selja má í lausasölu	Athugasemdir	Dæmi
Anautinum	Töflur, stílar	Einstakur skammtur mest 0.1 g. Mest 10 töflur (stílar) handa einstaklingi. Áletrun: Sjóveikitöflur (Sjóveikistílar). 1 tafla (stíll) klukkustund áður en ferð er hafin. Mest 3 töflur (stílar) á sólarhring handa fullorðnum. Sjá einnig 8. gr., 14. tölulið m-liðs.	Tablettae anautini 0.1 g
Benzocainum	Suppositoria benzocaini composita Gyllinismyrsli		Unguentum chlorbutoli benzocaini DD63
Bromisovalum	Tablettae bromisovali 0.3 g	Mest 5 töflur handa einstaklingi. Áletrun Sjóveikitöflur. Mest 2 töflur á sólarhring handa fullorðnum.	
Calciferolum	Lausnir er innihalda ekki meira en 7000 a. e. af D-vitamini í grammi svo og lyf í afmældum skömmtum er innihalda ekki meira en 1000 a.e. í skammti.	Áletrun: Sjá 8. gr., 13. tölulið m-liðs.	Guttae A-C-D-vitamini DAK Guttae A-D-vitamini DAK Guttae A-D-vitamini aquosae. Guttae A-D-vitamini.
Calomel	Gyllinismyrsli		Unguentum chlorbutoli DD63 Unguentum chlorbutoli benzocaini DD63

Lyf eða lyfjasamsetningar	Samsetningar, er selja má í lausasölu	Athugasemdir	Dæmi
Chininum	Tablettae chinini 0.1 g	Mest 20 töflur handa einstaklingi. Áletrun: 1 tafla í senn. Mest 3 töflur á sólarhring.	
	Fljótandi blöndur	Ekki yfir 0.5%	
Chlorbutolum	Lyf í afmældum skömmtum	Einstakur skammtur mest 0.3 g	Capsulae chlorbutoli coffeicae D48 Suppositoria chlorbutoli coffeica D48
	Lausnir til að úða með nef og kok		Nebuloleum chlorbutoli compositum D 48 Oleum mentholi comp. D48
	Gyllinismyrsli		Unguentum chlorbutoli benzocaini DD63
Chlorchinaldolum	Töflur, er innihalda 2 mg eða minna. Lyf til útvortis notkunar.		
Chloroformium	Mest 150 g	Áletrun: Sjá 8 gr. 18. tölulið m-liðs.	
Chloroformium ad narcosin		Til löggiltra geldingamanna, sbr. lög nr. 123 27. des. 1935 um geldingu húsdýra.	
Cincainum	Gyllinismyrsli	Ekki yfir 1%	Unguentum cincaini
Cinnarizinum	Töflur er innihalda 10 mg eða minna.	Mest 10 töflur handa einstaklingi. Áletrun: Sjóveikitöflur, 1 tafla klukkustund áður en ferð er hafin. Mest 3 töflur á sólarhring. Börn 5—12 ára, hálfan skammt. Ekki ætlað yngri börnum. Sjá einnig 8. gr., 14. tölulið m-liðs.	

Lyf eða lyfjasamsetningar	Samsetningar, er selja má í lausasölu	Athugasemdir	Dæmi
Clofenotanum	Ekki yfir 10%	Áletrun: Sjá 8. gr. l-lið og 9. tölulið m-liðs	Conspergens Clofenotani Spiritus clofenotani
Coffeinum	Lyf í afmældum skömmtum	Einstakur skammtmest 0.1 g	Capsulae chlorbutoli coffeicae D48 Suppositoria chlorbutoli coffeica D48 Tablettae coffeini 0.1 g Tablettae coffeotyli DD63
	Mixtúrur		B-tonicum DD63 Tonicum DD63
Diallymalum	Tablettae diallyzoni DAK50	Mest 20 töflur handa einstaklingi. Áletrun: Verkjatöflur. Mest 3 töflur á sólarhring handa fullorðnum.	
Diphenhydraminum	Tablettae coffinautini Tablettae diphenhydramini 50 mg	Mest 10 töflur handa einstaklingi. Áletrun: Sjóveikitöflur. 1—2 töflur klukkustund áður en ferð er hafin. Mest 4 töflur á sólarhring handa fullorðnum.	
	Mixtúrur	Ekki yfir 0.3%. Mest 200 g handa einstaklingi. Áletrun: Hóstamixtúra. 1—2 tsk. í senn. Mest 5 sinnum á sólarhring handa fullorðnum. Sjá einnig 8. gr., 14. tölulið m-liðs.	

Lyf eða lyfjasamsetningar	Samsetningar, er selja má í lausasölu	Athugasemdir	Dæmi
Erythryli nitras	Töflur	Einstakur skammtur mest 30 mg. Mest 50 töflur handa einstaklingi. Áletrun: 1 tafla í senn. Mest 3 töflur á sólarhring.	Tablettae erythryli nitratis 5 mg Tablettae erythryli nitratis 30 mg
Extractum belladonnae	Samsett hægðalyf og samsett sýrubindandi lyf	Einstakur skammtur mest 15 mg Áletrun: Tyggið vandlega.	Tablettae frangabellini Tablettae phenolphthaleini comp. DD63 Tablettae magnibellini DD63
Extractum colocynthidis	Pilulae aperientes Withii D48	Áletrun: Hægðapillur. 1—2 pillur að kvöldi.	
Folium hyoscyami	Lyf gegn kafmæði	Áletrun: Til að reykja gegn kafmæði.	
Folium stramonii	Lyf gegn kafmæði	Áletrun: Til að reykja gegn kafmæði	Pulvis fumalis stramonii D48
Glyceryli nitras	Töflur Tablettae nitrocombini DD63 Tablettae diplonitroli DAK50	Einstakur skammtur 0.5 mg. Mest 20 töflur handa einstaklingi. Áletrun: 1 tafla í senn. Mest 10 töflur á sólarhring. Áletrun: 1 tafla í senn. Mest 3 töflur á sólarhring. Sjá enn fremur undir Pentanitrolum.	Resoriblettae glyceryli nitratis 0.25 mg Resoriblettae glyceryli nitratis 0.5 mg
Herba lobeliae	Lyf gegn kafmæði	Áletrun: Til að reykja gegn kafmæði	Pulvis frumalis stramonii D48

Lyf eða lyfjasamsetningar	Samsetningar, er selja má í lausasölu	Athugasemdir	Dæmi
Hexicidum	Ekki yfir 2%	Áletrun: Sjá 8. gr., 1-lið og 9. tölulið m-liðs.	
Hexylresorcinolum	Töflur, er innihalda 5 mg eða minna		
Hydrargyri oxicyanidum	Collyrium hydrargyri oxicyanidi	Áletrun: Augnbaðvatn.	
Jodum	Lausnir mest 10%	Ekki yfir 30 g í einu. Áletrun: Sjá 8. gr., 15. tölulið m-liðs.	Guttae jodi D48 Spiritus jodi 5%
Kreosotum	Kvefmixtúra	Ekki yfir 3%	
Meclozini chloridum	Töflur, stílar	Einstakur skammtur mest 25 mg. Mest 10 töflur (stílar) handa einstaklingi. Áletrun: Sjóveikitöflur (Sjóveikistílar). 1 tafla (stíll) klukkustund áður en ferð er hafin. Mest 2 töflur (stílar) á sólarhring handa fullorðnum. Sjá einnig 8. gr., 14. tölulið m-liðs.	
Noscapinum	Syrups noscapini	Áletrun: Hóstasaft. 1 matskeið mest 3 sinnum á sólarhring handa fullorðnum. Gefið börnum aðeins eftir læknisráði.	

Lyf eða lyfjasamsetningar	Samsetningar, er selja má í lausasölu	Athugasemdir	Dæmi
Pentanitrolum	Töflur	Einstakur skammtur mest 50 mg. Mest 100 töflur handa einstaklingi. Áletrun: 1 tafla í senn. Mest 3 töflur á sólarhring.	Tablettae pentanitroli DD63 Tablettae diplonitroli DAK50 Tablettae nitrocombini DD63
Phenacetinum	Samsett lyf í afmældum skömmtum	Einstakur skammtur mest 0.25 g. Mest 25 töflur handa einstaklingi. Áletrun: 1 tafla í senn. Mest 4 töflur á sólarhring.	Tablettae phenacetyli D48
	Lausnir		Solutio hydrogenii peroxidi 3%
Phenazoni salicylas	Lyf í afmældum skömmtum	Einstakur skammtur mest 1 g	Tablettae coffisali DAK 50 Tablettae phenazoni salicylatis 0.5 g DD63
Phenazonum	Lyf í afmældum skömmtum	Einstakur skammtur mest 0.1 g	Dosipulveres phenazoni 1 g DD63 Tablettae coffeini phenazoni DD63
	Lausnir og mixtúrur		
Phenolphthaleinum	Töflur	Einstakur skammtur mest 0.1 g Áletrun: Hægðatöflur. 1—2 töflur að kvöldi	Tablettae phenolphthaleini 0.1 g Tablettae sagralini fortiores DD63
	Fljótandi blöndur	Ekki yfir 1.3% Áletrun: Hægðalyf. 1 barnaskeið að kvöldi	Emulsio Paraffini cum phenolphthaleino DD63

Lyf eða lyfjasamsetningar	Samsetningar, er selja má í lausasölu	Athugasemdir	Dæmi
Propyhenazonum	Lyf í afmældum skömmtum	Einstakur skammtur mest 0.5 g Sjá enn fremur undir Aethallymalum.	Tablettae coffazyli DAK50 Tablettae coffazini DD63
Radix ipecacuanhae	Infusum ipecacuanhae DD63 Infusum ipecacuanhae compositum DD63 Mixtura ipecacuanhae pro infantibus DD63 Syrupus ipecacuanhae DD63	Mest 250 g handa einstaklingi. Áletrun: 1 teskeið í senn. Mest 3 sinnum á dag handa börnum.	
Salicylamidum	Lyf í afmældum skömmtum	Einstakur skammtur mest 1 g. Sjá enn fremur undir Aethallymalum.	Tablettae coffisali DAK50 Tablettae salicylamidi DAK50
Strychninum	Mixtúrur	Ekki yfir 0.005% Áletrist: 1 matskeið í senn. Mest 3 sinnum á sólarhring.	B-tonicum DD63 Tonicum DD63
Súlfónamíð	Smyrsli til dýralækninga	Áletrun: Handa dýrum	
Tetrachloraethylenum	Mest 320 g	Áletrun: Sjá 8. gr., 18. tölulið m-liðs.	
Tetracainum	Gyllinismyrsli	Ekki yfir 2%	
Tinctura opii benzoica	Mixtura senegae jodata	Mest 300 g handa einstaklingi. Áletrun: 1 matskeið í senn. Mest 3 sinnum á dag handa fullorðnum.	
Trichloraethylenum	Mest 150 g	Áletrun: Sjá 8. gr., 18. tölulið m-liðs.	

Eftirtalin lyf má láta úti án lyfseðils, ef þau eru notuð til dýralækninga:

1. Phenthiazinum
2. Piperazinum
3. Sera
4. Tetramisolum
5. Tiabendazolum
6. Vaccina.

Viðauki 2.

LISTI A

Acetorphinum	INN
Acetyldihydrocodeinum	
Acetylmethadolum	NFN
Aethylmethylthiambutenum	NFN
Allylprodinum	NFN
Alphacetylmethadolum	NFN
Alphameprodinum	NFN
Alphamethadolum	NFN
Alphaprodinum	NFN
Amfepramonum	NFN
Amphetaminum	NFN
Anileridinum	NFN
Benzylmorphinum	
Benzethidinum	NFN
Betacetylmethadolum	NFN
Betameprodinum	NFN
Betamethadolum	NFN
Betaprodinum	NFN
Bezitramidum	NFN
Bimethadolum	NFN
Cannabis, einnig resina cannabis, plöntuhlutar og galenskar samsetningar.	
Chlorphenterminum	NFN
Clonitazinum	NFN
Cocainum	NFN
Codoximum	NFN
Desomorphinum	NFN
Dexamphetaminum	NFN
Dextromoramidum	NFN
Diacetylmorphinum	
Diaethylthiambutenum	NFN
Diapromidum	NFN
Dihydrocodeinum	NFN
Dihydromorphinum	
Dimenoxadolum	NFN
Dimethylthiambutenum	NFN
Dioxaphetyli butyras	INN
Diphenoxylatum	NFN
Dipipanonum	NFN
Ekgónín og estrar og derívöt af ekgóníni.	
Etanitazinum	NFN
Etorphinum	INN
Etoxeridinum	NFN
Fentanylum	NFN
Folium coca	
Furethidinum	NFN
Hydroconum	NFN
Hydromorphinolum	NFN
Hydromorphonum	NFN
Isomethadonum	NFN
Ketobemidonum	NFN
Levometorphanum	NFN
Levomoramidum	NFN
Levophenacylmorphanum	NFN
Levorphanolum	NFN
Lysergidum	
Mescalinum	
Metadónintermediat	
Metazocinum	NFN
Methadonum	NFN
Methamphetaminum	NFN
Methyldesorphinum	NFN
Methyldihydromorphinum	NFN
Methylphenidatum	NFN
Metoponum	NFN
Móramídintermediat	
Morfínmetylbrómíð og önnur morfínderívöt með fimmgildu köfnunarefni.	
Morfín-N-oxíð	
Morpheridinum	NFN
Morphinum	NFN

Myrophinum	NFN	Phenethylazocinum	NFN
Nicodicodinum	INN	Phenmetralinum; (sala fenmetralíns er bönnuð á Íslandi sbr. auglýsing nr. 48/1969).	NFN
Nicomorphinum	NFN		
Noracymethadolum	NFN		
Norlevorphanolum	NFN		
Normethadonum	NFN	Phenomorphanum	NFN
Normorphinum	NFN	Phenoperidinum	NFN
Norpipanonum	NFN	Piminodinum	NFN
Opium	NFN	Pipradrolum	NFN
Oxiconum	NFN	Piritramidum	NFN
Oximorphonum	NFN	Proheptazinum	NFN
Oxipethidinum	NFN	Properidinum	NFN
Pentazocinum	NFN	Psilocybinum	NFN
Pethidinum	NFN	Racemethorphanum	NFN
Petidínintermediat A		Racemoramidum	NFN
Petidínintermediat B		Racemorphanum	NFN
Petidínintermediat C		Thebaconum	NFN
Phenadoxonum	NFN	Thebainum	
Phenampromidum	NFN	Trimeperidinum	NFN
Phencylidinum	NFN		

LISTI B

Aethylmorphinum	NFN	Meprobamatum	NFN
Allypropymalum	NFN	Methaqualonum	NFN
Codeinum	NFN	Nicocodinum	NFN
Dextromethorphanum	NFN	Norcodeinum	NFN
Dextropropoxiphenum	NFN	Pemolinum	NFN
Glutethimidum	NFN	Pentymalum	NFN
Meballymalum	NFN	Phenterminum	NFN
Mebumalum	NFN	Pholcodinum	NFN

Viðauki 3.

Form símalyfseðils.

SÍMALYFSEÐILL Nr.

(Nafn lyfjabúðar)

.....
Nafn og staða útgefanda

Verð	Sjúkl.	Sjúkrasaml.

.....
Nafn sjúklings

.....
Heimili

SR nr.

.....
Undirritun útgefanda

Dags. / 19.....

Nafn lyfjafræðings

Aðrar upplýsingar

Viðauki 4.

Form lyfseðilsins.

LYFSEÐILL

Nafnnúmer[x]) Aldur barns Fæðingarnúmer

Nafn

Heimili

Rp.

x) Tilgreinið nafnnúmer foreldris ef sjúklingur er barn

(Dags.) (Nafn útgefanda ritað eigin hendi)

Nafn læknis, aðsetur og sími—stimpill

	Flokkur	Tegund	Innlent	Form	Styrkleiki	Magn	Verð	Hluti sjúklings	Hluti samlags
I									
II									
III									
						Samtals			

(Stærð A 6)

AUGLÝSING

um breyting á byggingarsamþykkt Reykjavíkur nr. 39 24. mars 1965.

1. gr.

Aftan við 95. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Dyr með sjálflokandi eldvarnarhurð má hafa á slíkum vegg, þó ekki úr íbúðarherbergi eða kyndiklefa. Ef bifreiðageymsla er ætluð fyrir fleiri bifreiðar en þrjár, getur slökkviliðsstjóri krafist þess, að gerðar séu sérstakar eldvarnarráðstafanir.

Samþykktarbreyting þessi, sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 61 31. október 1944, um byggingarmálefni Reykjavíkur, til að öðlast gildi þegar í stað

Félagsmálaráðuneytið, 21. nóvember 1973.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

Nr. 340. 21. nóvember 1973.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á frystri rækju fyrir framleiðslutímabilið 1. nóvember til 31. desember 1973.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi grundvallarverð á frystri rækju fyrir framleiðslutímabilið 1. nóvember til 31. desember 1973:

Vélskelflett rækja:	**Cif.**
1. 10 × 4 × 1 lb. blokkfryst, pr. lb.	£ 0,87
2. 24 × 1 lb. blokkfryst, pr. lb.	£ 0,89
3. 2 × 5 kg sérfryst, pr. lb.	£ 0,89
4. 4 × 2 kg og 5 × 2 kg sérfryst, pr. lb.	£ 0,89
5. 24 × 450 gr sérfryst, pr. lb.	£ 0,89
6. 1 × 25 lbs., pr. lb.	£ 0,89
7. 15 × 200 gr, pr. lb.	£ 0,90
8. Í saltlegi, pr. lb.	£ 0,87
Handskelflett rækja:	
Í saltlegi, pr. lb.	£ 0,93

Verðbil verði 3½%. Greiðslur í sjóðinn eða úr honum miðast við 50% verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádregnu verðbili.

Viðmiðunarverð er reiknað á viðskiptagengi krónu gagnvart sterlingspundi (£ 1 = 211.27).

Sjávarútvegsráðuneytið, 21. nóvember 1973.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Gylfi Þórðarson.

22. nóvember 1973. Nr. 341.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 130 17. september 1956, um vinnumiðlun.

1. gr.

1. málsgrein 2. greinar orðist þannig:

Vinnumiðlun skal starfrækt í öllum sveitarfélögum landsins. Sveitarstjórn annast vinnumiðlunina en henni er heimilt, ef hentara þykir, að fela bæjarstjóra, sveitarstjóra, oddvita eða sérstökum manni öðrum framkvæmd hennar. Heimilt er sveitarfélögum, sem hafa sameiginlegan vinnumarkað, að semja um rekstur einnar vinnumiðlunar, sem annist öll störf vinnumiðlunar á svæðinu.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 1. gr. laga nr. 52 9. apríl 1956, um vinnumiðlun, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 22. nóvember 1973.

Björn Jónsson.

Jón S. Ólafsson.

27. nóvember 1973. Nr. 342.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. laga nr. 40 frá 23. apríl 1968 hefur eftirfarandi verið ákveðið:

1. Allur akstur verður bannaður í Austurstræti á milli Lækjargötu og Pósthússtrætis. Akstur með vörur að verslunum þar verður þó leyfður á virkum dögum kl. 07.00 til 11.00, á laugardögum þó aðeins frá kl. 07.00 til 09.00. Á sömu tímum verður einnig heimilaður akstur bifreiða með merki fatlaðra.
2. Vonarstræti verður aðalbraut, þó þannig, að umferð um Vonarstræti víki fyrir umferð um Lækjargötu og Suðurgötu.
3. Einstefnuakstur verður á eftirtöldum götum:
   a) Á Skólabrú frá Lækjargötu að Pósthússtræti.

b) Á Kirkjustræti frá Pósthússtræti að Aðalstræti.
c) Á neðsta hluta Túngötu frá Aðalstræti að Suðurgötu. Strætisvögnum verður þó heimilaður akstur á móti einstefnunni frá Suðurgötu að Aðalstræti.

4. Bifreiðastöður verða bannaðar í Vonarstræti beggja vegna götunnar.
5. Gjald fyrir stöður á bifreiðastæðinu að Austurstræti 2 verða 20.00 kr. fyrir hverjar byrjaðar 30 mínútur. Stöðutími verður ekki takmarkaður.
6. Stöðumælar verða settir upp á bifreiðastæðið á Austurstræti 1. Gjald verður 5.00 kr. fyrir hverjar byrjaðar 15 mínútur, en hámarksstöðutími verður 30 mínútur.
7. Hámarksstöðutími við stöðumæla á Kirkjutorgi verður 1 klukkustund. Gjald verður óbreytt, 5.00 krónur fyrir hverjar byrjaðar 30 mínútur.

Framangreindar reglur taka gildi 2. desember 1973 og falla þá jafnframt úr gildi bráðabirgðaákvæði um umferð í miðborginni, samkvæmt auglýsingu dagsettri 15. október 1973.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 27. nóvember 1973.

Sigurjón Sigurðsson.

Nr. 343. 28. nóvember 1973.

REGLUGERÐ

fyrir Vatnsveitu Grímseyjarhrepps.

1. gr.

Vatnsveita Grímseyjarhrepps er eign hreppsins og rekin af honum í þeim tilgangi að fullnægja vatnsþörf heimila, svo og fyrirtækja og annarra, eftir því sem aðstæður leyfa.

2. gr.

Vatnsveita Grímseyjarhrepps er sjálfstætt fyrirtæki í rekstri Grímseyjarhrepps, með sérstöku reikningshaldi. Reikningar Vatnsveitunnar skulu jafnan fylgja hreppsreikningunum til endurskoðunar og samþykktar.

3. gr.

Hreppsnefnd Grímseyjarhrepps hefur æðsta vald í málefnum vatnsveitunnar, en í umboði hennar annast oddviti, eða hver sá, sem hreppsnefnd ræður til þess, daglega umsjón, rekstur og framkvæmd starfa, er vatnsveituna varða.

4. gr.

Vatnsveitan hefur einkarétt til reksturs vatnsveitu, sölu og dreifingar á vatni í hreppnum. Svo og til nýtingar alls vatns á eynni.

5. gr.

Vatnsveita Grímseyjarhrepps lætur leggja aðalæð um eyna endilanga, svo og að hafnarsvæði. Með þessu eiga húseigendur greiðan aðgang að aðalæðinni, enda séu hús ekki reist án samþykkis byggingarnefndar.

Frá aðalæðum skulu húseigendur leggja heimæðar á sinn kostnað.

6. gr.

Hver sá, er komast vill í sambandi við vatnskerfið, skal senda skriflega beiðni til oddvita, enda sé vatnið ætlað til heimilisþarfa. Vatnsnot til annarra þarfa skulu háð leyfi með nánari fyrirmælum og skilyrðum, er vatnsveitan setur hverju sinni. Vélar og tæki þau er nota vatn, önnur en venjuleg heimilistæki, má ekki tengja við hús eða heimæðar án leyfis vatnsveitunnar.

Einnig getur vatnsveitan fyrirskipað breytingar á eldri tækjum og vélum eða synjað um vatn til þeirra, ef nauðsyn krefur. Réttur húseigenda til vatnsnota skuldbindur ekki vatnsveituna til þess að tryggja nægan þrýsting á aðalæð hverju sinni.

7. gr.

Vatnsveitan skal hafa eftirlit með nýlögnum, endurnýjun og breytingum.

Engar vatnsæðar má hylja fyrr en þær hafa verið viðurkenndar af vatnsveitunni. Vatnsveitan áskilur sér rétt til að láta þrýstiprófa vatnslagnir á kostnað húseiganda. Telji eftirlitsmaður vatnsveitunnar, að verkið sé ekki unnið samkvæmt reglugerð þessari, eða öðrum reglum, er settar kunna að verða, getur hann stöðvað verkið þar til bætt hefur verið úr því, sem áfátt var.

8. gr.

Húseiganda ber skylda til að halda við vatnslögnum sínum, frá aðalæð, á eigin kostnað og láta gera við leka, þegar hans verður vart. Vanræki húseigandi viðhald á vatnslögnum sínum, er vatnsveitunni heimilt að annast viðgerð á hans kostnað, eða að taka viðkomandi hús úr sambandi.

Eftirlitsmenn skulu hafa frjálsan aðgang að öllum vatnslögnum innanhúss og skulu húseigendur gefa upplýsingar um vatnsnotkun, sé þess óskað. Þeim er heimilt að fara um lóðir vatnsnotenda til að athuga um vatnslagnir og gera þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar kunna að teljast.

9. gr.

Heimilt er að loka vatnsæðum þeirra, sem eftir ítrekaðar áminningar eyða vatni að óþörfu t. d. með sírennsli. Heimilt er að fyrirskipa takmörkun á vatnsnotkun, ef skortur er á vatni. Einnig að loka fyrir vatnið vegna viðgerðar og hreinsunar og takmarka það á vissum tíma í senn eftir atvikum.

Jafnan skal auglýsa slíkar aðgerðir með svo rúmum fyrirvara, sem kostur er.

10. gr.

Húseigandi, sem beiðist tengingar við vatnsæðar vatnsveitunnar, skal leggja fram teikningar af vatnskerfi sínu ef óskað er.

Húseigandi skal greiða stofngjald til vatnsveitunnar, áður en tenging fer fram, og skal það miðast við rúmmál húss að utanmáli. Gjaldið er kr. 7.00 á hvern rúmmetra, þó aldrei lægra en kr. 3 500.00.

11. gr.

Árlegur vatnsskattur skal reiknast af heildarmati hverrar fasteignar, samkvæmt lögum um fasteignamat og fasteignaskráningu nr. 28 29/4 1973.

Upphæð vatnsskatts skal vera 1% af framangreindu mati, þó aldrei lægri en kr. 7 500.00 fyrir hverja skattskylda fasteign.

Gjöld fyrir önnur vatnsnot en til heimila, skulu fara eftir nánari ákvörðun vatnsveitunnar.

12. gr.

Þar, sem vatn er selt samkvæmt mæli, greiðir húseigandi kostnað við uppsetningu mælis, annast viðhald og ber alla ábyrgð á mælinum.

Ef maður rýfur innsigli vatnsmælis varðar það refsingu samkvæmt almennum hegningarlögum. Verði vatnsmæli ekki komið fyrir án breytinga á vatnslögn, er húseiganda skylt að láta breyta lögninni á sinn kostnað.

Vatnsveitan ákveður sjálf stærð og gerð mælis. Húseiganda ber að tilkynna vatnsveitunni tafarlaust um bilanir á vatnsmæli, er hann kann að verða var við.

13. gr.

Vatnsskatt skal greiða eigi síðar en 15. júní ár hvert og ber að greiða skattinn til oddvita hreppsins.

Vatnsskatt samkvæmt mæli og gjöld fyrir aðra vatnsnotkun skal greiða í lok hvers ársfjórðungs.

14. gr.

Gjöld samkvæmt reglum þessum miðast við fasteignamatið 1972 og breytast í samræmi við gildandi fasteignamat á hverjum tíma. Hreppsnefndin getur hækkað eða lækkað framan talin gjöld allt að 50%, öll eða hvert um sig, án þess að leita þurfi staðfestingar ráðuneytis.

15. gr.

Vatnsskatt má taka lögtaki og gera má lögtak í hinu skattskylda húsi án tillits til eigendaskipta.

Vatnsskattur nýtur lögveðsréttar í húseignum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði. Sé vatnsskattur eða vatnslögn í vanskilum, er hreppsnefnd heimilt að láta loka vatnsrennsli til gjaldanda og heimilt er að krefjast opnunargjalds, þegar skil hafa verið gerð á gjöldunum.

16. gr.

Brot á reglugerð þessari varðar sektum allt að kr. 50 000.00, nema þyngri refsing liggi fyrir að lögum. Mál út af broti á reglugerð þessari skal farið með sem opinbert mál.

Reglugerð þessi, sem samin er af hreppsnefnd Grímseyjarhrepps og samþykkt á almennum hreppsnefndarfundi, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 28. nóvember 1973.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

Útkomið í A-deild Stjórnartíðinda 1973.

Lög um Stýrimannaskólann í Vestmannaeyjum, undirskrifuð af forsetanum 2. janúar 1973, nr. 1.

Auglýsing um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands, nr. 76/1958, með áorðnum breytingum, undirskrifuð af menntamálaráðherra 11. janúar 1973, nr. 2.

Lög um bráðabirgðabreyting á dómsmálastjórn í Vestmannaeyjum o. fl., undirskrifuð af forsetanum 31. janúar 1973, nr. 3.

Lög um neyðarráðstafanir vegna jarðelda á Heimaey, undirskrifuð af forsetanum 7. febrúar 1973, nr. 4.

Lög um breyting á lögum nr. 3 31. janúar 1973 um bráðabirgðabreyting á dómsmálastjórn í Vestmannaeyjum o. fl., undirskrifuð af forsetanum 21. febrúar 1973, nr. 5.

Lög um kaup og kjör yfirmanna á botnvörpuskipum, sem eru stærri en 500 rúmlestir brúttó, undirskrifuð af forsetanum 22. marz 1973, nr. 6.

Lög um breyting á lögum nr. 1 11. febrúar 1970, um tollskrá o. fl., undirskrifuð af forsetanum 29. marz 1973, nr. 7.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka lán vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1973, undirskrifuð af forsetanum 25. apríl 1973, nr. 8.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka leigunámi tvö hvalveiðiskip hf. Hvals, undirrituð af forsetanum 29. marz 1973, nr. 9.

Lög um Fósturskóla Íslands, undirskrifuð af forsetanum 6. apríl 1973, nr. 10.

Lög um framkvæmd eignarnáms, undirskrifuð af forsetanum 6. apríl 1973, nr. 11.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja landspildu úr prestssetursjörðinni Bjarnanesi í Nesjahreppi, undirskrifuð af forsetanum 11. apríl 1973, nr. 12.

Lög um Happdrætti Háskóla Íslands, undirskrifuð af forsetanum 13. apríl 1973, nr. 13.

Lög um heimild til að stofna fjölbrautaskóla, undirskrifuð af forsetanum 13. apríl 1973, nr. 14.

Lög um lögreglustjóra í Hafnarhreppi í Austur-Skaftafellssýslu, undirskrifuð af forsetanum 13. apríl 1973, nr. 15.

Lög um happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, undirskrifuð af forsetanum 13. apríl 1973, nr. 16.

Lög um breyting á lögum um stofnun og slit hjúskapar, nr. 60 29. maí 1972, undirskrifuð af forsetanum 13. apríl 1973, nr. 17.

Lög um breyting á lögum nr. 102 31. des. 1972, um skipulag á löndun á loðnu til bræðslu, undirrituð 16. apríl 1973, nr. 18.

Lög um útflutningsgjald af sjávarafurðum, undirskrifuð af forsetanum 16. apríl 1973, nr. 19.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd alþjóðasamning, er gerður var 15. febrúar 1972, um varnir gegn mengun sjávar vegna losunar úrgangsefna frá skipum og flugvélum, undirskrifuð af forsetanum 16. apríl 1973, nr. 20.

Lög um breyting á lögum nr. 67 10. maí 1966, um vélstjóranám, undirskrifuð af forsetanum 16. apríl 1973, nr. 21.

Lög um breyting á lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, nr. 64/1965, undirrituð af forsetanum 16. apríl 1973, nr. 22.

Lög um breyting á lögum nr. 82 21. ágúst 1971, um meðferð opinberra mála, sbr. lög nr. 29 28. apríl 1966, undirskrifuð af forsetanum 17. apríl 1973, nr. 23.

Námulög, undirskrifuð af forsetanum 17. apríl 1973, nr. 24.

Lög um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1970, undirskrifuð af forsetanum 18. apríl 1973, nr. 25.

Lög um vátryggingarstarfsemi, undirskrifuð af forsetanum 18. apríl 1973, nr. 26

Lög um breyting á lögum nr. 85 31. des. 1968, um eiturefni og hættuleg efni, undirskrifuð af forsetanum 18. apríl 1973, nr. 27.

Lög um dvalarheimili aldraðra, undirskrifuð af forsetanum 18. apríl 1973, nr. 28.

Lög um hlutdeild ríkisins í byggingu og rekstri dagvistunarheimila, undirskrifuð af forsetanum 21. apríl 1973, nr. 29.

Lög um breyting á lögum nr. 49/1967, um skólakostnað, undirskrifuð af forsetanum 21. apríl 1973, nr. 30.

Búfjárræktarlög, undirskrifuð af forsetanum 24. apríl 1973, nr. 31.

Lög um breyting á lögum nr. 54 20. apríl 1954, um orkuver Vestfjarða, undirskrifuð af forsetanum 24. apríl 1973, nr. 32.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Grýtubakkahreppi jörðina Grenivík, eyðibýlið Svæði og nýbýlið Höfðabrekku og Borgarneshreppi hluta af landi Borgar, undirskrifuð af forsetanum 24. apríl 1973, nr. 33.

Lög um breyting á lögum nr. 44 1971, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Hafnarfjarðarkaupstað hluta af landi jarðarinnar Dysja í Garðahreppi og Dalvíkurhreppi jörðina Háagerði í Dalvíkurhreppi, undirskrifuð af forsetanum 24. apríl 1973, nr. 34.

Lög um breyting á lögum nr. 41 27. apríl 1973, um aðstoð ríkisins við kaupstaði og kauptún vegna landakaupa, undirskrifuð af forsetanum 24. apríl 1973, nr. 35.

Lög um breyting á lögum nr. 8 22. marz 1972, um tekjustofna sveitarfélaga, undirskrifuð af forsetanum 24. apríl 1973, nr. 36.

Lög um Jafnlaunaráð, undirskrifuð af forsetanum 24. apríl 1973, nr. 37.

Lög um fangelsi og vinnuhæli, undirskrifuð af forsetanum 24. apríl 1973, nr. 38.

Forsetabréf um þinglausnir, undirskrifað af forsetanum 18. apríl 1973, nr. 39.

Bráðabirgðalög um niðurfærslu verðlags o. fl., undirskrifuð af forsetanum 30. apríl 1973, nr. 40.

Lög um breyting á almennum hegningarlögum nr. 19 12. febr. 1940, undirskrifuð af forsetanum 24. apríl 1973, nr. 41.

Lög um breyting á lögum nr. 57 18. apríl 1962, um Hæstarétt Íslands, undirskrifuð af forsetanum 24. apríl 1973, nr. 42.

Lög um breyting á mörkum Gullbringusýslu og Kjósarsýslu og skipan lögsagnarumdæma, undirskrifuð af forsetanum 24. apríl 1973, nr. 43.

Lög um veitingu ríkisborgararéttar, undirskrifuð af forsetanum 24. apríl 1973, nr. 44.

Hafnalög, undirskrifuð af forsetanum 24. apríl 1973, nr. 45.

Lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna, undirskrifuð af forsetanum 25. apríl 1973, nr. 46.

Lög um róðrartíma fiskibáta, undirskrifuð af forsetanum 25. apríl 1973, nr. 47.

Lög um breyting á lögum nr. 80 16. sept. 1971, um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, undirskrifuð af forsetanum 25. apríl 1973, nr. 48.

Lög um breyting á lögum nr. 29 1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, undirskrifuð af forsetanum 25. apríl 1973, nr. 49.

Lög um breyting á lögum nr. 68 frá 10. okt. 1967, um Iðnlánasjóð, undirskrifuð af forsetanum 25. apríl 1973, nr. 50.

Lög um breyting á orkulögum, nr. 58 29. apríl 1967, undirskrifuð af forsetanum 25. apríl 1973, nr. 51.

Lög um sérstakan dómara og rannsóknardeild í ávana- og fíkniefnamálum, undirskrifuð af forsetanum 13. apríl 1973, nr. 52.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta fyrir Íslands hönd alþjóðasamning, er gerður var 29. desember 1972, um varnir gegn mengun hafsins vegna losunar úrgangsefna og annarra efna í það, undirskrifuð af forsetanum 30. apríl 1973, nr. 53.

Lög um norrænan tækni- og iðnþróunarsjóð, undirskrifuð af forsetanum 25. apríl 1973, nr. 54.

Lög um breyting á lögum nr. 75 13. maí 1966, um Fiskveiðasjóð Íslands, sbr. lög nr. 33/1970, undirskrifuð af forsetanum 25. apríl 1973, nr. 55.

Lög um heilbrigðisþjónustu, undirskrifuð af forsetanum 27. apríl 1973, nr. 56.

Lög um atvinnuleysistryggingar, undirskrifuð af forsetanum 27. apríl 1973, nr. 57.

Lög um breyting á lögum nr. 30 12. maí 1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins, undirskrifuð af forsetanum 30. apríl 1973, nr. 58.

Lög um breyting á lögum nr. 30 12. maí 1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins, undirskrifuð af forsetanum 30. apríl 1973, nr. 59.

Lög um breyting á lögum nr. 68 15. júní 1971, um tekjuskatt og eignarskatt, og lögum nr. 7 23. marz 1972, um breyting á þeim lögum, undirskrifuð af forsetanum 30. apríl 1973, nr. 60.

Lög um iðnrekstrarsjóð, undirskrifuð af forsetanum 30. apríl 1973, nr. 61.

Lög um jöfnun flutningskostnaðar á sementi, undirskrifuð af forsetanum 30. apríl 1973, nr. 62.

Lög um breyting á lögum nr. 14 15. marz 1965, um launaskatt, sbr. lög nr. 104 31. des. 1972, undirskrifuð af forsetanum 30. apríl 1973, nr. 63.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Gerðahreppi jarðirnar Útskála og Brekku í Gerðahreppi, undirskrifuð af forsetanum 30. apríl 1973, nr. 64.

Fjáraukalög fyrir árið 1970, undirskrifuð af forsetanum 30. apríl 1973, nr. 65.

Lög um breyting á lögum nr. 59 28. maí 1969, um tollheimtu og tolleftirlit, undirskrifuð af forsetanum 30. apríl 1973, nr. 66.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja nokkrar eignir ríkissjóðs, undirskrifað af forsetanum 30. apríl 1973, nr. 67.

Lög um breyting á lögum nr. 45 16. apríl 1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, undirskrifuð af forsetanum 30. apríl 1973, nr. 68.

Lög um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenzkum skipum, undirskrifuð af forsetanum 30. apríl 1973, nr. 69.

Bráðabirgðalög um húsbyggingar á vegum Viðlagasjóðs eða Vestmannaeyjakaupstaðar, undirskrifuð af forsetanum 4. maí 1973, nr. 70.

Bráðabirgðalög um heimild til að afnema um stundarsakir þau efri mörk, sem gilda um daglega gengisskráningu krónunnar, undirskrifuð af forsetanum 14. júní 1973, nr. 71.

Auglýsing um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands, nr. 76/1958, með áorðnum breytingum, undirskrifuð af menntamálaráðherra 19. júní 1973, nr. 72.

Lög um meðferð opinberra mála, undirskrifuð af forsetanum 21. júní 1973, nr. 73.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu, sbr. lög nr. 21/1969, lög nr. 50/1971, lög nr. 89/1971 og lög nr. 101/1972, undirskrifuð af forsetanum 26. júní 1973, nr. 74.

Lög um Hæstarétt Íslands, undirskrifuð af forsetanum 21. júní 1973, nr. 75.

*Auglýsing um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands, nr. 76/1958, með áorðnum breytingum, undirskrifuð af menntamálaráð*herra 9. júlí 1973 nr. 76.

Bráðabirgðalög um ráðstafanir vegna sameiningar Flugfélags Íslands h.f. og Loftleiða h.f., undirskrifuð af forsetanum 11. júlí 1973, nr. 77.

Auglýsing um breyting á forsetaúrskurði frá 14. júlí 1971 um skipting starfa ráðherra, undirskrifuð af forsætisráðherra 16. júlí 1973, nr. 78.

Auglýsing um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands, nr. 76/1958, með áorðnum breytingum, undirskrifuð af menntamálaráðherra 9. júlí 1973, nr. 79.

Vegalög, undirskrifuð af forsetanum 10. júlí 1973, nr. 80.

Auglýsing um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands, nr. 76/1958, með áorðnum breytingum, undirskrifuð í menntamálaráðuneytinu 10. ágúst 1973, nr. 81.

Forsetabréf um að Alþingi skuli koma saman til fundar miðvikudaginn 10. október 1973, undirskrifuð af forsetanum 14. september 1973, nr. 82.

Bráðabirgðalög um lántökuheimild vegna framkvæmda- og fjáröflunaráætlunar 1973, undirskrifuð af forsetanum 18. september 1973, nr. 83.

Nr. 344.

REIKNINGUR

Minningarsjóðs Þórleifar Kr. Sigurðardóttur ljósmóður frá Kóngsbakka fyrir árið 1972.

Tekjur:

1.	Innstæða í Söfnunarsjóði í árslok 1971	kr. 53 977.60
2.	Vextir af innstæðu	— 4 957.40
	Samtals	kr. 58 935.00

Gjöld:

1.	Innstæða í Söfnunarsjóði í ársbyrjun 1972	kr. 56 535.00
2.	Til ráðstöfunar í vörslu reikningsh.	— 2 400.00
	Samtals	kr. 58 935.00

Kóngsbakka, 15. júní 1973.

Haukur Sigurðsson. Aðalheiður Bjarnadóttir. Margrét Jónsdóttir.

Nr. 345.

REIKNINGUR

Verslunarbanka Íslands hf. og Verslunarlánasjóðs fyrir árið 1972.

Rekstursreikningur ársins 1972.

Gjöld:

Reksturskostnaður bankans:			
Laun	kr.	30 802 001.00	
Annar kostnaður	—	14 601 263.20	
		kr.	45 403 264.20
Greiddir vextir		—	87 810 517.80
Afskriftir		—	1 904 127.00
Lagt í varasjóð		—	3 663 482.60
Óráðstafaður tekjuafgangur		—	2 208 366.40
		Kr.	**140 989 758.00**

Tekjur:

Forvextir	kr.	72 131 813.40
Vextir af bankainnstæðum og verðbréfum	—	29 326 593.10
Vextir af yfirdrætti hlaupareiknings	—	17 899 651.90
Aðrar tekjur	—	21 523 793.80
Óráðstafaður hagnaður frá fyrra ári	—	107 905.80
	Kr.	140 989 758.00

Efnahagsreikningur pr. 31. desember 1972.

Eignir:

Sjóður			kr.	12 323 571.30
Innlendir viðskiptabankar			—	6 954 014.20
Seðlabankinn:				
Innstæða á viðskiptareikningi	kr.	375 327.40		
Innstæða v/alm. bindiskyldu	—	250 199 000.00		
			—	259 574 327.40
Yfirdráttarlán			—	187 721 471.30
Innlendir víxlar			—	729 107 564.40
Vaxtabréf			—	5 942 760.00
Skuldabréf			—	221 206 810.40
Fasteignir			—	37 200 000.00
Skrifstofuáhöld og húsbúnaður			—	6 300 000.00
Ýmsir skuldunautar			—	1 676 916.00
Ógreiddir vextir			—	10 050 771.70
Fjárfestingafélag Íslands hf.			—	2 500 000.00
Verslunarlánasjóður:				
Framlag bankans	kr.	10 000 000.00		
Hrein eign skv. sérreikningi	—	4 706 158.30		
			—	14 706 158.30
			Kr.	1 495 264 365.00

Skuldir:

Veltiinnlán			kr.	216 239 788.50
Spariinnlán			—	1 076 068 527.90
Seðlabankinn:				
Endurseld lán	kr.	27 183 333.00		
Önnur lán	—	81 000 000.00		
			—	108 183 333.00
Innheimt fé fyrir aðra			—	442 038.00
Fyrirfram greiddir vextir			—	10 993 579.00
Ýmsir skuldheimtumenn			—	4 500.00
Ógreiddur arður			—	1 470 724.90
Útflutningslánasjóður og Framkvæmdasjóður			—	1 016 671.00
Verslunarlánasjóður			—	5 487 836.30
Eigið fé:				
Hlutafé	kr.	30 000 000.00		
÷ ógreitt hlutafé	—	851 000.00		
			Kr.	29 149 000.00

Varasjóður	kr.	44 000 000.00	
Yfirfært til næsta árs	—	2 208 366.40	
		—	75 357 366.40
			Kr. 1 495 264 365.00

Utan efnahagsreiknings:
Ábyrgðir vegna viðskiptamanna ..... kr. 80 734 832.10

Reykjavík, 12. janúar 1973.

Höskuldur Ólafsson. **Tryggvi Árnason.**

Framanritaða reikninga Verzlunarbanka Íslands hf. fyrir árið 1972 höfum við endurskoðað og vottum, að reikningarnir eru í fullu samræmi við bækur bankans. Einnig höfum við á árinu sannreynt, að víxlabirgðir bankans, verðbréf, sjóðseign og aðrar eignir samkvæmt reikningi þessum eru fyrir hendi.

Reykjavík, 8. mars 1973.

Jón Helgason. *Böðvar Pétursson.* *Hilmar Fenger.*

Framanskráða endurskoðaða reikninga Verslunarbanka Íslands hf. fyrir árið 1972 hefur bankaráð samþykkt á fundi sínum í dag.

Reykjavík, 13. mars 1973.

V. H. Vilhjálmsson. **Þ. Guðmundsson.** **Magnús J. Brynjólfsson.**

Verslunarlánasjóður.

Rekstursreikningur ársins 1972.

Gjöld:

Vextir af lántöku	kr.	5 732 827.00	
+ áfallnir vextir pr. 31.12.	—	4 468 621.00	
		kr.	10 201 448.00
Kostnaður		—	200 000.00
Hagnaður		—	1 886 517.40
			Kr. 12 287 965.40

Tekjur:

Vextir af útlánum	kr.	7 652 126.40	
+ áfallnir vextir pr. 31.12.	—	4 384 789.00	
		kr.	12 036 915.40
Lántökugjald	kr.	627 000.00	
÷ lántökukostnaður	—	380 000.00	
		—	247 000.00
Þóknun		—	4 050.00
			Kr. 12 287 965.40

Efnahagsreikningur pr. 31. desember 1972.

Eignir:

Skuldabréf	kr.	133 923 771.00
Áfallnir vextir	—	4 384 789.00
Verslunarbanki Íslands hf.	—	5 487 836.30
	Kr.	143 796 396.30

Skuldir:

Skuldabréf v/endurlána		kr.	124 599 992.00
Stofnframlag Verslunarbanka Íslands hf.		—	10 000 000.00
Áfallnir vextir		—	4 468 621.00
Ýmsir kröfuhafar		—	21 625.00
Varasjóður 1/1	kr. 2 819 640.90		
+ hagnaður á árinu	— 1 886 517.40		
		—	4 706 158.30
		Kr.	143 796 396.30

Reykjavík, 12. janúar 1973.

Höskuldur Ólafsson. **Árni H. Bjarnason.**

Framanritaða reikninga Verslunarlánasjóðs fyrir árið 1972 höfum við endurskoðað og vottum að reikningarnir eru í fullu samræmi við bækur sjóðsins. Einnig höfum við á árinu sannreynt, að birgðir sjóðsins af verðbréfum eru fyrir hendi.

Reykjavík, 8. mars 1973.

Jón Helgason. *Böðvar Pétursson.* *Hilmar Fenger.*

Framanskráða endurskoðaða reikninga Verslunarlánasjóðs fyrir árið 1972 hefur bankaráð samþykkt á fundi sínum í dag.

Reykjavík, 13. mars 1973.

V. H. Vilhjálmsson. **Þ. Guðmundsson.** **Magnús J. Brynjólfsson.**

Verslunarbanki Íslands hf. ásamt Verslunarlánasjóði.

Reikningsyfirlit pr. 30. júní 1972.

Eignir:

Fasteignir	kr.	34 200 000.00
Áhöld og innanstokksmunir	—	5 678 425.50
Verðbréf	—	336 243 769.70
Ógreitt hlutafé	—	1 076 000.00
Víxlar	—	697 249 976.90
Skuld í hlaupareikningi	—	199 530 505.90
Ógreiddir vextir	—	9 634 926.00
Ýmsir skuldunautar	—	856 449.50
Reksturskostnaður	—	20 660 986.30

Skuldir viðskiptamanna v/ábyrgða	kr.	54 936 211.10
Innleystar ávísanir	—	22 590 176.70
Bankainnstæða	—	7 456 685.90
Stofnkostnaður útibúa	—	250 000.00
Bundin innstæða v/bindiskyldu	—	264 506 000.00
Rekstur fasteignar	—	471 029.00
Framlag til Verslunarlánasjóðs	—	10 000 000.00
Útibú bankans	—	116 941 689.90
Vaxtagjöld	—	11 084 599.50
Fjárfestingafélag Íslands hf.	—	2 500 000.00
Sjóður	—	31 756 043.20
	Kr.	1 827 623 475.10

Skuldir:

Hlutafé	kr.	30 000 000.00
Varasjóður	—	38 000 000.00
Innstæður í sparisjóði	—	1 043 278 473.70
— í hlaupareikningum	—	117 983 024.80
— í sparisjóðsávísanareikningi	—	142 394 366.00
Fyrirframgreiddir vextir	—	9 377 066.00
Forvextir af víxlum	—	34 351 468.30
Vextir af yfirdrætti á hlaupareikningi	—	6 039 796.40
Aðrar vaxtatekjur	—	11 167 866.80
Ýmsar tekjur	—	9 356 273.10
Ábyrgðir vegna viðskiptamanna	—	54 936 211.10
Ýmsir kröfuhafar	—	1 756 334.10
Seðlabanki: Skuld á viðskiptareikningi	—	99 129 960.70
Verslunarlánasjóður	—	120 799 992.00
Óráðstafaður hagnaður frá fyrra ári	—	107 905.80
Útibú bankans	—	102 824 590.40
Verðbréf til endurlána	—	4 241 671.00
Óinnleystur arður 1969, 1970, 1971	—	1 878 474.90
	Kr.	1 827 623 475.10

Verslunarbanki Íslands hf. ásamt Verslunarlánasjóði.

Reikningsyfirlit pr. 30. júní 1973.

Eignir:

Fasteignir	kr.	39 700 000.00
Áhöld og innanstokksmunir	—	6 926 028.00
Verðbréf	—	353 647 485.70
Ógreitt hlutafé	—	790 000.00
Víxlar	—	847 253 782.10
Skuld í hlaupareikningi	—	238 493 365.20
Ógreiddir vextir	—	10 050 771.70
Ýmsir skuldunautar	—	859 959.10
Reksturskostnaður	—	26 024 409.90
Skuldir viðskiptamanna v/ábyrgða	—	91 042 389.10
Innleystar ávísanir	—	23 354 857.80

Bankainnstæða	kr.	11 040 573.20
Bundin innstæða v/bindiskyldu	—	331 697 000.00
Rekstur fasteignar	—	464 539.00
Framlag til Verzlunarlánasjóðs	—	10 000 000.00
Útibú bankans	—	126 882 566.50
Vaxtagjöld	—	14 169 028.90
Fjárfestingafélag Íslands hf.	—	3 750 000.00
Sjóður	—	35 652 990.30
	Kr.	2 171 799 746.50

Skuldir:

Hlutafé	kr.	30 000 000.00
Varasjóður	—	44 419 954.50
Innstæður í sparisjóði	—	1 193 315 603.40
— í hlaupareikningi	—	134 001 298.00
— í sparisjóðsávísanareikningi	—	183 042 471.70
Fyrirframgreiddir vextir	—	10 993 579.00
Forvextir af víxlum	—	42 443 104.40
Vextir af yfirdrætti á hlaupareikningi	—	7 260 087.50
Aðrar vaxtatekjur	—	14 899 901.80
Ýmsar tekjur	—	14 101 271.90
Ábyrgðir vegna viðskiptamanna	—	91 042 389.10
Ýmsir kröfuhafar	—	1 840 383.60
Seðlabanki: Skuld á viðskiptareikningi	—	107 927 522.90
— Lán gegn verðbréfum	—	40 000 000.00
Verslunarlánasjóður	—	145 666 657.00
Óráðstafaður hagnaður frá fyrra ári	—	183 366.40
Útibú bankans	—	105 723 713.80
Verðbréf til endurlána	—	1 350 000.00
Óinnleystur arður 1970, 1971, 1972	—	2 040 250.40
Útflutningslánasjóður	—	75 000.00
Framkvæmdasjóður	—	800 004.00
Veðskuld v/fasteignar	—	673 187.10
	Kr.	2 171 799 746.50

Nr. 346.

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs Christians konungs X og Alexandrine drottningar fyrir árið 1972.

Tekjur:

Sjóður í ársbyrjun:		
Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 706	kr.	105 914.17
Vextir af Söfnunarsjóðsinnstæðu	—	10 061.83
	Kr.	115 976.00

Gjöld:

Sjóður til næsta árs:		
Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 706	kr.	115 976.00
	Kr.	115 976.00

Félagsmálaráðuneytið, 10. ágúst 1973.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Gunnlaugur Þórðarson.

Nr. 347.

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Minningarsjóðs Vestur-Ísafjarðarsýslu fyrir árið 1972.

Tekjur:

Sjóður í ársbyrjun:		
Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 551	kr.	10 093.28
Vextir af Söfnunarsjóðsinnstæðu	—	958.72
	Kr.	11 052.00

Gjöld:

Sjóður til næsta árs:		
Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 551	kr.	11 052.00
	Kr.	11 052.00

Félagsmálaráðuneytið, 10. ágúst 1973.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Gunnlaugur Þórðarson.

Nr. 348.

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld sjóðsins „Stígs" fyrir árið 1972.

Tekjur:

Sjóður í ársbyrjun:		
Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 395	kr.	21 996.97
Vextir af söfnunarsjóðsinnstæðu	—	2 090.03
	Kr.	24 087.00

Gjöld:

Sjóður til næsta árs:		
Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 395	kr.	24 087.00
	Kr.	24 087.00

Félagsmálaráðuneytið, 12. ágúst 1973.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Gunnlaugur Þórðarson.

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs Gísla Jóns Nikulássonar fyrir árið 1972.

Tekjur:

Sjóður í ársbyrjun:		
Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 716	kr.	121 406.54
Vextir af söfnunarsjóðsinnstæðu	—	11 534.46
	Kr.	132 946.00

Gjöld:

Sjóður til næsta árs:		
Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 716	kr.	132 946.00
	Kr.	132 946.00

Félagsmálaráðuneytið, 12. ágúst 1973.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Gunnlaugur Þórðarson.

Nr. 350.

REIKNINGUR

fyrir Styrktarsjóð Þórarins Tulinius fyrir árið 1972.

Tekjur:

Sjóður í ársbyrjun:			
Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 709	kr.	22 147.89	
Búnaðarbankainnstæða nr. 129	—	53 640.80	
			kr. 75 788.69
Vextir:			
Af Söfnunarsjóðsinnstæðu	kr.	2 104.11	
— Búnaðarbankainnstæðu	—	3 715.00	
			— 5 819.11
			Kr. 81 607.80

Gjöld:

Sjóður til næsta árs:			
Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 709	kr.	22 362.00	
Búnaðarbankainnstæða nr. 129	kr.	59 245.80	
			kr. 81 607.80
			Kr. 81 607.80

Félagsmálaráðuneytið, 13. ágúst 1973.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Gunnlaugur Þórðarson.

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs sjómanna fyrir árið 1972.

Tekjur:

Sjóður í ársbyrjun:		
Landsbankainnstæða nr. 15383		kr. 143.60
Vextir		— 10.00
		Kr. 153.60

Gjöld:

Sjóður til næsta árs:		
Landsbankainnstæða nr. 15383		kr. 153.60
		Kr. 153.60

Félagsmálaráðuneytið, 13. ágúst 1973.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Gunnlaugur Þórðarson.

Nr. 352.

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Grímseyjarsjóðs W. Fiske fyrir árið 1972.

Tekjur:

Sjóður í ársbyrjun:			
Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 731	kr. 54 748.65		
Búnaðarbankainnstæða nr. 131	— 16 805.50		
			kr. 71 554.15
Vextir:			
Af söfnunarsjóðsinnstæðu	kr. 5 201.35		
Af Búnaðarbankainnstæðu	— 1 240.70		
			— 6 442.05
			Kr. 77 996.20

Gjöld:

Styrkur til Grímseyinga			kr. 4 915.00
Sjóður til næsta árs:			
Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 731	kr. 55 020.00		
Búnaðarbankainnstæða nr. 131	— 18 061.20		
			— 73 081.20
			Kr. 77 996.20

Félagsmálaráðuneytið, 13. ágúst 1973.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Gunnlaugur Þórðarson.

REIKNINGUR

Sóttvarnarsjóðs ríkisins frá 1. janúar 1972 til 31. desember 1972.

Tekjur:

1) Eign 1. janúar 1972			kr. 1 953 985.73
2) Vextir:			
a) af verðbréfum	kr.	18 910.00	
b) — spb. við Landsbankann	—	97 012.20	
c) — spb. við Iðnaðarbankann	—	23 244.07	
			— 139 166.27
			Kr. 2 093 152.00

Gjöld:

1) Innheimtulaun			kr. 1 850.00
2) Eignir 31. desember 1972:			
a) verðbréf	kr.	201 588.00	
b) spb. við Landsbankann	—	1 534 840.60	
c) spb. við Iðnaðarbankann	—	354 873.40	
			— 2 091 302.00
			Kr. 2 093 152.00

Landlæknir, Reykjavík, 7. september 1973.

Ólafur Ólafsson.

Nr. 354.

REIKNINGUR

Gjafasjóðs Aðalsteins Kristjánssonar, Winnipeg, frá 1. janúar 1972 til 31. desember 1972.

Tekjur:

1) Eign 1. janúar 1972			kr. 60 127.60
2) Vextir:			
a) af verðbréfum	kr.	400.00	
b) af sparisjóðsbók	—	3 669.80	
			— 4 069.80
			Kr. 64 197.40

Gjöld:

1) Innheimtulaun			kr. 100.00
2) Eignir 31. desember 1972:			
a) verðbréf	kr.	8 000.00	
b) sparisjóðsbók	—	56 097.40	
			— 64 097.40
			Kr. 64 197.40

Landlæknir, Reykjavík, 7. september 1973.

Ólafur Ólafsson.

REIKNINGUR

Gjafasjóðs Sturlu Jónssonar frá 1. janúar 1972 til 31. desember 1972.

Tekjur:

1) Eign 1. janúar 1972		kr. 173 748.50
2) Vextir af spb.		— 8 662.70
		Kr. 182 411.20

Gjöld:

Eignir 31. desember 1972:		
a) verðbréf	kr. 50 000.00	
b) sparisjóðsbók	— 132 411.20	
		kr. 182 411.20
		Kr. 182 411.20

Landlæknir, Reykjavík, 7. september 1973.

Ólafur Ólafsson.

Nr. 356.

REIKNINGUR

Minningarsjóðs Guðrúnar Jafetsdóttur frá 1. janúar 1972 til 31. desember 1972.

Tekjur:

1) Eign 1. janúar 1972	kr. 8 268.38
2) Vextir af sparisjóðsbók við Söfnunarsjóð Íslands	— 785.62
	Kr. 9 054.00

Gjöld:

Eign 31. desember 1972	kr. 9054.00
	Kr. 9 054.00

Landlæknir, Reykjavík, 7. september 1973.

Ólafur Ólafsson.

REIKNINGUR

Læknishéraðasjóðs frá 1. janúar 1972 til 31. desember 1972.

Austur—Egilsstaðahérað.

Eftirstöðvar 1. jan. 1972	kr.	185 214.80	
Vextir árið 1972	—	12 965.00	
			kr. 198 179.80

Bakkagerðishérað.

Eftirstöðvar 1. jan. 1972	kr.	1 280 852.60	
Innborgað af landlækni	—	193 840.00	
Vextir árið 1972	—	96 507.40	
	kr.	1 571 200.00	
Gr. Hannesi Ö. Jóhannessyni	—	27 607.00	
— Flugþjónustunni	—	2 501.00	
— kostnaður	—	150 00	
			— 1 540 942.00

Bíldudalshérað.

Eftirstöðvar 1. jan. 1972	kr.	289 015.50	
Innborgað af landlækni	—	193 840.00	
Vextir árið 1972	—	27 698.40	
	kr.	510 553.90	
Gr. Pétri Bjarnasyni	—	15 714.00	
— kostnaður	—	100.00	
			— 494 739.90

Búðardalshérað.

Eftirstöðvar 1. jan. 1972	kr.	57 069.10	
Innborgað af landlækni	—	7 977.00	
Vextir árið 1972	—	4 083.10	
	kr.	69 129.20	
Gr. sýslumanni Dalasýslu	—	19 353.00	
— kostnaður	—	50.00	
			— 49 726.20

Djúpavíkurhérað.

Eftirstöðvar 1. jan. 1972	kr.	1 116 108.10	
Innborgað af landlækni	—	193 840.00	
Vextir af skbr. Ræktunarfél. Árn.	—	32 400.00	
Vextir árið 1972	—	48 794.40	
			— 1 391 142.50

Djúpavogshérað.

Eftirstöðvar 1. jan. 1972	kr.	46 365.20	
Innborgað af landlækni	—	74 733.00	
Vextir árið 1972	—	1 591.10	
	kr.	122 689.30	

Gr. Hákoni Aðalsteinssyni	kr.	7 160.00		
— Valgeir G. Vilhjálmssyni	—	67 683.00		
— Óskari Gunnlaugssyni	—	2 092.00		
— Sigurði Aðalsteinssyni	—	3 600.00		
— Flugþjónustunni h.f.	—	13 233.00		
— Norðurflugi h.f.	—	7 600.00		
— Guðm. Sigurðssyni	—	13 710.00		
— Sjúkrahúsinu Egilsstöðum	—	5 400.00		
— Árna Karlssyni	—	630.00		
— kostnaður	—	650.00		
			kr.	948.30
Egilsstaðahérað.				
Eftirstöðvar 1. jan. 1972	kr.	12 758.10		
Vextir árið 1972	—	893.10		
			—	13 651.20
Flateyjarhérað.				
Eftirstöðvar 1. jan. 1972	kr.	715 709.00		
Innborgað af landlækni	—	145 960.00		
Vextir árið 1972	—	56 258.30		
			—	917 927.30
Flateyrarhérað.				
Eftirstöðvar 1. jan. 1972	kr.	178 019.30		
Vextir árið 1972	—	9 388.50		
	kr.	187 407.80		
Gr. Þórði Gíslasyni	—	44 146.00		
— Oddvita Flateyrarhrepps	—	35 872.00		
— Sveitarstjóra Flateyrarhrepps	—	87 589.00		
— kostnaður	—	150.00		
			—	19 650.80
Hafnarhérað.				
Eftirstöðvar 1. jan. 1972	kr.	4 153.70		
Vextir árið 1972	—	290.70		
			—	4 444.40
Hofsóshérað.				
Eftirstöðvar 1. jan. 1972	kr.	56 859.00		
Vextir árið 1972	—	3 980.10		
			—	60 839.10
Hólmavíkurhérað.				
Eftirstöðvar 1. jan. 1972	kr.	40 110.80		
Vextir árið 1972	—	2 691.50		
	kr.	42 802.30		
Gr. Kjartani Pálssyni	—	480.00		
— Magnúsi K. Péturssyni	—	480.00		
— Friðþjófi Björnssyni	—	480.00		
— Guðbrandi Kjartanssyni	—	2 668.00		
— Páli Ásmundssyni	—	580.00		
			—	38 114.30

Hvammstangahérað.

Eftirstöðvar 1. jan. 1972	kr.	8 568.30		
Vextir árið 1972	—	599.80		
			kr.	9 168.10

Höfðahérað.

Eftirstöðvar 1. jan. 1972	kr.	239 471.50		
Innborgað af landlækni	—	191 064.00		
Vextir árið 1972	—	12 790.90		
	kr.	443 326.40		
Gr. Þorfinni Bjarnasyni	—	213 491.00		
— Lárusi Æ. Ólafssyni	—	23 080.00		
— kostnaður	—	100.00		
			—	206 655.40

Ísafjarðarhérað.

Eftirstöðvar 1. jan. 1972	kr.	35 179.40		
Vextir árið 1972	—	2 462.50		
			—	37 641.90

Kirkjubæjarhérað.

Eftirstöðvar 1. jan. 1972	kr.	27 475.40		
Vextir árið 1972	—	1 923.30		
			—	29 398.70

Kleppsjárnsreykjahérað.

Eftirstöðvar 1. jan. 1972	kr.	68 259.50		
Vextir árið 1972	—	4 778.10		
			—	73 037.60

Kópaskershérað.

Eftirstöðvar 1. jan. 1972	kr.	263 279.10		
Innborgað af landlækni	—	199 813.00		
Vextir árið 1972	—	24 845.20		
	kr.	487 937.30		
Gr. Ingimar S. Hjálmarssyni	—	57 435.50		
— kostnaður	—	200.00		
			—	430 301.80

Laugaráshérað.

Eftirstöðvar 1. jan. 1972	kr.	10 309.10		
Vextir árið 1972	—	721.60		
			—	11 030.70

Neshérað.

Eftirstöðvar 1. jan. 1972	kr.	301 293.10		
Innborgað af landlækni	—	372 981.00		
Vextir árið 1972	—	21 950.00		
	kr.	696 224.10		
Gr. til Sjúkrahússins í Neskaupstað	—	162 070.00		
			—	534 154.10

Ólafsfjarðarhérað.

Innborgað af landlækni	kr.	43 815.00		
Vextir árið 1972	—	1 099.70		
	kr.	44 914.70		
Gr. Víkingi H. Arnórssyni	—	2 871.00		
— Ásgrími Hartmannssyni	—	19 150.00		
— Arinbirni Kolbeinssyni	—	5 730.00		
— kostnaður	—	150.00		
			kr.	17 013.70

Ólafsvíkurhérað.

Eftirstöðvar 1. jan. 1972	kr.	3 191.30		
Vextir árið 1972	—	223.40		
			—	3 414.70

Patreksfjarðarhérað.

Eftirstöðvar 1. jan. 1972	kr.	8 171.70		
Vextir árið 1972	—	572.30		
			—	8 744.00

Raufarhafnarhérað.

Eftirstöðvar 1. jan. 1972	kr.	50 231.30		
Innborgað af landlækni	—	207 845.00		
Vextir árið 1972	—	4 953.80		
	kr.	263 030.10		
Gr. Páli Árnasyni	—	114 443.60		
— Ingimar Hjálmarssyni	—	47 343.50		
— Raufarhafnarhreppi	—	45 000.00		
— kostnaður	—	650.00		
			—	55 593.00

Reykdælahérað.

Eftirstöðvar 1. jan. 1972	kr.	3 577.00		
Vextir árið 1972	—	250.40		
			—	3 827.40

Reykhólahérað.

Eftirstöðvar 1. jan. 1972	kr.	59 859.60		
Innborgað af landlækni	—	98 080.00		
Vextir árið 1972	—	3 565.10		
	kr.	161 504.70		
Gr. Sturlu Þórðarsyni	—	7 395.00		
— Inga G. Sigurðssyni	—	127 894.00		
— Brynhildi Ó. Sigurðardóttur	—	3 797.00		
— Hauki Magnússyni	—	3 218.00		
— kostnaður	—	550.00		
			—	18 650.70

Súðavíkurhérað.

Eftirstöðvar 1. jan. 1972	kr.	831 395.10		
Innborgað af landlækni	—	193 840.00		
Vextir árið 1972	—	66 376.60		
			—	1 091 611.70

Suðureyrarhérað.

Eftirstöðvar 1. jan. 1972	kr.	243 574.10		
Innborgað af landlækni	—	8 384.00		
Vextir árið 1972	—	16 911.50		
	kr.	268 869.60		
Gr. Gunnari Pálssyni	—	8 149.00		
— Auðberg Jónssyni	—	3 668.50		
— kostnaður	—	250.00		
			kr.	256 802.10

Vopnafjarðarhérað.

Eftirstöðvar 1. jan. 1972	kr.	60 379.50		
Vextir árið 1972	—	3 761.90		
	kr.	64 141.40		
Gr. Jakobi Þorsteinssyni	—	6 666.00		
— Úlfi Ragnarssyni	—	1 813.00		
— kostnaður	—	100.00		
			—	55 562.40

Þingeyrarhérað.

Eftirstöðvar 1. jan. 1972	kr.	41 829.50		
Vextir árið 1972	—	2 877.50		
	kr.	44 707.00		
Gr. Flugfélaginu Ernir	—	4 000.00		
— kostnaður	—	50.00		
			—	40 657.00

Þórshafnarhérað.

Eftirstöðvar 1. jan. 1972	kr.	80 393.10		
Innborgað af landlækni	—	193 840.00		
Vextir árið 1972	—	10 968.70		
	kr.	285 201.80		
Gr. Kristjáni Eyjólfssyni	—	3 002.00		
— Braga Dýrfjörð	—	27 081.00		
— Sigurði Björnssyni	—	2 474.00		
— Guðmundi Viggóssyni	—	1 241.00		
— Úlfi Ragnarssyni	—	1 367.00		
— Jörgen Sigurðssyni	—	2 552.00		
— Þengli Oddssyni	—	20 244.00		
— kostnaður	—	800.00		
			—	226 440.80

Læknishéraðasjóður.

Eftirstöðvar 1. jan. 1972	kr.	1 542 875.00		
Vextir árið 1972	—	108 001.30		
			—	1 650 876.30
			Kr.	9 490 887.90

Landlæknir, Reykjavík, 7. september 1973.

Ólafur Ólafsson.

REIKNINGUR

Ólafssjóðs frá 1. janúar 1972 til 31. desember 1972.

Tekjur:

1) Eign 1. janúar 1972		kr. 20 562.44
2) Vextir af viðskiptabók við Söfnunarsjóð Íslands		— 1 953.56
		Kr. 22 516.00

Gjöld:

1) Eign 31. desember 1972		kr. 22 516.00
		Kr. 22 516.00

Landlæknir, Reykjavík, 7. september 1973.

Ólafur Ólafsson.

Nr. 359.

REIKNINGUR

Minningarsjóðs Lárusar G. Lúðvígssonar og Málfríðar Jónsdóttur frá 1. janúar 1972 til 31. desember 1972.

Tekjur:

1) Eign 1. janúar 1972			kr. 265 754.10
2) Vextir:			
a) af verðbréfum	kr.	303.00	
b) af sparisjóðsbók	—	18 489.70	
			— 18 792.70
			Kr. 284 546.80

Gjöld:

1) Innheimtulaun	kr. 200.00
2) Eignir 31. desember 1972 í sparisjóðsbók	— 284 346.80
	Kr. 284 546.80

Landlæknir, Reykjavík, 7. september 1973.

Ólafur Ólafsson.

Nr. 360. 5. desember 1973.

AUGLÝSING

um viðauka við Lyfjaverðskrá I, vinnugjaldskrá I b, sem gildir frá 15. nóvember 1973.

Frá og með 1. janúar 1974 tekur gildi viðauki nr. 1 við Lyfjaverðskrá I, 1973, vinnugjaldskrá nr. 1 b.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 5. desember 1973.

Magnús Kjartansson.

Páll Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um hækkun bóta samkvæmt lögum um almannatryggingar.

1. gr.

Upphæðir bóta samkvæmt lögum um almannatryggingar annarra en fjölskyldubóta og fæðingarstyrks skulu hækka um 7% frá 1. janúar 1974 að telja.

Hækkunin tekur einnig til lágmarksbóta og heimildarbóta samkvæmt 19. gr., svo og greiðslna samkvæmt 73. gr. laga nr. 67/1971, sbr. 5. gr. laga nr. 96/1971.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 78. gr. laga nr. 67/1971.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 5. desember 1973.

Magnús Kjartansson.

Páll Sigurðsson.

4. desember 1973. Nr. 362.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 189 14. júlí 1972, um fiskveiðilandhelgi Íslands.

1. gr.

3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

1. Fyrir Norðausturlandi er bannað að veiða með botnvörpu, flotvörpu eða dragnót á tímabilinu 1. apríl til 1. júní á svæði, er takmarkast að vestan af línu, sem dregin er réttvísandi í norður frá Rifstanga (grunnlínupunktur 4) og að austan af línu, sem dregin er réttvísandi í norðaustur af Langanesi (grunnlínupunktur 6).
2. Fyrir Suðurlandi eru allar veiðar bannaðar á tímabilinu 20. mars til 1. maí á svæði, sem afmarkast af línum, sem dregnar eru milli eftirgreindra staða:

a) 63°32′0 n.br., 21°25′0 v.lg.
b) 63°00′0 n.br., 21°25′0 v.lg.
c) 63°00′0 n.br., 22°00′0 v.lg.
d) 63°32′0 n.br., 22°00′0 v.lg.

Að öðru leyti skal íslenskum skipum, sem veiða með botnvörpu, flotvörpu eða dragnót, heimilt að veiða innan fiskveiðilandhelginnar, samkvæmt ákvæðum laga nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu, sbr. lög nr. 21 10. maí 1969.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 44 5. apríl 1948 um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, sbr. lög nr. 81 8. desember 1952, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 4. desember 1973.

Lúðvík Jósepsson.

Jón L. Arnalds.


ÍSLAND
Lokað frá 20. marz - 1. maí.
a
b
c
d
65°
63°
24°
20°

28. nóvember 1973. 685 Nr. 363.

Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til bæjarfógetans í Keflavík um skráningu ökutækja í Gullbringusýslu.

Hér með tilkynnist yður, herra bæjarfógeti, að ráðuneytið hefur ákveðið, með tilliti til þeirra breytinga, sem verða á mörkum Gullbringusýslu og Kjósarsýslu og skipan lögsagnarumdæma 1. janúar n. k., að frá þeim tíma skuli umdæmisbókstafurinn Ö gilda fyrir skráningarskyld ökutæki í Keflavík og Gullbringusýslu, en umdæmisbókstafurinn G fyrir skráningarskyld ökutæki í Hafnarfirði og Kjósarsýslu.

Jafnframt skal tekið fram, að fyrst um sinn skal eigi skylt að umskrá ökutæki, sem bera umdæmisbókstafinn G 1. janúar 1974, en ættu samkvæmt framanskráðu að bera umdæmisbókstafinn Ö, enda sé ökutækið áfram í eign sama aðila og eigandinn búsettur innan Gullbringusýslu, Hafnarfjarðarkaupstaðar eða Kjósarsýslu, og eigi er þinglýst nýju skjali í ökutækinu.

Samhljóða bréf hefur ráðuneytið sent bæjarfógetanum í Hafnarfirði, svo og bifreiðaeftirliti ríkisins.

21. desember 1973. Nr. 364.

AUGLÝSING

um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að nota heimild laga nr. 94 frá 21. desember 1973 og innheimta á árinu 1974 með viðauka eftirtalin gjöld til ríkissjóðs:

a. Með 140% viðauka stimpilgjald af öðru en afsölum fyrir fasteignum og skipum, leigusamningum um jarðir og lóðir og af kaupmálum.
b. Með 140% viðauka, leyfisbréfagjöld, önnur en þau, er um ræðir í aukatekjulögum nr. 104/1965.

Álagið skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta, sem um ræðir í 1. gr., en brot úr eyri, sem myndast við viðbóta þessa, skal sleppt.

Fjármálaráðuneytið, 21. desember 1973.

F. h. r.
Jón Sigurðsson.

Höskuldur Jónsson.

Stjórnartíðindi B 35, nr. 363—364. Útgáfudagur 28. desember 1973.

B 87

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

STJÓRNARTÍÐINDI B 36 — 1973

Nr. 365. 686 27. desember 1973.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um Byggingasjóð verkamanna og verkamannabústaði nr. 272 9. desember 1970.

1. gr.

10. gr. orðist svo:

Þegar byggingaframkvæmdir hafa verið ákveðnar samkvæmt 6.—9. gr. skal hlutaðeigandi sveitarfélag árlega greiða framlag til Byggingasjóðs verkamanna næstu fjögur árin, sem ekki skal vera lægra en 200 krónur og ekki hærra en 1200 krónur fyrir hvern íbúa í sveitarfélaginu, sem býr á þéttbýlisstað, samkvæmt árlegum mannfjöldaskýrslum Hagstofunnar, miðað við 1. desember árið á undan. Fjárhæðir þessar breytast árlega til samræmis við breytingar á vísitölu byggingakostnaðar og skal miða við vísitölu 1. nóvember næst á undan gjalddaga. Framlagsskylda sveitarfélags, samkvæmt grein þessari, gildir frá og með því ári, sem byggingaframkvæmdir eru ákveðnar. Framlagið greiðir Jöfnunarsjóður sveitarfélaga fyrir 31. desember ár hvert af framlagi Jöfnunarsjóðs til hlutaðeigandi sveitarfélags.

Ríkissjóður greiðir árlega framlag til Byggingasjóðs verkamanna, sem vera skal jafnhátt og samanlögð framlög sveitarfélaga til byggingasjóðsins eru á ári hverju. Framlag ríkissjóðs greiðist samtímis og framlög sveitarfélaganna, samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt IV. kafla laga nr. 30 frá 12. maí 1970 sbr. lög nr. 90 frá 24. desember 1971 um Húsnæðismálastofnun ríkisins til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 27. desember 1973.

Björn Jónsson.

Hallgrímur Dalberg.

Stjórnartíðindi B 36, nr. 365. Útgáfudagur 31. desember 1973.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

STJÓRNARTÍÐINDI B 37 — 1973

AUGLÝSING

um að lækka tolla á vörum innfluttum frá aðildarríkjum Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og Efnahagsbandalags Evrópu (EBE).

Samkvæmt ákvæðum samnings Íslands um aðild að Fríverslunarsamtökum Evrópu, er tók gildi 1. mars 1970 og ákvæðum viðskiptasamnings Íslands og Efnahagsbandalags Evrópu, er tók gildi 1. apríl 1973, ber Íslandi að lækka tolla gagnvart meðlimaríkjum EFTA og EBE hinn 1. janúar 1974.

Með skírskotun til ofanritaðs tilkynnir ráðuneytið hér með öllum þeim aðilum, sem hlut eiga að máli, að það hefur ákveðið, samkvæmt heimild í 6. tl. 3. gr. laga nr. 1/1970 um tollskrá o. fl., að láta koma til framkvæmda frá og með 1. janúar 1974 lækkun tolla á vörum innfluttum frá aðildarríkjum EFTA og EBE, sem bera sérstakan toll í dálki 2 í tollskrá með yfirskriftinni EFTA-tollur og skulu tollar þessir vera sem hér segir:

Núgildandi tollur	Frá 1. jan. 1974 tollur
%	%
70	60
65	55
55	50
50	40
45	40
40	35
35	30
30	24
25	21
21	18
18	15
14	12
11	9
8	7
7	6
5	3
4	3
2	0

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi 1. janúar 1974.

Fjármálaráðuneytið, 27. desember 1973.

Halldór E. Sigurðsson.

Þorsteinn Ólafsson.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

AUGLÝSING

um greiðslufrest á aðflutningsgjöldum af hráefnum og vélum til iðnaðar.

Ráðuneytið hefur ákveðið, að frá og með 1. janúar 1974 skuli innflytjendum vara í nánar tilteknum tollskrárnúmerum veittur frestur á greiðslu aðflutningsgjalda og söluskatts til 1. mars 1974, enda gefi innflytjandi út skuldaviðurkenningu til handa viðkomandi tollstjóra fyrir andvirði álagðra gjalda auk ábyrgðar banka á greiðslu skuldarinnar hafi skuldaviðurkenning eigi verið gerð upp fyrir 15. mars 1974. Listi yfir tollskrárnúmer þau, sem hér um ræðir, mun verða sendur öllum tollstjórum auk samtaka iðnrekenda og innflytjenda.

Fjármálaráðuneytið, 28. desember 1973.

Halldór E. Sigurðsson.

Þorsteinn Ólafsson.

Nr. 368. 28. desember 1973.

AUGLÝSING

um breytingu á fasteignamati.

Ráðuneytið hefur ákveðið að nota heimild í 3. tl. ákvæðis til bráðabirgða í lögum nr. 8 22. mars 1972, um tekjustofna sveitarfélaga, sbr. 3. gr. laga nr. 104/1973, um breyting á þeim lögum, til að hækka fasteignamat um 45% að því er tekur til notkunar fasteignamatsins samkvæmt þeim tilteknu lögum. Auglýsing þessi tekur gildi hinn 1. janúar 1974, og jafnframt er úr gildi felld auglýsing ráðuneytisins frá 7. apríl 1972, um sama efni.

Fjármálaráðuneytið, 28. desember 1973.

Halldór E. Sigurðsson.

Þorsteinn Ólafsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 38 — 1973

GJALDSKRÁ

Rafmagnsveitna ríkisins um raforkusölu í heildsölu.

Gjaldskrá þessi er miðuð við afhendingu raforkunnar með 6—11 kV spennu og mælingu hennar á þeirri spennuhlið.

Gjaldskráin gildir um sölu til héraðsrafmagnsveitna og er miðuð við afhendingu orkunnar á einum stað í nánd við mörk orkuveitusvæðis þeirra.

Einnig er heimilt að selja öðrum raforkukaupendum samkvæmt þessari gjaldskrá, enda sé þá greitt fyrir minnst 800 kW afl og fyrir 6—11 kV aðfærsluveitu frá aðalkerfi Rafmagnsveitna ríkisins, miðað við fjarlægð, aflnotkun og samningsbundna tímalengd notkunar.

Rafmagnsveitunum er heimilt að afhenda orkuna á hærri spennu en gjaldskrá þessi miðast við, enda sé um það gerður sérstakur samningur á milli Rafmagnsveitnanna og þess kaupanda, sem í hlut á.

Rafmagnsgjald.

Aflgjald	3 387 krónur á árskW
+ Orkugjald:	
Fyrir fyrstu notkun allt að 2 500 klst., nýtingartíma á árskW	107.3 aurar á kWst.
Fyrir notkun milli 2 500 og 4 000 klst. nýtingartíma á árskW	62.0 aurar á kWst.
Fyrir notkun umfram 4 000 klst. á nýtingartíma á árskW	31.0 aurar á kWst.

Aflmæling.

Með árskW í gjaldskrá þessari er átt við meðaltal fjögurra hæstu mánaðarálagstoppa ársins, mældra sem 30 mínútna meðalálag á afhendingarstað.

Ársnýting.

Ársnýtingartími á klst. er raforkunotkun eins almanaksárs í kWst. deild með þeim álagstoppi á kW, sem greiða skal fyrir.

Ákvörðun aflgjalds.

Rafmagnsveiturnar áætla í samráði við kaupanda aflnotkun komandi árs, og er það umsamið afl sama tímabils. Reynist mesta aflnotkun verða minna, skal þó kaupandi greiða fyrir minnst 80% af umsömdu afli.

Greiðsluskilmálar.

Rafmagnsveiturnar áætla í samráði við kaupanda ársgreiðslu hans, miðað við umsamið afl, og skal þeirri upphæð skipt í mánaðarlegar greiðslur, sem falla í gjald-

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

daga fyrsta hvers mánaðar eftir á. Hafi full greiðsla ekki borist Rafmagnsveitunum 10 dögum eftir gjalddaga, reiknast 12% ársvextir á hana frá gjalddaga til greiðsludags.

Rafmagnsveiturnar hafa heimild til að stöðva afhendingu orkunnar, ef greiðsla hefur ekki verið innt af hendi einum mánuði eftir gjalddaga, en tilkynnt skal kaupanda um það með minnst 3ja daga fyrirvara.

Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað kaupanda, sbr. 76. gr. Orkulaga nr. 58/1967.

Önnur ákvæði.

Um önnur ákvæði gildir reglugerð Rafmagnsveitna ríkisins. Verðjöfnunargjald er innifalið í verðinu, en ekki söluskattur.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt Orkulögum nr. 58/1967 og staðfestri reglugerð Rafmagnsveitna ríkisins frá 1968 til að taka gildi 1. desember 1973. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 75 6. mars 1973.

Iðnaðarráðuneytið, 29. nóvember 1973.

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.

Nr. 370. 29. nóvember 1973.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Hafnarfjarðar.

I. RAFORKA

Rafveita Hafnarfjarðar selur raforku á þann hátt og við því verði er hér segir.

A. Lýsing.

01 1. Um kWh-mæli á kr. 14.75 hverja kWh.

02 2. Um kWh-mæli á kr. 7.05 hverja kWh auk fastagjalds er nemi kr. 1908.00 á ári fyrir allt að 25 m^2 gólfflatarmáls í rúmi því, er lýsa skal, og kr. 36.00 fyrir hvern m^2 umfram 25 m^2. Fullt fermetragjald skal greiða af gólffleti í íbúðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 18.00 á m^2 á ári.

Séu notaðir flúrskinslampar, natriumlampar eða kvikasilfurslampar með ófasviksjöfnuðum straumrásum, er heimilt að miða orkugjald skv. 1. og 2. tölulið við kílóvoltamperstundir í stað kílówattstunda.

B. Almenn heimilisnotkun.

12 Um kWh-mæli á kr. 3.19 hverja kWh og auk þess fastagjald kr. 330.00 á ári fyrir hvert herbergi, sem ætlað er til íbúðar og eldhús, en ekki ganga, baðherbergi eða geymslur.

C. Vélanotkun.

20 1. Um kWh-mæli á kr. 7.05 hverja kWh.

23 2. Um mæla þannig reiknað, enda sé aflnotkun minnst 5 kW. Aflgjald skv.

kW-mæli á kr. 3 497.00 hvert árs-kW. Auk þess skal greitt orkugjald skv. kWh-mæli á kr. 1.25 hverja kWh. Minnsta aflgjald er kr. 17 485.00 á ári. Verði raunstuðullinn lægri en 0.8 er heimilt að miða aflgjaldið við 90% af mestu kVA-notkun í stað mestu kW-notkunar.

D. Hitun.

03 1.1 Um kWh-mæli á kr. 2 88 hverja kWh (án söluskatts).
04 1.2 Um kWh-mæli á kr. 3.25 hverja kWh (með söluskatti).
16 2.1 Um kWh-mæli á kr. 1.02 hverja kWh (án söluskatts), enda megi rjúfa straumin í allt að 3 klst. á dag, á tímum mesta álags Rafveitunnar.
17 2.2 Um kWh-mæli á kr. 1.15 hverja kWh (með söluskatti), enda megi rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag, á tímum mesta álags Rafveitunnar.
32 3.1 Um kWh-mæli á kr. 0.53 hverja kWh (án söluskatts), enda megi rjúfa strauminn í allt að 12 klst. á sólarhring.
33 3.2 Um kWh-mæli á kr. 0.59 hverja kWh (með söluskatti), enda megi rjúfa strauminn í allt að 12 klst. á sólarhring.

Skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

a) Að vélaafl, götulínur og spennar þoli álagið, að dómi rafveitustjóra.
b) Að notandi kosti segulrofa fyrir hitalögnina.
c) Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð skv. fyrirmælum Rafveitunnar og Rafmagnseftirlits ríkisins, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir, þegar þess er krafist.
d) Að húsnæðið fullnægi þeim lágmarkskröfum um einangrun, sem Rafveitan kann að setja.
e) Að lagðar séu fram niðurstöður útreikninga á hitaþörf þess húsrýmis, er hita skal, þegar þess er krafist og skal þá tekið fram, við hvaða minnsta útihita hitaþörfin er miðuð.

E. Stórnotkun.

50 Um mæla þannig reiknað, enda sé aflnotkun minnst 200 kW.
Aflgjald: kr. 6 373.00 hvert árskW.
Orkugjald: kr. 0.71 hverja kWh.
Sala skv. þessum lið er háð ákvörðun rafveitunefndar.

F. Önnur notkun.

Rafveitustjóra er heimilt að veita afslátt frá framangreindum verðlagsákvæðum á liðunum A til D á orku, sem notuð er á sumrin, ef um töluverða aukningu frá vetrarnotkun er að ræða, eða ef orkan er eingöngu notuð á sumrin.

40 2. Til nota við vinnulagnir við byggingar, meðan á byggingu stendur, þannig:
a) Um kWh-mæli á kr. 7.74 hverja kWh.
b) Um mestastraumsrofa á kr. 72.00 hvert amper á mánuði.
Rafveitustjóri ákveður hvort settur skuli upp kWh-mælir eða mestastraumsrofi.

41 3. Gjöld fyrir götu- og hafnarlýsingu: Kr. 20 231.00 hvert árskílówatt, þótt mælitækjum verði ekki við komið, enda greiði þá notandi að auki stofnkostnað eða viðhaldskostnað að fullu eftir ákvörðun Rafveitunnar. Þó ákveður bæjarstjórn gjald fyrir götulýsingu í Hafnarfirði samkv. tillögu rafveitunefndar, sem gerð skal árlega við afgreiðslu fjárhagsáætlunar bæjarins.

4. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri selja raforku eftir sérstökum

samningi, þó eigi lengur en til eins árs í senn, nema samþykki rafveitunefndar komi til.

G. Mælaleiga.

1. Af einfasamælum ..... kr. 16.50 á mán.
2. Af þrífasamælum til og með 100 A ..... — 41.00 — —
3. Af þrífasamælum yfir 100 A ..... — 69.00 — —
4. Af mestumælum ..... — 105.50 — —
5. Ársleiga eftir önnur mælitæki og rofa skal vera sem næst 15% af verði viðkomandi tækis, eftir nánari ákvörðun Rafveitunnar.

II. HEIMTAUGARGJÖLD

Heimtaugargjald skal greitt samkvæmt eftirfarandi töflu: Fari lengd jarðlínuheimtaugar fram úr 15 m eða loftlínuheimtaugar fram úr 40 m skal greitt yfirlengdargjald eins og taflan sýnir:

Málstraumur stofnvara	Jarðlína Lágmark Kr.	Jarðlína Yfirlengd Kr./m	Loftlína Lágmark Kr.	Loftlína Yfirlengd Kr./stólpa
	220 V kerfi			
63 A 1-fasa	13 440	747	10 181	9 897
100 A 1-fasa	16 289	896	12 897	12 367
63 A 3-fasa	16 832	896	12 897	12 367
100 A 3-fasa	20 905	1 018	14 661	15 461
125 A 3-fasa	26 063	1 141	18 326	16 222
200 A 3-fasa	40 724	1 547	29 050	18 543
300 A 3-fasa	58 780	1 887		
	380 V kerfi			
63 A 1-fasa	13 440	747	11 538	9 897
63 A 2-fasa	16 289	747	12 897	11 539
63 A 3-fasa	22 806	896	17 511	12 367
100 A 3-fasa	36 109	1 018	26 063	15 461
125 A 3-fasa	45 068	1 141	31 629	16 222
200 A 3-fasa	70 588	1 547	49 955	18 543
300 A 3-fasa	101 810	1 887		

Fyrir heimtaugar með meiri flutningsgetu en taflan segir til um (hér kann að þurfa dreifistöð) skal greitt heimtaugargjald er nemi kr. 543.00 á hvert kVA. Skal þá miða aflið við varastærðirnar 425, 500 og 630 A. Yfirlengdargjald reiknast þá í hlutfalli við aukna flutningsgetu eftir 300 A skv. töflunni.

Lengd jarðlínuheimtaugar, 63—200 A í 220 V kerfi og 63—125 A í 380 V kerfi reiknast frá varkassa stystu greiðfæru leið að lóðarmörkum. Þurfi að leggja jarðlínuheimtaug af ofangreinum stærðum út frá loftlínu, skal lengd heimtaugar reiknuð jöfn lengd jarðstrengs frá varkassa að loftlínustólpa. Þveri jarðlínuheimtaugin akbraut, skal breidd akbrautar ekki reiknuð með.

Lengd stærri jarðlínuheimtaugar, en að ofan greinir, reiknast frá varkassa að rofa í dreifistöð. Yfirlengd reiknast ekki af vegalengd, sem er umfram 100 m frá varkassa. Yfirlengdin reiknast sem yfirlengd jarðlínu skv. töflu þótt heimtaugin sé tekin frá loftlínu.

Lengd loftlínuheimtaugar, 63—100 A 220 V og í 380 V kerfi, reiknast frá næsta stólpa í notendalínu við götu, stystu greiðfæru leið að varkassa. Þurfi að setja stólpa fyrir heimtaug nær húsi, en 40 m svo að hún nái löglegri hæð, skal greitt umfram gjald kr. 5 430.00 fyrir stólpann.

Séu tvær eða fleiri heimtaugar sameiginlegar að hluta, er Rafveitunni heimilt að jafna lengdargjöldum niður á umsækjendur heimtauga.

Sé nauðsynlegt að setja upp dreifistöð vegna ákveðins notanda og hún að mestu leyti notuð í hans þágu, skal notandanum skylt að leggja til lóð undir stöðina, Rafveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum Rafveitunnar um stærð lóðarinnar og staðsetningu stöðvarinnar.

Sé um óskipulegt svæði að ræða eða aðstæður óvenjulegar, er heimilt að krefjast sérstaks aukagjalds af húseiganda eða gera honum að greiða fyrir heimtaugina skv. kostnaði, en gera honum viðvart um það fyrir fram.

Óski húseigandi eftir að flutningsgeta heimtaugar verði aukin eða ef breyta þarf loftlínuheimtaug í jarðlínuheimtaug, vegna breytinga á stofnlínu í götu, skal húseigandi greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá, þegar breytingin fer fram. Húseigandi skal kosta breytingar á stofntaug innanhúss, sem þessu kann að vera samfara og taka á sig annan kostnað er af þessu kann að stafa.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum innan lögsagnarumdæmis Hafnarfjarðar, Garðahrepps og Bessastaðahrepps.

III. OPNUNARGJÖLD

1. Hafi gjald skv. gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar fyrir veituna hafi komið, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 280.00.
2. Ef fundin eru við skoðun óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún eigi opnuð aftur fyrr en notandi hefur greitt kr. 350.00 gjald á skrifstofu Rafveitunnar.

Sé opnað utan venjulegs vinnutíma, er heimilt að krefjast opnunargjalds samkv. kostnaði.

IV. ÝMIS ÁKVÆÐI

Rafveitunefnd er heimilt að breyta hitatöxtum rafmagns til samræmingar við nágrannaveiturnar.

Hækki innkaupsverð á raforku, er rafveitunefnd heimilt að hækka gjaldskrá þessa um allt að 40% af þeirri hækkun.

Fyrir hver full 5%, sem kaupgjald hjá Rafveitu Hafnarfjarðar hækkar eða lækkar, hvort heldur er sökum breytingar á grunnkaupi eða kaupgjaldsvísitölu eftir 1. febrúar 1973, er rafveitunefnd heimilt að hækka eða lækka gjaldskrá þessa um 4%, enda komi samþykki Iðnaðarráðuneytisins til.

Söluskattur samkvæmt lögum nr. 10/1960 um söluskatt, með síðari breytingum og viðaukum, er talinn með í upphæð gjalda þeirra, sem um ræðir í I. kafla gjaldskrár þessarar, nema annars sé sérstaklega getið. Gjaldskrá þessi gildir frá og með 1. desember 1973.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér skv. vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá Rafv. Hafnarfjarðar nr. 83 9. mars 1973 svo og breyting á henni nr. 277 15. október 1973.

Iðnaðarráðuneytið, 29. nóvember 1973.

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.

SAMÞYKKT

um hundahald í Patrekshreppi

1. gr.

Hundahald er bannað í Patrekshreppi.

2. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að veita einstaklingum, búsettum í hreppnum, undanþágu til hundahalds með eftirfarandi skilyrðum:

a) Hundurinn skal skráður á skrifstofu hreppsins, og þar fær eigandi hundsins afhenta merkta plötu, sem skal jafnan vera í ól um háls hundsins.

b) Árlega skal sveitarsjóði greitt leyfisgjald fyrir þá hunda, sem undanþága er veitt fyrir. Gjaldið, sem sveitarstjórn ákveður fyrir eitt ár í senn, skal renna til þess að standa straum af kostnaði við eftirlit með hundum í hreppnum og skal upphæð þess við það miðuð.

c) Skylt er hundaeiganda að hafa hund sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu vátryggingafélagi. Við greiðslu árlegs leyfisgjalds skal leggja fram kvittun frá tryggingafélaginu, sem sýni að tryggingin sé í fullu gildi.

d) Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannafæri, heldur vera í taumi í fylgd með aðila, sem hefur fullt vald yfir honum.

Eigi er leyfilegt að fara með hunda inn í sjúkra- og skólahús, matvöruverslanir eða aðra staði, þar sem matvæli eru um hönd höfð.

e) Leyfi fyrir einstökum hundum er jafnan háð því, að þeir raski eigi ró íbúa hreppsins og séu hvorki þeim né öðrum, sem um hreppinn fara, til óþæginda.

f) Hundaeiganda ber að hlíta að öðru leyti lögum og reglum, er hundahald varða (þ. á m. reglum um árlega hreinsun hunda og greiðslu hundaskatts), svo og fyrirmælum, sem heilbrigðisnefnd setur.

Við brot á skilyrðum fyrir undanþágu til hundahalds skal fjarlægja viðkomandi hund. Skal hundinum komið fyrir, sé um að ræða minni háttar brot í fyrsta skipti. Eigandi hundsins yrði þá að leysa hann þaðan út gegn greiðslu alls kostnaðar vegna brotsins. Sé um að ræða alvarlegt brot eða ítrekuð brot, afturkallast viðkomandi undanþága til hundahalds.

Sveitarstjórn er heimilt, hvenær sem er, að afturkalla leyfi fyrir einstökum hundum eða öll veitt leyfi, telji hún þess þörf.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Patrekshrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 29. nóvember 1973.

F. h. r.
Jón Ingimarsson.

Ingimar Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um holræsi fyrir Ísafjarðarkaupstað.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1.1. Reglugerð þessi gildir um allt lögsagnarumdæmi Ísafjarðarkaupstaðar.

1.2. Bæjarstjórn ákveður lagningar holræsa, aðalæða og götuæða.

Tæknideild bæjarins sér um hönnun, uppbyggingu og rekstur holræsakerfisins.

1.3. Hverjum þeim, sem húseign á, sem hægt er að tengja holræsakerfi bæjarins, er skylt að tengja þá húseign við holræsakerfið.

Ef ekki er unnt eða ekki talið ráðlegt, að dómi Tæknideildar, að tengja húseign við holræsakerfið, ber að haga frágangi frárennslislagna samkvæmt fyrirmælum deildarinnar.

1.4. Hyggist húseigandi tengja ræsi frá húseign sinni við holræsakerfi bæjarins eða gera breytingar eða viðbætur við eldra ræsi ber honum að fá til þess skriflegt leyfi Tæknideildarinnar. Umsóknir um leyfi ber að skrifa á eyðublöð, sem fást á skrifstofu deildarinnar, og skulu þær undirritaðar af húseiganda eða umboðsmanni hans.

1.5. Með umsókninni skal fylgja uppdráttur af fyrirhuguðum frárennslislögnum og/eða breytingum á þeim eldri. Uppdráttur skal gerður af byggingaverkfræðingi, byggingatæknifræðingi eða pípulagningameistara, sem hlotið hefur löggildingu bæjarstjórnar.

1.6. Sá, sem uppdrátt gerir, skal undirrita hann eigin hendi og ber hann ábyrgð á, að uppdrátturinn sé í samræmi við reglugerð þessa og brjóti hvergi í bága við byggingar-, brunamála- og heilbrigðissamþykkt né aðrar reglur, sem í gildi eru og settar kunna að verða.

1.7. Uppdráttum skal skila í tvíriti. Þeir skulu gerðir á hald- og endingargóðan pappír. Stærð uppdráttar skal vera í samræmi við IST 60 (ísl. staðal nr 60). Uppdrættir skulu sýna allar lagnir, í grunnmynd og rúmmynd, utan húss og innan, sem tengjast eiga holræsakerfi bæjarins.

Öll tæki, vatnslásar, niðurföll, hreinsilok og brunnar, sem kerfinu tilheyra, skulu og sýnd. Taka skal fram um efni, vídd og halla allra lagna. Nota skal tákn í samræmi við íslenskan staðal.

Auk þess skal fylgja málsett afstöðumynd (1:500) er sýnir tengingu húskerfis við holræsi í götu. Sérteikning skal fylgja af fitu-, sand-, olíu- og bensíngildrum.

Allar hæðartölur skulu vera í hæðarkerfi Ísafjarðar. Tæknideild bæjarins getur krafist frekari upplýsinga telji hún þeirra þörf.

1.8. Þegar uppdráttur hefur hlotið samþykki Tæknideildar, skal stimpla og árita bæði eintökin og skal annað eintakið geymt í skjalasafni deildarinnar.

1.9. Pípulagningameistarar, sem hlotið hafa löggildingu bæjarstjórnar hafa einir rétt til að annast holræsalagnir, og gildir það jafnt um nýlagnir og breytingar og/eða viðgerðir á eldri lögnum. Þeir bera ábyrgð á, að allar lagnir séu í samræmi við reglugerð þessa, samþykktan uppdrátt og nánari fyrirmæli, er kunna að verða sett. Ef pípulagningameistari eða starfsmenn, sem hann ber ábyrgð á, brjóta í bága við reglugerð þessa, getur Tæknideildin veitt honum áminningu. Sé um miklar sakir eða ítrekuð brot að ræða, getur bæjarstjórn svipt hann löggildingu um lengri eða skemmri tíma.

1.10. Pípulagningameistari sá, sem verkið á að vinna, ritar nafn sitt á bæði eintök samþykkts uppdráttar, áður en verkið hefst. Sé skipt um pípulagningameistara, meðan á verki stendur, skal tilkynna það Tæknideildinni. Skal pípulagningameistari sá, er tekur við, gefa skriflegar upplýsingar um, hversu miklum hluta verksins sé þegar lokið. Honum er ekki heimilt að halda áfram verkinu, fyrr en hann hefur áritað áðurnefndan uppdrátt.

Áritaður uppdráttur skal ávallt ver á vinnustað. Uppdráttur fellur úr gildi eftir eitt ár, sé þá ekki farið að vinna eftir honum.

1.11. Með samþykkt uppdráttar er engin ábyrgð tekin á því, að unnt sé að leggja holræsi samkvæmt honum, vegna lagna eða annarra mannvirkja, er kunna að vera fyrir.

1.12. Tæknideildin skal hafa eftirlit með því, að lagnir séu í samræmi við samþykktan uppdrátt og reglugerð þessa. Engar frárennslislagnir má hylja fyrr en þær hafa verið viðurkenndar af Tæknideildinni. Sé verk, að áliti Tæknideildar, ekki unnið í samræmi við reglugerð þessa eða reglur, sem kunna að verða settar, getur hún stöðvað verkið, þar til bætt hefur verið úr ágöllum.

Eftirlit Tæknideildarinnar rýrir á engan hátt ábyrgð pípulagningameistara sbr. 1.9.

1.13. Þegar Tæknideildin hefur samþykkt uppdrátt, getur deildin heimilað tengingu við holræsakerfi bæjarins gegn sérstöku gjaldi, sem bæjarstjórn ákveður. Tæknideildin getur ákveðið að frárennslislögn utan húss eða hluti hennar skuli lagður af starfsmönnum deildarinnar á kostnað eiganda. Ef fleiri húseigendur eiga hlut að máli ákveður Tæknideild skiptingu kostnaðar.

Allar viðgerðir á götum eða öðrum svæðum, er gera þarf vegna frárennslislagna, strax að verkinu loknu eða síðar, skulu gerðar á kostnað húseigenda. Að jafnaði skal ein lögn vera frá hverri húseign út í holræsi bæjarins.

1.14. Skylt er mönnum að hlíta því, að holræsi sé lagt um eignarland þeirra eða umráðasvæði og fari fram á holræsinu nauðsynlegt viðhald.

Um bætur fyrir slíkt fer skv. ákvæðum vatnalaga.

1.15. Eigi er heimilt að veita frárennsli, er valdið getur skemmdum á holræsakerfinu eða truflað rekstur þess, út í göturæsi. Þannig má ekki veita út í göturæsi vökvum, sem innihalda mikið magn fitu, súrum vökvum, vökvum, sem eru heitari en 35°C, mælt í götubrunni, olíu, bensíni eða öðrum efnum, sem hætta eða óþægindi geta stafað af. Þar sem hætta er á, að skólp innihaldi ofangreind efni, ber húseiganda að gera ráðstafanir til að fjarlægja þau, eða gera óskaðleg, áður en því er veitt út í holræsakerfið.

Ráðstafanir þessar skulu hljóta samþykki Tæknideildarinnar.

1.16. Húseigendum ber að sjá um hreinsun á frárennslislögnum frá húsum sínum og gæta þess, að þær stíflist ekki.

Rotþrær skal hreinsa a. m. k. einu sinni á ári. Fitu-, olíu-, bensín- og sandgildrur o. þ. h. ber að hreinsa reglulega, þannig að tryggt sé, að útbúnaðurinn gegni hlutverki sínu.

1.17. Frárennslislögnum, sem teknar hafa verið úr notkun, skal loka tryggilega.

1.18. Holræsagjald skal greiða árlega til Bæjarsjóðs Ísafjarðar af öllum eignum, sem metnar eru til fasteignamats og skal vera 0,20% af fasteignamati húss og lóðar, eins og það er á hverjum tíma. Undanþága frá greiðslu hins almenna fasteignaskatts skapar ekki undanþágu frá greiðslu holræsagjalds. Heimilt er bæjarstjórn, fyrir eitt ár í senn, að hækka eða lækka holræsagjaldið um allt að 50% án staðfestingar ráðuneytisins.

1.19. Holræsagjaldið greiðist af húseiganda og er hann ábyrgur fyrir greiðslu þess gagnvart Bæjarsjóði. Kröfur, sem Bæjarsjóður kann að öðlast samkvæmt reglugerð þessari, má taka lögtaki á kostnað gjaldanda og eru gjöld þessi tryggð

með lögveði í húseigninni í næstu 2 ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði. Gjalddagi holræsagjalds er ár hvert, en bæjarstjórn getur ákveðið að innheimta það á fleiri gjalddögum árlega um leið og hinn almenni fasteignaskattur er innheimtur.

II. KAFLI

Lagnir innanhúss (ofan grunnplötu).

2.1. Allar skólplagnir ber að leggja (einangra) svo, að frost nái ekki til þeirra. Þar sem pípur eru í veggraufum, skulu raufarnar vera svo víðar, að pípurnar snerti ekki vegginn, og nægri einangrun verði við komið, bæði hvað viðvíkur hljóði og hita.

2.2. Lagnir milli hæða, fallpípur, skulu vera lóðréttar, þar sem því verður við komið.

2.3. Stefnubreytingar skulu gerðar með beygjum, og skulu þær vera gleiðari en 90°.

Lagnir, sem tengdar eru fallpípu, hliðarlagnir, skulu tengdar í greinpípu með skástút. Ef tvær hliðarlagnir eru tengdar við fallpípu í sömu hæð má ekki nota greinar með krappara horni en 135°. Við tengingar á misvíðum pípum skal nota minnkanir.

2.4. Aldrei má mjókka lögn í stefnu rennslis.

2.5. Lagnir skulu að jafnaði hafa að minnsta kosti 50‰ halla. Tæknideildin getur þó leyft, ef sérstaklega stendur á, að halli sé minni, en þó ekki minni en 20‰.

2.6. Hreinsilok skulu sett neðst á fallpípur og annars staðar, þar sem þörf er á, þannig að auðveldlega megi hreinsa allt kerfið.

2.7. Séu fleiri en eitt tæki tengd við sömu fallpípu skulu lagnir og vatnslásar svo gerð, að skólp geti ekki runnið milli lækja, né vatnslásar tæmst við venjulega notkun.

2.8. Loftrás skal vera á öllum fallpípum, er salerni og eldhúsvaskar eru tengd við. Loftrásin skal ná upp fyrir þak eða út fyrir vegg undir þakbrún og þannig frá gengið, að ekki valdi óþægindum.

2.9. Þar sem tæki eru tengd beint í holræsi undir húsi, er loftræstingar ekki krafist.

2.10. Allt lagnarefni og frágangur þess skal hljóta samþykkt Tæknideildar.

III. KAFLI

Þakrennur og niðurföll.

3.1. Þverskurðar flatarmál þakrenna skal vera 0,5—1,0 cm^2 pr. m^2 af ofanvarpi þakflatar, á þann lárétta flöt, sem tengdur er rennunni. Hámarksfjarlægð milli niðurfalla skal vera 20 m.

3.2. Allt efni til og frágangur þakrenna og niðurfalla skal hljóta samþykki Tæknideildar.

IV. KAFLI

Utanhússlagnir, rotþrær o. fl.

4.1. Botn holræsa utanhúss má ekki leggja grynnra en 1,20 m frá yfirborði jarðvegs.

4.2. Holræsin skulu hafa minnstan halla 20‰ og mestan halla 300‰ (10‰ jafngilda 1 cm á m).

Tæknideild getur þó leyft 15‰ halla, sé um verulegt skólpmagn að ræða. Á 100 mm regnvatnslögum má minnstur halli vera 10‰ og á 150 mm lögnum minnst 5‰.

4.3. Lagnir sem tengdar eru vatnssalernum eða þvottaherbergjum skulu eigi vera grennri en 150 mm, og engar lagnir undir húsum grennri en 100 mm.

4.4. Stefnubreytingar skulu gerðar með beygju, og skulu þær ekki vera krappari en 135°. Við tengingar skal nota greinpípur.

4.5. Hreinsilok og hreinsibrunna skal setja á lagnir eftir því sem þörf krefur, svo auðveldlega megi hreinsa allt kerfið. Hreinsibrunna á lögnum, allt að 200 mm, má gera úr 300 mm steinröri. Botn brunns skal vera í sömu hæð og lögn frá honum, en horn og kverkar þannig gerð, að ekki safnist botnlag.

4.6. Pípur, sem liggja samhliða undirstöðum, skal leggja þannig, að burðargeta undirstaðanna rýrni ekki. Þar sem pípur ganga í gegnum undirstöður, skal þess gætt, að sig geti ekki valdið skemmdum á pípunum.

4.7. Aldrei má mjókka lögn í stefnu rennslis.

4.8. Ganga skal þannig frá skólplögnum, að óþef leggi ekki frá þeim né vatnslásar tæmist við sog.

4.9. Heimilt er að setja einstreymisloka á lagnir, ef hætta er á, að inn í þær flæði, enda flytji þær ekki frárennsli frá salernum eða þvagskálum.

4.10. Frárennsli frá sjúkrahúsum má ekki leiða út í holræsakerfi bæjarins, fyrr en það hefur verið hreinsað. Heilbrigðisfulltrúi og Tæknideild skulu samþykkja hreinsunaraðferð.

4.11. Þar sem skólp inniheldur mikið magn fitu (sbr. 1.15), skal það leitt í loftræstan fitubrunn.

Fitubrunnum skal að jafnaði komið fyrir utanhúss, og þannig, að auðvelt sé að hreinsa þá.

Frárennsli frá salernum má ekki tengja fitubrunnum. Í húsum þar sem ekki hefur verið séð fyrir sérstökum lögnum fyrir vaska og önnur tæki, sem mikil fita fer í, má koma fyrir fitugildrum innanhúss.

Fitugildrur skulu þá gerðar úr málmi, sem tærist ekki, og settar eins nærri tæki því, sem um ræðir, og unnt er.

Gerð og frágangur fitubrunna og fitugildra eru háð samþykki Tæknideildar.

4.12. Á skólplagnir frá bensínstöðvum, smurstöðvum, verkstæðum og öðrum þeim stöðum, þar sem olía eða bensín kann að berast út í holræsakerfi bæjarins, skal setja bensín- og olíugildru. Gildrur þessar skulu hljóta samþykki Tæknideildar og slökkviliðsstjóra, áður en þær eru teknar í notkun.

4.13. Eigi er heimilt að veita gufu, t. d. frá efnalaugum og þvottahúsum, beint út í holræsakerfið. Skulu ráðstafanir gerðar til að þétta gufuna, áður en henni er veitt gegnum vatnslás út í holræsi.

4.14. Þegar svo er ástatt, sem segir í 1.3, getur Tæknideildin leyft, að gerð sé rotþró fyrir frárennsli hússins.

Umsókn um slíkt skal fylgja teikning, er sýni gerð og staðsetningu fyrirhugaðrar rotþróar.

Rotþró skal gerð úr steinsteypu eða steinsteypupípum. Lok skal gera úr steinsteypu eða steypujárni og þannig frá gengið, að auðvelt sé að hreinsa þróna.

Í rotþró skulu eigi vera færri hólf en tvö, og skal hún vera loftræst.

Ekki má taka rotþró í notkun fyrr en hún hefur hlotið viðurkenningu heilbrigðisfulltrúa.

4.15. Í lagnir í jörð má nota steinsteyptar pípur, bikaðar steypujárnspípur eða pípur úr öðru efni, sem Tæknideildin samþykkir.

Pípur skulu lagðar þannig, að þær hvíli á belgnum, en ekki múffum, og skal þess gætt, að lögnin sé bein. Pípurnar skulu lagðar á þétta undirstöðu (t. d. möl) og vel þjappað að þeim. Þéttingaraðferð er háð samþykki Tæknideildar.

Pípur skulu varðar ef hætta er á, að skólpið innihaldi jarðvegssýrur eða önnur skaðleg efni.

V. KAFLI

Refsiákvæði o. fl.

5.1. Brot á reglugerð þessari varðar sektum allt að kr. 100 000.00 — eitt hundrað þús. kr. —, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Með mál út af slíkum brotum skal farið með að hætti opinberra mála.

5.2. Nú vanrækir maður að vinna verk, sem Tæknideild hefur fyrirskipað, skv. reglugerð þessari, eða verk er ekki unnið á viðunandi hátt, og er þá Tæknideildinni heimilt að láta vinna það, sem þarf á kostnað aðila.

Skal þá greiða kostnaðinn til bráðabirgða, en innheimta síðan hjá aðila og með lögtaki, ef þörf krefur.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Ísafjarðar, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 42 11. júlí 1911, sbr. X. kafla laga nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 30. nóvember 1973.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

29. nóvember 1973. Nr. 373.

GJALDSKRÁ

fyrir Hitaveitu Reykjavíkur.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveitan selur afnot af heitu vatn úr veitukerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar á húsinu, enda séu ofnar hússins nægilega stórir, að dómi Hitaveitunnar.

Verður vatnsrennsli að húsinu takmarkað um hemil, eftir því sem þörf krefur.

II. KAFLI

3. gr.

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða samkvæmt vatnsmæli kr. 20.05 fyrir hvern rúmmetra vatns. Þar til vatnsmælir hefur verið settur upp, og ef vatnsmælir bilar, áætlar Hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins.

4. gr.

Hitaveitan leigir vatnsmæla og annast viðhald þeirra. Leigan fyrir mæli skal greidd jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun og skal vera fyrir hvern mæli á mánuði:

a. Fyrir mæla allt að ¾" ..... kr. 173.70
b. Fyrir mæla allt að 1—2" ..... — 389.80
c. Fyrir mæla allt að 3" ..... — 779.70

5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 3. og 4. gr. verða krafin mánaðarlega, þegar eftir mælisálestur.

Þó er heimilt að láta líða lengri tíma en einn mánuð á milli álestra og fækka gjalddögum.

6. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Sé reikningur ekki greiddur við fyrstu sýningu, ber gjaldanda að greiða hann, þar sem Hitaveitan ákveður. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 14 daga frá gjalddaga.

7. gr.

Heimæðagjald Hitaveitunnar skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Rúmmál húss utanmál)	m^3	Heimæðagjald
allt að	400	55 690.00 kr.
400 að	2 000	55 690.00 kr. fyrir 400 m^3 + 44.60 kr./m^3 þar yfir
2 000 að	6 000	126 974.00 kr. fyrir 2 000 m^3 + 38.00 kr./m^3 þar yfir
6 000 að	10 000	278.451.00 kr. fyrir 6 000 m^3 + 33.50 kr./m^3 þar yfir
Meira en	10 000	412 108.00 kr. fyrir 10 000 m^3 + 29.00 kr./m^3 þar yfir

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsinu með sérstökum mælum frá Hitaveitunni og skal þá greiða kr. 6 683.00 í aukagjald fyrir hvern mæli umfram hinn fyrsta.

8. gr.

Hitaveitu Reykjavíkur er heimilt að hækka eða lækka hitaveitugjöld í sama hlutfalli og vísitala byggingarkostnaðar breytist. Þó skal meðal heildarkostnaður við hitun húsa með hitaveitu ekki fara fram úr 80% af meðal heildarkostnaði hitunar með olíukyndingu.

9. gr.

Nú er tengingu heimæðar lokið og er þá heimæðagjaldið gjaldkræft. Þó er heimilt að veita gjaldfrest allt að 5 árum, ef samið er um það á gjalddaga. Í slíkum samningi skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

III. KAFLI

10. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

11. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Heimilt er að loka vatnsrennsli að húsi, sem vangreidd eru af hitaveitugjöld.

Fyrirætlun um að loka ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara.
Allan kostnað að lokun og opnun á ný greiðir sá, er vanskilum veldur, kr. 300.00 hverju sinni.

12. gr.

Eftirlitsmanni Hitaveitunnar skal hvenær sem er frjáls aðgangur að öllum hemlum, mælum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

IV. KAFLI

13 gr.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að öðlast gildi 1. desember 1973. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Hitaveitu Reykjavíkur nr. 84 12. mars 1973.

Iðnaðarráðuneytið, 29. nóvember 1973.

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.

4. desember 1973. Nr. 374.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

I. KAFLI

GILDISSVIÐ

1. gr.

Gjaldskrá þessi gildir fyrir orkuveitusvæði Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

II. KAFLI

HEIMTAUGARGJÖLD

2. gr.

Heimtaugargjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

			Jarðstrengur		Loftlína	
			stofngj. kr.	lengdargj. kr./m	stofngj. kr.	lengdargj. kr./stólpa
1.	25 A	1-fasa			7 440	8 682
2.	60 A	—	1 697	749	8 682	9 918
3.	100 A	—	1 697	898	11 161	12 401
4.	25 A	3-fasa			8 682	9 918
5.	60 A	—	1 697	898	11 161	12 401
6.	100 A	—	5 140	1 022	14 881	15 500

			Jarðstrengur stofngj. kr.	Jarðstrengur lengdargj. kr./m	Loftlína stofngj. kr.	Loftlína lengdargj. kr./stólpa
7.	200 A	3-fasa	17 672	1 551	29 762	18 602
8.	300 A	—	71 596	x		
9.	150 kVA	—	82 125	x		
10.	300 kVA	—	164 250	x		
11.	500 kVA	—	273 749	x		
12.	800 kVA	—	437 999	x		

A merkir málstraum (amper) vara í stofnvarkassa (eða stofnvara innan við stofntengikassa).

kVA merkir málraun (kilovoltamper) spennis, þegar um sérspennistöð er að ræða.

x Greiðist skv. kostnaði.

3. gr.

3.1. Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast í heilum metrum (m) frá lóðarmörkum eða næsta útitengikassa að stofnvarkassa (eða stofntengikassa) hússins. Lengdargjald (kr./m) greiðist skv. töflu í 2. gr. Rafmagnsveitan ákveður legu heimtaugarinnar.

3.2 Sjái húseigandi, á eigin kostnað, um lögn frá útitengikassa eða rofa í spennistöð að eigin stofntengikassa eða töflu, greiðir hann aðeins stofngjald skv. töflu í 2. gr. og annast sjálfur viðhaldið.

3.3 Fyrir loftlínuheimtaugar greiðist lengdargjald skv. töflu í 2. gr., ef setja þarf sérstaka stólpa vegna fjarlægðar eða afstöðu stofnkassa til notendalínu.

3.4 Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óvenjulegar, er heimilt að krefjast sérstaks aukagjalds af húseiganda.

3.5 Í byggingahverfum, sem sérstaklega eru skipulögð sem ein heild, er Rafmagnsveitunni heimilt að jafna lengdargjöldum niður á umsækjendur heimtauga.

3.6 Þegar loftlínuheimtaug (aðalheimtaug) er breytt í jarðstrengsheimtaug, svo og þegar jarðstrengsheimtaug er stækkuð, skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá, þegar breytingin fer fram. Þegar breytingar af þessu tagi fara fram í heilum hverfum, er heimilt að jafna gjöldunum niður á húseigendur.

4. gr.

Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna ákveðins notanda og hún að mestu leyti notuð í þágu hans, skal notandanum skylt að leggja til lóð undir stöðina Rafmagnsveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum Rafmagnsveitunnar um stærð lóðarinnar og staðsetningu stöðvarinnar.

5. gr.

Heimtaugargjald skal greitt við umsókn.

III. KAFLI
MÆLALEIGA

6. gr.

Rafmagnsveitan ákveður stærð og gerð mælitækja, sem notuð eru á hverjum stað í sambandi við sölu á raforku.

Ársleiga eftir mælitæki skal vera sem hér segir:

Tegund mælitækis	Upp að 30 A kr.	35—50 A kr.	55—100 A kr.	Yfir 100 A kr.
Einfasa kWh-mælar, hemilmælar og lausar skiptiklukkur einar sér	116.40			
Þrífasa kWh-mælar, þrífasa hemilmælar, einfasa frádráttarmælar, lausir	257.70	432.30	498.90	831.40
Tvígjaldsmælar, mestumælar	432.30	498.90	789.90	1 263.80
Rofar:				
1 × 10 A—2 × 30 A	648.50			
3 × 15 A—3 × 60 A	789.90			
3 × 100 A—3 × 350 A	1 912.30			

Ársleiga eftir önnur mælitæki skal vera sem næst 15% af verði viðkomandi tækis, eftir nánari ákvörðun Rafmagnsveitunnar.

Ekki skal greiða leigu eftir mæla, sem notaðir eru skv. 3. tl. 8. gr.

Leiga skal greidd samtímis gjaldi fyrir raforku.

IV. KAFLI
SALA RAFORKU

7. gr.

Verð á raforku til lýsingar skal ákveðið sem hér segir:

7.1 Kr. 14.77 hver kWh, sem seld er um kWh-mæli.

7.2 Kr. 20 280.77 hvert árskilówatt til útilýsingar, þótt mælitækjum verði ekki við komið, svo og raforku til götulýsingar, enda greiði þá notandi að auki stofnkostnað eða viðhaldskostnað að fullu, eftir ákvörðun Rafmagnsveitunnar.

7.3 Kr. 3.91 hver kWh, sem seld er um kWh-mæli. Auk þess ber þá að greiða fastagjald, er nemi kr. 2 028.07 á ári fyrir allt að 25 ferm. gólffletarmáls rýmis þess, er lýsa skal og kr. 62 61 fyrir hvern ferm. umfram 25 ferm. Fyrir ganga og geymslur skal deila fermetragjaldinu með 3.5.

7.4 Kr. 4 201.99 hvert árskilówatt, og öll notkun kr. 3.91 hver kWh ef um meira en 2.5 kW afl er að ræða og árlegur notkunartími meiri en 2 000 klst. Verði aflmælingu skv. þessum lið ekki beitt, skal reikna fyrir hvern fermetra gólfflatarmáls 15 wött á kr. 2 543.21 árskW. Sé notuð lýsing með flúrlömpum, er heimilt að miða gjald skv. 1.—4. tl. við voltamper í stað watta.

8. gr.

Verð á raforku til almennrar heimilisnotkunar skal ákveðið sem hér segir:

8.1 Raforka til ljósa um sérmæli skal seld skv. 1. tl. 7. gr., en raforka til heimilisvéla um sérstakan mæli skal seld á kr. 3.68 hver kWh.

8.2 Heimilt er að selja raforku til notkunar í skrifstofum, verslunum og verkstæðum skv. lið 8.1.

8.3 Kr. 3.20 hver kWh, sem seld er um kWh-mæli, auk þess fastagjald kr. 309.55 á ári af hverju íbúðarherbergi.

8.4 Kr. 3.20 hver kWh, sem seld er um sérmæli til suðunotkunar í veitingahúsum, gistihúsum og öðrum slíkum stöðum.

8.5 Kr. 3.20 hver kWh, sem seld er til súgþurrkunar á heyi.

8.6 Kr. 10 953.88 hver árskW, sem selt er um hemilmæli og auk þess kr. 3.00 hver kWh fyrir umframnotkun. Hemilstilling skal vera minnst 500 wött, að viðbættum 100 wöttum fyrir hvert íbúðarherbergi umfram tvö.

8.7 Kr. 10 953.88 hvert árskW, sem selt er um hemilmæli til notkunar í skrif-

stofum, verslunum og verkstæðum. Umframnotkun skal seld á kr. 3.00 og hemilstilling miðuð við 500 wött fyrir fyrstu 25 ferm. gólfflatar eða minna, og síðan 100 wött fyrir hverja 12 ferm. eða minna. Beita skal 3. tl. 7. gr. við ákvörðun gjaldsins. Ef óskað er hærri hemilstillingar en um getur í þessum tölulið, skal gjaldið vera kr. 20 280.77 hvert árskW.

8.8 Kr. 2.77 hver kWh, þegar orkan er seld sjúkrahúsum, heilsuverndarstöðvum, vistheimilum fyrir börn og elliheimilum. Taxti þessi tekur ekki til starfsmannabústaða þeirra, sem eru utan aðalbygginga viðkomandi stofnunar.

9. gr.

Verð á raforku til vélarekstrar skal ákveðið sem hér segir:

9.1 Kr. 7.37 hver kWh, sem seld er um kWh-mæli.

9.2 Kr. 1 474.17 hvert uppsett árskW og öll notkun kr. 2.88 hver kWh.

9.3 Ef raforka er seld um mestu-mæla fyrir mesta notað afl, skal greiða fyrir notkunina svo sem hér segir:

Kr. 2 469.40 á árskW.

Auk þess skal greiða kr. 1.26 fyrir hverja kWh.

9.4 Kr. 7 999.88 fyrir hvert árskW, sem selt er um hemilmæli, og kr. 3.91 hver kWh, sem umfram er. Rafmagnsveitan ákveður stillingu hemilmælis hverju sinni. Raforku til hitunar í iðnaði má selja skv. þessum lið.

9.5 Kr. 7.76 fyrir hverja kWh, sem seld er til vinnuvéla, vinnuljósa og annarra nota við húsbyggingar, meðan á framkvæmdum stendur.

10. gr.

Verð á raforku til hitunar skal ákveðið sem hér segir:

10.1 Kr. 1.55 hver kWh, seld um kW-mæli, enda sé lágmarksnotkun 10 000 kWh á ári.

10.2 Kr. 1.10 hver kWh (án söluskatts), sem seld er um kWh-mæli, ef straumur er rofinn allt að tveim klst. tvisvar á dag.

10.3 Heimilt er að selja raforku til heimilisnota á kr. 1.19 hverja kWh (án söluskatts) en þá skal fastagjald vera kr. 3 075.26 á ári fyrir eins herbergis íbúð og kr. 1 413.59 að auki fyrir hvert herbergi, sem þar er fram yfir, allt að kr. 8 735.47 á ári.

10.4 Kr. 1.34 hver kWh fyrir notkun til hitunar á neysluvatni, stóra kæliklefa og fyrir vatnsdælur í íbúðarhúsum.

10.5 Kr. 0.79 hver kWh (án söluskatts), sem seld er um kWh-mæli, ef straumur er rofinn með klukkurofa í tvær klst. tvisvar á dag.

10.6 Kr. 0.50 hver kWh (án söluskatts), sem seld er um kWh-mæli, ef straumurinn er rofinn með klukkurofa kl. 9—21, enda séu fyrir hendi nægilega stórir hitageymar til dagsnotkunar. Þegar um er að ræða hitun í húsrými, sem er stærra en 2000 rúmmetrar, eða aðra hliðstæða notkun á afli, er heimilt að láta raforku í té á tímanum kl. 12.30—15.30.

10.7 Kr. 0.76 hver kWh, sem seld er um tvígjaldsmæla á tímabilinu kl. 22.00—9.00 og kr. 3.20 hver kWh, sem seld er á tímabilinu kl. 9.00—22.00.

11. gr.

Rafmagnsveitan má, með samþykki borgarráðs, selja raforku eftir sérstökum samningi.

Heimilt er að setja sérstök skilyrði um raforkusölu til ígripanotkunar fleiri en eins aðila um sama mæli, svo sem um hafnarskápa, og annars staðar, þar sem þess er talin þörf, þar með talið að krefjast fyrirframgreiðslu og tengigjalds. Rafmagns-

veitunni er heimilt að ákveða sérstakt gjald fyrir launafl hjá þeim notendum, sem kaupa orku samkv. aflgjaldskrá.

12. gr.

Borgarstjórn ákveður gjald fyrir götu- og hafnarlýsingu.

13 gr.

Rafmagnsveitu Reykjavíkur er heimilt að breyta gjaldskrá þessari til samræmis við verðbreytingar samkvæmt hlutfallsgrundvelli, sem fæst úr síðasta ársreikningi Rafmagnsveitunnar, enda sé grundvöllurinn lagður fyrir stjórn veitustofnana borgarinnar til staðfestingar. Ef fyrirhuguð gjaldskrárhækkun nemur meira en 20% skal leita staðfestingar ráðherra.

Þættir þeir, sem tekið skal tillit til, eru: Orkukaup, verðjöfnunargjald, laun, vélakostnaður og efni. Gjaldskrárbreytingar samkv. framansögðu er heimilt að framkvæma allt að tvisvar á ári, jafnan miðað við 1. janúar og 1. júlí. Fyrirhugaðar gjaldskrárbreytingar skulu tilkynntar Orkustofnun, áður en þær taka gildi.

Telji Borgarstjórn Reykjavíkur nauðsyn á, að ráðstafanir séu gerðar til að draga úr rafmagnsnotkun, er henni m. a. heimilt að hækka rafmagnsverðið á notkun umfram meðalnotkun í hverjum gjaldskrárlið allt að 10-földu verði. Í útreikningi meðalnotkunar skal tekið tillit til orku- og aflþarfar.

14 gr.

Verð orku um hvern mæli reiknist í heilum krónum, þannig að færri aurum en 50 sé sleppt, en ella sé upphæðin hækkuð upp í næstu heila krónu.

V. KAFLI
ÝMIS ÁKVÆÐI

15. gr.

Nú er notuð heimild til að rjúfa straum á veitu vegna vanskila notanda með greiðslu gjalda, skv. gjaldskrá þessari, og skal þá taka gjald, kr. 100.00, fyrir að setja straum á að nýju.

16. gr.

Ef í ljós kemur við skoðun, að notuð eru óleyfileg vör eða of stór, skal loka veitunni tafarlaust, og er ekki heimilt að opna hana að nýju, fyrr en notandi hefur greitt gjald, kr. 100.00, til Rafmagnsveitunnar.

17. gr.

Skilyrði fyrir sölu raforku til hitunar skv. 10. gr. eru þau, að vélaafl, götulínur og spennar þoli álagið að dómi rafmagnsstjóra, notandi kosti tengingu klukkurofa og búnaði öllum sé hagað skv. fyrirmælum rafmagnsstjóra.

18. gr.

Í útreikningi á fjölda herbergja í íbúð skal aðeins telja stofur og svefnherbergi o. þ. h., en ekki eldhús. Herbergi minna en 5 m^2 skal telja sem hálft, en þar sem herbergjastærð fer fram úr 25 m^2 skal reikna hverja byrjaða 25 m^2 sem eitt herbergi. Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er minni en 10 m^2 má reikna með þeirri meðalstærð. Þegar heildartala herbergja hefur verið reiknuð út samkvæmt þessu, skal hún hækkuð upp í heila næstu tölu, ef stendur á hálfu.

19. gr.

Söluskattur 11% og 2% viðlagasjóðsgjald eru talin með í upphæð gjalda þeirra, sem um ræðir í gjaldskrá þessari.

20. gr.

Rafmagnsveitan leiðbeinir gjaldendum, er þess óska, um val gjaldskrárliða eftir tegund notkunar.

21. gr.

Gjaldskrá þessa skal endurskoða í heild eigi síðar en að fimm árum liðnum.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkv. vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að gilda frá og með 1. desember 1973 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis, nr. 240 22. maí 1973.

Iðnaðarráðuneytið, 4. desember 1973.

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.

Nr. 375. 7. desember 1973.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Miðneshrepps og Rafveitu Grindavíkur.

I. RAFORKA

Rafveitur Miðneshrepps og Grindavíkur selja raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

A—1. Um kWst.-mæli á kr. 16.50 hverja kWst. Við þessu verði skal selja hvers konar notkun raforku, sem ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár.

A—2. Um kWst.-mæli á kr. 8.25 hverja kWst. auk fastagjalds, sem er kr. 50.00 á hvern fermeter gólfflatar í rúmi því er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólffleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 25.00 á ári af hverjum fermetra.

B. Raforka til almennrar heimilisnotkunar.

Um kWst.-mæli á kr. 3.75 hverja kWst. auk fastagjalds kr. 37.00 á mánuði af hverju herbergi íbúðar. Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll íbúðarherbergi og eldhús, en ekki ganga, baðherbergi og geymslur. Herbergi, sem minna er en 5 ferm., skal telja sem hálft, en stærra en 25 ferm. sem tvö.

C. Vélanotkun o. fl.

C—1. Um kWst.-mæli á kr. 8.25 hverja kWst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma má krefjast minnsta árgjalds kr. 4 615.00.

C—2. Vélanotkun til bráðabirgða um kWst.-mæli kr. 8.25 hverja kWst.

C—3. Ef uppsett rafvélaafl fasttengdra véla er yfir 20 kW:

a) Um kWst.-mæli á kr. 1.37 hverja kWst. auk fastagjalds kr. 4 615.00. Notað afl telst vera mesta meðalálag á árinu mælt yfir stundarfjórðung á kW.

b) Ef ekki eru tök á að mæla notað afl, má selja þannig: Um kWst.-mæli á kr. 1.37 hverja kWst. auk fastagjalds kr. 4 365.00 á hvert kW í málraun uppsettra véla á árinu.

Heimilt er að rjúfa straum í allt að þrem stundum á dag samkv. þessum gjaldskrárlið (C—3) kl. 10.30—12.00 og kl. 17.30—19.00.

C—4. Um afl- og orkumæli:

a) Af notuðu afli mælt í stundarfjórðung kr. 4 615.00 á kW á ári.

b) Af allri notkun kr. 1.37 hverja kWst.

Samkv. þessum gjaldskrárlið heimilast að selja raforku til vélareksturs, hitunar og ljósa, en reikna skal gólfflatargjald vegna ljósanotkunar kr. 50.00 á hvern ferm. í vinnusölum, kaffistofum og öðrum slíkum, en kr. 20.00 á hvern ferm. í vörugeymslum, efnisgeymslum, frystiklefum og þess háttar. Þar sem erfitt er að greina milli hverjum þessara flokka gólfflatargjald skal reikna eftir, skal greiða kr. 40.00 á hvern ferm. á ári.

D. Hitun.

Söluskattur fellur niður frá 1. desember 1973.

D—1. Um kWst.-mæli á kr. 2.70 hverja kWst.

D—2. Um kWst.-mæli með rofi í eina til þrjár klst. á dag kr. 1.25 hverja kWst.

D—3. Um afl- og orkumæli:

a) Á kr. 1.25 hverja kWst. auk fastagjalds af mestu aflnotkun á árinu kr. 1 000.00 hvert kW.

b) Ef ekki eru tök á að mæla aflnotkun, skal greiða samkv. ástimplun hitatækja og fullt álag.

D—4. Um kWst.-mæli á kr. 0.65 hverja kWst. með rofi frá kl. 8—23.

E. Önnur raforkusala.

Raforku til suðu má selja til gistihúsa, veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða á kr. 5.00 hverja kWst. enda sé notkunin mæld um sérmæli og suðutæki fasttengd.

Til nota um vinnulagnir við byggingar, meðan á byggingu stendur, um kWst.-mæli á kr. 8.25 hverja kWst.

Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum um kWst.-mæli á kr. 1.50 hver kWst. ef straumur er rofinn frá kl. 8.30 til 22.00 eða um tvígjaldsmæli á kr. 1.15 hver kWst. á tímum frá kl. 22.00 til 8.30 og kr. 4.00 hver kWst. frá kl. 8.30 til 22.00.

Til gatna og hafnarlýsingar svo og vinnulýsingar við nýbyggingar og aðra mannvirkjagerð á kr. 8.25 hver kWst.

Alla rafmagnsnotkun, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A1. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri þó, að tilskildu samþykki rafveitustjórnar, veita afslátt frá gjaldskrárlið C—E (báðir meðtaldir) á orku, sem notuð er á sumrin sé um aukningu frá vetrarnotkun að ræða. Enn fremur að selja orku eftir sérstökum samningi, sé það hagstætt vegna orkunýtingar rafveitunnar.

II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum sem hér segir:

1.	Af einfasamælum 60 amp. og minni	kr.	25.00 á mán.
2.	Af þrífasamælum 50 amp. og minni	—	30.00 — —
3.	Af þrífasamælum 50—100 amp.	—	50.00 — —
4.	Af þrífasamælum yfir 100 amp.	—	85.00 — —
5.	Af mestaaflsmælum 100 amp. og minni	—	80.00 — —
6.	Af mestaaflsmælum yfir 100 amp.	—	150.00 — —
7.	Af álagsstýriliðum minni gerð	—	85.00 — —
8.	Af álagsstýriliðum stærri gerð	—	150.00 — —

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í gjaldskránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækis.

III. HEIMTAUGARGJÖLD

Heimtaugargjöld miðast við aflþörf notanda, sem gerir grein fyrir væntanlegri notkun sinni í umsókn um heimtaug og ákveður rafveitustjóri stærð og gerð heimtaugar í samræmi við það. Heimtaugargjald ákveðst þannig:

	Málstraumur stofnvara amp.	Hámarksafl kva.	Heimtaugargjald kr.
1.	3 × 60	22	19 000.00
2.	3 × 100	38	28 000.00
3.	3 × 200	75 sp.	55 000.00
4.	3 × 350	132	90 000.00

Ofangreint gjald miðast miðast við 15 metra langan jarðstreng eða 30 metra loftlínuheimtaug. Þar sem heimtaug þarf að vera lengri en að framan greinir, skal það, sem fram yfir er, greiðast samkv. kostnaðarreikningi. Lengd heimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu, stystu greiðfæra leið að varkassa á útvegg. Teljist hagkvæmara að hafa varkassann á innvegg, skal leita samþykkis rafveitustjóra um gerð og frágang pípu, sem strengurinn er dreginn í, svo og staðsetningu varkassa svo aðgengilegt sé að komast að honum, enda greiðir húseigandi kostnað af því.

Sé lögð bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr eða hús í byggingu, skal greiða fyrir hana sem hér segir:

Fyrir 60 amp. einfasa	kr. 4 000.00
Fyrir 60 amp. þrífasa	— 5 000.00

Verði þörf á að skipta um heimtaug vegna aukinnar raforkuþarfar, skal notandinn greiða hina síðari samkvæmt kostnaðarreikningi.

Heimtaug verður ekki lögð meðan frost er í jörðu, eða óveður há útivinnu. Sé um óskipulögð svæði að ræða, eða óeðlilegar eða erfiðar aðstæður, skal greiða heimtaugargjald samkv. reikningi.

Ef fleiri en ein heimtaug er lögð að húsi skal húseigandinn greiða allan kostnað við síðari heimtaugar eftir kostnaðarreikningi.

Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja upp spennistöð að mestu eða öllu leyti vegna eins notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra, vegna staðsetningar spennistöðvarinnar, svo og allan kostnað af spennistöðinni (búnaði).

Þegar lóð er lögð til, er það rafveitunni gert að kostnaðarlausu og skal í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð og staðsetningu stöðvarinnar.

Þegar húsnæði er lagt til skal það fullnægja skilyrðum um gerð spennistöðvarhúsa, að dómi rafveitustjóra.

IV. OPNUNARGJÖLD

1. Hafi gjald samkv. gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið, skal greiða gjald fyrir enduropnun kr. 600.00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni tafarlaust lokað, og ekki opnuð aftur fyrr en notandinn hefur bætt úr því, og greitt kr. 600.00 fyrir enduropnun til innheimtu rafveitunnar.

V. HEIMILD TIL GJALDSKRÁRBREYTINGA

Hreppsnefnd Miðneshrepps er heimilt að hækka eða lækka gjöld skv. gjaldskrá þessari um allt 20% án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda verði breytingin auglýst í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur. Hækki innkaupsverð á raforku, kaupgjald eða verðlag er hreppsnefnd heimilt, að fengnum tillögum rafveitunnar, að hækka rafmagnsreikninga um allt að 50% af hækkunni.

Söluskattur er innifalinn í gjaldskránni svo og viðlagasjóðsgjald.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Miðneshrepps og Rafveitu Grindavíkur nr. 88 14. mars 1973.

Iðnaðarráðuneytið, 7. desember 1973.

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.

7. desember 1973. Nr. 376.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Keflavíkur og Rafveitu Gerðahrepps.

I. RAFORKA

Rafveita Keflavíkur og Rafveita Gerðahrepps selja raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

11. Um kWst.-mæli á kr. 16.50 hver kWst.
12. Um kWst-mæli á kr. 6.45 hver kWst., auk fastagjalds, er nemi kr. 72.90 á ári af hverjum fermetra gólffletar í rúmi því er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólffleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 25.00 af fermetra á ári.

B. Almenn heimilisnotkun.

21. Um kWst.-mæli á kr. 3.75 hver kWst. Auk þess skal greiða fastagjald kr. 28.75 á mánuði af hverju herbergi íbúðar. Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll herbergi, sem ætluð eru til íbúðar og eldhús. Herbergi, sem er minna en 5 m^2 skal teljast hálft, og stærra en 25 m^2, sem tvö. Leiga af einum mæli er innifalin í fastagjaldinu.

    Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er undir 10 m^2, má miða við sameiginlegt flatarmál þeirra, þannig að hverjir 10 m^2 jafngilda einu herbergi og 6 m^2 hálfu herbergi.

C. Vélanotkun.

31. Um kWst.-mæli á kr. 9.15 hver kWst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta árgjalds kr. 1 817.50 á hvert uppsett kW vélanna.
32. Til fiskiðnaðar, með fasttengdum vélum kr. 3.75 hver kWst.
33. Ef uppsett rafvélaafl fasttengdra véla við fisk, kjöt eða mjólkuriðnað er yfir 20 kW.

a. Um kWst.-mæli á kr. 2.63 hver kWst., enda megi rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag, á tímum mesta álags rafveitunnar um hádegið og síðdegis, en þó eigi lengur en 1½ klst. í senn. Notandi kosti klukkurofa fyrir vélalagnir eða tvígjaldsmæli, sem settur er til eftirlits með að rofið sé á tilskildum tíma.
b. Um tvígjaldsmæli á kr. 15.75 hver kWst. í 1½ klst. tvisvar sinnum á dag á tímum mesta álags rafveitunnar, en þó ekki lengur en 1 klst. í senn, en kr. 2.95 hver kWst. utan þess tíma.
c. Um tvígjaldsmæli á kr. 15.75 hver kWst. í 1½ klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar, en þó eigi lengur en 1 klst. í senn en kr. 2.95 hver kWst. utan þess tíma.

34. Um mæli á kr. 3 390.00 fyrir hvert kW mesta notaðs afls á árinu mælt sem 15 mínútna meðalálag og auk þess kr. 1.80 á notaða kWst.
35. Ef ekki eru tök á að mæla mesta notaða afl má selja þannig:
Um mæli á kr. 2 230.00 fyrir hvert uppsett kW vélanna og auk þess kr. 1.80 á notaða kWst.
Ef fastvikstuðull er lægri en 0.85 getur rafveitan krafist af notanda, að hann sé hækkaður upp í það gildi.
Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra straumfrekra tækja, sem valda tilfinnanlegum spennutruflunum eða takmarka notkun þeirra við tiltekinn tíma sólarhrings.

D. Hitun.

41. Um kWst.-mæli á kr. 2.20 hver kWst., án rofs.
42. Um kWst.-mæli á kr. 1.10 hver kWst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar um hádegið og síðdegis, en þó eigi lengur en 1½ klst. í senn.
43. Um kWst.-mæli á kr. 0.60 hver kWst., í 9 klst. á tímanum frá kl. 22.00—07.00.
Í gjaldskránni er verð til hitunar miðað við söluverð dísilolíu í Keflavík kr. 5.80 hver lítri. Fyrir hverja 10 aura, sem olían lækkar eða hækkar, lækkar eða hækkar kWst. um: Á gjaldskrárlið 41 3 aura, gjaldskrárlið 42 1.7 aura og gjaldskrárlið 43 1 eyri.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar.

a. Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
b. Rafveitan leggur til álagsstýringarrofa og annast viðhald þeirra. Kostar notandinn tengingu þeirra og greiðir leigu af þeim, samkvæmt reglum, sem gilda um leigu mæla.
c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillir notaður.

E. Önnur raforkusala.

51. Raforku til suðu má selja til gistihúsa, veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða, á kr. 4.90 hver kWst., enda sé notkunin mæld um sérmæli og suðutæki fasttengd.
52. Til nota um vinnulagnir við byggingar meðan á byggingu stendur, um kWst.-mæli á kr. 9.25 hver kWst.
53. Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum um kWst.-mæli á kr. 1.15 hver kWst. ef straumur er rofinn frá kl. 8.30 til kl. 22, eða um tvígjaldsmæli á kr. 1.50 hver kWst. á tímanum frá kl. 22 til 8.30 og kr. 3.75 hver kWst. frá kl. 8.30 til 22.
54. Til gatnalýsingar á kr. 3.75 hver kWst.

Alla rafmagnsnotkun, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A—1.

Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri þó — að tilskildu samþykki rafveitustjórnar, veita afslátt frá gjaldskrárlið C—E (báðir meðtaldir) á orku, sem notuð er á sumrin, sé um aukningu frá vetrarnotkun að ræða. Enn fremur að selja orku eftir sérstökum samningi, sé það hagstætt vegna orkunýtingar rafveitunnar.

II. MÆLALEIGUR

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjunum, sem hér segir:

1.	Af einfasamælum upp að 30 amp.	kr. 25.00
2.	Af þrífasamælum upp að 50 amp.	— 30.00
3.	Af þrífasamælum 50 til 200 amp.	— 75.00
4.	Af þrífasamælum yfir 200 amp.	— 112.50
5.	Af álagsstýringarliðum	— 112.50

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í gjaldskránni skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækisins. Leigan er innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari ekki verið greitt, svo til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 562.50.

Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún eigi enduropnuð fyrr en notandinn hefur greitt kr. 562.50 gjald á skrifstofu rafveitunnar.

III. HEIMTAUGARGJÖLD

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtaugar eða spennistöðvar fyrir hverja húsveitu. Umsækjandi heimtaugar skal gera grein fyrir væntanlegri notkun húsnæðis og helstu raforkunotkun.

Ein heimtaug er lögð að hverri eign (á sömu lóð) og skal greitt heimtaugargjald af hverri heimtaug (spennist.) fyrir allt að 15 m jarðstrengsheimtaug frá jarðstrengskerfi og allt að 30 m loftlínuheimtaug frá loftlínukerfi, samkvæmt eftirfarandi töflu:

Gjaldskrárliður	Málstraumur stofnvara í 3 × 220 V kerfi Amp.	Málstraumur stofnvara í 3 × 380 V kerfi Amp.	Hámarksafl kVa.	Heimtaugargjald
1.	2 × 60	1 × 60	13	14 660.00
2.	3 × 60	2 × 60	22	19 360.00
3.	3 × 100	3 × 60	38	27 660.00
4.			50 sp.	32 760.00
5.		3 × 100	66	45 500.00
6.	3 × 200		75	55 320.00
7.			100 sp.	65 510.00
8.	3 × 350	3 × 300	132	90 760.00
9.			150 sp.	104 150.00
10.			200 sp.	131 030.00
11.		3 × 350	231	151 020.00
12.			300 sp.	209 670.00
13.			500 sp.	348 380.00

sp = spennir.

Lengd heimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu, stystu greiðfæru leið að varkassa á útvegg. Teljist hagkvæmara að hafa kassa á innvegg skal leita samþykkis rafveitustjóra um gerð og frágang pípu, sem strengurinn verður dreginn í.

Sé jarðlínuheimtaug lögð frá loftlínu (samkv. ósk heimtaugarbeiðanda) skal lengd heimtaugar reiknuð frá loftlínustólpa að inntakskassa, en þveri heimtaugin akbraut, skal breidd akbrautar dregin frá.

Yfirlengdargjald jarðstrengs reiknast á hvern metra umfram fyrstu 15 m þannig: Yj = (300 + 4 × KVA) kr./m.

Yfirlengdargjald loftlínu reiknast á hvern metra umfram fyrstu 30 m þannig: YL = (200 + 3 × KVA) kr./m að viðbættum kr. 7 330.00 á hvern staur í umframlengd.

Sé lögð bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr eða hús í byggingu, skal greitt fyrir hana, sem hér segir:

60 amp. einfasa	kr. 3 590.00
60 amp. þrífasa	— 4 720.00

Séu aðstæður þannig, að kostnaður við lagningu bráðabirgðaheimtaugar verði óeðlilega hár, má taka gjald fyrir hana samkvæmt kostnaði.

Telji rafveitustjóri að auka þurfi flutningsgetu heimtaugar eða spennis, skal notandi greiða mismun samkvæmt gjaldskrá.

Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja upp spennistöð að mestu eða öllu leyti vegna eins notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra, vegna staðsetningar stöðvarinnar.

Þegar lóð er lögð til er það rafveitunni gert að kostnaðarlausu og skal í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð og staðsetningu stöðvarinnar.

Þegar húsnæði er lagt til skal það fullnægja skilyrðum um gerð spennistöðvarhúsa, að dómi rafveitustjóra. Eðlilegur kostnaður notanda við gerð húsnæðis fyrir spennistöðina greiðist af rafveitunni, í leiguformi t. d. fyrir lengri tíma — og kemur til frádráttar heimtaugargjaldi.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt hverfi að ræða eða aðstæður óeðlilegar skal greiða heimtaugargjald samkvæmt kostnaðarreikningi. Helmingur heimtaugargjalds skal greiddur við umsókn, en síðari hlutinn áður en notkun hefst.

Söluskattur skv. lögum og viðlagagjald skv. lögum nr. 4/1973 er innifalinn í gjaldinu, nema af raforku til húshitunar.

Gjaldskrá þessi, sem rafveitunefndir Keflavíkur og Gerðahrepps hafa samið og bæjarstjórn og sveitarstjórn samþykkt, staðfestist hér með skv. vatnalögum nr. 15 20 júní 1923, og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt eru úr gildi numdar gjaldskrá Rafveitu Keflavíkur og Rafveitu Gerðahrepps, nr. 89 15. mars 1973.

Iðnaðarráðuneytið, 7. desember 1973.

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.

GJALDSKRÁ

Rafmagnsveitna ríkisins um raforkusölu í smásölu.

I. GJALDSKRÁRLIÐIR

Rafmagnsveitur ríkisins selja raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

1. Lýsing.

11.	Fast gjald		F1
	Orkugjald	kr.	18.00 á kWst.
12.	Fast gjald		F1 + F2
	Orkugjald	—	9.60 á kWst.

2. Notkun til heimilisþarfa, búrekstrar o. fl.

21.	Fast gjald		F1 + F3
	Orkugjald	kr.	4.60 á kWst.
	Markmæling:		
23.	Aflgjald, lágmarksstilling 3 kW	—	18 200.00 á ári
	Aflgjald, frá 3—6 kW	—	4 300.00 á kW á ári
	Aflgjald, umfram 6 kW að hámarksaflstillingu 20 kW	—	3 200.00 á kW á ári
	Orkugjald af allri notkun	—	0.75 á kWst.
	Orkugjald af notkun umfram aflstillingu	—	6.50 á kWst.

3. Vélanotkun o. fl.

31.	Fast gjald		F1 + F2
	Lágmarksgjald		48 × F1 á ári
	Orkugjald	—	9.60 á kWst.
32.	Aflgjald, lágmark 2 kW	—	10 920.00 á ári
	Aflgjald, frá 2—5 kW	—	5 460.00 á kW á ári
	Aflgjald, umfram 5 kW	—	4 800.00 á kW á ári
	Fast gjald		F1 + F3
	Orkugjald	—	1.76 á kWst.
34.	Til súgþurrkunar á tímabilinu frá 1. júní til 31. október:		
	Aflgjald	—	1 732.00 á kW á ári
	Fast gjald		F1
	Orkugjald	—	0.72 á kWst.

4. Húshitun.

41.	Fast gjald		F1 + F4
	Orkugjald	—	2.65 á kWst.
	Roftími allt að 1 klst. á dag.		
42.	Fast gjald, lágmark 2 kW		F1 + F4
	Orkugjald	—	1.12 á kWst.
	Roftími allt að 2 × 1.5 klst. á dag.		
	Markmæling:		
43.	Fast gjald		F1
	Aflgjald, lágmarksstilling 5 kW	—	15 720.00 á ári
	Aflgjald umfram 5 kW að hámarksaflstillingu 20 kW	—	3 144.00 á kW á ári
	Orkugjald af allri notkun	—	0.30 á kWst.
	Orkugjald af notkun umfram aflstillingu	—	4.60 á kWst.
	Roftími allt að 2 × 1.5 klst. á dag.		

44.	Fast gjald, lágmark 2 kW		F1 + F4
	Orkugjald	kr.	0.56 á kWst.
	Roftími allt að 15 klst. að degi til.		

5. Utanhússlýsing.

51.	Fast gjald		F1
	Fyrir hvert götuljósker		5 × F1 á ári
	Orkugjald	—	2.15 á kWst.
52.	Fast gjald		F1
	Orkugjald	—	5.20 á kWst.

6. Lokun fyrir veitu.

Gjöld fyrir lokun og enduropnun á veitu vegna vanskila eru samtals	—	850.00
fyrir hvert skipti.		

II. SKILGREININGAR OG ÝMIS ÁKVÆÐI

1. Föst gjöld.

F1		—	130.00 á mánuði
F2	a) Verslanir, skrifstofur, vinnustofur o. þ. h.	—	5.10 á m² á mán.
	b) Gangar, geymslur o. þ. h.	—	2.60 á m² á mán.
F3		—	52.00 á gjaldeiningu á mán.

Gjaldeiningar eru:

a) Fyrir fjölskylduheimili.
Hvert herbergi notað eða ætlað til íbúðar, en ekki gangar, baðherbergi né geymslur.
Herbergi 5 m² eða minna reiknast hálft, en 25 m² eða stærra tvö.

b) Fyrir félagsheimili, skóla, gistihús, sjúkrahús o. þ. h. 20 m², mælt innan útveggja.

c) Fyrir útihús vegna búrekstrar. Fyrstu 50 m² eða minna, ein gjaldeining. Hverja næstu 100 m², ein gjaldeining.

d) Fyrir fiskvinnslustöðvar, iðnaðar- og iðjuhús o. þ. h. 30 m² fyrir vinnslurúm, 40 m² fyrir geymslurúm.

F4	Hvert uppsett kW	kr.	600.00 á ári

2. Mestaaflsmæling.

1. Aflmæling miðast við 15 mín. meðalálag.
2. Gjaldskrárliður 32.
   Gjaldskylt afl hvers almanaksárs er meðaltal fjögurra hæstu álestra, en hjá fiskibræðslum, fiskimjölsverksmiðjum og til hliðstæðra nota, er gjaldskylt afl meðaltal tveggja hæstu álestra.
   Álestur fari að jafnaði fram í byrjun hvers mánaðar.

3. Véla- og tækjaálag.

1. Ef fasviksstuðull hjá notanda er lægri en 0.8, skal hann gerða ráðstafanir á sinn kostnað til þess að hækka fasvikustuðulinn upp í það gildi.
   Notandi greiðir hærra verð fyrir raforkuna meðan fasviksstuðullinn er undir 0.8.
2. Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, sem valda tilfinnanlegum truflunum, um skemmri eða lengri tíma eftir aðstæðum hverju sinni.
   Heimilt er að taka fastagjöld af rafsuðuspennum samkvæmt F4.

4. Verð til hitunar.

Í gjaldskránni er verð til hitunar miðað við söluverð dísilolíu í Reykjavík til olíukyndingar kr. 7.70 hver lítri. Við hverja 10 aura útsöluverðsbreytingu, frá grunnverði reiknað á kyndingarolíu, skal hitaverð lækka eða hækka hver kWst. um 4.0 aura á gjaldskrárlið 41, 1.7 aura á lið 42, 1.5 aura á lið 43 og 0.9 aura á lið 44. Einnig skal kWst.-gjald á gjaldskrárlið 23 lækka eða hækka um 1 eyri hver kWst., við sömu verðbreytingu á olíu.

5. Götulýsing.

Rafmagnsveitur ríkisins sjá um uppsetningu götulýsingarkerfis samkv. ósk notanda, sem greiði stofnkostnað. Viðhald götulýsingar annast Rafmagnsveiturnar á sinn kostnað.

6. Takmörkun á vali gjaldskrárliða o. fl.

Þegar um sérstakar aðstæður er að ræða, svo sem tímabundna notkun mikils afls, geta Rafmagnsveitur ríkisins takmarkað val notenda við ákveðna gjaldskrárliði, eða gert sérstaka samninga um skilyrði fyrir tengingu.

Þar sem framleiðslukostnaður orku er sérstaklega hár, svo sem á dísilstöðvasvæðum, eða flutningsgeta og/eða spennaafl er takmarkað, áskilja Rafmagnsveiturnar sér rétt til þess að gefa ekki kost á gjaldskrárliðum, þar sem orkugjald er lágt og/eða orkunotkun mikil.

III. HEIMTAUGARGJÖLD

Heimtaugargjald skal greitt samkvæmt sérstökum reglugerðum og gjaldskrám um heimtaugargjöld til Rafmagnsveitna ríkisins.

IV. ANNAÐ

Söluskattur er innifalinn í öllum gjaldskrárliðum nema raforku til húshitunar og kWst.-gjaldi á gjaldskrárlið 23. Gjaldskrárverðin breytast til samræmis við söluskattsbreytingar, sem kunna að verða.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að taka gildi 1. desember 1973. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 76 6. mars 1973.

Iðnaðarráðuneytið, 10. desember 1973.

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.

11. desember 1973. Nr. 378.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Sauðárkróks.

I. RAFORKA

Rafveita Sauðárkróks selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

1. Lýsing.

1.1. Til almennrar lýsingar um kWst.-mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.
Orkugjald ..... kr. 16.90 á kWst.

1.2. Til almennrar lýsingar um kWst.-mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.
Orkugjald ..... kr. 5.90 á kWst.
Fastagjald af gólffleti í rúmi því, er lýsa skal:
Verslanir, skrifstofur, vinnustaðir o. þ. h. ..... — 87.50 á m² á ári
Geymslur og gangar þeim tilheyrandi ..... — 28.75 á m² á ári

1.3. Til hafnarlýsingar um kWst.-mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.
Orkugjald ..... — 4.75 á kWst.

1.4. Raforku til ljósa í beituskúrum má selja án mælis .. — 12 285.00 á árskW enda sé spennan 32 volt og skriflegur samningur gerður um notkunina.

2. Almenn heimilisnotkun:

2.1. Um kWst.-mæli þannig reiknað:
a. Grunngjald ..... kr. 29.00 á mán.
b. Orkugjald af allri notkun ..... — 3.75 á kWst.
c. Fastagjald af hverju herbergi ..... — 29.00 á mán.

Við útreikning á herbergjagjöldum, skal telja öll herbergi, sem ætluð eru til íbúðar og eldhús. Herbergi 5 m², eða minna, reiknast hálft, en 25 m² eða stærra, tvö.

3. Vélanotkun:

3.1. Um kWst.-mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.
Orkugjald ..... kr. 9.50 á kWst.

Eftir þessum gjaldskrárlið má einnig selja raforku til lýsingar, og reiknast þá að auki fermetragjald af gólffleti eftir sömu reglum og gilda um lið 1.2., en er þriðjungi lægri.

Raforku til nota um vinnulagnir, meðan á byggingu stendur, má selja um kWst.-mæli eftir þessum gjaldskrárlið. Þá eru engin fastagjöld reiknuð, önnur en mælaleiga, samkvæmt kafla II.

3.2. Um afl- og orkumæla:
Fast gjald ..... kr. 4 375.00 á ári
Orkugjald ..... — 1.50 á kWst.
Aflgjald af notuðu afli, lágmark 2 kW ..... — 4 375.00 á kW á ári

Heimilt er að selja alla raforkunotkun fyrirtækja eftir þessum gjaldskrárlið.

Fastagjald vegna lýsingar skal þá reiknað samkvæmt gjaldskrárlið 1.2., og lágmarksaflgjald, sem svarar 20 kW.

3.3. Ef ekki eru tök á að mæla notað afl, má selja þannig um kWst.-mæli:
Fast gjald ..... kr. 4 375.00 á ári
Orkugjald ..... — 1.50 á kWst.
Fastagjald, miðað við málraun véla, lágmark 2 kW .. — 3 625.00 á ári á kW

Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, sem valda tilfinnanlegum truflunum eða takmarka notkun þeirra við tiltekna tíma sólarhrings.

4. Hitun.

4.1. Til húshitunar, roftími 2 × 1.5 klst. á dag, um kWst.-mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.
Orkugjald ..... kr. 1.23 á kWst.

4.2. Önnur hitanotkun, roftími 2 × 1.5 klst. á dag, um kWst.-mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.
Orkugjald ..... kr. 1.35 á kWst.

4.3. Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum og til annarra hliðstæðra nota, roftími allt að 11 klst. á dag, um kWst.-mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.
Orkugjald ..... — 1.09 á kWst.

Um framangreinda hitagjaldskrárliði gilda eftirfarandi ákvæði:
Minnsta ársnotkun sé 6.000 kWst.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar.

a. Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið.
b. Að notandi kosti tengingu klukkurofa, sem rafveitan leggur til, og greiði leigu af þeim samkvæmt reglum, er gilda um mæla.
c. Að hitatæki, lagnir og búnaður sé samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar og önnur hitatæki fasttengd.

II MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu, og er ákvörðun sú skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu, sem hér segir:

1. Af einfasamælum 30 amp. og minni ..... kr. 30.00 á mán.
2. Af þrífasamælum 50 amp. og minni ..... — 50.00 - —
3. Af þrífasamælum 50—100 amp. ..... — 70.00 - —

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækjanna, Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

III. HEIMTAUGARGJÖLD

Heimtaugargjald skal greitt samkvæmt eftirfarandi töflu.

Fari lengd jarðstrengs heimtaugar fram úr 15 m, skal greitt yfirlengdargjald eins og taflan sýnir:

Málstraumur stofnvara	Jarðstrengur Lágmark kr.	Yfirlengd kr./m
60 A 1-fasa	11 600.00	920.00
60 A 3-fasa	17 600.00	965.00
100 A 3-fasa	27 000.00	1 120.00
125 A 3-fasa	33 200.00	1 300.00
200 A 3-fasa	52 500.00	1 700.00
350 A 3-fasa	104 400.00	2 220.00

Af loftlínuheimtaug reiknast gjald, sem er 20% lægra en að framan greinir, fyrir heimtaug allt að 40 m. Það, sem þar fer fram yfir, greiðist samkvæmt kostnaði.

Lengd jarðlínuheimtaugar 60—200 A reiknast frá stystu greiðfærri leið að lóðarmörkum. Lengd stærri jarðlínuheimtaugar reiknast frá varkassa að rofalínudreifistöð.

Yfirlengd reiknast ekki af vegalengd, sem er umfram 100 m frá varkassa.

Óski húseigandi eftir, að heimtaug verði breytt úr 1-fasa heimtaug, eða flutningsgeta jarðstrengsheimtaugar verði aukin, skal hann greiða fyrir breytinguna

samkvæmt kostnaði, þó aldrei minna en mismun á heimtaugargjaldi samkvæmt gjaldskrá.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum innan lögsagnarumdæmis Sauðárkróksbæjar. Sé um óskipulegt svæði að ræða, eða aðstæður óvenjulegar, er heimilt að krefjast sérstaks aukagjalds af húseiganda eða gera honum að greiða fyrir heimtaugina samkvæmt kostnaði, en gera skal honum aðvart um það fyrirfram.

IV. OPNUNARGJÖLD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veituna, skal taka gjald fyrir enduropnun 400.00 krónur.
2. Ef fundin er við skoðun óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi opnuð aftur, fyrr en notandi hefur greitt 400.00 króna gjald á skrifstofu rafveitunnar.

Söluskattur er innifalinn í gjaldskránni, svo og viðlagagjald. Söluskattur og viðlagagjald reiknast ekki af húshitun.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til þess að öðlast gildi 1. janúar 1974, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Sauðárkróks nr. 108 29. mars 1973.

Iðnaðarráðuneytið, 11. desember 1973.

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.

Nr. 379. 11. desember 1973.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Eyrarbakka, Stokkseyrar, Hveragerðis og Selfoss.

I. RAFORKA

Rafveitur Eyrarbakka, Stokkseyrar, Hveragerðis og Selfoss selja raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

1. Lýsing.

11.	Til almennrar lýsingar um kWst.-mæli: Mælisleiga samkvæmt kafla II. Orkugjald	kr.	17 00 á kWst.
12.	Til almennrar notkunar um kWst.-mæli: Mælisleiga samkvæmt kafla II. Orkugjald	—	5.00 á kWst.
	Fastagjald af gólffleti í rúmi því, er lýsa skal, mælt innan útveggja:		
	Verslanir, skrifstofur, vinnustofur o. þ. h.	—	82.00 á m² á ári
	Geymslur og gangar þeim tilheyrandi	—	32.00 á m² á ári
13.	Til götulýsingar um kWst.-mæli: Mælisleiga samkvæmt kafla II. Orkugjald	—	5.00 á kWst.

14. Til nota um vinnulagnir, meðan á byggingu stendur, um kWst.-mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.
Orkugjald ..... kr. 8.50 á kWst.

2. Almenn heimilisnotkun o. fl.

21. Til heimilisnotkunar um kWst.-mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.
Orkugjald ..... — 3.70 á kWst.
Fastagjald af hverju herbergi ..... — 348.00 á ári
Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll herbergi, sem ætluð eru til íbúðar, og eldhús. Herbergi 5 m² eða minna reiknast hálft, en 25 m² eða stærra tvö.

22. Til matargerðar í gisti- og veitingahúsum og öðrum slíkum stöðum, enn fremur súgþurrkunar, enda séu öll tæki fasttengd, um kWst.-mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.
Orkugjald ..... — 3.70 á kWst.

3. Vélanotkun o. fl.

31. Um kWst.-mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.
Orkugjald ..... — 8.50 á kWst.
Heimilt er að selja raforku til lýsingar eftir þessum gjaldskrárlið. Fastagjald vegna lýsingar skal þá reiknað samkvæmt gjaldskrárlið 12, en þriðjungi lægri.

32. Um afl- og orkumæla:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.
Orkugjald ..... — 1.25 á kWst.
Aflgjald, lágmark 2 kW ..... — 13 125.00 á ári
Aflgjald, umfram 2 kW ..... — 4 375.00 á kW á ári
Gjaldskylt afl hvers almanaksárs er meðaltal fjögurra hæstu álestra, en álestrar fari fram mánaðarlega og með sem jöfnustu milli bili. Aflnotkunin mælist sem meðalálag yfir 15 mín.

Heimilt er að selja alla raforkunotkun fyrirtækja eftir þessum gjaldskrárlið. Fastagjald vegna lýsingar skal þá reiknað samkvæmt gjaldskrárlið 12 og lágmarksaflgjald af 20 kW.

33. Ef ekki eru tök á að mæla notað afl, má selja þannig um kWst.-mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.
Orkugjald ..... — 1.25 á kWst.
Aflgjald, lágmark 2 kW ..... — 11 340.00 á ári
Aflgjald af uppsettum kW í málraun véla, umfram 2 kW ..... — 3. 480.00 á kW á ári
Ef fasviksstuðull hjá notanda er lægri en 0.8 getur rafveitan krafist að hann sé hækkaður upp í það gildi. Heimilt er að banna notkun rafsuðutækja og annarra tækja, sem valda tilfinnanlegum truflunum eða takmarka notkun þeirra við tiltekna tíma sólarhrings.

4. Hitun.

41. Til húshitunar, hitunar í vatnsgeymum, gufukötlum o. þ. h. roftími 1 klst. á dag, um kWst.-mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.
Orkugjald ..... kr. 2.25 á kWst.

42. Til húshitunar, roftími 2 × 1,5 klst. á dag, um kWst.-mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.
Orkugjald ..... — 1.00 á kWst.

43. Til húshitunar, roftími allt að 15 klst. að degi til, um kWst.-mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.
Orkugjald ..... — 0.60 á kWst.

44. Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum og til annarra hliðstæðra nota, roftími allt að 11 klst. að degi til, um kWst.-mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.
Orkugjald ..... — 1.12 á kWst.

Um framangreinda hitagjaldskrárliði gildir eftirfarandi ákvæði. Minnsta árgjald skal vera sem svarar 1500 klst. notkun á hvert kW uppsett afls hitunartækja.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar.

a. Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið.
b. Að notandi kosti tengingu klukkurofa, sem rafveitan leggur til, og greiði leigu af þeim, samkvæmt reglum er gilda um leigu mæla.
c. Að hitatæki, lagnir og búnaður sé samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar og önnur hitatæki fasttengd.

Lægsta gjald fyrir raforkunotkun um heimtaug skal vera kr. 2 500.00 á ári. Mismun á ársnotkun og lægsta gjaldi ef einhver er, skal innheimta á fyrra helmingi næsta árs.

II MÆLALEIGA

Rafveitan ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum sem hér segir:

1. Af einfasa kWst.-mælum 40 A og minni ..... kr. 282.00 á ári
2. Af þrífasa kWst.-mælum 50 A og minni ..... — 630.00 á ári
3. Af þrífasa kWst.-mælum yfir 50 A og til 100 A ..... — 708.00 á ári

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru, enn fremur klukkurofum, skal ársleiga vera sem næst 15% af verði tækjanna.

III. HEIMTAUGARGJÖLD

Heimtaugargjald skal greitt samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur stofnvara		Hámarks-	Heimtaugar-	Yfirlengargjald	
220 V kerfi	380 V kerfi	afl	gjald	Jarðstrengur	Loftlína
Amp.	Amp.	KVA	kr.	kr./m	kr./stólpa
2 × 60	1 × 60	13	15 930	783	17 705
3 × 60	2 × 60	22	22 155	928	15 165

Málstraumur stofnvara		Hámarks-	Heimtaugar-	Yfirlengargjald	
220 V kerfi	380 V kerfi	afl	gjald	Jarðstrengur	Loftlína
Amp.	Amp.	KVA	kr.	kr./m	kr./stólpa
3 × 100	3 × 60	38	33 240	1 080	17 325
	3 × 100	66	54 600	1 362	20 085
3 × 200		75	58 875	1 452	
3 × 350	3 × 200	132	98 340	2 031	
		150 sp.	110 820		
		300 sp.	214 710		
		500 sp.	353 235		

Umframgjald vegna stærðar lóðar reiknast fyrir bæði jarðstrengs- og loftlínuheimtaug kr. 5.50 á hvern m² umfram 800 m².

Yfirlengdargjald miðast við jarðstrengsheimtaug lengri en 15 m og loftlínuheimtaug lengri en 30 m.

Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu stystu greiðfæra leið að varkassa á útvegg, teljist hagkvæmara að hafa varkassa á innvegg skal leita samþykkis rafveitunnar um gerð og frágang pípu, sem strengurinn verður dreginn í.

Lengd loftlínuheimtaugar reiknast frá næsta stólpa í götulínu stystu greiðfæra leið að varkassa.

Sé lögð bráðabirgðaheimtaug í vinnskúr eða hús í byggingu, skal greitt fyrir hana sem hér segir:

60 Amp. einfasa	kr. 4 200
60 Amp. þrífasa	— 5 700

Séu aðstæður þannig að kostnaður við lagningu bráðabirgðaheimtaugar verði óeðlilega hár, má taka gjald fyrir hana samkvæmt kostnaði.

Þegar stækka þarf heimtaug eða spenni vegna ákveðins notanda, skal hann greiða mismun á heimtaugargjaldi samkvæmt gjaldskrá.

Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð að mestu eða öllu leyti í þágu eins notanda, er honum skylt að leggja til lóð undir stöðina rafveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð lóðarinnar og staðsetningu stöðvarinnar.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óeðlilegar, skal greiða heimtaugargjald samkvæmt kostnaðarreikningi.

Heimtaugargjald skal greitt við umsókn.

IV. ÝMIS ÁKVÆÐI

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun, kr. 450.00.

Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki enduropnuð, fyrr en notandi hefur greitt gjald, kr. 450.00 til rafveitunnar.

Söluskattur er innifalinn í gjaldskránni svo og viðlagagjald skv. lögum nr. 4/1973. Söluskattur og viðlagagjald reiknast ekki af seldri raforku til húshitunar.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist

til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 93 15. mars 1973.

Iðnaðarráðuneytið, 11. desember 1973.

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.

Nr. 380. 13. desember 1973.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Patrekshrepps.

Tafla I. Orkuverð, grunnverð, gjaldstofnar og mælaleigur.

Taxta-númer	Taxtaheiti	Orku-verð kr./kWh	Daggreiðsla kr. Grunnverð/ gjaldstofnar	Mæla-leigur
	A. Lýsing.			
1.1	do. án grunnverðs	13.00		01
1.2	do. með grunnverði	5.50	0.10m²	01
1.3	do. götur og Pt.höfn	3.50		03
	B. Heimili.			
2.1	do. m/grunnv. herb.	3.20	1.20/herbergi	01
2.2	do. m/grunnv., aflúttak	1.45	0.40/amper	01
2.3	do. m/grunnv., aflúttak	0.80	0.80/amper	03
2.4	do. m/grunnv., aflúttak	0.50	1.60/amper	03
	C. Iðnaður/verslun.			
3.1	do. smávélar	5.50		02
3.2	do. stór notkun (C 9)	1.05	9.20	04
	D. Hitun.			
4.1	do. án rofs	2.00		03
4.2	do. með rofi 2 kl./dag	1.45		03
4.3	do. með rofi 3 kl./dag	0.80		01
4.4	do. með rofi 14 kl./dag	0.50		03
	F. Annað.			
5.1	Sérsamningar.			
5.2	Lokun og enduropnun veitu, útsending lokunarmanns		300/á reikn.	
	Mælaleigur.			
	Einfasa almenn án stjórnt.		1.75/mælingu	01
	Þrífasa og einfasa m/stjórnt.		2.00/mælingu	02
	Þrífasa með stjórntækjum		4.00/mælingu	03
	Þrífasa með aflmælingu		7.65/mælingu	04

SKÝRINGAR OG ÁKVÆÐI MEÐ TÖFLU I

A. Lýsing.

1.1. Almenn lýsing og eða fyrir aðra þá notkun, sem ekki er seld undir öðrum lið í þessari verðskrá.

1.2. Lýsing með grunnverði. Gjaldstofnar grunnverðs eru fermetrar gólfflatar þar sem lýsing er. Í verslunum, vinnustofum og skrifstofum reiknast grunnverð af hverjum m^2, en tveir fermetrar jafngilda einum í göngum, geymslum og þ. h. stöðum. Eftir þessum taxta má þó selja afmagn til notkunar á vinnustöðum, meðan á byggingu stendur án grunnverðs.

1.3 Til lýsingar á götum og við Patrekshöfn.

B. Heimili.

2.1 Venjuleg heimilisnotkun með grunnverði. Gjaldstofn grunnverðs eru íbúðarherbergi. Fullt grunnverð reiknast af íbúðarherb. og eldhúsi sem eru 5—25 m^2 að stærð, en af minni herbergjum reiknast hálft grunnverð og af stærri tvöfalt. Baði, geymslum, göngum og þ. h. skal sleppt.

Ef um smáatvinnurekstur er að ræða í húsnæði, sem fær raforku um heimilismæli, þá reiknast þar tvöfalt grunnverð samkvæmt lið 1.2 og eftir sömu reglum.

2.2., 2.3 og 2.4 Venjuleg heimilisnotkun með grunnverði. Gjaldstofnar grunnverðs eru amper eða kW (aflmæling). Grunnverð ampera miðast við einfasa 220 volt, og amperstærðirnar 16, 20, 35 og 50 amper, en umreiknast í samræmi við þá aflnotkun, ef um fleiri fasa eða aðra spennu er um að ræða. Aflnotkun umfram 20 kW mælist með aflmæli, reiknast þá 1 kW sem 4 amper. Af rofinni notkun samkvæmt rofatíma og reglum í taxta D, greiðist ekki grunnverð. Ef ekki eru tök á að mæla aflúttak, má reikna það eftir amperstærðum öryggja eða áætla í samræmi við uppsett afl hjá notenda.

C. Iðnaður og verslun.

3.1 Fyrir smávélar og tæki í iðnaði og verslun. Hér má einnig selja rafmagn til lýsingar um sama mæli samkvæmt taxta 1.2, reiknast þá einnig grunnverð samkvæmt þeim taxta.

3.2 Afl- og orkumæling. Gjaldstofn grunnverðs er aflúttak, í kW (C 9 á reikningum rafveitunnar). Ársafl reiknast hæsta meðalafl mælt í 15 mín. Ef ekki er tök á að mæla notað afl, má reikna aflúttak samkvæmt ástimpluðu afli véla $\div$ 20%. Ársafl reiknast aldrei lægra en 3 kW þegar um hreina vélanotkun er að ræða, en lágmark er 10 kW ef raforka til lýsingar er einnig seld um sama mæli. Reiknast þá til viðbótar grunnverð samkv. lið 1.2.

Heimilt er að takmarka aflúttak samkv. þessum lið 3.2, á mestu álagstímum rafveitunnar, í allt að 2 klst. á dag.

D. Hitun.

4.1 til 4.4 Hitasala er háð flutningsgetu kerfisins að dómi rafveitustjóra og fyrirmælum hans um tengingu og búnað hitunartækja. Rafmagnsofnar og önnur rafhitunartæki skulu vera fasttengd. Rafveitustjóri ákveður stillingu á klukkurofum.

F. Annað.

5.1 Sérsamningar. Ef sérstaklega stendur á, getur notandi leitað til rafveitunnar eftir sérstökum samningi um raforkukaup. Rafveitustjóra er heimilt að leyfa tengingu

einstakra tækja við bæjarkerfið án mælis um stundarsakir, að því tilskildu að greiðsla komi fyrir í samræmi við áætlaða notkun tækisins.

5.2 Ef reikningar rafveitunnar eru ekki greiddir samkvæmt verðskrá þessari og reglugerð rafveitunnar, svo að til sérstakra innheimtuaðgerða hafi þurft að grípa, svo sem útsendingu lokunarmanns, og/eða lokunar veitu, skal notanda gert að greiða kostnað samkvæmt þessum lið.

Ef fundin eru við skoðun óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi opnuð aftur fyrr en notandinn hefur greitt gjald samkvæmt lið 5.2 á skrifstofu rafveitunnar.

TENGING VIÐ VEITUKERFIÐ

Í samræmi við umsókn notanda, ákveður rafveitustjóri stærð, gerð og búnað tengingar (heimtaugar) eða spennistöðvar. Stofngjöld tengingar samkvæmt töflu II, miðast við notkunarstaði á skipulögðum svæðum. Ef lengd heimtaugar fer yfir 15 metra, reiknast yfirlengdargjald samkvæmt töflu II. Er þá mælt frá stofnvari notanda eftir greiðfærri leið að lóðarmörkum við götu.

Breyting á tengingu, bráðabirgðatenging og/eða tenging utan skipulagra svæða, greiðist samkvæmt útlögðum kostnaði.

Ef setja þarf spennistöð, sem að mestu leyti er í þágu eins notanda, skal hann leggja til lóð og húsnæði fyrir stöðina, sem fullnægir settum reglum um gerð og frágang spennistöðva, rafveitunni að kostnaðarlausu.

Rafveitunni er ekki skylt að leggja heimtaug meðan frost er í jörðu, nema ef notandinn samþykkir að greiða þann umframkostnað, sem af því kann að hljóta.

Þegar um er að ræða tengingu á nýjum húsum, ber væntanlegum notanda að fá samþykki rafveitunnar fyrir staðsetningu og fyrirkomulagi tengingarinnar áður en byggingarframkvæmdir hefjast, ef svo er ekki gert, er rafveitunni heimilt að krefja notandann um greiðslu á sannanlegum aukakostnaði, sem hún hefur lagt í vegna þessa, auk heimtaugargjaldsins.

Sé tenging með flutningsgetu umfram það, sem sagt er í töflu II, eða aðstæður séu óvenjulegar, er heimilt að krafjast aukagjalds, eða greiðslu samkvæmt kostnaði.

Tafla II. Tengingar við veitukerfið/heimtaugargjöld.

Flutningsgeta í amperum	Stofngjöld tenginga, heimtauga	Greiðsla vegna yfirlengdar heimtaugar kr./m
0 til 3 × 60 amp.	15 000.00	600.00
3 × 60 til 100 amp.	18 000.00	750.00
3 × 100 til 125 amp.	22 000.00	900.00
3 × 125 til 200 amp.	35 000.00	1 200.00
3 × 200 til 350 amp.	70 000.00	1 500.00

Tenging um loftlínu skal vera 20% ódýrari en greint er í töflu II, sem miðast við jarðlínutengingar.

ÝMISLEGT

Rafveitunni er heimilt að áætla notkun notanda í samræmi við meðalnotkun hans og innheimta greiðslur samkvæmt þeirri áætlun.

Mælaleigur innheimtast um leið og greiðslur fyrir raforku.

Söluskattur er innifalinn í gjaldskránni svo og viðlagagjald. Söluskattur og viðlagagjald reiknast ekki af seldri raforku til húshitunar.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi

gjaldskrá fyrir Rafveitu Patrekshrepps nr. 201 18. júní 1968, ásamt síðari breytingum.

Iðnaðarráðuneytið, 13. desember 1973.

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.

20. desember 1973. Nr. 381.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 165 20. maí 1968 um bátaábyrgðarfélög.

1. gr.

3. og 4. málsgrein 31. greinar orðist svo:

Ef skip hefur staðið á landi eða verið lagt tryggilega fyrir festum á öruggum stað, sem félagið tekur gildan, og slík landstaða eða hafnarlega hefur varað að minnsta kosti einn mánuð samfleytt, skal endurgreiða hluta af iðgjaldi skipsins. Endurgreiðslan skal vera 0.20% af ársiðgjaldi skipsins fyrir hvern dag, ef skip hefur staðið á landi, en 0.15% af ársiðgjaldi á dag, ef það hefur legið í höfn. Hver mánuður reiknast 30 dagar og allt árið sem 360 dagar. Þrátt fyrir framangreindar reglur skal endurgreiðsla aldrei vera meiri en nemur mismun á ársiðgjaldi skips annars vegar og greiðslu Tryggingasjóðs fiskiskipa vegna iðgjalds skipsins á viðkomandi ári að viðbættum þeim hluta iðgjalds, sem skipseiganda ber að greiða sjálfum miðað við fullt úthald, hins vegar.

Hafi skip orðið fyrir alskaða, skal endurgreiða hluta af iðgjaldi þess til loka ársins með sama hætti eins og ef skipið hefði staðið á landi.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 41 28. apríl 1967, öðlast gildi 1. janúar 1974.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 20. desember 1973.

Magnús Kjartansson.

Páll Sigurðsson.

20. desember 1973. Nr. 382.

REGLUR

um grandara- og línuspil.

1. gr.

Grandaraspil.

Skuttogarar, sem smíðaðir eru eftir gildistöku þessara reglna, skulu búnir grandaraspilum eða öðrum búnaði jafngildum, sem kemur í veg fyrir slysahættu af toghlerum, sem hífðir eru í gálga.

Gildir þetta einnig um eldri skuttogara, þyki það sanngjarnt og heppilegt að mati siglingamálastjóra.

2. gr.

Öryggisbúnaður við línu- og netaspil.

Á ný fiskiskip, sem búin eru línuspili til línu og/eða netaveiða, skal settur sérstakur öryggisbúnaður, þannig að festist maður í spilinu komist hann ekki hjá að snerta arm, sem samstundist stöðvar það. Enn fremur skal stjórnloki slíkra spila vera þannig, að handfang lokans snýr annað hvort beint upp eða beint aftur, þegar hann er lokaður, enn fremur að ekki þurfi að snúa handfanginu nema 90° til hvorrar handar eftir því hvernig spilinu er ætlað að snúast hverju sinni.

Gildir þetta einnig um eldri skip, eftir því sem frekast er fært, og ávallt, ef endurnýjuð eru línuspil eða kerfi breytt.

Brot á reglum þessum varða sektum.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt lögum nr. 52 12. maí 1970, um eftirlit með skipum, staðfestast hér með til að öðlast þegar gildi, til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 20. desember 1973.

Björn Jónsson.

Kristinn Gunnarsson.

Nr. 383. 27. desember 1973.

REGLUGERÐ

um iðgjöld atvinnurekenda til lífeyrisdeildar almannatrygginga árið 1974.

Árið 1974 skulu iðgjöld atvinnurekenda samkvæmt 25. gr. laga nr. 67 1971 um almannatryggingar vera kr. 180.00 fyrir hverja tryggingaviku.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 67 20. apríl 1971, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 27. desember 1973.

Magnús Kjartansson.

Páll Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 7 22. janúar 1964 um iðgjöld til slysatrygginga samkvæmt 40. gr. laga nr. 40 1963 um almannatryggingar, sbr. reglugerð nr. 60 1969.

1. gr.

2. gr. orðist svo:
Vikugjöld í hverjum áhættuflokki skulu vera sem hér segir:

Áhættuflokkur	Iðgjöld kr. á viku
1.	14
2.	23
3.	47
4.	47
5.	56
6.	90
7.	130
8.	186
9.	251
10.	300

2. gr.

Í 3. málsgr. 4. gr. komi „3 700 krónur“ í stað „2 400 krónur“.

3. gr.

3. gr. orðist svo:
Fyrir ökumenn bifreiða skal vikugjald vera kr. 23.00 (2. áhættuflokkur).
Fyrir áhafnir flugvéla skal vikugjald vera kr. 186.00 (8. áhættuflokkur).

4. gr.

9. gr. orðist svo:
Fyrir áhafnir skipa skal vikugjald vera sem hér segir:
Áhafnir róðrabáta og vélbáta undir 12 lestum kr. 186.00 (8. áhættuflokkur). Þó skal iðgjald af trillubátum aldrei vera lægra en kr. 2 730.00.
Áhafnir flutningaskipa 100 lesta og stærri kr. 251.00 (9. áhættuflokkur).
Áhafnir flutningaskipa undir 100 lestum en ekki undir 12 lestum kr. 300.00 (10. áhættuflokkur).
Áhafnir fiskiskipa 12 lesta og stærri 300.00 kr. (10. áhættuflokkur).

5. gr.

10. gr. orðist svo:
Áhættuiðgjald vegna slökkviliðsmanna, sem ekki eru fastráðnir, skal vera kr. 27.00 fyrir hverja kvaðningu, hvort sem er við æfingu eða slökkvistarf.

6. gr.

11. gr. orðist svo:
Föst ársiðgjöld skulu vera sem hér segir:

Vegna heimilisdráttarvélar	kr.	740.00
— rafstöðvar	—	380.00
— súgþurrkunartækis	—	380.00
— heyblásara (saxblásara, heybyssu)	—	380.00
— bifhjóls	—	1 200.00
— reiðhjóls með hjálparvél	—	1 200.00

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 36. gr. laga nr. 67 1971 um almannatryggingar, til að gilda frá 1. janúar 1974. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 356 30. desember 1972 um breytingu á reglugerð nr. 7 22. janúar 1964 um iðgjald til slysatrygginga samkvæmt 40. gr. laga nr. 40 1963 um almannatryggingar, sbr. reglugerð nr. 60 1969.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 27. desember 1973.

Magnús Kjartansson.

Páll Sigurðsson.

Nr. 385. 27. desember 1973.

GJALDSKRÁ

yfir heimtaugargjöld hjá Rafveitu Akureyrar.

1. gr.

Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug er tengir húsveitu við veitukerfi Rafveitu Akureyrar, og skal það greitt við umsókn eða samtímis og greiðsla annarra byggingargjalda fer fram.

2. gr.

Heimtaugargjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur— Málraun		Stofngjald Jarðstr. kr.	Stofngjald Loftlína kr.	Lengdargjald[1] Jarðstr. kr./m	Lengdargjald[1] Loftlína kr./stólpi	Umframgjald[2] Loftlína kr./stólpi
25 A	1-fasa		3 500		Innifalið	8 000
25 A	3-fasa		5 000		—	9 000
63 A	1-fasa	26 000	5 000	Innifalið	—	9 000
63 A	3-fasa	29 000	6 000	—	—	10 000
100 A	3-fasa	35 000	7 000	—	—	12 000
200 A	3-fasa	20 000		1 500[2]		
315 A	3-fasa	60 000		2 000		
300 KVA	3-fasa	160 000		skv. kostn.		
500 KVA	3-fasa	270 000		—	—	
800 KVA	3-fasa	430 000		—	—	

3. gr.

Séu aðstæður óvenjulegar að því er snertir fjarlægð húsveitu frá veitukerfi, eða fyrirhugaða raforkunotkun húsveitunnar, skal heimtaugargjald ákveðið samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni.

4. gr.

Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekins notanda og hún að mestu leyti notuð í hans þágu, skal notandanum skylt að leggja til lóð undir stöðina, rafveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öll hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð lóðarinnar og setaðsetningu stöðvarinnar.

---

1) Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá næsta útitengiskáp eða rofa í spennistöð að stofnvarkassa eða stofntengikassa í húsveitu.

2) Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 m innan lóðarmarka í jarðstrengsheimtaug og fyrir hvern stólpa innan lóðarmarka í loftlínuheimtaug.

5. gr.

Þegar heimtaug er stækkuð eða henni breytt úr loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug, samkvæmt beiðni notanda, skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, samkvæmt gildandi gjaldskrá, þegar breytingin fer fram.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Akureyrar, staðfestist hér með samkv. vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 27. desember 1973.

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.

27. desember 1973. Nr. 386.

REGLUGERÐ

fyrir Hitaveitu Hvammstanga.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir í lögsagnarumdæmi Hvammstangahrepps.

2. gr.

Stjórn hitaveitunnar.

Hreppsnefnd Hvammstanga fer með stjórn hitaveitunnar. Hreppsnefnd er heimilt að skipa hitaveitustjóra, er annist daglegan rekstur hitaveitunnar, en hreppsnefnd skipar starfsmenn honum til aðstoðar, eftir því sem þörf krefur.

Þar til öðruvísi verður ákveðið, fer sveitarstjóri Hvammstanga með störf hitaveitustjóra.

3. gr.

Einkaleyfi hitaveitu.

Hitaveita Hvammstanga hefur einkaleyfi til dreifingar og sölu á heitu vatni innan lögsagnarumdæmisins.

Hreppsnefnd getur þó heimilað einstaklingum og félögum að annast dreifingu og sölu á tilteknum svæðum undir yfirstjórn hitaveitunnar.

4. gr.

Dreifikerfi.

Hreppsnefnd lætur leggja allt dreifikerfi hitaveitunnar utanhúss og inn fyrir húsvegg, enn fremur stofnleiðslu þaðan inn fyrir rennslishemil og telst dreifikerfi hitaveitunnar ná þangað, og vera eign hitaveitunnar.

5. gr.

Viðhaldsskylda.

Hitaveitan hefur viðhaldsskyldu á dreifikerfinu. Notanda er óheimilt að torvelda á nokkurn hátt aðgang til eftirlits og viðhalds á dreifikerfinu og má m. a. ekki hylja það innanhúss.

6. gr.

Þeim, sem á húseign við götu eða veg, þar sem dreifiæð hitaveitu liggur, er skylt að láta tengja hitakerfi hússins við hitaveituæðina.

Nú eru sérstakir erfiðleikar á tengingu húss eða tenging þykir af einhverjum ástæðum ekki ráðleg, og getur þá hreppsnefnd ákveðið, að húsið skuli ekki tengt við hitaveitukerfið.

7. gr.

Notandinn skal sjá um að leiða hitaveituvatnið frá hitakerfi sínu í frárennsli hússins. Óheimilt er að leiða það þannig heitara en 50°C til að hlífa holræsalögnum við miklum hitaspennum.

8. gr.

Varmanotkun.

Sú hitaorka, sem hitaveitan lætur í té, er ætluð til upphitunar húsa og almennra heimilisnota.

Nú kemur fram ósk um að nota hitaorku til annarra þarfa en greinir í 1. mgr. og þarf þá til þess heimild hreppsnefndar.

9. gr.

Hitaveitan ákveður hámark varmaafls til notenda. Henni er heimilt að minnka það eða loka fyrir um stundarsakir, telji hún það nauðsynlegt vegna viðgerða, tenginga eða annars.

10. gr.

Hitaveitunni er heimilt að nota aftur vatn, sem runnið hefur gegnum hitakerfi húss. Ef hitaveitan óskar ekki eftir að nota slíkt afrennslisvatn, getur hitaveitustjóri leyft notkun þess til upphitunar á geymslu, bílskúr, gróðurhúsi eða öðrum slíkum húsakynnum. Hitaveitustjóri getur þó jafnan afturkallað slík leyfi, ef hann telur hitaveituna þurfa á vatninu að halda.

11. gr.

Ábyrgð hitaveitu.

Hitaveitan ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, er leiða kann af rekstrartruflunum, er verða á henni vegna frosta, rafmagnsbilunar eða annarra óviðráðanlegra atvika.

Sama gildir, ef rennsli í æð er stöðvað um stundarsakir vegna viðgerðar og annars slíks. Hitaveitan er ekki heldur bótaskyld vegna tjóns á mönnum eða eignum frá hita, lögnum innanhúss, enda ber notanda að hafa öryggisventil á hitakerfi sínu.

12. gr.

Umsóknir.

Þeir, sem óska eftir að gerast notendur hitaveitunnar, skulu sækja skriflega um það til hreppsnefndar.

Enn fremur skal húseigandi, sem ætlar að leggja hitakerfi í hús sitt eða breyta eldra kerfi, senda umsókn um það til hitaveitustjóra. Umsókn skal rita á þar til gert eyðublað, sem hitaveitustjóri lætur í té, og skal hún undirrituð af húseiganda eða fullgildum umboðsmanni hans.

Umsókn skal fylgja uppdráttur í tveim eintökum af hitakerfi því, sem tengja skal hitaveitunni. Uppdrátturinn skal vera á blaði af íslenskri staðalstærð. Þegar hitaveitustjóri hefur samþykkt umsókn, skal hann árita bæði eintök uppdrátta. Annað varðveitir hann í skjalasafni hreppsins, en hitt afhendist umsækjanda. Samþykkt hitaveitustjóra fellir enga ábyrgð á hann varðandi hæfi hitakerfisins.

13 gr.

Eftirlit.

Eftirlitsmaður hitaveitu skal hafa frjálsan aðgang að hitalögnum bæði innanhúss og utan meðan á verki stendur. Engar hitalagnir má hylja fyrr en þær hafa verið viðurkenndar af eftirlitsmanni.

14 gr.

Viðurlög.

Brot á reglugerð þessari varðar sektum allt að kr. 50 000.00, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum. Með mál út af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Hvammstangahrepps, staðfestist hér með samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 27. desember 1973.

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.

27. desember 1973. Nr. 387.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Hvammstanga.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveita Hvammstanga selur afnot hitaorku úr hitaveitukerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð á Hvammstanga og til þeirra bæja, sem fá vatn frá aðfærsluæð, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari sbr. og reglugerð fyrir Hitaveitu Hvammstanga staðfestri 27. desember 1973.

2. gr.

Hitaveita Hvammstanga lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu ofnar hússins nægilega stórir að dómi hitaveitustjóra.

Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upphitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark, sem hemillinn er stilltur á.

Hitaveitan lætur húseigendum í té aukahemil, ef þess er óskað. Einnig selur hitaveitan vatn eftir magnmæli, ef notandi þarf meira vatn í skamman tíma utan mesta álagstíma. Hitaveitustjóri ákveður til hvaða aðila skuli selja vatn eftir magnmæli.

3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils þess, eru um getur í 2. gr. Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseiganda fyrsta árið, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðan verður hemilstillingu að jafnaði einungis breytt einu sinni á ári, og skal beiðni um breytingu komið á framfæri við hitaveituna fyrir 1. janúar ár hvert. Hámarksstilling hemils gildir allt árið, þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári.

II. KAFLI

4. gr.

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

a. Fastagjald, kr. 300.00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.
b. Vatnsgjald, kr. 600.00 á mánuði fyrir hvern mínútulítra á hámarksstillingu hemils. Á gjöld þessi leggst söluskattur og hliðstæðir skattar skv. gildandi lögum og reglum á hverjum tíma.

5. gr.

Vilji notandi fá meira rennsli í kranavatnslögnina, sem er á miðstöðvarkerfi, getur hann fengið sérskammtara á kranavatnslögn hjá hitaveitunni. Kranavatnsskammtarar í sambandi við aðalhemil eru af 4 gerðum og gefa þeir eftirfarandi rennslishlutföll milli miðstöðvarkerfis og kranavatnslagnar:

A	1.00/1.0
B	0.95/1.3
C	0.90/1.7
D	0.85/2.8

Vatnsskammtur notanda (gjaldskammtur) er í þessum tilvikum reiknaður 1.0.

6. gr.

Hitaveitugjöld skv. 4. gr. verða krafin annan hvern mánuð, og skulu þau greiðast til innheimtumanns eða innheimtustofnunar, sem hreppsnefnd ákveður. Gjalddagi er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 7 daga frá gjalddaga.

III. KAFLI

7. gr.

Heimæðagjald Hitaveitu Hvammstanga skal vera sem hér segir, fyrir eina heimæð:

a. Fyrir hús, sem höfðu olíu-, kola-, eða rafmagnskynditæki fyrir 1. október 1972.
Hús allt að 300 m³ að utanmáli kr. 28 000.00.
Hús 300—2000³ m að utanmáli kr. 28 000.00 fyrir 300 m³ og kr. 30.00 á hvern rúmmetra þar yfir.
Hús stærri en 2000 m³ að utanmáli kr. 78 000.00 fyrir 2000 m³ og kr. 24.00 á hvern rúmmetra þar yfir.
b. Fyrir önnur hús:
Hús allt að 300 m³ að utanmáli kr. 58 000.00.
Hús 300—2000 m³ að utanmáli kr. 58 000.00 fyrir 300 m³ og kr. 53.50 á hvern rúmmetra þar yfir.
Hús stærri en 2000 m³ að utanmáli kr. 150 000.00 fyrir 2000 m³ og kr. 42.80 á hvern rúmmetra þar yfir.
Stofngjald fyrir hvern aðrennslishemil umfram einn á sama inntaki er kr. 6 000.00.

8. gr.

Gjöld skv. 7. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 913 stig. Er hitaveitunefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísitölu verða.

9. gr.

Nú eru leyfð afnot hitaveitunnar til annars en húshitunar, svo sem heyþurrkunar eða ræktunar, og er þá hitaveitunefnd heimilt að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

10. gr.

Öll gjöld samkv. gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

11. gr.

Hitaveita Hvammstanga hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 3 daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem í vanskilum er, kr. 1 000.00 í hvert skipti.

12. gr.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Hvammstanga skal, hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Hvammstangahrepps, staðfestist hér með samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 27. desember 1973.

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.

27. desember 1973. Nr. 388.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir Hitaveitu Húsavíkur nr. 285 18. desember 1970, með síðari breytingum.

A-liður 4. gr. orðist þannig:

Fastagjald, kr. 250.00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.

B-liður 4. gr. orðist þannig:

Vatnsgjald, kr. 550.00 á mánuði fyrir hvern mínútulítra í hámarksstillingu hemils.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að taka gildi hinn 1. janúar 1974 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 27. desember 1973.

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.

28. desember 1973. Nr. 389.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Borgarness.

Í gjaldskrá þessari eru taxtar reiknaðir í gjaldstigum. Hvert gjaldstig (skammstafað g) jafngildir kr. 3.40 frá og með 1. janúar 1974, sbr. þó ákvæði í 5. kafla um breytingar á verðgildi gjaldstigs.

I. KAFLI
RAFMAGNSSALA

Rafveita Borgarness selur rafmagn á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

1. Orku- og afltaxtar.

11. Um mestaaflsmæli:

Fyrir hverja kWst.				0.3	g = kr.	1.00
— hvert árskílówatt				1 600	g = kr.	5 440.00
Fast árgjald:						
— grunngjald		1 600 g				
— mæligjald skv. 2. kafla	M 1 =	1 600 g	= 3 800	g = kr.		10 880.00

12. Um markaflsmæli:

Fyrir hverja kWst.						
— allrar notkunar				0.3	g = kr.	1.00
— í notkun umfram markstillingu				3	g = kr.	10.00
— hvert árskílówatt				1 600	g = kr.	5 440.00
Fast árgjald:						
— grunngjald		1 600 g				
— mæligjald skv. 2. kafla	M 2 =	1 200 g	= 2 800	g = kr.		9 520.00

2. Orkutaxtar.

21. Um kWst.-mæli:

Fyrir hverja kWst.				1	g = kr.	3.40
Fast árgjald:						
— grunngjald, reiknað skv. lið v. 21 ...			600 g/kW	kr./kW		2 040.00
— mæligjald, skv. 2. kafla	M 3 =	600		g = kr.		2 040.00

Lágmark 5 000 g/ári, sbr. skýringu v. 21.

22. Um kWst.-mæli:

Fyrir hverja kWst.			
— fyrstu notkunar, 1 200 kWst./ári eða minna	3	g = kr.	10.00
— notkunar umfram 1 200 kWst./ári ..	2	g = kr.	6 80
Fast árgjald: mæligjald skv. 2. kafla	600	g = kr.	2 040.00

3. Tímataxtar.

31. Um kWst.-mæli til hitunar:

31.1 Án rofs	0.64	g = kr.	2.18
31.2 Með allt að 1½ klst. rofi á sólarhring	0.36	g = kr.	1.22
31.3 Með allt að 2½ klst. rofi á sólarhring	0.34	g = kr.	1.16
31.4 Með allt að 4½ klst. rofi á sólarhring	0.27	g = kr.	0.92
31.5 Með allt að 14½ klst. rofi á sólarhring	0.19	g = kr.	0.65

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar skv. lið v. 31.

Taxtar 31.1—5 eru án söluskatts, en hann innheimtist ekki af rafmagni til hús-hitunar.

Aðrir tímataxtar, er til greina kunna að koma, falla undir 4. lið.

4. Sérákvæði um rafmagnssölu.

Þegar sérstaklega stendur á, er rafveitustjóra heimilt, að tilskildu samþykki rafveitunefndar, að selja rafmagn eftir sérstökum samningi í hvert skipti, þó eigi lengur en til tveggja ára í senn. Undir þennan lið fellur raforka til götu- og hafnarlýsingar, með lágmarksgjaldi 1.3 g fyrir hverja kWst.

Önnur ákvæði og skýringar vegna einstakra taxta.

v. 11: Aflnotkun mælist sem meðalálag í 15 mínútur.
v. 12: Lágmarksstilling markafls er 5 kW.
v. 21: Grunngjald reiknast þannig:
a) vegna rafvéla fyrir föst vinnutæki:
af ástimpluðu rafafli, samanlagt reiknað í heilum kW.
b) vegna lýsingar o. fl.:
miðað við 0.05 kW á hvern m² gólfflatar í rými því, sem lýsa skal. Samanlagt flatarmál skal reiknað í heilum fermetrum utanmáls rýmisins.
c) vegna rafmagns til heimila:
í stað gólfflatargjalds skv. b-lið, má reikna með 0.3 kW á hvert herbergi, sem ætlað er til íbúðar, og eldhús. Herbergi stærra en 25 m² reiknast sem tvö.
Lágmarksgjald taxta 21 (kWst.-gjald + fast árgjald) er 5 000 gjaldstig á ári. Í stað taxta 21 má velja taxta 22, ef hagkvæmara þykir.
v. 31: Skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:
a) að raforka sé aflögu vegna almennrar notkunar (forgangsnotkunar), að dómi rafveitustjóra,
b) að vélaafl, spennar og línur þoli álagið, að dómi rafveitustjóra,
c) að straumur sé rofinn á tilskildum tíma með sjálfvirkum rofa, og kosti notandinn tengingu rofans og greiði leigu af honum skv. 2. kafla gjaldskrár,
d) að tæki, lagnir og allur búnaður í sambandi við rafhitunina sé samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar og settum reglum, m. a. ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir,
e) að notkun um mæli hitalagnarinnar sé minnst 6 000 kWst./ári.
v. 1—4, almennt:
a) Ef fasviksstuðull hjá notanda er lægri en 0.85 getur rafveitan krafist þess, að notandinn geri ráðstafanir til að hækka stuðulinn á sinn kostnað upp í það gildi, en greiði að öðrum kosti hærra verð fyrir raforkuna.
b) Rafveitustjóri getur bannað notkun rafsuðuspenna eða takmarkað notkun þeirra á tilteknum tímum, ef nauðsyn krefur að hans dómi vegna truflana eða annarra annmarka af völdum þeirra.
c) Hitunartaxtar 31 standi jafnan á heilum eyri, en allir aðrir taxtar reiknist í hálfum eða heilum tug aura.

II. KAFLI
MÆLIGJÖLD OG ROFAGJÖLD

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mæla, rofa og stýritækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða eftirfarandi árgjöld:

1. Af mælum, þ. e.:

— mestaaflsmælum	M 1	= 1 600	gjaldstig
— markaflsmælum	M 2	= 1 200	—
— kWst.-mælum	M 3	= 600	—

2. Af rofum, þ. e.:

— klukkurofum 80 A og stærri	R 1	= 800	—
— klukkurofum minni en 80 A, og fjarstýritækjum	R 2	= 600	—

Af öðrum mælum og rofum en þeim, sem nefndir eru hér að framan, skal árgjaldið vera sem næst 20% af verði tækisins.

III. KAFLI
TENGIGJÖLD

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtaugar eða spennistöðvar fyrir húsveitu. Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða tengigjald sem hér segir:

1	2		3		4	
	Málstraumur stofnvara í		Flutningsgeta skv. stærð stofnvara eða spennis		Tengigjöld skv. jöfnu g = 1500 + 150 × kVA	
Gjaldskrárliður	220 V kerfi A	380 V kerfi A		kVA	Gjaldstig g	Tengigjald kr.
T 1	2 × 60	1 × 60	0.22 × 60 =	13	3 400	11 560.00
T 2	3 × 60	2 × 60	0.38 × 60 =	22	4 800	16 320.00
T 3	3 × 100	3 × 60	0.38 × 100 =	38	7 200	24 480.00
T 4		3 × 100	0.66 × 100 =	66	11 400	38 760.00
T 5	3 × 200		0.38 × 200 =	76	12 900	43 860.00
T 6	3 × 350	3 × 200	0.66 × 200 =	132	21 300	72 420.00
T 7		3 × 350	0.66 × 350 =	231	36 100	122 740.00
T 8				300	41 500	141 100.00
T 9				500	76 500	260 100.00

Fyrir aðrar stærðir stofnvara eða spenna en hér er talið skal reikna tengigjald eftir sömu jöfnum og að ofan, sbr. 3. og 4. dálk.

Önnur ákvæði.

a) Um heimtaugar:

Tengigjaldið miðast við allt að 15 metra jarðstrengsheimtaug eða allt að 30 metra loftlínuheimtaug. Lengd heimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu, stystu greiðfæra leið að varkassa eða töflu.

Yfirlengdargjald jarðstrengs reiknast á hvern metra umfram fyrstu 15 metrana, þannig:

$$Y\ (J) = (200 + 3 \times kVA)$$ gjaldstig á metra.

Yfirlengdargjald loftlínu reiknast á hvern metra umfram fyrstu 30 metrana, þannig:

$$Y\ (L) = (40 + 2 \times kVA)$$ gjaldstig á metra,

að viðbættum 2 000 gjaldstigum á hvern stólpa í umframlínu.

b) Um spennistöðvar:

Tengigjald skal reikna eftir stærð spennis, þegar spennistöð er byggð að mestu eða öllu leyti í þágu eins notanda. Skal notandi þá leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir, að dómi rafveitustjóra, vegna staðsetningar stöðvarinnar. Húsnæðið skal fullnægja að öllu leyti settum skilyrðum um gerð spennistöðvarhúsa. Þegar lóð er lögð til, er það gert rafveitunni að kostnaðarlausu, en kostnaður notanda við gerð húsnæðis fyrir spennistöðina kemur til frádráttar tengigjaldi skv. þessari gjaldskrá, þó aldrei meiri frádráttur en tengigjaldinu nemur.

c) Almennt:

Þessi gjaldskrá tengigjalds gildir í skipulögðum hverfum, en í óskipulögðum hverfum skal greiða tengigjald eftir kostnaðarreikningi heimtaugar eða spennistöðvar. Tengigjald fellur í gjalddaga, þegar sótt er um heimtaug eða spennistöð. Fyrir bráðabirgðaheimtaug skal greiða sem svarar 1 500 gjaldstigum eða eftir reikningi, ef um verulega hærri kostnað er að ræða.

IV. KAFLI
OPNUNARGJÖLD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun, kr. 300.00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki opnuð fyrr en notandinn hefur greitt kr. 300.00 gjald á skrifstofu rafveitunnar.

V. KAFLI
VERÐGILDI

1. Verðgildi gjaldstigs í þessari gjaldskrá er kr. 3.40 frá og með 1. janúar 1974.
2. Rafveitunni er heimilt að breyta verðgildi gjaldstigs til samræmis við breytingar á reksturskostnaði rafveitunnar. Skal þá reiknað eftir hlutfallsgrundvelli, sem fæst úr síðasta ársreikningi rafveitunnar, enda sé grundvöllurinn samþykktur af rafveitunefnd og hreppsnefnd.

Hlutdeild kostnaðarliða í verðgildinu 3.40 er þannig, reiknað í aurum og %.

	aurar	%
Raforkukaup (orkukostnaður + verðjöfnunargjald)	210.4	61.9
Laun	56.1	16.5
Rafveitukerfi (efni o. fl.)	34.1	10.0
Ýmiss kostnaður (opinber gjöld, skrifstofukostnaður o. fl.)	39.4	11.6
Vísitala reksturskostnaður, samtals aurar og %	340	100

Gjaldskrárbreytingu má gera, ef kostnaðarvísitalan hefur hækkað eða lækkað um 5% eða meira. — Skal þá að jafnaði miða við 1. janúar eða 1. júlí.

Fyrirhugaðar gjaldskrárbreytingar skulu tilkynntar Iðnaðarráðuneytinu áður en þær taka gildi, og skulu þær auglýstar með nægum fyrirvara.

Verðgildi gjaldstigs reiknast í hálfum eða heilum tug aura.

Ef hækkun fer upp fyrir 20% frá síðustu staðfestri gjaldskrá, skal leita staðfestingar ráðherra á nýrri gjaldskrá.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923. og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Borgarness nr. 175 18. maí 1973.

Iðnaðarráðuneytið, 28. desember 1973.

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.

28. desember 1973. Nr. 390.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á grundvallarverði á óverkuðum saltfiski og söltuðum ufsaflökum fyrir framleiðslutímabilið frá 1. október til 31. desember 1973.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögu stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftir-

farandi grundvallarverð á óverkuðum saltfiski og söltuðum ufsaflökum fyrir framleiðslutímabilið frá 1. október til 31. desember 1973.

Óverkaður saltfiskur:

Stórfiskur nr. 1	kr. 111.00
Millifiskur nr. 1	— 107.00
Smáfiskur 40/60 nr. 1	— 103.00
Smáfiskur 60/100 nr. 1	— 89.00

Verð á öðrum gæðaflokkum er ákveðið í hlutföllum söluverða.

Verð þessi eru f.o.b. Verðbil verður 2.5% er miðist bæði við verðhækkun og verðlækkun. Greiðslur í sjóðinn eða úr honum miðast við 50% verðbreytingu að viðbættu eða frádregnu verðbili.

Söltuð ufsaflök:

15/20	kr. 108.00
21/25	— 104.00
26/30	— 100.00
31/35	— 96.00
36/40	— 92.00

Verð þessi eru c.i.f. Verðbil verður 3% og gildir bæði við verðhækkun og verðlækkun. Greiðslur í sjóðinn eða úr honum miðast við 50% verðbreytingu að viðbættu eða frádregnu verðbili.

Sjávarútvegsráðuneytið, 28. desember 1973.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Gylfi Þórðarson.

Nr. 391. 31. desember 1973.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Húsavíkur.

I. RAFORKA

Rafveita Húsavíkur selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

11. Um kWst.-mæli á kr. 15.25 á hverja kWst.
12. Um kWst.-mæli á kr. 6.45 á hverja kWst. auk fastagjalds af gólffleti í rúmi því, er lýsa skal.

Fastagjald reiknast þannig:

a) Fyrir verslanir, vinnustofur og skrifstofur kr. 5.10 á ferm. á mánuði.
b) Fyrir geymslur, verðbúðir o. þ. h. kr. 2.60 á ferm. á mánuði.

B. Almenn heimilisnotkun.

21. Um kWst.-mæli kr. 3.75 á hverja kWst. auk fastagjalds er nemi kr. 28.00 á mánuði af hverju herbergi.

Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll herbergi, sem ætluð eru sem íveruherbergi, hol og eldhús, en ekki baðherbergi ganga eða geymslur. Herbergi, sem er minna en 5 ferm. telst sem hálft, en stærra en 25 ferm. sem tvö.

C. Vélanotkun.

31. Um einn kWst.-mæli þannig: Á kr. 10.50 hverja kWst. ársnotkun.
32. Til matvælaiðnaðar, ef uppsett vélarafl fasttengdra véla er yfir 10 kW:
    a) Kr. 3.05 hver kWst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 1½ klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar.
    b) Kr. 4.30 hver kWst., án skilyrðis um lokun fyrir straum.
    c) Um afl- og orkumæla (mestaaflsmæla) þannig reiknað:
    Aflgjald af notuðu afli kr. 4 210.00 á kW á ári.
    Orkugjald af allri orkunotkun kr. 1.46 á kWst.
    d) Ef ekki eru tök á að mæla notað afl, má selja þannig:
    Um kWst.-mæli á kr. 1.46 hverja kWst., auk fastagjalds, kr. 3 325.00 á ári fyrir hvert kW í málraun véla.

D. Hitun.

41. Til húshitunar um kWst.-mæli kr. 2.10 hver kWst.
42. Til húshitunar um kWst.-mæli kr. 1.10 hver kWst., enda megi rjúfa strauminn
43. Til húshitunar um kWst.-mæli kr. 1.00 hver kWst., enda megi rjúfa strauminn síðdegis.
    í allt að 4½ klst. á tíma mesta álags rafveitunnar um hádegi og síðdegis.
44. Til fasttengdra bökunarofna og gufukatla í brauðgerðarhúsum, um tvígjaldsmæli kr. 1.27 hver kWst. á tímanum frá kl. 22 til 08, og kr. 3.57 hver kWst. á tímanum frá kl. 08 til kl. 22.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar.

A. Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
B. Að notendur setji sjálfvirka rofa fyrir hitalagnir og kosti viðhald þeirra.
C. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð eftir fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofa og hitastillar notaðir.

E. Önnur raforkunotkun.

1. Til vinnulagna við byggingu meðan á byggingu stendur, um kWst.-mæli kr. 5.15 hver kWst.
2. Til götu- og hafnarlýsingar kr. 1 737.00 á ári hvert ljósker, enda kosti rafveitan nýbyggingar, rekstur og viðhald ljósakerfisins.

Alla raforkunotkun, sem ótalin er og ekki kemur undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A-1.

Þegar sérstaklega stendur á, er rafveitustjóra þó heimilt að selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert skipti, þó eigi lengur en til eins árs í senn.

II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notanda.

Greiða skal leigu af mælitækjum, sem hér segir:

1.	Af einfasamælum 50 amp. og minni	kr.	27.00 á mán.
2.	Af þrífasamælum 50 amp. og minni	—	36.00 – —
3.	Af þrífasamælum 50—100 amp.	—	52.00 – —
4.	Af mestaaflsmælum 100 amp. og minni	—	106.00 – —
5.	Af mestaaflsmælum stærri en 100 amp.	—	210.00 – —

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru, skal ársleiga vera sem næst 15% af verði mælitækja.

Leigan innheimtist um leið og gjald fyrir raforku.

III. HEIMTAUGARGJÖLD

Heimtaugargjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

	Stofngjald kr.	Lengdargjald kr./m
1. 60 A 1-fasa	2 050.00	875.00
2. 60 A 3-fasa	2 050.00	1 060.00
3. 100 A 3-fasa	6 100.00	1 200.00
4. 200 A 3-fasa	20 900.00	1 825.00

Lengd heimtaugar reiknast í heilum metrum frá lóðarmörkum eða næsta útitengikassa að stofntengikassa hússins. Rafveitan ákveður legu heimtaugar.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum svæðum í Húsavík. Sé um óskipulögð svæði að ræða eða aðstæður óvenjulegar er heimilt að krefjast aukagjalds af húseiganda.

Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna ákveðins notanda og hún að mestu leyti í hans þágu, skal notandanum skylt að leggja til húsnæði undir stöðina, rafveitunni að kostnaðarlausu.

Heimtaugar í peningshús, beitinga- og bílskúra greiðist eftir reikningi. Heimtaugargjald greiðist við umsókn.

IV. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald skv. gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 250.00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað og verður hún ekki opnuð fyrr en notandinn hefur greitt kr. 250.00 gjald á skrifstofu rafveitunnar.

Söluskattur og viðlagagjald er innifalið í gjaldskránni. Söluskattur og viðlagagjald reiknast ekki af húshitun.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Húsavíkur nr. 109 29. mars 1973.

Iðnaðarráðuneytið, 31. desember 1973.

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.

Nr. 392. 31. desember 1973.

AUGLÝSING

um innflutningskvóta.

Með skírskotun til 3. gr. reglugerðar nr. 79 27. maí 1960, um skipan gjaldeyris- og innflutningsmála o. fl., hefur ríkisstjórnin í samráði við Seðlabankann ákveðið eftirfarandi innflutningskvóta fyrir árið 1974:

Tollskrárnr.	Vörutegund	Innflutningskvóti 1974
09.01.11	Brennt kaffi í smásöluumbúðum 2 kg eða minna	kr. 7 000 000
17.04.01	Lakkrís, sykraður og lakkrísvörur.	
17.04.03	Brjóstsykur, sælgætistöflur og pastillur.	

Tollskrárnr.	Vörutegund	Innflutningskvóti 1974
17.04.04	Tyggigúmmí, húðað með sykri og óhúðað.	
17.04.05	Karamellur.	
17.04.09	Aðrar sykurvörur, sem kakaó er ekki í.	
18.06.09	Súkkulaði og aðrar neysluvörur, sem í er kakaó	kr. 65 000 000
22.03.00	Öl gert úr malti, sem inniheldur 2¼% af vínanda að rúmmáli eða minna	— 8 000 000
25.23.00	Portlandssement, alumínatsement, slaggsement og annað hydroliskt sement, einnig litað eða sem sementsgjall	20 000 tonn
úr 85 01.09	Spennar, þó ekki rafsuðuspennar	— 15 000 000
94.01.09	Stólar og önnur sæti (þar með taldir svefnsófar o. þ. h.) og hlutar til þeirra, þó ekki sæti, er teljast til nr. 94.02 eða sæti í farartæki.	
94.03.09	Önnur húsgögn og hlutar til þeirra.	
94.04.00	Rúmbotnar, dýnur, púðar og þess háttar, stoppaður húsbúnaður með fjöðrum eða bólstraður eða hið innra úr hvers konar efni eða úr blásnu gúmmíi, frauð- og svampgúmmíi, eða úr blásnu plasti, frauð- eða svampplasti, einnig með yfirklæði (t. d. dýnur, stungnar ábreiður, sængur, æðardúnssængur, sessur, púðar og koddar)	— 75 000 000
96.01.00	Sópar og burstar úr hrísi og öðrum jurtaefnum, aðeins samanbundið, en ekki fest á haus, með eða án skafts.	
úr 96.02.01	Aðrir sópar, penslar og burstar, þó ekki gúmmí-	
úr 96.02.09	þurrkur á skafti, skaftþvögur o. þ. h., ót. a.	— 5 000 000

Fyrsta úthlutun innflutningsleyfa fyrir þessum vörum fer fram í febrúar n. k. Umsóknir skulu hafa borist Landsbanka Íslands eða Útvegsbanka Íslands fyrir 1. febrúar 1974.

Viðskiptaráðuneytið, 31. desember 1973.

Lúðvík Jósepsson.

Björgvin Guðmundsson.

AUGLÝSING

um fólkvang og friðland á Hólmanesi.

Náttúruverndarráð hefur tjáð ráðuneytinu, að engar athugasemdir hafi borist vegna fyrirhugaðrar friðlýsingar fólkvangs og friðlands á Hólmanesi, sbr. auglýsingu í 40. tbl. Lögbirtingablaðs 30. maí 1973, og hefur ráðið samþykkt friðlýsinguna fyrir sitt leyti.

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni, og með skírskotun til laga nr. 47/1971, um náttúruvernd, tekur friðlýsingin gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum. Reglur um friðlýsingu þessa eru í meðfylgjandi fylgiskjali.

Í menntamálaráðuneytinu, 12. desember 1973.

Magnús T. Ólafsson.

Knútur Hallsson.

Fylgiskjal.

Auglýsing frá Náttúruverndarráði.

Að tillögu sveitarstjórnar Eskifjarðarhrepps hefur Náttúruverndarráð ákveðið á fundi sínum 7. maí 1973 að friðlýsa Hólmanes og hluta Hólmaháls í Eskifjarðar- og Reyðarfjarðarhreppi. Er eignarhluti Eskifjarðarhrepps fólkvangur samkvæmt 26. grein laga nr. 47/1971 um náttúruvernd, en eignarhluti ríkisins í Reyðarfjarðarhreppi friðland samkvæmt 24. grein sömu laga.

Mörk svæðisins eru þessi:

Hið efra um Langhamra ofan núverandi þjóðvegar. Eskifjarðarmegin liggja þau úr enda Langhamra í hreppamörk rétt vestan Völvuleiðis og þaðan niður eftir melrinda stystu leið til sjávar utan við ytri Bólklettseyri. Reyðarfjarðarmegin eru mörkin frá innri enda Langhamra utan Illukeldu þvert á þjóðveg niður í beitargirðingu Hólmajarðar og fylgja henni til sjávar við Hörganes. Hólmarnir í landi Hólmajarðar fylgja hinu friðlýsta svæði svo og grynningar og flesjar við ströndina innan marka þess.

Samræmdar reglur, sem gilda um allt svæðið eru þessar:

1. Gangandi fólki er frjáls umferð, enda virði það almennar umgengnisreglur og varist að skerða gróður og valda óþarfri truflun á dýralífi. Meðferð skotvopna er óheimil á svæðinu. Æðarvarp verði nytjað og njóti verndar á hefðbundinn hátt.
2. Mannvirkjagerð er óheimil á svæðinu og allt jarðrask er þar bannað utan eðlilegt viðhald þjóðvegar, enda fylgi því ekki efnistaka á svæðinu sjálfu. Vélknúnum tækjum má aðeins aka eftir þjóðvegi.
3. Sauðfjárbeit verður látin óátalin á svæðinu fyrst um sinn, enda verði ekki um aukningu beitar að ræða frá því sem tíðkast hefur síðustu ár. Verði breyting á og svæðið girt og friðað fyrir beit skal ákvörðun þar að lútandi tilkynnt ábúanda á Hólmum með tveggja ára fyrirvara.
4. Undanþágur frá reglum þessum eru háðar samþykki Náttúruverndarráðs.


HÓLMANES
ÓFEIGSFJALL
Veturhús
Bleiksá
Eskifjörður
Byggðarholt
Grjótá
Hólmaströnd
Eskifjörður
985 Hólmatindur
Svínaskáli
Ytri-Bólklettseyri
Ráðar
Völvuleiði
Baulhús
Fólkvangur
Friðland
Langhamrar
Hólmaháls
Hólmaborgir
114
Hólmanes
Leiðar-
höfði
Flateyri
Hólmar
Hörganes
Stórhólmi
Reyðarfjörður
Hjálmeyri
1:50.000
0
1
2
Biskupshöfði

Umsjón með svæðinu er í höndum þriggja manna. Skulu sveitarstjórnir Eskifjarðar- og Reyðarfjarðarhrepps tilnefna einn mann hvor, en Náttúruverndarráð hinn þriðja og er hann formaður. Starfstími nefndarinnar er milli sveitarstjórnarkosninga. Kostnaður, sem leiðir af stofnun og rekstri hins friðlýsta svæðis, greiðist að jöfnu af ríki og Eskifjarðarhreppi.

Fyrir hönd Náttúruverndarráðs,

Eysteinn Jónsson, formaður — Árni Reynisson, framkv.stj.

Nr. 394. 14. desember 1973.

REGLUGERÐ

fyrir Vatnsveitu Kjalarneshrepps.

1. gr.

Vatnsveitan er eign Kjalarneshrepps, og fer hreppsnefndin með stjórn hennar og reikningsald. Reikningsár hennar er almanaksárið og skulu reikningar lagðir fram ásamt hreppsreikningum.

2. gr.

Tilgangur vatnsveitunnar er fyrst og fremst sá, að sjá Klébergshverfi, Hofshverfi, Arnarholti og nærliggjandi býlum þessara staða fyrir nægilegu og góðu vatni. Enn fremur er stærð aðalæðar miðuð við það að geta fullnægt vatnsþörf væntanlegs þéttbýlis í Grundarlandi.

3. gr.

Skylt er hverjum manni að láta af hendi land og landsafnot í þarfir vatnsveitunnar, svo og mannvirki, og þola þær eignarkvaðir, óhagræði og takmarkanir á afnotarétti, sem vatnsveitan kann að hafa í för með sér, enda komi fullar bætur samkvæmt mati, ef ekki næst samkomulag.

4. gr.

Hreppsnefnd sér um frágang vatnsbóls og lagningu stofnæða. Hreppsnefndinni er heimilt að ráða umsjónarmann, er hafi eftirlit með vatnsveitukerfinu og innheimtu á gjöldum, samkvæmt erindisbréfi, er hreppsnefndin setur honum.

5. gr.

Sá, sem óskar að tengja hús sitt við stofnæð, skal senda um það skriflega umsókn til hreppsnefndar. Umsókninni skal fylgja teikning af lögn heimæðar, ásamt áætlun um vatnsþörf, undirrituð af pípulagningameistara eða öðrum þeim, sem hreppsnefnd viðurkennir.

6. gr.

Húseigandi skal sjá um og bera allan kostnað af lögn, tengingu og viðhaldi heimæðar. Þó getur hreppsnefnd ákveðið, að heimæðar skuli lagðar af vatnsveitu á kostnað húseiganda. Ákveði hreppsnefnd það, skal vatnsmælir settur upp á kostnað húseiganda.

7. gr.

Innrennslisloki og renniloki skulu vera á hverri heimæð. Lagnir má ekki hylja fyrr en fulltrúi hreppsnefndar hefur skoðað þær og samþykkt. Ekki er heimilt að

tengja við vatnsveituna nýbyggingar og vélar aðrar en venjulegar heimilisvélar, nema með sérstöku leyfi hreppsnefndar.

8. gr.

Áður en tenging fer fram, skal húseigandi greiða stofngjald til vatnsveitunnar. Skal það miðast við rúmmál húss hans að utanmáli. Er gjaldið kr. 10.00 á hvern rúmmetra, en þó aldrei lægra en kr. 8 000.00.

9. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að leggja vatnsskatt á allar húseignir, sem tengdar eru vatnsveitunni, til þess að standa straum af kostnaði hennar og viðhaldi. Árlegur vatnsskattur skal reiknast af heildarmati hverrar fasteignar. Skal hann vera 0.20% af framangreindu mati. Er gjald þetta miðað við þá notkun, sem leiðir af venjulegu heimilishaldi og venjulegum landbúnaði. Lágmarksgjald skal vera kr. 2 000.00. Gjalddagi skal vera hinn sami og fasteignaskatts.

10. gr.

Fyrir aðra vatnsnotkun skal leggja á aukavatnsskatt. Aukavatnsskatt skal að jafnaði greiða samkvæmt mældri notkun, ef ekki, þá ákveður hreppsnefnd skattinn samkvæmt áætlaðri notkun. Aukavatnsskattur skal vera kr. 4.00 á hvern rúmmetra vatns. Gjalddagi aukavatnsskatts er í lok hvers ársfjórðungs.

Gjöld skv. 8. og 10. gr. eru miðuð við byggingarvísitölu 853 stig, og breytast einu sinni á ári til samræmis við byggingarvísitöluna, eins og hún er í árslok hverju sinni. Hækkanir samkvæmt 8. og 10. gr. mega þó ekki vera meiri en 50% án staðfestingar ráðuneytis, sbr. 16. gr.

11. gr.

Hreppsnefnd eða umboðsmanni hennar er heimilt að fara um hús og lóðir vatnsnotenda til þess að athuga vatnslagnir. Loka má heimæðum þeirra, sem vanrækja að gera við bilanir á leiðslum eða tækjum, eyða vatni að óþörfu, eða greiða ekki vatnsskatt á réttum gjalddaga.

12. gr.

Vatnsveitan ber ekki ábyrgð á truflunum, sem kunna að verða vegna bilana, viðgerða eða af ástæðum, svo sem t. d. eldsvoða. En sé þess kostur, þá skal vatnsveitan tilkynna, ef vatnslaust verður vegna viðgerða. Vatnsveitan getur skammtað vatn, ef nauðsyn ber til.

13 gr.

Vatnsveitan lætur setja upp brunahana þar, sem þurfa þykir. Engum nema slökkviliðsmönnum og lögreglumönnum er heimilt að taka vatn úr brunahönum, nema með samþykki hreppsnefndar.

14 gr.

Vatnsveitunni skal heimilt að fara inn á heimæðar til tengingar fleiri húsa, sé flutningsgeta heimtaugarinnar nægjanleg.

15. gr.

Hreppsnefnd getur sett nánari reglur um framkvæmd þessara mála. Enn fremur getur hún veitt undanþágur frá reglugerðinni, ef gildar ástæður þykja til þess.

16. gr.

Framantalin gjöld þau, sem miðuð eru við fasteignamat, breytast í samræmi við það á hverjum tíma. Hreppsnefnd getur hækkað eða lækkað um allt að 50% fram-

antalin gjöld, öll þeirra eða hvert um sig, án þess að leita þurfi staðfestingar ráðuneytis.

17. gr.

Vatnsskatt má taka með lögtaki, og er hann tryggður með lögveðrétti í eigninni næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

18. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 10 000.00, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum. Mál út af brotum á þessari reglugerð skal farið með að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem hreppsnefnd Kjalarneshrepps hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 14. desember 1973.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

Nr. 395. 14. desember 1973.

REGLUGERÐ

um holræsi fyrir Bolungarvík.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir fyrir Bolungarvík.

2. gr.

Hreppsnefnd Hólshrepps tekur ákvörðun um lagningu holræsa, aðalæða og götuæða. Sveitarstjóri eða annar í umboði hans, hefur fulla umsjón með og sér um daglegan rekstur á holræsakerfi hreppsins.

3. gr.

Þegar holræsi hefur verið lagt í götu, veg eða opið svæði, er hverjum húseiganda, sem þar á húseign að, skylt að leggja á sinn kostnað ræsi frá húsinu, er flytji skólp frá því út í aðalræsið. Regnvatn af húsi eða lóð skal einnig, að svo miklu leyti sem unnt er, leitt í húsræsið.

4. gr.

Áður en húseigandi byrjar að leggja holræsi, eða gera breytingar eða viðbætur við eldra holræsi, sem tengjast á holræsakerfi hreppsins, ber honum með nægum fyrirvara að fá til þess skriflegt leyfi byggingarnefndar.

5. gr.

Með umsókn húseiganda skal fylgja uppdráttur af nýlögnum eða breytingum á eldri lögnum. Uppdráttur þessi skal gerður af þar til hæfum manni, er hlotið hefur til þess löggildingu byggingarnefndar. Uppdrátturinn skal undirritaður af þessum tæknimanni, sem ber fulla ábyrgð á, að hann sé í samræmi við reglugerð þessa og brjóti hvergi í bága við byggingarsamþykkt, brunamála- og heilbrigðissamþykkt, né aðrar reglur, sem í gildi eru og settar kunna að verða.

6. gr.

Uppdráttum skal skila í tvíriti. Skulu þeir sýna í góðum mælikvarða allar lagnir, innan húss og utan, legu, halla, stærð og annað því viðkomandi. Auk þess skal fylgja málsett afstöðumynd (1 : 500), er sýnir tengingu húslagna við holræsakerfi hreppsins. Byggingarfulltrúi getur krafist frekari upplýsinga, telji hann þess þörf.

7. gr.

Þegar uppdráttur hefur hlotið samþykki byggingarnefndar skal stimpla og árita bæði eintök og skal annað eintakið geymt í skjalasafni byggingarnefndar.

8. gr.

Aðeins pípulagningameistara eða öðrum, sem byggingarnefnd hefur samþykkt, skal heimilt að leggja holræsalagnir, og skal hann bera fulla ábyrgð á, að verkið sé framkvæmt í samræmi við samþykktan uppdrátt.

9. gr.

Ef pípulagningameistari eða starfsmenn, sem hann ber ábyrgð á, brjóta í bága við reglugerð þessa, getur byggingarnefnd veitt honum áminningu. Sé um ítrekuð brot að ræða, eða sakir miklar, getur sveitarstjórn svipt hann löggildingu um lengri eða skemmri tíma.

10. gr.

Pípulagningameistari sá, sem verkið á að vinna, ritar nafn sitt á bæði eintök samþykkts uppdráttar, áður en verkið hefst. Uppdráttur fellur úr gildi eftir eitt ár, sé þá ekki farið að vinna eftir honum.

11. gr.

Með samþykkt uppdráttar er engin ábyrgð tekin á því, að unnt sé að leggja holræsi samkvæmt honum, vegna lagna eða annarra mannvirkja, er kunna að vera fyrir.

12. gr.

Við allar framkvæmdir er húseiganda skylt að hlýða í einu og öllu fyrirmælum byggingarfulltrúa eða umboðsmanns hans, í öllu því er að tilhögun og lagningu ræsanna lýtur. Húseiganda, eða þeim er ábyrgð ber á verkinu, er skylt að láta byggingarfulltrúa vita með nægum fyrirvara, svo eðlilegu eftirliti með verkinu verði við komið, áður en hulið er. Eftirlit byggingarfulltrúa eða umboðsmanns hans rýrir á engan hátt ábyrgð pípulagningameistara, sbr. 8. grein.

13 gr.

Allt efni, sem notað er til holræsagerðar, skal standast þær kröfur, sem til slíks eru gerðar í byggingarsamþykkt fyrir Bolungarvík, en auk þess getur byggingarnefnd sett reglur um holræsaefni, og gert kröfur um sérstaka hreinsibrunna á holræsakerfi húseigenda, þar sem ástæða þykir til.

14 gr.

Bannað er að láta renna í holræsakerfið sýrur, sterkan lút, olíur, kvikasilfur eða önnur efni, sem geta valdið skemmdum á holræsakerfinu eða varanlegri mengun.

15. gr.

Kostnaður við aðalholræsakerfið greiðist úr sveitarsjóði. Til að standast þann kostnað, er húseigendum, sem hús eiga við veg, götu eða opið svæði, þar sem holræsi er lagt í, skylt að greiða árlega holræsagjald til sveitarsjóðs, sem nemur 0.20% af hinu opinbera fasteignamati húss og lóðar, eins og það er reiknað á hverjum

tíma, þó aldrei minna en kr. 1 200.00 af húsi eða hluta af húsi, sem talinn er sér í fasteignamati. Undanþága frá greiðslu hins almenna fasteignaskatts skapar ekki undanþágu frá greiðslu holræsagjalds.

16. gr.

Fyrir tengingu við aðalholræsakerfið skal greiða tengigjald kr. 5 000.00 á hverja íbúð, en kr. 20.00 á rúmmetra í öðru húsnæði. Heimilt er hreppsnefnd að lækka tengigjald samkvæmt þessari grein í sérstökum tilvikum, svo sem við byggingu fjölbýlishúsa.

17. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjöld samkvæmt reglugerð þessari um 50% án staðfestingar ráðuneytis.

18. gr.

Holræsagjaldið greiðist af húseiganda og er hann ábyrgur fyrir greiðslu þess gagnvart sveitarsjóði. Kröfur sem sveitarsjóður kann að öðlast samkvæmt þessari reglugerð, má taka lögtaki á kostnað gjaldanda og eru gjöldin tryggð með lögveði í húseigninni í næstu 2 ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði eða aðfararveði.

19. gr.

Gjalddagi holræsagjalds er 15. janúar ár hvert, en hreppsnefnd getur ákveðið að innheimta það á fleiri gjalddögum árlega, um leið og hinn almenni fasteignaskattur er innheimtur.

20. gr.

Ákvæði þessarar reglugerðar ná til allra holræsa, sem hreppurinn hefur látið gera og annast viðhald á. Húseigendum er skylt að annast viðhald og endurnýjun ræsa frá húsum sínum að aðalræsi. Dragi húseigandi á langinn nauðsynlegt viðhald getur hreppurinn ráðist í þær framkvæmdir á kostnað húseigenda.

21. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum, allt að kr. 100 000.00, sem renni í sveitarsjóð. Mál út af brotum gegn reglugerð þessari skal fara með sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Hólshrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð um holræsi í Bolungarvík, nr. 105, frá 26. maí 1943 með síðari breytingum.

Félagsmálaráðuneytið, 14. desember 1973.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

REGLUGERÐ

um leyfi til vátryggingarstarfsemi og skráningu í vátryggingarfélagaskrá.

I. KAFLI
Umsókn um starfsleyfi.

1. gr.

Hver, sem hyggst reka vátryggingarstarfsemi hér á landi, skal sækja um starfsleyfi.

Leiki vafi á um, hvort sækja þurfi um starfsleyfi skv. lögum um vátryggingarstarfsemi nr. 26/1973 og reglugerð þessari, sker tryggingamálaráðherra úr.

2. gr.

Vátryggingarfélög þau, er eigi starfa samkvæmt sérlögum og hyggjast halda áfram starfsemi sinni eftir gildistöku laga um vátryggingarstarfsemi, skulu fyrir 1. mars 1974 senda tryggingamálaráðherra umsókn um starfsleyfi.

Hafi vátryggingarfélag eigi sent umsókn þá, er um ræðir í 1. mgr. innan þess tíma er þar greinir, falla þann dag niður heimildir þess til þess að taka á sig vátryggingarskuldbindingar og selja vátryggingar.

3. gr.

Vátryggingarfélög þau eða stofnanir, er starfa samkvæmt sérlögum, skulu fyrir 1. mars 1974 senda tryggingamálaráðherra umsókn um starfsleyfi.

Sæki vátryggingarfélag eða stofnun, sem starfar samkvæmt sérlögum eigi um starfsleyfi eða teljist ekki gjaldhæft að mati tryggingaeftirlits, fer um málið skv. 48. gr. l. nr. 26/1973.

4. gr.

Starfsleyfi er bundið við ákveðnar vátryggingargreinar sbr. 6., 7. og 8. gr. og er óheimilt að reka vátryggingarstarfsemi í öðrum greinum en veitt hefur verið leyfi fyrir.

Sérhvert félag eða stofnun, sem leyfi hefur til að reka vátryggingarstarfsemi og hyggst taka upp nýja grein vátrygginga eða hyggst breyta starfsemi sinni í verulegum atriðum, skal sækja um leyfi fyrir hinni nýju starfsemi og senda tryggingaeftirlitinu þau gögn, sem talin eru í þessari reglugerð eftir því sem við á hverju sinni.

5. gr.

Í umsókn sérhvers félags eða stofnunar skal greina eftirfarandi:

A. Nafn og starfssvæði.

B. Hverjir skipi stjórn og varastjórn.

C. Hverjir hafi heimild til að skuldbinda félag eða stofnun.

D. Hverjir séu kjörnir og/eða ráðnir endurskoðendur.

E. Nöfn umboðsmanna og sölumanna.

F. Hverja þörf umsækjandi telji fyrir starfsemina og á hvern hátt hún geti orðið til eflingar heilbrigðri vátryggingarstarfsemi eða til hagsbóta fyrir vátryggingartaka og hina tryggðu, sé sótt um leyfi fyrir nýrri starfsemi.

6. gr.

Félag eða stofnun, sem hyggst reka líftryggingarstarfsemi (frumtryggingar) skal tilgreina í umsókn þær vátryggingargreinar, sem sótt er um leyfi fyrir, samkvæmt eftirfarandi sundurliðun:

A. Frumtrygging.
   a. Einstaklingsbundnar persónutryggingar.
      1. Líftryggingar með sparifjármyndun.
      2. Áhættulíftryggingar.
      3. Sjúkra- og slysatryggingar.
      4. Slysatryggingar.
   b. Hóptryggingar.
      1. Líftryggingar með sparifjármyndun.
      2. Hóplíftryggingar.
      3. Hópsjúkra- og slysatryggingar.
      4. Hópslysatryggingar.

B. Endurtrygging.
   a. Innlend.
      1. Einstaklingsbundnar persónutryggingar.
      2. Hóptryggingar.
   b. Erlend.
      1. Persónutryggingar.

7. gr.

Félag eða stofnun, sem hyggst reka vátryggingarstarfsemi á sviði skaðatrygginga (frumtryggingar), skal í umsókn tilgreina þær vátryggingargreinar, sem sótt er um leyfi fyrir samkvæmt eftirfarandi sundurliðun:

A. Frumtrygging.
   1. Eignatryggingar.
   2. Sjótryggingar aðrar en farmtryggingar.
   3. Flugtryggingar aðrar en farmtryggingar.
   4. Farmtryggingar.
   5. Ábyrgðartryggingar ökutækja.
   6. Ökutækjatryggingar aðrar en ábyrgðartryggingar.
   7. Frjálsar ábyrgðartryggingar.
   8. Slysa- og sjúkratryggingar.
   9. Aðrar greinar (sundurliðist).

B. Endurtrygging.
   a. Innlend.
      1. Persónutryggingar.
      2. Skaðatryggingar.
   b. Erlend.
      1. Persónutryggingar.
      2. Skaðatryggingar.

8. gr.

Félag eða stofnun, sem hyggst reka vátryggingarstarfsemi á sviði endurtrygginga einvörðungu, skal í umsókn tilgreina þær vátryggingargreinar, sem sótt er um leyfi fyrir samkvæmt eftirfarandi sundurliðun:

A. Innlend endurtryggingarstarfsemi.
   1. Persónutryggingar.
   2. Skaðatryggingar.

B. Erlend endurtryggingarstarfsemi.
   1. Persónutryggingar.
   2. Skaðatryggingar.

II. KAFLI
Gögn er fylgi umsókn um starfsleyfi.

9. gr.

Með umsókn sérhvers félags eða stofnunar um starfsleyfi skulu fylgja þessi gögn:

A. Stofnfundargerð, stofnsamningur og samþykktir félags og reglur, sem stofnun starfar eftir.
B. Vottorð löggilts endurskoðanda um innborgað hlutafé, stofnfé (ábyrgðarfé) og eigið hlutafé.
C. Sýnishorn allra vátryggingarskilmála, sem nota á.
D. Sýnishorn allra iðgjaldaskráa, sem nota á og skýrsla um reiknigrundvöll þeirra með sundurliðun á einstaka þætti (áhættuiðgjald, öryggisálag og kostnaðarálag).
E. Skýrsla um, hvernig endurtryggingum er háttað, og komi fram hvert sé hámark eigin áhættu.
F. Reglur um tillög til varasjóða og annarra sjóða svo og um ráðstöfun tekjuafgangs, og hvernig rekstrarhalla skuli mætt.

10. gr.

Með umsókn líftryggingarfélags skulu auk þess fylgja eftirtalin gögn:

A. Gögn, er sýni hver sé tryggingastærðfræðingur (aktúr) félagsins.
B. Reiknigrundvöllur iðgjaldasjóðs líftrygginga ásamt reglum um ákvörðun endurkaupsverðs og um verð gjaldfrjálsra trygginga, svo og skýrsla um reiknigrundvöll ágóðaúthlutunar (bónus) til tryggingartaka.

11. gr.

Með umsókn starfandi vátryggingarfélags eða stofnunar sem starfar skv. sérlögum, að því er varðar þann þátt, sem rekinn er á viðskiptalegum grundvelli, skulu auk þess fylgja eftirtalin gögn:

A. 5 síðustu ársreikningar, undirritaðir af stjórn með áritun og skýrslu löggilts endurskoðanda, svo og fundargerðir aðalfunda síðustu 5 ára.
B. Skrá yfir fasteignir, bifreiðar, skip og verðbréfaeign. Fasteignir skulu tilgreindar á kostnaðarverði, fasteignamatsverði, brunabótamatsverði og bókfærðu verði skv. seinustu ársreikningum. Verðbréf skulu tilfærð á nafnverði og bókfærðu verði.
C. Skrá yfir inneignir hjá viðskiptamönnum, sundurliðað á:
   a. vátryggingartaka (vangoldin iðgjöld),
   b. umboðsmenn (vegna ógreiddra iðgjalda),
   c. umboðsmenn (vegna annarra skulda),
   d. aðra innlenda aðila,
   e. erlenda aðila,
   f. hluthafa.

   Nöfn þeirra, sem skulda yfir 100 000.00 kr. skulu tilgreind ásamt fjárhæð.

D. Skrá yfir skuldheimtumenn aðra en þá, sem eiga vátryggingarkröfur á félagið, sundurliðað á:
   a. umboðsmenn,
   b. aðra innlenda aðila,
   c. erlenda aðila,
   d. hluthafa.
   Nöfn þeirra, sem eiga inni yfir 100 000.00 kr., skulu tilgreind ásamt fjárhæð.

E. Skýrsla um á hvern hátt áfallnar en ógreiddar vátryggingarkröfur séu áætlaðar og hvernig iðgjaldsyfirfærslur til næsta árs eru ákveðnar ásamt sundurliðun bótasjóðs og iðgjaldasjóðs í hverri grein, og komi fram hlutur endurtryggjenda.

F. Skýrsla um rekstrarkostnað.

G. Skýrsla um verulegar breytingar, sem máli skipta varðandi vátryggingar og rekstur frá gerð síðustu ársreikninga.

H. Upplýsingar um vátryggingarsamtök, sem umsækjandi er aðili að, þar með talin samtök varðandi samvinnu um iðgjöld og vátryggingarskilmála, ásamt samþykktum þeirra.

12. gr.

Með umsókn starfandi líftryggingarfélags skal auk þess fylgja skýrsla um ávöxtun líftryggingarsjóðs.

13. gr.

Með umsókn erlends vátryggingarfélags um starfsleyfi hér á landi skulu fylgja eftirtalin gögn auk þeirra gagna, sem talin eru í 9., 10., 11. og 12. gr. og við eiga um starfsemi þess hér á landi.

A. Ársreikningar félagsins í heimalandinu síðustu 5 ár undirritaðir af stjórn með áritun löggilts endurskoðanda.

B. Vottorð tryggingareftirlits eða viðkomandi ráðuneytis heimalandsins um, að félagið hafi heimild til að starfa í heimalandinu í þeim greinum vátrygginga, sem sótt er um starfsleyfi fyrir hér á landi og hafi haft slíkt leyfi í a. m. k. 5 ár.

C. Skýrsla tryggingaeftirlits heimalandsins um athugasemdir, ef einhverjar eru, sem tryggingaeftirlitið hefur gert við starfsemi þess og rekstur í heimalandinu s. l. 5 ár eða vottorð um að þær hafi engar verið á þessu tímabili.

D. Gögn er sanni, hver sé aðalumboðsmaður félagsins hér á landi og hvar atvinnustöð hans sé.

E. Vottorð er sanni, að hrein eign félagsins hér á landi nemi eigi minna fé en 10 000 000.00 kr.

III. KAFLI

Meðferð umsóknar um starfsleyfi.

14. gr.

Tryggingaeftirlitið skal kanna umsókn félags eða stofnunar um starfsleyfi og gögn þau er henni fylgja og athuga hvort umsækjandi fullnægi skilyrðum laga um vátryggingarstarfsemi og reglugerða settra samkvæmt þeim.

15. gr.

Tryggingaeftirlitið skal hafa kynnt sér umsókn starfandi félaga og softnana eigi síðar en 8 mánuðum eftir gildistöku laga um vátryggingarstarfsemi. Félög og stofnanir er tryggingaeftirlitið mælir með, skulu fá starfsleyfi þegar í stað.

16. gr.

Telji tryggingaeftirlitið, að í samþykktum vátryggingarfélags séu ákvæði, er brjóti í bága við ákvæði laga um vátryggingarstarfsemi eða reglugerða settra samkvæmt þeim, en mælir að öðru leyti með því, að félaginu sé veitt starfsleyfi, má veita félaginu starfsleyfi til bráðabirgða í allt að eitt ár til að koma málum þessum í lag. Sama gildir, telji tryggingaeftirlitið, að breyta verði vissum rekstrarlegum eða öðrum atriðum í starfsemi vátryggingarfélags eða gera þurfi sérstaka könnun á vissum þáttum starfseminnar, áður en ákvörðun um starfsleyfi verði tekin. Má starfsleyfi til bráðabirgða vera til allt að tveggja ára í slíkum tilvikum.

17. gr.

Nú kemur í ljós, að hlutafé vátryggingarfélags eða stofnfé gagnkvæms vátryggingarfélags er lægra en gert er ráð fyrir í 6. og 10. gr. laga um vátryggingarstarfsemi nr. 26/1973, en tryggingaeftirlitið mælir samt með því, að félagið fái starfsleyfi, enda sýni fjárhagur félagsins og rekstur, að það sé gjaldhæft og greiðsluhæft, og er þá heimilt að veita félaginu starfsleyfi. Sé þessi leið eigi valin, má veita félaginu bráðabirgðaleyfi og setja það skilyrði, að hlutafé eða stofnfé verði aukið að lögboðnu marki innan ákveðins tíma, sem má vera allt að þremur árum.

18. gr.

Sæki vátryggingarfélag, sem rekið hefur bæði skaðatryggingar og líftryggingar, um starfsleyfi, er heimilt að fengnum meðmælum tryggingaeftirlits, að veita því tveggja ára frest til að breyta starfsemi sinni þannig, að samræmist ákvæðum laga um vátryggingarstarfsemi.

19. gr.

Telji tryggingaeftirlitið, að vátryggingarfélag er ekki starfar samkvæmt sérlögum, sé ekki gjaldhæft, má veita því sex mánaða frest til að rétta hag sinn. Fái félagið ekki þennan frest eða hafi ekki getað bætt hag sinn á þessum tíma, skal þegar í stað skipa félaginu skilastjórn, sbr. 43. gr. laga um vátryggingarstarfsemi.

20. gr.

Sinni félag eða stofnun ekki tilmælum tryggingaeftirlits um breytingar á skilmálum eða iðgjöldum, sé ekki gjaldhæft eða greiðsluhæft að mati tryggingaeftirlitsins eða brjóti lög eða reglugerðir um vátryggingastarfsemi, skal tryggingaeftirlit þegar í stað tilkynna tryggingamálaráðherra um málið og gera tillögur um hvað gera skuli, sbr. 43. gr. l. nr. 26/1973.

IV. KAFLI

Vátryggingarfélagaskrá.

21. gr.

Tryggingamálaráðherra heldur skrá, er nefnist vátryggingarfélagaskrá, um öll þau félög og stofnanir, sem heimild hafa til að bjóða vátryggingar hér á landi.

22. gr.

Félög og stofnanir, sem tryggingamálaráðherra hefur veitt starfsleyfi, skulu þegar í stað vera skráð í vátryggingarfélagskrá og hlutafélagaskrá eða aðra opinbera félagaskrá, ef um slíka skrá eru fyrirmæli í lögum.

Aldrei má félag eða stofnun hefja vátryggingarstarfsemi, fyrr en skráning í bæði vátryggingarfélagaskrá og hlutafélagaskrá eða aðra opinbera félagaskrá, svo sem lög segja til um, hefur farið fram.

23. gr.

Til vátryggingarfélagaskrár skal tilkynna eftirfarandi til skráningar þar:

A. Dagsetningu stofnfundargerðar, stofnsamnings og samþykkta.
B. Nafn og starfssvæði, lögheimili og varnarþing.
C. Starfssvið og tilgang.
D. Vátryggingargreinar.
E. Skráð og innborgað hlutafé eða stofnfé (ábyrgðarfé) og eigið hlutafé.
F. Stjórn og varastjórn.
G. Fulltrúa vátryggingartaka í stjórn vátryggingarhlutafélags.
H. Nöfn þeirra, er skuldbinda mega félag eða stofnun.
I. Endurskoðendur.
J. Tryggingastærðfræðing (aktúar), ef um líftryggingarfélag er að ræða.
K. Aðalumboðsmann og atvinnustöð hans ef um erlent vátryggingarfélag er að ræða.
L. Dagsetningu starfsleyfis. Einnig skal skrá bráðabirgðaleyfi og frestun starfsleyfis, sbr. 16.—19. gr.

Tilkynningar til vátryggingarfélagaskrár skulu gefnar á þar til gerðum eyðublöðum, sem tryggingaeftirlitið lætur í té.

24. gr.

Allar breytingar á samþykktum, hlutafé, stofnfé, stjórn, endurskoðendum og þeim, er skuldbinda mega vátryggingarfélag, svo og breytingar á öðru því, er skráð er í vátryggingarfélagaskrá, sbr. 23. gr., skal þegar í stað tilkynna til vátryggingarfélagaskrár til skráningar og má eigi skrá þær í hlutafélagaskrá eða aðra opinbera félagaskrá fyrr en slíkt hefur verið gert.

Tilkynningum um breytingar skal fylgja endurrit úr viðkomandi fundargerð.

25. gr.

Missi félag rétt til að reka vátryggingarstarfsemi hér á landi, verði gjaldþrota eða því slitið, skal þegar í stað má nafn þess úr vátryggingarfélagaskrá.

26. gr.

Birta skal árlega í Lögbirtingablaðinu skrá um félög og stofnanir, sem í vátryggingarfélagaskrá eru skráð.

27. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða fésektum eða varðhaldi.

28. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 26/1973 um vátryggingarstarfsemi, öðlast gildi 1. janúar 1974.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 28. desember 1973.

Magnús Kjartansson.

Páll Sigurðsson.

REIKNINGUR

Verðlaunasjóðs dr. phil. Ólafs Daníelssonar og Sigurðar Guðmundssonar, arkitekts, 1. janúar til 31. desember 1971.

Eignir:

1.	Hálft húsið Hagamelur 21:		
	a) fasteignamat skv. eldra mati		kr. 141 250.00
	b) hækkun skv. nýju fasteignamati		— 1 661 750.00
2.	Sparisjóðsinnstæða í Búnaðarbanka Íslands nr. 28028 og nr. 34320 pr. 31. desember 1970	kr. 272 990.29	
3.	Tekjur umfram gjöld 1971 lagt í sparisjóðsbækur	— 128 898.77	
			— 401 889.06
			Kr. 2 204 889.06

Skuldir:

1.	6% skuldabréf hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, útgefið 24.11. 1952 (1. veðr.)	kr. 57 296.73
2.	Eignir umfram skuldir	— 2 147 592.33
		Kr. 2 204 889.06

Tekjur:

1.	Húsaleiga:		
	a) Stærri íbúðin	kr. 72 000.00	
	b) Minni íbúðin	— 48 000.00	
			kr. 120 000.00
2.	Vaxtatekjur		— 22 817.20
			Kr. 142 817.20

Gjöld:

1.	Fasteignagjöld	kr. 9 854.00
2.	Vaxtagreiðslur	— 3 654.43
3.	Eldavélartenging (kló o. fl. smáv.)	— 410.00
4.	Tekjur umfram gjöld	— 128 898.77
		Kr. 142 817.20

Í menntamálaráðuneytinu, 27. október 1972.

F. h. r.
Birgir Thorlacius.

Endurskoðað.

F. h. Ríkisendurskoðunarinnar,

Kristján Einarsson.

REIKNINGUR

Verðlaunasjóðs dr. phil. Ólafs Daníelssonar og Sigurðar Guðmundssonar, arkitekts, 1. janúar til 31. desember 1972.

Eignir:

1.	Hálft húsið Hagamelur 21, skv. fasteignamati		kr. 1 803 000.00
2.	Sparisjóðsinnstæða í Búnaðarbanka Íslands nr. 28028 og nr. 34320 pr. 31. desember 1972	kr. 401 889.06	
3.	Tekjur umfram gjöld, lagt í sparisjóðsbækur	— 126 031.40	
			— 527 920.46
			Kr. 2 330 920.46

Skuldir:

1.	6% skuldabréf hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, útgefið 24.11. 1952 (1. veðr.)	kr.	53 469.63
2.	Eignir umfram skuldir	—	2 277 450.83
			Kr. 2 330 920.46

Tekjur:

1.	Húsaleiga:			
	a) Stærri íbúðin	kr. 72 000.00		
	b) Minni íbúðin	— 48 000.00		
			kr.	120 000.00
2.	Vaxtatekjur		—	31 535.70
			Kr.	151 535.70

Gjöld:

1.	Fasteignagjöld	kr.	22 066.50
2.	Vaxtagreiðslur	—	3 437.80
3.	Tekjur umfram gjöld	—	126 031.40
		Kr.	151 535.70

Í menntamálaráðuneytinu, 29. október 1973.

F. h. r.
Birgir Thorlacius.

Endurskoðað.

F. h. Ríkisendurskoðunarinnar,

Kristján Einarsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 39 — 1973

12. desember 1973. 757 Nr. 399.

AUGLÝSING

um náttúruvætti í Skútustaðagígum.

Náttúruverndarráð hefur tjáð ráðuneytinu, að eigendur og rétthafar nágrennis Skútustaðagíga hafi lýst því yfir, að þeir séu samþykkir friðlýsingu gíganna og muni engar bótakröfur gera vegna hennar, og hefur ráðið fyrir sitt leyti samþykkt friðlýsinguna.

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni, og með skírskotun til laga nr. 41/1971, um náttúruvernd, tekur friðlýsingin gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum. Reglur um friðlýsingu þessa eru í meðfylgjandi fylgiskjali.

Í menntamálaráðuneytinu, 12. desember 1973.

Magnús T. Ólafsson.

Knútur Hallsson.

Fylgiskjal.

Auglýsing um náttúruvætti í Skútustaðagígum.

Samkvæmt heimild í 22. gr. laga nr. 47/1971, um náttúruvernd, hefur Náttúruverndarráð ákveðið á fundi sínum hinn 29. janúar 1973 að friðlýsa Skútustaðagíga í Suður-Þingeyjarsýslu og næsta umhverfi þeirra sem náttúruvætti.

Mörk hins friðlýsta svæðis eru þessi:

Vestan Stakhólstjarnar lína hugsuð um 3 m frá rótum Hræðuhvers að mörkum skólalóðar og með þeim að vegi, en síðan vegurinn til móts við suðvesturhorn tjarnarinnar og þaðan stystu leið í tjörn. Að austan hugsuð lína, skemmst 20 metra utan róta syðstu gíga, beina leið milli tjarnar og Mývatns.

Þessar reglur gilda um svæðið:

1. Gjalltaka og mannvirkjagerð öll er bönnuð og hvers konar jarðrask, er breytir eða veldur skemmdum á útliti gíganna.
2. Nytjar graslendis milli gíga eru leyfðar, sem hingað til, en þó þannig, að búvélar valdi ekki spjöllum á gígum.
3. Frekari ræktun og gerð nýrra ökuslóða er háð leyfi Náttúruverndarráðs.
4. Bannað er að tjalda á eða í gígunum.
5. Gangandi fólki er heimil för um svæðið utan ræktaðs lands eftir merktum stígum, en öllum er skylt að ganga vel um og snyrtilega.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer að náttúruverndarlögum.

B 96

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.



Nr. 400. 14. desember 1973.

REGLUGERÐ

fyrir Vatnsveitu Búðahrepps.

1. gr.

Hreppsnefnd Búðahrepps fer með stjórn vatnsveitunnar, sem er eign Búðahrepps. Hún hefur einkarétt til reksturs vatnsveitu og sölu vatns á svæði því, er vatnsveitan nær yfir og getur fullnægt og einnig til hafnarinnar. Vatnsveitan er sjálfstætt fyrirtæki í rekstri Búðahrepps, með sérstöku reikningshaldi.

2. gr.

Meðan hreppsnefndin ákveður ekki annað, annast verkstjóri hreppsins ásamt starfsmönnum hreppsins, eða sérstakur umsjónarmaður daglegan rekstur vatnsveitunnar.

3. gr.

Vatnsveita Búðahrepps lætur leggja vatnsæðar svo víða um kauptúnið, sem henta þykir, svo að húseigendur eigi greiðan aðgang að þeim í fyrirhuguðu vegarstæði eða götu, er lóðir þeirra liggja að, enda sé húsið reist með samþykki byggingarnefndar. Frá aðalæðum skulu húseigendur leggja vatnsæðar á sinn kostnað.

4. gr.

Hver sá, er komast vill í samband við vatnsveituna, skal senda beiðni til umsjónarmanns, enda sé vatnið ætlað til heimilisþarfa. Vatnsnot til annarra þarfa skulu að jafnaði leyfð með nánari fyrirmælum og skilyrðum, er vatnsveitan setur hverju sinni. Vélar og önnur tæki, þau er nota vatn, önnur en venjuleg heimilistæki, má ekki tengja við hús eða heimæðar nema að fengnu leyfi vatnsveitunnar. Einnig getur vatnsveitan fyrirskipað breytingar á eldri tækjum og vélum, ef nauðsyn krefur. Réttur húseiganda til vatnsnota skuldbindur ekki vatnsveituna til þess að tryggja, að þrýstingur í götuæðum sé ávallt nægjanlegur. Ef sýnt þykir, að götuæðar þær, sem fyrir eru, geta eigi séð atvinnufyrirtækjum eða öðrum, sem óska eftir vatni til annarra þarfa en heimilis, fyrir nægjanlegu vatni, er neytanda skylt að greiða kostnað við nauðsynlegar úrbætur, eftir úrskurði vatnsveitunnar. Vatnsveitan hefur eignarrétt og viðhaldsskyldu á götuæðum, enda þótt húseigendur hafi í upphafi að einhverju eða öllu leyti borið þann kostnað, er af lögninni leiddi, nema öðruvísi verði um samið. Vatnsveitan annast kaup og viðhald brunahana.

5. gr.

Vatnsveitan skal hafa eftirlit með því, að nýlagnir séu hóflega víðar, nægilega djúpt í jörðu og að öðru leyti í samræmi við samþykkt þessa. Engar vatnsæðar má hylja fyrr en þær hafa verið viðurkenndar af vatnsveitunni. Vatnsveitan hefur rétt til að láta þrýstiprófa vatnslagnir á kostnað húseiganda. Álíti eftirlitsmaður vatnsveitunnar, að verk sé eigi framkvæmt samkvæmt ákvæðum samþykktar þessarar eða öðrum reglum, er settar kunna að verða, getur hann stöðvað verkið þar til bætt hefur verið úr því, sem áfátt kann að vera.

6. gr.

Vatnsveitan getur ákveðið, að heimæðar eða hluti þeirra, skuli lagðar af starfsmönnum hennar á kostnað húseiganda. Að jafnaði fær hvert hús leyfi fyrir einni heimæð. Óski húseigandi eftir fleiri heimæðum ber honum að sækja sérstaklega um það til vatnsveitunnar. Óheimilt er að tengja sama húsæðakerfi við tvær eða fleiri heimæðar. Vatnsveitan getur ákveðið að fleiri en eitt hús séu tengd sömu heimæð og gefur þá fyrirmæli um vídd og legu æðarinnar. Hún getur ákveðið hvernig skipt skuli kostnaði við slíkar framkvæmdir, ef aðilar verða ekki ásáttir um slíkt. Því aðeins er heimilt að tengja heimæðar við hús, að þau séu fokheld og upphituð. Húseiganda ber skylda til að halda við vatnslögnum sínum á eigin kostnað og láta gera við leka, þegar hans verður vart. Þótt leka hafi orðið vart, getur vatnsveitan ef hún telur brýna þörf á, lagt fyrir húseiganda að endurnýja vatnslagnir sínar að nokkru eða öllu leyti. Vanræki húseigandi viðhald á vatnslögnum sínum, er vatnsveitunni heimilt að annast viðgerð á kostnað hans.

7. gr.

Eftirlitsmenn vatnsveitunnar skulu hafa frjálsan aðgang að öllum vatnslögnum innanhúss og skulu húseigendur gefa upplýsingar um vatnsnotkun, sem óskað er eftir. Þeim er og heimilt að fara um lóðir vatnsnotenda til að athuga um vatnslagnir og gera þær ráðstafanir í þágu vatnsveitunnar, sem nauðsynlegar kunna að teljast.

8. gr.

Heimilt er að loka vatnsæðum þeirra, sem eftir ítrekaða áminningu eyða vatni að óþörfu, nota það þannig að óþrifum eða óþægindum valdi eða vanrækja viðhald á pípum og tækjum tengdum vatnsveitunni. Jafnframt er heimilt að taka úr sambandi ónotaðar vatnsæðar, sem fyrirsjáanlega verða ekki teknar í notkun innan árs.

9. gr.

Heimilt er að fyrirskipa takmörkun á vatnsnotkun, ef skortur er á vatni. Einnig að loka fyrir vatnið, vegna viðgerða og hreinsunar, takmarka það á vissum tíma í senn, eftir atvikum. Jafnan skal auglýsa slíkar aðgerðir með svo rúmum fyrirvara, sem kostur er.

10. gr.

Ef eldsvoða ber að höndum hafa slökkviliðið, lögregla og starfsmenn vatnsveitunnar heimild til þess að gera hverjar þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar mega teljast, hvort heldur í einkaeign eða eign vatnsveitunnar. Óheimilt er öðrum en slökkviliði, lögreglu og starfsmönnum vatnsveitunnar að taka vatn úr brunahönum vatnsveitunnar, nema með sérstöku leyfi. Vatnsveitan ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, sem leiða kann af rekstrartruflunum vegna hugsanlegra aðgerða, sem nefndar eru í 9. og 10. gr.

11. gr.

Húseigandi, sem beiðist tengingar við vatnsæðar vatnsveitunnar, skal leggja fram teikningar af vatnskerfi sínu, ef óskað er. Húseigandi skal greiða stofngjald til vatnsveitunnar, áður en tenging fer fram og skal það miðast við rúmmál húss hans að utanmáli. Er gjaldið kr. 6.00 á hvern rúmmetra húss allt að 2000 rúmmetra stærð, en kr. 4.00 á hvern rúmmetra, sem þar er umfram.

12. gr.

Árlegur vatnsskattur skal reiknast af heildarmati hverrar fasteignar þ. e. mat mannvirkja og lóðar, samkvæmt lögum um fasteignamat og fasteignaskráningu nr. 28 29. apríl 1963. Upphæð vatnsskattsins skal vera 0.15% af framangreindu mati. Upphæð vatnsskattsins skal þó aldrei vera lægri en kr. 1500.00 fyrir hverja skattskylda fasteign. Þó skal aldrei reikna vatnsskatt af húsi það ár, sem bygging fer fram. Sé bygging eigi virt fasteignamatsvirðingu skal greiða vatnsskatt samkvæmt lágmarksákvæðum þessarar greinar. Vatnsskatt skal greiða af öllum húseignum á vatnsveitusvæðinu og vatni er veitt í eða næst til vatnsæða frá. Fyrir tímabundin eða sérstök vatnsnot skal greiða sem hér segir, auk vatnsskatts:

a. Vatnsnotkun í steypu til iðnaðar kr. 10.00 fyrir hver 100 kg af sementsnotkun.
b. Fyrir þvottaplön, sem rekin eru til þvotta á bifreiðum t. d. í sambandi við eldsneytissölu, skal greiða kr. 5 000.00 á ári fyrir vatnsnotin.
c. Fyrir vatnsnotkun í sláturhúsum skal greiða aukagjald kr. 2.00 á hverja slátraða sauðkind.
d. Fyrir vatnsnotkun við síldarsöltun skal greiða kr. 10.00 á hverja uppsaltaða tunnu síldar. Sama gjald er fyrir hverja tunnu af söltuðum hrognum. Fyrir sjósaltaða síld, sem lögð er á land til pökkunar og pæklunar, skal greiða kr. 5.00 fyrir hverja útskipaða tunnu.
e. Fyrir vatnsnotkun til síldarbræðslu skal greiða kr. 35.00 fyrir hvert landað síldartonn og kr. 20.00 fyrir hvert landað tonn af öðrum afla.
f. Vatnsnot við fiskverkun skal greiða með kr. 25.00 á hverja smálest af innvegnum fiski, þar sem ekki er vatnsmælir.
g. Greiðsla fyrir vatn, sem selt er til skipa og báta í Fáskrúðsfjarðarhöfn, skal vera kr. 40.00 fyrir hvern rúmmetra.
h. Gjöld fyrir ótalin vatnsnot skulu fara eftir ákvörðun vatnsveitunnar.

13. gr.

Þar sem vatnsnot eru mikil eða komi í ljós, að þau séu óeðlileg, er sveitarstjórn heimilt að krefjast aukavatnsskatts samkvæmt mælingum eða eftir ákvörðun sveitarstjórnar. Aukavatnsskattur skal miðaður við kr. 2.50 á hvern rúmmetra vatns. Nú sættir húseigandi og/eða vatnsnotandi sig eigi við ákvörðun vatnsveitunnar á aukavatnsskatti og getur hann þá krafist þess, að vatnsnotkun hans verði mæld um eins mánaðar skeið, eftir vali vatnsveitunnar og verður aukavatnsskattur þess árs þá ákveðinn hlutfallslega við útkomu þeirrar mælingar.

14. gr.

Þar sem vatn er selt samkvæmt mæli greiðir húseigandi kostnað við uppsetningu mælisins. Vatnsveitan sér um eðlilegt viðhald mælisins, en allar skemmdir af mannavöldum og frostum ber húseiganda að bæta. Ef maður rýfur innsigli vatnsmælis varðar það refsingu samkvæmt almennum hegningarlögum. Verði vatnsmæli ekki komið fyrir án breytinga á vatnslögn er húseiganda skylt að láta breyta lögninni á sinn kostnað. Vatnsveitan sjálf ákveður stærð og gerð mælis í samræmi við vatnsnotkun á hverjum stað. Ber húseiganda að tilkynna vatnsveitunni tafarlaust um bilanir á vatnsmæli, er hann kann að verða þeirra var.

15. gr.

Vatnsskattur fellur í gjalddaga 2. janúar ár hvert og ber að greiða skattinn á skrifstofu hreppsins. Aukavatnsskatt samkvæmt mæli skal greiða í lok hvers ársfjórðungs.

16. gr.

Gjöld samkvæmt reglugerð þessari miðast við fasteignamatið 1972 og breytast síðar, í samræmi við gildandi fasteignamat á hverjum tíma. Sveitarstjórnin getur hækkað eða lækkað um allt að 50% framantalin gjöld, öll þeirra eða hvert um sig, án þess að leita þurfi staðfestingar ráðuneytisins.

17. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 100 000.00 nema þyngri refsing liggi fyrir að lögum. Mál út af broti á reglugerð þessari skal farið með sem opinber mál.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Búðahrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð fyrir vatnsveitu Búðahrepps nr. 20 20. maí 1955.

Félagsmálaráðuneytið, 14. desember 1973.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

REGLUGERÐ

um holræsi í Búðahreppi.

1. gr.

Þegar Búðahreppur hefur látið leggja holræsi í veg, götu eða annað opið svæði eða þar sem hreppurinn hefur tekið að sér viðhald og endurnýjun holræsa, er þeim húseigendum, er þar eiga húseignir að eða í námunda við og til holræsa geta náð, skylt að leggja á sinn kostnað holræsi frá húsinu, er flytji allt skólp frá því út í aðalræsið. Regnvatn af húsum og lóðum skal einnig, ef unnt er, leiða í ræsið eða í sérstakt holræsi fyrir ofanjarðarvatn, ef gert er, samkvæmt fyrirmælum verkstjóra. Vanræki einhver að láta gera nýtt holræsi eða endurnýja eldra, innan hæfilegs frests, sem sveitarstjóri ákveður, getur hreppurinn látið vinna verkið á kostnað húseiganda.

2. gr.

Búðahreppur lætur leggja holræsastúta út frá aðalræsi í nýjum götum, sem hann lætur gera eftir 1. janúar 1974. Skulu stútar þessir ná út fyrir götu að lóðarmörkum húsa. Heimlagnir eru á kostnað húseiganda. Við raðhús eða fjölbýlishús skal um holræsastúta fara eftir nánari skilmálum um lóðaúthlutun.

3. gr.

Sveitarstjóri, verkstjóri og byggingarfulltrúi, undir yfirstjórn sveitarstjórnar, fara með stjórn framkvæmda, er holræsakerfi kauptúnsins varða. Heimilt er sveitarstjórn að fela sérstökum umsjónarmanni yfirstjórn holræsakerfisins. Áður en húseigandi byrjar að leggja holræsi sitt skal fá samþykki umsjónarmanns þar til. Skal húseigandi leggja fram teikningar af frárennsliskerfi sínu, ef krafist verður. Skylt er húseiganda að hlýða fyrirmælum umsjónarmanns á öllu því, er að tilhögun og lagningu ræsanna lýtur, enda hafi starfsmenn hreppsins ávallt eftirlit með því, að vel og örugglega sé frá öllu gengið.

4. gr.

Allt efni, sem notað er til holræsagerðar, skal standast kröfur byggingarsamþykktar, en auk þess getur byggingarnefnd sett reglur um sérstaka hreinsibrunna á holræsakerfi húseiganda, þar sem ástæða þykir til.

5. gr.

Bannað er að láta renna í holræsakerfið sýrur, olíur eða önnur efni, sem valdið geta skemmdum á holræsakerfinu eða varanlegri mengun.

6. gr.

Kostnaður við aðalholræsakerfið greiðist úr sveitarsjóði, en til að standast þann kostnað, er húseigendum, sem hús eiga við veg, götu eða opið svæði, þar sem holræsi er lagt í, skylt að greiða árlegt holræsagjald, sem nemur 0.10% af hinu opinbera fasteignamati húss eins og það er reiknað á hverjum tíma. Undanþága frá greiðslu hins almenna fasteignaskatts skapar ekki undanþágu frá greiðslu holræsagjalds. Gjald þetta getur sveitarstjórnin hækkað um allt að 50%, án þess að leita þurfi staðfestingar ráðuneytisins.

7. gr.

Holræsagjaldið greiðist af húseiganda og er hann einn ábyrgur fyrir greiðslu þess gagnvart sveitarsjóði. Kröfur, sem sveitarsjóður kann að öðlast samkvæmt reglugerð þessari, má taka lögtaki á kostnað gjaldenda og eru gjöld þessi tryggð með

lögveði í húseigninni í næstu 2 ár eftir gjalddaga, með fasteignamatsveði fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði. Gjalddagi holræsagjalda er 2. janúar ár hvert.

8. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 100 000.00, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Búðahrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 14. desember 1973.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

14. desember 1973. Nr. 402.

REGLUGERÐ

fyrir Vatnsveitu Egilsstaðahrepps, Suður-Múlasýslu.

1. gr.

Hreppsnefnd Egilsstaðahrepps hefur einkaleyfi til reksturs vatnsveitu og sölu vatns á því svæði, sem vatnsveitan nær yfir.

2. gr.

Hreppsnefnd fer með yfirstjórn vatnsveitunnar. Hreppsnefnd og sveitarstjóri annast öll framkvæmdastörf, er vatnsveituna varða svo og viðhald vatnsveitunnar og umsjá alla. Hreppsnefnd skal heimilt að ráða sérstakan umsjónarmann vatnsveitunnar, er hafi eftirlit með vatnsveitukerfinu og annist öll þau störf í þágu vatnsveitunnar, er þurfa þykir. Hreppsnefnd getur löggilt sérstaka vatnsvirkja til að annast viðhald og viðauka við vatnsveituna í samráði við hreppsnefnd, og er þeim skylt að fara í öllu eftir þeim reglum, er hreppsnefnd setur þeim.

3. gr.

Frá vatnsæðum veitunnar má enginn leggja vatnsæðar, nema með leyfi hreppsnefndar Egilsstaðahrepps.

4. gr.

Vatnsveitan er sjálfstætt fyrirtæki í eigu Egilsstaðahrepps með sérstöku reikningshaldi. Reikningsár veitunnar er almanaksárið og annast sveitarstjóri reikningshaldið, innheimtur og greiðslur. Reikningar vatnsveitunnar skulu endurskoðaðir af endurskoðendum hreppsreikninga og fylgja þeim ár hvert.

5. gr.

Hver sá, sem óskar að kaupa vatn af Vatnsveitu Egilsstaðahrepps, skal senda beiðni um það til umsjónarmanns hennar.

Ef um beiðni til almennrar heimilisnotkunar er að ræða, skal umsjónarmaður láta framkvæma tengingu við fyrsta tækifæri án frekari skilyrða.

Ef um beiðni um vatnsnot til annarra þarfa er að ræða, skal umsjónarmaður leita álits yfirstjórnar vatnsveitunnar, sem setur nánari fyrirmæli og skilyrði, ef ástæða er til.

Vélar og önnur tæki, þau er nota vatn, önnur en venjuleg heimilistæki má ekki tengja við hús eða heimæðar, nema að fengnu leyfi vatnsveitunnar. Einnig getur vatnsveitan fyrirskipað breytingar á eldri tækjum og vélum, ef nauðsyn krefur. Réttur húseigenda til vatnsnota skuldbindur ekki vatnsveituna til að tryggja, að þrýstingur í götuæðum sé ávallt nægjanlegur. Ef sýnt þykir, að götuæðar þær, sem fyrir eru, geta eigi séð atvinnufyrirtækjum eða öðrum, sem óska eftir vatni til annarra þarfa en heimilis, fyrir nægjanlegu vatni, er þeim notanda skylt að greiða kostnað við nauðsynlegar úrbætur, eftir úrskurði vatnsveitunnar.

6. gr.

Hverjum húseiganda ber að greiða allan kostnað af lagningu vatnsæðar frá aðalæð í hús sitt og annast viðhald hennar.

7. gr.

Skylt er hverjum húseiganda og öðrum, sem vatnsæð hefur, að halda vatnsæðum sínum vel við og láta án tafar gera við þær, ef leki kemur að þeim. Hann skal sérstaklega gæta þess, að ekki frjósi í æðunum. Framkvæmi eigandi ekki nauðsynlegar viðgerðir án tafar, er vatnsveitunni heimilt að gera það á kostnað eiganda.

8. gr.

Hreppsnefnd, umsjónarmanni og löggiltum vatnsvirkjum er heimilt að fara um hús manna, þar sem vatnsæðar liggja, til þess að athuga þær og tæki þau, er sett eru í samband við þær. Ef þeim þykir útbúnaði í einhverju ábótavant, skal tafarlaust bæta úr því á kostnað eiganda.

9. gr.

Heimilt er hreppsnefnd að loka vatnsæðum fyrir þeim, sem vanrækja að láta gera við bilanir á pípum og tækjum, eyða vatni að óþörfu eða greiða ekki vatnsskatt á réttum gjalddaga. Fullan vatnsskatt ber einnig að greiða fyrir þann tíma, sem vatnsæðar eru lokaðar af þessum sökum. Hreppsnefnd getur fyrirskipað takmörkun á vatnsnotkun, sé skortur á vatni. Þá getur hún og lokað fyrir vatnið, þegar þörf krefur vegna hreinsunar eða annarra framkvæmda við vatnsveituna, enda sé það tilkynnt áður, sé þess nokkur kostur.

10. gr.

Árlegur vatnsskattur skal vera sem hér segir:

a) Af hverri sjálfstæðri íbúð skal greiða kr. 1500.00 árlega. Sé íbúðin stærri en 450 rúmmetrar greiðist til viðbótar kr. 2.00 fyrir hvern rúmmetra umfram þá stærð.
b) Af öðrum húsum en íbúðarhúsum, sem tengd eru við vatnsveitukerfið, skal greiða kr. 2.00 á hvern rúmmetra í húsinu.
c) Heimilt er hreppsnefnd að setja upp vatnsmæla hjá þeim fyrirtækjum og einstaklingum, sem nota mikið vatn. Skal þá greiða kr. 2.50 fyrir hvert tonn vatns, sem notað er, enda séu öll vatnsgjöld þar innifalin, nema mælaleiga, sem skal vera kr. 400.00 á ári.
d) Steypustöðvar til húsagerðar eða iðnaðar auk framangreindra gjalda samkv. b) lið kr. 30.00 fyrir hvert tonn sements, sem steypt er úr.

11. gr.

Þar sem vatn er selt samkvæmt mæli, greiðir vatnsveitan kostnað við kaup og uppsetningu mælisins. Vatnsveitan sér um eðlilegt viðhald hans, en allar skemmdir af mannavöldum og frostum ber húseiganda að bæta. Ef maður rýfur innsigli vatnsmælis varðar það refsingu samkvæmt almennum hegningarlögum. Vatnsveitan sjálf ákveður stærð og gerð mælis í samræmi við notkun á hverjum stað. Ber húseiganda að tilkynna vatnsveitunni tafarlaust um bilanir á vatnsmæli, er hann kann að verða var við þær.

12. gr.

Gjalddagi vatnsskatts er hinn sami og gjalddagi fasteignaskatts. Vatnsskattur samkvæmt mælum greiðist ársfjórðungslega eftir álestri.

13. gr.

Gjöld samkvæmt reglugerð þessari getur hreppsnefnd hækkað eða lækkað um allt að 50% — fimmtíu af hundraði — bæði einstaka liði og í heild, án staðfestingar ráðuneytis.

14. gr.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu vegna húss síns, eigandi fyrirtækis ber ábyrgð á greiðslu vatnsskatts vegna fyrirtækis síns. Vatnsskattinn má taka lögtaki og er hann tryggður með lögveði í eignum næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsveði fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði, án tillits til eigendaskipta.

15. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 100 000.00 nema þyngri refsing liggi við að lögum. Mál út af broti á reglugerð þessari skal farið með sem opinbert mál.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Egilsstaðahrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld eldri reglugerð fyrir vatnsveitu Egilsstaðahrepps nr. 3/1954.

Félagsmálaráðuneytið, 14. desember 1973.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

18. desember 1973. Nr. 403.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Gjald fyrir afnot stöðumælareita í Tryggvagötu á milli Kalkofnsvegar og Naustanna hefur verið ákveðið 10 krónur fyrir hverjar byrjaðar 30 mínútur. Hámarksstöðutími er ein klukkustund.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 18. desember 1973.

Sigurjón Sigurðsson.

AUGLÝSING

um skipulag í Kaldrananeshreppi í Strandasýslu.

Að fengnum tillögum skipulagsstjórnar ríkisins hefur ráðuneytið, samkvæmt heimild í 4. gr. 2. mgr. skipulagslaga nr. 19 21. maí 1964, ákveðið, að ákvæði skipulagslaga nr. 19/1964 nái til Kaldrananeshrepps í Strandasýslu, að undanskildum nauðsynlegum byggingarframkvæmdum vegna búrekstrar.

Þetta er hér með birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 14. desember 1973.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

Nr. 405. 14. desember 1973.

AUGLÝSING

um skipulag í Skilmannahreppi í Borgarfjarðarsýslu.

Að fengnum tillögum skipulagsstjórnar ríkisins hefur ráðuneytið, samkvæmt heimild í 4. gr. 2. mgr. skipulagslaga nr. 19 21. maí 1964, ákveðið, að ákvæði skipulagslaga nr. 19/1964 nái til Skilmannahrepps í Borgarfjarðarsýslu að undanskildum nauðsynlegum byggingarframkvæmdum vegna búrekstrar.

Þetta er hér með birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 14. desember 1973.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

Nr. 406. 18. desember 1973.

SAMÞYKKT

um sorphreinsun í Grindavíkurhreppi.

1. gr.

Grindavíkurhreppur sér um sorphreinsun frá öllum öllum fasteignum á skipulögðum svæði kauptúnsins. Fer hún fram undir yfirstjórn sveitarstjóra og með umsjón heilbrigðisnefndar Grindavíkur.

2. gr.

Sorp frá íbúðarhúsum, verslunum, veitingastöðum, verbúðum o. s. frv. innan kauptúnsins skal sett í sérstaka poka, sem sveitarfélagið afhendir, en aðrar gerðir poka má ekki nota.

Pokunum skal komið fyrir í sérstakri grind, sem smíðuð er fyrir pokana. Skal grindin vera fristandandi, eða henni komið fyrir í sérsmíðuðum skáp. Grindinni

skal svo fyrir komið, að sporppokinn hangi 2—5 cm yfir jörð, gólfi eða skápbotni. Lok skal vera yfir grindinni.

3. gr.

Húseigendur skulu bera allan kostnað af uppsetningu og viðhaldi pokagrinda og sjá um að auðvelt sé að komast að þeim. Fyllsta hreinlætis skal gætt í umhverfi sorppoka.

4. gr.

Sorphreinsun skal framkvæmd vikulega á virkum dögum á tímabilinu frá kl. 7 til kl. 23 og ekki sjaldnar en 40 sinnum á ári.

Við hvert hús skal vera a. m. k. ein sorpgrind fyrir hvert heimili en fleiri ef nauðsyn krefur. Fjöldi sorpgrinda skal miðast við það, að sorppokar yfirfyllist ekki milli tveggja tæminga.

Hugsanleg vafaatriði varðandi fjölda sorpgrinda úrskurðar heilbrigðisnefnd.

5. gr.

Við stórhátíðir eða ef útlit er fyrir stöðvun á sorphreinsun af einhverjum ástæðum, geta húsráðendur fengið aukapoka í sorpgrindur eftir þörfum í áhaldahúsi hreppsins.

6. gr.

Í sorppoka má setja allt venjulegt húsasorp, þó ekki meira en 25 kg í hvern poka. Ekki má setja glóð eða heita ösku í sorppoka.

Blautu sorpi, glerbrotum, oddhvössum eða beittum hlutum skal pakka inn í pappír eða plast, áður en slíkt er sett í sorppoka.

Bannað er að setja eldfima vökva t. d. bensín eða olíu í sporpílát, hvort sem er í umbúðum eða án þeirra.

Ekki má setja meira sorp í pokana en svo, að auðveldlega megi loka þeim eða hafa lok yfir sorpgrindinni. Sorpið má ekki heldur hanga yfir pokaröndina eða vera dreift umhverfis sorppokana.

7. gr.

Mold, mjöl, grjót eða svipuð efni má ekki láta í pokana, en skal flutt á svæði samkvæmt nánari fyrirmælum sveitarstjórnar.

Bílhræ og brotajárn skal flytja á afmarkað svæði (hauga), sem sveitarstjórn ákveður. Bannað er að flytja pappír, plast eða eyðanlegt sorp á slík svæði og einnig að aðgreina og flytja burt úrgang þaðan.

8. gr.

Bannað er að urða olíuleyfar eða önnur efni, sem mengað geta jarðveg í hreppslandinu, og einnig er bannað að kasta slíkum efnum í sjó.

Skal þeim brennt eða eytt á annan hátt, eftir því sem kostur er á, og skal slík eyðing fara fram undir eftirliti heilbrigðisnefndar og starfsmanna hreppsins.

9. gr.

Fyrirferðarmiklum eða brennanlegum úrgangi, svo sem umbúðum og því um líku, skulu forsvarsmenn heimila, atvinnufyrirtækja eða annarra koma á sorphreinsunarbíl, þegar hreinsun fer fram, eða á sorphaugastað skv. nánari fyrirmælum sveitarstjórnar.

Eftir að sorpeyðingarstöð tekur til starfa er heimilt að krefjast sérstakrar greiðslu fyrir eyðingu slíks úrgangs svo og fyrir eyðingu meiri háttar úrgangs frá matsölustöðum, iðnfyrirtækjum o. s. frv.

10. gr.

Kostnaður við almenna sorphreinsun og sorpeyðingu greiðist úr sveitarsjóði. Sveitarstjórn er heimilt að innheimta sérstakt sorphreinsunargjald, skv. nánari ákvörðun og skal það innheimt með fasteignagjöldum hvers árs.

11. gr.

Kvörtunum vegna sorphreinsunar skal koma skriflega til sveitarstjórnar.

12. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum allt að kr. 100 000.00 nema þyngri refsing liggi við að lögum. Með brot á samþykktinni skal farið að hætti opinberra mála.

13. gr.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Grindavíkurhrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 18. desember 1973.

Páll Sigurðsson.

Ingimar Sigurðsson.

Nr. 407. 18. desember 1973.

REGLUR

um Almanakssjóð.

1. gr.

Sjóðurinn nefnist Almanakssjóður og er stjórnað af háskólaráði.

2. gr.

Tekjur sjóðsins skulu vera:

1. Gjöld vegna útgáfu almanaka og dagatala hvers konar.
2. Gjöld vegna innfluttra almanaka og dagatala.
3. Sektir fyrir brot á almanakslögum.
4. Arður af útgáfu almanaka ár hvert.
5. Vextir af innstæðu sjóðsins.
6. Aðrar tekjur, sem sjóðnum kunna að áskotnast.

3. gr.

Sjóðnum má verja sem hér segir:

1. Til þess að greiða kostnað við útreikning á almanökum háskólans.
2. Til þess að kaupa tæki og áhöld, sem þarfleg eru fyrir útreikning almanakanna. Hlutir þessir verða eign háskólans, en þeir, sem reikna út almanökin, hafa forgangsrétt til að nota þá.
3. Til rannsókna á stjarnfræði og rímfræði, stærðfræði og stærðfræðilegri eðlisfræði, og til útgáfu vísindalegra rita í þessum fræðum.
4. Til fræðslu í stærðfræðilegum vísindum í háskólanum.
5. Til þess að styðja fræðimenn til að fullkomna þekkingu sína í stærðfræðilegum vísindum erlendis. Námsstyrk má og veita stúdentum, sem komnir eru vel á veg.

4. gr.
Háskólaráð úthlutar því fé, sem verja skal samkvæmt 3. gr.

5. gr.
Reikning sjóðsins skal birta ár hvert í Stjórnartíðindum og Árbók háskólans.
Reglur þessar staðfestast hér með að fengnum tillögum háskólaráðs, sbr. 11. gr. laga nr. 25/1921, um einkaleyfi handa Háskóla Íslands til útgáfu almanaks.

Í menntamálaráðuneytinu, 18. desember 1973.

Magnús T. Ólafsson.

Birgir Thorlacius.

19. desember 1973. Nr. 408.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð um Þorgerði S. Eiríksdóttur, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 19. desember 1973.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð um Þorgerði S. Eiríksdóttur.

1. gr.
Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Þorgerðar S. Eiríksdóttur.

2. gr.
Sjóðurinn er stofnaður til minningar um Þorgerði S. Eiríksdóttur, er lést 2. febrúar 1972. — Þorgerður var fædd 20. janúar 1954.
Stofnendur eru: Tónlistarskólinn á Akureyri, kennarar við Tónlistarskólann á Akureyri, Tónlistarfélag Akureyrar og aðstandendur.
Stofnframlag er kr. 100 000.00 — eitthundaðþúsundkrónur 00/100 —.
Sjóðinn skal ávaxta á þann hátt, sem stjórn hans telur hyggilegast á hverjum tíma.

3. gr.
Höfuðstól sjóðsins, stofnframlag og það, sem við hann bætist, má aldrei skerða.
Allt það fé, sem í sjóðinn kemur, með gjöfum, áheitum og hvers kyns framlögum, s. s. af sölu minningarspjalda eða á annan hátt, skal leggjast við höfuðstólinn. Sama gildir um fé, sem inn kemur á tónleikum, sem stefnt mun að, að haldnir verði árlega sjóðnum til styrktar.
Aðeins vöxtum að $^{4}/_{5}$ hlutum, eins og þeir verða á þeim tíma, sem úthlutun fer fram, má ráðstafa í því skyni að þjóna markmiði sjóðsins skv. 4. gr.

4. gr.
Markmið sjóðsins er að styrkja efnilega nemendur, sem lokið hafa burtfararprófi við Tónlistarskólann á Akureyri til framhaldsnáms.
Þegar sérstaklega stendur á er heimilt að styrkja nemendur til náms, þó að þeir hafi ekki lokið burtfararprófi, einkum ef um er að ræða námsgreinar, sem örðugt er að halda uppi kennslu í við Tónlistarskólann á Akureyri.

Úthlutun úr sjóðnum fer í fyrsta skipti fram, er höfuðstóll hefur náð kr. 500 000.00.

Úthlutun er á hverjum tíma komin undir ákvörðun sjóðstjórnar, en miðað skal að því, að úthlutun fari fram árlega.

Verði, að dómi sjóðstjórnar, ekki ástæða til að úthluta úr sjóðnum í eitt ár eða fleiri, skal þeim fjármunum, sem til úthlutunar hefðu komið, veitt til nemanda eða nemenda síðar, þegar ástæða þykir til.

Styrkveitingar eru heimilar úr sjóðnum, hvort heldur sótt er um styrk eða hann veittur án umsóknar. Umsóknir skal leggja inn til sjóðstjórnar fyrir 15. apríl.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skal halda gerðabók fyrir sjóðinn og færa í hana skipulagsskrá þessa, styrkveitingar og allt annað, er sjóðnum við kemur. Sjóðurinn, gerðabækur og allt annað, er honum við kemur, skal vera í vörslu og umsjá skólastjóra Tónlistarskólans á Akureyri.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð 3 mönnum: Skólastjóra Tónlistarskólans á Akureyri, einum tilnefndum af kennurum skólans og einum tilnefndum af ættingjum Þorgerðar.

Tilnefning skal fara fram árlega og fyrir áramót vegna komandi árs.

Stjórnin skiptir með sér verkum.

Endurskoðun reikninga sjóðsins skal á hverju ári gerð af hæfum og óvilhöllum mönnum.

7. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Akureyri, 20. janúar 1973.

Jakob Tryggvason. Eiríkur Stefánsson. Jón Hlöðver Áskelsson.

Nr. 409. 21. desember 1973.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Slysasjóð F. Í. L. og Starfsmannafélags Sinfóníuhljómsveitar Íslands útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 21. desember 1973.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Slysasjóð F.Í.L. og Starfsmannafélags Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

1. gr.

Stofnendur sjóðsins eru: Félag ísl. leikara og Starfsmannafélag Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Sjóðurinn er stofnaður á lokadaginn, hinn 11. maí 1973, með kr. 118 366.00 — eitt hundrað og átján þúsund þrjú hundruð sextíu og sex krónum —, en sú fjárhæð er ágóði af kvöldskemmtun ofangreindra aðila með aðstoð fjölda annarra listamanna.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja fjárhagslega þá, sem orðið hafa fyrir slysum, eða/og aðstandendur þeirra, er látist hafa af slysförum. Sérstaklega skal tekið tillit til þeirra, sem lítið eða ekkert eru tryggðir hjá tryggingarstofnunum.

3. gr.

Sjóðurinn skal vera í vörslu Slysavarnafélags Íslands, er annast fjárreiður hans. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið, og skulu reikningar hans endurskoðaðir af endurskoðendum S. V. F. Í. og birtir í árbók S. V. F. Í., eins og aðrir reikningar hans. Aldrei má veita lán úr sjóðnum, né veðsetja hann.

4. gr.

Tekjur sjóðsins, auk vaxtatekna, skulu vera ágóði af árlegri skemmtun stofnaðila, svo og áheit, frjáls framlög og aðrar þær tekjur, er honum kunna að berast.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð 3 — þrem — mönnum, einum tilnefndum af F. Í. L., einum af Starfsmannafélagi Sinfóníuhljómsveitar Íslands, og einum af Slysavarnafélagi Íslands. Sjóðsstjórn skal skipuð til 3ja ára í senn. Stjórnin annast úthlutun styrkja og semur reglur þar að lútandi.

6. gr.

Stjórnin skal ákveða fjárhæð þeirra styrkja, sem veittir eru úr sjóðnum hverju sinni, en úr honum má veita allt að ¾ af árlegum tekjum hans.

7. gr.

Ákvæðum þessarar skipulagsskrár má aðeins breyta með samþykki allra sjóðstjórnarmanna. Þó má aldrei breyta nafni hans og höfuðtilgangi, svo og 1. og 3. gr. efnislega.

8. gr.

Heimili og varnarþing sjóðsins er í Reykjavík.

9. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

27. desember 1973. Nr. 410.

REGLUGERÐ

um þjóðvegi í kaupstöðum og kauptúnum.

1. gr.

Í kaupstöðum og kauptúnum með 300 íbúa og fleiri skulu vegir og götur teljast þjóðvegir samkvæmt 30. gr. vegalaga nr. 80/1973 svo sem hér segir (númer þjóðvegar er tilgreint í sviga, eftir því sem við á):

Vík í Mýrdal:

Aðalgatan frá Suðurlandsvegi (1) austan Víkurár að verslunarhúsum VVS.

Hvolsvöllur:

Fljótshlíðarvegur (261) frá Suðurlandsvegi (1) um Hlíðarveg að læk austan sýslumannsbústaðar.

Hella:

Þrúðvangur frá Suðurlandsvegi (1) norður fyrir hús kaupfélagsins Þórs.

Vestmannaeyjar:

Heiðarvegur, neðri hluti Bröttugötu og Flugvallarvegur frá Strandavegi að flugvelli.

Stokkseyri:

Gaulverjabæjarvegur (33) frá Sandfelli að Baldurshaga. Holtsvegur (314) frá Gaulverjabæjarvegi (33) að Pálsbæ.

Eyrarbakki:

Eyrarbakkavegur (34) frá efstu byggð að Aðalgötu. Aðalgata þaðan að kirkju og Búðarstígur að hafnargarði.

Selfoss:

Suðurlandsvegur (1) frá Ölfusárbrú um Austurveg að vegamótum Laugardælavegar vestri. Eyrarbakkavegur (34) frá Suðurlandsvegi (1) að Fossheiði.

Hveragerði:

Breiðamörk frá Suðurlandsvegi (1) að Þelamörk og Þelamörk frá Suðurlandsvegi (1) austur undir Varmá að Laufskógum.

Þorlákshöfn:

Þorlákshafnarvegur (38) frá fiskverkunarhúsi Glettings hf. að A-götu (700 m), um A-götu að syðri hafnargarði.

Grindavík:

Víkurbraut frá enda Grindavíkurvegar (43) við félagsheimilið Festi að kirkju. Ránargata frá Víkurbraut að höfn.

Sandgerði:

Garðskagavegur (45) (Norðurgata) frá mörkum 350 m norðan Brekkustígs að Brekkustíg, um Brekkustíg, Tjarnargötu og Strandgötu að enda Reykjanesbrautar (41) við vegamót Garðskagavegar (45).

Gerðar, Gerðahreppi:

Gerðavegur frá Garðskagavegi (45) að hafnargarði.

Keflavík:

Reykjanesbraut (41) frá mörkum Njarðvíkurhrepps um Flugvallarveg, Hringbraut og að mörkum 110 m norðan enda Hringbrautar.

Ytri-Njarðvík:

Sjávargata frá Reykjanesbraut (41) að hafnargarði.

Innri-Njarðvík:

Njarðvíkurbraut frá Innri-Njarðvíkurvegi (422) að hafnargarði.

Hafnarfjörður:

Reykjavíkurvegur frá Hafnarfjarðarvegi (40) í Engidal, Fjarðargata og framhald Strandgötu suður yfir Hvaleyrarholt að vegamótum Reykjanesbrautar (41). Flatahraun milli Reykjavíkurvegar og Reykjanesbrautar (41). Lækjargata milli Strandgötu og Reykjanesbrautar (41).

Garðakauptún:

Vífilsstaðavegur (412) milli Hafnarfjarðarvegar (40) og Reykjanesbrautar (41).

Kópavogur:

Borgarholtsbraut—Digranesvegur milli Urðarbrautar og Vallartraðar.

Reykjavík:

Eiðsgrandi frá mörkum Seltjarnarneshrepps; Hringbraut, Miklabraut og Vesturlandsvegur (1) að Höfðabakka; Kringlumýrarbraut frá Sætúni að Fossvogslæk; Sætún, Kleppsvegur, Elliðavogur og Reykjanesbraut (41) að Breiðholtsbraut; Fossvogsbraut frá Hringbraut við Sóleyjargötu, sunnan Öskjuhlíðar, um Fossvogsdal að Höfðabakka; Höfðabakki frá Vesturlandsvegi (1) að Breiðholtsbraut og Bæjarháls frá Höfðabakka að Tunguhálsi.

Seltjarnarnes:

Norðurströnd og Suðurströnd frá upphafi við Eiðsgranda hringinn kringum byggðina að enda við Eiðsgranda.

Mosfellssveit:

Framhald Hafravatnsvegar (431) frá Vesturlandsvegi (1) til norðvesturs frá Þverholti, ofan Markholtshverfis og á fyrirhugaðan Þingvallaveg (36) við Leiruvog (nálægt Hrossatanga).

Akranes:

Akranesvegur (51) frá hringtorgi um Skagabraut, Suðurgötu og Hafnarbraut að hafskipabryggju. Akrafjallsvegur (503) frá hringtorgi að fyrstu tengingu í hverfi á Garðagrundum.

Borgarnes:

Borgarnesbraut (531) frá lóð Vegagerðar ríkisins um Borgarbraut og Brákarbraut að höfn í Brákarey.

Hellissandur:

Keflavíkurgata frá gatnamótum við Útnesveg (574) að enda hennar við Höskuldsá.

Ólafsvík:

Ólafsvíkurvegur (54) frá gatnamótum Sandholts á Ytra-Klifi um Ólafsbraut og Ennisbraut vestur fyrir byggð. Enn fremur álma frá Ólafsbraut að efri enda Norðurgarðsbryggju.

Endurprentað blað.

Grundarfjörður:

Snæfellsnesvegur (57) frá Gilósi um Grundargötu vestur fyrir byggð ásamt álmu að höfn um Hrannarstíg.

Stykkishólmur:

Stykkishólmsvegur (58) frá gatnamótum Skipavíkurvegar um Túngötu að höfn.

Patreksfjörður:

Barðastrandarvegur (62) frá Bergsstöðum um brú á Mikladalsá, um Aðalstræti, Strandgötu og Þórsgötu að hafnarbakka í Patrekshöfn.

Bíldudalur:

Ketildalavegur (619) frá vegamótum Bíldudalsvegar (63) við Litlu-Eyri um aðalgötuna í kauptúninu að Jaðri ásamt álmu að bryggju.

Þingeyri:

Vestfjarðavegur (60) frá mörkum 500 m austan vegamóta við Svalvogaveg (622), Svalvogavegur (622) frá vegamótum Vestfjarðavegar (60) um Fjarðargötu og Aðalstræti að Byggðarenda við Svalvogaveg (622) með álmu um Hafnarstræti út undir bryggju.

Flateyri:

Flateyrarvegur (64) frá vegamótum Eyrarhjallavegar um Hafnarstræti að bryggju.

Suðureyri:

Súgandafjarðarvegur (65) frá Höfða innan við syðsta hús um Aðalgötu út á móts við læk, sem rennur utan til við ysta hús kauptúnsins á svokölluðu Stekkjarnesi.

Bolungarvík:

Vestfjarðavegur (60) frá gatnamótum um 330 m sunnan við Hólsá, um nýjan veg og brú yfir ána, um Aðalgötu norður á móts við brimbrjót og niður á brimbrjót.

Ísafjörður:

Vestfjarðavegur (60) frá Engi um nýjan veg framan við íþróttasvæði og menntaskóla, um Sólgötu og Fjarðarstræti að ristarhliði nyrst í bænum ásamt álmu um Hafnarstræti, Aðalstræti og Suðurgötu að bátabryggju.

Í Hnífsdalsbyggð: Vestfjarðavegur (60) frá gatnamótum Dalbrautar um Strandgötu út fyrir Heimabæjarvör svo langt sem sjóvarnargarður nær (um 200 m).

Hólmavík:

Hólmavíkurvegur (68) frá Hvoli um Hafnarbraut og Höfðaveg niður á bryggjutanga.

Hvammstangi:

Hvammstangavegur (72) frá gatnamótum Húnabrautar, Húnabraut og Brekkugata að Hvammstangavegi (72).

Blönduós:

Vestan Blöndu: Aðalgata frá Norðurlandsvegi (1) að gatnamótum austan hótels. Austan Blöndu: Húnabraut frá Norðurlandsvegi (1) að Hafnarbraut og Hafnarbraut að bryggju.

Skagaströnd:

Skagastrandarvegur (74) frá vegamótum austan við félagsheimili, um Fellsbraut, Oddabraut, Strandgötu og Skagastrandarveg (74) um 150 m norður fyrir gatnamót Bankastrætis.

Sauðárkrókur:

Skagavegur (745) frá mjólkursamlagi við Sauðárkróksbraut (75) um Skagfirðingabraut, Aðalgötu og Eyrarveg norður fyrir frystihús. Sauðárkróksbraut (75) frá mjólkursamlagi um Hegrabraut að NV horni flugvallar.

Siglufjörður:

Siglufjarðarvegur (76) frá Dalbæ um Hvanneyrarbraut, Aðalgötu og Gránugötu og Tjarnargötu að höfn.

Ólafsfjörður:

Ólafsfjarðarvegur (82) frá nyrstu byggð um Aðalgötu að Ólafsfjarðarvegi eystri (802) ásamt álmu að hafnargarði og Ólafsfjarðarvegur eystri (802) að gatnamótum við fyrirhugað elliheimili.

Dalvík:

Ólafsfjarðarvegur (82) frá barnaskóla um Skíðabraut, Hafnarbraut og Gunnarsbraut að Brimnesá með álmu að höfn.

Akureyri:

Norðurlandsvegur (1) frá fyrirhugaðri tengibraut milli Skarðshlíðar og Krossanesbrautar norðan „Veganestis“ um Hörgárbraut, Glerárgötu og veg skv. skipulagi austan Skipagötu og Hafnarstrætis að vegi, er liggur til vesturs um Búðagil skv. skipulagi.

Húsavík:

Norðausturvegur (85) frá Hjarðarholti um Stangarbakka, yfir Búðarárgil um Héðinsbraut að Baldurshaga.

Raufarhöfn:

Norðausturvegur (85) frá Klifi um Aðalgötu að syðstu byggð í kauptúninu (barnaskóla) ásamt álmu að hafnarbryggju.

Þórshöfn:

Langanesvegur (869) frá Bakkalæk (Hafnarlæk) um aðalgötu í gegnum kauptúnið að hreppamörkum við olíustöð, með álmu að höfn.

Vopnafjörður:

Norðausturvegur (85) frá læknisbústað út Hamrahlíð og inn Miðbraut að Hólmum, með álmu að bryggju hjá kaupfélagi.

Egilsstaðir:

Tjarnarbraut frá Norðfjarðarvegi (92) að gatnamótum við Árskóga.

Seyðisfjörður:

Seyðisfjarðarvegur (93) frá Hóli um Vesturveg að vegamótum Vestdalseyrarvegar og Hánefsstaðavegar. Vestdalseyrarvegur (951) frá vegamótum að götu að Vélsmiðjunni Stál og Hánefsstaðavegur frá vegamótum að læk sunnan lóðar Síldarverksmiðju ríkisins.

Neskaupstaður:

Norðfjarðarvegur (92) frá vegi að nýju hafnarsvæði um Strandgötu, Hafnarbraut og Egilsbraut að gatnamótum Eyrargötu.

Eskifjörður:

Norðfjarðarvegur (92) frá Bleiksárbrú um Strandgötu upp Botnabraut að gatnamótum við Hátún. Helgustaðavegur (954) frá mótum Strandgötu og Botnabrautar um Strandgötu að hreppamörkum á Mjóeyri.

Reyðarfjörður:

Norðfjarðarvegur (92) frá Kvíagilslæk um Aðalgötu að læk við Neðri-Bakka. Hafnargata frá Aðalgötu að höfn og Strandgata frá Hafnargötu vestur fyrir hús kaupfélags Héraðsbúa og þaðan til norðurs að Aðalgötu.

Fáskrúðsfjörður:

Suðurfjarðavegur (96) frá hreppamörkum við Heiði um Búðaveg að Búðalæk.

Djúpivogur:

Djúpavogsvegur (98) frá mörkum 250 m sunnan prestsseturs framhjá kirkju að höfn með álmu að síldarbræðslu nyrst við Gleiðuvík.

Höfn í Hornafirði:

Hafnarvegur (99) frá gatnamótum Vesturbrautar að gatnamótum Víkurbrautar. Víkurbraut frá hóteli að bryggju í Álaugarey.

2. gr.

Um framkvæmdir við lagningu og viðhald þjóðvega samkv. 1. gr., svo og greiðslu kostnaðar, skal farið samkv. reglugerð um ríkisframlag til þjóðvega í kaupstöðum og kauptúnum frá 2. desember 1964.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt vegalögum nr. 80 10. júlí 1973, öðlast gildi 1. janúar 1974 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um þjóðvegi í kaupstöðum og kauptúnum, nr. 44 8. mars 1965 og reglugerð nr. 205/1966, um sama efni.

Samgönguráðuneytið, 27. desember 1973.

Björn Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

REGLUGERÐ

um landlækni og landlæknisembættið

I. KAFLI

Skipun og frumverkefni.

1. gr.

1. Forseti skipar landlækni. Hann skal vera sérmenntaður embættislæknir eða hafa jafngilda menntun til starfsins.
2. Nefnd, sem skipuð er samkvæmt 33. gr. laga nr. 56 1973, skal meta hæfni umsækjenda um stöðu landlæknis. Heimilt er að skipa hvern þann umsækjanda til embættisins, sem hæfur er talinn af nefnd þessari.

2. gr.

1. Landlæknir skal vera ráðunautur ráðherra og ríkisstjórnar um allt, er varðar heilbrigðismál. Heimilt er að fela honum framkvæmd tiltekinna málaflokka samkvæmt lögum, reglum og venjum, er þar um gilda.

3. gr.

1. Auk landlæknis starfar við embættið sérmenntaður læknir, sem vera skal landlækni til aðstoðar, aðstoðarlandlæknir. Einnig starfar við embættið sérhæft starfslið, fulltrúar og ritarar eftir nánari ákvörðun ráðherra.

II. KAFLI

Störf landlæknis.

4. gr.

1. Landlæknir veitir landlæknisembættinu forstöðu.
2. Landlæknir annast faglegt eftirlit með öllum heilbrigðisstofnunum og heilbrigðisstéttum.
3. Landlæknir hefur á hendi faglegt eftirlit með starfi og starfsaðstöðu heilbrigðisstétta, jafnt þeirra, sem starfa á heilbrigðisstofnunum og annarra.
4. Landlæknir skal sinna kvörtunum eða kærum, er varða samskipti almennings og heilbrigðisstétta.
5. Landlæknir skipuleggur skýrslugerðir héraðslækna, annarra heilbrigðisstarfsmanna og heilbrigðisstofnana, innheimtir fyrirskipaðar skýrslur frá þessum aðilum og annast útgáfu heilbrigðisskýrslna landsins í samvinnu við viðkomandi deildir ráðuneytisins. Landlæknir skal sjá um árlega útgáfu á læknaskrá.
6. Landlæknir kynnir sér frumvörp til laga, sem snerta heilbrigðismálefni og gefur umsagnir um þau þegar þess er óskað eða honum þykir ástæða til.
7. Landlæknir fjallar um veitingu lána og styrkja til heilbrigðisstétta og heilbrigðisstofnana, eftir þeim lögum og reglugerðum, sem þar um gilda á hverjum tíma.
8. Landlæknir heldur skrár yfir heilbrigðisstofnanir og heilbrigðisstéttir eftir því sem lög og reglugerðir segja fyrir um.
9. Landlæknir leitast við að fá lækna til þess að gegna störfum á þeim stöðum, sem erfitt hefur reynst að halda uppi læknisþjónustu.

III. KAFLI
Eftirlit með heilbrigðisstofnunum og heilbrigðisstéttum.

5. gr.

1. Landlæknir fjallar um veitingu lækningaleyfa og annarra starfsleyfa heilbrigðisstétta eftir þeim lögum og reglugerðum, sem þar um gilda á hverjum tíma.
2. Landlæknir fjallar um rekstursleyfi heilbrigðisstofnana samkvæmt þeim lögum og reglugerðum, er þar um gilda á hverjum tíma.
3. Landlæknir fjallar um sviptingu lækningaleyfa og annarra starfsleyfa heilbrigðisstétta svo og rekstursleyfa heilbrigðisstofnana eftir þeim lögum og reglugerðum, er þar um gilda hverju sinni.
4. Landlæknir heldur uppi eftirliti með lækningastarfsemi allri, m. a. í því skyni að sporna við skottulækningum og annarri ólögmætri lækningastarfsemi.

IV. KAFLI
Eftirlit með lyfjanotkun.

6. gr.

1. Landlæknir hefur læknisfræðilegt eftirlit með lyfjum og lyfsölu.
2. Landlæknir hefur eftirlit með ávísunum lækna á ávana- og fíknilyf og skal hann leita skýringar, telji hann að um óhæfilegar ávísanir sé að ræða.
3. Telji landlæknir ástæðu til að framkvæma eftirlit eða athugun á lyfjamálum, þá beinir hann tilmælum til Lyfjaeftirlits ríkisins um framkvæmd eftirlits eða athugunar.

V. KAFLI
Umsjón heilbrigðiseftirlits.

7. gr.

1. Landlæknir annast stjórn Heilbrigðiseftirlits ríkisins.
2. Landlæknir veitir umsagnir og gerir tillögur um heilbrigðisreglugerðir.
3. Telji landlæknir nauðsyn á heilbrigðisráðstöfunum, sem varða almenningsheill, en hlutaðeigandi heildbrigðisnefnd fæst ekki til að láta málið til sín taka eða gengur ekki nægilega ríkt eftir framkvæmdum, þá skal hann gera tillögur til ráðherra um framkvæmd ráðstöfunar. Í slíkum tilvikum skal landlæknir ætíð ráðgast við Heilbrigðiseftirlit ríkisins.
4. Landlækni ber að skera úr ágreiningi, er rísa kann á milli heilbrigðisnefnda og annarra aðila, sem með sérstökum lögum hefur verið falið að hafa eftirlit með stofnunum eða starfrækslu, sem lög um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit taka til.

VI. KAFLI
Sóttvarnaeftirlit.

8. gr.

1. Landlæknir sér um að embættislæknar sinni opinberum farsóttavörnum.
2. Landlæknir skal fylgjast með sóttarfari erlendis og gefa út leiðbeiningar til fólks vegna ferða erlendis, telji hann þess þörf.
3. Landlæknir gerir tillögur til ráðherra, telji hann að beita þurfi sóttvarnarráðstöfunum, í því skyni að hindra það, að sóttir berist til landsins eða héðan til annarra landa.
4. Landlæknir skal vera sóttvarnanefndum landsins til ráðuneytis um framkvæmd ráðstafana gegn því að næmar sóttir berist til landsins.

5. Landlæknir gefur út leiðbeiningar til lækna og heilsugæslustöðva um framkvæmd ónæmisaðgerða.
6. Landlæknir lætur læknum og heilsugæslustöðvum í té sérstakar skírteinisbækur, ónæmisskírteini.
7. Landlæknir skal sjá um að tiltæk séu í landinu ónæmisskírteini Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar.
8. Sóttvarnasjóður skal vera í vörslu landlæknis, en undir yfirstjórn ráðherra og eru allar greiðslur úr sjóðnum háðar samþykki ráðherra.

VII. KAFLI
Önnur störf samkvæmt lögum og reglugerðum.

9. gr.

1. Landlæknir á sæti í Almannavarnaráði og fer með stjórn þeirra þátta almannavarna, er varða sjúkrahúsmál, læknismeðferð og hjúkrun á sjúkum og særðum, eftir nánari fyrirmælum ráðherra.
2. Landlæknir er formaður læknaráðs.
3. Landlæknir er formaður Manneldisráðs.
4. Landlæknir er formaður stjórnar Hjúkrunarskóla Íslands.
5. Landlæknir semur reglur og leiðbeiningar um réttarlæknisskoðanir á líkum, um líkskurði og sérstök dánarvottorð fyrir þá, er deyja voveiflega.
6. Landlæknir er formaður Helbrigðisráðs Íslands.
7. Landlæknir er formaður nefndar, er metur hæfni umsækjenda um stöðu landlæknis, stöður yfirlækna, sérfræðinga, héraðslækna, og lækna heilsugæslustöðva.
8. Landlæknir skal í samvinnu við ráðuneytið, Háskóla Íslands, menntamálaráðuneytið og hin ýmsu stéttasamtök heilbrigðisstarfsmanna, eftir því sem við á, stuðla að aukinni þekkingu og endurbótum á grunn- og framhaldsmenntun heilbrigðisstarfsmanna, í samræmi við þarfir landsmanna á hverjum tíma. Sama gildir og um viðhaldsmenntun.
9. Landlæknir skal ásamt ráðuneytinu hafa forgöngu um samvinnu þeirra aðila innanlands, sem starfa að heilbrigðismálum, og í samráði við utanríkisráðuneytið um eflingu samstarfs á sviði þessara mála við Norðurlandaþjóðir, Evrópu og á alþjóðavettvangi.
10. Landlæknir er til ráðuneytis um, hvernig best og öruggast verði séð um, að læknar komist frá heilsugæslustöðvum til móttökustaða innan starfssvæðis, svo og um almennt sjúkraflug og neyðarþjónustu.
11. Landlæknir skal gefa umsögn um áætlun ráðherra um heilbrigðisstofnanir samkvæmt lögum nr. 56 frá 1973.

VIII. KAFLI
Gildistaka.

10. gr.

1. Reglugerð þessi er sett með stoð í 3. gr. 3. tl. laga nr. 56 frá 1973 um heilbrigðisþjónustu og öðlast gildi 1. janúar 1974.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 28. desember 1973.

Magnús Kjartansson.

Páll Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um lyfjaeftirlit ríkisins.

I. KAFLI

Stjórn og starfssvið.

1. gr.

Lyfjaeftirlit er undir stjórn deildarstjóra lyfjamáladeildar heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins.

Landlækni ber að hafa eftirlit varðandi læknisfræðileg atriði, er varða lyf og lyfsölu. Sömuleiðis getur landlæknir átt frumkvæði að eftirliti og athugun á lyfjamálum, sem er í verkahring lyfjaeftirlitsins að annast.

2. gr.

Lyfjaeftirlit tekur til framkvæmdar eftirlits og leiðbeininga varðandi eftirtalda þætti:

1. Starfsemi lyfjabúða og undirstofnana þeirra.
2. Starfsemi lyfjagerða.
3. Starfsemi lyfjaheildsala.
4. Lyfjadreifing á sjúkrahúsum.
5. Lyfjasala héraðslækna.
6. Sérlyfjaeftirlit og eftirlit með innflutningi lyfja.
7. Auglýsing á lyfjum og lyfjavöru.
8. Innflutningur eiturefna og hættulegra efna.
9. Lyfjanotkun.
10. Annað eftirlit er varðar framfylging ákvæða lyfsölulaga, reglugerða settra samkvæmt þeim lögum eða annarra laga eða reglugerða.

II. KAFLI

Sérlyfjaeftirlit og innflutningseftirlit.

3. gr.

Sérlyfjaeftirlit varðar innihald og samsetningu, sérlyfs, svo og nafn, verð, framleiðslu og sölu þess sbr. 61. gr. lyfsölulaga.

Innflutningseftirlit varðar eftirlit með tollafgreiðslu sérlyfja og annarra fullbúinna lyfja samkvæmt tollskrárnúmeri 30.03.09. Enn fremur hráefni til lyfjagerðar og aðrar lyfjavörur samkvæmt öðrum tollskrárnúmerum.

4. gr.

Eftirlit með því, að ákvæði X. kafla lyfsölulaga nr. 30 29. apríl 1963 um sérlyf, svo og eftirlit með því, að ákvæði þessarar reglugerðar verði haldin, framkvæmir lyfjaeftirlitsmaður. Eftirlitið skal einkum beinast að sölu sérlyfja í landinu með tilliti til þess, að ekki verði seld önnur sérlyf en þau, sem skráð eru eða á annan hátt er heimilað að selja.

5. gr.

Sérlyf eru samkvæmt reglugerð þessari lyf fullbúin til afhendingar og seld í umbúðum framleiðanda. Þau bera sérnafn eða samheiti og nafn og heimilisfang framleiðanda og innflytjanda. Þau er heimilt að selja, ef þau eru greind í sérlyfja-

skrá eða ráðherra hefur eftir tillögum landlæknis heimilað, að flytja megi inn takmarkað magn af óskráðu sérlyfi, enda sé það þá aðeins látið úti gegn lyfseðli sbr. og undanþágulista samkvæmt 7. gr. reglugerðar nr. 173/1967 um hverjar vörur lyfsalar einir og læknar (dýralæknar), er rétt eiga eða leyfi hafa til lyfjasölu, mega hafa á boðstólum, selja eða afhenda.

Sala annarra lyfja, sem fullbúin eru til afhendingar í umbúðum framleiðanda og merkt honum, hvort heldur þau eru nefnd sérheiti eða samheiti, er bönnuð.

Ákvæði þetta tekur þó ekki til lyfja, sem greind eru í lyfjaskrá, löggiltum lyfseðlasöfnum (dispensatoria) og lyfjaforskriftum.

6. gr.

Ef í ljós kemur, að lyf er verulega gallað, er heildsölufyrirtæki skylt, samkvæmt fyrirmælum lyfjaeftirlitsins, að kalla inn þegar í stað hið gallaða lyf frá öllum þeim aðilum, sem samkvæmt bókum fyrirtækisins hafa keypt hluta af því. Í slíkum tilfellum skal fyrirtækið gera skrá yfir kaupendur hinnar gölluðu vöru og senda hana til heilbrigðisráðuneytisins.

7. gr.

Nú kemur í ljós, að einhverjum skilyrðum varðandi sérlyf er ábótavant svo sem nafn, verð, merking, innihald eða samsetning og er þá lyfjaeftirlitinu heimilt að leggja hald á eða innsigla birgðir þess sérlyfs þar til bætt hefur verið úr galla eða lyfinu fargað.

8. gr.

Lyfjaeftirlitið getur lagt hald á eða innsiglað birgðir sérlyfs, sem ekki uppfylla skilyrði 5. gr. hér að framan, þar til dómur hefur gengið í máli varðandi upptöku birgðanna samkv. 68. gr. lyfsölulaga nr. 30 29. apríl 1963.

9. gr.

Óheimilt er að tollafgreiða lyf, nema innflytjandi leggi fram við tollafgreiðslu, vörureikning, sem lyfjaeftirlitið hefur samþykkt til innflutnings.

Innflytjanda er jafnframt skylt að senda lyfjaeftirlitinu verðútreikning fyrir innflutt lyf innan eins mánaðar frá því varan var tollafgreidd.

Varðandi sérákvæði um innflutning á ávana- og fíknilyfjum fer eftir gildandi lögum og reglugerðum og öðrum fyrirmælum þar að lútandi.

III. KAFLI

Um auglýsingar lyfja og lyfjavöru.

10. gr.

Með auglýsingum á lyfjum og lyfjavöru er m. a. átt við auglýsingar í tímaritum, umburðarbréfum og öðru prentuðu máli. Til auglýsinga teljast einnig áletranir á ytri umbúðum, merkimiða eða í sérstökum fylgiblöðungi, sem gefa til kynna gagnsemi innihaldsins við ákveðnum sjúkdómum eða sjúkdómseinkennum. Enn fremur dreifing sýnishorna af lyfjum.

11. gr.

Auglýsingar á lyfjum, lyfjavöru, læknis- og lækningaáhöldum skulu vera á þann hátt, að ekki sé líklegt að þær komi almenningi fyrir sjónir.

12. gr.

Eftirlit með auglýsingum lyfja og lyfjavöru, skal einkum beinast að innlendum fagtímaritum svo og hvers konar umburðarbréfum. Skal lyfjaeftirlitið jafnan

kanna hvort gefnar séu rangar eða villandi upplýsingar um lyf, og skal leita umsagnar landlæknis og lyfjaskrárnefndar um þess konar tilvik áður en aðgerðum er beitt samkvæmt 5. gr. lyfsölulaga.

IV. KAFLI
UM EFTIRLIT MEÐ FYRIRTÆKJUM OG STOFNUNUM

Lyfjaheildsala.

13. gr.

Framkvæmt skal eftirlit með lyfjaheildsölum og útibúum þeirra. Eftirlitið skal bæði vera almenns eðlis með húsakynnum, búnaði og rekstri lyfjaheildsölu samkvæmt reglugerð, og sömuleiðis skulu tekin sýni til rannsókna á þeim lyfjum, sem fyrirtækið selur.

Eftirlitið nær jafnframt til geymslu á lyfjum í almennri tollvörugeymslu og flutnings vöru úr tollvörslu til umboðsmanns eða lyfjaheildsölu. Með tilliti til öryggis í geymslu lyfja er æskilegt, að lyf séu tollafgreidd eigi síðar en 20 dögum eftir uppskipun.

Lyfjaframleiðsla.

14 gr.

Framkvæmt skal eftirlit með fyrirtækjum er stunda lyfjaframleiðslu, þar með talin Lyfjaverslun ríkisins. Eftirlitið skal bæði vera almenns eðlis með húsakynnum, búnaði og rekstri lyfjagerðarinnar samkvæmt reglugerð, og skulu tekin sýni til rannsókna á lyfjum, sem fyrirtækið framleiðir, sömuleiðis þeim hráefnum og umbúðum, sem fyrirtækið notar við framleiðsluna.

15. gr.

Lyfjaeftirlitið skal gefa út ákveðna staðla um góða framleiðsluhætti í lyfjagerð. Er framleiðendum skylt að fara í hvívetna eftir þeim fyrirmælum, sem lyfjaeftirlitið gefur í þessum efnum.

Framleiðendur skulu leita til eftirlitsins með sérhvert vafaatriði að því er varðar framleiðsluhætti.

Lyfjabúðir.

16. gr.

Eftirlit með lyfjabúðum skal bæði vera almenns eðlis með húsakynnum, búnaði og rekstri lyfjabúða samkvæmt reglugerð, einnig skulu tekin sýni til rannsókna á þeim lyfjum, sem lyfjabúðin selur.

Þær lyfjabúðir, sem flytja inn lyf og/eða framleiða lyf, eru háðar sömu skilyrðum um eftirlit sbr. 13—15. gr. og lyfjaheildsölur og lyfjagerðir, eftir því sem við á.

17. gr.

Eftir ástæðum skal fara eina eða fleiri eftirlitsferðir árlega í sérhvert viðurkennt fyrirtæki eða stofnun og útibú þeirra samkvæmt 13.—16. gr.

Lyfjasölur héraðslækna og dýralækna, lyfjaútsölur.

18. gr.

Framkvæmt skal eftirlit með lyfjasölum héraðslækna og dýralækna og lyfjaútsölum annað hvert ár eða oftar ef ástæða þykir til. Eftirlitið skal vera almenns eðlis, með húsakynnum, starfsliði, búnaði og rekstri slíkra lyfjaverslana samkv. reglugerðum.

Lyfjadreifing á sjúkrahúsum.

19. gr.

Framkvæmt skal árlegt eftirlit með lyfjadreifingu á sjúkrahúsum, svo sem mælt er fyrir í reglugerð það að lútandi.

Almenn ákvæði.

20. gr.

Lyfjaeftirlitið skal m. a. gæta að eftirfarandi:

1. að yfirstjórn fyrirtækis (stofnunar) sé með þeim hætti, sem krafist er samkvæmt lögum, og annað sérmenntað starfsfólk sé eftir þörfum,
2. að húsakynnum, áhöldum, og búnaði sé haldið í viðunandi ástandi og fyllsta hreinlætis sé gætt,
3. að hvers konar lyf og lyfjavörur séu tryggilega merktar og geymdar þannig, að ekki sé hætta á mistökum,
4. að geymsla og afgreiðsla lyfja og lyfjavöru fari fram samkvæmt þeim reglum, sem í gildi eru á hverjum tíma,
5. að færðar séu þær spjaldskrár og bækur, sem halda skal samkvæmt reglugerðum eða nánari fyrirmælum lyfjaeftirlitsins,
6. að fyrirtækið afhendi þau gögn, sem krafist er í umboði ráðherra vegna ákvörðunar lyfjaverðlags.

21. gr.

Lyfjaeftirlitið skal eiga greiðan aðgang að húsakynnum fyrirtækja og stofnana samkvæmt reglugerð þessari á venjulegum afgreiðslutíma. Á það rétt á öllum þeim upplýsingum, sem nauðsynlegar eru við framkvæmd eftirlitsins.

22. gr.

Þegar eftirlit með fyrirtæki eða stofnun hefur verið gert og rannsóknum á sýnishornum er lokið, gerir lyfjaeftirlitsmaður skýrslu um niðurstöður eftirlitsins og rannsóknanna.

Skýrslan er send viðkomandi aðila til athugunar og eftirbreytni og skal hún geymd að staðaldri í fyrirtækinu.

Skýrslan skal jafnframt sent til landlæknis.

Ef aðili vill gera athugasemdir við skýrslu lyfjaeftirlitsmanns, skulu þær gerðar skriflega með rökstuddri greinargerð eigi síðar en 2 mánuðum eftir að aðili fékk skýrsluna senda.

23. gr.

Nú gerir lyfjaeftirlitið svo veigamiklar athugasemdir við eftirlit með fyrirtæki eða stofnun, að varðar stöðvun hluta reksturs þess, eða alls reksturs viðkomandi aðila, og skal þá þegar gera landlækni aðvart. Deildarstjóri lyfjamáladeildar og landlæknir gera svo tillögur til ráðherra um ráðstafanir varðandi málið.

24. gr.

Viðkomandi fyrirtæki og stofnanir skulu þegar gera ráðstafanir til leiðréttingar eða úrbóta vegna athugasemda lyfjaeftirlitsmanns. Lyfjaeftirlitið getur eftir atvikum veitt frest í 3, 6, eða 12 mánuði eftir að athugasemd var gerð, til að gera nauðsynlegar ráðstafanir samkvæmt þessari grein.

25. gr.

Lyfjaeftirlitið gefur skýrslu um skoðun fyrirtækja eða stofnana, áður en þau hefja starfsemi í hverri þeirri grein, er lyfjaeftirlitið tekur til. Starfsemi má ekki hefja, fyrr en ráðherra hefur veitt leyfi til þess, að fenginni skýrslu lyfjaeftirlitsins og tillögum landlæknis.

26. gr.

Lyfjaeftirlitinu er heimilt að taka sýni af lyfjum, hráefnum og umbúðum eins og nauðsynlegt er talið án endurgjalds.

Ef vanrækt eru nauðsynleg próf á innlendri framleiðslu skal lyfjaeftirlitið, auk þess að geta þess í skýrslu og veita áminningu, láta gera nauðsynleg próf á kostnað framleiðanda og stöðva alla sölu eða dreifingu á meðan rannsókn stendur.

V. KAFLI
Um eftirlitsgjald o. fl.

27. gr.

Fyrirtæki og stofnanir sbr. 2. gr. tölulíður 1.—5. skulu greiða eftirlitsgjald, sem ráðherra ákveður með reglugerð fyrir hvert almanaksár. Til sérlyfjaeftirlitsins, sbr. 2. gr. tölulíður 6., renna árgjöld af skráðum sérlyfjum.

Eftirlitsgjöld, skráningar- og árgjöld af lyfjum eru lögtakskræf.

28. gr.

Tekjur samkvæmt 27. gr. miðast við greiðslu fastra launa sérhæfðs starfsliðs lyfjaeftirlitsins og greiðslu á rannsóknakostnaði. Að öðru leyti greiðist kostnaður við eftirlitið úr ríkissjóði.

VI. KAFLI
Starfslið.

29. gr.

Til að tryggja framkvæmd reglugerðar þessarar má vera sérhæft starfslið við lyfjaeftirlit ríkisins, svo sem hér greinir:

1. Lyfjafræðingur er uppfylli almenn skilyrði laga til að öðlast lyfsöluleyfi.
2. Aðstoðarlyfjafræðingur eða aðili með sérmenntun sbr. 16. gr. lyfsölulaga nr. 30 29. apríl 1963.

VII. KAFLI
Niðurlagsákvæði.

30. gr.

Um brot gegn ákvæðum þeim, sem sett eru í reglugerð þessari fer eftir fyrirmælum XI. kafla lyfsölulaga nr. 30 29. apríl 1963.

31. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimildum í 47. og 61. gr. lyfsölulaga nr. 30 29. apríl 1963, sbr. og lög um breyting á þeim lögum nr. 70 16. apríl 1971, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 28. desember 1973.

Magnús Kjartansson.

Páll Sigurðsson

REGLUGERÐ

um starfsmannaráð sjúkrahúsa.

1. gr.

Stofnun starfsmannaráða.

Við hvert sjúkrahús, sem starfar samkvæmt 26. gr. laga um heilbrigðisþjónustu, skal starfslið sjúkrahússins kjósa sér fulltrúa og skulu þessir fulltrúar starfsmanna nefnast starfsmannaráð sjúkrahússins.

2. gr.

Hlutverk starfsmannaráða.

Hlutverk starfsmannaráðs er að koma fram sem fulltrúi starfsliðs sjúkrahússins gagnvart sjúkrahússtjórn, svo og kjósa fulltrúa starfsmanna í sjúkrahússtjórnir, sbr. 32. gr. laga um heilbrigðisþjónustu.

Auk þess skal starfsmannaráð kappkosta að annast eftirfarandi:

1. Gefa gaum að endurbótum á sjúkrahúsinu, sem bæði geta haft í för með sér bætta aðstöðu sjúklinga og þeirra, er á sjúkrahúsinu starfa.
2. Miðla upplýsingum frá stjórnendum sjúkrahússins til starfsliðs, einkum varðandi rekstur sjúkrahússins og fyrirhugaðar breytingar.
3. Vera tengiliður milli starfsliðs og stjórnar og koma á framfæri tillögum um breytta starfshætti og aðferðir, vinnuskilyrði og vinnuhagræðingu.
4. Hafa frumkvæði um að öllum öryggisráðstöfunum sé fullnægt í sambandi við tiltekin hættuleg störf í sjúkrahúsinu og er þar einkum átt við hættu á rafmagni, geislun, lofttegundum og því um líku.
5. Hafa frumkvæði um nýmenntun og endurmenntun starfsliðs, svo og hafa hönd í bagga með því hvaða upplýsingar nýju starfsliði eru gefnar, er að sjúkrahúsinu kemur.

Starfsmannaráð kemur öllum tillögum sínum til stjórnenda sjúkrahússins á framfæri með tilstyrk þeirra fulltrúa, er það hefur kjörið í sjúkrahússtjórn.

Starfsmannaráð taka ekki til meðferðar málefni, sem snerta almennar lögfræðilegar skýringar eða skýringar staðbundinna kjarasamninga, svo sem um uppsögn samninga, túlkun þeirra eða samræmingu.

3. gr.

Kjör starfsmannaráðs.

Í fyrsta skipti, er kjör starfsmannaráðs fer fram, skal stjórn sjúkrahússins og framkvæmdastjóri þess sjá um framkvæmd kjörsins.

Kjörgengir í starfsmannaráð sjúkrahúss eru allir þeir er starfa við sjúkrahúsið í hálfu starfi eða meira, og hafa starfað þar að minnsta kosti 6 mánuði samfleytt áður en kjör fer fram.

Í starfsmannaráði má hverju sinni aðeins vera einn fulltrúi hverrar starfsstéttar sjúkrahússins og telst hver menntunarstétt í þessu sambandi ein starfsstétt (læknar, hjúkrunarkonur, sjúkraliðar, meinatæknar o. s. frv.).

Kosning í starfsmannaráð skal fara fram í nóv./des. annað hvert ár á kjörfundi, sem stendur a. m. k. 10 klukkustundir. Skal boða til hans með viku fyrirvara.

Kosið skal af lista, sem á eru nöfn allra, sem starfsmenn og stjórnendur sjúkrahússins hafa stungið upp á. Listinn sé hlutaður eftir starfsstéttum og aðeins einum frambjóðanda í hverjum hluta greitt atkvæði, uns valdir hafa verið jafnmargir og kjósa skal, ella er atkvæðaseðill ógildur. Skal stjórn sjúkrahúss sjá um, í fyrsta skipti sem kosið er, að slíkur listi sé gerður.

Í starfsmannaráði skulu sitja 7 fulltrúar. Í fyrsta skipti, sem kosið er, skulu 4 þeir, er flest atkvæði fá, kosnir til fjögurra ára en hinir 3 til tveggja ára, þannig að aldrei skipti um alla ráðsmenn samtímis.

Starfsmannráð kjósa sér sjálf formann, varaformann og ritara og skulu halda gerðabók um fundi sína.

4. gr.

Störf starfsmannaráða.

Starfsmannaráð halda fundi þegar þurfa þykir og eigi sjaldnar en annan hvern mánuð. Starfsmannráð skulu fá aðstöðu til fundarhalds í húsnæði sjúkrahúss og þeir, sem í starfsmannaráð eru kjörnir, skulu hafa heimild til að sækja fundi þess í vinnutíma sínum.

Að minnsta kosti tvisvar á hverju ári skal starfsmannaráð halda almenna fundi með starfsliði sjúkrahússins og skýra þar frá starfi ráðsins og taka fyrir önnur þau mál, er ráðið ákveður.

Starfsmannaráði skal skylt að halda almenna fundi starfsfólks, ef að minnsta kosti þriðjungur starfsmanna óskar eftir því skriflega.

Heimilt er slíkum almennum fundum starfsfólks, er starfsmannaráð stendur fyrir, að kjósa starfsnefndir til ákveðinna verkefna og starfa þær þá undir stjórn starfsmannaráðsins og skila af sér störfum til þess.

Heimilt er stjórn sjúkrahúss að senda starfsmannaráði til umsagnar ákveðin málefni. Skal þá starfsmannaráð gefa umsögnina svo fljótt sem verða má og eigi síðar en tveim vikum eftir að því barst erindið.

Þegar kjörtímabil starfsmannaráðs eða hluta þess er útrunnið, skal starfsmannaráð í samvinnu við framkvæmdastjóra sjúkrahússins sjá um að kjör nýrra fulltrúa í starfsmannaráð fari fram samkvæmt þeim reglum, sem getið er hér að framan.

5. gr.

Starfsmannaráð ríkisspítala.

Starfsmenn hinna einstöku ríkisspítala, þ. e. Landspítala (ásamt Rannsóknastofu Háskólans) Kleppsspítala, Vífilsstaðaspítala, Kópavogshælis og Kristneshælis, kjósa starfsmannaráð eins og lýst hefur verið hér að framan.

Starfsmannaráð þessara spítala kjósa síðan fulltrúa í sameiginlegt starfsmannaráð ríkisspítala og skal starfsmannaráð ríkisspítalanna sameiginlega vera þannig skipað, að 3 fulltrúar séu úr starfsmannaráðum Kristneshælis og Kópavogshælis, 5 ráðsmenn úr starfsmannaráðum Vífilsstaðaspítala og Kleppsspítala og 7 ráðsmenn úr starfsmannaráði Landspítala eða alls 23 fulltrúar.

Þetta starfsmannaráð ríkisspítala kýs sér sjálft formann, varaformann og ritara. Það skal kjósa þá fulltrúa, sem starfsmannaráð ríkisspítala ber að tilnefna í stjórnarnefnd ríkisspítala samkvæmt 32. grein laga um heilbrigðisþjónustu. Jafnmarga menn skal kjósa til vara. Í fyrsta sinn skal annar fulltrúinn kosinn til fjögurra ára og hinn til tveggja ára og gegnir sama máli um varamenn.

Starfsmannaráð ríkisspítala skal halda fundi eigi sjaldnar en einu sinni á ári, og oftar ef þurfa þykir. Það getur tekið til meðferðar mál, sem eru sameiginleg fyrir ríkisspítalana alla svo og mál, sem stjórnarnefnd vísar til umsagnar ráðsins.

Að öðru leyti gilda, eftir því sem við getur átt, ákvæðin hér að framan um starfsmannaráð sjúkrahúsa.

6. gr.

Ýmis ákvæði.

Kjör í starfsmannaráð skal í fyrsta sinn fara fram svo fljótt, sem við verður komið, og eigi síðar en fyrir 1. mars 1974.

Þar sem með stjórn sjúkrahúsa fara kjörnir fulltrúar sveitarfélaga eða annarra eigenda, skal hin nýja skipan um stjórn samkvæmt lögum nr. 56/ 1973 taka gildi þegar kjörtímabili viðkomandi stjórnar lýkur.

Starfsmannaráð einstakra sjúkrahúsa geta sett sér ítarlegri starfsreglur en hér er getið og öðlast þær starfsreglur gildi, ef stjórn sjúkrahússins staðfestir þær.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 34. grein laga nr. 56/1973 og öðlast gildi hinn 1. janúar 1974.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 28. desember 1973.

Magnús Kjartansson.

Páll Sigurðsson.

31. desember 1973. Nr. 414.

REGLUGERÐ

um holræsi og holræsagjöld í Hvammstangahreppi.

1. gr.

Þegar hreppurinn hefur látið leggja holræsi í veg, götu eða annað opið svæði, eða þar sem hreppurinn hefur tekið að sér viðhald og endurnýjun eldri holræsa, er þeim húseigendum, er þar eiga hús að eða í námunda við, skylt að leggja á sinn kostnað ræsi frá húsinu, er flytji allt skólp frá því út í aðalræsi. Regnvatn af húsum og lóðum skal einnig, eftir því sem unnt er, leiða í ræsi. Vanræki einhver að láta gera holræsi (frá húsi að göturæsi) innan hæfilegs frests, getur hreppsnefnd látið vinna verkið á hans kostnað. Sama gildir, ef húseigandi vanrækir viðhald heimæðar.

2. gr.

Öll framkvæmdastörf, sem holræsakerfi staðarins varða, svo sem viðhald, endurbætur, viðauka og umsjón alla, annast hreppsnefnd, eða þeir menn, sem hreppsnefnd felur það, undir hennar umsjón.

Er engum heimilt að leggja ræsi í aðalræsi, nema með leyfi þessara aðila, og er mönnum skylt að hlíta í öllu fyrirmælum þeirra um gerð og legu ræsis og annað þess háttar, er máli skiptir í sambandi við það.

Sveitarstjóri annast reikningshald og fjárreiður holræsagerðarinnar.

3. gr.

Kostnaður allur við holræsakerfið greiðist úr sveitarsjóði. Til að standast þann kostnað ber hverjum húseiganda, sem tengir heimæð við aðalæð, að greiða tengigjald, samkvæmt ákvörðun hreppsnefndar. Einnig ber hverjum húseiganda, sem á hús við veg, götu eða opið svæði, þar sem holræsi er lagt í, að greiða holræsagjald til hreppsins, sem miðast við fasteignamat húss og lóðar 0.15% samkvæmt núverandi fasteignamati, þó aldrei lægra en kr. 600.00.

Tengigjald kr. 3 000.00 fyrir hús með einni íbúð, en auk þess kr. 1 000.00 fyrir íbúð umfram eina, fyrir atvinnuhúsnæði kr. 6 000.00.

Gjöld þessi getur hreppsnefnd hækkað eða lækkað eftir ástæðum um 50% án samþykkis ráðuneytis.

4. gr.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu holræsagjalds gagnvart hreppsnefnd. Kröfur, sem hreppsnefndin kann að öðlast samkv. 1. og 3. gr., má taka lögtaki á kostnað

gjaldanda, og eru gjöld þessi tryggð með lögveði í húseigninni í næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

Gjalddagi holræsagjalds er 15. janúar ár hvert.

5. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum, allt að krónum 5 000.00 nema þyngri refsing liggi við samkv. lögum. Mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið með að hætti opinberra mála.

6. gr.

Reglugerð þessi tekur gildi 1. janúar 1974.

Reglugerð þessi, sem hreppsnefnd Hvammstangahrepps hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 15 20. júní 1923, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um holræsi á Hvammstanga, nr. 169 frá 21. október 1949.

Félagsmálaráðuneytið, 31. desember 1973.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

Nr. 415. 31. desember 1973.

REGLUGERÐ

fyrir Vatnsveitu í Hvammstangahreppi.

1. gr.

Hreppsnefnd Hvammstangahrepps hefur einkaleyfi til reksturs vatnsveitu og sölu vatns á svæði því, er vatnsveita hreppsins nær yfir og hún getur fullnægt, og einnig til Hvammstangahafnar.

2. gr.

Hreppsnefnd fer með yfirstjórn vatnsveitunnar. Heimilt er henni að ráða sérstakan umsjónarmann eða kjósa vatnsveitunefnd, er hafi eftirlit með vatnsveitukerfinu, lagningu viðbótar vatnsæða svo og tengingu húsæða við aðalkerfi.

3. gr.

Hver sá, er vill komast í samband við Vatnsveitu Hvammstanga, skal senda vatnsveitunni skriflega umsókn þar um. Umsókninni skulu fylgja upplýsingar um, hve mikið vatn hlutaðeigandi telur sig þurfa að nota.

4. gr.

Umsjónarmanni vatnsveitunnar er heimilt að fara um hús manna, þar sem vatnsæðar liggja, til þess að athuga þær og tæki þau, sem sett eru í samband við þær. Ef honum þykir útbúnaði í einhverju ábótavant, skal húseigandi tafarlaust bæta úr því, ella er umsjónarmanni heimilt að gera það á hans kostnað.

Heimilt er vatnsveitunni að loka vatnsæðum fyrir þeim, sem vanrækja að gera við bilanir á pípum eða tækjum, eyða vatni að óþörfu eða greiða ekki tengigjald eða vatnsskatt á réttum gjalddögum.

Fullan vatnsskatt ber að greiða fyrir þann tíma, sem vatnsæðum er lokað af þessum sökum.

5. gr.

Hver sá, er veldur skemmdum á eignum vatnsveitunnar, eða á annan hátt bakar henni skaða, skal bæta það að fullu og sæta sektum, nema þyngri refsing liggi við að lögum.

Engum er heimilt, án leyfis umsjónarmanns vatnsveitunnar eða slökkviliðsstjóra, að taka vatn úr brunahönum vatnsveitunnar.

Skylt er manni að láta af hendi land sitt og landsafnot í þarfir vatnsveitunnar svo og mannvirki, og þola þær eignakvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti, sem vatnsveitan kann að hafa í för með sér, enda komi fullar bætur fyrir samkvæmt mati, ef ekki næst samkomulag.

6. gr.

Skylt er manni að láta af hendi land sitt og landsafnot í þarfir vatnsveitunnar svo og mannvirki, og þola þær eignakvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti sem vatnsveitan kann að hafa í för með sér, enda komi fullar bætur fyrir samkvæmt mati, ef ekki næst samkomulag.

7. gr.

Hver sá, er húseign á við götu eða veg, sem vatnsæð liggur í, á rétt á að tengja vatnsæð frá henni á eigin kostnað við húsið, enda sé það reist með samþykki byggingarnefndar og vatnið ætlað til heimilisþarfa.

Vatnsnot til annarra þarfa skulu að jafnaði leyfð með nánari fyrirmælum og skilyrðum, er vatnsveitan setur hverju sinni.

Vélar og önnur tæki, þau er nota vatn, önnur en venjuleg heimilistæki, má ekki tengja við hús eða heimæðar nema að fengnu leyfi vatnsveitunnar. Einnig getur vatnsveitan fyrirskipað breytingar á eldri tækjum og vélum, ef nauðsyn krefur.

Réttur húseiganda til vatnsnota skuldbindur ekki vatnsveituna til þess að tryggja, að þrýstingur í götuæðum sé ávallt nægjanlegur.

Ef sýnt þykir, að götuæðar þær, sem fyrir eru, geti eigi séð atvinnufyrirtæki eða öðrum, sem óskar eftir vatni til annarra þarfa en heimilis, fyrir nægilegu vatni, er notanda skylt að greiða kostnað við nauðsynlegar úrbætur eftir úrskurði vatnsveitunnar.

Ef vatnsæðar hafa ekki verið lagðar í götu eða veg, þar sem óskað er eftir vatnsnotkun, getur vatnsveitan sett það skilyrði fyrir lögn vatnsæðar, að tryggt sé, að kostnaður við lögnina fáist endurgreiddur, annað hvort með beinni þátttöku notanda eða með því að gjöld fyrir vatnsnotkun verði ákveðin með hliðsjón af kostnaðinum.

Vatnsveitan getur einnig ákveðið, að notendur, er síðar bætast við, beri hluta stofnkostnaðar við lögnina.

Vatnsveitan hefur eignarrétt og viðhaldsskyldu á dreifiæðum, enda þótt húseigendur hafi í upphafi borið að einhverju eða öllu leyti þann kostnað, er af lögninni leiddi, nema öðruvísi hafi verið um samið.

Vatnsveitan skal á eigin kostnað koma fyrir brunahönum í samráði við slökkviliðsstjóra.

8. gr.

Vatnsveitan lætur leggja vatnsleiðslur, aðalæðar og götuæðar.

Frá vatnsæðum veitunnar má enginn leggja vatnsæðar nema með leyfi hreppsnefndar og eftir að hafa greitt stofngjald.

Allar vatnsæðar frá vatnsveituæðum að húsi og í því eru eign húseiganda og ber hann kostnað af lögn þeirra og viðhaldi.

B 100

Endurprentað blað.

Vatnsveitan getur ákveðið, að heimæðar eða hluti þeirra skuli lagður af starfsmönnum hennar, en á kostnað húseiganda.

Að jafnaði fær hvert hús leyfi fyrir einni heimæð. Óski húseigandi eftir fleiri heimæðum, ber honum að sækja sérstaklega um það til vatnsveitunnar. Óheimilt er að tengja sama húsæðakerfi við tvær eða fleiri heimæðar.

Vatnsveitan getur ákveðið, að fleiri en eitt hús séu tengd sömu heimæð, og gefur þá fyrirmæli um vídd og legu æðarinnar. Hún getur ákveðið hvernig skipt skuli kostnaði við slíkar framkvæmdir, ef aðilar verða ekki ásáttir um slíkt.

Óski húseigandi að tengja við gamla heimæð, skal hann fá leyfi til þess bæði hjá eiganda heimæðarinnar og vatnsveitunni.

Því aðeins er heimilt að tengja heimæðar við hús, að þau séu fokheld og upphituð.

Húseiganda ber skylda til að halda við vatnslögnum sínum á eigin kostnað og láta gera við leka, þegar er hans verður vart. Þótt leka hafi ekki orðið vart, getur vatnsveitan, ef hún telur brýna þörf á, lagt fyrir húseiganda að endurnýja vatnslagnir sínar að nokkru eða öllu leyti.

Vanræki húseigandi viðhald á vatnslögnum sínum, er vatnsveitunni heimilt að annast viðgerð á kostnað hans.

9. gr.

Vatnsveitan ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, er leiða kann af rekstrartruflunum, er verða vegna vinnu við æðar vatnsveitunnar eða af öðrum ástæðum.

Ef eldsvoða ber að höndum, hafa slökkvilið, lögregla og starfsmenn vatnsveitunnar heimild til þess að gera hverjar þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar mega teljast, hvort heldur á vatnsæðum í einkaeign eða eign vatnsveitunnar.

10. gr.

Til að standa straum af kostnaði við vatnsveituna, skal innheimta vatnsskatt af skattskyldum fasteignum, og skal skatturinn miðaður við gjaldskrá vatnsveitunnar.

Vatnsskatt skal innheimta af öllum húsum í lögsagnarumdæmi hreppsins, sem standa við götu eða opin svæði, þar sem vatnsæðar liggja. Nú er hús, sem greiða ber af vatnsskatt, ekki virt fasteignamatsvirðingu, og ákveður þá vatnsveitan skattinn.

Aukavatnsskatt skal leggja á verksmiðjur, baðhús, iðnaðarfyrirtæki og önnur atvinnufyrirtæki og aðra, er nota vatn til annars en heimilisþarfa.

11. gr.

Reikningsár vatnsveitunnar er almanaksárið og annast sveitarstjóri reikningshald, innheimtu og greiðslur vatnsveitunnar.

Vatnsskattur fellur í gjalddaga 15. janúar ár hvert, aukavatnsskatt ber að greiða á 4 gjalddögum, eftir nánari ákvörðun vatnsveitunnar.

Vatnsskatt má taka lögtaki, og er hann tryggður með lögveðrétti í eigninni næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

12. gr.

Verði vatnsnotandi uppvís að óhóflegri notkun vatns eða hlíti ekki fyrirmælum vatnsveitunnar um viðhald eða breytingu vatnsæða, hefur vatnsveitan rétt til að loka heimæð hans að undangenginni aðvörun.

Vatnsveitunni er heimilt að skammta vatn til annars en heimilisnotkunar. Enn fremur getur hún krafist þess, að fyrirtæki, er mikið vatn notar, afli sér sparneytnari véla eða setji upp geyma til söfnunar vatns að næturlagi. Ef fyrirmælum vatns-

veitunnar er ekki sinnt innan hæfilegs frests, er heimilt að loka fyrir heimæð fyrirtækisins.

Vatnsveitunni er heimilt að taka gjald fyrir opnun heimæðar, sem hefur verið lokað af ofangreindum ástæðum.

13. gr.

Óheimilt er að tengja vatnsdælur við heimæðar án leyfis vatnsveitunnar. Sé leyfi veitt til slíkrar tengingar, er það háð því skilyrði, að þannig sé frá dælu gengið, að hávaði frá henni valdi eigi óþægindum.

Vatnsveitan getur krafist þess, að húseigandi geri sérstakar ráðstafanir til deyfingar hávaða frá dælu.

14. gr.

Vatnsæðar og tæki skulu þannig tengd, að ekki sé hætta á, að vatnið í æðunum óhreinkist.

Óheimil er öll meðferð vatnstækja, sem valdið geta óhreinkun á vatni í vatnsveituæð eða heimæð.

15. gr.

Hreppsnefnd getur sett nánari reglur um framkvæmd þeirra mála, er reglugerð þessi fjallar um.

Hreppsnefnd getur sett nánari reglur um framkvæmd þeirra mála, er reglugerð þessi fjallar um.

Jafnframt getur hún veitt undanþágur frá reglugerðinni, ef hún telur gildar ástæður til slíks.

16. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 5 000.00 krónum nema þyngri refsing liggi við að lögum. Með mál út af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem er samin og samþykkt af hreppsnefnd Hvammstangahrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð fyrir vatnsveitu Hvammstangahrepps nr. 36 frá 24. mars 1958.

Félagsmálaráðuneytið, 31. desember 1973.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

31. desember 1973. Nr. 416.

REGLUGERÐ

um niðurjöfnun og innheimtu vatnsskatts á Hvammstanga.

1. gr.

Almennur vatnsskattur.

Af öllum fasteignum í lögsagnarumdæmi Hvammstangahrepps, sem liggja við vegi eða opin svæði, þar sem vatnsæðar liggja, skal greiða árlegan vatnsskatt og skal honum varið til þess að standa straum af kostnaði við vatnsveituna.

Sama er og um aðrar fasteignir, sem fá vatn úr vatnsveitukerfi Vatnsveitu Hvammstangahrepps.

Álagningarstofn almenns vatnsskatts skal vera heildarmat hverrar fasteignar, þ. e. a. s. mat mannvirkja að viðbættu mati lóðar samkv. lögum um fasteignamat og fasteignaskráningu nr. 28 29. apríl 1963.

Nú er fasteign, sem greiða ber af vatnsskatt, eigi virt fasteignamatsvirðingu, og ákveður þá vatnsveitan skattinn. Við ákvörðun vatnsskatts samkv. þessari málsgrein skal höfð hliðsjón af því, hvert líklegt fasteignamat myndi verða á eigninni fullfrágenginni.

Um hús, sem eru í byggingu og því eigi virt fasteignamatsvirðingu, skulu eftirfarandi ákvæði gilda:

1. Vatnsskattur skal lagður á öll hús í byggingu samkv. ákvæðum 1. og 4. mgr. hér á undan, ef lokið er við að steypa efstu plötu, ellegar ef þakúttekt hefur farið fram.
2. Miða skal upphaf vatnsskattsálagningar við úttektardagsetningu byggingarfulltrúans á Hvammstanga, ef hún er fyrir hendi, annars áætlar vatnsveitan viðkomandi dagsetningu.
3. Vatnsskatturinn skal reiknast á 1. ári hlutfallslega frá þeim mánuði, sem úttektin átti sér stað.
4. Hafi bygging verið lengur en þrjú ár í smíðum, án þess að vera vatnsskattshæf samkv. framangreindum reglum, skal reikna vatnsskatt af mannvirkjum eins og þau væru fullfrágengin. Þriggja ára tímabilið skal reiknast frá þeim tíma, er úttekt á grunni byggingarinnar fór fram samkv. bókum byggingarfulltrúans á Hvammstanga.

2. gr.

Húseigandi, sem beiðist tengingar við vatnsæðar vatnsveitunnar, skal leggja fram teikningu af vatnskerfi sínu, ef óskað er.

Húseigandi skal einnig greiða tengigjald til vatnsveitunnar áður en tenging fer fram og skal það miðast við rúmmál húss hans að utanmáli. Er gjaldið kr. 8.00 á hvern rúmmetra húss og er það miðað við vísitölu byggingarkostnaðar 913 stig, en heimilt er hreppsnefnd að hækka það eða lækka árlega í samræmi við breytingar á byggingarvísitölunni, þó ekki meir en 50% án samþykkis ráðuneytisins sbr. f. lið 4. gr.

3. gr.

Vatnsskatt skal greiða af öllum húseignum á vatnsveitusvæðinu, sem virtar eru til fasteignamats og vatni er veitt í eða næst til vatnsæða frá og nemur hann árlega sem næst 0.15% (0.15 af hundraði) fasteignamats, þ. e. a. s. af mati mannvirkja ásamt mati lóðar. Vatnsskattur skal ekki vera lægri en kr. 1 000.00 árlega.

4. gr.

Auk almenns vatnsskatts samkv. 3. gr. skal heimilt að innheimta álag á vatnsskattinn sem hér segir:

Á fasteignir, sem notaðar eru til annars en venjulegra heimilisnota, t. d. vegna atvinnurekstrar og annarrar starfrækslu svo sem frystihús, baðhús, stundlaugar, þvottahús, efnalaugar, þvottastöðvar, mjólkurbú, mjólkurbúðir, sláturhús, kjötvinnsla, fiskvinnslustöðvar, brauðgerð, fiskbúðir, fiskaðgerðarhús, söltunarstöðvar, efnagerðir, mjólkurísframleiðsla, veitingahús, og annar iðnaður, sem þarf vatnsnot vegna framleiðslunnar, skal hinn árlegi vatnsskattur greiðast með allt að 100% álagi samkv. nánari ákvörðun hreppsnefndar. Skylt er að greiða vatnsskatt af húseignum og mannvirkjum, sem eru í byggingu, þótt ekki liggi fyrir fasteignamat eftir nánari ákvörðun hreppsnefndar.

Fyrir tímabundin eða sérstök vatnsnot skal greiða, sem hér segir auk vatnsskatts:

a. Fyrir vatnsnotkun í sláturhúsum: Á hverja slátraða sauðkind skal greiða kr. 2.00, á hvern kálf yngri en 6 mánaða kr. 10.00, en á hvern stórgrip eða alisvín kr. 30.00.
b. Vatnsnot við fiskverkun skal greiða með kr. 25.00 á hverja smálest af innvegnum fiski.
c. Vatnsnot af mjólkurvinnslu skal greiða með kr. 25.00 á hverja eitt þúsund lítra af innveginni mjólk.
d. Greiðsla fyrir önnur vatnsnot, sem ekki eru upptalin í þessari grein, skal fara eftir ákvörðun hreppsnefndar.
e. Fyrir hverja smálest vatns, er selt er eftir mæli, kr. 5.00.
f. Hreppsnefnd getur hækkað að lækkað um allt að 50% framantalin gjöld, öll þeirra eða hvert um sig, án þess að leita þurfi staðfestingar ráðuneytisins.

5. gr.

Þegar um fyrirtæki er að ræða, sem nota mikið vatn, getur hreppsnefnd ákveðið að selja þeim vatn um mæli, skv. 4. gr. e lið.

Vatnsveitan lætur notendum í té löggilta vatnsmæla og ákveður ársleigu fyrir þá.

6. gr.

Vatnsveitan ákveður verð, skilmála og tilhögun á vatnssölu til skipa í samráði við hafnarnefnd.

7. gr.

Gjalddagi vatnsskatts.

Vatnsskattur hvers árs fellur í gjalddaga 15. janúar og ber að greiða hann til sveitarstjóra.

Þar sem aukavatnsskattur er ákveðinn, sbr. 4. gr., er heimilt að innheimta skattinn á 4 gjalddögum, í lok hvers ársfjórðungs.

Vatnsskatt má taka lögtaki, og er hann tryggður með löðveðsrétti í eigninni næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

Reglugerð þessi, sem er samin og samþykkt af hreppsnefnd Hvammstangahrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 31. desember 1973.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

BÆJARNAFN

Með tilvísun til auglýsingar nr. 59/1971, um leyfisbréf fyrir bæjanöfnum árið 1970, skýrir menntamálaráðuneytið frá, að auk þeirra bæjanafna, sem greind eru í auglýsingunni, var gefið út á árinu 1970 leyfisbréf fyrir bæjarnafninu **Brennholt** á nýbýli í landi Hraðastaða, Mosfellshreppi, Kjósarsýslu.

Menntamálaráðuneytið, 31. desember 1973.

F. h. r.
Birgir Thorlacius.

Runólfur Þórarinsson.

Nr. 418. 31. desember 1973.

BÆJANÖFN

Menntamálaráðuneytið hefur samkvæmt lögum nr. 35 18. febrúar 1953 gefið út leyfisbréf fyrir eftirgreindum bæjanöfnum:

1971:

Borgarfjarðarsýsla:

Akurgerði á smábýli í landi Breiðabólsstaðar, Reykholtsdalshreppi.

Austur-Húnavatnssýsla:

Flóðvangur á veiðihúsi Veiðifélags Vatnsdalsár í landi Vatnsdalshóla, Sveinsstaðahreppi.

Eyjafjarðarsýsla:

Hóll II á nýbýli í landi Hóls, Öngulstaðahreppi.
Gröf II á nýbýli í landi Grafar, Öngulstaðahreppi.

Suður-Þingeyjarsýsla:

Engi á iðnaðarbýli í landi Halldórsstaða I, Bárðdælahreppi.
Rauðaskriða í stað nafnsins Rauðaskriða II, Aðaldælahreppi.
Rauðaskriða III á jarðarhluta úr landi Rauðuskriðu, Aðaldælahreppi.
Hlégarður á nýbýli í landi Garðs, Aðaldælahreppi.
Álftanes á nýbýli í landi Árness, Aðaldælahreppi.
Hlíðarholt á smábýli í landi Einarsstaða, Reykdælahreppi.

Árnessýsla:

Akur á garðyrkjubýli í landi Laugaráss, Biskupstungnahreppi.
Búrfell III á nýbýli í landi Búrfells II, Grímsneshreppi.

Gullbringusýsla:

Tjarnarbakki á húsi í landi Vestri-Skógtjarnar, Bessastaðahreppi.

Kjósarsýsla:

Lykkja II á iðnaðarbýli í landi Lykkju, Kjalarneshreppi.

1972:

Dalasýsla:

Ásar á smábýli Kaupfélags Saurbæinga í landi Tjaldaness, Saurbæjarhreppi.

Norður-Þingeyjarsýsla:

Syðri-Brekkur II á nýbýli í landi Syðri-Brekkna, Sauðaneshreppi.

Árnessýsla:

Hátún á garðyrkjubýli í landi Árbæjar III, Ölfushreppi.
Syðri-Reykjir IV á garðyrkjubýli í landi Syðri-Reykja II, Biskupstungnahreppi.
Forsæti IV á garðyrkjubýli í landi Forsætis II, Villingaholtshreppi.
Iða III á iðnaðarbýli í landi Iðu I, Biskupstungnahreppi.
Laugarvellir á þjónustubýli í landi Laugardæla, Hraungerðishreppi.

Gullbringusýsla:

Helguvík á húseign í landi Mölshúsa, Bessastaðahreppi.

Kjósarsýsla:

Kirkjuland á iðnaðarbýli í landi Skrauthóla, Kjalarneshreppi.

1973:

Borgarfjarðarsýsla:

Hýrumelur á nýbýli í landi Norður-Reykja, Hálsaveit.

Mýrasýsla:

Grenigerði á garðyrkjubýli í landi Hamars, Borgarneshreppi.

Strandasýsla:

Tröllatunga I á jarðarhluta úr landi Tröllatungu, Kirkjubólshreppi.
Tröllatunga II á jarðarhluta úr landi Tröllatungu, Kirkjubólshreppi.

Suður-Þingeyjarsýsla:

Hrísar á nýbýli í landi Brúnar, Reykdælahreppi.
Straumnes á nýbýli í landi Árness, Aðaldælahreppi.

Árnessýsla:

Kökkur í stað nafnsins Svanavatns, Stokkseyrarhreppi.
Vogur á garðyrkjubýli í landi Árbæjar, Ölfushreppi.
Blásandi á nýbýli í landi Hvols, Ölfushreppi.
Gilhagi á garðyrkjubýli í landi Árbæjar, Ölfushreppi.
Tún II á nýbýli í landi Túns, Hraungerðishreppi.
Forsæti III á nýbýli í landi Forsætis I, Villingaholtshreppi.

Kjósarsýsla:

Melagerði á garðyrkjubýli í landi Ártúns, Kjalarneshreppi.

Menntamálaráðuneytið, 31. desember 1973.

F. h. r.
Birgir Thorlacius.

Runólfur Þórarinsson.

Endurprentað blað.

REIKNINGUR

Minningarsjóðs Guðrúnar Teitsdóttur frá 1. janúar 1972 til 31. desember 1972.

Tekjur:

1) Eign 1. janúar 1972		kr.	99 743.30
2) Tekjur:			
a) af verðbréfum	kr. 162.50		
b) af sparisjóðsbók	— 6 809.00		
		—	6 971.50
		Kr.	106 714.80

Gjöld:

1) Innheimtulaun		kr.	100.00
2) Eignir 31. desember 1972:			
a) verðbréf	kr. 2 500.00		
b) sparisjóðsbók	— 104 114.80		
		—	106 614.80
		Kr.	106 714.80

Landlæknir, Reykjavík, 7. september 1973.

Ólafur Ólafsson.

Nr. 420.

AUGLÝSING

frá Vörumerkjaskrárritara, Reykjavík.

I. Vörumerki skrásett árið 1973.

Skrás. 1973, nr. 1.
T 307/1972.

Skráningard. 5. jan. 1973.
Tilkynnt 5. okt. 1972, kl. 11.30.

PRENDEROL

E. R. SQUIBB & SONS, INC., Lawrenceville-Princeton Road, Princeton, New Jersey 08540, Bandaríkjunum.
Umboðsmaður: S. Sigurjónsson í firma Sigurjónsson & Þór, Óðinsgötu 4, Rvík. (Fl. 5).
Lyf og lyfjablöndur fyrir menn og dýr í 5. fl.

Skrás. 1973, nr. 2.
T 312/1972.

Skráningard. 5. jan. 1973.
Tilkynnt 10. okt. 1972, kl. 15.18.

DELFEN

Johnson & Johnson, 501 George Street, New Brunswick, New Jersey, Bandaríkjunum.
Umboðsmaður: S. Sigurjónsson í firma Sigurjónsson & Þór, Óðinsgötu 4, Rvík. (Fl. 5).
Lyf og efnablöndur til hreinlætis.

Skrás. 1973, nr. 3.
T 313/1972.

Skráningard. 5. jan. 1973.
Tilkynnt 10. okt. 1972, kl. 15.18.

MASSE

Johnson & Johnson, 501 George Street, New Brunswick, New Jersey, Bandaríkjunum.
Umboðsmaður: S. Sigurjónsson í firma Sigurjónsson & Þór, Óðinsgötu 4, Rvík. (Fl. 5).
Allar vörur í 5. flokki, einkum lyf og efnablöndur til hreinlætis.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

Skrás. 1973, nr. 4. Skráningard. 5. jan. 1973.
T 314/1972. Tilkynnt 10. okt. 1972, kl. 15.18.

ORTHOFORMS

Ortho Pharmaceutical Corporation, U. S. Highway No. 202, Raritan, New Jersey, Bandaríkjunum.
Umboðsmaður: S. Sigurjónsson í firma Sigurjónsson & Þór, Óðinsgötu 4, Rvík.
Allar vörur í 5. flokki, einkum lyf og efnablöndur til hreinlætis. (Fl. 5).

Skrás. 1973, nr. 5. Skráningard. 5. jan. 1973.
T 315/1972. Tilkynnt 10. okt. 1972, kl. 15.18.

ORTHO—NOVIN

Ortho Pharmaceutical Corporation, U. S. Highway No. 202, Raritan, New Jersey, Bandaríkjunum.
Umboðsmaður: S. Sigurjónsson í firma Sigurjónsson & Þór, Óðinsgötu 4, Rvík.
Allar vörur í 5. flokki, einkum lyf og efnablöndur til hreinlætis. (Fl. 5).

Skrás. 1973, nr. 6. Skráningard. 5. jan. 1973.
T 316/1972. Tilkynnt 10. okt. 1972, kl. 15.18.

SPOROSTACIN

Johnson & Johnson, 501 George Street, New Brunswick, New Jersey, Bandaríkjunum.
Umboðsmaður: S. Sigurjónsson í firma Sigurjónsson & Þór, Óðinsgötu 4, Rvík.
Allar vörur í 5. flokki, einkum lyf og efnablöndur til hreinlætis. (Fl. 5).

Skrás. 1973, nr. 7. Skráningard. 5. jan. 1973.
T 317/1972. Tilkynnt 10. okt. 1972, kl. 15.18.

ACI—JEL

Johnson & Johnson, 501 George Street, New Brunswick, New Jersey, Bandaríkjunum.
Umboðsmaður: S. Sigurjónsson í firma Sigurjónsson & Þór, Óðinsgötu 4, Rvík.
Allar vörur í 5. flokki, einkum lyf og efnablöndur til hreinlætis. (Fl. 5).

Skrás. 1973, nr. 8.
T 318/1972.

Skráningard. 5. jan. 1973.
Tilkynnt 11. okt. 1972, kl. 15.15.

hagall

Margrét Jensdóttir, Hagamel 17, Reykjavík.

(Fl. 16, 20 og 24).

Skrás. 1973, nr. 9.
T 255/1972.

Skráningard. 5. jan. 1973.
Tilkynnt 31. ágúst 1972, kl. 13.25.

"CREMEDAS"

Fischer & Fischer GMBH., 7580 Bühl, Baden, Þýzkalandi.
Umboð: Faktor Company, Reykjavík.
Sápur, loftnæmar olíur, efnablöndur til andlitssnyrtingar, baðefni, hárvatn, efnablöndur til tannhirðingar. (Fl. 3).

Skrás. 1973, nr. 10.
T 99/1972.

Skráningard. 5. jan. 1973.
Tilkynnt 13. marz 1972, kl. 13.35.

POWER

Bata Handelsaktieselskab, Gl. Strand 40, 1202 Köbenhavn K, Dannmörku.
Umboðsmaður: S. Sigurjónsson í firma Sigurjónsson & Þór, Óðinsgötu 4, Rvík.
Íþróttaskór. (Fl. 25).
Samkv. forgangsréttarákvæðum Parísarsamþykktarinnar um vernd eignaréttinda á sviði iðnaðar nýtur merkið verndar hér á landi frá 29. október 1971.

Skrás. 1973, nr. 11.
T 293/1972.

Skráningard. 5. jan. 1973.
Tilkynnt 3. okt. 1972, kl. 11.00.

THROMBOPHOB

NORDMARK-WERKE GMBH., P. O. Box 44, 2082 Uetersen 1, Þýzkalandi.
Umboðsmaður: Örn Þór í firma Sigurjónsson & Þór, Óðinsgötu 4, Rvík.
Lyf og lyfjavörur. (Fl. 5).

Skrás. 1973, nr. 12. **Skráningard. 5. jan. 1973.**

T 294/1972. Tilkynnt 3. okt. 1972, kl. 11.00.

EUDYNA

NORDMARK-WERKE GMBH., P. O. Box 44, 2082 Uetersen 1, Þýzkalandi.
Umboðsmaður: Örn Þór í firma Sigurjónsson & Þór, Óðinsgötu 4, Rvík.
Lyf og lyfjavörur. (Fl. 5).

Skrás. 1973, nr. 13. **Skráningard. 5. jan. 1973.**

T 295/1972. Tilkynnt 3. okt. 1972, kl. 11.00.

ENTEROCURA

NORDMARK-WERKE GMBH., P. O. Box 44, 2082 Uetersen 1, Þýzkalandi.
Umboðsmaður: Örn Þór í firma Sigurjónsson & Þór, Óðinsgötu 4, Rvík.
Lyf og lyfjavörur. (Fl. 5).

Skrás. 1973, nr. 14. **Skráningard. 5. jan. 1973.**

T 296/1972. Tilkynnt 3. okt. 1972, kl. 11.00.

PANPUR

NORDMARK-WERKE GMBH., P. O. Box 44, 2082 Uetersen 1, Þýzkalandi.
Umboðsmaður: Örn Þór í firma Sigurjónsson & Þór, Óðinsgötu 4, Rvík.
Lyf og lyfjavörur. (Fl. 5).

Skrás. 1973, nr. 15. **Skráningard. 5. jan. 1973.**

T 297/1972. Tilkynnt 3. okt. 1972, kl. 11.00.

PANZYNORM

NORDMARK-WERKE GMBH., P. O. Box 44, 2082 Uetersen 1, Þýzkalandi.
Umboðsmaður: Örn Þór í firma Sigurjónsson & Þór, Óðinsgötu 4, Rvík.
Lyf og lyfjavörur. (Fl. 5).

Skrás. 1973, nr. 16. **Skráningard. 5. jan. 1973.**

T 319/1972. Tilkynnt 13. okt. 1972, kl. 9.52.

NOVAMURA

IMPERIAL CHEMICAL INDUSTRIES LIMITED, Imperial Chemical House, Millbank, London S. W. 1., Englandi.
Umboðsmaður: Árni Björnsson cand. polit., Reykjavík.
Veggfóður og veggklæðning (ekki vefnaðarvörur). (Fl. 27).

Skrás. 1973, nr. 17. Skráningard. 5. jan. 1973.
T 281/1972. Tilkynnt 19. sept. 1972, kl. 13.06.



DEERE & COMPANY, John Deere Road, Moline, Illinois 61265, U.S.A.
Umboðsmaður: S. Sigurjónsson í firma Sigurjónsson & Þór, Óðinsgötu 4, Rvík.
Reiðhjól, mótorhjól, smávélhjól, farartæki fyrir vegleysur, smávélhjól, farartæki á skíðum eða/og skriðbeltum, enn fremur loftpúða, farartæki til að nota á landi snjó og/eða vatni í 12. fl. (Fl. 12).

Skrás. 1973, nr. 18. Skráningard. 5. jan. 1973.
T 282/1972. Tilkynnt 19. sept. 1972, kl. 13.06.

JOHN DEERE

DEERE & COMPANY, John Deere Road, Moline, Illinois 61265, U.S.A.
Umboðsmaður: S. Sigurjónsson í firma Sigurjónsson & Þór, Óðinsgötu 4, Rvík.
Reiðhjól, mótorhjól, smávélhjól, farartæki fyrir vegleysur, smávélhjól, farartæki á skíðum eða/og skriðbeltum, enn fremur loftpúða, farartæki til að nota á landi snjó og/eða vatni í 12. fl. (Fl. 12).

Skrás. 1973, nr. 19. Skráningard. 5. jan. 1973.
T 241/1972. Tilkynnt 16. ágúst 1972, kl. 11.26.



TÆPANOL

Verksmiðjan Sámur sf., Hlíðargerði 13, Reykjavík.
Hreingerningaefni. (Fl. 3).

Skrás. 1973, nr. 20. Skráningard. 5. jan. 1973.
T 322/1972. Tilkynnt 16. okt. 1972, kl. 14.35.

EURYZA

Van Schaardenburg B. V., Beursgebouw, Coolsingel 58, Rotterdam, Hollandi.
Umboðsmaður: S. Sigurjónsson í firma Sigurjónsson & Þór, Óðinsgötu 4, Rvík.
Hrísgrjón. (Fl. 30).

Skrás. 1973, nr. 21. Skráningard. 5. jan. 1973.
T 321/1972. Tilkynnt 16. okt. 1972, kl. 14.35.

SYNAXSYN

SYNTEX PHARM, A.G., Neugasse 23, 6300 ZUG, Sviss.
Umboðsmaður: S. Sigurjónsson í firma Sigurjónsson & Þór, Óðinsgötu 4, Rvík.
Lyf gegn ígerð og kvalastillandi lyf í 5. flokki. (Fl. 5).

Skrás. 1973, nr. 22. Skráningard. 5. jan. 1973.
T 320/1972. Tilkynnt 16. okt. 1972, kl. 14.35.

SYNAPROSYN

SYNTEX PHARM, A.G., Neugasse 23, 6300 ZUG, Sviss.
Umboðsmaður: S. Sigurjónsson í firma Sigurjónsson & Þór, Óðinsgötu 4, Rvík.
Lyf gegn ígerð og kvalastillandi lyf í 5. flokki. (Fl. 5).

Skrás. 1973, nr. 23. Skráningard. 5. jan. 1973.
T 325/1972. Tilkynnt 16. okt. 1972, kl. 15.45.

PROGYLUTON

Schering AG., 1 Berlin 65, Müllerstr. 170/172 og Bergkamen.
Umboðsmaður: hrl., Jón N. Sigurðsson, Reykjavík.
Lyf og lyfjaefni í sambandi við notkun hormónaefna. (Fl. 5).

Skrás. 1973, nr. 24. Skráningard. 16. jan. 1973.
T 110/1966. Tilkynnt 15. apríl 1972, kl. 14.00.

„TOFFIN“

Aksjeselskapet Freia, Verksgaten 28, Oslo, Noregi.
Umboðsmaður: S. Sigurjónsson í firma Sigurjónsson & Þór, Óðinsgötu 4, Rvík.
Kaffi, te, kókó, sykur, hrísgrjón, tapíoka, sagó, kaffibætir, mjöl og matvörur úr korni, brauð, kex, kökur, sætabrauð og kökubúðarvörur, ís til matar, hunang, síróp, ger, lyftiduft, salt, sinnep, pipar, edik, vínedik, sósur, kryddvörur, ís. (Fl. 30).

Skrás. 1973, nr. 25. Skráningard. 16. jan. 1973.
T 242/1972. Tilkynnt 16. ágúst 1972, kl. 11.26.



CARAPOL — X

Verksmiðjan Sámur sf., Hlíðargerði 13, Reykjavík.
Hreinsiefni. (Fl. 3).

Skrás. 1973, nr. 26. Skráningard. 16. jan. 1973.
T 327/1972. Tilkynnt 19. okt. 1972, kl. 14.00.

HI-MATIC

MINOLTA CAMERA CO., LTD., No 18, 4-chome, Shiomachi-dori, Minami-ku, Osaka, Japan.
Umboðsmaður: S. Sigurjónsson í firma Sigurjónsson & Þór, Óðinsgötu 4, Rvík.
Ljósmyndatökuvélar, kvikmyndatökuvélar og sýningartæki. (Fl. 9).

Skrás. 1973, nr. 27. Skráningard. 16. jan. 1973.
T 333/1972. Tilkynnt 25. okt. 1972, kl. 13.25.

DEXON

American Cyanamid Company, Berdan Avenue, Wayne, New Jersey, Bandaríkjunum.
Umboðsmaður: Páll Pálmason, lögfr., Þingholtsstræti 29, Reykjavík.
Allar vörur í 5 fl., einkum fyrir sárasaum. (Fl. 5).

